Hæstaréttardómar 1988 - 1. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. 21, 88, og 345 á prenteintaki.
Minniháttar gallar á bls. 161, 179, 183, 185, 187, 189, 191, 475, 528, 531, 533, 558, 634, og 683 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1988

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Ábyrgð á mannvirkjagerð 324
Ábyrgð húseigenda 742
Aðildarskortur 70
Áfengi, tilbúningur, sala 104
Ákvörðun refsingar frestað 422
Alm. hegningarlög, 158. gr. 126
Áskorunarmál 613, 664
Bifhjól 720
Bifreiðar:
a) einkamál 409, 567, 677
b) opinber mál 491, 496, 547
Blóðrannsókn 491
Búskipti 474
Byggingarfulltrúi 324
Byggingasamvinnufélög 413
Bætur 449
Dómarar, vanhæfi 24, 729
Dómsátt 346
Eignarréttur 388
Einkarefsimál 372
Endurgreiðsla, endurkrafa 142, 162, 207
Endurupptaka einkamáls 198
Erlend mynt 57, 66
Farmgjald 734
Fasteign 603, 693, 742
Fasteignakaup 603
Fjárdráttur 51, 286, 651
Fjárnám, fjárnámsgerð 613
Fjársvik 51
Fjölbýlishús 742
Fjöru- og hafnarsvæði, eignarréttur 388
Fógetadómur, valdmörk 9
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 19, 98, 254, 286, 298, 430, 512, 542, 613, 664
b) frá Hæstarétti 5, 616, 618
c) frávísunardómur felldur úr gildi 575
Frestdagur 43
Frestur 573
Fyrning vaxta 677
Gagnaöflun 349

Bls.
Gallar 350, 400, 693
Gerðardómur 449
Gjaldþrotalög 340, 507
Gjaldþrotaskipti 43, 79, 358, 590, 734
Greiðsla 57, 66
Gæsluvarðhald 11, 14, 16, 18, 40, 200, 436, 502, 542
Hafning máls 28, 112, 202, 386
Hegningarauki 241
Heimvísun 24, 586, 608, 611
Hjón 474
Húftrygging 409
Húseigendur, ábyrgð 742
Húsleit 437
Hælisvist 241
Höfundaréttur 547
Innheimtulaun 57, 66
Ítrekun 491, 496
Íþróttaiðkun 441
Jarðamöt 683
Kaup 350, 400
Kvittun 677
Kæruheimild 5
Kærumál:
1) Dómarar, vanhæfi 729
2) Dómsátt 41, 316
3) Fógetadómur, valdmörk 9
4) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 19, 298, 430, 512, 542
b) frá Hæstarétti 5, 616, 619
c) frávísunardómur felldur úr gildi 575
5) Frestur 573
6) Gæsluvarðhald 11, 14, 16, 18, 40, 200, 436, 502, 542
7) Hafning máls 112
8) Heimvísun 608
9) Húsleit 437
10) Kæruheimild 5
11) Ómerking 608
12) Óvígð sambúð 316
13) Rannsóknarlögregla 437
14) Réttarfar, opinbert 5
15) Réttargæslumaður 5
16) Samaðild 19
17) Sératkvæði 437
18) Sjúkrahúsvistun 542
19) Skiptamál 316
20) Valdmörk fógetadóms 9
21) Vanhæfi dómara 729
22) Þinglýsing 203, 381
Landskipti 683
Launakrafa 91
Lausafjárkaup ..... 350, 400 (bátur)

Bls.
Lax- og silungsveiði 449
Líkamsárás 166, 207, 222, 422
Líkamsmeiðingar 422
Líkamstjón 302, 677
Lögreglumenn 256, 267
Lögskýring 742
Lögtak 507
Lögveð 91
Makaskipti 693
Málskostnaður 28, 202
Manndráp 222
Mannvirkjagerð, ábyrgð á 324
Matsgerð 449
Meðdómendur, vanhæfi 24
Miskabætur 267
Nauðgun 222, 372
Ógilding skilnaðarsamnings 474
Ómaksbætur 386, 387, 752
Ómerking 24, 98, 254, 286, 586, 608, 611, 613, 664
Opinber gjöld 286
Óvígð sambúð 316
Rannsóknargögn 437
Refsing, ákvörðun frestað 422
Réttarfar, opinbert 5, 586
Réttargæslumaður 5
Riftun 79, 340, 590, 603
Samaðild 19
Samningar 116, 400
Sératkvæði 29, 79, 104, 116, 126, 166, 256, 267, 324, 372, 437, 441, 518, 664, 666
Sértökuréttur 358
Sjómannalög 75
Sjúkrahúsvistun 542
Skaðabótamál, skaðabætur 207, 241, 256, 267, 302, 324, 422, 441, 567, 603, 651, 677
Skattar, skattsvik 126
Skilnaðarsamningur, ógilding 474
Skilorð, skilorðsbinding 207, 286
Skilorðsrof 222
Skiptamál 316
Skírlífisbrot 166, 222, 241. 372, 666
Skuldamál 57, 66, 70, 162
Skuldaröð 43
Stefnubirting 254
Söluskattur 126
Sönnun 241, 372, 666, 734
Tilraun til nauðgunar 222
Túlkun 116
Umferðarlög 491, 496, 547, 720
Uppboðsandvirði, úthlutun 619, 625
Uppboðsgerð 1

Bls.
Uppboðsheimild 91
Uppgjör, byggingasamvinnufélög 413
Uppsagnarfrestur 518
Uppsögn, vinnusamningur 578
Útboðsgögn 29
Útivistardómar 5, 90, 386, 387, 565, 566, 752
Valdmörk fógetadóms 9
Vanhæfi dómara 24, 729
Varnarþing 613
Vátrygging 358
Veikindadagar, veikindaforföll, laun 75, 157
Verksamningar 29, 631
Verktrygging 116
Vextir 57, 66
Vinnulaun 75, 157
Vinnusamningar 75, 157, 518, 578
Víxlar 142
Vörslusvipting 507
Þinglýsing 203, 381, 619, 625
Þingsókn 385
Þjófnaður 207, 571, 651
Ærumeiðingar 372
Örorkumat 302

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIX. árgangur. 1. hefti. 1988

Fimmtudaginn 7. janúar 1988.

Nr. 88/1987. **Sigurður Hallgrímsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn.
Agli Benediktssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)
Jarðverki hf.
(Gunnar Sólnes hrl.)
Slippstöðinni hf.
(Gunnar Sólnes hrl.)
Samvinnuferðum - Landsýn hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf.
(Hákon Árnason hrl.)
og Hauki Guðmundssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Uppboðsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1987. Hann krefst þess að hið áfrýjaða uppboð verði fellt úr gildi og synjað um framgang nauðungaruppboðsins. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu Jarðverks hf., Slippstöðvarinnar hf. og Egils Benediktssonar.

Stefndi Egill Benediktsson krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar.

Stefndu Jarðverk hf. og Slippstöðin hf. krefjast þess að hin áfrýj-

aða uppboðsgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Haukur Guðmundsson krefst þess, að dómkröfur áfrýjanda verði teknar til greina, en jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hans hendi.

Stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. lét sækja þing við þingfestingu máls þessa og við fyrirtöku þess síðar nema við munnlegan flutning. Kom fram greinargerð frá lögmanni félagsins þar sem krafist er sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar.

Samvinnuferðir - Landsýn hf. létu einnig sækja þing, þegar málið var þingfest og síðan, er það var tekið fyrir, en þó ekki, þegar málflutningur fór fram. Félagið hefur ekki lagt fram kröfur eða greinargerð.

Hið áfrýjaða uppboð fór fram 7. mars sl. Bókað var að uppboðsbeiðendur væru Jarðverk hf., Slippstöðin hf., Haukur Guðmundsson, Samvinnuferðir - Landsýn hf. og „Sjóvá hf."

Tvennar staðfestar dómsgerðir hafa verið lagðar fyrir Hæstarétt. Í annarri segir, að varnaraðili sé Stefán Jónsson, en í hinni Stefán Jónsson o.fl. Uppboðsbókin sjálf hefur ekki verið sýnd í Hæstarétti.

Áfrýjandi máls þessa keypti bifreiðina A 9200, sem síðar var seld á hinu áfrýjaða uppboði, af Stefáni Jónssyni 9. nóvember 1985, en tilkynning um söluna var afhent 2. maí 1986 að því er ætla verður. Bifreiðin var slegin stefnda Agli Benediktssyni á uppboðinu 7. mars.

Uppboðsheimild Jarðverks hf. var fjárnám 4. febrúar 1986, sem gert var vegna skuldar Stefáns Jónssonar eftir ábendingu manns, sem mætti í fógetarétti að tilhlutun fógeta. Áfrýjandi var ekki viðstaddur.

Uppboðsheimild Slippstöðvarinnar hf. var fjárnám 21. janúar 1986, sem einnig var vegna skulda Stefáns Jónssonar og framkvæmt með sama hætti og fyrr er lýst.

Uppboðsheimild Samvinnuferða - Landsýnar hf. var fjárnám 24. janúar 1986 vegna skulda Stefáns Jónssonar. Ekki var Stefán viðstaddur eða áfrýjandi, en fjárnám gert í A-9200 eftir ábendingu umboðsmanns gerðarbeiðanda.

Uppboðsheimild Sjóvátryggingarfélags Íslands hf. var fjárnám 13. júní 1985 vegna skulda Stefáns Jónssonar. Hvorki hann né

áfrýjandi voru viðstaddir, en fjárnám gert eftir ábendingu manns, sem var á staðnum.

Uppboðsheimild Hauks Guðmundssonar var fjárnám 18. mars 1986. Var bókað, að varnaraðilar væru bæði áfrýjandi og Stefán Jónsson, en lögmaður mætti fyrir áfrýjanda og var síðan bókað: „Samkv. kröfu uppboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsir fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola Bifreiðinni A-9200 Benz götusópari árg. 1971."

Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi fengið tilkynningu frá uppboðshaldara um uppboð á grundvelli þess fjárnáms sem síðast var talið, en hann hafi ekki vitað um að til stæði að bjóða upp bifreið hans á grundvelli annarra uppboðsheimilda. Hafi hann samið við Hauk Guðmundsson fyrir uppboðsdag og því ekki sótt uppboðsþing. Það muni Haukur ekki heldur hafa gert. Í málinu liggja frammi í afritum bréf uppboðshaldara til Stefáns Jónssonar um uppboð að kröfu annarra stefndu en Hauks Guðmundssonar og Egils Benediktssonar.

Stefán Jónsson var talinn aðili uppboðsins í héraði, þó að ekki hafi hann komið fyrir uppboðshaldara og á þann hátt orðið aðili eftir 8. gr. laga nr. 57/1949. Stefáni var ekki stefnt fyrir Hæstarétt.

Hann sótti ekki uppboðsþingið 7. mars 1987 og ekki verður séð, að það geti orðið til að skerða hagsmuni hans, að tekin verði til greina krafa áfrýjanda um að uppboð þetta verði úr gildi fellt, en af því hefur áfrýjandi brýna hagsmuni. Ber því að verða við kröfunni, þar sem ekki er í ljós leitt, að uppboðshaldari hafi tilkynnt áfrýjanda um uppboðsbeiðnir þær, sem til voru komnar vegna aðfarargerða til tryggingar skuldum Stefáns Jónssonar svo sem átti að vera eftir 6. gr. 3. mgr. laga nr. 57/1949. Er að þessari niðurstöðu fenginni ekki þörf á að fjalla um önnur rök, sem af hálfu áfrýjanda hafa verið færð fram til stuðnings kröfum hans hér fyrir dómi.

Um málskostnað er þessa að geta: Við flutning málsins var kröfu stefnda Hauks Guðmundssonar á hendur áfrýjanda ekki mótmælt. Ber að dæma áfrýjada til að greiða Hauki 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi hafði ástæðu til áfrýjunar og þykir eins og málið horfir við rétt að málskostnaður falli niður fyrir Hæstarétti að öðru leyti.

Áður er greint frá þeim dómsgerðum, sem liggja fyrir Hæstarétti. Er frágangur þeirra ámælisverður. Þá er það einnig ámælisvert, að uppboðshaldari tilkynnti ekki áfrýjanda um allar framkomnar uppboðsbeiðnir, þó að af skjölum, sem fyrir hann voru lögð, mætti ráða að áfrýjandi væri eigandi bifreiðarinnar, er selja átti.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða uppboð, sem fram fór 7. mars 1987 í uppboðsrétti Akureyrar, er fellt úr gildi.

Áfrýjandi greiði stefnda Hauki Guðmundssyni 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Akureyrar 7. mars 1987.

Rétturinn er nú fluttur á bifreiðastæði við Tryggvabraut. VI. Uppboðsmálið: Jarðverk hf., Slippstöðin hf., Haukur Guðmundsson, Samvinnuferðir - Landsýn hf., Sjóvá hf. gegn Stefáni Jónssyni.

Skjöl málsins liggja frammi.

Mættur er Gunnar Sólnes hrl. f.h. uppboðsbeiðenda.

Boðið er upp: Götusópur A-9200. Kaupandi er Egill Benediktsson. Kr. 185.000,00.

Mánudaginn 11. janúar 1988.

Nr. 312/1987. **Sigurjón Viðar Alfreðsson**

gegn

Búnaðarbanka Íslands
Landsbanka Íslands
Verslunarbanka Íslands hf.
Lífeyrissjóði Verslunarmanna
Tryggingastofnun ríkisins o.fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurjón Viðar Alfreðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1080 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 13. janúar 1988.

Nr. 361/1987. **Ákæruvaldið**

gegn

Svani Elí Elíassyni

Kærumál. Kæruheimild. Opinbert réttarfar. Máli vísað frá Hæstarétti. Réttargæslumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 19. desember 1987 lýsti Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður kæru til Hæstaréttar á úrskurði sakadóms Reykjavíkur daginn áður, þar sem hafnað var kröfu lögmannsins um, að hann

megi kynna skjólstæðingi sínum Svani Elí Elíassyni tiltekin gögn um rannsókn vegna gruns um brot Svans Elí sem tengt er andláti manns í Reykjavík 7. nóvember sl. Lögmaðurinn vísar um kæruheimild til 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Kærandi krefst málsvarnarlauna eða þóknunar í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í athugasemdum, sem Ragnar Aðalsteinsson hefur sent Hæstarétti, fjallar hann um kæruheimild og telur hana vera 172. gr. 10. tl. laga nr. 74/1974. Eigi 170. gr. 4. tl. laganna ekki við, enda sé hér ekki um að ræða skoðun skjala eða kynningu gagna heldur það, hvort lögmaður megi ræða við skjólstæðing sinn um efni gagna, sem sakadómur afhenti lögmanninum.

Í greinargerð, sem ríkissaksóknari hefur sent réttinum, er krafist frávísunar málsins frá Hæstarétti, þar sem óheimilt sé að kæra úrskurð sakadóms. Er um það vísað til 170. gr. 4. tl. nefndra laga.

Í 170. gr. 4. tl. segir, að ekki verði skotið til æðra dóms synjun um skoðun skjala „og kynningu annarra sakargagna". Í 172. gr. laganna segir síðan:

„Aðili getur kært til æðra dóms:

1. Úrskurð um handtöku og rannsókn á sökunaut eða öðrum, leit, hald á munum, kyrrsetningu og rannsókn skjala og bréfa.
2. Ákvörðun um skyldu manna til aðstoðar og um að láta í té muni í þarfir opinbers máls.
3. Úrskurð um varðhald og aðra gæslu á sökunaut og tryggingu.
4. Synjun um skipun verjanda og ákvörðun um það, hvern skuli skipa.
5. Ákvörðun um þóknun sækjanda og verjanda, ef hún er ekki ákveðin í dómi.
6. Úrskurð um vitnaskyldu, vitnaheimild, þóknun vitnis, viðurlög við brotum á vitnaskyldu og önnur atriði, sem vitni varða.
7. Úrskurð um sams konar efni um mats- og skoðunarmenn.
8. Úrskurð um líkrannsókn.
9. Úrskurð, þar sem synjað er um rannsókn um einstök atriði eða endurupptöku málflutnings.
10. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt er farið.
11. Ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða,

sem að öðru leyti hefur verið sýkn dæmdur að nokkru eða öllu."

Eftir þeim skjölum, sem send hafa verið Hæstarétti, verður að telja, að Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hafi fengið frá sakadómi öll gögn, sem 9. nóvember sl. lágu fyrir um rannsókn vegna mannsláts þess, sem fyrr er nefnt. Mál þetta fjallar um það, hvort lögmanninum sé heimilt að ræða efni gagnanna við skjólstæðing sinn. Er þetta, eins og á stendur, kynning sakargagna, en sakadómsúrskurður um það efni verður ekki kærður til Hæstaréttar, sbr. 170. gr. 4. tl. laga nr. 74/1974. Breytir 172. gr. 10. tl. ekki þessari niðurstöðu, enda er það ákvæði almennara að efni til en 4. tl. 170. gr.

Samkvæmt framansögðu verður að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. desember 1987.

Ár 1987, föstudaginn 18. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 7. nóvember sl. laust eftir kl. 18:00 fannst Jóhannes Halldór Pétursson, fæddur 14. september 1946, látinn í herbergi kærða, Svans Elí Elíassonar, fædds 16. janúar 1959, að Skipholti 40 hér í borg. Er kærði grunaður um að vera valdur að dauða Jóhannesar og með úrskurði sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 8. nóvember sl. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar nk. kl. 17:00 og jafnframt að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.

Ragnar Aðalsteinsson hrl. var skipaður réttargæslumaður kærða.

Gæsluvarðhaldsúrskurðinum var skotið til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann með dómi uppkveðnum þann 17. nóvember sl.

Réttargæslumaður kærða hefur gert þá kröfu, að sakadómur Reykjavíkur úrskurði, að réttargæslumaðurinn hafi rétt til að gera sökunaut grein fyrir efni þeirra gagna, sem sakadómur Reykjavíkur afhenti réttargæslumanni hinn 9. nóvember sl. og lúta að rannsókn á ætluðu broti sökunauts.

Þá krefst réttargæslumaðurinn hæfilegrar þóknunar sér til handa í þessum þætti málsins.

Af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins er þess krafist, að kröfum réttargæslumannsins verði algjörlega hafnað.

Frá ríkissaksóknara hefur ekki borist greinargerð.

Í yfirheyrslu þann 2. desember sl. var kærða kynntur framburður vitnis nokkurs, sem kærði taldi þroskaheft og lítt vitnisbært. Mun kærði hafa gert athugasemdir við gildi frásagnar vitnisins af þessum ástæðum. Í framhaldi af þessu lét réttargæslumaðurinn bóka eftirfarandi:

„Að gefnu tilefni tel ég rétt að kynna rannsóknarlögreglumönnum ákvörðun mína að ég muni nú kynna skjólstæðingi mínum efni þeirra gagna málsins sem ég hef fengið frá sakadómi Reykjavíkur, nema Rannsóknarlögregla ríkisins banni mér það."

Í svarbréfi RLR dags. 4. þ.m. segir m.a.: „Af þessu tilefni skal tekið fram, að rannsóknarlögregla ríkisins leggst alfarið gegn því, að þér birtið skjólstæðingi yðar þau skjallegu gögn er þér hafið undir höndum og varða rannsókn þess máls er beinist gegn honum. Ákvörðun um það atriði á undir rannsóknarlögreglustjóra."

Réttargæslumaðurinn rökstyður kröfu sína þannig, að það sé grundvallarregla í opinberum málum hér á landi að trúnaður skuli ríkja milli sökunauts og verjanda á öllum stigum máls og vísar hann til 86. gr. laga nr. 74, 1974 í því sambandi. Þá telur réttargæslumaðurinn óheimilt að gagnálykta frá ákvæðum 78. gr. laga nr. 74, 1974 á þann veg, að lögreglu og verjanda sé óheimilt að kynna sökunaut efni gagna. Kveður lögmaðurinn hvergi að finna lagaákvæði sem með beinum eða óbeinum hætti banni skipuðum verjanda sökunauts að kynna skjólstæðingi sínum þær upplýsingar um málið, sem verjandinn hefur fengið.

Af hálfu RLR er byggt á 78. gr. laga nr. 74, 1974 og ákvæðið túlkað þannig, að rannsóknaraðilinn hafi allt forræði á kynningu efnis og skjala.

Dómarinn hefur kynnt sér rannsóknargögn málsins.

Niðurstöður:

Kærði er nú undir rannsókn vegna ætlaðs brots gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og er margt óljóst um málsatvik og kærði einn til frásagnar um það sem gerðist. Telja verður að rannsókn málsins sé nú á viðkvæmu stigi og þykir því rétt eins og hér stendur á og með hliðsjón af framansögðu, sbr. og 78. gr. laga nr. 74, 1974 að hafna kröfu réttargæslumannsins.

Þóknun verður eigi ákveðin á þessu stigi málsins.

Úrskurðarorð:

Kröfu Ragnars Aðalsteinssonar hrl., skipaðs réttargæslumanns Svans Elí Elíassonar um, að honum verði úrskurðað heimilt að kynna kærða sakargögn, er synjað.

Fimmtudaginn 14. janúar 1988.

Nr. 10/1988. **Landeigendur Ytri Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi**
gegn
Aðalstöðinni hf.

Kærumál. Valdmörk fógetadóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðilar hafa samkvæmt heimild í c- og d-liðum 1. tl. og 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. desember 1987, sem barst Hæstarétti 7. þessa mánaðar. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og „matsmönnunum Jóhanni Bergmann og Gísla Sigurkarlssyni verði leyft að koma fyrir fógetadóminn og staðfesta matsgerð sína". Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðili máls þessa gerði lóðarleigusamning 22. nóvember 1953 við sóknaraðila og skyldi ársleiga af lóð hans vera 3.302,50 krónur. Sóknaraðilar hafa um árabil viljað fá hækkun á leigunni. Fengu þeir dómkvadda matsmenn 9. desember 1985 til að meta hæfilega leigu fyrir ýmsar lóðir, þar á meðal lóð varnaraðila en hún er

nú nr. 86 við Hafnargötu í Keflavík. Niðurstaða matsmanna varð sú, að leigugjald fyrir þessa lóð væri 1986 hæfilegt 60.460,00 krónur. Kröfðu sóknaraðilar varnaraðila um þessa fjárhæð, en hann greiddi ekki. Bað lögmaður sóknaraðila um fjárnám í bréfi til bæjarfógetans í Keflavík 13. október 1987 og byggði á 15. gr. lögtakslaga nr. 29/1985. Í fógetarétti var síðan rekið sérstakt mál um það, hvort matsmönnunum skyldi heimilt að koma fyrir dóminn til að staðfesta mat sitt. Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, er fór sem fógeti með málið, hafnaði beiðni sóknaraðila um það með forsendulausum úrskurði 3. desember 1987. Er úrskurðurinn svohljóðandi:

„Matsmenn matsgerðar þeirrar sem lögð hefur verið fram á réttarskjali nr. 6 fá ekki að koma fyrir rétt í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður í þessum þætti málsins."

Í greinargerð, sem lögmaður sóknaraðila hefur sent Hæstarétti, segir, að gerðarþoli, varnaraðili fyrir Hæstarétti í þessu máli, hafi mótmælt áðurnefndri matsgerð sem óstaðfestri, en jafnframt mótmælt því, að matsmönnum verði heimilað að staðfesta matsgerðina. Myndi efnt til vandræða, ef slíkur málatilbúnaður yrði látinn viðgangast. Lögmaður sóknaraðila telur að taka beri kröfu sína til greina, þar sem skýra beri 41. gr. 2. mgr. aðfararlaga nr. 19/1887 með hliðsjón af 223. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, enda felist ekki í 41. gr. 2. mgr. fortakslaust bann við að matsmenn komi fyrir fógetadóm.

Lögmaður varnaraðila hefur sent greinargerð til Hæstaréttar. Segir þar, að krafan um staðfestingu hins kærða úrskurðar sé byggð á 41. gr. 2. mgr. aðfararlaga. Efnislega krefjist sóknaraðilar þess, að vikið sé til hliðar ákvæðum í lóðarleigusamningi um tiltekna leigufjárhæð og í stað þess greitt eftir mati. Álitaefni sem þetta hljóti eðli málsins samkvæmt að fara fyrir hinn almenna héraðsdóm en ekki fógetarétt. Myndi önnur niðurstaða leiða til þess að enginn eðlismunur væri í raun á þessum tveimur dómstólum.

Sú meginregla, sem fram kemur í 41. gr. 2. mgr. aðfararlaga nr. 19/1887 sýnir, að fógetadómi er að jafnaði ekki ætlað að taka afstöðu til ágreiningsefna, sem gefa tilefni til að dómskýrslur séu teknar af matsmönnum. Efniságreiningur aðila þessa máls er verulegur og óvíst, hve víðtæka málsmeðferð þarf, svo að hann verði

til lykta leiddur. Mátti fógeti því hafna beiðni sóknaraðila um að í fógetarétti færi fram sú skýrslutaka, sem óskað var eftir af þeirra hálfu. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, en rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. janúar 1988.

Nr. 12/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Agnari Víði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. janúar 1988, sem barst Hæstarétti 8. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að varðhaldstíminn verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins. Er í því sambandi vísað bæði til 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Gögn málsins bera ekki með sér, að ástæða sé til að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr.

74/1974, en með vísan til 5. tl. þessarar málsgreinar ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, þó þannig, að varðhaldstíminn verði allt til mánudagsins 29. febrúar 1988 kl. 16:00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðili, Agnar Víðir Bragason, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 29. febrúar 1988 k. 16:00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. janúar 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 5. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Agnari Víði Bragasyni, fæddum 16. september 1966, til lögheimilis að Hábergi 3 hér í borg, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 29. mars nk. kl. 16:00.

RLR vinnur nú að rannsókn innbrotsþjófnaðar í rækjuverksmiðju Meleyrar hf. á Hvammstanga. Kærði, Agnar Víðir Bragason, hefur viðurkennt að hafa brotist þarna inn aðfaranótt mánudagsins 4. þ.m. og stolið þar úr frystiklefa nálega hálfri smálest af fullunninni frystri rækju. Hefur hann greint svo frá, að sl. sunnudag hafi kona að nafni Járnbrá Guðríður Hilmarsdóttir tekið á leigu, að hans undirlagi, sendibíl á bílaleigu í Kópavogi. Þá um kvöldið hafi þau ásamt stúlku að nafni Dagný Kristinsdóttir ekið sem leið liggur norður á Hvammstanga þar sem framangreindur innbrotsþjófanður hafi verið framinn. Stúlkurnar hafi einkum veitt honum liðsinni við innbrotsþjófnaðinn á þann hátt, að þær hafi komið þýfinu fyrir í bifreiðinni, en að svo búnu hafi þau ekið til Reykjavíkur og verið komin þangað milli kl. 8 og 9 í gærmorgun. Kærði og stúlkurnar voru síðan handtekin á fjórða tímanum í gær og var þá þýfið enn í bifreiðinni.

RLR byggir kröfugerð sína á 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Er í því sambandi vísað til þess, að kærði hafi, þrátt fyrir ungan aldur, margítrekað verið dæmdur til fangelsisrefsingar, sem samtals nemi nú 45 mánuðum, en síðast hlaut kærði 8 mánaða fangelsisdóm fyrir skjalafals og fjársvik. Þeim dómi hefur hann áfrýjað.

Þann 25. júlí sl. lauk kærði afplánun margra mánaða fangelsisdóms, en strax daginn eftir braust hann inn í vöruhús Kaupfélags Árnesinga á Selfossi og stal þar rúmum 200.000 krónum. Fór hann örfáum dögum síðar til Evrópu þar sem hann hóf fljótlega brotastarfsemi, og afplánaði fangelsis-

refsingu í fangelsi í Luxemburg fyrir þau brot. Hinn 4. desember sl. kom kærði aftur til landsins að lokinni þeirri fangavist og viku síðar braust hann inn í Vinnufatabúðina við Hverfisgötu hér í borg ásamt kunningja sínum og stálu þar m.a. peningum. Þá hefur kærði viðurkennt að hafa gefið út innstæðulausa tékka að fjárhæð rösklega kr. 70.000,00 úr ávísanareikningi sem hann stofnaði við Alþýðubankann hf. eftir að hann kom að utan. Er það mál enn til rannsóknar hjá RLR. Loks er þess að geta að RLR hefur sent ríkissaksóknara til meðferðar fjögur kærumál á hendur kærða sem öll varða innbrot og þjófnaði.

Þegar allt framanritað er virt, er ljóst, að kærði er síbrotamaður sem einkum leggur fyrir sig að fremja þjófnaðar-, fjársvika- og skjalafalsbrot. Er auk þess í ljós leitt að hann aflar sér ekki lífsviðurværis með lögmætum hætti. Af þessum sökum þykir, með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, rétt að taka kröfu RLR til greina og gera kærða að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 29. mars nk. kl. 16:00.

Brot þau sem kærði er hér grunaður um geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 74, 1974.

Úrskurðarorð:

Kærði, Agnar Víðir Bragason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 29. mars 1988 kl. 16:00.

Fimmtudaginn 14. janúar 1988.

Nr. 13/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Anthony Lee Bellere

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 kært mál þetta til Hæstaréttar hinn 7. þ.m. Krefst hann þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að varðhaldstíminn verði styttur.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins. Er í því sambandi vísað bæði til 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Gögn málsins bera ekki með sér, að ástæða sé til að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, en með vísan til 5. tl. þessarar málsgreinar ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, þó þannig, að varðhaldstíminn verði allt til mánudagsins 29. febrúar 1988 kl. 16:00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðili, Anthony Lee Bellere, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 29. febrúar 1988 kl. 16:00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. janúar 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 7. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald er Anthony Lee Bellere, fæddum 03.09. 1966, Bárugötu 22, Reykjavík, var gert að sæta með úrskurði dómsins, uppkveðnum 31. f.m. til dagsins í dag, verði framlengt frá lokum fyrri úrskurðar allt til miðvikudagsins 30. mars nk. kl. 16:00.

Að undanförnu hafa verið framin fjölmörg innbrot og þjófnaðir í fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og í Árnessýslu. Að kröfu RLR, sem vinnur að rannsókn málanna, var kærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara mála frá gamlársdegi sl. til dagsins í dag.

Við yfirheyrslu á gamlársdag viðurkenndi kærði fjóra innbrotsþjófnaði sem hann framdi ásamt tveimur piltum. Meðan kærði sætti gæsluvarðhaldinu viðurkenndi kærði að hann ætti aðild að fleiri innbrotsþjófnuðum sem átt hafi sér stað í nóvember og desember sl. Er hér um að ræða innbrot og þjófnað úr heildverslun Herlufs Clausen, Bröttugötu 3b, Reykjavík, innbrot og þjófnað í Litlu Kaffistofuna í Svínahrauni, þar sem stolið var sælgæti, vindlingum og fleiru, innbrot í veitingaskálann Messann í Þorlákshöfn, innbrot og tilraun til þjófnaðar á hljómflutningstækjum úr leigubifreið sem stóð við Hverfisgötu 40, Reykjavík. Hefur kærði játað að hann hafi staðið ýmist einn eða í félagi með kunningjum sínum að umræddum þjófnaðarbrotum. Hefur hann greint frá því, að hann hafi tekið í heimildarleysi sex bifreiðar sem notaðar voru við brotastarfsemina.

Hjá sakadómi Reykjavíkur er til meðferðar mál þar sem kærða er gefið að sök skjalafals, en fram kemur í greinargerð RLR að þar séu til meðferðar 18 kærumál á hendur honum.

Sakavottorð kærða ber með sér að brotaferill hans er svo til óslitinn frá 1982. Hann hóf hinn 7. október 1986 afplánun refsidóms, en var veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsinga. Hinn 30. júní sl. varð hann uppvís að skjalafalsi og rauf með því framangreinda reynslulausn. Lauk hann afplánun hinn 28. október sl. en frá þeim tíma sýnist brotaferill kærða vera óslitinn. Með brotastarfseminni hefur hann komist yfir talsverð verðmæti, en um leið hefur mikið tjón hlotist af.

Af því sem nú hefur verið rakið þykir verða að telja, að kærði sé síbrotamaður. Verulegar líkur hljóta því að vera á, að hann muni halda áfram brotastarfsemi verði hann látinn laus nú.

Með vísan til framanritaðs og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að úrskurða að kærði skuli sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi eins og krafist er, þ.e. allt til miðvikudagsins 30. mars nk. kl. 16:00, en brot þau sem kærði er hér sakaður um geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Úrskurðarorð:

Kærði, Anthony Lee Bellere, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. mars 1988 kl. 16:00.

Mánudaginn 18. janúar 1988.

Nr. 14/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Braga Ólafssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. janúar 1988, sem barst Hæstarétti 13. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Er í því sambandi vísað til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til raka héraðsdómara ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. janúar 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 12. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Braga Ólafssyni, fæddum 17.11. 1936, til heimilis að Klapparstíg 11 hér í borg, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar nk. kl. 17:00, en hann er grunaður um að vera valdur að dauða eiginkonu sinnar, Grétu Birgisdóttur, fæddrar 23.04. 1961.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

Málavextir eru þeir að kl. 19:30 sunnudaginn 10. janúar sl. hringdi kærði til lögreglunnar í Reykjavík og bað um lögregluaðstoð vegna konu er hefði hengt sig. Er lögreglan kom á vettvang lá áðurnefnd Gréta látin á stofugólfinu og voru töluverðir áverkar á andliti og hálsi hinnar látnu.

Samkvæmt krufningarskýrslu Gunnlaugs Geirssonar var banamein konunnar köfnun. Höfðu þrjú bönd herst að hálsi hennar framanverðum og að hliðum og var þrýstingur mestur undan miðbandinu, sem hefur grópast að, brotið skjaldbrjóskið og lokað öndunarvegum.

Kærði hefur borið að þau hafi neytt áfengis og lyfja á heimili sínu frá fimmtudagskvöldinu og hafi þau bæði verið undir miklum áfengisáhrifum. Að sögn kærða ræddi Gréta um að fremja sjálfsmorð og var með einhverja tilburði í þá átt. Kvaðst kærði síðan hafa sofnað eftir að hann taldi að Gréta væri að sofna. Kvaðst kærði eftir 5-6 tíma svefn hafa vaknað og þá séð Grétu hanga í köðlum sem eru fyrir svefnherbergisdyrum. Kvaðst kærði hafa losað um hana og lagt hana til en ekki gert sér grein fyrir því fyrr en síðar að Gréta var látin. Að sögn kærða áttu engin átök sér stað milli þeirra.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og ítarleg rannsókn þarf að fara fram á því hvort kærði sé valdur að dauða konunnar, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 17:00, enda er hann grunaður um brot er varðað getur hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXIII. kafla almennra hegningarlaga.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bragi Ólafsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 17:00.

Mánudaginn 18. janúar 1988.

Nr. 18/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Kevin Fisher

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 13. þ.m., sem barst Hæstarétti 14. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til raka héraðsdómara ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. janúar 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 13. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Kevin Fisher, breskum ríkisborgara, fæddum 25. júlí 1959, verði með úrskurði gert að sæta **gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 16:00, en hann** er grunaður um tékkamisferli.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þeir, að kærði, sem dvalið hefur hér á landi í nokkra mánuði, stofnaði tvo bankareikninga, annan í Landsbanka Íslands, en hinn í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Hefur kærði við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi kannast við að hafa gefið út fjölda innistæðulausra ávísana á báða reikningana og telur kærði fjárhæð tékkanna ekki vera hærri en 300.000 kr. Kvaðst kærði hafa stofnað síðari reikninginn vegna

þess að honum hafi verið tjáð að hann ætti þá möguleika á láni. Kvaðst kærði hafa veikst í nóvember sl. og lent á sjúkrahúsi og kvaðst hann hafa beðið vinnuveitanda sinn að greiða sjúkrapeninga sína og inneign vegna veiðiferðar til bankanna.

Kærði hefur ekki fastan dvalarstað hérlendis og lítið er vitað um hagi hans að öðru leyti.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og nauðsyn ber að tryggja nærveru kærða, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. og 15. gr. laga nr. 45, 1965, að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 16:00, enda er kærði grunaður um brot er getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Úrskurðarorð:

Kærði, Kevin Fisher, skal sæta gæsluvarðhaldi, allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 16:00.

Mánudaginn 18. janúar 1988.

Nr. 355/1987. **Guðbrandur Jónsson**
gegn
dómsmálaráðherra

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Samaðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar hinum kærða frávísunardómi með kæru 24. nóvember 1987, sem ítrekuð var með endurskoðuðum kröfum 8. desember, eftir að héraðsdómari hafði gert athugasemdir eftir 23. gr. laganna. Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum

verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þess er sérstaklega krafist, að hrundið verði því ákvæði héraðsdóms, að sóknaraðili skuli greiða varnaraðila málskostnað í héraði, 16.500,00 krónur. Loks er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Í máli þessu hefur sóknaraðili stefnt varnaraðila fyrir bæjarþing og gert kröfur sem lýst er í héraðsdómi. Í kröfum þessum felst, að felldur verði úr gildi ráðuneytisúrskurður um forræði barns sóknaraðila og fyrrverandi eiginkonu hans. Konunni var ekki stefnt. Telja verður að sóknaraðila hafi eins og á stóð verið heimilt að stefna dómsmálaráðherra fyrir bæjarþing út af þessu málsefni, en dómur getur ekki um það gengið, nema fyrrverandi eiginkona hans, sem nú hefur forræðið, eigi þess kost að taka til varna. Ber því að vísa málinu frá bæjarþingi Reykjavíkur eftir 46. gr. laga nr. 85/1936, hvað sem líður heimild dómstóla til að fjalla um gildi hins umdeilda ráðuneytisúrskurðar eða endurmeta niðurstöðu hans.

Samkvæmt því, er nú var sagt, verður niðurstaða hins kærða frávísunardóms staðfest. Þó þykir rétt að málskostnaður í héraði falli niður.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur, þó þannig að málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1987.

I.

Mál þetta sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum flutningi um frávísunarkröfu stefnda þann 26. október sl. er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 15. janúar 1987 af Guðbrandi Jónssyni flugstjóra, Efstasundi 56, Reykjavík, gegn dómsmálaráðherra, Jóni Helgasyni, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að honum verði dæmt foreldraforræði yfir skilgetnum syni, óskírðum, fæddum 15. júlí 1984, auk miskabóta vegna mannlegrar niðurlægingar, sálarkvala og persónulegra þjáninga sem mannleg vera kr. 600.000,00 auk 2,5% vaxta á mánuði frá 11. mars 1986 og málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnda dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til þrautavara er þess krafist að fjárkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum og málsástæðum svo í stefnu að eiginkona hans hafi farið fram á skilnað að borði og sæng. Uppi hafi verið ágreiningur um forræði barna og umgengnisrétt. Eiginkona hafi farið fram á forræði beggja barna en samþykkt umgengnisrétt föður við börn. Stefnandi hafi farið fram á forræði skilgetins sonar og umgengnisrétt við fósturson. Málinu hafi verið vísað til dómsmálaráðuneytis til endanlegrar ákvörðunar, þar sem það hafi verið tafið von úr viti í næstum því ár til mikilla sálarkvala fyrir stefnanda. Í millitíðinni og síðar hafi konan ítrekað tálmað stefnanda umgengnisrétt við börnin. Úrskurður dómsmálaráðherra hafi komið 11. mars 1986. Þar sé öllum kröfum stefnanda alfarið hafnað. Dómsmálaráðherra sé ábyrgur fyrir aðför Rannsóknarlögreglu ríkisins gegn stefnanda er hann hafi verið þvingaður til þess að undirrita yfirlýsingu um að hvorki hringja né heimsækja eiginkonuna að viðlagðri opinberri meðferð.

Í þeim hluta stefnu er fjallar um lagarök vísar stefnandi til þess, að eiginkona hans sé spánskur ríkisborgari. Samkvæmt lögum um ríkisfang fái skilgetin börn ríkisfang föður, en óskilgetin ríkisfang móður. Því ætli stefnandi að það sé andstætt lögum að fela erlendum ríkisborgara foreldraforræði yfir íslenskum ríkisborgara ef íslenski ríkisborgarinn sé viðurkenndur faðir skilgetins sonar, sem faðirinn fari fram á foreldraforræði yfir samkvæmt íslenskum lögum. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi ekki fjallað um þátt stefnanda í þessu máli eins og barnalög geri ráð fyrir. Dómsmálaráðuneytið hafi hafnað beiðni stefnanda um að senda umsagnarerindið til barnaverndarráðs. Stefnandi sætti sig ekki við, að fulltrúar stjórnmálaflokka hafi fjallað um sín einkamálefni í barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Úrskurður dómsmálaráðherra frá 11. mars 1986 sé geðþóttaákvörðun, órökstudd og ekki byggð á lögum, reglum eða reglugerðum um meðferð og innihald forræðisdeilumála foreldra yfir börnum sínum.

III.

Kröfu sína um frávísun málsins reisir stefndi á því, að máli þessu sé áfátt að formi til að því er varðar kröfugerð, aðild og reifun máls.

Í málinu geri stefnandi kröfu til þess að honum verði dæmt „foreldraforræði" yfir skilgetnum syni sínum og að honum verði tildæmdar miska-

bætur. Varðandi fyrri þátt kröfugerðar stefnanda um að honum verði tildæmd forsjá barnsins, geti það engan veginn staðist að beina kröfugerð eingöngu að stefnda. Skv. leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng hafi fyrrverandi eiginkona stefnanda, Modesta Conzales Cano, fengið forsjá barnsins samkvæmt ákvæðum dóms- og kirkjumálaráðuneytis, er leyst hafi úr ágreiningi þar að lútandi milli hjónanna. Sýnist einsýnt, að ekki verði skorið úr þessari dómkröfu stefnanda án aðildar hennar sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936.

Frekari annmarkar séu á þessari kröfugerð stefnanda, þar sem það sé eigi á valdi dómstóla að dæma honum forsjá barnsins. Til grundvallar þeirri skipan á forsjá barnsins að hún sé í höndum móður, liggi ákvörðun dómsmálaráðuneytisins sbr. dskj. nr. 3 og 4. Skv. 2. mgr. 39. gr. barnalaga nr. 9/1981 sbr. 38. gr. sömu laga heyri breyting á slíkri ákvörðun um forsjá undir dómsmálaráðuneytið en eigi dómstóla. Dómstólar geti því ekki dæmt stefnanda forsjá barnsins, þó að þeir séu bærir til þess að dæma um kröfu um ógildingu slíkrar stjórnarathafnar. Telja verði því að ákvæði 66. gr. laga nr. 85/1936 leiði einnig til þess að kröfugerð þessari beri að vísa frá dómi.

Varðandi miskabótakröfu stefnanda sé það að segja í fyrsta lagi, að ekki verði séð að það fái staðist að hafa uppi slíka kröfugerð á hendur stefnda einum, heldur beri að beina slíkri kröfu jafnframt að ríkissjóði og stefna til fyrirsvars fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Telja verði því að vísa beri þeim þætti kröfugerðar stefnanda frá dómi þegar á grundvelli 46. gr. einkamálalaga. Í annan stað sé með öllu óljóst á hvaða grundvelli miskabótakrafa stefnanda sé reist. Eigi reyndar hið sama við þá kröfu stefnanda, er lúti að því að honum verði dæmd forsjá barnsins. Tilgreining málsástæðna og lagaraka sé óljós og sundurlaus. Málatilbúnaður stefnanda uppfylli þannig ekki þau skilyrði, sem sett séu í lögum um meðferð einkamála í héraði, að hann skuli vera skýr og glöggur. Leiði því einnig ákvæði c-, d- og e-liðar 88. gr. laga nr. 85/1936 til þess að máli þessu verði vísað frá dómi.

Af hálfu stefnanda er frávísunarkröfu stefnda alfarið mótmælt. Stefnandi, sem verið hafi í hjúskap, hafi haft forsjá sonar síns, sem fæddur er 15. júlí 1984. Eiginkona hans hafi upphaflega krafist skilnaðar að borði og sæng, en stefnandi hafi sjálfur óskað sátta. Málið hafi síðan verið sent dómsmálaráðuneyti sem hafi þann 11. mars 1986 úrskurðað að konan, sem er erlendur ríkisborgari, skyldi hafa forsjá sonar þeirra. Stefnandi hafi verið mjög ósáttur við alla meðferð málsins hjá dómsmálaráðuneyti og barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Skv. barnalögum skuli ráðuneytið gæta sanngirni og gæta þarfa barnsins. Engin rök hafi komið fram af hálfu dómsmálaráðuneytisins um að þörfum barnsins hafi verið best borgið með

því að fela móður forsjá þess. Í stjórnsýslu geti starfsmönnum orðið á eins og öðrum. Stefnandi hafi haft forsjá sonar síns en tapað henni vegna afskipta dómsmálaráðuneytisins. Skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar skeri dómendur úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Dómstólar eigi að vernda réttindi íslenskra ríkisborgara. Dómsmálaráðuneytið sé ekki dómstóll. Stefnandi sé afar ósáttur við meðferð þess á umræddu forsjármáli. Hann eigi því skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar rétt á því að dómstóll fjalli um mál þetta. Því sé alfarið mótmælt, að það sé ekki á valdi dómstóla að dæma íslenskum ríkisborgara forsjá barns síns.

Varðandi aðild málsins er því haldið fram af hálfu stefnanda að eiginkona hans fyrrverandi eigi enga aðild að máli þessu, þar sem í því sé verið að fjalla um embættisfærslu dómsmálaráðuneytisins. Konan hafi engan þátt átt í ákvörðun ráðuneytisins. Því er einnig mótmælt af hálfu stefnanda, að nauðsynlegt hefði verið að stefna fjármálaráðherra vegna miskabótakröfu, þar sem stefnt sé dómsmálaráðherra fyrir þær aðgerðir, er fram hafa farið.

Af hálfu stefnanda er því og alfarið mótmælt, að stefna í málinu sé ekki í samræmi við 88. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt barnalögum nr. 9/1981 38. gr. er dómsmálaráðuneyti falin úrlausn máls ef foreldra greinir á um hvort þeirra skuli fara með forsjá barns og jafnframt er þar kveðið á um að forsjármálum skuli ávallt skipa, þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og við úrlausn um lögskilnað.

Með leyfisbréfi útgefnu 11. mars 1986 var stefnanda og konu hans Modestu Conzales Cano veittur skilnaður að borði og sæng og konunni falin forsjá sonar þeirra. Með leyfisbréfi útgefnu 15. maí 1987 var sömu aðiljum veittur lögskilnaður og konunni falin forsjá sonar þeirra.

Krafa stefnanda í þessu máli, eins og hún er sett fram í stefnu, um að honum verði falin forsjá sonar síns, felur í sér kröfu um að breytt verði ákvörðun dómsmálaráðuneytis varðandi forsjá. Sé litið til 48. gr. laga nr. 60/1972 svo og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 9/1981 verður að telja að dómsmálaráðuneytið eitt geti breytt ákvörðun sinni um forsjá barns og það sé ekki á valdi dómstóla að breyta ákvörðun dómsmálaráðuneytis um slíkt ágreiningsefni. Ber því með vísan til 66. gr. laga nr. 85/1936 að vísa kröfu stefnanda um að honum verði veitt forsjá sonar síns frá dómi.

Þegar af þeim sökum að þessum hluta stefnukrafna er vísað frá dómi, þykir jafnframt brostinn grundvöllur fyrir miskabótakröfu stefnanda eins og hún er sett fram í málinu, en skilja verður kröfu stefnanda um miskabætur þannig að stefnandi byggi alfarið á því að skorið verði úr um kröfu hans um forsjá. Málinu er því vísað frá dómi.

Eftir úrslitum máls þessa ber að dæma stefnanda til þess að greiða

stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 16.500,00, þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Guðbrandur Jónsson, greiði stefnda, dómsmálaráðherra, kr. 16.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. janúar 1988.

Nr. 176/1986. **Guðmundur Bjarni Daníelsson**
og Guðbjartur Daníelsson
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Hólmari Tryggvasyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Vanhæfni meðdómanda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar 2. júní 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi dagsettu 12. maí 1986. Þeir krefjast þess að áfrýjuðum dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnda og honum verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að áfrýjaður dómur verði staðfestur með þeirri breytingu að frá 14. apríl 1987 verði dæmdir þeir dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr.

25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í dómi Hæstaréttar frá 23. desember 1986 í máli milli stefnda Hólmars og áfrýjanda Guðmundar Bjarna er dæmt um fasteignakaup þeirra. Þar er fjallað um vanefndir stefnda og tiltekna galla á húseigninni nr. 8 við Kópubraut. Þeir gallar eru ekki hinir sömu og hér eru til umfjöllunar. Stefndi hefur borið að við vettvangsgöngu í fyrra málinu hafi annar af sérfróðum meðdómendum, sem einnig var dómari í þessu máli í héraði, bent sér á að frágangur útveggja væri ófullnægjandi og hafi það orðið honum tilefni til frekari könnunar og síðar málshöfðunar.

Af þessu verður ekki annað ráðið en ábendingar annars meðdómanda þessa máls í héraði hafi orðið stefnda Hólmari beint tilefni málshöfðunarinnar. Samkvæmt niðurlagi 5. tl. 37. A gr. laga nr. 85/1936 eins og greinnni var breytt með lögum nr. 28/1981 sbr. niðurlag 7. tl. 36. gr. sömu laga verður því ekki talið að meðdómandinn Héðinn Skarphéðinsson hafi mátt taka þátt í dómsstörfum þessa máls í héraði. Ber af þeirri ástæðu að ómerkja málsmeðferð héraðsdóms frá þinghaldi 3. desember 1985 en þá tóku meðdómendur sæti í réttinum, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Rétt þykir að hvor aðila beri kostnað sinn af meðferð málsins fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð máls þessa í héraði er ómerkt frá og með þinghaldi 3. desember 1985 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 27. desember 1985.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 3. þ.m., var höfðað með stefnu, birtri 18. og 20. apríl sl.

Stefnandi er Hólmar Tryggvason, nnr. 4258-4509, Kópubraut 8, Njarðvík.

Stefndu eru Guðmundur Bjarni Daníelsson, nnr. 3053-5405, Miðtúni 1,

Keflavík og Guðbjartur Daníelsson, nnr. 2786-4988, Kirkjubraut 35, Njarðvík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir óskipt til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 183.682,00 ásamt 19% ársvöxtum frá 24.11. 1984 til 1.1. 1985, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2. 1985, en 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1985, en 48% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum (dómvöxtum, samkvæmt lögum nr. 56, 1979) frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að í dómsorði verði kveðið svo á að vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, aðallega í fyrsta sinn 31. desember 1984 en til vara 24. nóvember 1985. Þá er krafist málskostnaðar, þar með talinn matskostnaður, óskipt úr hendi stefndu, samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða framlögðum reikningi.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

II.

Með samningi, dagsettum 29. janúar 1983, keypti stefnandi af stefnda, Guðmundi Bjarna, einbýlishúsið nr. 8. við Kópubraut í Njarðvík, u.þ.b. 143 m² timburhús á einni hæð ásamt tilheyrandi bílskúrssökkli og leigulóðarréttindum.

Burðarþolsteikningar að húsinu voru samþykktar af byggingarnefnd Njarðvíkur 1. febrúar 1978. Stefndi Guðmundur Bjarni annaðist að mestu leyti sjálfur smíði hússins. Bróðir hans, stefndi Guðbjartur, var skráður húsasmíðameistari að byggingunni, en kom þar lítið nærri og raunar ekkert við gerð útveggja sem um er deilt í máli þessu.

Í kaupsamningi greinir að húsið sé ekki fullgert. Fram hefur komið að frágangi hússins innanverðs var ekki lokið að því marki að það væri íbúðarhæft. Nokkuð skorti á um klæðningu að utanverðu milli þaksperra og ,,gesimskassa" vantaði. Þá voru og dyrakarmar ófrágengnir og hurðir óísettar.

Í kaupsamningi var einnig svohljóðandi ákvæði: ,,Kaupanda er kunnugt um, að húsið er ekki smíðað allt af fagmönnum, þannig að búast má við því að laga þurfi ýmislegt af því, sem búið er að vinna í húsinu." Stefndi Guðmundur Bjarni hefur borið að ákvæði þetta ætti við um innréttingar og það sem blasti við sjónum þegar inn í húsið var komið, en ekki að það væri óvandað og ófullnægjandi að gerð og traustleika.

Eftir að stefnandi tók við eigninni varð hann var ýmissa ætlaðra galla, einkum varðandi frágang og gerð þaks. Til málshöfðunar kom hér fyrir bæjarþinginu (mál nr. 93/1984: Hólmar Tryggvason gegn Guðmundi Bjarna Daníelssyni og gagnsök) og var dómur upp kveðinn 4. maí 1984. Þeim dómi áfrýjuðu báðir aðilar til Hæstaréttar.

Stefnandi fékk dómkvadda matsmenn, Jón B. Kristinsson húsasmíðameistara og Vilhjálm Grímsson tæknifræðing til að láta í ljós álit sitt á „hvernig klæðningu útveggja hússins og pappalagningu sé háttað og hvaða afleiðingar gallar þessir geti haft" og „hvernig bæta megi úr göllum þessum og hversu mikið það muni kosta og/eða hvað meta megi verðrýrnun hússins vegna gallanna".

Matsgjörð, dags. 24. nóvember 1984, er að meginefni svohljóðandi:

„Við skoðun matsmanna kom í ljós að klæðning útveggja að utanverðu er negld beint á 3 - 4 m/m spónaplötu og grind, en án vindpappa, sjá meðfylgjandi riss, sem áður var getið og fylgir hér með.

Í matsbeiðni er sagt „að einangrunarpappi sem er milli veggja hússins og klæðningar utan á því er að öllum líkindum lagður beint á veginn, en ekki hafður undir honum listi eins og venja er við timburbyggingar". Þetta telja matsmenn vera misskilning, vegna þess að ekki er venja að hafa lista undir pappa, heldur er listinn settur á pappann til þess að mynda loftbil milli pappa og ystu klæðningar útveggjar.

Sá pappi sem settur var virðist felldur á milli grindarstafa og því rofinn við hvern staf í grindinni. Þessi frágangur pappans er gagnslítill sem vindþétting. Frágangur og þétting við glugga, fótstykki og veggjalægju er ófullnægjandi nú og þarf að bæta við endurklæðningu.

Þær afleiðingar sem þessir gallar geta haft eru að vegna engrar loftræstingar á bak við ysta lag útveggjaklæðningar myndast raki sem aftur veldur fúa með tímanum, auk þess sem útveggur er óþéttur á samskeytum við sökkul, glugga og víðar.

Í framhaldi af framansögðu telja matsmenn að eftirfarandi þurfi að gera með tilliti til frágangs á ytri klæðningu á útvegg:

Taka niður útveggjaklæðningu (það er ytrabyrði), klæða útveggi með til dæmis tjörusoðnu trétexi eða öðru jafn góðu efni, síðan setja upp eitt lag af vindpappa, lista og loks ganga frá ytri klæðningu aftur með sama efni og nú er í útveggjaklæðningu að viðbættum 25% vegna rýrnunar við framkvæmdina.

Þessar endurbætur telja matsmenn að kosti alls kr. 138.232,00. Að auki þarf að breyta útidyrabúnaði vegna þykkingar á klæðningu útveggja. Samtals er sá kostnaður metinn á kr. 45.450,00, innifalið er efni og vinna samkvæmt gildandi töxtum að viðbættum 3% fyrir efnisútvegun og umsjón verksins."

— — —

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Héðni Skarphéðinssyni húsasmíðameistara og Steinari H. Geirdal tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Bjarni Daníelsson og Guðbjartur Daníelsson, greiði óskipt stefnanda, Hólmari Tryggvasyni, kr. 174.334,00 ásamt 17% ársvöxtum frá 24.11. 1984 til 1.1. 1985, en 24% ársvöxtum frá þeim degi til 20.4. 1985, en hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum (dómvöxtum, samkvæmt lögum nr. 56, 1979) frá þeim degi til greiðsludags og kr. 60.000,00 í málskostnað. Vextir leggist við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn 31. desember 1984.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. janúar 1988.

Nr. 292/1986. **Þrotabú Nesco Manufacturing hf.**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Gerit Oy
og gagnsök
(Guðjón Steingrímsson hrl.)

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Nesco Manufacturing hf. áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 3. sama mánaðar. Hlutafélagið var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 6. janúar 1988 og hefur þrotabúið tekið við aðild málsins.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 17. nóvember 1986.

Við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi óskaði aðaláfrýjandi þess, að málið yrði fellt niður. Gagnáfrýjandi samþykkti það og lýsti því jafnframt yfir, að hann felldi niður gagnsökina. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið er fellt niður, en rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 15.000,00 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Aðaláfrýjandi, þrotabú Nesco Manufacturing hf., greiði gagnáfrýjanda, Gerit Oy, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. janúar 1988.

Nr. 338/1986. **Hagvirki hf.**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Verksamningur. Útboðsgögn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1986. Hann krefst þess, að stefndu verði gert að greiða in solidum 1.093.295,00 krónur, auk dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði svo sem hér segir: 3.5% af 485.263,00 krónum frá 1. ágúst 1985 til 1. september s.á., 3.75% af 673.878,00 krónum frá þ.d. til 1. október s.á., af 750.090,00 krónum frá þ.d. til 1. nóvember s.á., af 752.978,00 krónum frá þ.d. til 1. desember s.á., af 772.312,00 krónum frá þ.d. til 1. janúar 1986, af 777.003,00 krónum frá þ.d. til 1. febrúar s.á., af 936.410,00 krónum frá þ.d. til 1. mars s.á., 2.75% af 1.008.210,00

krónum frá þ.d. til 1. apríl s.á., 2.25% af 1.008.210,00 krónum frá þeim degi til 1. júlí s.á., af 1.027.119,00 krónum frá þ.d. til 1. ágúst s.á., af 1.041.839,00 krónum frá þ.d. til 1. september s.á., af 1.048.202,00 krónum frá þ.d. til 1. október s.á., af 1.093.295,00 krónum frá þ.d. til 1. mars 1987, 2.50% frá þ.d. til 1. júní s.á., 2.80% frá þ.d. til 1. júlí s.á., 3.0% frá þ.d. til 1. ágúst s.á., 3.40% frá þeim degi til 1. september s.á., 3.50% frá þeim degi til 1. október s.á., 3.60% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 3.80% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4.1% frá þeim degi til 1. janúar 1988 og með 4.3% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til dómtöku málsins, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að reiknaðir vextir frá 1. ágúst 1985 til 1. febrúar 1986 verði lagðir við höfuðstól þann dag og síðan árlega. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í útboðslýsingu Vegagerðar ríkisins fyrir verkið ,,Reykjanesbraut, Reykjavík - Hafnarfjörður, 3. áfangi" segir, að verð í tilboðsskrá skuli miða við verðlag 1. desember 1984. Þar með var breytt frá þeirri reglu, sem gildir í Sérskilmálum um útboð verka hjá Vegagerð ríkisins, grein 30.9, og miðað við verðlag þremur dögum fyrir opnunardag tilboðs. Er Jóhann Gunnar Bergþórsson, forstjóri Hagvirkis hf., var spurður um það fyrir héraðsdómi, hvort honum hefði verið ljós þessi breyting á útboðsskilmálum Vegagerðar ríkisins, svaraði hann: ,,Ég gerði tilboð og las skilmálana og það var alveg ljóst að Vegagerðin, með þessari breytingu, að verðlag 1. desember væri notað til viðmiðunar, og þess vegna voru gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að fá þetta uppgefið. Þegar tilboðinu er skilað er ljóst að þetta verðlag liggur ekki fyrir, og við fáum það ekki uppgefið, þannig að það er eðlileg túlkun að gamla gjaldskráin gildi þar til sú nýja er komin. Þannig að þetta töldum við vera fyllilega í samræmi við útboðsgögn, annað hefði verið bara hreinn leikur." Og þegar Jóhann Gunnar var spurður áfram um það, hvort gögnin hafi verið skýr að þessu leyti, svaraði hann: ,,Það held ég að fari ekki á milli mála hver var tilgangurinn. Vegagerðin gat

ómögulega séð það fyrir, tveim til þremur vikum áður, þegar hún gerir gögnin, að það sé ekki búið að útbúa þennan taxta 1. desember."

Það er því ljóst, að fyrirsvarsmanni áfrýjanda var kunnugt um, að nýr taxti Landssambands vörubifreiðastjóra tæki gildi frá 1. desember 1984. Var því sérstakt tilefni fyrir áfrýjanda að gera fyrirvara um það í tilboði sínu, að hann miðaði verðið við taxta þann, sem gilti frá 1. september 1984. Samkvæmt þessu ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara og
Sigurðar Líndal prófessors.

Málsaðila greinir á um útreikning verðbóta vegna aksturskostnaðar, nánar tiltekið hvort heldur beri að miða við sem grunn til útreiknings taxta Landssambands vörubifreiðastjóra fyrir bifreið með 10 - 13 tonna hlassþunga, er gildi tók 1. september 1984 eða þann taxta sem birtur var 4. eða 5. desember s.á. Tilboðin í verk það, sem málið snýst um, voru samkeppnistilboð og opnuð 3. desember s.á. Hækkun taxtans í desember nam 9,82%. Forstjóri áfrýjanda hefur staðhæft fyrir dómi, að þessi hækkun á verðgrunninum hafi ekki verið innifalin í tilboði hans. Skýrsla hans um þetta hefur stoð í skjali, er stefndi hefur lagt fram í málinu um breytingar einingarverðs (verð kr./klst.) í tilboðum áfrýjanda í verk hjá stefnda fyrir 13 - 15 tonna vörubíla á tímabilinu 30. apríl 1984 til 10. desember s.á. Sýnir það einingarverð 700 krónur á klukkustund mánuðina apríl og maí, 750 krónur í júlí til og með 3. desember með einni undantekingu (700 krónur). Samtals er um að ræða 10 tilboð á þessum tíma. Í tilboði 10. desember er einingarverðið 800 krónur á klukkustund. Af gögnum málsins má sjá að hækkun á taxta Landssambands vörubifreiðastjóra, sem hér á við, frá 1. mars 1984 til desember s.á. nam sem næst 20%. Áfrýjandi notaði 750 króna

einingarverð í tilboði sínu. Að þessu athuguðu þykir ljóst, að verðbreytingar síðustu mánaða höfðu ekki verið teknar inn í tilboðsverðið og átti stefnda að vera það kunnugt.

Í grein 30.9 í Sérskilmálum við útboð verka hjá Vegagerð ríkisins segir, að verðbreytingar verði reiknaðar á óunninn hluta verks frá þeim tíma sem vikomandi verðbreyting verður. Í grein 1.7 um verðlagsákvæði í útboðslýsingu segir, að í tilboðsskrá skyldi verð miðað við verðlag 1. desember 1984. Við útreikning verðbóta vísar orðið verðlag eðli málsins samkvæmt til taxta þeirra sem taldir eru í greininni. Eins og fyrr greinir var áðurgreind hækkun á taxta Landssambands vörubifreiðastjóra ekki birt fyrr en eftir opnun tilboða og áfrýjanda ókunn þá. Gat hinn óþekkti taxti því ekki skuldbundið hann sem verðgrunnur við útreikning verðbótanna, nema stefndi áskildi það ótvírætt, en það gerði hann ekki. Eins og málið lá fyrir við opnun tilboða verður að virða áfrýjanda það á betri veg þótt hann tæki mið af þeim birta taxta, sem stefndi hafði valið til grundvallar verðbótaútreikningnum. Var því ekkert tilefni þá til fyrirvara af hans hálfu um útreikning verðbótanna. Í málinu kemur fram, að ágreiningsefnið bar á góma fyrir gerð verksamningsins 21. desember 1984. Svo er að sjá að málsaðilar hafi þrátt fyrir það verið einhuga um samningsgerðina þótt atriði þessu væri ekki ráðið til lykta með henni. Verður ekki talið að þeir hafi með tómlæti spillt réttarstöðu sinni þá eða síðar.

Stefnukrafan sætir ekki andmælum tölulega. Með tilvísun til þess sem að framan er ritað ber að taka hana til greina með dráttarvöxtum, en hafna ber kröfu um vaxtavexti, enda er henni sérstaklega mótmælt og hún ekki höfð uppi fyrir héraðsdómi.

Málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. september 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. september sl., hefur Hagvirki hf., nnr. 3525-1308, Skútahrauni 2 Hafnarfirði, höfðað á hendur samgönguráðherra, Matthíasi Bjarnasyni, nnr. 6539-3512, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu Reykjavík vegna Vegagerðar ríkisins, nnr. 9161-9369, Borgartúni 5 - 7 Reykjavík og fjármálaráðherra, Þorsteini Pálssyni, nnr. 9753-5388, Arnarhváli Reykjavík, vegna ríkissjóðs Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum kr. 1.093.295,00 auk 3,5% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr

mánuði af kr. 485.263,00 frá 1. ágúst 1985 til 1. september 1985 , 3,75% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 673.878,00 frá 1. september 1985 til 1. október 1985, af kr. 750.090,00 frá þeim degi til 1. nóvember 1985, af kr. 752.978,00 frá þeim degi til 1. desember 1985, af kr. 772.312,00 frá þeim degi til 1. janúar 1986, af kr. 777.003,00 frá þeim degi til 1. febrúar 1986, af kr. 936.410,00 frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 1.008.210,00 frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, 2,25% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 1.008.210,00 frá þeim degi til 1. júlí 1986, af kr. 1.027.119,00 frá þeim degi til 1. ágúst 1986, af kr. 1.041.839,00 frá þeim degi til 1. september 1986, af kr. 1.048.202,00 frá þeim degi til 1. október 1986 og af kr. 1.093.295,00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi í samræmi við gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Sátt var reynd án árangurs.

Málavextir eru þeir að í nóvember 1984 bauð Vegagerð ríkisins út gerð Reykanesbrautar frá Breiðholtsbraut að Vífilsstaðavegi. Nefndist útboðið Reykjanesbraut, Reykjavík - Hafnarfjörður, 3. áfangi. Tilboðum skyldi skila fyrir kl. 14:00 þann 3. desember 1984. Í útboðslýsingu var tilgreint að verð í tilboðsskrá skyldu miðuð við verðlag 1. desember 1984, sbr. útboðslýsingu, Ú-30. gr. 1.7. i.f., dskj. nr. 3. Jafnframt var tilgreint í gr. 1.7. í útboðslýsingu hvernig skyldi mæla verðbreytingar. Þar var m.a. svo fyrir mælt að 1% breyting á taxta Landssambands vörubifreiðastjóra fyrir bifreið með 10 - 13 tonna hlassþunga skyldi breyta samningsverði um 0,40%.

Stefnandi gerði ásamt ýmsum öðrum tilboð í ofangreint verk, en tilboð voru opnuð á fundi 3. desember 1984 kl. 14:15. Fundargerð þess fundar liggur fyrir á dskj. 26.

Stefnandi reyndist lægstbjóðandi og nam tilboð hans um 50% af kostnaðaráætlun verkkaupa. Hófust fljótlega við hann viðræður. Stóðu þær yfir fram yfir miðjan desember, m.a. vegna óska um breytingar á verkinu. Á fundi 17. desember 1984 gerði stefnandi fyrirvara um verðbætur. Segir í fundargerð: ,,2. Bjóðandi vekur athygli á því, að þann 1. desember s.l. lá ekki fyrir hver taxti L.V. yrði. Sá taxti hafi ekki legið fyrir fyrr en eftir opnun tilboðs, og er því gerður fyrirvari um verðbætur í samræmi við það."

Stefnanda var með bréfi dags. 20. desember 1984 tilkynnt að tilboði hans væri tekið með nánar tilgreindum breytingum. Verksamningur var síðan undirritaður milli Vegagerðar ríkisins og stefnanda 21. desember 1984, sbr. dskj. nr. 28. Í gögnum þessum er ekkert minnst á ágreining og enginn fyrirvari er gerður um verðbætur.

Á fyrsta reikningi verktaka, dags. 1. febrúar 1985, var við útreikning á verðbótum miðað við taxta Landssambands vörubifreiðastjóra sem í gildi var frá 1. september 1984 til 1. desember 1984. Eftirlitsaðilar gerðu athugasemd við þessa reikningsaðferð og óskuðu eftir því að þetta yrði leiðrétt á næsta reikningi, sbr. dskj. nr. 18. Það var þó ekki gert og ítrekaði eftirlitsaðili fyrirvarann á reikningum nr. 2 - 10, sbr. dskj. nr. 29 - 37. Á reikningi nr. 11, dags. 1. júlí 1985, dskj.nr. 38, var verðbótaútreikningi síðan breytt og þá miðað við taxta Landssambands bifreiðastjóra dags. 1. desember 1984. Hafði þá áður komið fram skrifleg krafa frá stefnanda dags. 10. apríl 1985 um útreikning verðbóta í samræmi við reikninga hans, sbr. dskj. 21. Þeirri kröfu hafði Vegagerð ríkisins hafnað af tilgreindum ástæðum 18. júlí 1985, sbr. dskj. nr. 22. Einnig hafði verið bókað um þetta ágreiningsmál í fundargerðum nr. 2 - 3, 6, 10 og 12 - 16, sbr. dskj. nr. 9 - 17.

Það er þessi ágreiningur málsaðila um útreikning verðbóta sem er tilefni máls þessa. Telur stefnandi að reikna eigi verðbætur út frá taxta Landssambands vörubifreiðastjóra sem gefinn var út í byrjun september 1984, sbr. dskj. 5, og heldur því fram að sá taxti hafi verið í gildi á viðmiðunardegi 1. desember 1984. Stefndu halda því aftur á móti fram að miða eigi við taxta Landssambands vörubifreiðastjóra dags. 1. desember 1984, en stefnandi heldur því fram að sá taxti hafi ekki verið kominn út við opnun tilboða 3. desember 1984.

Stefnandi gerir svofellda grein fyrir málsástæðum sínum:

„Vegagerð ríkisins gerir útboðsgögnin. Það er regla í íslenskum samningarétti að ef vafi leikur á túlkun samningsgagna skuli túlka þau þeim í óhag sem þau gerði. Þessi regla gildir enn frekar í verktakarétti.

Það er skýlaust tekið fram í útboðslýsingu að í tilboðsskrá skuli miða við verðlag 1. desember 1984. Það er grundvallaratriði í máli þessu, að nýr taxti Landssambands vörubifreiðastjóra lá hvorki fyrir 1. des. 1984 né 3. des. 1984.

Lögfull sönnun er fyrir þessari staðreynd. Stefnandi hafði því ekki þá viðmiðun sem Vegagerð ríkisins ætlast til af honum. Ekki skiptir máli þó í taxta sem gefinn er út eftir 3. desember sé tekið fram að taxtinn skuli gilda frá 1. des. 1984. Það skiptir heldur ekki máli þó eitthvert plagg úr tölvu hafi verið til fyrir laugardaginn 1. desember, það hafði hvorki borist stefnanda né öðrum verktökum.

Ef Vegagerð ríkisins ætlaðist til þess að verktakar skildu ákvæði útboðsgagna á ákveðinn hátt þá bar henni skylda til að sjá svo um að gera útboðsgögn þannig úr garði að ekkert atriði orkaði tvímælis. Það er áhætta sem verkkaupi tekur að taxti sem hann vill miða við er ekki kominn út 3. desember 1984.

Því hefur verið haldið fram af stefnda að stefnandi hafi átt að þekkja

þær verðhækkanir sem fram komu við taxtahækkun 4. eða 5. desember 1984. Þetta skiptir ekki máli, þar sem taxtahækkun er viðmiðun og kann reksturskostnaður og/eða kostnaðarhækkanir að vera allt aðrar hjá stefnanda en þær sem taxtamælingar Landssambands vörubifreiðastjóra miða við.

Stefnandi hefur þegar frá upphafi gert nægilegan fyrirvara um kröfu sína. Jafnframt er því haldið fram að með því að greiða reikninga stefnanda í upphafi hafi Vegagerð ríkisins fallist á verðbótaútreikninginn. Að minnsta kosti verður að líta svo á að greiðslan gefi ótvírætt til kynna að Vegagerð ríkisins hafi talið sig eiga að greiða verðbætur eftir skilningi stefnanda."

Af hálfu stefndu er því mótmælt að Vegagerð ríkisins hafi fallist á aðferð stefnanda við verðbótaútreikning með því að greiða reikninga stefnanda í upphafi. Á það er bent að reikningarnir hafi allir verið greiddir með fyrirvara um verðbótaútreikning stefnanda og að bókað hafi verið um ágreininginn í öllum fundargerðum. Að öðru leyti byggja stefndu á eftirfarandi ástæðum:

„1. Ótvírætt var tekið fram í útboðslýsingu að verð í tilboðsskrá skyldu miðuð við verðlag 1. desember 1984. Samkvæmt almennum skýringareglum skal við túlkun samninga fyrst og fremst miða við orðalag samnings, sem viðurkennt er í greinargerð stefnanda að sé skýlaust í þessu tilviki. Ekki skiptir máli í þessu sambandi þótt taxti Landssambands vörubifreiðastjóra hafi ekki verið gefinn út formlega fyrir opnun tilboða, þar sem hann staðfesti eingöngu orðnar verðlagsbreytingar og átti einungis að vera viðmiðun þegar verðlagsmæling færi fram síðar. Verð í tilboðsskrá átti að miða við *verðlag* 1. desember og þar er verið að tala um orðinn hlut þann dag. Þá lá t.d. fyrir að verð vörubifreiða hafði hækkað um u.þ.b. 20% frá 1. september, hjólbarðar um 15 - 20% og díselolía um tæp 20%, sbr. taxtaútreikning frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, annars vegar frá 29.08. 1984, dskj. nr. 39, og hins vegar frá 29.11. 1984, dskj. nr. 40. Að sjálfsögðu hafði stefnandi aðgang að þessum upplýsingum fyrir opnun tilboða hjá umboðum og olíufélögum og úr sínu rekstrarbókhaldi og voru þær því að fullu kunnar. Stefnandi átti og gat því miðað tilboð sitt við verðlag 1. desember 1984 þótt taxti Landssambands vörubifreiða lægi ekki fyrir.

Ekki er um annað kunnugt en að aðrir tilboðsgjafar hafi miðað tilboð sín við verðlag 1. desember 1984 svo sem fyrir var lagt, og myndi samþykki við kröfu stefnanda leiða til óeðlilegrar mismununar á milli tilboðsgjafa, þ.e. að tilboð þeirra hafa þá ekki verið borin saman á sama grundvelli. Ef lítill mismunur hefði verið á lægstu tilboðum hefði þetta getað haft grundvallaráhrif á val á verktaka.

Vert þykir að vekja athygli á, að stefnandi hækkaði ekki einingaverð á vörubílum sínum í tilboðum á árinu 1984 í samræmi við hækkanir á

töxtum Landssambands vörubifreiðastjóra, sbr. yfirlit á dskj. nr. 41. Styður það enn þá skoðun að vel rekið fyrirtæki hljóti að sjá úr sínu rekstrarbókhaldi hvernig verðleggja beri einstakar rekstrareiningar til þess að rekstur geti gengið áfallalaust.

2. Stefnandi heldur því fram að hann hafi ekki haft aðgang að taxta Landssambands vörubifreiðastjóra 1. desember 1984. Svo sem rökstutt hefur verið hér að framan er ekki talið skipta máli þótt taxtinn hafi ekki legið fyrir, en hins vegar er bent á að taxtinn var reiknaður út hjá Landssambandi vörubifreiðastjóra þann 29. nóvember 1984, sbr. tölvuútskrift, dskj. nr. 40. Hefur stefnandi vafalaust getað fengið aðgang að tölvuútskrift þessari, ef eftir hefði verið leitað áður en hann skilaði tilboði. Auk þess má benda á að taxtinn er reiknaður 29. nóvember 1984 út frá kunnum og opinberum verðlagsbreytingum frá 1. september 1984.

Á það er lögð sérstök áhersla að taxti Landssambands vörubifreiðastjóra tók giidi 1. desember 1984, þ.e. taxtinn var genginn í gildi á tilskildum verðmiðunardegi í útboðsgögnum. Jafnframt er vakin athygli á því að taxtar Landssambands vörubifreiðastjóra eru, samkvæmt samningum, endurskoðaðir vegna verðlagsbreytinga fjórum sinnum á ári, þ.e. 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember og hefur svo verið um margra ára skeið. Var stefnanda því fullkunnugt um að taxtar vörubifreiða mundu hækka 1. desember 1984.

3. Svo sem getið hefur verið hér að framan og viðurkennt er í greinargerð stefnanda var skýlaust tekið fram í útboðslýsingu að verð í tilboðsskrá skyldu miðuð við verðlag 1. desember 1984, og þar með var breytt hinu almenna verðlagsákvæði í sérskilmálum við útboð verka hjá Vegagerð ríkisins. Var þetta beinlínis gert til þess að koma í veg fyrir verðbótahækkun tilboða áður en þau væru opnuð. Að sjálfsögðu var stefnanda þetta ljóst, og bar honum að geta þess í tilboði sínu ef hann ætlaði sér að gera tilboð á öðrum grundvelli en fyrir var lagður í útboðslýsingu. Þetta gerði stefnandi ekki og hlýtur hann að bera hallann af þessu tómlæti sínu.

4. Við opnun tilboða var það nefnt af Sævari Jónssyni fulltrúa Loftorku s.f. að nýr taxti Landssambands vörubifreiðastjóra væri ekki kominn út. Hvorki hann né aðrir tilboðsgjafar orðuðu þetta frekar og enginn fyrirvari kom fram um það að tilboð væru ekki í samræmi við útboðsgögn vegna þessa. Stefnandi átti þess kost við þetta tækifæri að koma að bókun í fundargerð opnunarfundar um þetta efni. Það gerði hann ekki og hlýtur hann að bera hallann af því tómlæti sínu.

Því er haldið fram í greinargerð stefnanda að Vegagerð ríkisins hefði átt að kalla eftir eða gera athugasemdir á opnunarfundi. Þessu sjónarmiði er eindregið mótmælt. Það hlýtur að vera tilboðsgjafa að gera fyrirvara eða athugasemdir að sínu frumkvæði ef þeir gera ekki tilboð í verk í samræmi við útboðsgögn.

5. Stefnandi skrifaði undir verksamning við Vegagerð ríkisins 21. desember án þess að geta um verðbótakröfu sína. Endanleg samningsverð voru ákveðin eftir ítarlegar viðræður milli samningsaðila, og verður að telja að það hefðu verið eðlileg vinnubrögð af hálfu stefnanda að setja fram verðbótakröfu sína á meðan mál voru á viðræðustigi, eða í síðasta lagi við undirskrift samnings. Þetta gerði hann ekki og mátti Vegagerð ríkisins því treysta því að verið væri að skrifa undir verksamning í samræmi við útboðsgögn."

Stefnandi hefur leitt fyrir dóminn Jóhann Bergþórsson, forstjóra Hagvirkis hf., Gísla Friðjónsson, framkvæmdastjóra Hagvirkis hf., Sævar Jónsson, framkvæmdastjóra Loftorku hf., Herluf Clausen, starfsmann Landssambands vörubifreiðastjóra, og Önnu Birnu Halldórsdóttur, fyrrum starfsmann Vinnuveitendasambands Íslands.

Stefndu hafa leitt fyrir dóminn Helga Hallgrímsson aðstoðarvegamálastjóra, Rögnvald Jónsson yfirverkfræðing, Björn Ólafsson verkfræðing og eftirlitsmann með verkinu „Reykjanesbraut, Reykjavík - Hafnarfjörður, 3. áfangi", Ólaf Þorsteinsson, framkvæmdastjóra fyrirtækisins Völur hf., og Gunnar Inga Birgisson verkfræðing og verktaka.

Fram kom að taxti Landssambands vörubifreiðastjóra er reiknaður út af hagfræðingi Alþýðusambands Íslands út frá ákveðnum verðlagsforsendum á þriggja mánaða fresti. Honum er síðan komið þaðan til Vegagerðar ríkisins og Vinnuveitendasambands Íslands. Hjá Vinnuveitendasambandinu er hann yfirfarinn og samþykktur símleiðis til Landssambands vörubifreiðastjóra sem gefur hann síðan út og dreifir honum. 1. desember 1984 bar upp á laugardag. Samkvæmt framburðum og gögnum málsins lá útreikningurinn fyrir þann 29. nóvember en var ekki yfirfarinn, skv. dskj. 23 og framburðum, fyrr en 3. desember og gefinn út 4. desember. Fyrirsvarsmenn stefnanda og framkvæmdastjóri Loftorku hf., sem einnig bauð í verkið, segjast því ekki hafa miðað við þennan taxta í tilboðum sínum þar sem hann var ekki kominn út þegar tilboð voru opnuð. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins Völur hf. og Gunnar Ingi Birgisson, sem einnig buðu í verkið, segjast aftur á móti hafa reiknað með hækkun vegna taxtans í útboðum sínum. Segjast þeir hafa haft upplýsingar um hækkunina, annar frá Vörubifreiðastöðinni Þrótti, hinn frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Björn Ólafsson verkfræðingur sagði að ljóst væri að athugasemd stefnanda varðandi útreikning verðbóta mundi ekki hafa breytt því að tilboð hans var lægst. Henni hefði því ekki verið meiri gaumur gefinn við samningsgerðina. Hann hefði þó gert sér grein fyrir því að reynst gæti nauðsynlegt að taka afstöðu til hennar síðar. Rögnvaldur Jónsson yfirverkfræðingur sagðist ekki hafa verið á fundi þegar athugasemdin kom fram en Björn hefði skýrt sér frá henni. Hann sagðist aðeins taka afstöðu til tæknilegra þátta verksins

fyrir Vegagerðina. Þessu álitaefni hefði aftur á móti verið vísað til lögfræðings hennar.

Álit dómsins:

Í 30.9 grein sérskilmála við útboð verka hjá Vegagerð ríkisins segir m.a.:

„Verð í tilboðsskrá skulu miðuð við verðlag 3 dögum fyrir opnunardag tilboðs. Verðbreytingar verða reiknaðar á óunninn hluta verks frá þeim tíma, sem viðkomandi verðbreyting verður, en miðað verður við eftirfarandi:

a) Vinnlaun.

11. flokkur eftir eins árs starfsaldur (taxti 150 - 111) sbr. kaupgjaldsskrá Vegagerðar ríkisins.

b) Vinnuvélar.

Taxti Félags vinnuvélaeigenda fyrir jarðýtu D7E (PS) 180 án riftannar (löng vinna).

c) Vörubílar.

Taxti Landssambands vörubifreiðastjóra fyrir bifreið með 10 - 13 tonna hlassþunga.

Í útboðslýsingu verður greint frá öðrum þáttum, sem miðað kann að vera við, og frá vægi einstakra þátta."

Í útboðslýsingu 1.7. segir m.a. um verðlagsákvæði: „Um verðbreytingar fer samkvæmt grein 30.9. í „Sérskilmálum við útboð verka hjá Vegagerð ríkisins" frá mars 1984. Við útreikning verðbreytinga skal miða við eftirfarandi:

1% breyting á 11. flokki eftir eins árs starfsaldur (taxti 150 - 111 sbr. kaupgjaldsskrá Vegagerðar ríkisins) breytir viðkomandi samningsverðum um 0,10%.

1% breyting á taxta Félags vinnuvélaeigenda fyrir jarðýtu D7E (PS) 180 PS, án riftannar, breytir viðkomandi samningsverðum um 0,40%.

1% breyting á taxta Landssambands vörubifreiðatjóra fyrir bifreið með 10 - 13 tonna hlassþunga, breytir viðkomandi samningsverðum um 0,40%.

Verð í tilboðsskrá skulu miðuð við verðlag 1. desember 1984 og gildir því ekki ákvæði um verðlag í grein 30.9. í Sérskilmálum um útboð verka hjá Vegagerð ríkisins."

Aðilar eru sammála um að útboðslýsinguna á að skilja svo að miða hafi átt við verðlag 1. desember 1984. Hér er augljóslega átt við allt verðlag. Skilja verður útboðsskilmálana svo að ákveðnar verðbreytingar, og þær einar, eigi síðan að valda því að heildarsamningsverð breytist frá verðlagi 1. desember 1984 á nánar tilgreindan hátt. Af framburðum fyrirsvarsmanna stefnanda og málflutningi kemur greinilega fram að þeim var ljóst að miða átti við verðlag 1. desember 1984; þannig reyndu þeir að fá uppgefið hver mundi verða breyting á taxta Landssambands vörubifreiðastjóra. Forstjóri

stefnanda hefur borið hér fyrir dómi, að honum hafi verið ljóst að taxtinn mundi hækka enda höfðu reikningsviðmiðanir taxtans hækkað. Af framburðum fyrirsvarsmanna stefnanda og málflutningi sést einnig að þeim var ljóst að nýr og hærri taxti mundi fá gildi frá 1. desember 1984 þótt hann væri ekki kominn út.

Þar sem fyrirsvarsmenn stefnanda vissu að miða átti við verðlag 1. desember 1984, en töldu sig ekki geta fengið allar upplýsingar um það, gátu þeir gert fyrirvara í tilboði sínu um verðlagsforsendur eða látið þess getið við opnun tilboða. Þar sem þeir gerðu það ekki gátu þeir ekki búist við að fá hækkun á samningsverð miðað við taxtahækkun Landssambands vörubifreiðatjóra 1. desember 1984, því þeir áttu að taka tillit til hennar í tilboðsfjárhæðinni.

Gegn mótmælum fyrirsvarsmanna stefndu hefur stefnandi ekki sannað að þeir hafi síðar fallist á verðbótaútreikning hans, enda eru reikningar hans þegar frá upphafi greiddir með fyrirvara.

Þar sem stefnandi hefur þannig ekki sýnt fram á réttmæti kröfu sinnar ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, samgöngumálaráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu sýknir af öllum kröfum stefnda (sic), Hagvirkis hf., í málinu. Hver aðila skal bera sinn kostnað af málinu.

Miðvikudaginn 20. janúar 1988.

Nr. 20/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Jóhann Pétursson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru á dómþingi sakadóms Vestmannaeyja 15. þ.m. og verður að skýra kæruna svo, að í henni felist krafa um, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Gögn málsins frá sakadómi Vestmannaeyja bárust Hæstarétti 18. þ.m.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Vestmannaeyja 15. janúar 1988.

Þann 12. janúar sl. kærði X Jens Karl Magnús Jóhannesson kt. 200165-5699, Ásavegi 30, kjallara, Vestmannaeyjum fyrir að hafa með ofbeldi þröngvað henni til holdlegs samræðis aðfaranótt 8. janúar sl.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu þann 13. janúar sl., svo og fyrir dómi þann 14. janúar sl., hefur kærði játað að hafa beitt X líkamlegu ofbeldi og þannig haft við hana samfarir. Er framburður kærða og X að mestu leyti samhljóða, en þó greinir þau á í nokkrum atriðum.

Af skjölum málsins má ráða að eftir er að yfirheyra allmarga aðila sem gætu gefið upplýsingar sem varpað gætu ljósi á málið.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka meint brot Jens Karls Magnúsar Jóhannessonar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. sérstaklega 194. gr. þeirra laga.

Gætu meintar sakir Jens, ef sannaðar þættu, varðað Jens fangelsisrefsingu. Eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Eins og fram kemur í greinargerð lögreglu svo og ráða má af skjölum málsins, þá er m.a. eftir að yfirheyra allmörg vitni sem sum hver eru líkleg til að skýra staðreyndir málsins.

Þá er einnig að nokkurs ósamræmis gætir í framburði kærða og X, sem frekari rannsókn er líkleg til að varpa skýrara ljósi á.

Með vísan til alls ofanritaðs, framlagðra skjala og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglunnar í Vestmannaeyjum og gera Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn sem allt til kl. 15:00 mánudaginn 25. janúar 1988.

Úrskurðarorð:

Jens Karl Magnús Jóhannesson, kt. 200165-5699, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15:00 mánudaginn 25. janúar 1988.

Miðvikudaginn 20. janúar 1988.

Nr. 9/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Hauki Gíslasyni

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru dagsettri 6. janúar 1988, sem barst réttinum 7. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðila var í dag á dómþingi sakadóms Garðakaupstaðar kynnt kæra ríkissaksóknara. Krafðist varnaraðili þess, að hin kærða dómsátt verði staðfest.

Hinn 13. september 1987 var varnaraðili handtekinn vegna gruns um ölvunarakstur. Reyndist vínandamagn í blóði hans 1,53‰. Hinn 2. nóvember sama ár samþykkti varnaraðili í sakadómi Garðakaupstaðar að greiða 18.000,00 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot þetta og að sæta ökuleyfissviptingu í 6 mánuði frá þeim degi að telja. Var brot varnaraðila heimfært í dómsáttinni undir 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira ber að heimfæra það brot undir 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga skal réttindasvipting vegna slíks brots eigi vera skemmri en 1 ár. Framangreind málalok um ökuleyfissviptingu voru því óheimil að lögum, og ber að fella hina kærðu dómsátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt sakadóms Garðakaupstaðar 2. nóvember 1987.

Ár 1987, mánudaginn 2. nóvember, var sakadómur Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar/Seltjarnarness/Kjósarsýslu (sic) settur á skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, og haldinn af Þuríði Halldórsdóttur fltr. með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Sakadómsmálið nr. G-2668/1987. Meint ölvun við akstur bifreiðar G 24580.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1 sem fylgja.

Kl. 10.00 mætir kærði í réttinum. Nafn: Haukur Gíslason. Stétt eða atvinna: Nemi. Heimili: Lindarflöt 12, Garðakaupstað. Fæðingardagur: 23.9. 1968. Fæðingarstaður: Reykjavík.

Kærða er kunnugt sakarefnið og jafnframt er gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Áminntur um sannsögli skýrir kærði svo frá atvikum:

Kærði viðurkennir brot sitt samkvæmt framlögðum gögnum.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því að í blóðsýni því, sem honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,53‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 og með vísun til 80. gr. umferðarlaga býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann greiði kr. 18.000,00 í sekt til ríkissjóðs, kr. 2.480,00 í málskostnað og sæti jafnframt sviptingu ökuréttinda í 6 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 1. jan. 1988, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Málskostnaðurinn greiðist fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin tekur nú þegar gildi og gildir til 2. maí 1988.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 167/1987. **Þrotabú Stálfélagsins hf.**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Gunnari Þór Þórhallssyni
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Frestdagur. Skuldaröð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1987. Hann krefst þess að dæmt verði að launakrafa sú er málið snýst um ásamt vöxtum, skuli teljast almenn krafa í þrotabú áfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Það athugast að í málinu er deilt um röðun í skuldaröð á launakröfu, er féll á fyrir 23. nóvember 1984, en eigi á tímabilinu 23. nóvember 1984 til 14. júlí 1985 eins og segir í niðurlagi II. kafla hins áfrýjaða úrskurðar.

Samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum nr. 25/1929 töldust gjaldþrotaskipti byrjuð þegar skiptaráðandi fékk í hendur beiðni skuldunauts um þau eða, krefðist lánardrottinn skipta, við uppkvaðningu úrskurðar.

Lög nr. 6/1978 leystu lög nr. 25/1929 af hólmi. Í 78. gr. þeirra laga segir að um skuldaröð við gjaldþrotaskipti gildi ákvæði 8. kapítula skiptalaga nr. 3/1878 sbr. lög nr. 32/1974, sbr. einnig nú l. nr. 23/1979.

Í máli þessu er um það deilt hvort fresti skv. 1. og 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 eins og þeim var breytt með lögum nr. 32/1974 sbr. lög nr. 23/1979 skuli reiknast frá úrskurðardegi um töku bús til gjaldþrotaskipta, sem hér var 23. maí 1986, eða svokölluðum frestdegi, sem aðilar eru sammála um að verið hafi 14. janúar 1986.

Í 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 segir að frestir miðist við andlát. Óumdeilt er, að þetta var skýrt svo í gildistíð laga nr. 25/1929 með lögjöfnun, að frestir voru miðaðir við upphaf gjaldþrotaskipta.

Með hinum nýju gjaldþrotalögum nr. 6/1978 var manni, sem átti í verulegum fjárhagsörðugleikum, heimilað nýtt réttarfarsúrræði, greiðslustöðvun, sem hefur þegar gjaldþrotaskipti fylgja í kjölfarið að miklu leyti sömu réttaráhrif og gjaldþrotaskipti. Greiðslustöðvun varnar því að kröfuhafi geti leitað fullnustu í eigum skuldara. Þá voru ýmsar réttarverkanir, sem áður tengdust upphafi gjaldþrotaskipta, látnar tengjast upphafi greiðslustöðvunar. Lögleitt var nýtt hugtak, frestdagur, sem skv. 1. tl. 1. gr. l. 6/1978 merkir daginn þegar skiptaráðandi fær ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti. Þá getur hann merkt dánardægur skuldara og daginn sem skiptaráðandi kveður upp úrskurð um að hann skuli fara með skipti vegna félagsslita o. fl. Ef fleiri dagar en einn geta verið frestdagar skal hinn fyrsti þeirra vera það.

Frestdagur við gjaldþrotaskipti þau, sem um getur í málinu, var við upphaf greiðslustöðvunar. Telja verður að með nýju gjaldþrotalögunum hafi hugtakið upphaf skipta verið brotið upp og nýjar viðmiðanir að hluta til verið lögleiddar. Rétt þykir að skýra ákvæði

84. gr. laga nr. 3/1878 með tilliti til þessa og miða fresti 1. tl. og 6. tl. greinarinnar við frestdag 14. janúar 1986. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til um annað en málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir eiga að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 80.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, þrotabú Stálfélagsins hf., greiði stefnda, Gunnari Þór Þórhallssyni, 80.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 28. ágúst 1987.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 19. mars sl., hefur Gunnar Þ. Þórhallsson, 3398-9903, Álfhólsvegi 20 a, Kópavogi, höfðað hinn 18. mars 1986 gegn þrotabúi Stálfélagsins hf., 8328-8361.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru þær að viðurkennd verði, auk þess sem þegar er viðurkennt, sem forgangskrafa skv. 84. gr. l. nr. 3/1878 laun og annað endurgjald fyrir vinnu kr. 123.161,00 auk eftirgreindra ársvaxta: 19% af kr. 53.923,00 frá 1.5. 1984 til 1.6. sama ár, af kr. 90.733,00 frá þeim degi til 1.7. sama ár, af kr. 100.543,00 frá þeim degi til 1.8. sama ár, af kr. 129.853,00 frá þeim degi til 1.9. sama ár, af kr. 149.262,00 frá þeim degi til 1.10. sama ár, af kr. 121.687,00 frá þeim degi til 1.11. sama ár, og af kr. 120.061,00 frá þeim degi til 1. desember sama ár og af kr. 123.161,00 frá þeim degi til 1.1. 1985, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2. 1985, en 45% ársvöxtum af kr. 121.161,00 frá þeim degi til 1.3. sama ár, en 48% ársvöxtum af kr. 116.561,00 frá þeim degi til 1. júní sama ár, en 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, en 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1987, en 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Tekið er fram að hluti af höfuðstólskröfu kr. 24.823,00 sé orlofsfé 10,17% fyrir tímabilið frá og með apríl 1984 til og með nóvember sama ár, en eftirstöðvarnar sé hrein launakrafa.

Af hálfu varnaraðila er krafist sýknu af öllum kröfum sóknaraðila og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Ágreiningslaust er með aðilum að reiknist frestur skv. 1. og 3. tl. og eða 6. tl. 84. gr. l. 3/1878 frá frestdegi 14. janúar 1986, njóti launa- og orlofskrafa sóknaraðila og vextir til úrskurðardags 23. maí 1986 forgangsréttar en falli utan forgangsréttar ef umræddur frestur reiknast frá úrskurðardegi.

II.

Sóknaraðili, Gunnar Þ. Þórhallsson, starfaði hjá Stálfélaginu hf. frá apríl 1984 til maíloka 1985.

Stálfélagið hf. beiddist greiðslustöðvunar hinn 14. janúar 1986 og var veitt hún með úrskurði uppkveðnum 15. sama mánaðar.

Bú Stálfélagsins hf. var síðan tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 23. maí 1985. Samkvæmt 78. gr. gjaldþrotalaga 6/1978 gilda um gjaldþrotaskipti ákvæði 8. kapítula (þ.e. 82.-87. gr.) skiptalaga nr. 3/1878 sbr. lög nr. 32/1974 og l. nr. 23/1979, en samkvæmt 1. tölulið 84. gr. skiptalaga njóta forgangsréttar „kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir andlátið".

Mál það sem hér er til úrlausnar snýst um það eitt hvort hér skuli reikna 18 mánaða frestinn aftur frá óumdeildum frestdegi 14. janúar 1986 eða frá úrskurðardegi 23. maí sama ár.

Kröfufjárhæðinni var veitt dómsviðurkenning með dómi á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 15. október 1985 og óumdeilt er að hún sé að öllu leyti af þeirri tegund krafna sem lýst er í 1. tölulið 84. gr. skiptalaga. Það er þannig um ágreining um forgangsrétt launa sóknaraðila er féllu í gjalddaga á tímabilinu frá 23. nóvember 1984 til 14. júlí 1985 sem mál þetta snýst.

III.

Í greinargerð sóknaraðila segir m.a.:

„Þegar skiptaráðandi ákveður að skera í sundur launakröfu umbj. míns í þrotabú máls þessa í annars vegar forgangskröfu í búið og hins vegar almenna kröfu, sjá rskj. nr. 8, kröfulýsingaskrá, dags. 22. september 1986, byggir hann þá skoðun sína og aðgerð á skiptalögum nr. 3/1878, 84. gr. 1. tl. sbr. 6. tl., eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 23 frá 1979.

Í töluliðnum er veittur forgangur í bú fyrir launum sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðina fyrir „andlátið", en í 6. töluliðnum er þetta tímabil lengt aftur í tímann, ef mál hefur verið höfðað til heimtu launa innan 18 mánaða frá gjalddaga og dómur gengið í því á síðustu sex mánuðum „fyrir upphaf skipta" eða síðar. Skiptaráðandi túlkar síðan þessa töluliði svo, að forgangur er veittur launum umbj. míns 18 mánuði aftur í tímann frá 23/5 86 til 23/11 84 ..., í stað þess að ég tel umbj. minn

eiga að hljóta forgang fyrir launakröfum a.m.k. frá 14. jan. 1986 aftur til 14. júlí 1984 skv. 1. tl. 84. gr. skiptalaga, en ennþá lengur skv. 6. tl. 84. gr. s. laga. En eins og fyrr sagði vann umbj. minn hjá þrotamanni frá apríl 84 til maí 85.

... Í nefndum 1. tölul. 84. gr. er miðað við „andlát", en það hugtak var ávallt talið jafngilda gjaldþroti skv. eldri gjaldþrotalögum frá 1929, og hlýtur fyrir sömu lögjöfnun að jafngilda greiðslustöðvun skv. nýju gjaldþrotalögunum nr. 6/1978. Í 1. kafla 1. gr. 1.-4. tl. þeirra laga er enda skilgreining hugtaksins „frestdagur", m.a. á þá leið í b-lið 1. töluliðs að „andlát skuldara" sé „frestdagur". Einfaldast er því að benda á þau lagarök, að réttur umbj. míns byggir á 1. tölulið 84. gr. skiptalaga, þ.e. hann á forgangskröfu a.m.k. vegna launa í 18 mánuði fyrir frestdag (með öðrum orðum fyrir andlát), og 6. tölul. sömu greinar má ekki minnka þann rétt. Ég minni einnig á lokaorð 1. gr. 1. tl. gjaldþrotalaga að ef frestdagur getur verið fleiri en einn skuli sá fyrsti þeirra vera það, svo og 4. tl. 1. gr. s. laga, að frestdagur skuli vera þegar gjaldþrotakrafa kemur fram, sjá beiðni mína á rskj. nr. 3.

Í annan stað tel ég að orðalagið „upphaf skipta" í 6. tl. 84. gr. skiptalaga hljóti að jafngilda hugtakinu frestdegi í nýju gjaldþrotalögunum nr. 6 frá 1978. Í þeim lögum virðist ekki notað hugtakið „upphaf skipta", heldur frekar „uppsaga gjaldþrotaúrskurðar" sem er einn af og síðasti möguleiki að telja til frestdaga, sjá 1. gr. 1. tl. a-c. Ég tel að allur andi og fjölmargar greinar gjaldþrotalaganna styðji þá skoðun, að orðalagið „upphaf skipta" þýði frestdag, en sérstaklega bendi ég á VIII. kafla laganna, sem miðar ýmsa réttarstöðu og/eða forgang kröfuhafa í þrotabú við frestdag en ekki uppsögudag gjaldþrotaúrskurðar.

Spyrja má af hverju þessi munur er á hugtökum í 1. og 6. tölulið 84. gr. laga nr. 3/1878 og þar af leiðandi árekstri við gjaldþrotalög nr. 6/1978. Gjaldþrotalögin eru gerð í samráði við norræna löggjöf og þá helst að fyrirmynd dönsku laganna um gjaldþrot. Þau lög nr. 298 frá 1977 fjalla í X. kafla um skuldaröð í þrotabúum en íslensku lögin hafa X. kaflann aðeins eina grein, sem vitnar í skuldaröð skv. gömlu skiptalögunum nr. 3/1978 sbr. lög nr. 32/1974 og síðar lög nr. 23/1979. Ef til vill er þetta skýringin.

Þess verður að geta í því sambandi að fyrrnefnd dönsku gjaldþrotalögin segja beinum orðum í 95. gr. að forgangsréttartími launakröfu gildi aftur í tímann frá frestdeginum, rétt eins og ég er að reyna að rökstyðja hér.

Loks má benda á það, að umbj. m. heldur eðlilega fram sínu máli, svo sem löggjafinn ætlast til, en þrátt fyrir árangurslausa fjárnámsgerð og gjaldþrotakröfu af hans hálfu er honum gert óframkvæmanlegt að halda málinu fram vegna ákvörðunar skiptaráðanda um greiðslustöðvun, og ef

umbj. minn hefði verið svo heppinn eða ég svo latur að dómur í máli hans hefði ekki verið upp kveðinn fyrr en í des. 1985 í stað okt. 85, þá hefði öll hans launakrafa notið forgangs. Þetta sýnir enn að niðurstaða skiptaráðanda, sbr. rskj. nr. 6 og 8 er röng og andstæð vilja og anda laga og löggjafa."

Í greinargerð varnaraðila, þrotabús Stálfélagsins hf., segir m.a.:

„Sýknukrafa varnaraðila er byggð á þeirri fortakslausu réttarreglu 1. tl. 84. gr. l. nr. 3/1878, sbr. 1. gr. l. nr. 23/1979 um breytingu á þeim lögum, að undir hana falla einungis laun, sem fallið hafa í gjalddaga síðustu 18 mánuðina fyrir upphaf skipta. Bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 23. maí 1986. Laun, sem féllu í gjalddaga fyrir 23. nóvember 1984, flokkast því sem almenn krafa og á það við um réttarkröfu sóknaraðila. Ákvæði 6. tl. 84. gr. sömu laga kemur sóknaraðila eigi til góða, þar sem tímamörk miðast þar einnig við upphaf skipta og dómur um kröfu sóknaraðila gekk 15. október 1985 og því eigi á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf skipta ..."

Álit réttarins.

Samkvæmt gjaldþrotaskiptalögunum nr. 25/1929 töldust gjaldþrotaskipti byrjuð þegar skiptaráðandi fékk í hendur beiðni skuldunauts eða, ef lánardrottinn krafðist skipta, við uppkvaðningu úrskurðar.

Með hinum nýju gjaldþrotalögum nr. 6/1978 var komið á þeirri nýskipan að þrotamanni sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum er heimilað nýtt réttarfarsúrræði, greiðslustöðvun, sem hefur þegar gjaldþrotaskipti fylgja í kjölfarið að miklu leyti sömu réttaráhrif og gjaldþrotaskipti. Hún varnar því t.d. að kröfuhafi geti leitað fullnustu í eigum skuldara. Því voru ýmsar réttarverkanir er áður tengdust upphafi gjaldþrotaskiptameðferðar (móttökudegi beiðni skuldara, uppkvaðningardegi úrskurðar að kröfu kröfuhafa) nú látnar tengjast upphafi greiðslustöðvunar og það tímamark nefnt frestdagur. Þessi ráðstöfun, að láta fresti er áður miðuðust við upphaf gjaldþrotaskipta miðast við upphaf greiðslustöðvunar, styðst við augljós efnisrök, og er raunar óhjákvæmilega nauðsynleg m.a. til þess að riftunarreglur gjaldþrotaskiptalaga nái tilgangi sínum. Ekki hefði verið rökrétt að láta það nægja að lengja frestina því greiðslustöðvun getur staðið mjög mislengi.

Hin sömu rök og liggja að baki þeirri skipan að riftunarfrestir miðist við upphaf greiðslustöðvunar, frestdag, eiga við um frest þann varðandi forgangsrétt launakröfu er mál þetta snýst um. Greiðslustöðvunin varnar launþeganum, kröfuhafanum, sjálfstæðrar innheimtu kröfunnar með sama hætti og gjaldþrotaskipti, og þó því fremur að kröfuhafinn getur ekki lýst kröfunni og fengið úthlutun af eignum búsins meðan greiðslustöðvun

stendur. Ef miða ætti við móttöku gjaldþrotaskiptabeiðni skuldara eða úrskurðardag, gæti skuldari beinlínis haft áhrif á röðun krafna í skuldaröð og þannig valdið mismunun á kröfuhöfum með því að neyta heimildar til að fá greiðslustöðvun þegar gjaldþrotaskiptakrafa er komin fram eða yfirvofandi og draga þannig upphaf hinnar eiginlegu gjaldþrotameðferðar á langinn.

Af hálfu varnaraðila er á það bent að í 30. gr. laga nr. 6/1978 er kveðið svo á að eignum þrotabús skuli varið til að greiða þeim sem kröfur áttu á þrotamann þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús hans til gjaldþrotaskipta og þeim sem síðar eignast kröfur á búið með lögmætum hætti. Á það er að líta að þótt tímamark það sem þarna er miðað við sé taka bús til gjaldþrotaskipta en ekki frestdagur, þá veikir þetta ákvæði að engu leyti það sem að framan er rakið. Skal þetta nánar skýrt.

Samkvæmt 8. gr. gjaldþrotalaga má skuldari ekki, eftir upphaf greiðslustöðvunar, stofna til verulegra skuldbindinga umfram það sem þarf til að halda áfram starfsemi sinni og gæta hagsmuna lánardrottna og afstýra verulegu tjóni. Þarna er um hliðstæðar ráðstafanir og skuldbindingar að tefla og um er fjallað í niðurlagi 30. greinar gjaldþrotalaga (kröfur er stofnast með lögmætum hætti eftir töku bús til gjaldþrotaskipta). Það veldur því ekki ósamræmi að þarna er miðað við gjaldþrotabeiðni eða úrskurðardag en ekki upphaf greiðslustöðvunar, frestdag.

Loks skal að því vikið hvort haldbær lagarök standi í vegi þeirrar túlkunar orðsins „andlátið" í 1. tl. 84. gr. skiptalaga og orðanna „upphaf skipta" í 3. og 6. tl. sömu lagagreinar, eins og henni var breytt með lögum nr. 32/1974 og 23/1979, að þau merki frestdag í skilningi 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Samkvæmt ákvæðum 8. kapítula B, um niðurröðun skuldara, í skiptalögum nr. 3 frá 1878, eins og þau voru þar til kaflanum var breytt með lögum nr. 32/1974, nutu launakröfur fyrir síðasta árið forgangsréttar og var þá miðað við andlát vinnuveitandans. Reglur skiptalaganna um skuldaröðina giltu einnig um gjaldþrotaskipti eftir lögunum nr. 25/1929.

Áttunda kapítula B í skiptalögum nr. 3/1878 var breytt með lögunum nr. 32/1974 í það horf sem nú er varðandi forgangsrétt launakrafna, að öðru leyti en því að fresturinn sem skv. breytingarlögunum nr. 32/1974 var 6 mánuðir var lengdur í 18 mánuði með l. nr. 23/1979.

Ekki olli ágreiningi að hugtakið „fyrir andlátið" í breytingarlögunum nr. 32/1974 merkti móttökudag beiðni skuldara eða úrskurðardag um gjaldþrotaskiptabeiðni kröfuhafa við röðun launakrafna í skuldaröð í þrotabúum, enda miðuðust frestir þeir sem hér um ræðir í öllum tilvikum við það tímamark, þ.e. upphaf gjaldþrotaskipta. Orðin „fyrir andlátið" í 84. gr. skl. merkti sem sagt að allra mati upphaf skipta frá því l. nr.

32/1974 tóku gildi og þar til l. nr. 6/1978 leystu l. nr. 25/1929 af hólmi. Það sem gerðist síðan þegar nýju gjaldþrotalögin tóku gildi var einfaldlega það að hugtakið „upphaf skipta" var brotið upp og miðaðist ekki lengur eingöngu við upphaf hinna eiginlegu gjaldþrotaskipta heldur voru tilteknar réttarverkanir þess færðar fram og látnar tengjast upphafsaðgerðum samkvæmt hinu nýja réttarfarsúrræði, greiðslustöðvuninni, og nýtt hugtak innleitt, frestdagur, sem ýmist merkir upphaf greiðslustöðvunar, þ.e. upphaf gjaldþrotaskipta í hinni rýmri merkingu eða upphaf hinna eiginlegu gjaldþrotaskipta.

Að þessu athuguðu verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 80.000,00.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist umfram venju, bæði vegna óvenjulegra embættisanna og vegna þess að við lok hugleiðinga sinna um málsefnið sannfærðist dómarinn um að við ætti að láta skriflegar forsendur fylgja úrskurðinum, þótt þeirra væri eigi krafist, en þá fór í hönd dymbilvika og páskahátíð.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Dómkröfur sóknaraðila, Gunnars Þ. Þórhallssonar, á hendur varnaraðila, þrotabúi Stálfélagsins hf., eru teknar til greina sem hér segir: Viðurkennd er, auk þess sem þegar er viðurkennt, sem forgangskrafa skv. 84. gr. l. nr. 3/1878 sem laun og annað endurgjald fyrir vinnu kr. 123.161,00 auk eftirgreindra ársvaxta: 19% af kr. 53.923,00 frá 1.5. 1984 til 1.6. sama ár, af kr. 90.733,00 frá þeim degi til 1.7. sama ár, af kr. 100.543,00 frá þeim degi til 1.8. sama ár, af kr. 129.853,00 frá þeim degi til 1.9. sama ár, af kr. 149.262,00 frá þeim degi til 1.10. sama ár, af kr. 121.687,00 frá þeim degi til 1.11. sama ár og af kr. 120.061,00 frá þeim degi til 1. desember sama ár og af kr. 123.161,00 frá þeim degi til 1.1. 1985, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2. 1985, en 45% ársvöxtum af kr. 121.161,00 frá þeim degi til 1.3. sama ár, en 48% ársvöxtum af kr. 116.561,00 frá þeim degi til 1. júní sama ár, en 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, en 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 23.5. 1986 og sem eftirstæð krafa 27% ársvextir af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.3. 1987, en 30% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags og kr. 80.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 257/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Inga Daðasyni
(Páll A. Pálsson hrl.)

Fjársvik. Sýknað af ákæru um fjárdrátt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1987. Málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds og þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans þyngd. Héraðsdómur var birtur ákærða á Fáskrúðsfirði 19. maí 1987.

Eigi er í ljós leitt, hvað varð um málningarsprautukönnu, sem I. ákæruþáttur fjallar um. Ákærði stóð að vísu ekki skil á henni. Það kann að stafa af orsökum, sem ákærða verður ekki gefin refsiverð sök á. Þykir ekki sannað, að hann hafi selt vélina eða fénýtt sér hana. Ber því að sýkna ákærða af þessum lið ákærunnar.

Svo sem efnum ákærða var háttað, gat honum ekki dulist að hann gæti ekki greitt leigugjald til bílaleigu Árna Gíslasonar. Ber að staðfesta héraðsdóminn um II. ákæruþátt að því er sakfellingu varðar og færslu til refsiákvæða.

Með vísun til þess er í forsendum héraðsdóms greinir um sjónarmið varðandi refsingu þykir hún hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Ingi Daðason, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1985.

Ár 1985, mánudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 771/1985: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Inga Daðasyni, sem tekið var til dóms 27. þessa mánaðar.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 19. desember 1984 á hendur ákærða Kristjáni Inga Daðasyni, Stórateigi 9 í Mosfellssveit, fæddum 6. nóvember 1945 á Ísafirði.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir eftirgreind auðgunarbrot:

I. Fjárdráttur.

Dregið sér andvirði málningarsprautukönnu að verðmæti kr. 5.226,00, sem ákærði hafði þann 13. mars tekið á leigu hjá Hilti-umboðinu, Skeifunni 3, Reykjavík, en ekki skilað.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Fjársvik.

Þann 8. júní 1984 tekið á leigu bifreiðina R-65103 hjá bifreiðaleigu Árna Gíslasonar hf., Tangarhöfða 8 - 12, Reykjavík og síðan haft bifreiðina undir höndum í 35 daga og ekið samtals 2349 km án þess að eiga í upphafi fé fyrir leigugjaldinu né réttmætrar ástæðu til að ætla að hann ætti það fé við lok notkunartímans, og þá skilið við bifreiðina á Réttarholtsvegi í Reykjavík án vitundar leigusala og nam þá áfallið leigugjald kr. 44.505,00.

Telst þetta varða við 248. gr. en til vara við 261. gr., sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

Hinn 12., en ekki 13. mars 1983 eins og stendur í ákæru málsins tók ákærði Kristján Ingi Daðason á leigu rafmagnsmálningarsprautukönnu hjá Hilti-umboðinu sf. í Skeifunni 3 í Reykjavík. Ákærði skilaði ekki könnunni og hefur ekki enn gert það, en hinn 10. maí 1984 var málið kært til Rannsóknarlögreglu ríksins. Mætti ákærði hjá henni 25. september 1984 og

kannaðist við að hafa tekið könnuna á leigu, en hann vissi ekki hvað hefði orðið af henni og því gæti hann ekki skilað henni. Lofaði ákærði að greiða könnuna ef fram kæmi sanngjörn bótakrafa. Hún barst Rannsóknarlögreglunni 27. september 1984, og var gerð krafa um 5.226 krónur í bætur fyrir könnuna og 2.899 krónur í innheimutkostnað frá lögfræðingi. Var ákærða kynnt krafan hjá Rannsóknarlögreglunni 8. nóvember 1984 og lofaði hann þá að hafa samband við kæranda málsins og greiða kröfuna svo fljótt sem hann gæti, en ekki hafði ákærði peninga til að greiða kröfuna strax. Hann hafði ekki greitt kröfuna þegar hann kom fyrir dóminn vegna meðferðar málsins hinn 5. júní sl., en þá upplýsti ákærði að hann hefði tilkynnt eiganda könnunnar um miðjan apríl 1983 að hann hefði týnt könnunni. Kvaðst ákærði ekki hafa getað greitt bætur fyrir könnuna vegna veikinda. Með yfirlýsingu dagsettri 27. þessa mánaðar hefur kærandinn upplýst að hann hafi náð samkomulagi vegna kröfunnar við ákærða og sé málið að því leyti fullfrágengið.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum kafla ákærunnar og þar er rétt færð til refsiákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 skiptir hin ranga dagsetning ekki máli um sök ákærða.

II.

Hinn 8. júní 1984 tók ákærði fólksbifreiðina R-65103 á leigu hjá bílaleigu Árna Gíslasonar hf. að Tangarhöfða 8 - 12 í Reykjavík. Samkvæmt leigusamningi, sem gerður var, tók ákærði bifreiðina upphaflega á leigu til þriggja daga. Um leið greiddi ákærði í geymslufé 3.000 krónur. Ákærði skilaði ekki bifreiðinni eftir þrjá daga, heldur hafði hana í 35 daga, en þá fannst bifreiðin yfirgefin á Réttarholtsvegi í Reykjavík þar sem ákærði hafði skilið hana eftir án þess að láta leigusalann vita. Samkvæmt upplýsingum bílaleigunnar hafði bifreiðinni þá verið ekið 2.349 km og var með ónýtt dekk, slöngu og aurhlífar, svo og brotið stefnuljós.

Af hálfu bílaleigunnar var ákærði kærður til Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 20. júlí 1984 vegna svika í sambandi við leigutöku bifreiðarinnar.

Í kærunni, sem dr. Gunnlaugur Þórðarson hæstaréttarlögmaður ritaði fyrir hennar hönd, segir meðal annars að ákærði hafi gefið upp heimilisfangið Vesturgötu 78 í Reykjavík, sem sé ekki til, þegar hann tók bifreiðina á leigu.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið áðurgreinda bifreið á leigu eins og að framan greinir. Kveðst ákærði síðar hafa látið í ljós ósk um framlengingu samningsins um óákveðinn tíma með símtali.

Ákærði gefur þá skýringu á heimilisfanginu Vesturgötu 78 að hann hafi búið að Vesturbergi 78 þegar ökuskírteini hans var gefið út og hann fram-

vísað því við gerð leigusamningsins og ekki athugað að á ökuskírteininu var hið ranga heimilisfang.

Ákærði staðfestir að það kunni að vera rétt að bifreiðinni hafi verið ekið 2.349 km þar til hún komst aftur í hendur leigusala.

Ákærði kveðst hafa átt peninga til að greiða með leigu fyrir bifreiðina þegar hann tók hana á leigu. Kveðst hann þá hafa átt 30.000 krónur.

Ákærði hafði verið til meðferðar vegna áfengisvandamáls þegar hann tók bifreiðina á leigu, en var að byrja að vinna á ný. Fór verulegur hluti af peningunum í ýmsan kostnað sem ákærði hafði af því að vera að hefja störf á ný sem málningarverktaki.

Ákærði var með verk í Keflavík en bjó í Reykjavík og ók á milli kvölds og morgna. Hann gat ekki lokið verkinu sem var utanhúss vegna veðurs og fékk því ekki greiðslu að fullu vegna verksins, heldur innáborganir sem fóru í ýmsar greiðslur. Af þessum sökum átti ákærði ekki nægjanlegt fé til að gera upp að fullu leigugjaldið og dró því að skila bifreiðinni, en hafði af og til, að eigin sögn, samband við bílaleiguna og gerði henni grein fyrir aðstæðum sínum. Fyrst kveðst ákærði hafa talað við eigandann en síðan við afgreiðslu bílaleigunnar.

Ákærði skildi bifreiðina eftir á Réttarholtsvegi í Reykjavík að kvöldi 12. júlí 1984 vegna bensínleysis. Næsta morgun var bifreiðin horfin. Ákærði taldi að bílaleigan hefði tekið bifreiðina en kannaði það ekkert frekar. Kunni ákærði ekki við að hafa samband við bílaleiguna þar sem hann gat ekki greitt henni.

Ákærði kveðst hafa verið úrskurðaður gjaldþrota snemma á árinu 1984.

Ákærði kveðst ekki hafa hugsað út í hvort honum væri heimilt að taka á sig fjárskuldbindingar með gerð leigusamningsins þrátt fyrir gjaldþrotið. Telur ákærði að eigandi bílaleigunnar hafi vitað um gjaldþrotið.

Ákærði telur, að lýstar kröfur í bú sitt hafi vorið 1984 numið um 400.000 krónum, og hafi hann á síðastliðnu sumri greitt niður um helming af kröfunum. Hann veit ekki um lyktir gjaldþrotamálsins.

Ákærði kveðst hafa eignast 30.000 krónurnar, sem áður greinir með sölu á verkfærum sem hann hafði átt þegar hann fór í meðferð og vegna útistandandi vinnulauna sem honum voru greidd. Var helmingur hvort um sig. Ákærði hugsaði ekkert út í það þegar hann veitti þessum peningum viðtöku hvort hann sem gjaldþrota maður mætti ráðstafa þeim.

Ákærði átti ekki neina peninga til að greiða áfallið leigugjald vegna bifreiðarinnar að frádregnu geymslufé eða 41.505 krónur þegar hann kom fyrir dóminn 5. júní sl.

Vitnið María Árnadóttir, gjaldkeri hjá bifreiðaleigunni, til heimilis að Jakaseli 32 í Reykjavík, gerði leigusamninginn við ákærða og hefur staðfest það við meðferð málsins.

Vitnið minntist þess ekki að ákærði hefði rætt við það vegna dráttar á að skila bifreiðinni og veit ekki hvort hann ræddi við aðra í fyrirtækinu um það efni.

Vitnið segir að það hafi verið ákærði sjálfur sem gaf upp heimilisfangið Vesturgötu 78, en annað heimilisfang hafi staðið á ökuskírteininu.

Vitninu var bent á framburð ákærða varðandi heimilisfangið. Vitnið tekur fram að það sé regla að spyrja leigutaka um heimilisfang, þar sem það kunni að hafa breyst frá útgáfu ökuskírteinisins.

Vitnið Árni Vernharður Gíslason, forstjóri og aðaleigandi bílaleigunnar, segir að ákærði hafi haft samband við það símleiðis þegar hann hafði haft bifreiðina á leigu í ca. 10 daga og sagt vitninu frá því að hann myndi skila bifreiðinni eftir 2 - 3 daga. Var þetta það fyrsta, sem ákærði hafði samband við bílaleiguna eftir að hann tók bifreiðina á leigu. Vitnið veit til þess að ákærði hafði einu sinni eftir þetta samband við starfsmann bílaleigunnar og skýrði frá því að hann myndi skila bifreiðinni fljótlega. Eftir þetta hefur enginn hjá bílaleigunni heyrt frá ákærða.

Vitnið segir að eftir 17 - 20 daga frá upphafi leigusamningsins hafi starfsmenn fyrirtækisins gert margar tilraunir til að hafa uppi á bifreiðinni og ákærða, en án árangurs.

Samkvæmt upplýsingum frá skiptarétti Reykjavíkur var bú ákærða tekið til gjaldþrotaskipta 13. september 1983. Hinn 14. febrúar 1984 lauk skiptum og var hrein eign til skipta 635 krónur sem gekk til greiðslu á forgangskröfum sem námu 200.088,56 krónum. Ekkert greiddist upp í almennar kröfur sem námu samtals 652.631,63 krónum auk vaxta og kostnaðar eftir upphafsdag skipta.

Sannað er með játningu ákærða og öðru sem fram er komið og rakið var að ákærði tók bifreiðina R-65103 á leigu hinn 8. júní 1984, upphaflega til 3 daga, en bifreiðinni skilaði ákærði aldrei, heldur fannst hún á Réttarholtsvegi í Reykjavík 35 dögum síðar. Ekki samdi ákærði um greiðslufrest á leigugjaldinu í upphafi og átti því að greiða leiguna eigi síðar en að leigutímanum loknum. Það gerði ákærði ekki og hefur ekki enn gert. Bar ákærða að haga fjármálum sínum á þann veg að hann gæti staðið við að greiða leigugjaldið þegar að lokum leigutímans kæmi. Þessa gætti ákærði ekki og er sú fyllyrðing hans ósönnuð að hann hafi átt nægt fé við upphaf leigutímans til að greiða fyrir leigu bifreiðarinnar eða að hann mætti ætla að það yrði við lok hans, ekki síst þegar til þess er litið að ákærði hafði verið úrskurðaður gjaldþrota og vissi að á honum hvíldu háar ógreiddar fjárkröfur. Þykir ákærði því með leigutöku bifreiðarinnar og vanskilum leigugjaldsins hafa gerst sekur um fjársvik sem er brot á 248. gr. almennra hegingarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1963 24/10 í Kópavogi: Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 6/1 í Kópavogi: Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
1964 15/1 í Kópavogi: Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
1964 23/3 í Kópavogi: Dómur: Sýknaður af ákæru um meint brot á 217. gr. hegningarlaga.
1964 1/12 í Reykjavík: Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1966 7/6 í Kópavogi: Sátt: 250 kr. sekt fyrir ölvun.
1967 14/1 í Kópavogi: Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 5. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga.
1972 30/6 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.
1973 16/8 á Akureyri: Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.
1973 17/8 á Akureyri: Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1974 11/1 í Kópavogi: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 2. 11. 1973.
1978 10/4 í Reykjavík: Dómur: 120.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29.8. 1977. (Veitt á ný 27.1. 1981.)
1979 8/6 í Reykjavík: Dómur: 160.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.
1979 18/7 í Reykjavík: Sátt: 120.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
1979 25/10 í Reykjavík: Sátt: 120.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
1980 29/2 í Reykjavík: Dómur: 150.000 kr. sekt og 2 mánaða fangelsi, skilorðsbndið í 2 ár, fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga og 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.
1980 30/12 í Reykjavík: Sátt: 500.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
1981 3/7 í Reykjavík: Sátt: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
1984 14/2 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, og 7.500 kr. sekt fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga og 73. gr. tékkalaga.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 60. gr. sömu laga verður hinn skil-

orðsbundni hluti refsingarinnar samkvæmt dóminum frá 14. febrúar 1984 felldur inn í þá refsingu sem ákærða verður nú ákvörðuð, en brot ákærða samkvæmt síðari kafla ákærunnar er rof á skilorðinu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákærði hefur, eins og áður greinir, gert upp við Hilti-umboðið sf., en ekki hefur borist bótakrafa frá bílaleigunni.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmannas, 10.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Ingi Daðason, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 10/1987. **Sommer-Savex A/S**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf.
(Jón G. Briem hdl.)

Skuldamál. Greiðsla. Vextir af skuld í erlendri mynt. Innheimtulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. janúar 1987. Krefst hann þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum danskar krónur 26.441,37 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði frá 18. mars 1986 til greiðsludags. Til vara

krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum lægri fjárhæð þó ekki lægri en danskar kr. 15.269,58 með vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi keypti vörur frá áfrýjanda 1984 og átti að samþykkja tvo víxla til 3 mánaða fyrir kaupverðinu. Skyldi hinn fyrri vera 56.060,50 danskar krónur, en hinn síðari 56.956,78 danskar krónur. Víxlar þessir áttu ekki að bera vexti. Í málinu hafa aðilar deilt um það, hvort víxlarnir hafi verið samþykktir með þeim hætti, að um þá hafi mátt beita reglum víxilréttar, en þar sem það þykir ekki skipta máli um úrlausn ágreinings aðilanna verður eigi gerð frekari grein fyrir þessu atriði.

Í málinu hefur verið lögð fram kvittun Landsbanka Íslands í Keflavík frá 10. september 1984. Sést á henni, að áfrýjandi hefur falið bankanum innheimtu fyrri fjárhæðarinnar og að fyrrnefndan dag hefur stefndi greitt 30.229,81 danska krónu með 91.638,00 íslenskum krónum og að auki 411,00 íslenskar krónur í kostnað. Þá tók bankinn við frá forstjóra stefnda víxileyðublaði. Hafði þar verið skráð, að víxilfjárhæðin væri 28.025,25 danskar krónur og gjalddagi 18. október 1984. Greiðandi var sagður hið stefnda hlutafélag, en forstjóri þess ritaði eigið nafn sem samþykkjandi. Aðilar deila um gildi þessa skjals og hvort það hafi verið víxill í réttu formi. Þarf ekki úr því að skera í málinu, því að óumdeilt er, að stefndi átti eftir 10. september 1984 ógreidda fjárhæð þá, sem á þetta skjal var skráð og að hún var ekki greidd hinn 18. október 1984. Þess er þó að gæta, að fjárhæð þessi að viðbættri greiðslunni í peningum hinn 10. september 1984 er alls 58.255,06 danskar krónur eða 2.194,56 krónum hærri en sú upphæð sem átti að greiða 18. júlí 1984 eftir hinum upphaflega samningi aðila. Mismunur þessi hefur ekki verið skýrður, en byggja verður á því, að um vexti hafi verið að ræða. Hins vegar hefur verið lögð fram kvittun Landsbankans frá 17. október 1985, þar sem fram kemur, að stefndi greiddi bankanum þann dag innheimtu frá áfrýjanda að upphæð 28.025,25 danskar krónur með 120.651,00 íslenskri krónu auk

544,00 íslenskra króna, sem helst verður að ætla að verið hafi kostnaður.

Í málinu hefur einnig verið lögð fram önnur kvittun Landsbanka Íslands í Keflavík frá 10. september 1984. Sést á henni, að áfrýjandi hefur falið bankanum innheimtu seinni fjárhæðarinnar, þ.e. danskra króna 56.956,78, og að fyrrnefndan dag hefur stefndi greitt 30.187,09 danskar krónur með 91.509,00 íslenskum krónum. Að auki greiddi hann þennan dag 411,00 íslenskar krónur í kostnað, að því er ætla verður. Bankinn tók einnig við víxileyðublaði frá forstjóra stefnda. Hafði þar verið skráð, að víxilfjárhæðin væri 28.478,39 danskar krónur og gjalddagi 30. nóvember 1984. Greiðandi var sagður hið stefnda hlutafélag, en forstjóri þess ritaði eigið nafn sem samþykkjandi. Aðilar deila um gildi skjalsins með sömu röksemdum og áður er að vikið varðandi fyrri hluta kröfunnar, en ekki þarf að ræða þetta atriði hér fremur en fyrra skjalið. Ekki var greitt 30. nóvember 1984. Þess er þó að geta, að greiðslan í peningum 10. september 1984, að viðbættri upphæðinni á víxileyðublaðinu, er alls 58.665,48 danskar krónur eða 1.708,70 krónum hærri en sú upphæð sem átti að greiða 30. ágúst. Mismunur þessi hefur ekki verið skýrður, en byggja verður á því, að um vexti hafi verið að ræða. Hins vegar hefur verið lögð fram kvittun Landsbankans frá 20. febrúar 1986, þar sem fram kemur, að stefndi greiddi bankanum þann dag innheimtu frá áfrýjanda að upphæð 28.478,39 danskar krónur auk 2% vaxta sem reiknuðust 707,21 dönsk króna. Var þetta greitt með alls 142.627,00 íslenskum krónum. Að auki greiddi stefndi bankanum þennan dag 810,00 íslenskar krónur í kostnað.

Af skjölum málsins verður ekki séð, að aðilar hafi gert neins konar fyrirvara varðandi það, að hlutar af greiðslum stefnda, er nú hefur verið lýst, skyldu renna til greiðslu vaxta eða að vextir væru ógreiddir.

Áfrýjandi fól í janúar 1986 lögmanni í Reykjavík innheimtu á kröfu sinni á hendur stefnda. Í innheimtubréfi, sem dagsett er 28. janúar það ár, segir, að skuldin sé 49.215,59 danskar krónur, en með vöxtum 52.168,53 danskar krónur. Þá er krafist 32.005,00 íslenskra króna í innheimtulaun.

Fyrir Hæstarétti sundurliðar áfrýjandi kröfur sínar þannig:

„Vörukaup skv. reikningum 6464 og 6629		Dkr. 113.017.28
Vextir áfallnir 10.09.84 þegar fyrsta greiðsla var innt af hendi af Dkr. 56.060.50 frá 18.09.84 = 4%	Kr. 2.242.42	
af Dkr. 56.956.78 frá 30.08.84 til 30.09.84 = 2%	Kr. 1.139.13	
		Dkr. 3.381.55
		116.398.55
Innborgun 10.09.84		Dkr. 60.416.90
		Dkr. 55.981.93
Vextir fyrir tímabilið 10.09.84 til 17.10.85 af 55.981.93 frá 18.09.84 til 18.09.85 = 24%	Kr. 13.435.66	
af 69.417.59 frá 18.09.85 til 18.10.85 = 2%	Kr. 1.388.35	
		Dkr. 14.824.01
		Dkr. 70.805.94
Innborgun 17.10.85		Dkr. 28.025.25
		Dkr. 42.780.69
Vextir áfallnir 20.02.86 af Dkr. 42.780.69 frá 18.10.85 til 18.03.86 = 10%		Dkr. 4.278.07
		Dkr. 47.058.76
Málskostnaður af innheimtu pr. 20.02.86		Dkr. 7.861.00
Skuld 20.02.87		Dkr. 54.919.76
Innborgun 20.02.87		Dkr. 28.478.39
Eftirstöðvar skuldar		Dkr. 26.441.37“

Með vísan til kvittana Landsbankans, sem lýst hefur verið, telur stefndi sig hafa greitt að fullu skuld sína við áfrýjanda.

Stefndi greiddi ekki skuld sína við áfrýjanda að fjárhæð 28.025,25 danskar krónur hinn 18. október 1984 eða skuld að fjárhæð 28.478,39 danskar krónur hinn 30. nóvember sama ár. Vegna þessara vanskila mátti áfrýjandi krefja hann um vexti auk höfuðstóls svo og um innheimtukostnað, ef hann þurfti að fela lögmanni innheimtuna. Þegar stefndi greiddi 17. október 1985 nokkra upphæð til Landsbanka Íslands í Keflavík og fékk kvittun, þar sem fram kemur, að vextir skyldu vera 2%, mátti hann ekki ætla, að hann hefði losnað undan skyldu til að greiða vexti. Þegar stefndi greiddi í bankanum 20. febrúar 1986 hafði hann fengið innheimtubréf frá lögmanni áfrýjanda. Hann fékk kvittun í bankanum, þar sem fram kemur, að vextir skyldu vera 2% frá gjalddaga til greiðsludags, en af 28.478,39 dönskum krónum greiddi hann 707,21 danska krónu í vexti. Mátti hann ekki ætla, að með því hefði hann greitt vexti að fullu eða að hann hefði fengið innheimtulaun eftirgefin. Verður því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda vexti af skuldinni, eins og hún var á hverjum tíma og hæfileg innheimtulaun. Skuldin var í erlendri mynt og mátti ekki krefja stefnda um 2% mánaðarvexti af henni. Verður stefnda gert að greiða þá vexti, sem hæsta mátti taka.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, ber stefnda að greiða vexti af 28.025,25 dönskum krónum frá 18. október 1984 til 17. október 1985, og af 28.478,39 dönskum krónum frá 30. nóvember 1984 til 20. febrúar 1986, þó að frádreginni 707,21 danskri krónu. Byggja verður á því, að vextir fram til 18. október 1984 og 30. nóvember s.á. séu greiddir. Eftir 17. október 1985 og 20. febrúar 1986 greiðast vaxtavextir.

Ákvæði auglýsingar Seðlabanka Íslands frá 2. ágúst 1984, sem birt var í Lögbirtingablaði 10. ágúst, giltu 18. október það ár um skuldaskil aðila. Segir þar í lið IV. 2. c:

„Þegar samið er um vexti í löglegum lánsviðskiptum og skuldaskiptum í erlendum gjaldeyri en vaxtahæð eigi greind, eða þegar greiða skal vexti af slíkri skuld, þótt eigi sé um það samið, er skuldareiganda heimilt að krefjast greiðslu ársvaxta af henni, sem eru jafnháir og vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum af hlutaðeigandi gjaldeyri, sbr. hér að framan ...

Hámarksvanskilavextir (dráttarvextir) í lánsviðskiptum og skuldaskiptum í erlendum gjaldeyri skv. 1. mgr. mega vera 5% á ári til viðbótar framangreindum vöxtum, þegar gengisáhætta helst á gjaldfallinni upphæð.“

Í auglýsingu Seðlabankans 20. desember 1984, er kom í stað auglýsingarinnar 2. ágúst, segir, að vextir þessir megi vera ,,jafnháir og vextir banka og sparisjóða eru hæstir af innlendum gjaldeyrisreikningum af hlutaðeigandi gjaldeyri á hverjum tíma“. Um dráttarvexti er óbreytt orðalag. Breyting var ekki gerð á þessu í auglýsingum 3. maí 1985 og 27. febrúar 1986 og hélst reglan, sem í gildi var 18. október 1984 allt til gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987. Frá þeim tíma ber stefnda að greiða áfrýjanda vexti skv. 11. gr. laganna svo sem segir í mánaðarlegum auglýsingum Seðlabanka Íslands.

Rétt er að stefndi greiði áfrýjanda 14.000,00 íslenskar krónur í innheimtulaun vegna þeirrar innheimtutilraunar, sem gerð var í janúar 1986.

Eftir þessum úrslitum er rétt að stefndi greiði áfrýjanda 50.000,00 íslenskar krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., greiði áfrýjanda, Sommer-Savex A/S:

Ársvexti af 28.025,25 dönskum krónum sem hér segir: 14,5% frá 18. október 1984 til 1. febrúar 1985 og 15% frá þeim degi til 17. október 1985, og 15% af þessum vöxtum frá 17. október 1985 til 1. apríl 1986, 14,5% frá þeim degi til 11. apríl 1986, 13% frá þeim degi til 21. maí 1986, 12,5% frá þeim degi til 21. september 1986, 14% frá þeim degi til 21. nóvember 1986, 14,5% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 14,75% frá þeim degi til 1. mars 1987, 15% frá þeim degi til 1. maí 1987, 17,9% frá þeim degi til 1. júní 1987, 17,4% frá þeim degi til 1. júlí 1987, 17,3% frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 16,9% frá þeim degi til 1. september 1987, 17,6% frá þeim degi til 1. október 1987, 17,5% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 17%

frá þeim degi til 1. desember 1987, 17,1% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 17% frá þeim degi til greiðsludags allt til 1. febrúar 1988 en síðan eftir reglum 11. gr. vaxtalaga.

Að auki greiði stefndi áfrýjanda ársvexti af 28.478,39 dönskum krónum sem hér segir: 14,5% frá 30. nóvember 1984 til 1. febrúar 1985 og 15% frá þeim degi til 20. febrúar 1986 og 15% af þessum vöxtum frá 20. febrúar 1986 til 1. apríl 1986 og síðan sömu vexti og lýst er í dómsorðinu hér að ofan, allt að frádreginni 707,21 danskri krónu.

Að auki greiði stefndi áfrýjanda 14.000,00 íslenskar krónur í innheimtulaun og 50.000,00 íslenskar krónur alls í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 14. október 1986.

I

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. september sl., hefur Valgarð Briem hrl. f.h. Sommer Savex A/S, Odense, Danmörku höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur gegn Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf., Iðavöllum 6, Keflavík með áskorunarstefnu birtri 22. febrúar 1986.

Við þingfestingu var mætt af hálfu stefnda og málinu vikið til venjulegrar meðferðar. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér danskar kr. 33.448,20 auk 2% dráttarvaxta pr. mánuð af þeirri fjárhæð frá 18. mars 1986 til greiðsludags og málskostnaðar „frá þingfestingardegi til greiðsludags" samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Skýrslu fyrir dóminum hefur gefið Þorvaldur Ólafsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stefnda.

II

Stefndi keypti smíðavið af stefnanda hinn 18. apríl 1984 fyrir d.kr. 56.060,50, sbr. reikning nr. 6464, og 30. maí 1984 fyrir d.kr. 56.956,78, sbr. reikning nr. 6629. Þorvaldur Ólafsson kvað aðila máls þessa hafa átt viðskipti frá árinu 1978 og hafi þau að þessu sinni orðið með venjulegum

hætti, m.a. um það að við söluna hafi verið ákveðið með hvaða hætti varan skyldi greiðast.

Um viðskiptin samkvæmt reikningi nr. 6464:

Skilmálar voru þeir, samkvæmt áletrun á reikningum, að samþykkja skyldi vaxtalausan víxil til þriggja mánaða til greiðslu á reikningsskuldinni („3 mdr. rentefri accept"). Víxill útbúinn af stefnanda, með gjalddaga 18. júlí 1984, fylgdi reikningskröfunni til Landsbanka Íslands sem annaðist innheimtuna. Víxillinn var áritaður um samþykki, stefndi fékk afhent greiðsluskjöl, greiddi síðan toll og fékk vöruna afhenta. Stefndi greiddi víxilinn hinn 10. september 1984 að hluta með peningum og að hluta með nýjum víxli að fjárhæð d.kr. 28.025,25 með gjalddaga 18. október 1984. Þann víxil greiddi stefndi hinn 17. október 1985.

Um viðskiptin samkvæmt reikningi nr. 6629:

Viðskiptaskilmálar voru hinir sömu og varðandi reikning nr. 6464. Víxill útbúinn af stefnanda, með gjalddaga 30. ágúst 1984, fylgdi reikningskröfunni til Landsbanka Íslands sem annaðist innheimtuna. Víxillinn var áritaður um samþykki, stefndi fékk afhent greiðsluskjöl, greiddi síðan toll og fékk vöruna afhenta. Stefndi greiddi víxilinn hinn 10. september 1984, að hluta með peningum og að hluta með nýjum víxli að fjárhæð d.kr. 28.478,39, með gjalddaga 30. nóvember 1984. Þann víxil greiddi stefndi hinn 20. febrúar 1986.

Valgarð Briem hrl. sendi stefnda hinn 28. janúar 1986 innheimtubréf þar sem krafist var greiðslu skuldar við stefnanda máls þessa að fjárhæð d.kr. 49.215,59 „auk vaxta samkvæmt samningsskilmálum", höfuðstóll og vextir samtals d.kr. 52.168,53 og innheimtuþóknun ísl. kr. 32.005,00. Skrifstofa lögmannsins var tilgreind sem greiðslustaður.

III

Í áskorunarstefnu var krafist greiðslu skuldar að fjárhæð d.kr. 49.215,59 auk 2% dráttarvaxta pr. mánuð frá 18. nóvember 1985 til greiðsludags og málskostnaðar. Af upphaflegri skuld að fjárhæð d.kr. 113.017,28, sbr. reikninga nr. 6464 og 6629, er stefndi sagður hafa greitt hinn 17. september 1984 d.kr. 56.503,64, þar af áfallna vexti d.kr. 3.381,55. Hinn 28. október 1985 er stefndi sagður hafa greitt d.kr. 28.025,25, þar af vexti fyrir tímabilið 18. september 1984 til 18. nóvember 1985 d.kr. 17.345,65. Eftirstöðvar höfuðstólsins, d.kr. 49.215,59, hafi stefndi ekki fengist til að greiða þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Um lagarök er vísað til laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Í greinargerð sem var lögð fram hinn 19. mars 1986 og hefur að geyma endanlegar dómkröfur stefnanda, er frá því skýrt að hinn 25. febrúar 1986 hafi stefnanda borist frá stefnda upp í kröfuna d.kr. 28.478,39, sem sundurliðast þannig:

Málskostnaður þá áfallinn ísl.kr. 43.612,00 eða	d.kr.	8.774
Vextir frá 18. nóvember 1985 til 18. mars 1986	d.kr.	3.937
Af höfuðstól (d.kr. 49.215,59)	d.kr.	15.767

Sýknukrafa stefnda er reist á því að umstefnd skuld sé að fullu greidd. Fullnaðargreiðsla hafi farið fram með samþykki víxla þeirra sem fylgdu reikningunum af hendi stefnanda. Stefndi hafi þannig uppfyllt ákvæði reikninganna um greiðslu þeirra, og hafi þessi greiðslumáti einnig verið í samræmi við venju í viðskiptum aðila. Ennfremur hafi stefndi gert full skil á greiðslu víxlanna við innheimtubanka stefnanda, þannig að útilokað sé að um nokkra skuld sé að ræða við stefnanda.

IV

Stefnandi fól Landsbanka Íslands innheimtu krafna sinna á hendur stefnda vegna vörureikninga. Reikningarnir voru greiddir bankanum með samþykkt víxla eftir því sem fullnægjandi þótti í samræmi við samningsskilmála aðila. Víxlar höfðu verið greiddir er mál var höfðað.

Grundvöllur kröfugerðar stefnanda er sá að honum beri endurgreiðsla innheimtuþóknunar og dráttarvextir úr hendi stefnda.

Víxlarnir voru enn til innheimtu í Landsbanka Íslands er stefndi fékk sent innheimtubréf lögmanns stefnanda og hafði innheimtunni ekki verið fylgt fram með slíkum hætti að hið fyrra skuldasamband milli stefnanda og stefnda yrði virkt að nýju. Verður því ekki fallist á að stefnanda beri endurgreiðsla innheimtuþóknunar úr hendi stefnda.

Í viðskiptum aðilanna var ekki samið um dráttarvexti. Ekki er upplýst hver fyrirmæli um vexti, ef einhver voru, fylgdu innheimtubeiðnum til Landsbanka Íslands. Óumdeilt er hins vegar að stefndi stóð bankanum full skil umkrafðra fjárhæða. Á kröfu stefnanda í máli þessu, sem höfðað er til heimtu skuldar vegna vörureikninga, verður ekki fallist að því marki sem þær hafa í raun að geyma kröfu um ætlaða vangreidda vexti af víxlum þeim sem um ræðir í málinu.

Niðurstaða máls þessa verður samkvæmt framangreindu sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Sommer Savex A/S.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 25.000,00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 11/1987. **Idex Aps**

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf.

(Jón G. Briem hdl.)

Skuldamál. Greiðsla. Vextir af skuld í erlendri mynt. Innheimtulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. janúar 1987. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum danskar krónur 15.309,88 með 1,5% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta af mánuði frá 24. mars 1986 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi greiði honum aðra lægri fjárhæð þó aldrei lægri en danskar krónur 9.013,48 með vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi framseldi áfrýjandi kröfu sína til Den Danske Bank af 1871 A/S. Fram kemur í skjölum málsins, að 7. mars 1985 innleysti áfrýjandi kröfuna, en ekki verður séð, að stefnda hafi þá verið tilkynnt um það. Þegar stefndi greiddi í Landsbanka Íslands í Keflavík 20. febrúar 1986 hafði hann fengið innheimtubréf lögmanns áfrýjanda dagsett 28. janúar það ár, þar sem hann var krafinn um skuld við áfrýjanda að fjárhæð 28.027,00 danskar krónur, sem þá var sögð nema með vöxtum 36.544,41 krónu. Einnig var stefndi krafinn um 24.495,00 íslenskar krónur í innheimtulaun.

Eftir að áfrýjandi eignaðist á ný kröfuna á stefnda sem þá var í vanskilum, mátti hann kjósa, hvort hann innheimti hana sem almenna kröfu eða freistaði þess að innheimta víxil þann sem var hjá Landsbankanum í Keflavík. Þó að stefnda hafi ekki, það séð

verði, verið tilkynnt á annan hátt en með innheimtubréfinu, að áfrýjandi væri orðinn eigandi kröfunnar á ný, mátti hann ætla að svo væri, er honum barst bréfið. Stefndi gat eigi vænst þess að losna við greiðslu vaxta og innheimtulauna með greiðslunni 20. febrúar 1986. Ber að dæma hann til að greiða lögleyfða dráttarvexti af kröfum í erlendri mynt frá 24. júlí 1984 til 20. febrúar 1986 eins og nánar greinir í dómsorði og síðan vexti af þeim vöxtum til greiðsludags. Þá ber að dæma hann til að greiða áfrýjanda 14.000,00 krónur í innheimtulaun og 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., greiði áfrýjanda, Idex Aps:

Ársvexti af 28.027,00 dönskum krónum sem hér segir: 14% frá 24. júlí 1984 til 1. október 1984, 14,5% frá þeim degi til 1. febrúar 1985 og 15% frá þeim degi til 20. febrúar 1986, 15% af þessum vöxtum frá 20. febrúar 1986 til 1. apríl 1986, 14,5% frá þeim degi til 11. apríl 1986, 13% frá þeim degi til 21. maí 1986, 12,5% frá þeim degi til 21. september 1986, 14% frá þeim degi til 21. nóvember 1986, 14,5% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 14,75% frá þeim degi til 1. mars 1987, 15% frá þeim degi til 1. maí 1987 og síðan til greiðsludags dráttarvexti af peningakröfum í erlendum gjaldeyri, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Að auki greiði stefndi áfrýjanda 14.000,00 íslenskar krónur í innheimtulaun og 40.000,00 íslenskar krónur alls í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 14. október 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. september sl., hefur Valgarð Briem hrl. f.h. Idex Aps, Bjerringbro, Danmörku höfðað fyrir bæjarþingi Kefla-

víkur gegn Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf., Iðavöllum 6, Keflavík með áskorunarstefnu birtri 22. febrúar 1986.

Við þingfestingu var mætt af hálfu stefnda og málinu vikið til venjulegrar meðferðar. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér danskar kr. 15.309,88 auk 1,5% dráttarvaxta pr. mánuð af þeirri fjárhæð frá 24. mars 1986 til greiðsludags auk málskostnaðar „frá þingfestingardegi til greiðsludags" samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Skýrslu fyrir dóminum hefur gefið Þorvaldur Ólafsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stefnda.

II.

Stefnandi keypti hurðaefni af stefnda hinn 24. apríl 1984 fyrir d.kr. 28.027,00. Á reikningnum er tekið fram um greiðsluskilmála að vera skuli „3 mdr. rentefri accept". Að auki er þar letrað eftirfarandi: „Nærværende fakturabelöb er tiltransproteret: Den Danske Bank Bjerringbro Afdeling 8850 Bjerringbro hvorfor indbetaling kun med frigörende virkning kan ske til nævnte bank."

Þorvaldur Ólafsson kvað aðila máls þessa hafa átt viðskipti frá árinu 1978 og hafi þau í þetta sinn orðið með venjulegum hætti, m.a. um það að við söluna hafi verið ákveðið með hvaða hætti varan skyldi sendast og greiðast.

Ásamt vörureikningnum fylgdi frá stefnanda til Den Danske Bank víxill að fjárhæð d.kr. 28.027,00 með gjalddaga 24. júlí 1984. Den Danske Bank framsendi Landsbanka Íslands, Keflavíkurflugvelli, reikningskröfuna til innheimtu og framseldi honum jafnframt víxilinn. Víxillinn var áritaður um samþykki, stefndi fékk afhent greiðsluskjöl, greiddi síðan toll og fékk vöruna afhenta.

Valgarð Briem hrl. sendi stefnda hinn 28. janúar innheimtubréf þar sem krafist var greiðslu skuldar við stefnanda máls þessa að fjárhæð d.kr. 28.027,00 „auk vaxta skv. samningsskilmálum", höfuðstóll og vextir samtals d.kr. 36.544,41 og innheimtuþóknun ísl. kr. 24.495,00.

Skrifstofa lögmannsins var tilgreind sem greiðslustaður.

Hinn 20. febrúar 1986 greiddi stefndi umræddan víxil í Landsbanka Íslands, útibúi á Keflavíkurflugvelli, og var hann stimplaður sem greiddur. Einnig var gefin út sérstök greiðslukvittun. Þar kemur fram að innheimt hafi verið fyrir Den Danske Bank.

III.

Í áskorunarstefnu var krafist greiðslu skuldar að fjárhæð d.kr. 28.027,00 auk 15% dráttarvaxta á mánuði eða hluta af mánuði af þeirri fjárhæð frá

24. júlí 1984 til greiðsludags og málskostnaðar. Sem málsástæða er tilgreint að stefndi hafi ekki fengist til að greiða fyrir vöruúttekt þá, sem um ræðir í málinu, þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Um lagarök er vísað til laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Í greinargerð, sem var lögð fram hinn 19. mars 1986 og hefur að geyma endanlegar dómkröfur stefnanda, er frá því skýrt, að hinn 5. mars 1986 hafi stefnanda borist frá stefnda upp í kröfuna d.kr. 28.078,11, sem sundurliðist þannig:

Málskostnaður þá áfallinn ísl. kr. 31.954,00 eða d.kr. 6.347,51. Vextir frá 24. júlí 1984 til 24. mars 1986 d.kr. 9.013,48. Af höfuðstól (d.kr. 28.027,00) d.kr. 12.717,12.

Sýknukrafa stefnda er reist á því að umstefnd skuld sé löngu greidd. Samþykkt víxilsins, sem stefnandi hafi sjálfur útbúið, hafi verið í samræmi við viðskiptaskilmála aðilanna. Með því hafi reikningsskuldin verið greidd og jafnframt sé víxillinn greiddur. Mótmælt er að nokkrir vextir eða málskostnaður hafi fallið á reikningsskuldina.

IV.

Við upphaf viðskipta aðila máls þessa lýsti stefnandi yfir á ótvíræðan hátt gagnvart stefnda, með áletrun á vörureikning að krafa samkvæmt honum væri framseld Den Danske Bank og að hinn nýi kröfuhafi væri einn réttur viðtakandi greiðslu. Reikningskrafan var síðan greidd með samþykkt víxils og hafði hann verið greiddur, er mál var höfðað.

Grundvöllur kröfugerðar stefnanda er sá að honum beri endurgreiðsla innheimtuþóknunar og dráttarvextir úr hendi stefnda.

Stefndi var í góðri trú um að sér væri rétt að virða innheimtubréf lögmanns stefnanda að vettugi og að greiðsla til stefnanda mundi ekki leysa hann undan skuldbindingum vegna viðskiptanna. Víxillinn var enn til innheimtu í Landsbaka Íslands og hafði innheimtunni ekki verið fylgt fram með slíkum hætti að hið fyrra skuldasamband milli stefnanda og stefnda yrði virkt að nýju. Verður því ekki fallist á að stefnanda beri endurgreiðsla innheimtuþóknunar úr hendi stefnda.

Í viðskiptum aðilanna var ekki samið um dráttarvexti. Ekki er upplýst hver fyrirmæli um vexti, ef einhver voru, fylgdu innheimtubeiðnum til Landsbanka Íslands. Óumdeilt er hins vegar, að stefndi stóð bankanum full skil umkrafðrar fjárhæðar. Á kröfur stefnanda í máli þessu, sem höfðað er til heimtu skuldar vegna vörureiknings, verður ekki fallist að því marki sem þær hafa í raun að geyma kröfu um ætlaða vangreidda vexti af víxli þeim sem um ræðir í málinu.

Niðurstaða máls þessa verður samkvæmt framangreindu sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að

greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Idex Aps.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 25.000,00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 12/1987. **Dansk Finér-Center A/S**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf.
(Jón G. Briem hdl.)

Skuldamál. Aðildarskortur. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. janúar 1987. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum danskar krónur 20.330,18 með 1,5% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði frá 1. mars 1986 til greiðsludags. Til vara krefst hann lægri fjárhæðar þó eigi lægri en 11.304,25 danskar krónur ásamt vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi framseldi áfrýjandi kröfu sína, sem var byggð á tveimur reikningum, til Andelsbanken Danebank A/S í Danmörku, en reikningarnir eru dagsettir 6. júlí 1984 og 6. ágúst 1984. Stefndi skilaði aftur hluta af hinum útteknu vörum fyrir samtals danskar krónur 25.668,39. Áfrýjandi sendi stefnda kreditnótu þar sem síðastgreind fjárhæð er tilgreind. Kreditnótan er dagsett 25. mars 1985. Af því tilefni sendi Andelsbanken Danebank A/S símskeyti til Landsbanka Íslands dagsett 6. júní 1985 þar sem hann tilkynnir að Landsbankanum sé heimilt að lækka innheimtukröfur að fjárhæð danskar krónur 44.490,28 og danskar krónur 22.374,38 um danskar krónur 25.668,39 samkvæmt kreditnótu. Ekki kemur fram í skjölum málsins, að áfrýjandi hafi fengið kröfuna á hendur stefnda framselda til sín frá Andelsbanken Danebank A/S. Þegar stefndi hinn 20. febrúar 1986 greiddi Landsbanka Íslands í Keflavík, var Andelsbanken Danebank A/S tilgreindur kröfuhafi og er ekki fram komið að áfrýjandi hafi eignast hugsanlegar eftirstöðvar hennar eða aðra kröfu vegna þessara viðskipta. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms vegna aðildarskorts áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum er rétt að áfrýjandi greiði stefnda 25.000,00 íslenskar krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Dansk Finér-Center A/S, greiði stefnda, Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 14. október 1986.

I

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. september sl., hefur Valgarð Briem hrl. f.h. Dansk Finér-Center A/S, Silkeborg, Danmörku, höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur gegn Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf., Iðavöllum 6, Keflavík, með áskorunarstefnu birtri 22. febrúar 1986.

Við þingfestingu var mætt af hálfu stefnda og málinu vikið til venjulegrar meðferðar. Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða sér danskar kr. 20.330,18 auk 1,5% dráttarvaxta pr. mánuð af þeirri fjárhæð frá 1. mars 1986 til greiðsludags og málskostnað „frá þingfestingar-

degi til greiðsludags" samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Skýrslu fyrir dóminum hefur gefið Þorvaldur Ólafsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stefnda.

II

Stefndi keypti spón af stefnanda fyrir d.kr. 44.490,28 samkvæmt reikningi dags. 6. júlí 1984 og d.kr. 22.374,38 samkvæmt reikningi dags. 6. ágúst 1984. Á báðum skjölunum eru letruð þessi ákvæði: ,,Rentefri accept pr. 31. oktober 1984 gennem Landsbanki Íslands, 235 Keflavíkurflugvelli" og ,,Ovennævnte fordring er overdraget til Andelsbanken A/S, Silkeborgafdeling til eje eller pant. Belöbet kan derfor kun med frigörende virkning betales til banken."

Vörurnar voru sendar með skipi til Íslands. Hluta þeirra var skilað aftur og í málinu var lögð fram kreditnóta, dagsett 25. mars 1985, að fjárhæð d.kr. 25.668,39 með áletrun þess efnis að hún varði reikning dags. 6. júlí 1984. Að öðru leyti kvað Þorvaldur Ólafsson viðskipti aðilanna hafa að þessu sinni orðið á sama hátt og alla tíð frá upphafi þeirra árið 1980. Vörureikningarnir hafi verið sendir í Landsbanka Íslands. Hann hafi gengið frá greiðslu þeirra með samþykkt víxla, sem fylgdu reikningunum, í útibúi bankans á Keflavíkurflugvelli. Hann hafi þá fengið reikningana með greiðslustimplun svo og farmbréf og fengið vörurnar afhentar eftir að hafa staðið skil á tolli.

Andelsbanken sendi Landsbanka Íslands símskeyti hinn 6. júní 1985 þess efnis að fjárhæð kreditnótu mætti draga frá samanlögðum fjárhæðunum d.kr. 44.490,78 og d.kr. 22.374,38.

Valgarð Briem hrl. sendi stefnda hinn 28. janúar 1986 innheimtubréf þar sem krafist var greiðslu skuldar við stefnanda máls þessa að fjárhæð d.kr. 48.611,27 ,,auk vaxta skv. samningsskilmálum", höfuðstóll og vextir samtals d.kr. 51.527,95 og innheimtuþóknun ísl.kr. 31.697,00. Skrifstofa lögmannsins var tilgreind sem greiðslustaður. Hinn 20. febrúar 1986 greiddi stefndi ísl.kr. 216.941,00 í Landsbanka Íslands, útibúi á Keflavíkurflugvelli, og fékk afhent eftirtalin skjöl greiðslustimpluð af bankanum: 1) Kvittun fyrir greiðslu til handa Andelsbanken á víxli útgefnum af stefnanda að fjárhæð d.kr. 44.490,28 að frádregnum d.kr. 273,47 en viðbættum bankakostnaði. 2) Framangreindan víxil, útgefinn 6. júlí 1984 með gjalddaga 31. október 1984. Hann var samþykktur af Þorvaldi Ólafssyni, greiðslustaður hans tilgreindur Landsbanki Íslands, Keflavíkurflugvelli, og hann var ábektur af stefnanda, Andelsbanken A/S og Landsbanka Íslands. 3)

Framangreinda kreditnótu með svofelldri áritun (í þessari röð): „Greiddi upp kröfu 101-704068 d.kr. 22.374,38 + drv. 3.020,54 = 25.394,92. Eftirst. 273,47."

III

Í áskorunarstefnu var krafist greiðslu skuldar að fjárhæð d.kr. 41.196,27 auk 1,5% dráttarvaxta pr. mánuð eða hluta af mánuði af þeirri fjárhæð frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags og málskostnaðar. Skuldin er sögð hafa orðið til með þeim hætti að stefndi hafi tekið út spón hjá stefnanda fyrir d.kr. 66.864,66 en skilað aftur fyrir d.kr. 25.668,39. Mismuninn hafi hann ekki fengist til að greiða þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Um lagarök er vísað til laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Í greinargerð, sem var lögð fram hinn 19. mars 1986 og hefur að geyma endanlegar dómkröfur stefnanda, er frá því skýrt að hinn 28. febrúar 1986 hafi stefnanda borist frá stefnda upp í kröfuna d.kr. 40.834,81, sem sundurliðist þannig:

Málskostnaður þá áfallinn ísl.kr. 43.740,00 eða	d.kr. 8.664,47
Vextir frá 1. nóv. 1984 til 1. mars 1986	d.kr. 11.304,25
Af höfuðstól (d.kr. 41.196,27)	d.kr. 20.866,09

Sýknukrafa stefnda er reist á því að umstefnd skuld sé löngu greidd. Samþykkt víxilsins, sem stefnandi hafi sjálfur útbúið, hafi verið í samræmi við viðskiptaskilmála aðilanna. Með því hafi reikningsskuldin verið greidd og jafnframt sé víxillinn greiddur. Því er mótmælt að vextir eða málskostnaður hafi fallið á reikningskröfuna.

IV

Við upphaf viðskipta aðila máls þessa lýsti stefnandi yfir á ótvíræðan hátt gagnvart stefnda, með áletrunum á vörureikninga, að kröfur samkvæmt þeim væru framseldar Andelsbanken A/S og að hinn nýi kröfuhafi væri einn réttur viðtakandi greiðslna. Reikningskröfurnar voru síðan greiddar með samþykkt víxla á þann hátt, er fullnægjandi þótti af hálfu Landsbanka Íslands, sem hafði verið falin innheimtan. Víxlarnir höfðu verið greiddir, er mál var höfðað.

Grundvöllur kröfugerðar stefnanda er sá, að honum beri endurgreiðsla innheimtuþóknunar og dráttarvextir úr hendi stefnda.

Stefndi var í góðri trú um að sér væri rétt að virða innheimtubréf lögmanns stefnanda að vettugi og að greiðsla til stefnanda mundi ekki leysa hann undan skuldbindingum vegna viðskiptanna. Víxlarnir voru enn til innheimtu í Landsbanka Íslands og hafði innheimtunni ekki verið fylgt fram með slíkum hætti að hið fyrra skuldasamband milli stefnanda og stefnda

yrði virkt að nýju. Verður því ekki fallist á að stefnanda beri endurgreiðsla innheimtuþóknunar úr hendi stefnda.

Í viðskiptum aðilanna var ekki samið um dráttarvexti. Af gögnum málsins verður ráðið með nokkurri vissu, að vegna dráttar á greiðslu víxla hafi stefnda verið gert að greiða d.kr. 3.020,54 í vexti, sem er hærri fjárhæð en nemur vaxtakröfu í innheimtubréfi. Ekki er upplýst hver fyrirmæli um dráttarvexti, ef einhver, fylgdu innheimtubeiðnum til Landsbanka Íslands. Óumdeilt er hins vegar að stefndi stóð bankanum skil umkrafðrar fjárhæðar. Á kröfu stefnanda í máli þessu, sem höfðað er til heimtu skuldar vegna vörureikninga, verður ekki fallist að því marki sem þær hafa í raun að geyma kröfu um ætlaða vangreidda vexti af víxlum þeim, sem um ræðir í málinu.

Niðurstaða máls þessa verður samkvæmt framangreindu sú að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Dansk Finér-Center A/S.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 25.000,00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1988.

Nr. 202/1986. **Ísskip hf.**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Svani Jóhannssyni
(Benedikt Sveinsson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Laun í veikindaforföllum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júní sama ár. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ísskip hf., greiði stefnda, Svani Jóhannssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 29. janúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 19. desember sl., hefur Svanur Jóhannsson, nnr. 8636-2503, Kleppsvegi 128, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu útgefinni 21. janúar 1985 og birtri umboðsmanni stefnda við þingfestingu málsins þann 12. febrúar 1985, á hendur Ísskip hf., nnr. 4833-5402, Austurströnd 1, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verið dæmt til að greiða stefn-

anda kr. 20.276,00 auk dráttarvaxta 19% á ári frá 18. febrúar 1984 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sótt er þing af hálfu stefnda og þær kröfur gerðar að stefnda verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og dæmt málskostnaður úr hendi stefnanda.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Málavextir eru þeir að stefnandi var 2. stýrimaður á ms. Selnesi, sem er eign stefnda. Hinn 3. nóvember veiktist stefnandi og fór í landi af skipinu vegna veikindanna og var hann frá vinnu til 18. febrúar 1984. Í stað stefnanda var ráðinn annar stýrimaður. Stefnandi fékk greidd laun svo sem samningar gera ráð fyrir vegna veikindanna. Hann gerir þær athugasemdir við uppgjörið að hann eigi einnig að fá greidda 19 frídaga, sbr. 8. kafla kjarasamninga stýrimanna frá 1. júlí 1982, sem til hafi fallið fyrstu 2 mánuðina sem hann var frá störfum.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sína þannig:

19 dagar á kr. 956,36	kr.	18.170,09
Orlof 11,59%	"	2.155,91
Samtals	kr.	20.276,00

Miðað er við launatöflu þá er gilti frá 1. október 1983.

Stefnandi byggir kröfugerð sína á sjómannalögum nr. 67, 1963, 18. gr., einkum 3. mgr., sbr. lög nr. 49, 1980, 1. gr., og kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands við atvinnurekendur dags. 12. ágúst 1982.

Dagar þeir sem stefnandi telur að hafi gefið stýrimanni rétt til frídaga voru þessir:

Laugardagarnir 5., 12., 19. og 26. nóvember og 3., 10. og 17. desember 1983, sunnudagarnir 6., 13., 20. og 27. nóvember og 4., 11. og 18. desember 1983 og aðfangadagur og gamlársdagur, sem geri 2 daga, jóladagur og annar í jólum 1983 sem geri 2 daga og nýársdagur 1984.

Stefnandi kveður ms. Selnes ekki hafa komið til heimahafnar allan þennan tíma og frídagarétturinn því ótvíræður, enda hafi staðgengill stefnanda fengið þessa daga greidda.

Stefnandi kveður í máli þessu reynt að fá ótvírætt skorið úr um gildi 18. gr. sjómannalaga um þessa frídaga en í 3. mgr. greinarinnar sé ótvírætt tekið fram að skipverji, sem óvinnufær verði vegna sjúkdóms, skuli „eigi missa neins af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd ...".

Stefnandi telur þessi ótvíræðu lagaákvæði leiða til þess að sér beri nefndir frídagar. Stefnandi lagði meginháherslu á það að samkvæmt 18. gr. sjómannalaga eigi menn að fá nákvæmlega sömu laun og þeir hefðu fengið ef þeir hefðu verið um borð. Stefnandi telur venju að frídagar þessir séu yfirleitt greiddir í peningum.

Af hálfu stefnda er ekki deilt um atvik málsins eða tölulega útreikninga stefnda (sic). Hins vegar er því haldið fram af hálfu stefnda að ákvæði kjarasamnings og sjómannalaga um veikindakaup veiti stefnanda ekki rétt til frídaga ofan á veikindadaga. Af hálfu stefnda er því haldið fram að tilgangur frídagakerfisins sé að skipverjar fái einn frídag fyrir hvern laugardag, sunnudag og helgi- og frídag, sem þeir vinna. Suma þessara frídaga taki menn út í launum en aðra í fríum. Greiðslur fyrir þessa daga teljist hins vegar ekki til venjulegs kaups, hvorki grunnlauna, álaga né tilleggja. Til samanburðar megi geta þess að verði almennur launþegi veikur og standi veikindi yfir helgi eða aðra frídaga, þá komi engar bætur fyrir slíkt, hvorki í greiðslu né úttöku á frii.

Til stuðnings sýknukröfu vísar stefndi til dóms bæjarþings Reykjavíkur í máli nr. 7089/1982 og til greinargerðar með frumvarpi til laga um breytingu á sjómannalögum nr. 67, 1963.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að aðalreglan sé að frídagar séu teknir út í fríum en ekki greiddir.

Álit réttarins:

Fyrir gildistöku laga nr. 49, 1980 varðandi breytingu á 18. gr. laga nr. 67, 1963 fengu farmenn einvörðungu greidd föst mánaðarlaun í veikindaforföllum. En með ofangreindri breytingu á 18. gr. var kveðið svo á að verði skipverji óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skuli hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau séu greidd ... o.s.frv. Í athugasemdum með frumvarpi að lögunum segir að hið nýja orðalag 18. gr. „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd", veiti skipverja víðtækari rétt en ákvæði 18. gr. fyrir breytinguna, „rétt til kaups". Þá segir í athugasemdunum að hið nýja ákvæði sé í samræmi við orðalag 1. mgr. 5. gr. nr. 19, 1979, sbr. og 6. gr. sömu laga, en þessar greinar fjalli um svonefnd staðgengilslaun landverkafólks. Þá segir í athugasemdunum að gagnvart farmönnum felist í þessari breytingu það að þeir eigi, auk grunnkaups og allra fastra álaga á það sem þeir fái nú greitt, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu.

Í 8. kafla kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands og skipafélaganna, 8.1.1. segir: „Fyrir hvern laugar-, sunnu-, helgi- og/eða tyllidag utan heimahafnar eða unninn í heimahöfn (Reykjavík, Hafnarfirði, Gufunesi, Skerjafirði, Straumsvík, Keflavík eða Njarðvík), vinnur stýrimaður sér inn einn frídag."

Í 8.3.1. kjarasamningsins segir: „Þeir innunnir frídagar samkvæmt ofanskráðu, sem ekki hafa verið veittir við afskráningu eða áramót, skulu greiddir með 1/21,67 mánaðarkaupi."

Upplýst er í málinu að skipafélögin hafa ekki til þessa greitt skipverjum frídaga þessa í veikindaforföllum þeirra. Ekki er upplýst í málinu hvort muni algengara að skipverjar taki út í fríum þessa frídaga eða fái þá greidda, en þó er ljóst að það mun vera misjafnt.

Samkvæmt orðanna hljóðan verður ákvæði 8.1.1. eigi skýrt á annan veg en þann að tilgangur ákvæðisins sé sá að skipverjar fái frí fyrir umræddа daga sem þeir verða eðli starfsins vegna að dveljast fjarri heimahöfn eða vinna við skipið í heimahöfn og bæta þeim þannig þann mun sem er á aðstöðu þeirra og annarra launþega að þessu leyti. Á hinn bóginn sýnist ákvæði 8.3.1. eigi setja því þröngar skorður að frídagar þessir séu teknir út í kaupi.

Í máli þessu er hvorki deilt um málsatvik né útreikning stefnanda á dómkröfu hans.

Deilt er um hvort frídagar þessir séu laun í skilningi 18. gr. laga 67, 1963, sbr. l. nr. 49, 1980. Eins og áður er rakið veitir 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963, eins og henni var breytt með lögum nr. 49, 1980, farmönnum mun víðtækari rétt til launa en samkvæmt eldra ákvæði. Áður áttu þeir rétt til grunnkaups og allra fastra álaga á það, en með breytingunni skulu þeir „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd". Í athugasemdum með lagafrumvarpinu segir að gagnvart farmönnum felist í þessari breytingu að þeir eigi auk grunnkaups og allra fastra álaga á það, sem þeir fái nú greitt, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu.

Úrslit máls þessa velta á því annars vegar hvort jafna megi frídögum skv. 8. kafla kjarasamnings stýrimanna til launa skv. 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga og á hinn bóginn hvort skýra eigi hin tilvitnuðu orð í 18. gr. „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd", með hliðsjón af því að í greinargerð með 18. gr. séu tæmandi talin þau tilvik sem greiða beri farmönnum umfram það sem áður tíðkaðist, en í greinargerðinni er aðeins talað um tilfallandi yfirvinnu. Varðandi hið síðastnefnda verður að líta svo á að með hinum tilgreindu orðum í athugasemdum með frumvarpinu, „tilfallandi eftirvinna", sé ekki verið að þrengja hinn víðtæka rétt skv. 3. mgr. 18. gr., heldur sé verið að leggja áherslu á yfirvinnuna sem mönnum hafi verið efst í huga við lagasetninguna.

Varðandi hið fyrrnefnda, hvort frídagar skv. 8. kafla kjarasamnings stýrimanna teljist til launa skv. 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga, er á það að líta að tilgangur frídagakerfisins er að bæta farmönnum upp þar talda daga sem þeir hafa þurft að starfa fjarri heimahöfn meðan aðrir launþegar hafa átt frí.

Það er niðurstaða réttarins að frídagar samkvæmt 8. kafla kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands falli undir launahugtak 18. gr. sjómannalaga og skapi skipverja, sem verður óvinnufær, rétt til frídaganna á sama hátt og

staðgengli hans og samkvæmt ákvæði 8.3.1. í kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands voru skilyrði fyrir greiðslu frídaganna fyrir hendi í tilfelli stefnanda.

Samkvæmt framanskráðu verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 20.276,00 auk 19% ársvaxta frá 18. febrúar 1984 til greiðsludags.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000,00.

Mál þetta var fyrst dómtekið 23. maí sl. en endurflutt og dómtekið að nýju hinn 19. desember 1985.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ísskip hf., nnr. 4833-5402, Austurströnd 1, Seltjarnarnesi, greiði stefnanda, Svani Jóhannssyni, nnr. 8636-2503, Kleppsvegi 128, Reykjavík, kr. 20.276,00 auk 19% ársvaxta frá 18. febrúar 1984 til greiðsludags og kr. 18.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1988.

Nr. 200/1986. **Búnaðarbanki Íslands**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
þrotabúi Vörðufells
(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1986. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir

Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð og niðurfellingar málskostnaðar.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að vextir verði dæmdir sem hér segir: 2,25% dráttarvextir á mánuði frá 7. maí 1986 til 28. febrúar 1987, 2,5% á mánuði frá 1. mars 1987 til 13. apríl s.á., en dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. apríl 1987 til greiðsludags.

Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og rakið er í héraðsdóminum veitti stefndi áfrýjanda, með tryggingarbréfi, útg. 23. nóvember 1983, 1. veðrétt í „Dráttarbifreið með vagni, skráð X-734, af gerðinni M.A.N. árgerð 1981 (dráttarvagn skráður XT-11)", til tryggingar skuldum allt að 2.000.000,00 krónur. Telja verður, að pallur bifreiðarinnar hafi verið hluti veðsins. Pallurinn fylgdi ekki með í sölunni til Perlusands sf. hinn 10. febrúar 1984, heldur var hann í vörslum búsins við upphaf skipta og síðar seldur Garðafelli hf. sérstaklega.

Áfrýjandi hefur í bréfi til skiptaráðandans í Árnessýslu, dagsettu 10. nóvember 1984, gert m.a. þá kröfu, að skiptarétturinn viðurkenni „veðréttindi Búnaðarbankans í vörubílspallinum og forgangsrétt bankans til andvirðis pallsins". Stefndi hefur því réttarlega hagsmuni af því, að krafa hans um riftingu veðsetningarinnar nái fram að ganga. Með þessari athugasemd ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um það atriði.

II.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að með þeim greiðslumáta, sem þar er lýst, hafi áfrýjandi fengið greiðslu á greindum skuldum Vörðufells hf. með óvenjulegum greiðslueyri enda þótt áfrýjandi hafi ekki haft beina milligöngu um sölu bifreiðarinnar eða fengið hana sjálfa sem greiðslu. Koma þá ákvæði 55. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 ekki til álita við úrlausn málsins.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu á vöxtum, er í dómsorði greinir.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða

stefnda 280.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Í þeirri fjárhæð er innifalinn söluskattur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 2,25% dráttarvextir á mánuði frá 7. maí 1986 til 28. febrúar 1987, 2,5% á mánuði frá 1. mars 1987 til 13. apríl s.á., en með dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður, skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá 14. apríl 1987 til greiðsludags.

Áfrýjandi, Búnaðarbanki Íslands, greiði stefnda, þrotabúi Vörðufells hf., 280.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Ekki þykir skipta máli í þessu sambandi hvort andvirði bifreiðarinnar X 734 og tengivagns hefur verið greitt í peningum eða greitt með millifærslu milli skuldareikninga Perlusands sf. og stefnda í Búnaðarbankanum, en bæði voru fyrirtækin í viðskiptum við bankann. Það er hluti af venjulegri bankaþjónustu að annast greiðslur milli manna og fyrirtækja. Að þessu athuguðu verður ekki talið að um hafi verið að ræða óvenjulegan greiðslueyri eins og atvikum málsins var háttað. Önnur skilyrði 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 til riftunar eru eigi fyrir hendi. Verður því ekki fallist á röksemdir stefnda að þessu leyti.

Kaup þau er í málinu greinir fóru fram 10. febrúar 1984. Með bréfi 29. mars s.á. óskaði Vörðufell hf. eftir greiðslustöðvun samkvæmt 7. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Var hún með úrskurði 13. apríl s.á. heimiluð til 13. júlí s.á. Síðar var hún framlengd um 2 mánuði. Í beiðni um greiðslustöðvun er getið útistandandi skulda að fjárhæð 14.646.615,00 krónur. Síðar reyndust kröfur þessar mun minna virði. Það kemur heim við dómskýrslur fyrirsvarsmanna Vörðufells hf. og útibússtjóra Árnesingaútibús Búnaðarbankans að

hagur félagsins hafi verið fyrir hann lagður á þeim tíma, er hér skiptir máli, með framantöldum eignaliðum, að því leyti sem um hann var rætt. Í málinu liggja ekki fyrir nein uppgjör eða önnur skrifleg gögn er aðilum þessum hafi farið á milli á umræddum tíma. Útibússtjórinn kannaðist ekki við að honum hafi þá verið kunnugt um, að Vörðufell hf. ætti ekki fyrir skuldum. Að þessu athuguðu er ósannað að honum hafi verið um það kunnugt eða mátt vera kunnugt. Þykir greiðslunni því ekki verða rift á grundvelli 61. gr. gjaldþrotalaga.

Fallist er á að stefndi hafi ekki lengur lögvarðra hagsmuna að gæta að því er snertir veðsetningu bifreiðarinnar og tengivagnsins að öðru leyti en því er tekur til palls vörubifreiðarinnar. Þykir eftir atvikum rétt að rifta veðsetningunni á honum.

Samkvæmt framanrituðu teljum við að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefnda að öðru leyti en því að fella beri úr gildi veðsetninguna á palli vörubifreiðarinnar.

Stefndi skal greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti 500.000,00 krónur samtals.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. apríl sl., hefur Viðar Már Matthíasson hdl., nnr. 9184-3838, Borgartúni 24, Reykjavík, skiptastjóri í þrotabúi Vörðufells hf., nnr. 9342-9710, Hörðuvöllum 1, Selfossi, f.h. þrotabúsins höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu þingfestri 21. mars 1985 á hendur Búnaðarbanka Íslands, nnr. 1489-2958, Austurstræti 5, Reykjavík.

Kröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi veðrétti Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibús, skv. tryggingarbréfi nr. 273, útgefnu 23.11. 1983, að fjárhæð allt að kr. 2.000.000,00 í dráttarbifreið með vagni, skráðri X-734 af gerðinni M.A.N. árgerð 1981 (dráttarvagn skráður XT-11), en tryggingarbréfið var afhent til þinglýsingar þann 23.11. 1983, nr. 4157/1983.

2. Að rift verði með dómi greiðslu á eftirtöldum skuldum Vörðufells hf. við Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibú, sem greiddar voru skv. kvittunum dags. 21.2. 1984:

2.1. Greiðsla á víxli útgefnum af Sigurði Jónssyni, Ásgerði, Hrunamannahreppi, í október 1983 og ábektum af Sæmundi Sæmundssyni og Skúla Hróðbjartssyni (sic), með gjalddaga þann 20.12. 1983, samþykktum

til greiðslu af Sigurði Jónssyni pr. pr. Vörðufell hf. Víxillinn var að fjárhæð kr. 1.100.000,00 og dráttarvextir áfallnir á greiðsludegi kr. 44.052,00 samtals greiddar kr. 1.144.052,00.

2.2. Greiðslu afborgunar og dráttarvaxta af skuldabréfi Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibús, nr. 19, útg. þann 22.5. 1981, upphaflega að fjárhæð kr. 340.000,00 en Vörðufell hf. var skuldari og bréfið var tryggt með 5. veðrétti í húsinu nr. 21 við Síðumúla. Afborgun sem átti að fara fram þann 5.11. 1983 var kr. 153.293,30, en auk þess voru greiddir dráttarvextir til 21.2. 1984 kr. 16.147,80 eða samtals greiddar kr. 169.441,10.

2.3. Greiðslu afborgunar af skuldabréfi við Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibú, nr. 309, útg. þann 5.6. 1983 af Vörðufelli hf., upphaflega að fjárhæð kr. 1.300.000,00, en afborgun sem fram átti að fara þann 5.12. 1983 var kr. 296.846,80, en auk hennar voru greiddir dráttarvextir til 21.2. 1984, kr. 31.220,91 eða samtals greiddar kr. 328.067,71.

3. Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til þess að endurgreiða stefnanda samtölu ofangreindra fjárhæða, þ.e. kr. 1.641.560,81 með 19% ársvöxtum frá 21.2. 1984 til 1.1. 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1985, en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.6. 1985, en með 3,5% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.9. 1985, en með 3,75% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en með 2,75% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, en með 2,25% vanskilavöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

4. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ skv. málskostnaðarreikningi, auk kr. 5.500,00 vegna greiðslu til vitnis fyrir rækslu vitnaskyldu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málsástæður sínar kveður stefnandi vera þær að Búnaðarbanki Íslands hafi verið einn helsti viðskiptabanki Vörðufells hf. í mörg ár. Hafi viðskiptin að mestu farið fram í gegnum útibú bankans í Hveragerði, svonefnt Árnesingaútibú. Vörðufell hf. hafi snemma árs 1983 komist í umtalsverð greiðsluvandræði og ekki getað staðið við fjárskuldbindingar sínar. Þannig hafi hlaupareikningi félagsins í Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibúi, verið lokað í október 1983, enda hafi þá verið farið að halla mjög undan fæti hjá Vörðufelli hf. Vörðufell hf. hafi verið í miklum vanskilum við stefnda og hafi verið stofnaður veðréttur í bifreið Vörðufells hf. af tegundinni M.A.N. með skrásetningarnúmerinu X-734 ásamt palli og tengivagni XT-11 með tryggingarbréfi útgefnu 23.11. 1983, sem hafi fengið númerið

273, en bréfið hafi verið útgefið af Sigurði Jónssyni f.h. Vörðufells hf. að fjárhæð kr. 2.000.000,00 og hafi það verið afhent til þinglýsingar samdægurs. Hafi veðréttur þessi, sem var fyrsti veðréttur, átt að tryggja eldri skuldir, enda verði ekki séð að Vörðufell hf. hafi þann 23.11. 1983 móttekið kr. 2.000.000,00 úr hendi stefnda.

Stefnandi telji nauðsynlegt að rifta veðréttinum, þar sem slík riftun tengist öðrum kröfum í málinu, auk þess sem veðrétturinn sé ennþá virkur gagnvart þrotabúi Vörðufells hf., vegna þess að pallur bifreiðarinnar X-734 hafi ekki fylgt með við söluna 21.2. 1984, og hafi hann enn verið í vörslu búsins við upphaf skipta, en síðar verið seldur af búinu sem þannig ábyrgist hinum nýja kaupanda að ekki sé um vanheimild að ræða.

Að frumkvæði stefnda og með milligöngu hans hafi bifreiðin X-734 ásamt tengivagni XT-11 verið seld Perlusandi sf. og hafi Búnaðarbanki Íslands, Árnesingaútibú, þannig fengið greiddar skuldir samtals að fjárhæð kr. 1.641.560,81 og sé uppgjör vegna þessara greiðslna gert af bankanum og dags. 21.1. 1984, en kvittanir dags. 21.2. 1984 og verði að miða söluna við hinn síðarnefnda dag. Á þessum tíma hafi Vörðufell hf. verið ógjaldfært og framtíð félagsins í algerri tvísýnu, og hafi fyrirsvarsmönnum Árnesingaútibús Búnaðarbanka Íslands verið fullkunnugt um ógöngur félagsins, enda hafi bankinn verið helsti viðskiptabanki Vörðufells hf.

Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar fyrir Vörðufell hf. hafi verið móttekin þann 6.4. 1984 af embætti skiptaráðandans í Árnessýslu, og sé sá dagur frestdagur í skilningi laga um gjaldþrotaskipti, en greiðslustöðvun hafi verið veitt þann 13.4. 1984 og hafi staðið til 13.9. 1984 eftir að hafa verið framlengd einu sinni, en þann dag hafi Vörðufell hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði.

Með bréfi dags. 24.9. 1984 hafi Viðar Már Matthíasson hdl. verið ráðinn bústjóri í þrotabúinu og kosinn skiptastjóri á skiptafundi þann 8.2. 1985.

Við könnun á gögnum Vörðufells hf. sé það ótvírætt mat stefnanda að stofnun umræddrs veðréttar sé ólögmæt, enda sé hún gerð einungis fjórum og hálfum mánuði fyrir frestdag og taki veðrétturinn til eldri skulda. Þá sé greiðsla ofangreindra skulda einnig ólögmæt, enda gerð einum og hálfum mánuði fyrir frestdag, og hafi greiðslan farið fram með óvenjulegum greiðslueyri, auk þess sem fyrirsvarsmenn Árnesingaútibús stefnda hafi verið grandsamir um ógjaldfærni Vörðufells hf. og því verið ljóst að þeir væru með ótilhlýðilegum hætti að fá fullnustu á kröfum sínum, allt á kostnað annarra kröfuhafa.

Krafan um endurgreiðslu á hinum greiddu fjárhæðum sé óhjákvæmileg, enda hafi stefndi ekki sinnt margítrekuðum áskorunum um að skila þeim fjárhæðum, sem um ræði.

Perlusandi sf. hafi verið send tilkynning um málssókn í samræmi við 52. gr. l. nr. 85/1936.

Umboð skiptastjóra til málshöfðunar byggir stefnandi á 1. tl. 91. gr. l. nr. 6/1978, sbr. og 112. gr. s.l., en á skiptafundi í þrotabúi Vörðufells hf. þann 8.2. 1985 hafi auk þess verið samþykkt að fela skiptastjóra heimild til málshöfðunar.

Kröfu um riftun á veðrétti styður stefnandi við 1. tl. 57. gr. l. nr. 6/1978, en kröfu um riftun á greiðslu skuldar styður hann við 1. tl. 54. gr. s.l., en auk þess er sjálfstætt byggt á 61. gr. s.l., 55. gr. l. nr. 6/1978 eigi hér ekki við.

Kröfu um vexti byggir stefnandi á 5. gr. l. nr. 58/1960, sbr. og 13. gr. l. nr. 10/1961, svo og auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma og vísar stefnandi sérstaklega á auglýsingu bankans frá 18.2. 1985 um heimild til töku mánaðarlegra dráttarvaxta af kröfunni.

Málskostnaðarkröfuna styður stefnandi við 1. mgr. 177. gr. l. nr. 85/1936, sbr. og 184. gr. s.l.

Samkomulag sé um varnarþing í Reykjavík sbr. 1. mgr. 81. gr. l. nr. 85/1936, en auk þess vísist til 4. gr. l. nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, þar sem segi að Búnaðarbanki Íslands hafi heimili og varnarþing í Reykjavík.

Ekki sé ástæða til að sundurliða eða útlista stefnukröfuna að öðru leyti en því að krafan um endurgreiðslu sé sundurliðuð svo:

1.	Greiðsla á víxli pr. 20.12. 1983:		
	höfuðstóll	kr. 1.100.000,00	
	dráttarvextir til		
	21.2. 1984	44.052,00	1.144.052,00
2.	Greiðsla afborgunar af skbr. nr. 19:		
	fjárhæð afborgunar		
	pr. 15.11. 1983	153.293,30	
	dráttarvextir af afb.		
	til 21.2. 1984	16.147,80	169.441,10
3.	Greiðsla afborgunar af skbr. nr. 309:		
	fjárhæð afborgunar		
	pr. 5.12. 1983	296.846,80	
	dráttarvextir til		
	21.2. 1984	31.220,91	328.067,71
Samtals kr.			1.641.560,81

Ofangreind fjárhæð sé hin sama og krafist sé endurgreiðslu á.

Stefndi kveður málsatvikum gerð skil í stefnu, en til viðbótar bendi hann á eftirfarandi atriði: Í þágu þrotabúsmálsins hafi verið tekin saman skrá um lýstar kröfur í bú stefnanda, dskj. nr. 37. Þessi skrá beri með sér að hún sé samin af Páli Björnssyni, skiptaráðanda í búi stefnanda. Eins og dskj. nr. 14 beri með sér hafi Viðar Már Matthíasson hdl. verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða. Hafi það verið 24. september 1984. Síðan hafi þessi sami lögmaður verið skipaður skiptastjóri á skiptafundi 8. febrúar 1985, sbr. dskj. nr. 32. Á þessum skiptafundi hafi verið lögð fram skrá um lýstar kröfur, sbr. dskj. nr. 37. Í endurritinu á bls. 2 á dskj. nr. 32 af skiptafundinum 8. febrúar 1985 sé bókað: „Skiptastjóri tók síðan við og kynnti skrá sína yfir kröfur og afstöðu sína." Þessi skrá tjáist hins vegar útgefin af skiptaráðandanum. Á þessum fundi hafi einnig verið lögð fram tillaga um höfðun riftunarmála, sbr. dskj. nr. 33 í þessu máli. Þessi tillaga sé samin af Viðari Má Matthíassyni. Hann hafi samið hana sem bústjóri. Fram komi á bls. 4 á dskj. nr. 32 að tillaga bústjórans (skiptastjórans) hafi verið samþykkt með þeirri breytingu að skiptastjóranum hafi verið falið að meta hvort rifta skyldi ráðstöfunum þeim sem geti í skránni á dskj. nr. 33 og jafnframt að taka ákvörðun um málshöfðun, ef með þyrfti. Sjö lögmenn hafi mótmælt þessari ákvörðun fundarins að heimila skiptastjóra að höfða riftunarmál. Þessir sjö lögmenn hafi farið með atkvæði fyrir 9 kröfuhafa. Samtals hafi þeir farið með atkvæði fyrir kröfur, sem nemi kr. 13.097.824,61, en fyrirvara verði að hafa á þessari fjárhæð þar eð kröfulýsingaskráin sýnist ekki vera sem nákvæmust.

Þá sé bent á að stefndi hafi veð í bifreiðinni X-734, en eigandi hennar sé Perlusandur sf., og sé hann um leið veðsalinn, og því geti þrotabúið ekki átt aðild að riftunarmálinu að þessu leyti að því er taki til bifreiðarinnar, sjá dskj. nr. 22. Perlusandur sf. hafi keypt bifreiðina af Vörðufelli hf. Kraftur hf. hafi haft þessa bifreið til sölu, sjá dskj. nr. 24. Kaupin hafi verið gerð í febrúar 1984. Saga þessara bílkaupa sé rakin á dskj. nr. 23. Perlusandur sf. hafi fengið lánað andvirði bifreiðarinnar hjá Búnaðarbanka Íslands, útibúinu í Hveragerði. Veðið hafi hvílt áfram á bifreiðinni, og að auki hafi bankanum verið gefið viðbótarveð í fasteign Perlusands sf., jörðinni Vestri-Loftstöðum. Bifreiðin hafi verið staðgreidd. Það hafi svo verið mál ráðamanna Vörðufells hf. hvernig þeir notuðu þessa staðgreiðslupeninga. Þeir muni hafa gert það, eftir því sem rakið sé í málsskjölum, með því að greiða skuldir sínar við Búnaðarbanka Íslands. Ekkert hafi verið óeðlilegt við þessi viðskipti. Vörðufell hf. hafi í raun fengið peninga fyrir sína bifreið. Vörðufell hf. hafi notað þessa peninga til að greiða bankanum. Ekki hafi verið greitt fyrr en eðlilegt var. Ekki hafi verið um óvenjulegan greiðslueyri að ræða, og því sé algjörlega mótmælt að þessi

fjárhæð hafi ráðið einhverjum úrslitum um gjaldfærni Vörðufells hf. Minna megi á að ráðamenn Vörðufells hf. hafi talið sig á þessum tíma eiga stórfé útistandandi, svo milljónum króna skipti, svo sem málsskjöl greini. Í sambandi við víxilgreiðsluna pr. 20. september 1983 sé rétt að benda á að þessi víxill hafi verið samþykktur af Vörðufelli hf., en ábyrgðarmenn hafi verið á víxlinum, bæði útgefandi og ábekingur.

Málsástæður stefnda séu þessar: Því sé haldið fram að ekki verði beitt riftun á veðréttinum, þar eð annar aðili hafi nú eignast hina veðsettu eign, bifreiðina, og veðsett stefnda Búnaðarbanka Íslands þessa bifreið. Stefnandi geti ekki átt aðild að slíku riftunarmáli.

Í sambandi við greiðslu á víxlinum, pr. 20.12. 1983, hafi stefndi verið sviptur möguleikunum á því að ganga að ábyrgðarmönnunum. Þegar svo standi á verði ekki rift gagnvart þeim sem tekið hafi við greiðslu. Bent sé á að greiðsla á öðrum skuldum hafi ekki farið fram fyrr en eðlilegt var, þ.e. eftir gjalddaga. Ennfremur sé bent á að ekki hafi verið um óvenjulegan greiðslueyri að ræða, því að greitt hafi verið í beinhörðum peningum sem komið hafi inn fyrir sölu á bifreiðinni. Þá sé það algjörlega ósannað að þessi greiðsla hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotabúsins.

Bent sé á ákvæði 54. gr. l. nr. 6/1978, svo og 55. gr. s.l. Einnig sé bent á 2. mgr. 45. gr. l. nr. 85/1936.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda mótmælt af hálfu stefnda sem allt of hárri.

Talsmaður stefnanda mótmælti andmælum þessum sem of seint fram komnum og röngum.

III.

Krafa stefnanda er þríþætt auk málskostnaðarkröfu og verður hér fjallað um hvern lið fyrir sig.

1. Riftun á veðrétti.

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. l. nr. 6/1978 má krefjast riftunar á veðrétti sem kröfuhafi fékk á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag en ekki um leið og til skuldarinnar var stofnað.

Beiðni Vörðufells hf. um greiðslustöðvun var lögð fram í skiptarétti 6. apríl 1984 og telst sá dagur frestdagur í skilningi gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Veðréttur sá sem krafist er riftunar á er skv. tryggingarbréfi, dags. 23.11. 1983, allt að fjárhæð kr. 2.000.000,00. Veðið er því sett innan ofangreinds frests, og hefur því ekki verið andmælt af hálfu stefnda að það hafi verið sett til tryggingar eldri skuldum. Var það ennfremur staðfest með framburði vitna fyrir dómi.

Sýknukröfu sína vegna þessa kröfuliðar byggir stefndi á aðildarskorti

stefnanda, þar sem hinar veðsettu eignir séu í eigu Perlusands sf. sem keypti hluta veðsins, þ.e. bifreiðina og tengivagninn.

Við söluna stóð veðréttur sá sem krafist er riftunar á eftir sem áður til tryggingar kröfum stefnda á Vörðufell hf. Stefnandi er því réttur aðili málsins varðandi þennan kröfulið. Upplýst er að Perlusandi sf. var tilkynnt um málshöfðun þessa með vísan til 52. gr. l. nr. 85/1936, og verður að líta svo á að hugsanlegra hagsmuna hans hafi með þeim hætti verið nægilega gætt í máli þessu. Með því að stefndi hefur ekki haldið uppi öðrum lögvörnum varðandi þennan kröfulið ber með vísan til þess sem að framan greinir að taka til greina kröfu stefnanda um riftun veðsins samkvæmt 1. mgr. 57. gr. l. nr. 6/1978.

2. *Riftun greiðslu skv. tl. 2.1., 2.2. og 2.3.*

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. l. nr. 6/1978 nægir það skilyrði eitt til þess að rifta megi greiðslu að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur, hafi greiðsla farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Eins og áður greinir telst frestdagur vera 6. apríl 1984. Greiðslur þær sem krafist er riftunar á eru allar greiddar þann 21.2. 1984, eða innan þess frests, og er það óumdeilt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að ekki hafi verið um óvenjulegan greiðslueyri að ræða, þar eð bankinn hafi fengið greiðslu í peningum.

Það má telja upplýst að bifreiðin og tengivagninn voru seld fyrir milligöngu Krafts hf., þ.e. það fyrirtæki auglýsti bifreiðina til sölu og kom á kaupsamningi milli kaupanda og seljanda. Stefndi lánaði hins vegar kaupandanum andvirði bifreiðarinnar sem rann síðan beint til bankans til greiðslu á skuldum Vörðufells hf. við bankann. Peningarnir fóru þannig aldrei út úr bankanum og komu aldrei í hendur fyrirsvarsmanna Vörðufells hf. Það var því ljóst að bíllinn og tengivagninn voru seld í því skyni að grynna á skuldum Vörðufells hf. við stefnanda (sic). Eins og á stóð verður því að telja að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða, enda þótt stefndi hafi ekki sjálfur fengið bifreiðina til sölu eða haft beina milligöngu um að útvega að henni kaupanda.

Samkvæmt þessu ber að fallast á kröfu stefnanda um riftun greiðslunnar á grundvelli 54. gr. l. nr. 6/1978, en samkvæmt því ákvæði skiptir grandleysi stefnda ekki máli.

Því er haldið fram af hálfu stefnda að þar sem hluti greiðslunnar hafi farið til greiðslu víxils, þá sé sá hluti hennar óriftanlegur vegna ákvæða 55. gr. l. nr. 6/1978.

Skjal það sem hér um ræðir hefur verið lagt fram í málinu í ljósriti sem dskj. nr. 5, og er því rétt lýst í stefnu undir lið 2.2.1. að því undanskildu að föðurnafn ábekingsins Skúla er Hróbjartur en ekki Hróðbjartur. Hefur ekki verið véfengt af hálfu stefnda að um rétt ljósrit frumskjalsins sé að ræða.

Samkvæmt 2. gr., sbr. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, er frumrit þessa skjals

ekki gildur víxill, þar sem á það vantar dagsetningu útgáfu, en útgáfumánuður og ár eru einungis tilgreind þar. Stefndi hefur því aldrei átt víxilrétt samkvæmt skjali þessu, og á 55. gr. l. nr. 6/1978 því þegar af þeim sökum ekki við í þessu tilviki.

3. Krafa um endurgreiðslu.

Samkvæmt 1.tl. 62. gr. l. nr. 6/1978 ber að fallast á þá kröfu stefnanda að stefndi greiði honum kr. 1.641.560,81, sem er óumdeilt verðmæti greiðslunnar.

Fallast má á vaxtakröfu stefnanda.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 207.600,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindum veðrétti Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibús, skv. tryggingarbréfi nr. 273, útgefnu 23.11. 1983 í dráttarbifreið með vagni er rift.

Eftirtöldum greiðslum er rift:

1. Greiðslu á víxlplaggi (sic) útg. af Sigurði Jónssyni, Ásgerði, Hrunamannahreppi, í október 1983, og ábektu af Sæmundi Sæmundssyni og Skúla Hróbjartssyni, með gjalddaga 20.12. 1983, en samþykktu til greiðslu af Sigurði Jónssyni pr. pr. Vörðufell hf., að fjárhæð kr. 1.100.000,00, ásamt áföllnum dráttarvöxtum kr. 44.052,00 samtals greiddar kr. 1.144.052,00.

2. Greiðslu afborgunar og dráttarvaxta af skuldabréfi Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibús, nr. 19, útg. 22.5. 1981, upphaflega að fjárhæð kr. 340.000,00, tryggðu með 5. veðrétti í húsinu nr. 21 við Síðumúla, samtals greiddar kr. 169.441,10.

3. Greiðslu afborgunar af skuldabréfi við Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibú, nr. 309, útg. 5.6. 1983 af Vörðufelli hf., upphaflega að fjárhæð kr. 1.300.000,00, samtals greiddar með dráttarvöxtum kr. 328.067,71.

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, greiði stefnanda, þrotabúi Vörðufells hf., kr. 1.641.560,81 með 19% ársvöxtum frá 21.2. 1984 til 1.1. 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. s.á., en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.6. s.á., en með 3,5% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.9. s.á., en með 3,75% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en með 2,75% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á., en með 2,25% vanskilavöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 207.600,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. febrúar 1988.

Nr. 336/1987. **Geir Viðar Vilhjálmsson**
gegn
Alþýðubankanum hf.
og Landsbanka Íslands

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Geir Viðar Vilhjálmsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. febrúar 1988.

Nr. 367/1987. **Jón Jóhannsson og**
Samvinnutryggingar g.t.
gegn
Guðmundi Péturssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur Jón Jóhannsson og Samvinnutryggingar g.t. greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá málið tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. febrúar 1988.

Nr. 293/1986. **Rækjuverksmiðjan hf.**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Tryggingastofnun ríkisins
f.h. Lífeyrissjóðs sjómanna
(Benedikt Blöndal hrl.)

Launakröfur. Lögveð. Uppboðsheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut hinum áfrýjaða úrskurði til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s.m., samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess, að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og málinu vísað frá uppboðsrétti Ísafjarðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefst áfrýjandi uppboðs á m.b. Guðmundi Einarssyni ÍS-28 (áður m.b. Heimir KE-77) til fullnustu á gjaldfallinni en ógreiddri iðgjaldaskuld við Lífeyrissjóð sjómanna. Deilt er um það, hvort 10. gr. laga nr. 49/1974, sbr. 3. gr. laga nr. 48/1981, um Lífeyrissjóð sjómanna veiti heimild til uppboðssölu á grundvelli laga nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks. Lög nr. 49/1951 setja það skilyrði fyrir sölu lögveðs á nauðungaruppboði, að gjaldhæðin sé ákveðin samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af stjórnarráðinu. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974 er kveðið svo á, að iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna skuli nema ákveðnu hundraðshlutfalli af gjaldskyldum launum, sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Telja verður, að gjaldhæð iðgjaldsins sé nægilega afmörkuð og fullnægi þar með fyrrgreindu skilyrði í lögum nr. 49/1951. Lög nr. 49/1951 setja

einnig þau skilyrði, að áður en eign sú, sem lögveð er mælt í, sé seld, skuli birta „með mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppboðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar". Eins og greinir í hinum áfrýjaða úrskurði var birt greiðsluáskorun frá Lífeyrissjóði sjómanna í Lögbirtingablaðinu 27. mars 1985, og sent var ábyrgðarbréf til Heimis hf. í Keflavík 24. apríl 1985, þar sem krafist var iðgjaldaskuldar fyrir tímabilið 1. - 31. desember 1984. Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974 eiga launagreiðendur að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Af skjölum málsins má ráða, að á þeim tíma, sem innheimtubréfið var sent, þann 24. apríl 1985, hafði Heimir hf. eingöngu sent skilagrein vegna iðgjalda til ársloka 1984 til lífeyrissjóðsins. Uppboðsmálið var þingfest í uppboðsrétti Keflavíkur 18. október 1985. Skilagrein vegna iðgjalda fyrir mánuðina febrúar til október 1985 virðist ekki hafa borist lífeyrissjóðnum fyrr en 20. nóvember 1985. Áfrýjandi var þar af leiðandi ekki í aðstöðu til að tilgreina iðgjaldaskuldina á annan veg en greinir í innheimtubréfinu, og verður að telja að nægilegt hafi verið að hafa uppi kröfur í uppboðsbeiðninni um greiðslu þess iðgjalds, sem á kunni að falla til þess tíma, að skipið yrði selt. Endanlegar kröfur áfrýjanda voru komnar til uppboðsréttar Keflavíkur áður en uppboðsbeiðnin ásamt fylgiskjölum var send til bæjarfógetans á Ísafirði 11. mars 1986, en skipið hafði verið selt til Ísafjarðar 14. nóvember 1985. Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 80.000,00 krónur, og er söluskattur innifalinn í þeirri fjárhæð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rækjuverksmiðjan hf., greiði stefnda, Tryggingastofnun ríkisins, f.h. Lífeyrissjóðs sjómanna, 80.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Ísafjarðarsýslu 23. september 1986.

Uppboðsbeiðandi, Tryggingastofnun ríkisins, hefur krafist þess að skipið mb. Guðmundur Einarsson ÍS-28, áður mb. Heimir KE-77, verði selt á nauðungaruppboði til lúkningar lögveðskröfu Lífeyrissjóðs sjómanna að fjárhæð kr. 291.106,00 miðað við 30. júní 1986 að viðbættum 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 208.014,50 frá 1 júlí 1986 til greiðludags auk áfallins og áfallandi kostnaðar við nauðungaruppboðið, þ. á m. málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Uppboðsþoli, Rækjuverksmiðjan hf. í Hnífsdal, hefur krafist þess að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og sé úrskurðaður hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Málavextir.

Tildrög mála eru þau að hinn 20. maí 1985 var hlutafélagið Heimir í Keflavík úrskurðað gjaldþrota í skiptarétti Keflavíkur. Innköllun til kröfuhafa var gefin út samkvæmt gjaldþrotalögum nr. 6/1978, og rann kröfulýsingarfrestur út 14. ágúst 1985. Meðal eigna búsins var mb. Heimir KE-77. Með bréfi 4. júlí 1985 til sýslumannsins í Gullbringusýslu fór uppboðsbeiðandi fram á að skipið yrði selt á nauðungaruppboði til fullnustu gjaldfallinnar en ógreiddrar iðgjaldaskuldar í Lífeyrissjóð sjómanna. Í bréfinu var vísað til almennrar greiðsluáskorunar til útgerðarmanna í Lögbirtingablaði 27. mars 1985 og dagblaði sama dag, sbr. lög nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks, og greiðsluáskorunar uppboðsbeiðanda í bréfi til Heimis hf. 24. apríl 1985. Þetta bréf var lagt fram í uppboðsrétti Keflavíkur 18. október 1985. Á bréfið hefur verið ritað: „Senda tilk. skiptaráðandinn í Keflavík c/o Guðm. Kristj." Af gögnum máls verður ekki séð með hvaða hætti það hefur verið gert, en uppboðsþoli heldur því fram að vitneskja um uppboðsbeiðni þessa hafi ekki komist til skiptaréttar Keflavíkur fyrr en í ársbyrjun 1986. Ekki er að sjá að uppboðsbeiðandi hafi lýst kröfu sinni í þrotabú Heimis hf. með öðrum hætti innan kröfulýsingarfrests, og hana var ekki að finna í framlagðri kröfuskrá þrotabúsins. Með bréfi til uppboðsbeiðanda 25. febrúar 1986 féllst skiptastjóri þrotabúsins á að greiða þá skuld er tengdist uppboðsbeiðninni 4. júlí 1985, en kvaðst vilja líta svo á að öðrum kröfum hefði verið lýst of seint. Hinn 7. apríl 1986 greiddi skiptastjóri uppboðsbeiðanda vegna þessa kr. 12.796,00. Uppboðsbeiðandi sendi skiptastjóra „kvittun fyrir innborgun" þessari 11. apríl 1986.

Hinn 14. nóvember 1985 var mb. Heimir KE-77 seldur frjálsri sölu Rækjuverksmiðjunni hf. í Hnífsdal, uppboðsþola í máli þessu. Í uppboðsrétti Keflavíkur 7. mars 1986 var ákveðið að senda málið bæjarfógetanum á Ísafirði, og var það gert með bréfi 11. mars 1986. Þar var málið tekið

fyrir með venjulegum hætti og tilkynnt með ábyrgðarbréfi til aðila 18. mars 1986 að sala færi fram á eigninni sjálfri 15. apríl 1986. Í þinghaldi þann dag lagði umboðsmaður uppboðsþola fram bréf frá lögmanni hans, þar sem því var mótmælt fyrir hönd eigenda mb. Guðmundar Einarssonar ÍS-28 og annarra, er hagsmuna hefðu að gæta, að uppboð færi fram. Þá var ákveðið að þetta ágreiningsefni yrði tekið til úrskurðar að loknum málflutningi 23. maí 1986. Þann dag óskuðu aðilar eftir fresti, og enn var óskað eftir fresti á tilteknum flutningsdegi 10. júní 1986. Munnlegur flutningur fór svo fram með samkomulagi aðila hinn 19. september 1986, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Málsástæður og lagarök.

Uppboðsbeiðandi kveðst byggja uppboðskröfu sína á þessum málsástæðum og lagarökum: *Í fyrsta lagi* kveður uppboðsbeiðandi heimild sína vera lögveðskröfu sem hafi, er Heimir hf. varð gjaldþrota, verið tryggð í mb. Heimi KE-77 og gengið þar fyrir öllum öðrum veðkröfum, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna með síðari breytingum, sbr. og 198. gr. og 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Uppboðsbeiðandi kveður að gjaldþrot útgerðarmanns eða eiganda skips raski í engu rétti lögveðshafans, sbr. 2. mgr. 24. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Sama kveður uppboðsbeiðandi gilda varðandi frjálsa sölu lögveðsbundinna eigna, sbr. varðandi frjálsa sölu skipa og báta 1. mgr. 199. gr. siglingalaga nr. 34/1985. *Í öðru lagi* kveðst uppboðsbeiðandi byggja á þeim málsástæðum og lagarökum að hann sem veðhafi hafi ekki þurft að lýsa kröfu sinni í þrotabú Heimis hf. til þess að fá hana að fullu tekna til greina við úthlutan þess fjár er fékkst við sölu hins lögveðsbundna báts, sbr. 2. mgr. 24. gr. og 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. *Í þriðja lagi* kveður uppboðsbeiðandi að skiptastjóri þrotabús Heimis hf. hafi enn ekki greitt uppboðskröfuna eins og hann vilji telja hana setta fram, þar sem hann hafi greitt höfuðstól og vexti áfallna við upphaf skipta. Slíka greiðslu á veðkröfum kveður uppboðsbeiðandi brýnt brot á þeirri meginreglu gjaldþrotalaga nr. 6/1978 að gjaldþrot skuli í engu raska rétti veðhafa. *Í fjórða lagi* kveðst uppboðsbeiðandi mótmæla þeim staðhæfingum uppboðsþola að uppboðsbeiðnin fullnægi ekki kröfum 4. og 6. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 88. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Uppboðsbeiðandi kveður 4. gr. laga nr. 57/1949 geyma tæmandi talningu þeirra kafla einkamálalaga sem eigi við um nauðungaruppboð, og þar sé ekki vikið að því að um uppboðsbeiðnir gildi ákvæði einkamálalaganna um stefnur. Í 6. gr. sé greint hvað skuli tilgreina í uppboðsbeiðni. Hvergi sé þar að finna kröfu um að kröfufjárhæðar sé getið í uppboðsbeiðni. Uppboðsbeiðandi kveður þó flesta uppboðsbeiðendur tiltaka einhverja fjárhæð sem síðan sé lögð til

grundvallar við auglýsingar nauðungaruppboða í Lögbirtingablaðinu. Á uppboðsþinginu sjálfu kveður uppboðsbeiðandi hins vegar uppboðsbeiðendur gefa upp þær tölur sem þeir telji sig eiga að fá greiddar af andvirði hins selda, auk þess sem uppboðshaldari tilkynni þá oft um fjárhæð ýmiss konar lögveðskrafna.

Uppboðsþoli mótmælir kröfu uppboðsbeiðanda *í fyrsta lagi* með þeim rökum að uppboðskrafan sé þegar greidd. Ekki sé hægt á það að fallast að í uppboðsbeiðni 4. júlí 1985 felist krafa um fjárhæðir umfram þær sem nákvæmlega séu þar tilteknar. Ef því verði haldið fram að fyrirfram prentaður texti í niðurlagi uppboðsbeiðninnar feli í sér frekari uppboðskröfur, sé vísað til 4. og 6. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Langt sé frá að uppboðsbeiðni sé svo skýr sem framangreindar lagatilvitnanir krefji. *Í öðru lagi* mótmælir uppboðsþoli uppboðskröfunni með vísan í 19. og 111. gr. laga nr. 6/1978, en hann hafi sama rétt til mótmæla og til þess að koma að sömu málsástæðum og fyrri eigandi mb. Guðmundar Einarssonar ÍS-28, þ.e. þrotabú Heimis hf. Í 19. gr. laga nr. 6/1978 sé lagt fyrir skiptaráðanda m.a. að auglýsa gjaldþrotaskipti og í auglýsingu skuli vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra sem vilji gera tilkall til eigna úr búinu. Í 111. gr. laga nr. 6/1978 séu fyrirmæli um hvernig með skuli fara ef kröfu sé ekki lýst innan kröfulýsingarfrests. Uppboðsbeiðandi í máli þessu hafi ekki lýst kröfu í þrotabú Heimis hf. fyrir lok innköllunarfrests og hafi í raun ekki gert það enn. Bréf uppboðsbeiðanda 4. júlí 1985 sé augljóslega uppboðsbeiðni en ekki kröfulýsing í þrotabú og skipti þar engu máli þótt uppboðshaldarinn í Keflavík færi einnig með vald skiptaréttar. Raunar sé uppboðsbeiðninni beint til sýslumannsins í Gullbringusýslu, en Heimir hf., þáverandi eigandi Heimis KE-77, hafi verið skráð hlutafélag í Keflavík. Þrátt fyrir framangreint hafi skiptastjóri þrotabús Heimis hf. ákveðið að greiða þá fjárhæð sem tilgreind sé í uppboðsbeiðninni, svo að ágreining þyrfti ekki að hafa uppi hvort þeirri fjárhæð hefði verið lýst eða ekki. Þá er á það bent að þótt uppboðsbeiðnin væri tekin sem kröfulýsing sé hún það ófullkomin að kröfunni bæri að hafna vegna vanreifunar. Tryggingastofnun ríkisins hafi haft sömu aðstöðu til að lýsa kröfum í þrotabú Heimis hf. og aðrir kröfuhafar í þrotabúið. Í kröfuskrá séu aðrir með hliðstæðar kröfur og Tryggingastofnun ríkisins. Benda megi á kröfuhafa nr. 3, 32, 38, 61 og 100 sem hliðstæða kröfuhafa. Allir þessir aðilar hafi fengið m.a. aðgang að gögnum þrotabúsins til þess að koma að sínum kröfum í skýru og skilmerkilegu formi þannig að fullnægði ákvæðum laga nr. 6/1978. Ljóst megi vera hvílíkt óhagræði hljótist af ef ákveðnir kröfuhafar þyrftu ekki að lýsa kröfum fyrr en þeim hentaði. Í þessu tilviki hafi söluverð Heimis KE-77 m.a. verið miðað við hversu miklar skuldir hvíldu á bátnum, þ.m.t. lögveðskröfur, og mið af þeim tekið við söluna, en aðrir lögveðshafar hafi lýst kröfum sínum.

Niðurstaða.

Það er óumdeilt að krafa um greiðslu gjaldfallinnar iðgjaldaskuldar í Lífeyrissjóð sjómanna nýtur lögveðs í hlutaðeigandi skipi og gengur fyrir öllum öðrum veðum samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974. Með birtingu greiðsluáskorunar frá Lífeyrissjóði sjómanna í 52. tbl. Lögbirtingablaðs 27. mars 1985 og ábyrgðarbréfi sama aðila til Heimis hf. í Keflavík 24. apríl 1985 var fullnægt skilyrðum laga nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks. Krafa uppboðsbeiðanda styðst því við fullgilda uppboðsheimild. Beiðni hans um uppboð 4. júlí 1985 fullnægir ákvæðum laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, enda verður ekki samkvæmt 4. gr. laganna gerð krafa um að endanleg kröfufjárhæð sé tiltekin í krónum eftir reglu 88. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Ekki skiptir máli þótt uppboðsbeiðnin hafi verið skrifuð til sýslumannsins í Gullbringusýslu, sem er sami aðili og uppboðshaldarinn í Keflavík, enda var hún lögð fram í uppboðsrétti Keflavíkur án athugasemda 18. október 1985.

Það liggur utan verksviðs þessa réttar að fjalla um það hvort uppboðsbeiðanda hafi verið eða séu tiltæk önnur úrræði til þess að koma fram kröfum sínum við meðferð þrotabús Heimis hf. í Keflavík. Eins og atvik þessa máls hafa orðið reynir ekki á ákvæði 2. tl. 24. gr., sbr. 1. tl. 73. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, enda er þrotabú Heimis hf. ekki lengur eigandi uppboðsandlagsins.

Samkvæmt 1. mgr. 199. gr., sbr. 202. gr., siglingalaga nr. 34/1985 helst sjóveðréttur áfram í skipi við frjálsa sölu innanlands. Í frumvarpi til laganna var gert ráð fyrir því að sjóveðréttur félli þó niður gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda, hafi áskilnaði um sjóveðrétt eigi verið þinglýst innan tíu vikna frá því að krafa stofnast. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að um algert nýmæli væri að ræða er ekki ætti sér hliðstæðu í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða, og væri sett í þeim tilgangi að auðvelda væntanlegum kaupendum skipa, sem selja skal en sem sjóveðréttur hvílir á, svo og samningsveðhöfum og öðrum sem hagsmuna hafa að gæta, að átta sig á þessum mikilvægu eignarhöftum sem skipi fylgja við sölu. Í meðförum Alþingis var þetta ákvæði þrengt þannig að nú fellur sjóveðréttur í skipi aðeins niður gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda skips, ef hann hefur verið staðfestur með dómi eða dómsátt og útdrætti úr dóminum eða dómsáttinni hefur ekki verið þinglýst innan sex vikna frá því að dómur var upp kveðinn eða dómsátt gerð. Slík staða er eigi fyrir hendi í því máli sem hér er til meðferðar. Ákvæði í kaupsamningi uppboðsþola og þrotabús Heimis hf., þess efnis að skiptaréttur muni greiða sjóveðs- og/eða lögveðskröfur af fé búsins, skiptir ekki máli í þessu sambandi og getur ekki losað kaupanda undan lögboðinni ábyrgð, enda væri hagsmunum lögveðshafa þannig stefnt í þá tvísýnu er lagaákvæði um réttar-

áhrif lögveða gera ekki ráð fyrir. Lögveð vegna vangreiddra iðgjalda Heimis hf. í Keflavík í Lífeyrissjóð sjómanna fylgdi þannig við sölu skipsins mb. Heimis KE-77 14. nóvember 1985, sem nú er mb. Guðmundur Einarsson ÍS-28.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið verður fallist á þá kröfu uppboðsbeiðanda, Tryggingastofnunar ríkisins, að fram skuli fara nauðungaruppboð á mb. Guðmundi Einarssyni ÍS-28, áður mb. Heimi KE-77, til lúkningar lögveðskröfu Lífeyrissjóðs sjómanna samkvæmt uppboðsbeiðni 4. júlí 1985. Eins og fram er komið verður ekki gerð krafa um að í uppboðsbeiðni sé krafa endanlega tiltekin í krónutölu. Í uppboðsbeiðninni 4. júlí 1985 er auk kröfu um greiðslu gjaldfallinnar fjárhæðar gerður áskilnaður um greiðslu þess iðgjalds sem á kann að falla til þess tíma að skipið verður selt auk áfallandi kostnaðar. Slíkur áskilnaður er í samræmi við þann tryggingarrétt er lögveði samkvæmt lögum nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna er ætlað að veita. Hinu sama gegnir um vexti af gjaldföllnum iðgjaldagreiðslum. Ekki er ágreiningur með aðilum málsins um útreikning höfuðstóls og vaxta. Framgangur uppboðsins skal því miðast við kröfugerð uppboðsbeiðanda og vera til lúkningar kr. 291.106,00 auk 2,25% dráttarvaxta á mánuði af kr. 208.014,50 frá 1. júlí 1986 til greiðsludags.

Rétt er að uppboðsþoli greiði uppboðsbeiðanda málskostnað fyrir þennan þátt málsins, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 20.000,00.

Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna uppboð á mb. Guðmundi Einarssyni ÍS-28 skal ná fram að ganga til lúkningar lögveðskröfu Lífeyrissjóðs sjómanna að fjárhæð kr. 291.106,00 auk 2,25% dráttarvaxta á mánuði af kr. 208.014,50 frá 1. júlí 1986 til greiðsludags.

Uppboðsþoli, Rækjuverksmiðjan hf. í Hnífsdal, greiði uppboðsbeiðanda, Tryggingastofnun ríkisins, kr. 20.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 2. febrúar 1988.

Nr. 56/1987. **Ingvi Óðinsson**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Haraldi Árnasyni
(Stefán Pálsson hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1987. Dómkröfur hans eru þessar:

Að stefndi verði dæmdur til að greiða 400.495,00 krónur ásamt 404.003,00 krónum í vexti fyrir tímabilið 1. janúar 1982 til 31. janúar 1985 og hæstu vanskilavöxtum af 400.495,00 krónum frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Verði áfrýjanda dæmt heimilt að leggja áfallna vexti eftir 1. febrúar 1985 við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986.

Að staðfest verði með dómi löghald, sem framkvæmt var hinn 2. júní 1986 í Ásabyggð 8, Akureyri, til tryggingar dómkröfum áfrýjanda.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfur sínar í málinu byggir áfrýjandi á ársreikningi Hamars sf. fyrir árið 1981 með nokkrum breytingum. Er meginbreytingin sú að inn í kröfugerðina eru tekin óbókfærð laun áfrýjanda fyrir tímabilið 1. júní 1980 - 31. desember 1981 ásamt vöxtum af hluta launanna svo og óbókfærð laun eiginkonu áfrýjanda frá því í maí 1979 til ársloka 1981 ásamt vöxtum af hluta launa hennar.

Ársreikningurinn fyrir árið 1981 er hvorki staðfestur af áfrýjanda né undirritaður eins og fyrir er mælt í 2. mgr. 18. gr. laga um bókhald nr. 51/1968.

Í skýrslu sem áfrýjandi gaf í fyrra máli því sem hann höfðaði á hendur stefnda og greint er frá í héraðsdómi, kvaðst hann líta svo á að stefndi hafi verið aðili að fyrirtækinu frá upphafi til ársloka 1980 að því er varðar þau verk er þeir höfðu byrjað á.

Stefndi kvaðst hafa hætt afskiptum sínum af fyrirtækinu í byrjun árs 1980 og í september það ár „hafi endanlega soðið upp úr".

Fyrir Hæstarétt hefur áfrýjandi lagt ársreikning Hamars sf. fyrir árið 1980, dags. 14. janúar 1981. Er hann undirritaður af Valtý Hreiðarssyni með svohljóðandi skýringum:

„Uppgjör þetta er bráðabirgðauppgjör, enn eru það mörg mál óleyst að ekki er hægt að ganga endanlega frá reikningum. Lausafjármunir hafa ekki verið endurmetnir né fyrndir. Kostnaður mun ekki allur kominn á Núpasíðu 6. Þar sem að eignaraðild er óljós eru ýmis atriði varðandi laun og þóknanir eiganda óútkljáð, gæti verið um nokkra kostnaðarlækkun að ræða. Vextir gjaldfallnir en ógreiddir hafa ekki verið reiknaðir utan þinggjöld 1980. Um nokkrar upphæðir getur verið um að ræða."

Þá ber ársreikningurinn einnig svohljóðandi áritun: „Bókhald þetta er unnið eftir framlögðum gögnum, endurskoðun varðandi réttmæti reikninga hefur ekki verið framkvæmd."

Stefndi hefur mótmælt því að skjali þessu verði gaumur gefinn þar sem það hafi ekki legið fyrir héraðsdómi og áfrýjandi hafi ekki haft uppi áskilnað í áfrýjunarstefnu um framlagningu þess fyrir Hæstarétti svo sem boðið sé í 45. gr. laga nr. 75/1973. Kemur skjal þetta því ekki til álita fyrir Hæstarétti samkvæmt greindu lagaákvæði.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið verður kröfugerð áfrýjanda á hendur stefnda ekki byggð á ársreikningi Hamars sf. fyrir árið 1981. Ekki liggja fyrir reikningsskil á þeim tíma sem málsaðilar slitu samvinnu sinni, en um þau tímamörk eru þeir ekki sammála. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Ingvi Óðinsson, greiði stefnda, Haraldi Árnasyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 30. janúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. janúar sl., hefur aðalstefnandi Ingvi Óðinsson, nnr. 4804-2856, Grundargerði 7 d, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnum útgefnum 13. desember 1985 og 4. janúar 1986 á hendur Haraldi Árnasyni, nnr. 3762-8379, Grundargerði 1 g, Akureyri og gagnsök hefur framangreindur Haraldur Árnason höfðað með stefnu, útgefinni 27. febrúar 1986, á hendur aðalstefnanda Ingva Óðinssyni.

Í aðalsök eru kröfur aðalstefnanda þær í stefnu að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 400.495,00 með 4,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 01.01. 1982 til 01.05. s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.11. s.á., með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.11. 1983, með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.12 s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.01. 1984, með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.02. s.á., með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á., með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.02. 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.03. s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.06. s.á., með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á. og með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól um hver áramót, í fyrsta sinn 01.01. 1983. Jafnframt er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning setti aðalstefnandi kröfur sínar þannig fram:

Aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 1.785.687,00 ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 1.273.219,00 frá 01.12. 1985 til 01.03. 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.04. s.á. og með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist að aðalstefnanda verði dæmt heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól hinn 01.01. 1986 og síðan á 12 mánaða fresti.

Til vara:

Að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 550.678,00 ásamt 45% ársvöxtum af kr. 400.495,00 frá 01.12. 1985 til 01.03. 1986, með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 01.04. s.á. og með 27% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist að aðalstefnanda verði dæmt heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól 01.02. 1986 og síðan á 12 mánaða fresti.

Að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 404.003,00

í vexti fyrir tímabilið 01.01. 1982 til 31.01. 1985. Í báðum tilfellum er þess krafist, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Þá krefst aðalstefnandi þess að staðfest verði með dómi löghald sem framkvæmt var hinn 2. júní 1986 í Ásabyggð 8, Akureyri, til tryggingar dómkröfum hans og að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda málskostnað í því máli samkvæmt gjaldskrá LMFÍ ásamt kostnaði öllum við framkvæmd löghaldsins samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur aðalstefnda í aðalsök eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi samkvæmt framlögðum reikningi, en til vara að kröfur aðalstefnanda verði stórlega lækkaðar og stefnda dæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda samkvæmt framlögðum reikningi.

Í gagnsök eru dómkröfur gagnstefnanda þær að gagnstefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 483.698,00 ásamt 4% dráttarvöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 01.05. 1982 til 01.11. s.á., 5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 21.10. 1983, 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 21.11. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.12. s.á., 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 21.01. 1984, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á., 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.02. 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.03. s.á., 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.06. s.á., 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 01.09. s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til greiðsludags. Þá krefst gagnstefnandi þess, að dráttarvextir leggist við höfuðstól árlega hinn 01.05. ár hvert, í fyrsta sinn 01.05. 1983. Að lokum krefst gagnstefnandi málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi.

Í gagnsök krefst gagnstefndi sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Helstu málsatvik, bæði í aðalsök og gagnsök, eru þau, að árið 1978 - 1980 ráku aðilar máls þessa byggingarfélag í sameignarformi undir nafninu Hamar sf. Skráðir eigendur firmans frá 1. maí 1978 til 1. júlí 1979 voru aðalstefnandi og Rögnvaldur Reynisson sem þá gekk úr félaginu. Var aðalstefnandi frá þeim tíma einn skráður eigandi. Aðalstefndi var hins vegar eigandi að félaginu með aðalstefnanda og rak það með honum og störfuðu báðir aðilar máls þessa hjá félaginu. Á árinu 1980 slitnaði upp úr samstarfi aðila og gekk aðalstefndi úr félaginu, en aðalstefnandi yfirtók eignir og skuldir félagsins og hélt rekstrinum áfram. Við félagsslitin reis upp ágreiningur milli aðila um ábyrgð aðalstefnda á rekstri félagsins og með dómi Hæstaréttar 6. desember 1984 var staðfestur dómur bæjarþings Akureyrar

um að aðalstefndi væri meðábyrgur með aðalstefnanda fyrir rekstri Hamars sf. Hefur aðalstefnandi höfðað mál þetta til heimtu hlutdeildar aðalstefnanda í taprekstri félagsins á þeim tíma er aðalstefndi var meðeigandi að því og eitt ár til viðbótar, þ.e. árið 1981. Hinn 2. júlí 1986 fékk aðalstefnandi framkvæmt löghald í eign aðalstefnda, Ásabyggð 8, Akuryeri, til tryggingar dómkröfum sínum og er aðalsökin einnig höfðuð til staðfestingar þess löghalds.

Gagnsök hefur gagnstefnandi höfðað til innheimtu á helmingi krafna er hann telur sig eiga á Hamar sf. frá þeim tíma er hann var aðili að þeim rekstri.

Kröfur sínar í aðalsök byggir aðalstefnandi á því að aðalstefndi sé meðábyrgur að hálfu fyrir taprekstri félagsins fram til félagsslita, þ.e. ársloka 1980, og síðan áfram árið 1981 meðan unnið var að verkefnum í samræmi við samninga sem gerðir voru fyrir félagsslit en ólokið og tap varð á á árinu 1981. Byggir aðalstefnandi kröfur sínar í aðalatriðum á ársuppgjöri sínu og Hamars sf. fyrir árið 1981 og reikningum fyrir laun sín og eiginkonu sinnar á árunum 1980 og 1981.

Aðalstefndi hefur mótmælt því að ársuppgjör fyrir árið 1981 verði lagt til grundvallar skuldaskilum aðila, þar sem hann beri ekki ábyrgð á rekstrinum nema til ársloka 1980. Byggir hann sýknukröfu sína á því að allar kröfur á hendur sér vegna taprekstrar fram til ársloka 1980 séu fyrndar, sbr. lög nr. 14, 1905. Kröfur aðalstefnanda vegna rekstrarins 1981 séu sér óviðkomandi.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þá grein fyrir kröfum sínum, að hluta til sé um að ræða kröfur vegna vangoldinna launa, vegna vinnu hans hjá Hamri sf. á árunum 1978 - 1980, en að hluta til sé um að ræða reikninga á Hamar sf. vegna ýmissar hönnunarvinnu, sem Tækniteiknistofan sf. hafi unnið fyrir Hamar sf., en gagnstefnandi hafi verið aðili að Tækniteiknistofunni sf. og greitt reikninga þessa fyrir Hamar sf. Hefur gagnstefnandi lagt fram í málinu reikninga þessa ásamt sundurliðun á launakröfu sinni.

Í gagnsök byggir gagnstefndi sýknukröfu sína í fyrsta lagi á þeirri málsástæðu að gagnstefnandi hafi engar kröfur átt á hendur Hamri sf. er rekstri félagsins lauk. Er reikningum gagnstefnda mótmælt sem tilbúningi. Gagnstefnanda hafi á árinu 1979 verið greitt að fullu fyrir teiknivinnu vegna byggingaframkvæmda félagsins. Er launakröfu gagnstefnanda mótmælt sérstaklega sem vanreifaðri. Þá byggir gagnstefndi sýknukröfu sína ennfremur á því að kröfur gagnstefnanda séu fyrndar.

Aðalsök.

Ágreiningslaust er að slit aðila á sameignarfélaginu Hamri sf. hafi farið fram á árinu 1980 og þá í síðasta lagi í árslok samkvæmt framburði aðal-

stefnanda sjálfs. Við félagsslitin yfirtók aðalstefnandi eignir og skuldir félagsins og hélt áfram rekstrinum.

Dómurinn lítur svo á, að rekstur fyrirtækisins sé aðalstefnda óviðkomandi eftir félagsslitin þar sem samningur um annað er ekki fyrir hendi. Eftir félagsslit gat aðalstefndi hvorki gert tilkall til arðs né borið skyldu til þátttöku í tapi vegna rekstrar aðalstefnanda.

Í málinu hefur ekki verið lagt fram reikningsuppgjör Hamars sf. við félagsslitin og verður því ekki séð hver hluti kröfu aðalstefnanda verður rakinn til rekstrar Hamars sf. fyrir félagsslit. — Stefna í aðalsök var birt aðalstefnda hinn 17. desember 1985. Eru kröfur aðalstefnanda því fyrndar að því leyti, sem þær eru vegna rekstrarins fyrir félagsslitin, sbr. lög nr. 14/1905.

Kröfur aðalstefnanda eru allar ýmist vegna rekstrar félagsins fyrir félagsslit eða vegna rekstrar aðalstefnanda eftir að félagsskapnum lauk og eru því samkvæmt framansögðu ýmist fyrndar eða aðalstefnda óviðkomandi. Ber því að sýkna aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök og synja um staðfestingu á gerðu löghaldi.

Gagnsök.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök eru allar byggðar á viðskiptum við sameignarfélag aðila Hamar sf. áður en því félagi var slitið, í síðasta lagi í árslok 1980.

Stefna í gagnsök var þingfest án birtingar hinn 27. febrúar 1986 og eru kröfur gagnstefnanda því fyrndar sbr. lög nr. 14/1905. — Verður gagnstefndi því sýknaður af kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður bæði í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dómsorð:

Í aðalsök á aðalstefndi, Haraldur Árnason, að vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Ingva Óðinssonar.

Synjað er um staðfestingu löghalds í Ásabyggð 8, Akureyri, dags. 2. júní 1986.

Í gagnsök á gagnstefndi, Ingvi Óðinsson, að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Haralds Árnasonar.

Málskostnaður, bæði í aðalsök og gagnsök, fellur niður.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1988.

Nr. 304/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason hrl.)
gegn
Guttormi Pétri Einarssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Tilbúningur og sala áfengis. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1987 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til refsiákvörðunar og staðfestingar um upptöku.

Ágrip dómsgerða bárust Hæstarétti 11. desember 1987.

Úrslit máls þessa ráðast af skýringu á 1. mgr. 7. gr. og 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

7. gr. 1. mgr. er þannig:

„Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar."

Ákærði stóð fyrir því að á vegum „Bjórsamlags Ámunnar" var tekið við áfengisflöskum, sem menn höfðu keypt í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Þetta áfengi var notað til að blanda því saman við önnur efni, þar á meðal bjór, sem ekki náði styrkleikanum 2,25% af vínanda og var því ekki áfengi eftir lögum nr. 82/1969. Þeir sem með áfengið komu greiddu fyrir þennan bjór og önnur efni svo og fyrir þá þjónustu, sem þeim var veitt. Drykkurinn, sem þeir síðan fengu afhentan, hafði sérstaka eiginleika, aðra en þá sem hið framlagða áfengi hafði, og þau efni sem ákærði sá um að útvega. Var sú staðreynd grundvöllur þessarar starfsemi á vegum ákærða. Í málflutningi sínum taldi saksóknari, að það skipti mestu um skýringu á því ákvæði, sem hér er fjallað um, að í raun hefði verið um nýjan drykk að ræða. Af hálfu ákærða var aftur á móti lögð á það áhersla, að enginn vínandi hefði verið framleiddur heldur aðeins farið fram blöndun, og væri þess vegna eigi unnt að

tala um að áfengi hefði verið bruggað eða búið til. Myndi og að áliti ákærða, ef svo yrði talið, margs konar algeng vínblöndun á veitingahúsum og á heimilum, svo og önnur algeng notkun áfengis, svo sem við matargerð, fela í sér brot á 7. gr. 1. mgr. áfengislaga, en sú niðurstaða sé fjarstæð. Skýring eftir orðanna hljóðan bendir til að hinn fyrri skýringarkostur sé réttur, því að á vegum ákærða var áfengur drykkur búinn til. Þá styrkir það þessa niðurstöðu hver er tilgangur áfengislaganna, en hann kemur fram í 1. gr. þeirra eins og í héraðsdómi greinir. Ber því að sakfella ákærða fyrir brot á 7. gr. 1. mgr. laganna. Það fær ekki hnekkt þessari niðurstöðu, að ýmiss konar vínblöndun og notkun áfengis við veitingar og annað verður ekki felld undir lagaákvæði það, sem hér er til meðferðar. Skilur þar á milli að ákærði vann að því að búa til áfengan drykk í atvinnuskyni en ekki á þann hátt, sem bersýnilega eftir eðli máls og langri lagaframkvæmd fellur utan hins umdeilda lagaákvæðis.

18. gr. áfengislaganna er þannig:

„Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir."

Eins og þegar er að vikið stóð ákærði fyrir því, að menn fengu afhentan áfengan drykk gegn greiðslu fyrir nokkur efni, er til hans þurfti, og gegn greiðslu fyrir þjónustu sem veitt var þegar hann var búinn til. Hann lét því af hendi áfengi til annarra manna gegn gjaldi og braut þannig þessa lagagrein. Verður hann því sakfelldur eftir ákærunni um þetta atriði.

Samkvæmt þessu ber að fallast á þá niðurstöðu sakadóms, að ákærði verði sakfelldur fyrir þau brot, sem í ákæru greinir. Hvorki eru efni til að láta refsingu niður falla eftir 74. gr. né 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 50.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing 25 daga varðhald.

Eftir 8. gr. áfengislaga ber að fallast á kröfu þá um upptöku, sem fram kemur í ákæru. Er þar m.a. krafist upptöku á 125 l áfengis ásamt ílátum. Af málsgögnum verður ráðið, að hinn 15. febrúar 1985 hafi verið lagt hald á 175 lítra og ílát, en dómur getur aðeins gengið um það magn og þau ílát, sem í ákæru greinir.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Guttormur Pétur Einarsson, greiði 50.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 25 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptækir skulu vera til ríkissjóðs 125 lítrar af áfengi með ílátum, drykkjarvörukælir með tveimur kælirásum, kolsýruflaska, plastkútur til átöppunar, þrýstislöngur, stútar og mælar, sem hald var lagt á 15. febrúar 1985.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 25.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Sératkvæði
Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Í 7. gr. áfengislaga nr. 82/1969 segir: „Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva ...“

Í mæltu máli er ekki gerður merkingarlegur munur á þessum tveim hugtökum, að brugga og búa til áfengi. Talað er um bjórbruggara, vínbruggara, landabruggara o.s.frv. Þessi tvítekning í 7. gr. laganna virðist ekki þjóna öðru markmiði en sem áhersluatriði.

Tilbúningur áfengis (bruggun) er lífefnafræðilegur þróunarferill sem felur í sér gerjun ákveðinna efna, sem breytir sykri (sykurtegundum) í alkóhól og kolsýru (öl, vín), en við eimingu þessa vökva, sem þannig verður til, verður til sterkt áfengi. Einnig þekkist efnafræðileg framleiðsla alkóhóls. Samkvæmt þessu getur blöndun áfengisvökva við önnur efni, svo sem annan áfengisvökva, vatn, gosdrykki, óáfengan bjór o.s.frv., ekki verið tilbúningur áfengis (bruggun). Hvergi í lögum er slík blöndun áfengra drykkja bönnuð.

Ákærði blandaði tveim tegundum áfengis við óáfengan bjór, auk þess sem hann setti út í blöndunina bragð- og fyllingarefni. Þetta

er ekki tilbúningur áfengis samkvæmt því sem lýst hefur verið, heldur blöndun. Til áréttingar þessum skilningi má benda á að hann fær stuðning í ákvæði 3. ml. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 312/1985 um breyting á reglugerð nr. 335/1983 um sölu og veitingar áfengis. Ákvæðið bannar að framreiða öl, sem áður hefur verið blandað áfengi, á veitingastöðum. Óþarft var að setja slíka bannreglu, ef það hefði verið skilningur reglugerðargjafans (dómsmálaráðherra) að þessi blanda (bjórlíki) væri tilbúningur áfengis, því að þá hefði dugað að beita 7. gr. l. nr. 82/1969 til að hefta slíka veitingastarfsemi. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna ákærða af þeim hluta ákærunnar, er lýtur að broti á 7. gr. laga nr. 82/1969.

Forsenda fyrir upptökukröfunni í ákærunni samkvæmt 8. gr. l. nr. 82/1969 er sakfelling samkvæmt 7. gr. laganna. Þar sem slíku er ekki til að dreifa ber að sýkna ákærða af upptökukröfunni.

Viðskiptum þegnanna með áfengi eru settar mjög þröngar skorður í lögum og yfirleitt háðar leyfum, sbr. IV. kafla l. nr. 82/1969. Ákærði hafði ekkert slíkt leyfi. Þar sem blöndunarstarfsemi ákærða tengdist áfengi og afhendingu þess gegn gjaldi er ég samþykkur atkvæði meirihlutans um að ákærði hafi brotið gegn 18. gr. l. nr. 82/1969. Áður en ákærði hófst handa um þessa blöndunarstarfsemi sína virðist hann hafa kannað sérstaklega lögmæti hennar. Hann beitti sér fyrir því að fyrirtækið Hafplast sf., sem hann er eigandi að ásamt öðrum, stofnaði í janúar 1985 þjónustusamlag undir heitinu: Bjórsamlag Ámunnar, og tilkynnti stofnun þess til firmaskrár Reykjavíkur. Í tilkynningu þessari kom fram, að markmið samlagsins var að annast blöndun á áfengum drykkjarföngum fyrir samlagsmenn. Ákærði lagði þannig enga dul á blöndunarstarfsemina, enda taldi hann hana hvíla á löglegum grunni. Samkvæmt þessu og með heimild í 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um niðurfelling refsingar.

Ég er samþykkur ákvörðun meirihlutans um sakarkostnað.

Dómsorð:

Refsing ákærða Guttorms Péturs Einarssonar skal niður falla.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 25.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. júlí 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 1. júlí, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 422/1987: Ákæruvaldið gegn Guttormi Pétri Einarssyni, sem tekið var til dóms 26. fyrra mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 12. apríl 1985, gegn ákærðum „Guttormi Pétri Einarssyni forstjóra, Kleifarási 13, Reykjavík, fæddum 15. mars 1938 í Vestmannaeyjum, fyrir áfengislagabrot, með því að hafa í febrúarmánuði 1985 búið til í húsakynnum fyrirtækja sinna, Hafplasts sf. og Verslunarinnar Ámunnar, Ármúla 21, Reykjavík, 580 lítra af áfengum drykk sem innihélt hreinan vínanda á bilinu 4,97 - 5,2% af rúmtaki og síðan á tímabilinu 7. febrúar fram til 15. febrúar, að hald var lagt á hluta áfengisins ásamt ílátum og tækjum, afhent eftirgreindum mönnum þar áfengið gegn því gjaldi sem greint verður:

1. Sigurði Breiðfjörð Finnbogasyni, Mávahlíð 35, Reykjavík, 5 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 450,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.
2. Kjartani Blöndal, Sólbraut 1, Seltjarnarnesi, 50 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 4.500,00 í peningum og afhendingu á fimm flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.
3. Ólöfu Sigríði Pálsdóttur, Spóahólum 10, Reykjavík, 50 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 4.500,00 í peningum og afhendingu á fimm flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.
4. Jónasi Sigurðssyni, Kleppsvegi 20, Reykjavík, 25 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 2.400,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.
5. Aðalbirni Þór Kjartanssyni, Stórageröi 10, Hvolsvelli, 25 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 2.250,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.
6. Sveini Valdimar Lýðssyni, Meistaravöllum 8, Reykjavík, 10 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 900,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.
7. Guðlaúgi List Pálssyni, Kópavogsbraut 43, Kópavogi, 5 lítra af

áfenginu gegn greiðslu á kr. 450,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

8. Jóni Garðari Ögmundssyni, Skaftahlíð 3, Reykjavík, 50 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 4.500,00 í peningum og afhendingu á 5 flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

9. Sigurði Ármanni Sigurjónssyni, Hvassaleiti 16, Reykjavík, 25 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 2.250,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

10. Garðari Skarphéðinssyni, Vesturholti, Stöðvarfirði, 5 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 450,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

11. Reynald Þráni Jónssyni, Sæviðarsundi 23, Reykjavík, 50 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 4.500,00 í peningum og afhendingu á fimm flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

12. Áka Sigurðssyni, Túngötu 20, Súðavík, 10 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 900,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

13. Birgi Kristinssyni, Oddnýjarbraut 1, Sandgerði, 25 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 2.250,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 7. gr. og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku samkvæmt 8. gr. áfengislaga, sbr. 2. gr. laga nr. 84, 1971, á 125 lítrum af áfenginu ásamt ílátum, drykkjarvörukæli með tveimur kælirásum, kolsýruflösku, plastkút til átöppunar, þrýstislöngum, stútum og mælum, sem lögreglan lagði hald á í Ármúla 21, Reykjavík þann 15. febrúar 1985, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærðs hefur hann sætt kærum og refsingum svo sem hér segir:

1958 11/9 í Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1959 28/12 í Vestm.eyjum. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1960 28/8 í Vestm.eyjum. Sátt: 250 kr. sekt fyrir ölvun.
1961 29/7 í Vestm.eyjum. Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfl.
1963 26/1 í Vestm.eyjum. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 22/3 í Vestm.eyjum. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 13/4 í Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 5/3 í Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1978 16/3 í Reykjavík. Sátt: 90.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökul. í 12 mán. frá 4/2 1978.

1980 27/11 í Reykjavík. Dómur: 1.200.000 kr. sekt f. brot g. 32. gr. l. nr. 120, 1976.

1982 23/4 í Reykjavík. Sátt: 1.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 22. janúar 1985 stofnaði ákærður fyrirtækið Bjórsamlag Ámunnar. Samkvæmt 3. gr. stofnsamnings var tilgangur þess „að veita þjónustu til samlagsmanna við blöndun á áfengum drykkjarföngum sem gerð eru áfeng með löglega fengnu áfengi úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins."

Í 4. gr. stofnsamnings segir: „Samlagið sjálft hefur enga milligöngu um kaup, sölu eða veitingu áfengis í einu eða öðru formi, samkvæmt skilgreiningu íslenskra laga um áfengi, en leggur einungis til þau óáfengu drykkjarföng sem hið fram lagða áfengi samlagsmanna er blandað í."

Þá segir í 5. gr. stofnsamningsins meðal annars: „Samlagið tekur ekki greiðslu fyrir meðhöndlun þess áfengis sem samlagsmenn leggja fram, ... Samlagið innheimtir einungis gjöld fyrir þau óáfengu drykkjarföng sem notuð eru í blöndun fyrir samlagsmenn; fyrir meðferð þeirra og framleiðsluleyndarmál íblöndunarefna, auk umbúða."

Loks segir í 6. gr. stofnsamnings Ámunnar meðal annars: „Samlagsmenn geta allir landsmenn orðið sem náð hafa lögskyldum aldri og halda fullum réttindum til kaupa á áfengi úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Samlagsmenn eru einungis ábyrgir fyrir skuldbindingum samlagsins með framlögðu áfengi sínu ..."

Hinn 4. febrúar 1985 kom lögregla í húsakynni Ámunnar að Ármúla 21 í Reykjavík. Ákærður skýrði henni frá starfsemi þeirri sem á döfinni væri og lét í té ýmis gögn því viðvíkjandi. Lögregla sendi ríkissaksóknara þau næsta dag ásamt könnunarskýrslu sinni.

Að eigin sögn hóf ákærður starfrækslu Bjórsamlags Ámunnar hinn 7. febrúar 1985. Var henni fram haldið til 15. sama mánaðar, en þá birtist lögregla að nýju á starfsstað ákærðs og lagði hald á áfengisbirgðir og vinnslutæki samkvæmt bréflegum fyrirmælum ríkissaksóknara degi fyrr. Lauk þar með þessari starfrækslu Bjórsamlags Ámunnar.

Ákærður hefur fyrir dómi skýlaust játað, að hann hafi á nefndu tímabili blandað 580 lítra af drykk, sem hafði inni að halda hreinan vínanda á bilinu frá 4,97 að 5,2% að rúmtaki. Hann kannaðist einnig við að hafa afhent drykk þennan mönnum þeim sem í ákæru eru nafngreindir, eftir að þeir lögðu fram áfengi sem þeir höfðu sjálfir áður keypt löglega hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, og jafnframt goldið ákærðum fyrir aðföng, vinnu og hæfilega álagningu, að hans mati. Þessi játning ákærðs er studd framburðum fyrrnefndra aðila sem staðfest hafa hjá lögreglu og fyrir dómi að þeir hafi á nefndum tíma gerst samlagsmenn í Ámunni, meðal annars eftir

auglýsingum í dagblöðum, lagt ákærðum til löglega keypt áfengi, greitt honum þóknun sem hann ákvað og borið úr býtum áfengisblöndu, allt svo sem rækilega er lýst í ákæru.

Gögn málsins og vætti vitna bera með sér að nokkrar vélritunarvillur hafa slæðst inn í ákæru. Þannig greiddu Aðalbjörn Þór Kjartansson og Birgir Kristinsson, hvor um sig, ákærðum 2.350,00 krónur, og þeir Sveinn Valdimar Lýðsson og Áki Sigurðsson hvor um sig 950,00 krónur. Loks áskotnuðust Guðlaugi List Pálssyni 25 lítrar af vínblöndunni, galt enda 2.250,00 krónur fyrir. Vélritunarskekkjur þessar verða ekki skýrðar ákærðum í óhag.

Af hálfu ákærðs er því meðal annars haldið fram, að ekki komi til greina, „að samblöndun áfengra og óáfengra drykkja geti talist „tilbúningur áfengis" í skilningi III. kafla laga nr. 82/1969. Ef svo væri hlyti öll starfsemi á sviði áfengisveitinga að fara gegn ákvæðinu (t.d. starf barþjóns að gerð kokteils) ..." Þá er talið fráleitt að starfsemi Bjórsamlags Ámunnar geti farið gegn 18. gr. áfengislaga, „fyrst og fremst vegna þess að hjá samlaginu er aðeins meðhöndlað áfengi sem samlagsmaðurinn hefur sjálfur komið með og á".

Í 1. gr. áfengislaga nr. 82 1969 er berum orðum tekið fram að tilgangur laganna sé „sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara". Eru þannig í lögunum settar þröngar skorður við tilbúningi áfengis og allri meðferð þess í landinu, meðal annars í formi leyfa og opinbers eftirlits.

Ákærður stofnaði og starfrækti í hagnaðarskyni fyrirtæki til að blanda áfengi. Hann hafði hvorki vínveitingaleyfi né sérstakt leyfi stjórnvalda til starfseminnar, og hún sætti engu eftirliti.

Talið verður að háttsemi ákærðs, sem sönnuð er með eigin játningu hans, vættum vitna og öðrum gögnum málsins, varði við lagaákvæði þau sem í ákæru eru rakin, sbr. og 5. gr. laga nr. 52, 1978, en eftir öllum atvikum og með vísan til 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, þykir mega ákveða að refsing í málinu falli niður.

Samkvæmt 8. gr. áfengislaga verða tæki þau og áfengi sem málinu fylgja gerð upptæk til ríkissjóðs.

Loks ber að dæma ákærðan til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 25.000,00.

Dómsorð:

Refsing ákærðs, Guttorms Péturs Einarssonar, skal niður falla.

Áfengi og tæki, sem málinu fylgja, skulu upptæk til ríkissjóðs.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun

Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 25.000,00.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1988.

Nr. 25/1988. **Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
gegn
þrotabúi Byggingafélagsins Reynis hf.

Kærumál. Úrskurður um að mál skuli hafið felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðilar kærðu 18. janúar 1988 með heimild í 21. gr. 1. mgr. 1. tl. b og 2. tl. laga nr. 75/1973 til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 12 s.m. um að hefja ex officio skiptaréttarmál nr. 28/1984. Þeir krefjast þess að úrskurðinum verði hrundið og að lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka málið nú þegar til efnisúrlausnar. Ekki er gerð krafa um kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki gert kröfur eða skilað greinargerð.

Sóknaraðilar lýstu á sínum tíma kröfum í þrotabú það, sem er varnaraðili máls þessa. Þá var til meðferðar á bæjarþingi mál, sem byggingafélagið hafði höfðað gegn sóknaraðilum. Það ágreiningsmál var flutt í skiptarétti, en vísað tvívegis frá dómi þar og þá enn höfðað bæjarþingsmál, nú í þrotabúsins nafni. Er ekki fram komið að því bæjarþingsmáli sé lokið. Eftir 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 mega sóknaraðilar draga frá skuld eftir hugsanlegum bæjarþingsdómi það, sem þeir eiga hjá þrotabúinu. Að lögum er þeim þó ekki skylt að leggja það í úrlausn bæjarþingsins, hve mikið það

er, en þeir eiga hins vegar rétt á að skiptaréttur taki um það ákvörðun eftir 16. kafla laga nr. 6/1978.

Eftir þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 12. janúar 1988.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 18. desember 1987.

Með úrskurði réttarins uppkveðnum 25. apríl 1984 var bú Byggingafélagsins Reynis hf., Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur skiptaráðandi frá upphafi farið sjálfur með málefni búsins. Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom hinn 11. maí 1984. Á síðasta degi kröfulýsingarfrests lýsti sóknaraðili máls þessa kröfu í búið, samtals að fjárhæð kr. 10.618.511,00 auk vaxta frá upphafsdegi skipta til skiptaloka. Er sú grein gerð fyrir kröfu þessari í kröfulýsingu, að hún eigi rót að rekja til viðskipta ríkisins við hið gjaldþrota félag um byggingu svonefnds Hugvísindahúss Háskóla Íslands og málshöfðunar sem hið gjaldþrota félag hafði efnt til síðla árs 1982 vegna þeirra viðskipta. Var kröfunni lýst í búið sem almennri kröfu.

Þegar búið var tekið til skipta hafði félagið þegar höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur sóknaraðiljum þessa máls vegna ágreinings um uppgjör vegna verksamnings um áðurnefnda húsbyggingu. Á fyrsta skiptafundi í búinu var gert samkomulag milli málsaðilja um að bæjarþingsmálið skyldi hafið og málið flutt í óbreyttu horfi til meðferðar hér fyrir rétti og að um kröfur ríkissjóðs í búið yrði í því máli fjallað sem gagnsök. Var þetta gert og málið þingfest í skiptarétti Reykjavíkur 14. nóvember 1984 og var þrotabúið sóknaraðili þess en menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs varnaraðiljar. Gagnsökin var síðan þingfest í réttinum 21. sama mánaðar.

Með úrskurði réttarins uppkveðnum 26. apríl 1985 var aðalsök málsins vísað frá dómi vegna annmarka á málatilbúnaði og málsreifun. Þeim úrskurði var ekki skotið til Hæstaréttar. Ekki hefur hins vegar verið leyst úr gagnsök málsins. Teljast menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs því nú vera sóknaraðiljar málsins, en þrotabú Byggingafélagsins Reynis hf. varnaraðili.

Af hálfu þrotabúsins hefur verið skilað greinargerð í máli þessu og þess þar krafist, að öllum kröfum sóknaraðilja verði hafnað.

Hvorir tveggja málsaðilja hafa krafist málskostnaðar í málinu úr hendi gagnaðilja.

Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður fékk á fyrsta skiptafundi í þrotabúinu heimild til að reka áfram á eigin áhættu og kostnað bæjarþingsmál það, sem áður var rakið. Eftir að því máli hafði verið vísað frá skiptaréttinum tvívegis vegna annmarka á málatilbúnaði og málsreifun hefur lögmaðurinn nú höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til heimtu umræddrar kröfu þrotabúsins á hendur sóknaraðiljum máls þessa. Er því nú komin upp sú staða, að mál hefur verið höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til heimtu þeirrar kröfu, sem upphaflega var fjallað um í aðalsök þessa máls, en gagnsök þessa máls, sem varðar kröfur stefndu í bæjarþingsmálinu út af sömu lögskiptum og þeim sem bæjarþingsmálið tekur til, er til meðferðar hér fyrir réttinum.

Viðleitni dómarans til að sætta málsaðilja hefur engan árangur borið.

Með auglýsingu sem birtist í Lögbirtingablaði, sem út kom 26. ágúst 1987 boðaði skiptaráðandi til skiptafundar í þrotabúi Byggingafélagsins Reynis hf. til að gera grein fyrir stöðu málaferla búsins á hendur ríkissjóði vegna byggingar Hugvísindahúss Háskóla Íslands og til að taka ákvörðun um framhald skiptameðferðar á búinu.

Á þeim skiptafundi lýsti skiptaráðandi því viðhorfi sínu, að tímabært væri að ljúka skiptum á þrotabúinu með úthlutun eigna þess upp í viðurkenndar forgangskröfur, en ljóst væri að engar eignir væru í búinu til úthlutunar upp í almennar kröfur. Ef bæjarþingsmálið gegn ríkissjóði ynnist, mætti endurupptaka skiptameðferðina og úthluta þeim eignum, sem þannig bættust búinu. Heimild til slíkrar málsmeðferðar er í 126. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Af hálfu sóknaraðilja máls þessa var mætt á skiptafundinum og þessu viðhorfi mótmælt. Vakti sóknaraðili athygli á því, að meðferð þessa máls væri ólokið og að ekki væri tímabært að ljúka skiptameðferð búsins fyrr en meðferð ágreiningsmáls þessa væri lokið. Féllst skiptaráðandi á þessa skoðun sóknaraðilja. Samdægurs þingaði skiptaráðandi í þessu máli og beindi því til sóknaraðilja að hann tjáði sig um formhlið þess, þ.e. hvort ástæða væri til að hefja málið í ljósi þess að nýtt mál hafi verið höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur vegna umræddrar kröfu þrotabúsins og sóknaraðiljar þessa máls geti í því máli komið að öllum þeim kröfum og málsástæðum, sem þeir hafi sett fram í þessu máli, sem sýknuástæðum.

Sóknaraðiljar hafa í skriflegri greinargerð af þessu tilefni gert grein fyrir þeirri skoðun sinni, að ekki geti komið til mála að fella meðferð þessa máls niður. Telja þeir að samkvæmt reglum um litispendens áhrif þingfestingar og reglum um lögsögu skiptaréttar um úrlausn krafna á hendur þrotabúi muni þær kröfur, sem ríkissjóður lýsti í þrotabúið ekki komast að sem

gagnkrafa í hinu nýja bæjarþingsmáli. Gildi þá einu hvort hún sé sett fram til skuldajafnaðar eða til sjálfstæðs dóms.

Sóknaraðiljar benda á að bæjarþing Reykjavíkur sé dómstóll hliðsettur skiptarétti Reykjavíkur. Ætla megi að hér hafi móttaka kröfulýsingar við skiptarétt Reykjavíkur sömu áhrif að þessu leyti og þingfesting máls fyrir bæjarþingi. Meðan skiptaréttur Reykjavíkur hafi kröfuna til umfjöllunar, hljóti þeirri sömu kröfu að verða tafarlaust vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur. Sé alveg ljóst að allar kröfur ríkissjóðs á hendur þrotabúinu hafi komið fram í umræddri kröfulýsingu, en ekki sé um að ræða neinar aðrar kröfur, sem hægt sé að koma að fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Kröfum sóknaraðilja í þessu máli hafi verið mótmælt. Sé því vandséð hvernig bæjarþing Reykjavíkur geti leyst úr réttmæti krafna sóknaraðilja í búið og þar með tekið afstöðu til atriða, sem ótvírætt heyri undir valdsvið skiptaréttar að leysa úr.

Af hálfu þrotabúsins hafa ekki verið gerðar sjálfstæðar kröfur í þessum þætti málsins.

II.

Við skiptameðferð þrotabús Byggingafélagsins Reynis hf. hefur verið tekin formlega afstaða til allra þeirra krafna, sem til álita gátu komið sem forgangskröfur. Hins vegar hefur ekki verið tekin afstaða til annarra krafna, þar sem ljóst þykir að ekkert muni koma upp í slíkar kröfur nema umrætt bæjarþingsmál á hendur ríkissjóði vinnist. Hefur enginn kröfuhafa í búinu gert athugasemdir vegna þeirrar málsmeðferðar, ef ágreiningsefni þessa máls er frátalið.

Samkvæmt meginreglu 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 getur hver sá, er skuldar þrotabúi, dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Frá þessari reglu eru að vísu nokkrar undantekningar, en þær eiga ekki við hér.

Sýnt þykir að við meðferð dómsmáls þess, sem nú hefur verið höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til heimtu á umræddri kröfu þrotabúsins á hendur sóknaraðiljum máls þessa, geti stefndu í því máli í skjóli þessa lagaákvæðis borið fram sem sýknuástæður allar þær kröfur og málsástæður, sem settar eru fram í kröfugerð þeirra í þessu máli, verði þetta sérstaka skiptaréttarmál hafið. Getur úrlausn skiptaréttar um kröfur sóknaraðilja í þessu máli því eins og hér stendur á ekki þjónað öðrum tilgangi en þeim að verða álitsgerð um lögfræðileg efni, sem jafnframt yrði þá bindandi dómsúrlausn um gagnkröfur í máli, sem rekið er fyrir öðrum dómstóli. Er slík málsmeðferð andstæð meginreglum réttarfars, sbr. 67. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Að vísu getur hinn almenni dómstóll í héraði ekki fjallað um gagnkröfur stefndu í slíku máli sem gagnsök

til sjálfstæðs dóms, þar sem slíkar kröfur á að bera upp við skiptaráðanda í viðkomandi búi, en hinn almenni dómstóll hefur frjálst sönnunarmat um þær sem sýknuástæður. Sóknaraðili máls þessa hefur enga hagsmuni af því að fá úr því skorið, hvort hann eigi hærri kröfur á hendur búinu vegna umræddra lögskipta heldur en búið kann að eiga á hendur honum, þar sem sýnt er að hann muni við þær aðstæður ekkert hljóta upp í slíka kröfu við skipti þrotabúsins.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er það niðurstaða máls þessa, að sóknaraðiljar hafi ekki lögvarða hagsmuni af frekari meðferð máls þessa hér fyrir rétti og verður því málið hafið ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Mál þetta er hafið ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1988.

Nr. 331/1986. **Hf. Eimskipafélag Íslands**
(Pétur Guðmundsson hrl.)
gegn
Hagtryggingu hf.
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Verktrygging. Samningar. Túlkun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1986. Hann krefst greiðslu á 406.805,83 krónum með vöxtum sem séu 1% lægri en víxilvextir Landsbanka Íslands á hverjum tíma frá 27. ágúst 1985 til dómsuppsögudags, en með dómvöxtum frá

þeim tíma til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Það er ranghermt í rökstuðningi hins áfrýjaða dóms, að óumdeilt sé, að verktryggingin taki ekki til óbeins tjóns. Hins vegar verður orðalag hennar „að bæta galla sem fram kunna að koma á verkinu", ekki skýrt á annan hátt en þann, að slíkt tjón falli utan verktryggingarinnar. Eigi er unnt að fallast á það, að greiðslur þær, er áfrýjandi krefur stefnda um, séu til að bæta galla, sem fram hafi komið á verkinu sjálfu.

Áfrýjandi getur því eigi reist kröfur sínar í máli þessu á verktryggingarskjali því, er stefndi gaf út 17. október 1984.

Hvort áfrýjandi kunni hins vegar að eiga skaðabótakröfu á hendur verktakanum vegna þess tjóns, sem hann telur sig hafa beðið í þessu máli, er eigi til úrlausnar hér. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda gert að greiða stefnda 85.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Hagtryggingu hf., 85.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Vegna ummæla í héraðsdómi þess efnis, að óumdeilt sé, að verktryggingin taki ekki til óbeins tjóns skal tekið fram, að í greinargerð lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti segir:

„Málsástæður og lagarök:

Byggt er á sömu rökum fyrir Hæstarétti eins og byggt var á í héraði og fram koma í stefnu og greinargerð á bls. 1 - 4 í ágripi. Jafnframt vísast til forsendna hins áfrýjaða dóms á bls. 62 - 63 í ágripi."

Með vísan til framanritaðs sbr. og 2. tl. 44. gr. laga nr. 75/1973 er skýlaust að málið er af áfrýjanda hálfu reist á þeim málsástæðum sem greindar eru í stefnu og greinargerð í héraði, enda ekki annað fram komið í skjölum málsins.

Að þessu athuguðu þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísun til forsendna hans.

Um málskostnað er vísað til atkvæðis meirihluta dómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. september 1986.

Mál þetta sem dómtekið var í dag er höfðað með réttarstefnu, sem var útgefin 10. september 1985 og þingfest 26. s.m. af Hf. Eimskipafélagi Íslands, nnr. 1784-9298, Reykjavík, á hendur Hagtryggingum hf., nnr. 3525-1138, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, til greiðslu á kr. 1.000.000,00 með vöxtum sem séu 1% lægri en víxilvextir Landsbanka Íslands á hverjum tíma, sbr. 24. gr. l. 20/1954, frá 27. ágúst 1985 fram til dómsuppkvaðningar í málinu, en síðan með almennum dómvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. taxta LMFÍ.

Með bókun í þinghaldi 10. júní sl. lækkaði stefnandi höfuðstól dómkröfu sinnar, með vísan til dómskjals nr. 14, yfirlits yfir viðgerðarkostnað á frystigeymslu, niður í kr. 406.805,83 með sömu vöxtum og krafist er í stefnu auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar, skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefst hann sýknu að svo stöddu og málskostnaðar.

Til þrautavara krefst hann þess að ef fallist verði á kröfu stefnanda, þá verði stefnda heimilaður skuldajöfnuður á fjárhæð, sem nemi mismun stefnufjárhæðar og raunverulegs skaða vegna tjónsins, sem stefnt er út af, auk málskostnaðar.

Málavextir.

Í máli þessu deila aðilar um túlkun á verktryggingu stefnda til handa stefnanda frá 17. október 1984, nánar tiltekið hvernig varið sé greiðsluskyldu samkvæmt henni, hvort stefnandi geti krafið stefnda um tryggingarfjárhæðina alla eða einhverja lægri fjárhæð með því einu að tilkynna stefnda kröfu sína, og án þess að þurfa að sýna fram á raunverulegt tjón.

Málavöxtum er þannig lýst í málskjölum: Stefnandi, Hf. Eimskipafélag Íslands, gerði hinn 5. september 1984 verksamning við danska firmað Preco a/s, þar sem stefnandi var verkkaupi, Preco a/s verksali. Umboðsmaður verksala hér á landi, Töggur hf., Reykjavík, undirritaði verksamninginn f.h. Preco a/s. Samkvæmt honum tók hið danska firma að sér að einangra

frystigeymslu og setja upp kælikerfi í Sundaskála 1, Reykjavík, eign stefnanda. Samkævmt 2. gr. verksamningsins skyldi verkkaupi greiða kr. 10.145.530,00 fyrir heildarverkið, og skv. 6. gr. samningsins skyldi því lokið fyrir 11. ágúst 1984.

Stefnandi gerði kröfu til þess að verksali setti tryggingu fyrir því að hann gæti staðið við skuldbindingar sínar skv. verksamningi og var því sett svohljóðandi ákvæði í 5. gr. samningsins: „Við undirritun samnings afhendir verktaki verkkaupa verktryggingu frá Hagtryggingu h/f að upphæð kr. 1.000.000,00 — ein milljón króna —, til tryggingar því að hann standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum. Tryggingin skal standa þar til tólf mánuðir eru liðnir frá því að verkið var tekið út og samþykkt.

Verkkaupa er heimilt að krefjast fjárins að einhverju eða öllu leyti án undangengins úrskurðar ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram kunna að koma á verkinu."

Í samræmi við þetta ákvæði samningsins gaf stefndi, Hagtrygging hf., út svonefnda verktryggingu hinn 17. október 1984, þar sem stefnanda er ábyrgst, sem verkkaupa, greiðsla á allt að kr. 1.000.000,00, sem tryggingu fyrir því að verksali inni af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki. Í tryggingarskírteininu segir svo:

„Ábyrgðartrygging þessi er sett skv. 5. grein ofangreinds verksamnings, og er til tryggingar því að verktaki standi við skuldbindingar sínar skv. verksamningnum. Tryggingin stendur til 5. september 1985.

Verkkaupa (Eimskipafélagi Íslands h.f.) er heimilt að krefjast fjárins að einhverju eða öllu leyti, án undangengins úrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla sem fram kunna að koma í verkinu."

Samkvæmt stefnu hefur endanleg úttekt á verkinu ekki farið fram.

Hinn 30. október 1984 varð alvarleg bilun í safnsogröri í frystigeymslunni með þeim afleiðingum að ammoníak lak inn í frystiklefann. Daginn eftir, eða 31. október, voru dómkvaddir að tilhlutan stefnanda tveir sérfróðir og óvilhallir menn til þess að meta uppsetningu og frágang á frystikerfi frystigeymslunnar og skýra frá því hverjar þeir teldu orsakir til þeirra bilana sem fram höfðu komið. Matsmennirnir skiluðu bráðabirgðamatsgerð hinn 9. nóvember 1984 þar sem fram kom að þeir teldu að um suðugalla hefði verið að ræða á suðubotni í rörenda. Fullnaðarskýrslu skiluðu þeir 22. nóvember 1984. Var niðurstaða þeirra sú í báðum matsgerðum, að um vanefndir af hálfu verktakans hafi verið að ræða og að nánar tilteknum öryggisatriðum hafi verið ábótavant, sem svo nánar er lýst í matsgerðunum.

Hinn 31. október 1984 kom fulltrúi verktaka til landsins og síðan fleiri. Kveður stefndi strax hafa verið hafist handa um viðgerðir, fyrst bráðabirgðaviðgerð, en endanleg lokaviðgerð hafi verið framkvæmd af hálfu verktaka og henni lokið í nóvember 1984.

Stefnandi krafði stefnda, Hagtryggingu hf., í samræmi við ákvæði verktryggingarinnar um greiðslu á kr. 1.000.000,00 með bréfi dags. 27. ágúst sl. Stefndi synjaði um greiðslu á fjárhæð þessari með bréfi dags. 2. september 1985.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að hér sé um að ræða svonefndar „performance tryggingar" en verktryggingar þessar séu tiltölulega nýjar í vátryggingarviðskiptum. Verkkaupi geri ákveðna kröfu til þess að verktaki setji tryggingu, t.d. bankatryggingu eða vátryggingu, fyrir því að verk verði unnið í samræmi við verksamninga. Þannig komi fram ábyrgðaryfirlýsing frá þriðja aðila til verkkaupa um að sá aðili ábyrgist efndir verktaka á samningsskyldum hans. Þungamiðjan frá sjónarmiði tryggingafélagsins sé sú, að samningsaðili verktakans, þ.e. verkkaupi, þurfi ekki að óttast að verktaki geti ekki tryggt það að hann sé verkinu vaxinn hvað þekkingu snertir, útvegun hráefnis, verkamanna, verkfæra o.s.frv., þannig að hægt sé að uppfylla skilmála verksamningsins, jafnvel þótt verktaki bregðist. Hugmyndin sé sem sagt ekki sú að ábyrgjast ákveðna fjárhæð sem bótagreiðslu, heldur að tryggingafélagið taki að sér að greiða eða eyða ákveðinni fjárhæð, t.d. oft miðað við 10% af verktilboðinu, í þeim tilgangi að fullvinna ákveðið verk sem verkkaupi telur að vanefnt hafi verið af verktakanum. Sé þetta liður í starfsemi vátryggingafélaga en líkist meira ábyrgð en vátryggingu. Stefnandi leggur áherslu á að það sérkennilega við trygginguna sé að verkkaupanum sé í sjálfsvald sett að meta það hvort hann telji ástæðu til að krefja tryggingafélagið um tryggingafjárhæðina, eða eins og segir í verktryggingaskírteininu: „Verkkaupa er heimilt að krefjast fjárins að einhverju eða öllu leyti, án undangengins úrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla sem fram kunna að koma á verkinu."

Stefnandi kveðst byggja dómkröfu sína á þeirri grundvallarreglu íslensks réttar að loforð beri að efna. Eimskipafélagið hafi krafist greiðslu á allri fjárhæðinni, og samkvæmt eðli þessarar tryggingar beri tryggingafélaginu að greiða fjárhæðina án tillits til þess hvort það telur tjón verkkaupa ná tryggingafjárhæðinni eða ekki. Það sé ekki á valdi tryggingafélagsins að meta það. Tryggingafélaginu beri skilyrðislaust að greiða fjárhæðina samkvæmt loforði sínu. Eimskipafélagið telur nauðsynlegt að fá þessa greiðslu, þar sem loforð verktakans hafi ekki verið efnt. Tryggingafélagið hafi aðgangsrétt að verktakanum fyrir fjárhæðinni, enda hafi því verið settar tryggingar af honum sem félagið mat gildar. Teljist fjárhæðin of há getur verktakinn endurheimt það sem ofgreitt teldist vera úr hendi verkkaupans, þ.e. í þessu tilfelli Hf. Eimskipafélag Íslands.

Stefndi vísar einnig til þess að verktryggingar hafi rutt sér til rúms á

undanförnum árum og telur þær þykja hentuga aðferð fyrir verktaka til þess að tryggja verkkaupa að verki verði lokið innan þess tíma og samningsfjárhæðar sem upphaflega var samið um. Stefndi telur verktryggingu flokkast undir skaðatryggingu í skilningi laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga. Hún sé tekin af verktaka svo að hann geti tryggt verkkaupa að staðið verði við samninginn skv. efni hans. Verktryggingin sé þannig ekki ábyrgðartrygging í skilningi laganna, þar sem það sé ekki tryggingartakinn (verktakinn) sem sé tryggður, heldur sá sem hann hafi gert samning við, þ.e. verkkaupi.

Stefndi kveður ekki vera ágreining um að verkinu hafi verið lokið af hendi verktaka á tilsettum tíma fyrir umsamið verð. Þá sé ekki ágreiningur um að galli hafi komið fram á verkinu, þ.e. ammoníaksleki (vegna suðugalla, skv. áliti matsmanna) og að verktaki hafi gert við gallann. Þá kveður hann óumdeilt að stefnandi hafi aldrei krafið verktaka né stefnda um greiðslu hugsanlegra reikninga vegna kostnaðar af viðgerð. Ágreiningur snúist um rétt stefnanda til að krefjast tryggingafjárhæðarinnar að fullu með einfaldri tilkynningu án rökstuðnings og án þess að hafa krafið verktaka (eða stefnda) um greiðslu raunverulegs tjóns sem löngu fyrir útgáfu stefnu sé þekkt.

Stefndi kveður engin sérstök lög eða lagaákvæði gilda um verktryggingar. Samkvæmt erlendum fræðibókum séu þær skýrðar sem ein tegund skaðatrygginga. Þau lög sem hér komi því til túlkunar séu lög um vátryggingasamninga nr. 20/1954 og komi þar sérstaklega til skoðunar 39. gr. þeirra en hún innihaldi eina meginreglu laganna, en þar segir: „Enda þótt umsamið sé á annan veg, er félaginu óskylt að greiða hærri bætur en með þarf til þess að bæta tjón það sem orðið hefur." Ákvæði 39. greinar séu ófrávíkjanleg og túlki hagnaðarbannið, þ.e. að enginn eigi að hagnast á tryggingum. Þetta sjónarmið komi fram í dómi hæstaréttar á bls. 168 frá 1960, þar sem segir að það sé grundvallarregla íslensks réttar um vátryggingastarfsemi, að tjónþola beri aldrei hærri bætur en raunverulegu tjóni hans nemi. Geti orðalag verktryggingarinnar ekki hnikað þessari meginreglu.

Þá sé orðalag verktryggingarinnar með þeim hætti að ljóst sé að ekki hafi verið ætlunin að verkkaupi hefði heimild til þess að krefjast allrar tryggingarfjárhæðarinnar við minnsta galla, enda segi að honum sé heimilt að krefjast fjárins *„að einhverju* eða öllu leyti". Ef ætlunin hefði verið sú að við minnsta galla ætti að krefja allrar fjárhæðarinnar eins og upphaflega hafi verið gert í þessu máli, þá hefði orðalagið verið í samræmi við það.

Fullnaðarviðgerð af hálfu verktaka hafi verið lokið í nóvember 1984 eða löngu áður en krafa var gerð á grundvelli verktryggingarinnar sem hafi fyrst verið gerð með bréfi lögmanns stefnanda dags. 27. ágúst 1985.

Eimskipafélagið hafi aldrei óskað eftir greiðslu á neinum reikningum hjá Tögg hf., enda aldrei staðið á verktaka eða stefnda í máli þessu að greiða kostnað skv. reikningum eða lauslegum áætlunum vegna suðugallans. Þar sem verktaki hafi sjálfur bætt úr göllum á verki sínu eigi stefnandi ekki réttmæta kröfu til að fá greidda dómkröfuna þar sem sú krafa sé hvorki í samræmi við verktrygginguna né standist hún skv. 39. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Ákvæði í verktryggingunni um að verkkaupi megi krefjast fjárins „án undangengins úrskurðar" sé sett til þess að tryggja verkkaupa að hann blandist ekki inn í ágreining við verktakann um það hvort verktaki hafi átt sök á því að verki var ekki lokið skv. samningi eða hvort honum bæri að bæta úr galla á verkinu. Slíkum ágreiningi sé ekki til að dreifa í þessu máli.

Stefndi vísar einnig til 2. mgr. 39. gr. l. 20/1954 og kveður þar hnykkt á meginreglu 1. mgr. með því að slá því föstu að þrátt fyrir altjón, þá greiði tryggingafélagið ekki fullt vátryggingarverð ef félagið geti sannað að raunverulegt tjón hafi verið lægra. Þannig sé aldrei bætt hærri fjárhæð en sem nemi raunverulegri fjárhæð skaðans, en sönnunarbyrðinni hins vegar velt á tryggingarfélagið í 2. mgr. þegar um altjón sé að ræða. Einnig sé bent á ákvæði 34. gr. s.l. um ógildi ósanngjarnra samningsákvæða.

Enn segir í greinargerð stefnda að stefnandi hafi upphaflega krafist greiðslu á kr. 1.000.000,00. Ef stefndi Hagtrygging hf. hefði greitt þá fjárhæð, skv. kröfu í bréfi 27. ágúst 1985, hefði stefnandi skapað sér rekstrarfé, væntanlega verulegt, en Hagtrygging hafi síðan þurft að innheimta í sérstöku máli mismun á raunverulegu tjóni og kr. 1.000.000,00. Sú niðurstaða verði að teljast óeðlileg, einnig með hliðsjón af því að stefnandi hafi aldrei upplýst hið stefnda félag um raunverulegan kostnað þótt hann sé löngu þekktur. Stefnandi hafi þegar í upphafi getað krafið tryggingafélagið um greiðslu áætlaðs kostnaðar við viðgerðina. Það hafi kosið að gera það ekki en geti ekki níu mánuðum eftir að fullnaðarviðgerð er lokið gert slíka kröfu. Tryggingafélagið eigi kröfu á því að tjónið verði gert upp þegar raunverulegur kostnaður liggi fyrir.

Óbeint tjón sem af ammoníakslekanum hafi hlotist sé óviðkomandi verktryggingunni. Verktryggingin sé sett til þess að verkkaupi megi treysta því að verki verði lokið fyrir það fé sem hann skuldbatt sig til þess að greiða. Ljúki verktaki ekki verkinu getur verkkaupi lokið því sjálfur fyrir verktryggingarféð. Hann eigi ekki að hagnast á því, heldur verða eins settur og ef verktaki hafi lokið verkinu gallalausu. Þetta sé efni og eðli verktryggingar.

Verktrygging sé skaðatrygging. Hún sé ekki ábyrgðartrygging í skilningi 91. - 96. gr. l. 20/1954, hún sé ekki birgðatrygging eða rekstrartapstrygging.

Verktrygging taki til þess að bæta smíðagalla verktaka, þannig að verkkaupi fái verkið í hendur eins og hann átti rétt á í upphafi skv. verksamningi, gallalaust. Tryggingafélag sem taki verktryggingu sé hins vegar ekki að taka ábyrgð á rekstrartapi sem verkkaupi kann að verða fyrir, utan hugsanlegra dagsekta skv. verksamningi, og tryggingafélagið taki heldur enga ábyrgð á tjóni sem verði vegna notkunar verksins, þ.e.a.s. þess sem smíðað hefur verið, enda geti tjónið verið mjög misjafnt. Mikið, t.d. vegna vatnsleka í geymslu fyrir tískufatnað en ekkert ef geymslan sé notuð fyrir birgðir af hellusteinum. Væntanlega séu þessi sjónarmið þó ágreiningslaus, sbr. greinargerð stefnanda.

Varakröfu sína styður stefnandi (sic) þeim rökum að greiðsluskylda hafi ekki stofnast. Í greinargerð segir stefndi að raunveruleg fjárhæð skaðans sé þekkt en ekki krafist í máli þessu. Stefndi hafi ekki fengið þær upplýsingar sem þörf sé á til að ákveða upphæð bótanna og leiði það til sýknu a.m.k. að svo stöddu, sbr. 24. gr. l. 20/1954. Við málflutning breytti stefndi þessari málsástæðu þannig að fyrst þegar einhverjir gallar hefðu komið fram yrði krafa virk, en engir gallar væru nú á verki svo vitað væri.

Þrautavarakröfu sína kveðst stefndi gera með tilvísun til 49. gr. eml. 85/1936. Telur hann að skuldajafna megi með fjárhæð sem nemi mismun raunverulegs tjóns og stefnukröfu. Við málflutning vísaði talsmaður hans til bókunar í þinghaldi 19. júní sl. og kvað vera viðurkennda skýra og ótvíræða greiðsluskyldu á kr. 6.640,00. Krefst stefndi þess að leyfður verði skuldajöfnuður mismunar þeirrar tölu og endanlegrar dómkröfu stefnanda eða á kr. 400.311,83, þar sem hann telji að skilyrðum skuldajafnaðar sé fullnægt.

Stefndi ítrekar að reikningar fyrir bráðabirgðaviðgerð eða hugsanlegan annan kostnað af viðgerð sem stefnandi hafi orðið fyrir hafi aldrei verið afhentir stefnda né verktaka, Töggi hf. Það sé grundvallarregla að sá sem viðurkenni galla fái kost á því að bæta úr, að það sé ennfremur grundvallarregla að ekki sé hægt að krefjast greiðslu á áætluðum kostnaði þegar raunverulegur kostnaður sé þekktur. Í þessu sambandi sé rétt að benda á upplýsingaskyldu vátryggðs í 22. gr. l. 20/1954 svo og um upphaf greiðsluskyldu í 1. mgr. 24. gr. Þar sem heildarkostnaður muni vera þekktur eigi að sjálfsögðu að krefjast greiðslu hans hjá verktaka en ekki hæstu tryggingarfjárhæðar hjá tryggingarfélaginu.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur lagt á það megináherslu í málflutningi sínum að fá úr því skorið hvort orðalagið „án undanfarandi úrskurðar" veiti honum rétt til þess að krefjast fjárins samkvæmt verktryggingunni, alls eða að hluta, án frekari sönnunarfærslu af hans hendi en þeirri að sýna fram á að tjóns-

atburður hafi orðið. Stefndi hefur lagt áherslu á að sýna fram á að tjón stefnanda sem falli innan marka verktryggingarinnar sé þegar bætt. Lögmenn aðila urðu sammála um að leiða ekki aðila eða vitni fyrir dóminn. Í samræmi við afstöðu sína og ofangreint samkomulag aðila samþykkti lögmaður stefnanda í réttarhaldi hinn 19. júní sl. framlagningu framhaldsgreinargerðar stefnda og yfirlýsingu Skafta Harðarsonar, sem var starfsmaður Töggs hf. og hafði umsjón með uppsetningu frystikerfisins og bráðabirgðaviðgerð á galla þeim á verkinu sem mál þetta er risið af. Lögmaðurinn kvaðst ennfremur ekki gera athugasemd við það að skýrsla Skafta væri óstaðfest en lét hins vegar bóka að þessi afstaða fæli ekki í sér samþykki þess að varnir byggðar á þeim atriðum sem greindi í þessum skjölum kæmust að í málinu.

Skjal það er stefnandi byggir kröfu sína á ber yfirskriftina „Verktrygging" og er taxti þess svohljóðandi í heild:

„Undirritaður, Valdimar J. Magnússon f.h. Hagtryggingar h.f., Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, lýsi því hér með yfir að Hagtrygging h.f. ábyrgist Eimskipafélagi Íslands h.f. sem verkkaupa greiðslu á allt að 1.000.00,00 (krónur eina milljón oo/100) sem tryggingu fyrir því að Töggur h.f., Bíldshöfða 16, Reykjavík, f.h. Presco A/S, Danmörku, inni af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki við einangrun frystigeymslu og uppsetningu kælikerfis í Sundaskála I í Reykjavík, sbr. verksamning milli Eimskipafélags Íslands og Töggs h.f. þar að lútandi.

Ábyrgðartrygging þessi er sett skv. 5. grein ofangreinds verksamnings og er til tryggingar því að verktaki standi við skuldbindingar sínar skv. verksamningnum. Tryggingin stendur til 5. september 1985.

Verkkaupa (Eimskipafélagi Íslands h.f.) er heimilt að krefjast fjárins að einhverju eða öllu leyti, án undangengins úrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram kunna að koma á verkinu."

Stefnandi hófst ekki handa um að krefjast greiðslu úr hendi stefnda fyrr en næstum var liðinn sá frestur sem áskilinn var, eða með bréfi dags. 27. ágúst 1985. Telja verður eins og málatilbúnaði er háttað að stefndi hafi sýnt fram á að viðgerð hafi lokið í nóvember 1984. Það hafa því liðið u.þ.b. níu mánuðir frá því að viðgerð lauk og þar til krafist var tryggingarfjárins. Ekki hefur komið fram að stefnandi hafi kvartað við verktaka um framkvæmd viðgerðar. Stefnandi þykir ekki hafa hrundið þeirri fullyrðingu stefnda að þeir liðir á dskj. nr. 14 sem ekki hafa þegar verið greiddir séu vegna afleidds tjóns. Skilyrði þess að stefnandi geti krafist greiðslu samkvæmt yfirlýsingu stefnda er að sannanlega sé galli á verkinu sem honum sé nauðsynlegt að kosta úrbætur á, sbr. orðalagið „ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram kunna að koma á verkinu". Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið um viðgerð verktaka á göll-

um verksins og með tilvísun til þess sem þegar hefur verið greitt undir meðferð málsins þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að fullnægt sé ofangreindum skilyrðum fyrir greiðsluskyldu stefnda samkvæmt verktryggingunni, enda óumdeilt að verktryggingin taki ekki til óbeins tjóns.

Svo sem að ofan greinir leggur stefnandi alla áherslu á að verkkaupanum sé, samkvæmt orðalagi verktryggingarinnar, í sjálfsvald sett að meta það hvort hann telji ástæðu til að krefja tryggingafélagið um tryggingarfjárhæðina, og að hann telji nú nauðsynlegt að krefjast þessarar greiðlu þar sem loforð verktakans hafi ekki verið efnt og er það yfirlýst ástæða þess að hann hefur ekki talið þörf öflunar sönnunargagna um málsatvik. Ekki verður fallist á það sjónarmið stefnanda að orðin „án undangengins úrskurðar" í verktryggingunni útiloki tryggingafélagið algerlega og skilyrðislaust frá því að koma við hvers konar vörnum og undanskilji verkkaupa allri upplýsingaskyldu varðandi tjón sitt. Myndi slík túlkun brjóta gegn grundvallarsjónarmiðum vátryggingarlaga.

Með vísan til ofangreindra raka ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eins og atvikum máls þessa er háttað þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Hagtrygging hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hf. Eimskipafélags Íslands.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. febrúar 1988.

Nr. 31/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Hreini Haukssyni og
Halldóri Hreinssyni
(Skúli Pálsson hrl.)
Snæbirni Halldórssyni
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
Gunnari Jóhannesi Magnússyni og
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
Tryggva Eyvindssyni
(Sveinn Snorrason hrl.)

Skattsvik. Söluskattur. Brot gegn 158. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. nóvember 1986 að ósk ákærðu Hreins og Halldórs vegna sjálfra sín og Landvéla hf. og einnig af hálfu ákæruvaldsins að því er alla ákærðu varðar til þyngingar refsingar og til að ákærði Hreinn sætti sviptingu smásöluleyfis. Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti féll saksóknari frá kröfu um sakfellingu ákærðu fyrir bókhaldsbrot, sbr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði, Hreinn Hauksson, hefur viðurkennt verknað þann sem í ákæru greinir og framlögð gögn styðja þá játningu hans. Hann var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Landvéla hf. þegar þessi verknaður var framinn og á upphafið að honum. Hann, sem fyrirsvarsmaður félagsins, lét skýra stórlega rangt frá söluskattskyldri veltu þess í því skyni að skjóta henni undan söluskatti. Þykir þessi verknaður hans varða við 1. mgr. sbr. 6. mgr. 25..gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982. Til að gera þessar skýrslur trúverðugar lét hann kerfisbundið rangfæra það bókhald félagsins sem máli skipti. Varðar þessi verknaður hans við

158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 2. mgr. 49. gr. og 77. gr. laga nr. 19/1940 fangelsi í 7 mánuði og komi 6 daga gæsluvarðhaldsvist hans frá 27. mars 1984 til 1. apríl sama ár til frádráttar refsivistinni, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940. Þá greiði hann 1.100.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 7 mánaða fangelsi í stað sektar verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði, Halldór Hreinsson, var stjórnarmaður Landvéla hf. þegar verknaður sá sem í ákæru greinir var framinn og auk þess gjaldkeri hluta þess tíma. Staðfesta ber sakarmat hins áfrýjaða dóms og heimfærslu til refsiákvæða að því er hann varðar. Refsing ákærða, Halldórs, ákveðst 4 mánaða fangelsi. Með hliðsjón af sakarferli hans og því að hinn saknæmi verknaður var hafinn án hans vitundar og var stjórnað af föður hans, þykir mega fresta fullnustu refsingar hans og skal hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði Halldór almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Tryggvi Eyvindsson, breytti að ósk fyrirsvarsmanna Landvéla hf. bókhaldsforritum félagsins þannig að hluta af sölu þess var haldið utan við fjárhagsbókhald þess. Hann hefur alfarið neitað því að hafa gert sér grein fyrir því að þetta var gert til að fela undanskot söluskatts. Hann er ekki lengur ákærður fyrir annað en aðstoð við skýrslugjöf til söluskatts. Hann átti engan þátt í þeirri skýrslugjöf. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Ákærði, Snæbjörn Halldórsson, hefur viðurkennt að hafa tekið þátt í undirbúningi þess að tölvuforritum bókhaldsins var breytt þann 1. september 1982 og að hafa vitað í hvaða skyni það var gert. Þá hefur hann einnig viðurkennt að hafa tekið þátt í tilbúningi kreditnótna fyrir skiluðum vörum án þess að nokkur viðskipti lægju þar að baki og séð um færslu þeirra. Allt var þetta gert til að lækka söluskattskylda veltu félagsins. Hann tók hins vegar ekki þátt í gerð söluskattskýrslna þess. Brot hans þykir því réttilega heimfært undir 158. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin varðhald í 2 mánuði en með hliðsjón af því að hann hefur eigi áður verið sekur fundinn um refsivert brot

þykir mega staðfesta dóm héraðsdóms um skilorð, þó þannig að skilorðstími reiknast frá uppkvaðningu þessa dóms.

Ákærði, Gunnar Jóhannes Magnússon, var bókari félagsins meðan hann starfaði í þess þágu. Hann útbjó söluskattskýrslur félagsins. Staðfesta ber héraðsdóminn að því er hann varðar, þó þannig að brot hans þykir varða við 7. mgr., sbr. 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982 og 158. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og skilorðstími reiknast frá uppkvaðningu þessa dóms.

Ákærðu, Hreinn og Halldór, eru stjórnarmenn Landvéla hf. og geta skuldbundið félagið fyrir dómi. Þykir mega skilja ákæru svo að málið sé einnig höfðað gegn þeim fyrir hönd félagsins. Þeir náðu að skjóta undan söluskattskyldri veltu félagsins á tímabilinu 1. september 1982 til 31. mars 1984 sem nam að minnsta kosti 29.132.386,69 krónum og komst félagið þannig hjá að greiða til ríkissjóðs 6.376.638,00 krónur í sölugjald. Með vísan til 5. mgr., sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982 þykir mega taka til greina kröfu ákæruvaldsins um að Landvélar hf. verði dæmt til greiðslu sektar. Sekt þessi þykir hæfilega ákveðin kr. 8.300.000,00 og hefur þá álag, sbr. 1. tl. 2. mgr. 21. gr. sömu laga, komið til frádráttar. Ber ákærðu, Hreini og Halldóri, að inna sektina af hendi fyrir hönd félagsins.

Staðfesta ber héraðsdóm um kröfu ákæruvaldsins til sviptingar smásöluleyfis þar sem tilvitnaðar greinar eiga einungis við lögaðila.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði að öðru leyti en því að málsvarnarlaun Sveins Snorrasonar hrl., skipaðs verjanda Tryggva Eyvindssonar í héraði, kr. 40.000,00, greiðast úr ríkissjóði. Kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Hreinn Hauksson, sæti fangelsi í 7 mánuði og komi 6 daga gæsluvarðhaldsvist hans til frádráttar refsingunni. Þá greiði hann 1.100.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 mánaða fangelsi í stað sektar verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Halldór Hreinsson, sæti fangelsi í 4 mánuði og komi 6 daga gæsluvarðhaldsvist hans til frádráttar refsingunni, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Tryggvi Eyvindsson, skal sýkn saka.

Ákærði, Snæbjörn Halldórsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Gunnar Jóhannes Magnússon, sæti varðhaldi í 2 mánuði en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu Hreinn Hauksson og Halldór Hreinsson greiði f.h. Landvéla hf. 8.300.000,00 króna sekt í ríkissjóð.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því að málsvarnarlaun Sveins Snorrasonar hrl., skipaðs verjanda Tryggva Eyvindssonar, 40.000,00 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Ákærðu Hreinn, Halldór, Snæbjörn og Gunnar Jóhannes greiði in solidum allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 75.000,00 krónur.

Ákærðu Hreinn og Halldór greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Skúla Pálssonar hrl., 90.000,00 krónur. Ákærði Snæbjörn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl., 75.000,00 krónur. Ákærði Gunnar Jóhannes greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guð-

mundar Ingva Sigurðssonar hrl., 75.000,00 krónur. Málsvarnarlaun Sveins Snorrasonar hrl., skipaðs verjanda Tryggva Eyvindssonar fyrir Hæstaretti, 75.000,00 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Við erum sammála meirihluta dómara um annað en að neðan greinir.

Við teljum með tilvísun til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960 og 5. mgr. sömu greinar, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, að sektarrefsing lögaðilans, Landvéla hf., skuli vera til vara sekt fyrirsvarsmanns félagsins er brotið framdi. Við teljum refsingu ákærða Hreins Haukssonar með vísan til 57. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, hæfilega ákveðna fangelsi í 9 mánuði, en fresta skuli fullnustu refsingar á 6 mánuðum og hún falli niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá teljum við að ákærði, Hreinn Hauksson, skuli greiða sekt til ríkissjóðs 8.300.000,00 krónur og til vara þessari sektargreiðslu greiði Landvélar hf. sömu fjárhæð sektar. Í stað sektarinnar sæti ákærði fangelsi í 9 mánuði, ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómur sakadóms Kópavogs 15. október 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 16. september sl. en þá höfðu verjendur allra ákærðu skilað skriflegri vörn, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru dagsettri 18. október 1985, „á hendur

1. Hreini Haukssyni framkvæmdastjóra, Bræðratungu 11, Kópavogi, fæddum 23. maí 1932 að Mosvöllum, Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu,
2. Halldóri Hreinssyni gjaldkera, Smáratúni 9, Álftanesi, fæddum 1. janúar 1956 í Kópavogi,
3. Tryggva Eyvindssyni forstöðumanni, Þrastarlundi 1, Garðabæ, fæddum 5. desember 1943 á Akureyri,

4. Snæbirni Halldórssyni skrifstofumanni, Aðalstræti 12, Ísafirði, fæddum 16. september 1940 í Bolungarvík, og
5. Gunnari Jóhannesi Magnússyni skrifstofustjóra, Álfhóli 9, Húsavík, fæddum 29. apríl 1942 í Saurbæ, Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu,

fyrir brot á lögum um söluskatt, lögum um bókhald og almennum hegningarlögum í rekstri hlutafélagsins Landvéla hf., nnr. 5979-0285, Smiðjuvegi 66, Kópavogi, á tímabilinu frá 1. september 1982 fram til 31. mars 1984, svo sem hér á eftir verður nánar rakið.

I.

Ákærðu Hreini Haukssyni, stjórnarformanni og framkvæmdastjóra félagsins, og Halldóri Hreinssyni, stjórnarmanni og gjaldkera þess, er gefið að sök að hafa á fyrrgreindu tímabili látið kerfisbundið rangfæra bókhald félagsins í því skyni að skjóta undan söluskatti hluta af söluskattskyldri veltu þess, annars vegar með því að koma á með aðstoð meðákærðu tvöföldu tekjuskráningarkerfi hjá félaginu, þar sem allri sölu samkvæmt öðru kerfinu, sem skráði sölu á vörum og þjónustu til tiltekinna viðskiptamanna sem voru í reikningsviðskiptum og nutu afsláttarkjara, var haldið utan fjárhagsbókhalds félagsins sem söluskattskýrslur og ársreikningar voru reistir á, og hins vegar með því að falsa eða láta falsa kreditnótur yfir skilaðar vörur án þess að nokkur slík skil á vörum hefðu átt sér stað, sem síðan voru færðar í bókhaldi félagsins til lækkunar á söluskattskyldri veltu þess, og þannig náð að skjóta undan söluskattskyldri veltu félagsins á fyrrgreindu tímabili fjárhæð, sem nam að minnsta kosti kr. 29.132.386,69, sem leiddi til þess að félagið komst hjá að greiða til ríkissjóðs kr. 6.376.638,00 í sölugjald. Hina vantöldu söluskattskyldu veltu má rekja hvað fjárhæðir snertir til eftirgreindra rangfærslna í bókhaldi:

Söluskatts-tímabil 1982.	*Sala skv. ótekjufærðum nótum.*	*Sala lækkuð með fölsuðum kreditnótum.*	*Vantalin sölusk.skyld velta samtals.*
september	423.512,45	1.723.000,00	2.146.512,45
október	394.998,65	890.694,30	1.285.692,95
nóvember	270.626,40	407.410,30	678.036,70
desember	285.815,38	1.458.340,75	1.744.156,13
1982 samtals	1.374.952,88	4.479.445,35	5.854.398,23

Söluskatts-tímabil 1983.	*Sala skv. ótekjufærðum nótum.*	*Sala lækkuð með fölsuðum kreditnótum.*	*Vantalin sölusk.skyld velta samtals.*
Janúar	704.759,30	153.204,00	857.963,30
febrúar	542.496,55	1.573.412,95	2.115.909,50
mars	596.408,45	409.482,55	1.005.891,00
apríl	472.234,80	445.432,65	917.667,45
maí	1.112.258,45	865.752,45	1.978.010,90
júní	677.766,15	1.291.403,40	1.969.169,55
júlí	590.064,20	1.280.525,85	1.870.590,05
ágúst	2.459.807,40	1.135.928,05	3.595.735,45
september	656.718,25	0,00	656.718,25
október	1.413.221,70	648.918,10	2.062.139,80
nóvember	768.154,70	424.526,95	1.192.681,65
desember	474.122,60	283.345,00	757.467,60
1983 samtals	10.468.012,55	8.511.932,75	18.979.945,30
Söluskatts-tímabil 1984.			
janúar	1.749.367,50	599.648,00	2.349.015,50
febrúar	1.406.603,86	0,00	1.406.603,86
mars	542.423,00	0,00	542.423,00
1984 samtals	3.698.395,16	599.648,00	4.298.043,16

Framanlýst atferli ákærðu Hreins Haukssonar og Halldórs Hreinssonar telst varða við 1. mgr., sbr. 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10, 1960 um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 33, 1982, 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., sbr. 25. gr. laga nr. 51, 1968 um bókhald, sbr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærða Tryggva Eyvindssyni, forstöðumanni og öðrum aðaleiganda firmans Tölvers hf., Vatnagörðum 6, Reykjavík, sem annaðist alla forritagerð og aðra tölvuþjónustu fyrir Landvélar hf. frá því farið var að færa bókhald þess í tölvu á árinu 1979, er gefið að sök að hafa gerst sekur um hlutdeild í söluskatts- og bókhaldsbrotum meðákærðu Hreins Haukssonar og Halldórs Hreinssonar, svo sem þeim er lýst í I. kafla hér að framan, með því að framkvæma að beiðni þeirra skömmu fyrir 1. september 1982, þá breytingu á bókhaldsforritum félagsins að unnt var að halda hluta af

sölu fyrirtækisins til ákveðinna viðskiptamanna, sem nutu tiltekinna afsláttarkjara, utan við fjárhagsbókhald fyrirtækisins sem söluskattskýrslur og ársreikningar félagsins voru reistir á, og ákærða hlaut að vera ljóst að hafði ekki annan tilgang en að skjóta undan framtölum hluta af söluskattskyldri veltu félagsins jafnframt því sem breytingin kæmi til með að raska að sama skapi lögmæltum efnahags- og rekstursgrundvelli bókhaldsins.

Telst þetta varða við 4. mgr., sbr. 6. og 7. mgr. 25. gr. laga nr. 10, 1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33, 1982, og 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., sbr. 25. gr. laga nr. 51, 1968, sbr. 262. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærðu Snæbirni Halldórssyni og Jóhanni Gunnari Magnússyni er gefið að sök að hafa sem starfsmenn Landvéla hf. á hluta framangreinds tímabils gerst sekir um hlutdeild í framanlýstum brotum meðákærðu Hreins Haukssonar og Halldórs Hreinssonar, sbr. I. kafla hér að framan, með því að hafa, ákærði Snæbjörn sem umsjónarmaður með tölvuvinnslu á bókhaldi og ákærði Jóhann Gunnar sem bókari, tekið þátt í undirbúningi og lagt á ráðin um að tölvuforritum bókhaldsins var breytt þann 1. september 1982, sbr. II. kafla ákærunnar, gagngert í því skyni að skjóta undan með kerfisbundnum hætti hluta af söluskattskyldri veltu fyrirtækisins, sbr. I. kafla ákærunnar, og síðan, að fyrirmælum meðákærða Hreins, séð um að viðhalda þessu undanskotskerfi á söluskattskyldri veltu fyrirtækisins allt þar til þeir létu af störfum hjá félaginu, ákærði Snæbjörn þann 1. febrúar 1983 og ákærði Jóhann Gunnar þann 1. júní 1983, og jafnframt á þeim sama tíma, að fyrirlagi meðákærða Hreins, tekið þátt í að auka við hið fyrrlýsta kerfisbundna undanskot með tilbúningi kreditnótna fyrir skiluðum vörum sem þeir vissu að engin viðskipti lágu að baki og séð um færslu þeirra í bókhaldi fyrirtækisins ásamt tilheyrandi mótfærslum sem allt leiddi til enn frekari lækkunar á söluskattskyldri veltu félagsins.

Telst þetta varða við 4. mgr., sbr. 6. og 7. mgr. 25. gr. laga nr. 10, 1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33, 1982, 158. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., sbr. 25. gr. laga nr. 51, 1968, sbr. 262. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist:

1. Að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt framangreindum refsiákvæðum.

2. Að Landvélar h.f. verði sem lögaðila með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 10, 1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33, 1982, dæmdur (sic) til greiðslu sektar.

3. Að ákærði Hreinn Hauksson verði sviptur smásöluleyfi samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 10, 1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33, 1982.

4. Að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Eins og fram hefur komið við rannsókn máls þessa barst rannsóknardeild ríkisskattstjóra kæra þann 28. október 1983 „um meint söluskatts- og bókhaldssvik Landvéla h.f." Af því tilefni fór fram rannsókn af hálfu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra á söluskattskilum, tekjuskráningu og bókhaldi Landvéla hf. fyrir árið 1983 og er skýrsla rannsóknardeildarinnar varðandi þá rannsókn dagsett 21. mars 1984 og síðan fyrir allt tímabilið frá 1. september 1982 til 31. mars 1984 og er sú skýrsla dagsett 23. júlí 1985.

Í skýrslum þessum kemur fram að á þessu síðar greinda tímabili hafi félagið haft tvöfalt tekjuskráningarkerfi og viðskiptamannabókhald og væri hluta af viðskiptum með þessum hætti haldið utan við fjárhagsbókhald félagsins sem söluskattsskýrslur og ársreikningar byggist á.

Ennfremur kemur fram að búnar hafi verið til kreditnótur sem ekki ættu við rök að styðjast og væru þær notaðar til lækkunar á söluskattskyldri veltu félagsins.

Samkvæmt hlutafélagaskrá er Hreinn Hauksson, Bræðratungu 11 í Kópavogi, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Landvéla hf., en meðstjórnendur eru þau Ragnheiður Þorbjörnsdóttir sama stað og Halldór Hreinsson sem er jafnframt gjaldkeri og hafa ekki orðið breytingar þar á frá tilkynningu til firmaskrár þessa efnis sem dagsett er 3. ágúst 1979.

Ákærði Hreinn Hauksson hefur skýrt svo frá að hann hafi verið stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Landvéla sl. 20 ár. Hann hefur viðurkennt að hafa framið brot þau sem hann er ákærður fyrir. Varðandi sakarefnið hefur hann ennfremur skýrt svo frá að hann hafi viljað halda ákveðnum viðskiptum aðgreindum frá öðrum viðskiptum Landvéla hf. og að hann hafi fært það í tal við meðákærða Snæbjörn og Gísla hjá Tölveri hf. Upphaflega hafi hann viljað gera þetta til að geta fylgst betur með þessum ákveðnu viðskiptum sem voru sölur á ákveðnum vörutegundum. Þeir Gísli og Snæbjörn hafi báðir talið að þetta væri hægt en aldrei kvaðst ákærði Hreinn hafa rætt þetta við meðákærða Tryggva, Tryggvi hafi aldrei vitað nokkurn skapaðan hlut um þetta ákveðna atriði. Þannig hafi komið upp sú hugmynd hjá sér að halda ákveðnum hluta af sölu hlutafélagsins utan við fjárhagsbókhald þess.

Þá hefur einnig komið fram hjá ákærða Hreini að söluskattskýrslur hafi verið þannig útbúnar að meðákærði Gunnar hafi gefið sér, ákærða Hreini, niðurstöðutölur úr tölvubókhaldi og síðan hafi kreditnótur verið falsaðar sem notaðar voru til að lækka söluskattskyldu félagsins. Bókhald hafi með þessum hætti verið rangfært í þeim ákveðna tilgangi að skjóta undan söluskatti, en fjármunir þeir sem skotið var undan hafi síðan farið aftur inn í rekstur hlutafélagsins. Ákærða Hreini voru kynnt gögn málsins og gerði

hann hvorki athugasemdir við þau né við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í ákærunni á dskj. nr. 2.

Ákærði Halldór hefur skýrt svo frá að hann hafi starfað sem gjaldkeri hjá Landvélum hf. frá 1. maí 1982. Sem slíkur hafi hann skráð innborganir, greitt út laun o.fl. sem greiða þurfti. Eftir að meðákærðu Snæbjörn og Gunnar hættu hafi hann séð um færslur á bókhaldi. Hann hafi ekkert vitað um tvöfalda skráningarkerfið fyrr en um það leyti er Snæbjörn hætti eða í desember 1982.

Meðákærði Gunnar hafi séð um að bókfæra og útbúa söluskattskýrslur en hann sjálfur hafi aðeins undirritað þær sem gjaldkeri félagsins.

Þá hefur ákærði Halldór viðurkennt að hafa falsað kreditnótur frá þeim tíma er meðákærði Snæbjörn hætti störfum eða e.t.v. frá því í nóvember eða desember 1982 er meðákærði Snæbjörn setti hann inn í störf.

Ákærði Tryggvi Eyvindsson hefur skýrt svo frá að hann hafi haft með höndum tölvuþjónustu og forritunargerð fyrir Landvélar hf. Fram hefur komið að um hafi verið að ræða fjarvinnslu (online) við móðurtölvu Tölvers hf. Félagið hafi nokkrar útistöðvar í starfsstöð sinni sem tengdar voru með símalínu við tölvu Tölvers hf. Annaðist félagið sjálft alla vinnslu, en Tölver annaðist alla gerð og viðhald forrita. Í fyrstu var kerfið þannig upp byggt að auk hefðbundins fjárhagsbókhalds var til staðar söluskráningarkerfi, sem var beintengt fjárhagsbókhaldinu. Söluskráning fór þannig fram að afgreiðslumaður skráði á útstöð þá sem var í verslun félagsins, hvað verið var að selja og nafnnúmer kaupanda/viðskiptamanns ef um reikningsviðskipti var að ræða, ella að um staðgreiðslu hafi verið að ræða. Tölvan sá svo um að skrifa út nótu á prentara í versluninni vegna þessara viðskipta, svo og að uppfæra viðskiptamannabókhald og lagerbókhald. Var forritið þannig uppbyggt að nótur voru númeraðar í samfelldri töluröð af tölvunni, sem hækkaði hvert nótunúmer um einn frá síðustu nótuútskrift. Í lok hvers dags var keyrt forrit sem skilaði sölu dagsins inn í fjárhagsbókhaldið sjálfkrafa. Staðgreiðsla fór þessa sömu leið því ef um staðgreiðslu var að ræða útbjó forritið sjálfkrafa viðskiptamannanúmerið 9999-9800. Ákærði Tryggvi hefur skýrt svo frá að af hálfu Landvéla hf. hafi verið farið fram á ákveðnar breytingar á kerfinu skömmu fyrir 1. september 1982. Meðákærði Snæbjörn hafi spurt sig að því hvort hægt væri að halda sölu til ákveðinna viðskiptavina sér eða á sérstökum yfirlitum „og jafnframt að þessi sala myndi þá í staðinn fyrir að færa átómatiskt sjálfstæðar færslur í fjárhagsbókhaldið jafnóðum, að þá yrði það gert af þeim", þ.e. að Landvélar hf. sæu um að handfæra þessi ákveðnu viðskipti síðar inn í fjárhagsbókhaldið. Jafnframt hafi þeir farið fram á að þessar sölur hefðu sjálfstætt númerakerfi og væri þar um að ræða sölur til ákveðinna aðila sem ættu að fá sérstakan afslátt. Ákærði Tryggvi kvaðst hafa gert þær breytingar

á kerfinu (forritinu) sem til þurfti til þess að færslur gengju fyrir sig eins og beðið var um af hálfu Landvéla hf. Einnig hefur hann viðurkennt að hafa síðar gert frekari breytingar þannig að einhverjum staðgreiðsluviðskiptum hafi líka verið haldið utan við fjárhagsbókhaldið er slík viðskipti voru færð í tölvunni. Ákærði Tryggvi hefur neitað því að honum hafi nokkuð verið kunnugt um að tilgangurinn með þessari breytingu hafi verið sá að rangfæra bókhald félagsins eða að skjóta undan söluskatti.

Ákærði Snæbjörn hefur skýrt svo frá að hann hafi byrjað að vinna hjá Landvélum hf. fyrst á árunum 1969-1970 og síðan aftur frá 1. febrúar 1972 og óslitið í 11 ár. Á árinu 1979 hafi verið tekinn upp sá háttur að færa bókhaldið í gegnum tölvur. Haustið 1982 hafi meðákærði Hreinn komið til sín og sagt að honum hafi dottið í hug að halda viðskiptum ákveðinna fyrirtækja fyrir utan bókhald Landvéla hf. Hreinn hafi beðið sig að athuga við Tölver hf. hvernig unnt væri að gera þessa breytingu.

Ákærði Snæbjörn kvaðst hafa rætt þetta við meðákærða Tryggva. Ekki hafi hann sagt honum hver raunverulegur tilgangur hafi verið með þessu heldur hafi hann sagt Tryggva að Hreinn vildi fá ákveðin viðskipti aðgreind en vegna þeirra væri veittur afsláttur og að þau yrðu síðan færð í bókhaldið síðar eða þegar Hreini hentaði.

Þegar þessu kerfi hafði verið komið á hafi 2 listar komið út daglega yfir sölu dagsins. Annar listinn hafi verið yfir sölu til þessara svokölluðu afsláttarfyrirtækja en hinn yfir aðrar sölur. Ákærði Snæbjörn kvaðst hafa fært þeim Hreini og Gunnari hvorum sinn listann yfirleitt daglega. Hann vissi ekki hve fljótt meðákærða Gunnari var kunnugt um þetta tvöfalda kerfi en allavega hafi honum verið kunnugt um það eftir að því hafði verið komið á. Þann 1. nóvember 1982 kvaðst ákærði Snæbjörn hafa sagt upp störfum hjá Landvélum hf. og hafi þá verið ákveðið að meðákærði Halldór tæki við af honum. Hafi hann í desember s.á. farið að kynna sér störfin þ. á m. þau atriði sem ákærði Snæbjörn hefur hér að framan lýst.

Ákærði Snæbjörn hefur viðurkennt að hafa að beiðni meðákærða Hreins útbúið kreditnótur án þess að slík viðskipti lægju að baki og að honum hafi verið kunnugt um að tilgangurinn væri sá að lækka þannig söluskattskylda veltu félagsins. Hann kvaðst ekkert hafa haft með færslur á þessum nótum að gera og ekki hafi hann neitt komið nálægt því að útbúa söluskattsskýrslur, það hafi meðákærði Gunnar gert í samráði við meðákærða Hrein en annar hvor þeirra Hreinn eða Halldór hafi undirritað söluskattskýrslurnar. Þá hefur ákærði Snæbjörn neitað að hafa verið umsjónarmaður með tölvuvinnslu á bókhaldi Landvéla hf.

Ákærði Gunnar hefur skýrt svo frá að hann hafi haft það aðalverkefni hjá Landvélum hf. að sjá um bókhald, útbúa söluskattskýrslur og skrifa út viðskiptareikninga. Hann kvaðst hafa útbúið söluskattskýrslur þegar

hann starfaði hjá Landvélum hf. eða þar til hann hætti þar störfum 1. júní 1983.

Hann kvaðst ekki hafa haft hugmynd um það tvöfalda kerfi sem hér að framan hefur verið lýst fyrr en eftir að því hafði verið komið á. Þá hafi honum verið sýnt hvaða aðgerðir hann þyrfti að gera. Hann hafi eftir að kerfinu var komið í gang verið spurður hvort þetta stæðist og hann hafi svarað því til „að þetta stæðist svo lengi sem að ekki kemur einhver og rannsakar málin nánar". Þá hafi meðákærði Hreinn gefið fyrirmæli um það að kreditnótur yrðu útbúnar á ákveðin fyrirtæki án þess að slíkar nótur ættu sér stoð í raunveruleikanum. Færslur í bókhald samkvæmt þessu hafi því verið rangar. Meðákærði Hreinn hafi stjórnað því hvaða fjárhæðir voru tilgreindar á söluskattskýrslu og var ákærða Gunnari kunnugt um að þar var um rangar tölur að ræða.

Vitnið Gísli Marteinsson, Vesturbergi 98 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá að hann hafi unnið hjá Tölveri þar til um áramót 1982-1983 en ákærði Tryggvi hafi séð um forritagerð, þ.m.t. breytingar á forritum. Vitnið kvaðst hafa vitað um beiðni Landvéla hf. um breytingar á forritum en ekki hafi honum verið kunnugt um að nokkuð væri óeðlilegt við þær.

Samkvæmt skýrslum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, sem lagðar hafa verið fram í málinu ásamt ljósritum af viðeigandi gögnum sem dómurinn hefur kynnt sér, hefur komið fram að vantalin söluskattskyld velta hefur verið sú sama og í ákæru er tilgreint að öðru leyti en því að sala lækkuð með fölsuðum kreditnótum árið 1983 er samtals að fjárhæð kr. 8.511.931,95 og sala samkvæmt ótekjufærðum nótum í mars 1984 er að fjárhæð kr. 542.423,80.

Niðurstöður.

Ákærði Hreinn Hauksson hefur viðurkennt að hafa framið verknað þann sem hann er ákærður fyrir og eru játningar hans í samræmi við það sem fram hefur komið við rannsókn málsins og rakið er hér að framan.

Ákærði Hreinn var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Landvéla hf. er brotin voru framin og hafði í raun með höndum stjórn á rekstri fyrirtækisins. Bar hann því ábyrgð á að söluskattskýrslur hlutafélagsins væru réttar en játningar hans liggja fyrir varðandi falsaðar kreditnótur og undanskot á söluskatti eins og nánar er tilgreint í ákæru. Hefur hann með þessari háttsemi gerst brotlegur gegn 1. mgr. sbr. 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982 og 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en eigi þykja ákvæði 262. gr. sömu laga eiga við um sakarefnið.

Ákærði Halldór Hreinsson hefur neitað að hafa vitað um hið tvöfalda tekjuskráningarkerfi fyrr en eftir að því hafði verið komið á eða í desember

1982. Hvorki þykir sannað í málinu að hann hafi komið því á að hluta, að viðskiptum Landvéla hf. var haldið utan við fjárhagsbókhald félagsins né heldur að hann hafi eins og atvikum málsins er háttað haft tækifæri til að kynna sér sem stjórnarmaður að fyrirhugað var að koma því svo fyrir. Hins vegar þykir sannað með hans eigin framburði og því sem að öðru leyti hefur komið fram við rannsókn málsins að hann hafi falsað kreditnótur frá því í desember 1982 eða frá þeim tíma er meðákærði Snæbjörn hætti störfum í byrjun árs 1983 svo og að hann hafi sem stjórnarmaður frá sama tíma rangfært eða látið rangfæra bókhaldið á þann hátt sem í ákæru er tilgreint. Þykir ákærði Halldór hafa með þessu gerst sekur um brot á sömu lagaákvæðum og ákærði Hreinn.

Ákærði Tryggvi Eyvindsson hefur viðurkennt að hafa breytt bókhaldsforritum Landvéla hf. þannig að hluta af sölu félagsins var haldið utan við fjárhagsbókhald þess en þetta hafi verið gert vegna beiðni þessa efnis af hálfu Landvéla hf. Það er álit dómsins að gera hefði mátt breytingar á bókhaldsforritum Landvéla hf. á mun einfaldari og um leið öruggari hátt en gert var miðað við þann eina tilgang að halda viðskiptum ákveðinna aðila aðgreindum í bókhaldi. Sú skýring að nauðsynlegt hafi verið fyrir Landvélar hf. að geta fært þessi viðskipti síðar inn í bókhaldið vegna afsláttar er síðar yrði ákveðinn þykir mjög fjarstæðukennd, m.a. vegna þess að frá janúar 1983 voru enn gerðar breytingar er leiddu til þess að einhverjum staðgreiðsluviðskiptum var einnig haldið fyrir utan bókhald félagsins. Þá ber einnig að líta til þess að með þeirri aðferð sem notuð var við að halda þessum ákveðnu viðskiptum utan við fjárhagsbókhald var brotinu auðleynt enda komu þessi viðskipti hvorki fram í viðskiptamannabókhaldi né fjárhagsbókhaldi sem bæði gáfu sömu röngu niðurstöðutölur. Ljóst þykir að kerfisbreytingin sem ákærði Tryggvi gerði fyrir Landvélar hf. eins og hún var framkvæmd gat ekki haft neinn annan tilgang en að skjóta undan söluskatti og hlaut honum að vera þetta ljóst. Í því sambandi verður að hafa í huga að ákærði Tryggvi hannaði upphaflega kerfið frá grunni í samvinnu við Gísla Marteinsson en til þess að vera fær um að gera slíkt verður ekki hjá því komist að viðkomandi kynni sér lög og reglur um bókhald. Þegar þetta er allt virt þykir ákærði Tryggvi hafa gerst brotlegur við 4. mgr., sbr. 6. og 7. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, en 262. gr. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga þykir ekki eiga við um sakarefnið.

Ákærði Snæbjörn Halldórsson hefur viðurkennt háttsemi þá sem lýst er í III. kafla ákæru að öðru leyti en því að hann hafi ekki verið umsjónarmaður með tölvuvinnslu á bókhaldi Landvéla hf. og að hann hafi ekki séð um neinar færslur á bókhaldi. Eru játningar hans í samræmi við annað sem fram hefur komið í málinu en varðandi færslur á bókhaldi hefur komið

fram að nótur færðust sjálfkrafa í bókhald um leið og þær voru færðar inn í tölvu sem ákærði Snæbjörn hefur viðurkennt að hafa gert á því tímabili sem um er að ræða. Þykja brot hans varða við 4. mgr., sbr. 6. og 7. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982 og 158. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en 262. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga þykir ekki eiga við um sakarefnið.

Ákærði Gunnar Jóhannes Magnússon hefur neitað því að hafa tekið þátt í og lagt á ráðin um að tölvuforritum bókhalds Landvéla hf. var breytt. Hann hefur hins vegar játað að hafa útbúið söluskattskýrslur félagsins þannig að hluti af söluskattskyldri veltu kom þar eigi fram vegna hins tvöfalda kerfis eins og nánar er lýst í ákærunni. Einnig hefur hann játað að hafa séð um færslur á kreditnótum í bókhald félagsins sem engin viðskipti lágu að baki og eins og að öðru leyti segir nánar um í ákæru. Eru játningar hans í samræmi við það sem fram hefur komið við rannsókn málsins. Ekki verður á það fallist að ákærði Gunnar hafi haft slíka hlýðniskyldu gagnvart yfirboðurum sínum að á hann verði eigi lögð refsiábyrgð vegna brota þeirra er hann er ákærður fyrir að hafa framið. Eigi verður heldur fallist á að hann hafi engan sjálfstæðan vilja haft í þessu efni eða að ásetning hafi skort af hans hálfu. Brot Gunnars þykja varða við sömu lagaákvæði og brot meðákærða Snæbjörns. Í III. kafla ákæruskjals er ákærði Gunnar sagður heita Jóhann Gunnar og þykir þar vera um að ræða augljósa ritvillu sem eigi hefur orðið til þess að vörnum hafi orðið áfátt í málinu.

Ákærðu eru allir sakhæfir. Ákærðu Snæbjörn og Tryggvi hafa eigi áður sætt kærum eða refsingum svo vitað sé.

Ákærði Gunnar hefur sætt kæru og refsingu sem hér segir:

1969 15/8 í S-Múlasýslu: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. hgl.

Ákærði Halldór hefur sætt kæru og refsingu sem hér segir:

1977 9/5 í Kópavogi: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 49. og 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 mán. frá 23.4. 1977.

Ákærði Hreinn Hauksson hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1953 21/12 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á umferðarlögum og bifreiðalögum.
1955 24/10 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 5. gr. umferðarlaga.
1959 4/4 í Kópavogi: Sátt, 50 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.
1960 26/2 í Kópavogi: Áminning fyrir umferðarlagabrot.
1961 10/2 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.
1963 6/6 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
1963 23/8 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 65. og 45. gr. umferðarlaga.
1964 1/9 í Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
1964 9/12 í Kópavogi: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði

frá dómsbirtingu fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. (Dómsbirting 6/1 1965).

1965 29/3 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á reglugerð frá 1.8. 1957.

1965 30/7 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á reglugerð frá 1/8 1957.

1965 7/10 í Kópavogi: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

1973 31/12 í Kópavogi: Sátt, 85.000 kr. sekt f. brot g. 261. gr. hgl.

Refsing ákærða Hreins Haukssonar þykir hæfilega ákveðin með vísan til málavaxta, þeirra refsilagaákvæða sem sakfellt er fyrir og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í 15 mánuði og komi 6 daga gæsluvarðhaldsvist hans frá 27. mars 1984 til 1. apríl s.á. til frádráttar refsivistinni sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða Halldórs Hreinssonar þykir hæfilega ákveðin með vísan til sömu lagaákvæða fangelsi í 6 mánuði og komi 6 daga gæsluvarðhaldsvist hans frá sama tíma til frádráttar refsivistinni sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða Tryggva Eyvindssonar þykir með vísan til málavaxta og þeirra lagaákvæða sem sakfellt er fyrir hér að framan hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði en með hliðsjón af því að hann hefur eigi áður verið sekur fundinn um refsivert brot svo og þess að einungis er um hlutdeildarbrot að ræða þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og falli hún niður að 2 árum liðnum frá deginum í dag að telja haldi ákærði Tryggvi almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Refsing ákærða Snæbjörns Halldórssonar þykir með vísan til þeirra lagaákvæða sem hann er sakfelldur fyrir að hafa brotið gegn svo og með vísan til 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin varðhald í 4 mánuði en með sama rökstuðningi og við á um ákærða Tryggva þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og falli hún niður að 2 árum liðnum frá deginum í dag að telja haldi ákærði Snæbjörn sama skilorð og ákærði Tryggvi.

Refsing ákærða Gunnars Jóhannesar Magnússonar þykir á sama hátt hæfilega ákveðin varðhald í 2 mánuði en þar sem hann hefur ekki verið sekur fundinn um refsivert brot síðan á árinu 1969 svo og með vísan til þess að hann fylgdi fyrirmælum yfirmanns síns í starfi er hann framdi brotin þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og falli hún niður að 2 árum liðnum frá deginum í dag að telja haldi ákærði Gunnar sama skilorð og ákærðu Tryggvi og Snæbjörn.

Með vísan til 5. mgr., sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr.

laga nr. 33/1982, þykir rétt að gera Landvélum hf. að greiða sekt í ríkissjóð sem þykir hæfilega ákveðin, með tilliti til verðlagsþróunar sem hefur orðið frá því að brotið var framið, kr. 17.855.000,00 og hefur þá álag komið til frádráttar.

Ekki þykja lagaskilyrði til að svipta ákærða Hrein smásöluleyfi skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, og ber því að sýkna hann af þeirri kröfu ákæruvaldsins.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar in solidum að öðru leyti en því að ákærðu Hreinn og Halldór greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skúla Pálssonar hrl., in solidum, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000,00, ákærði Tryggvi greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 40.000,00, ákærði Snæbjörn greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðríðar Þorsteinsdóttur hdl., sem þykja einnig hæfilega ákveðin kr. 40.000,00 og ákærði Gunnar greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., sem einnig þykja hæfilega ákveðin kr. 40.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Emil Theodór Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi, og Ólafur Tryggvason viðskiptafræðingur. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna þess hve málið er umfangsmikið.

Dómsorð:

Ákærði Hreinn Hauksson sæti fangelsi í 15 mánuði og komi 6 daga gæsluvarðhaldsvist hans til frádráttar refsingunni.

Ákærði Halldór Hreinsson sæti fangelsi í 6 mánuði og komi 6 daga gæsluvarðhaldsvist hans til frádráttar refsingunni.

Ákærði Tryggvi Eyvindsson sæti varðhaldi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og niður skal hún falla að liðnum 2 árum frá 15. október 1986 að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Snæbjörn Halldórsson sæti varðhaldi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og niður skal hún falla að liðnum 2 árum frá 15. október 1986 að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Gunnar Jóhannes Magnússon sæti varðhaldi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og niður skal hún falla að liðnum 2 árum frá 15. október 1986 að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Landvélar hf. greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 17.855.000,00.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar að öðru leyti

en því að ákærðu Hreinn og Halldór greiði in solidum málsvarnarlaun Skúla Pálssonar hrl., kr. 50.000,00, ákærði Tryggvi greiði einn málsvarnarlaun Sveins Snorrasonar hrl., kr. 40.000,00, ákærði Snæbjörn greiði einn málsvarnarlaun Guðríðar Þorsteinsdóttur hdl., kr. 40.000,00 og ákærði Gunnar greiði einn málsvarnarlaun Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 40.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. febrúar 1988.

Nr. 13/1987. **Aco hf.**
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Málningu hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Endurgreiðsla víxils.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1987. Hann gerir þær kröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 205.341,02 krónur með 31% ársvöxtum af 13.800,00 krónum frá 1. febrúar 1980 til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1981, með 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 4. desember 1981, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 26. janúar 1982, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 af 205.341,02 krónum frá þeim degi til gildistökudags laga nr. 25/1987, 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags

er krafist hæstu lögleyfðra dráttarvaxta samkvæmt 10. sbr. 14. og 15. gr. þeirra laga. Til vara krefst hann þess að stefndi verði dæmdur til að greiða 190.341,02 krónur með 37% ársvöxtum frá 4. desember 1981 til stefnubirtingardags í héraði, 26. janúar 1982, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til gildistökudags laga nr. 25/1987, 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags er krafist hæstu lögleyfðra dráttarvaxta samkvæmt 10. sbr. 14. og 15. gr. þeirra laga. Til þrautavara gerir hann kröfu um krónur 180.341,02 með sömu vöxtum og í varakröfu greinir. Í öllum tilfellum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Með samningi 17. mars 1978 keypti hið stefnda hlutafélag 5 Burroughs vélar af Tölvutækni hf. Vélarnar komu hingað til lands frá Noregi og virðast hafa verið afhentar kaupanda í desember 1978. Stefndi taldi vélarnar gallaðar og sendi Tölvutækni hf. bréf 12. desember 1978 þar sem í meginmáli segir:

„Með tilvísun til samtals við yður leyfum við okkur að senda yður afrit af álitsgerð STG Rafeinda og Stýritækni á tækjum þeim, sem við höfum kvartað yfir.

Eins og ofangreind álitsgerð ber með sér eru tækin notuð og óskum við eftir skriflegum skýringum sem fyrst."

Bréfi þessu svaraði Tölvutækni hf. 18. desember og fylgdi álitsgerð um ástand vélanna. Í bréfinu segir m.a.:

„Okkur þykir með ólíkindum að Burroughs Corporation myndi senda okkur notaða vél til að fylla upp í pöntun yðar, en augljóst er að hér þarf að útskýra ástand ýmissa vélahluta og lagfæra aðra, t.d. „gler yfir prentara". Það er von okkar að meðfylgjandi álitsgerð geti skýrt þessa hluti.

Eftir að þér hafið athugað álitsgerð þessa, óskum við eftir fundi við yður til ráðagerða um hvaða stefnu eigi að taka í þessu máli. Ennfremur getum við haft samband við Burroughs í Noregi og Sviss til að fá nánari upplýsingar."

Hinn 28. desember 1978 ritaði Tölvutækni hf. enn bréf til stefnda, og segir þar, að í framhaldi af samtali séu send heimilisföng, síma- og telexnúmer Burroughs A/S í Noregi.

Stefndi sendi telex til Burroughs A/S í Noregi 5. janúar 1979. Segir þar, að samningur hafi verið gerður um kaup á tölvu frá „noree norway", en hún hafi reynst notuð. Er þess beiðst, að athugað sé hver verið hafi ferill vélarinnar frá framleiðsludegi.

Fyrirtæki í Reykjavík, sem á þessum tíma virðist hafa haft umboð fyrir Bourroughs International í Sviss, sendi stefnda innanbæjar telexskeyti 11. janúar 1979. Segir þar að komið hafi telexskeyti frá Sviss og er það síðan tekið upp í heild. Þar segir, að eftir upplýsingum frá Noregi hafi vélin verið notuð til sýninga í Noregi í 2-3 vikur en sé ógölluð („in perfect shape"). Beiðst er gagna, bæði ljósmynda og tækniskýrslu.

Stefndi ritaði bréf til Burroughs International S.A. í Sviss 29. janúar 1979. Segir þar að umbeðnar upplýsingar fylgi og að fyrirtækið sé þess fullvisst að um notaðan búnað sé að tefla. Það hafi bundið verulegt fé vegna viðskiptanna og skjótra viðbragða sé því þörf.

Með telexskeyti 1. mars 1979 beiddist stefndi upplýsinga frá Sviss um það, hvernig mál þetta stæði. Í sams konar skeyti 18. apríl segir, að hið svissneska fyrirtæki sé hvatt til að aðhafast eitthvað í málinu, áður en það sé afhent lögfræðingum stefnda. Hinn 20. apríl barst stefnda skeyti frá Sviss þar sem segir, að 1.000 dollarar séu á leið í pósti sem greiðsla á umsömdum bótum. Þessu svaraði stefndi samdægurs. Kveðst hann undrast skeytið, enda hafi bætur ekki verið samþykktar og muni aldrei verða. Samningur hafi verið gerður um kaup á nýrri vél, en að því er virðist hafi sýningarvél verið send. Þetta geti stefndi ekki samþykkt og verði að biðja um endurgreiðslu með vöxtum og um að vélin verði tekin aftur. Frá Sviss kom enn skeyti 25. apríl. Segir í því það eitt að beiðst sé afsökunar á að skeytið frá 20. apríl hafi ranglega verið sent stefnda. Það hafi átt að fara til dreifingarfyrirtækis sendanda á Íslandi.

Þegar þetta gerðist hafði sambandi Tölvutækni hf. og Burroughs International verið slitið og með samningi 1. mars 1979 hafði áfrýjandi gerst umboðsmaður þess fyrirtækis hér á landi. Tölvutækni hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 25. apríl 1979.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf frá stefnda til áfrýjanda dagsett 29. maí 1979. Þar segir í upphafi:

„Með tilvísun til samkomulags við framkvæmdastjóra yðar um sölu á TC 5000 mini Computer leyfum við okkur að gefa upp það verð, sem við viljum fá fyrir tækið." Síðan er þetta atriði rakið en að lokum sagt:

„Hjálagður er tryggingarvíxill fyrir söluverðinu, sem við biðjum yður að samþykkja."

Tryggingarvíxill þessi var samþykktur af áfrýjanda.

Vélar þær, sem mál þetta snýst um, tók áfrýjandi í sína vörslu um sama leyti og hann samþykkti tryggingarvíxil þann, sem lýst var.

Hinn 18. febrúar 1980 ritaði stefndi bréf til áfrýjanda þar sem m.a. sagði:

„Í byrjun ársins 1979 fórum við fram á endurgreiðslu frá Burrough's vegna kaupa á tölvu, sem reyndist óvéfengjanlega notuð þegar hún var afhent okkur.

Lítið gekk í þeim málum en þó mun Burroughs hafa sent einhverjar óverulegar bætur til ykkar. Bætti þar lítið um að þáverandi umboðsmenn Burroughs, Tövlutækni, gáfu sig upp til gjaldþrotaskipta um það leyti.

Í maímánuði 1979 var tölvunni skilað til yðar sem umboðsmanns Burroughs og voru höfð góð orð um það af yður að selja tölvuna, þannig að við fengjum okkar peninga sem fyrst til baka.

Í dag 18. febrúar hefur ekkert skeð ennþá og er þolinmæði okkar nú þrotin. Til þess að byrja með munum við sýna til greiðslu í Múlaútibúi Landsbanka Íslands hinn 3. mars 1980 tryggingarvíxil þann sem þér samþykktuð, en gefa yður kost á að semja um greiðslu á eftirstöðvum heildarkröfunnar sem nemur í dag ásamt með vaxtagreiðslum um það bil kr. 11.500.000,00."

Áfrýjandi svaraði bréfinu 20. febrúar og segir m.a. í svarinu, eftir að rakin hafa verið nokkur atriði varðandi viðskipti stefnda og Burroughs International S.A.:

„Upp úr þessum samskiptum ... varð að samkomulagi milli okkar að Aco hf. gerði tilraun til þess að selja umrædda vél og var talið eðlilegt að vélin væri í húsakynnum Aco hf., meðan þetta væri reynt.

Þegar við ætluðum að sýna vélina með okkar forritum kom í ljós

að það reyndist ókleift vegna lítils minnis (þ.e. aðeins 28 KB), enda vélin keypt sem skráningarvél en ekki sem sjálfstæð tölva. Yður var tilkynnt þetta og jafnframt að ACO hf. væri tilbúið að kaupa fyrir yður viðbótarminni í vélina til þess að hægt væri að vinna önnur verkefni á vélina.

Þessu tilboði tókuð þér að sjálfsögðu ...

Þar sem þér eruð ekki ánægður með að vélin skuli ekki vera seld enn, þ.e. 6 vikum eftir að við höfum keypt nauðsynlega hluti til þess að svo megi verða, gerum við það að tillögu okkar að þér auglýsið vélina sérstaklega og munum við þá aðstoða yður eins og við frekast getum.

Ef þér á hinn bóginn teljið það ekki rétt finnst okkur eðlilegast að þér takið vélina hið fyrsta til að forða okkur frá frekari óþægindum af þessu máli, enda eru þessi viðskipti Tölvutækni hf. og Málningar hf. okkur að öllu leyti óviðkomandi. Jafnframt krefjumst við þess að þér greiðið þá hluti, þ.e. „5 × BD 4016 Memory cards" kr. 1.380.000,- þar sem þessi stykki eru ekki nothæf í aðrar vélar á landinu, auk þess þann kostnað er við höfðum orðið fyrir vegna þessarar sölutilraunar. Ennfremur afhendingu á tryggingarvíxli sem ACO hf. samþykkti við móttöku vélarinnar sem tryggingu fyrir andvirði vélarinnar ef seld yrði eða vélinni sjálfri ef ekki tækist að selja vélina ...".

Hinn 29. febrúar 1980 sendi stefndi telexskeyti til Burroughs International í Sviss. Segir þar að of lengi hafi verið beðið aðgerða, og séu nú settir þeir úrslitakostir, að sendur verði fulltrúi með umboði til að semja um kröfu stefnda eða krafan verði afhent lögmönnum til innheimtu.

Hinn 4. mars 1980 sendi svissneska fyrirtækið telexskeyti til áfrýjanda. Þar segir, að álitið hafi verið að málið væri leyst með greiðslu 1000 dollara bóta. Þess var beiðst, að samband yrði haft við stefnda þegar í stað og beðið um skýringar. Jafnframt barst stefnda skeyti frá Sviss þar sem sagði að málinu hefði verið vísað til áfrýjanda, sem væri dreifingaraðili Burroughs á Íslandi. Í skeyti 10. mars frá Sviss til stefnda sagði, að málið hafi verið afhent lögfræðingi fyrirtækisins og að samband verði haft við stefnda.

Hinn 17. apríl 1980 ritaði lögmannsstofa innheimtubréf til áfrýjanda og krafðist greiðslu tryggingarvíxils þess, sem fyrr getur. Síðar

var höfðað bæjarþingsmál til innheimtu víxilsins og gekk dómur í því 23. október 1981. Segir þar m.a.:

„Mál þetta er höfðað sem víxilmál. Stefnandi hefur lagt fram víxil sem er lögformlegur og með formlegri heimild sér til handa. Gegn andmælum stefnanda verður ekki komið að í þessu máli öðrum vörnum en þeim er greinir í 208. gr. laga nr. 85/1936. Af hálfu stefnda hefur ekki verið komið fram með neinar slíkar varnarástæður og ber með hliðsjón af því að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti ..."

Dómsorðið er þannig: „Stefndi, Aco h.f. greiði stefnanda Málningu h.f., kr. 79.732,64 með 4,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 11. apríl 1980 til greiðsludags, kr. 627,00 í afsagnar- og stimpilkostnað og kr. 14.100,00 í málskostnað ..."

Áfrýjandi greiddi lögmanni stefnda 4. desember 1981 vegna dómsins 166.541,02 krónur.

Hinn 23. apríl 1980 kærði framkvæmdastjóri áfrýjanda vanskil á tryggingarvíxli þeim, sem bæjarþingsmálið fjallaði um til rannsóknarlögreglu ríkisins. Rannsókn fór fram, en 21. september 1981 ritaði saksóknari rannsóknarlögreglunni og tók fram, að gögn málsins þættu ekki gefa efni til frekari aðgerða af hálfu ákæruvalds. Skýrslur voru gefnar í máli þessu á bæjarþingi Kópavogs.

II.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

Greitt vegna víxilmáls	kr.	166.541,02
Verð aukabúnaðar	"	13.800,00
Kostnaður við sölutilraunir	"	10.000,00
Lögmannskostnaður	"	15.000,00
	kr.	205.341,02

Áfrýjandi kveður málið rekið sem skaðabótamál á grundvelli 209. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936. Bæjarþingsdómurinn 23. október 1981 hafi byggst á réttarfarsreglum um víxla og því hafi áfrýjun verið tilgangslaus. Dómurinn segi hins vegar ekkert um greiðsluskyldu að lokum, en tryggingarvíxillinn hafi ekki falið í sér greiðsluskuldbindingu. Hafi víxlar lengi verið notaðir í ýmiss konar lögskiptum og feli samþykki á víxli alls ekki alltaf í sér slíka skuldbindingu. Ekki

hafi verið efnisleg skilyrði til innheimtu tryggingarvíxilisins, sem áfrýjandi samþykkti 29. maí 1979 og hafi áfrýjandi vegna bæjarþingsdómsins orðið fyrir bótaskyldu fjártjóni.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að áfrýjandi hafi samþykkt tryggingarvíxil um leið og hann tók við tölvubúnaði þeim, sem stefndi hafi löglega rift kaupum á með skeyti til Burroughs International í Sviss 20. apríl 1979, ef ekki fyrr. Hafi þetta verið liður í samkomulagi, sem í raun hafi falið í sér greiðslufrest, er stefndi hafði veitt. Hafi stefndi ekki haft ástæðu til að ætla annað en áfrýjandi kæmi fram sem umboðsmaður hins erlenda fyrirtækis, þegar samkomulagið var gert. Stefndi hafi því átt efnislega kröfu á áfrýjanda og sé ekki bótaskyldur vegna víxildómsins 1981.

III.

Hér að framan hafa þau skjöl verið rakin, sem sýna samskipti aðila máls þessa fram til þess tíma, er stefndi höfðaði víxilmál á bæjarþingi Reykjavíkur. Þar koma einnig fram afskipti Tölvutækni hf. og hins alþjóðlega fyrirtækis Burroughs af viðskiptum þeim, er málið varðar. Í þessum gögnum er ekkert, sem sýni, að áfrýjandi hafi gefið beint loforð um að greiða stefnda þá fjárhæð, sem áfrýjandi var dæmdur til að greiða með bæjarþingsdómnum 23. október 1981.

Áfrýjandi var umboðsmaður hins erlenda fyrirtækis Burroughs hér á landi frá 1. mars 1979. Hvorki málsskjöl né lagareglur leiða þó til þess að með því hafi áfrýjandi orðið skuldbundinn til að greiða stefnda það fé, sem hann krafðist, hvort sem riftun hafði farið fram með lögmætum hætti eða ekki.

Það er ennfremur álitaefni í máli þessu, hvort gerðir fyrirsvarsmanna áfrýjanda hafi verið með þeim hætti að jafngilt hafi loforði um að greiða þá fjárhæð, sem tryggingarvíxillinn, sem marggetið er, segir. Samþykki víxilsins veitir líkur fyrir því að svo hafi verið. Almennt verður það ekki talin verslunartíska, að samþykktir séu tryggingarvíxlar sem kvittun fyrir móttöku vöru, sem samþykkjandinn ætlar að hafa til sölumeðfarðar fyrir annan aðila án þess að vera skuldbundinn til að greiða víxilfjárhæðina. Þess er hins vegar að gæta, að þess var getið, að um tryggingarvíxil var að ræða með áritun á skjalið sjálft. Jafnframt er ljóst af skeyti stefnda til Sviss 29. febrúar 1980, sem getið er hér að framan, að á þessum degi

taldi stefndi sig enn eiga ósamið við hið erlenda fyrirtæki. Veitir það líkur fyrir því, að hann hafi ekki talið sig eiga efniskröfur á áfrýjanda. Þegar virt er að stefndi átti ekki kröfu til þess að lögum, að áfrýjandi skuldbindi sig til greiðslu í maí 1979 og að í samþykki tryggingarvíxils felst ekki ótvírætt greiðsluloforð verður ekki talið nægilega fram komið, að áfrýjandi hafi orðið skuldbundinn til hinnar umdeildu greiðslu með gerðum, sem lagðar verði að jöfnu við orðað loforð.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefnda verður í máli þessu gert að greiða áfrýjanda það tjón, sem hann varð fyrir, er hann greiddi dómskuld eftir dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 23. október 1981, en það var eins og áður greinir 4. desember sama ár.

Í máli þessu hefur áfrýjandi einnig krafist úr hendi stefnda þess fjár, sem áfrýjandi greiddi fyrir aukabúnað í tæki þau, sem hann hafði til sölu og hafði tekið við frá stefnda. Ekki er nægilega sannað, að stefndi hafi skuldbundið sig til að greiða búnaðinn og verður því að kröfu stefnda að hafna þessum lið í kröfum áfrýjanda.

Þá hefur áfrýjandi gert kröfu um að stefndi greiði sér 10.000,00 krónur vegna kostnaðar við sölutilraunir. Ekki verður talið, að stefndi hafi beint eða óbeint lofað að greiða þennan kostnað eða að skuldbindingu um að greiða hann leiði af samskiptum aðilanna. Verður því einnig að hafna þessum kröfulið.

Áfrýjandi hefur einnig krafist endurgreiðslu lögmannskostnaðar vegna víxilmáls aðila. Þegar framkvæmdastjóri áfrýjanda samþykkti margnefndan tryggingarvíxil skapaðist veruleg óvissa milli aðila þessa máls. Þykir eftir meginreglunni í 178. gr. laga nr. 85/1936 eiga að hafna þessari kröfu áfrýjanda.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda verður gert að greiða áfrýjanda 166.541,02 krónur.

Stefndi hefur ekki sérstaklega mótmælt vaxtakröfu áfrýjanda sem verður tekin til greina eins og í dómsorði greinir.

Rétt er að málskostnaður falli niður í héraði og fyrr Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Málning hf., greiði áfrýjanda, Aco hf., 166.541,02 krónur með 37% ársvöxtum frá 4. desember 1981 til 26. janúar

1982, með dómvöxtum eftir lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987 og með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags í samræmi við 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 sbr. 14. gr. og 15. gr. sömu laga.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 21. október 1986.

Mál þetta, sem fyrst var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, hinn 9. maí 1986 var endurflutt 21. október 1986 og dómtekið á ný að loknum munnlegum málflutningi þann dag, er höfðað af Aco hf., nnr. 0004-7503, Laugavegi 168, Reykjavík með stefnu birtri 26. janúar 1982 á hendur Málningu hf., nnr. 6319-1078, Kársnesbraut 32, Kópavogi, til endurheimtu á greiðslu dómsskuldar, vaxta og alls kostnaðar vegna dóms bæjarþings Reykjavíkur frá 23. október 1981, til heimtu andvirðis tölvuminnis og greiðslna fyrir geymslu á tölvu og tölvubúnaði í húsnæði Aco hf., Laugavegi 168, Reykjavík.

Mál þetta var tekið út af reglulegu bæjarþingi 29. apríl 1982 og úthlutað þáverandi héraðsdómara í Kópavogi, Ólafi St. Sigurðssyni héraðsdómara. Með bréfi dags. 14. september 1984 var hann skipaður setudómari skv. sérstakri umboðsskrá í ofangreindu máli, en honum hafði skömmu áður verið veitt ársleyfi frá störfum.

Bæjarfógeti úthlutaði viðkomandi héraðsdómara málinu til úrlausnar, hinn 1. október 1985.

Málið fluttu f.h. stefnanda Anna Theódóra Gunnarsdóttir lögfræðingur í umboði Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl. og f.h. stefnda Ásdís Rafnar lögfræðingur í umboði Guðmundar Péturssonar hrl., báðar sem þriðju prófraun sína til þess að öðlast leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, sbr. 14. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær: Aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 205.341,02 með 31% ársvöxtum af kr. 13.800,00 frá 1. febrúar 1980 til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 1. júní 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 1. mars 1981 til 1. júní 1981, með 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 1. júní 1981 til 4. desember 1981, með 37% ársvöxtum frá 4. desember 1981 til stefnubirtingardags af stefnufjárhæðinni kr. 205.341,02 en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 191.541,02 með 37%

ársvöxtum frá 4. desember 1981 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 181.541,02 með 37% ársvöxtum frá 4. desember 1981 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði algjörlega sýknaður í máli þessu og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Málsástæður og önnur atvik.

Aðdraganda málaferla þessara má rekja til þess, að með kaupsamningi milli stefnda og Tölvutækni hf., dags. 14. mars 1978, keypti stefndi tölvu af Tölvutækni hf., umboðsaðila Burroughs Corporations hér á landi. Strax við móttöku tölvunnar í desember 1978 taldi stefndi tölvuna haldna ýmsum alvarlegum göllum og varan, sem hann hefði móttekið, hefði ekki samsvarað lýsingu í kaupsamningi. Stefndi kom kvörtunum tafarlaust á framfæri við Tölvutækni hf. Tölvutækni benti stefnda á að hafa samband við Burroughs International S/A í Fribourg í Sviss og umboðsaðila þeirra í Noregi, en tölvan var send þaðan, en forstjóri Tölvutækni var um þessar mundir að láta af störfum hjá fyrirtækinu, og var Tölvutækni hf. tekið til gjaldþrotaskipta fyrri hluta árs 1979. Stefndi fór að ráðum forstjóra Tölvutækni hf., og setti sig í samband við ofangreinda aðila. Stefnandi tók að sér umboð fyrir Burroughs Corporations á Íslandi í apríl 1979, og var honum sem slíkum falið af Burroughs International S/A að bjóða stefnda $ 1.000,00 í afslátt á verði tölvunnar vegna galla sem Burroughs International S/A viðurkenndi að tölvan væri haldin. Það mun stefnandi hafa gert. Ennfremur liggur fyrir að Burroughs International S/A hafi haft milliliðalaust samband við stefnda en síðan beðist afsökunar á þeim mistökum sínum, þar sem þeim hafi borið að snúa sér til umboðsaðila sinna hér á landi. Þegar hér var komið sögu, hafði stefndi beint riftunarkröfu sinni til Burroughs International S/A. Þessi atburðir gerðust allir fyrri hluta árs 1979.

Síðan gerist það að samkomulag verður milli stefnda og stefnanda, þess efnis að stefnandi taki tölvuna í húsakynni sín og reyni að selja hana. Við móttöku tölvunnar samþykkti stefnandi, að beiðni stefnda, tryggingarvíxil að fjárhæð gkr. 7.973.264,00, með útgáfudag 29. maí 1979 og með gjalddaga við sýningu á árinu 1980.

Þegar tölvan seldist ekki krafði stefndi stefnanda um greiðslu andvirðis

tryggingarvíxilisins, en þegar stefnandi synjaði um greiðslu, þá setti stefndi hann í innheimtu. Viðbrögð stefnanda við innheimtuaðgerðum stefnda voru þau að kæra stefnda til rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir meint misferli stefnda varðandi víxilinn. Rannsókn ákæruvaldsins gaf ekki tilefni til frekari aðgerða af þess hálfu.

Stefnandi var því dæmdur í víxilmáli samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 23. október 1981 til þess að greiða stefnda fjárhæð umræddrs tryggingarvíxils auk dráttarvaxta, afsagnar-, stimpilkostnaðar og málskostnaðar. Greiddi stefnandi stefnda fjárhæð þessa, samtals kr. 166.541,02 hinn 4. desember 1981 með fyrirvara um endurheimtu fjárins í sérstöku dómsmáli, sbr. 2. mgr. 209. gr. eml. nr. 85/1936.

Af hálfu stefnanda er mál þetta rekið á grundvelli 2. mgr. 209. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Í stefnu reisir stefnandi kröfur sínar á því að með honum og stefnda hafi aðeins tekist samkomulag um það að stefnandi reyndi að selja tölvuna og tölvubúnaðinn fyrir stefnda.

Tryggingarvíxilinn kveðst stefnandi hafa talið átt að gegna því tvíþætta hlutverki að tryggja endurheimtu tölvunnar og tölvubúnaðarins ef verðmæti þessi seldust ekki, en kaupverð þeirra ef þau seldust. Komi þetta hvað skýrast fram í því, að stefnandi hafi hvorki fært tölvuna og tölvubúnaðinn til eigna í bókhaldi sínu né tryggingarvíxilinn til skulda.

Í málflutningi stefnanda er á því byggt að með því að reyna sölu á umræddum tölvubúnaði leit stefnandi aldrei svo á að hann væri þar með að ganga inn í samning Tölvutækni hf. við stefnda. Þó svo að stefnandi hafi tekið að sér umboð það sem Tölvutækni hf. hafði áður haft, þá taldi hann sig á engan hátt bundinn af skuldbindingum þess fyrirtækis. Stefnandi féllst á málaleitan stefnda vegna þess að hann leit svo á að með þeim hætti væri hann að treysta viðskiptagrundvöll sinn. Stefnandi Aco hf. heldur því fram að forstjóri fyrirtækisins hafi litið á samþykki sitt á tryggingarvíxlinum sem einhverskonar kvittun fyrir móttöku tölvubúnaðarins, en hann hafi hins vegar aldrei litið svo á að þar með væri hann að taka við tölvubúnaðinum úr höndum stefnda fyrir fullt og allt. Hafi það verið fyrir vanþekkingu á eðli og tilgangi tryggingarvíxla og eins fyrir beina vangæslu að forstjóri stefnanda, sem sé skýrslufræðingur að mennt og á þessum tíma hafði litla reynslu af viðskiptum, hafi samþykkt nefndan tryggingarvíxil.

Þá var á því byggt að óumdeilt sé að upphaflegur kaupsamningur um nefndan tölvubúnað var gerður milli Tölvutækni hf. og stefnda. Stefndi geti einungis riftað kaupunum gagnvart seljanda vörunnar. Riftun stefnda gagnvart stefnanda hafi ekkert lagalegt gildi þar sem stefnandi hafi hvorki komið nálægt hinum upphaflegu viðskiptum né hafi haft umboð til að semja um slíkt. Ennfremur byggir stefnandi á því, að stefndi geti ekki riftað

kaupunum gagnvart Burroughs International S/A, þar sem viðskiptin hafi ekki farið fram í nafni Burroughs International S/A og þeir því ekki verið aðili umrædds samnings. Umboð það er Tölvutækni hf. hafi haft hafi verið þess efnis að Tölvutækni hf. hafi haft einkaaðstöðu hér á landi til að selja tölvur og tölvubúnað frá Burroughs. Tölvutækni hf. hafi keypt vélarnar af framleiðandanum og selt þær síðan í eigin nafni og fyrir eigin reikning. Hafi því ekki verið um umboð að ræða í skilningi samningalaganna nr. 7/1936.

Ennfremur var á því byggt í málflutningi stefnanda að álitamál væri hvort þeir gallar sem tölvan var haldin væru svo verulegir að þeir gætu orðið tilefni riftunar.

Varðandi kaup á viðbótarminni, þá var á því byggt af hálfu stefnanda að viðurkennt sé af stefnda að stefnandi hafi borið kaupin undir hann og hafi stefndi samþykkt þau. Tölvan hafi verið í eigu stefnda og stefnandi hafi verið að reyna að selja hana fyrir stefnda. Kaup á viðbótarminni hafi verið til að auka sölulíkur tölvunnar. Stefnandi telur því að samkomulag hafi náðst um það að stefndi greiddi fyrir kaup á tölvuminninu.Sama gildi um leigu, sem krafist sé vegna geymslu á tölvubúnaðinum.

Að lokum var á því byggt af hálfu stefnanda að athugun á bókhaldsgögnum stefnda leiði í ljós að það hafi fyrst verið í lok árs 1980 sem tryggingarvíxillinn hafi verið færður inn í bækur stefnda. Hafi stefndi litið svo á, að hann hafi rift kaupunum á árinu 1979 þegar hann afhenti stefnanda tölvuna og tók við tryggingarvíxlinum, þá hafi það átt að koma fram í bókhaldi stefnda í lok árs 1979. Með þessu vilji stefnandi vekja athygli á því að á þessum tíma hafi stefndi sjálfur ekki litið svo á, að tekist hafi samningur um riftun á kaupunum. Ennfremur styður skeytið sem stefndi sendi Burroughs International S/A 29. febrúar 1980 þá skoðun stefnanda að stefndi hafi á þeim tíma litið á málið sem óútkljáð.

Í greinargerð stefnda er á því byggt að enginn vafi hafi verið á því, að stefndi hafi lagalegan grundvöll til þess að rifta kaupunum og skila tækinu aftur og krefjast endurgreiðslu, skv. heimild í 42. - 54. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Ennfremur sé enginn vafi á því að með því að samþykkja tryggingarvíxilinn, þá hafi umboðsmaður framleiðandans fallist á að endurgreiða þá fjárhæð. Samþykki stefnanda á víxlinum hafi verið skilyrðislaust, sbr. 26. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Að lokum mótmælti stefndi í greinargerð fjárhæðum dómkröfu í stefnu sem of háum. Stefnandi hafi þurft að greiða stefnda kr. 166.541,02 samkvæmt uppgjöri vegna dóms bæjarþings Reykjavíkur frá 23. október 1981. Við þessa fjárhæð hafi stefndi bætt kr. 38.800,00, sem muni vera andvirði tölvuminnis og greiðslur fyrir geymslu á tölvu og tölvubúnaði í

húsnæði stefnanda. Þessum viðbótarkröfum sé tölulega mótmælt af hálfu stefnda.

Í málflutningi var á því byggt af hálfu stefnda að tölvan hafi verið haldin verulegum göllum þegar stefndi fékk hana afhenta, þar sem hún hafi ekki einungis verið notuð heldur hafi a.m.k. hlutar hennar verið gamlir. Þá er á því byggt að það hafi verið tekið skýrt til orða við Burroughs International S/A, þegar stefndi tjáði þeim í skeyti, dags. 20. apríl 1979, að hann hafnaði afslætti $ 1.000,- og kvaðst vilja rifta kaupunum vegna samningsrofa seljanda. Hafi stefndi síðan beint riftunarkröfu sinni að stefnanda sem hann hafi litið á sem umboðsaðila Burroughs International S/A hér á landi. Stefndi segist hafa litið svo á að sá samningur hafi tekist milli sín og stefnanda, að stefnandi tæki aftur við tölvunni og hafi stefnandi samþykkt tryggingarvíxil að fjárhæð gkr. 7.973.264,00. Hafi verið um mun hærri fjárhæð að ræða en söluverðmæti tölvunnar hafi numið, sem megi rekja til þess að stefndi hafi haldið fast við þá kröfu sína að fá allan kostnað sinn af þessum viðskiptum endurgreiddan. Með víxlinum, sem hafi verið sýningarvíxill, þá hafi stefndi litið svo á að hann hafi veitt umboðinu og framleiðandanum ótilgreindan greiðslufrest á þessari upphæð.

Af hálfu stefnda var því haldið fram að bindandi samkomulag hafi tekist með honum og framkvæmdastjóra stefnanda f.h. stefnanda um endurgreiðslu tölvunnar og annars kostnaðar stefnda vegna hennar, þegar framkvæmdastjóri stefnanda samþykkti víxil fyrir fjárhæðum stefnda og tók tölvuna í sína vörslu. Samþykki stefnanda á víxlinum var athugasemdalaust af hans hálfu. Með því gaf stefnandi stefnda loforð um að verða við þeim tilmælum hans að greiða víxilfjárhæðina. Á þeim gerningi hafi engir gallar verið sem valdið geti ógildingu hans. Af því leiði að hann hafi að öllu leyti verið skuldbindandi fyrir stefnanda.

Þá benti stefndi ennfremur á að stefnandi þekkti vel til samskipta stefnda við Burroughs International S/A. Stefnanda hafi verið kunnugt um það að Burroughs International S/A hafi vísað stefnda á stefnanda sem umboðsaðila sinn hér á landi. Ennfremur hafi stefnanda verið vel kunnugt um það að stefndi ætlaði aldrei að sætta sig við annað en endurgreiðslu á tölvunni. Stefnanda hafi verið fyllilega ljós tilgangur stefnda með útgáfu víxilsins. Ennfremur hafi framkvæmdastjóra stefnanda verið fyllilega kunnugt um, að stefndi taldi stefnanda annast erindrekstur í málinu af hálfu Burroughs International S/A, sem hann mátti gera m.a. vegna tilboðsins um afslátt af hálfu Burroughs International S/A.

Þá var á því byggt af hálfu stefnda að óumdeilt sé, að víxillinn hafi fullnægt formskilyrðum víxla og verið víxill í skilningi víxillaga, enda skilorðsbindi heitið „tryggingarvíxill" skjalið ekki á nokkurn hátt, þar sem engar sérreglur gildi um tryggingarvíxla.

Þeirri fullyrðingu stefnanda að hann hafi ekki þekkt eðli og tilgang tryggingarvíxla var af hálfu stefnda alfarið vísað á bug.

Stefndi hafði ekki ástæðu til að ætla annað, en stefnandi vildi með samþykki sínu á víxlinum gangast undir þessa fjárskuldbindingu, þ.e. hafi í raun tekið ákvörðun að skuldbinda sig samkvæmt efni og eðli skjalsins. Stefndi hafði fulla ástæðu til þess að líta á stefnanda sem viðsemjanda sinn fyrir hönd Burroughs International S/A. Skuldbinding stefnanda samkvæmt víxlinum stofnaðist ekki fyrir einhliða aðgerðir af hálfu stefnda, því að gerningurinn komst á fyrir tilstilli beggja, stefnanda og stefnda.

Þá var því mótmælt af hálfu stefnda að það hefði þýðingu í máli þessu hvernig hann hefði fært umræddan víxil í bókhaldi sínu.

Aðilar máls, f.h. stefnanda Áki Jónsson framkvæmdastjóri og f.h. stefnda Stefán Guðjóhnsen framkvæmdastjóri, gáfu aðilaskýrslu fyrir dómi. Ennfremur kom fyrir dóm sem vitni Kristinn Gils Sigtryggsson, löggiltur endurskoðandi.

Forsendur og niðurstaða:

Óumdeilt er að það samkomulag tókst á milli framkvæmdastjóra stefnda annars vegar og framkvæmdastjóra stefnanda hins vegar að stefnandi tæki að sér að selja tölvu þá, sem um er deilt í málinu.

Á hinn bóginn er deilt um réttaráhrif tryggingarvíxils sem stefnandi samþykkti við móttöku tölvunnar í húsakynnum sínum.

Þegar samskipti stefnda við Burroughs International S/A í Sviss eru virt, verður á það fallist með stefnda að hann hafði ástæðu til þess að líta á stefnanda sem viðsemjanda sinn fyrir Burroughs International S/A þegar það samkomulag varð milli stefnanda og stefnda að stefnandi reyndi að selja tölvuna í húsakynnum sínum og samþykkti jafnframt tryggingarvíxil til tryggingar greiðslu andvirðis tölvunnar auk hluta áfallins kostnaðar. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að stefndi hafi haft ástæðu til að ætla annað en stefnandi hafi með samþykki sínu á umræddum víxli tekið þá ákvörðun að skuldbinda sig samkvæmt efni og eðli skjalsins, enda hafi stefnandi ekki skilorðsbundið samþykki sitt með neinum hætti.

Þá leysir það stefnanda eigi undan skuldbindingu þeirri sem samþykki víxlisins lagði honum á herðar að hann hafi ekki þekkt eðli og tilgang tryggingarvíxla. Fráleitt er að menntun stefnanda, en hann er kerfisfræðingur, geti leitt til ógildingar samningsins, enda hefur stefnandi eigi fært fram nein gögn sem bendi til þess að ákvæði 3. kafla samningalaga nr. 7/1936 eigi við um lögskipti aðila að því er varðar tilurð ofangreinds tryggingarvíxils.

Ennfremur lítur dómurinn svo á að þar sem stefndi hafði ekki ástæðu til að ætla annað en stefnandi myndi standa við greiðsluloforð sitt samkvæmt efni víxilsins, þá leysi sú huglæga afstaða stefnanda hana eigi undan

greiðsluskuldbindingu sinni, að það hafi aldrei verið ætlun hans að greiða stefnda andvirði tölvunnar, tækist honum ekki að selja hana.

Ennfremur verður á það fallist með stefnda að orðið „tryggingarvíxill" skilorðsbindi skjalið ekki í merkingu 1. mgr. 26. gr. víxillaga nr. 93/1933. Skjalið fullnægir skilyrðum 1. gr. nefndra laga um form víxla og getur verið víxill í skilningi víxillaga. Víxillinn var sýningarvíxill, og var ákvæðum 1. mgr. 34. gr. víxillaga fullnægt þar sem hann var sýndur á greiðslustað í Landsbanka Íslands og afsagður þar sökum greiðslufalls hinn 11. apríl 1980, en víxillinn hafði verið útgefinn 29. maí 1979.

Dómurinn lítur svo á að með samþykki sínu á títtnefndum tryggingarvíxli hafi stefnandi gefið stefnda bindandi greiðsluloforð og þegar af þeirri ástæðu sé hann bundinn af því samkvæmt efni sínu, enda engir þeir gallar á löggerningnum sem valda eiga ógildingu hans. Verður þegar af þeirri ástæðu eigi fjallað frekar um aðrar málsástæður stefnanda sem hann byggir kröfu sína á.

Þá er næst á það að líta hvort stefnandi eigi kröfu á stefnda vegna kaupa stefnanda á viðbótarminni í tölvuna kr. 13.800,00 auk kostnaðar við geymslu og sölutilrauna, kr. 10.000,00 og lögmannskostnaðar stefnanda vegna málsins kr. 15.000,00, samtals kr. 38.800,00.

Óumdeilt er að stefnandi bar undir stefnda kaup á viðbótarminni sem stefndi samþykkti, en gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist að sanna að samkomulag hafi náðst um það að stefndi greiddi fyrir kaupin á tölvuminninu. Á sömu forsendu er því hafnað að stefnda beri að greiða kostnað við geymslu og sölutilraunir. Með vísan til niðurstöðu málsins er því hafnað, að stefndi beri lögmannskostnað stefnanda kr. 15.000.00.

Niðurstaðan er því sú að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt 177. gr. laga nr. 85/1936 þykir stefnanda bera að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 48.000,-.

Dráttur hefur orðið á dómsuppkvaðningu sem rekja má til mikilla anna dómara vegna rannsóknar umfangsmikils opinbers máls sem dómara var úthlutað í þann mund sem hann dómtók málið fyrra sinni.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Málning hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Aco hf.

Stefnandi greiði stefnda kr. 48.000,- í málskostnað.

Greiðsla fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. febrúar 1988.

Nr. 3/1987. **Kaupfélag Eyfirðinga og**
Samband íslenskra samvinnufélaga
vegna Efnaverksmiðjunnar Sjafnar
(Ragnar Steinbergsson hrl.)
gegn
Tryggva Georgssyni
(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Vinnulaun. Veikindadagar. Uppsagnarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. janúar 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi hinn 19. desember 1986. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara að þeim verði aðeins gert að greiða stefnda bætur vegna uppsagnarfrests samkvæmt mati Hæstaréttar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði þá látinn niður falla.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa fært nokkur rök að því, að um hafi verið að ræða verksamning. Svo sem sönnunarreglum er hér háttað verður þó fallist á með héraðsdómara, að samningur aðila hafi verið vinnusamningur eins og stefndi heldur fram. Verður krafa stefnda um veikindalaun frá 28. apríl 1984 til og með 25. júlí sama ár krónur 92.575,30 því tekin til greina, en áfrýjendur hafa ekki andmælt fjárhæð þessari tölulega.

Gegn andmælum áfrýjenda hefur stefndi hins vegar ekki sannað, að hann eigi rétt á lengri uppsagnarfresti en einum mánuði sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979, og ber að miða uppsögn við mánaðamót sbr. 6. mgr. sömu greinar. Ber því að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda vegna þessa hluta kröfunnar 43.306,80 krónur.

Úrslit máls þessa verða því þau, að áfrýjendum verður gert að greiða stefnda 135.882,10 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Hér fyrir dómi var ekki deilt um vexti.

Rétt er að áfrýjendur greiði stefnda samtals 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Kaupfélag Eyfirðinga og Samband íslenskra samvinnufélaga vegna Efnaverksmiðjunnar Sjafnar, greiði stefnda, Tryggva Georgssyni, 135.882,10 krónur með 19% ársvöxtum af 3.518,30 krónum frá 1. maí 1984 til 1. júní s.á., af 38.103,40 krónum frá þeim degi til 1. júlí s.á., af 67.815,35 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af 98.555,00 krónum frá þeim degi til 1. september s.á., af 134.433,55 krónum frá þeim degi til 1. október s.á., af 135.882,10 frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 14. apríl 1987 sem hér segir: 3,75% frá 1. febrúar til 1. mars 1985, 4% frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 14. apríl 1987 en með dráttarvöxtum eftir 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda samtals 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 8. apríl 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 10. mars sl., hefur Tryggvi Georgsson múrari, Hamragerði 13, Akureyri, nafnnúmer 8941-9468, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni þ. 5. júní 1985 á hendur Efnaverksmiðjunni Sjöfn, Glerárgötu 28, Akureyri, auðkennisnúmer 8135-3298.

Eru dómkröfur stefnanda þær að stefnda verði dæmt til að greiða honum

kr. 208.345,75 ásamt 19% ársvöxtum af kr. 3.518,30 frá 1. maí 1984 til 1. júní sama ár, af kr. 38.103,40 frá þeim degi til 1. júlí s.á., af kr. 67.815,35 frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af kr. 98.555,00 frá þeim degi til 1. september s.á, af kr. 134.433,55 frá þeim degi til 1. október s.á., af kr. 171.389,65 frá þeim degi til 1. nóvember s.á, af kr. 208.345,75 frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 3,75% mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á. og 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986 og 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómara. Til vara krefst stefnda þess að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar að mati dómara og málskostnaður felldur niður.

Málavexti kveður stefnandi þá að hann hafi lokið sveinsprófi í múraraiðn árið 1953 og þá gerst félagi í Múrarafélagi Akureyrar og hafi síðan starfað í iðn sinni. Á undanförnum árum hafi starf hans aðallega verið fólgið í eftirliti með byggingarframkvæmdum, síðast hjá stefnda, en áður hjá Dagsprenti hf. og Hagkaupi, svo dæmi séu nefnd.

Þ. 12. ágúst 1982 hafi stefnda auglýst í blaðinu Degi að það óskaði að ráða byggingartæknifræðing eða vanan byggingarmeistara til eftirlits með nýbyggingu sinni. Á grundvelli þeirrar auglýsingar hafi stefnandi ráðist til stefnda og hafið störf þar þ. 7. september 1982. Þ. 28. apríl 1984 hafi stefnandi orðið óvinnufær vegna kransæðasjúkdóms og verið það fram til 25. júlí sama ár. Þann dag hafi hann tilkynnt að hann væri tilbúinn að hefja störf að nýju, en þá verið tilkynnt á móti að það væri mat framkvæmdastjóra stefnda að stefnandi þyrfti mun lengri tíma til að ná nægjanlega góðri heilsu eftir slíkan sjúkdóm og að annar maður hefði verið fastráðinn í starfið. Hafi stefnandi þá gert reka að því að leita réttar síns en tilraunir hans í þá átt hafi ekki borið árangur og ekki heldur innheimtutilraun lögmanns hans og sé mál þetta því höfðað. Telji stefnandi sig eiga gjaldfallna en ógreidda vinnulaunakröfu á hendur stefnda enda hafi hann áunnið sér rétt til kaupgreiðslu í veikinda- og slysatilfellum og rétt til uppsagnarfrests. Vísar stefnandi til 1., 5. og 10. gr. laga nr. 19, 1979, sbr. kjarasamninga Múrarasambands Íslands, sem stéttarfélag hans á aðild að, og 1. gr. laga nr. 55, 1980.

Sýknukröfu sína rökstyður stefnda með því að stefnandi hafi ekki verið launþegi hjá stefnda, heldur sjálfstæður verktaki, og samningur aðila því verksamningur en ekki vinnusamningur. Hafi stefnandi fengið greitt fyrir vinnu sína skv. reikningum sem hann framvísaði sem greinilega hafi sýnt

að hann hafi ekki litið á sig sem launþega hjá stefnda, heldur sjálfstæðan verktaka.

Hafi reikningar stefnanda verið miðaðir við útselda vinnu yfirverkstjóra, verkstæðisvinnu, eftir 10 ára starf. Þar að auki hafi hann reiknað sér akstur sem sé innifalinn í þeim sama taxta, sem hann hafi notað. Af reikningum stefnanda megi ráða að hann hafi tekið að sér tímabundið starf fyrir stefnda. Hann hafi ákveðið þóknun sína sjálfur og gert reikninga fyrir verkið, og séu þeir reikningar allir gerðir m.t.t. útseldrar vinnu iðnlærðra yfirverkstjóra eftir 10 ára starf. Veikindakaup sé innifalið í útseldri vinnu, eins og t.d. orlof. Stefnandi eigi ekki rétt til veikindakaups auk greiðslu fyrir útselda vinnu og hann hafi ekki krafið um orlof, heldur viðurkennt að það væri innifalið. Kröfum stefnanda um bætur vegna ólöglegrar uppsagnar sé alfarið hafnað. Eins og áður sé rakið, hafi stefnandi tekið að sér tímabundið verkefni fyrir stefnda sem sjálfstæður verktaki. Stefnandi hafi lagt niður vinnu seint í apríl 1984. Hann hafi ekki haft eða látið hafa samband við stefnda vegna þessara veikinda og engar ráðstafanir gert til þess að annar aðili sinnti þeim eftirlitsstörfum sem hann hafi tekið að sér.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt að um verksamning hafi verið að ræða. Hann hafi alla tíð litið á sig sem launþega hjá stefnda í samræmi við auglýsingu þá sem að framan er rakin. Telji hann sig eiga rétt til veikindalauna og uppsagnarfrests í samræmi við lög og kjarasamning stéttarfélags hans, sem áður er vitnað til.

Eins og að framan er rakið snýst ágreiningur aðila um það hvort um hafi verið að ræða verksamning eða vinnusamning milli aðila. Aðilar hafa komið hér fyrir dóm auk vitna og ýmis gögn hafa verið lögð fram. Ágreiningslaust er með aðilum um að ekkert hafi verið um það rætt við samningsgerð hvort um væri að ræða vinnusamning eða verksamning. Af gögnum málsins verður eigi fyllilega ráðið um hvora tegund samnings var að ræða. Ágreiningslaust er að gert hafi verið ráð fyrir persónulegu vinnuframlagi stefnanda, þannig að honum hafi verið óheimilt að fela öðrum framkvæmd verksins í sinn stað. Þá er fram komið að greiðsla til stefnanda var miðuð við unninn vinnutíma, mældan í klukkustundum. M.a. m.t.t. þessa, svo og orðalags auglýsingarinnar um starfið, verður að telja að stefnda beri að sanna að um verksamning hafi verið að ræða en ekki vinnusamning, enda hafi það staðið honum nær í upphafi að tryggja sér slíka sönnun. Slík sönnun þykir eigi nægjanlega fram komin af hálfu stefnda og verður því við það miðað að samningur aðila hafi verið vinnusamningur eins og stefnandi heldur fram. Fram er komið í málinu að framkvæmdastjóra stefnda var kunnugt um veikindi stefnanda þegar í upphafi, og ágreiningslaust er að af hálfu stefnda voru engar ráðstafanir gerðar til að segja stefnanda upp vinnunni. Verður því að telja að stefnandi eigi þann rétt sem

framangreind lög og kjarasamningar kveða á um. Ekki er ágreiningur um að kröfur stefnanda séu í samræmi við ákvæði þeirra laga og kjarasamninga að öðru leyti en því, að stefnda heldur því fram að stefnandi eigi einungis rétt á 2 mánaða uppsagnarfresti skv. þeim kjarasamningi sem hann byggir kröfur sínar á.

Það er skoðun dómsins að uppsagnarfrestur sé 3 mánuðir eins og stefnandi heldur fram skv. téðum kjarasamningi með hliðsjón af eldri samningum.

Er það því niðurstaða dómsins að taka beri kröfur stefnanda til greina að fullu, enda er ekki tölulegur ágreiningur um þær. Skv. framangreindum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 55.000,00.

Dómsorð:

Stefnda, Efnaverksmiðjan Sjöfn, greiði stefnanda, Tryggva Georgssyni, kr. 208.345,75 ásamt 19% ársvöxtum af kr. 3.518,30 frá 1. maí 1984 til 1. júní s.á., af kr. 38.103,40 frá þeim degi til 1. júlí s.á., af kr. 67.815,35 frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af kr. 98.555,00 frá þeim degi til 1. sept. s.á., af kr. 134.433,55 frá þeim degi til 1. okt. s.á., af kr. 171.389,65 frá þeim degi til 1. nóv. s.á. og af kr. 208.345,75 frá þeim degi til 1. jan. 1985, 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. febr. s.á., 3,75% mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á. og 3,7% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. sept. s.á., 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986 og 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 55.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. febrúar 1988.

Nr. 74/1987. **Radíóbúðin hf.**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Útvarpsauglýsingum sf.
(Hákon Árnason hrl.)

Skuldamál. Endurgreiðslukrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Guðrún Erlendsdóttir og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1987. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig að frá 14. apríl 1987 reiknist dráttarvextir eftir 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að dráttarvextir verða eins og krafist er af stefnda hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags skal áfrýjandi, Radíóbúðin hf., greiða stefnda, Útvarpsauglýsingum sf., dráttarvexti eftir 10., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 35,000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, höfðaði Sigurður I. Halldórsson hdl., Borgartúni 33, Reykjavík, f.h. Útvarpsauglýsinga sf., Borgartúni 22,

Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. apríl 1986, gegn Radíóbúðinni hf., Skipholti 19, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða skuld að fjárhæð kr. 64.302,00 auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði frá 1. janúar 1986 til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, en 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu skuldar samkvæmt 5 reikningum samtals að fjárhæð kr. 643.020,00, þ.e. nr. 3357 kr. 177.870,00, nr. 3252 kr. 219.240,00, nr. 3184 kr. 89.110,00, nr. 3457 kr. 39.690,00 og nr. 3429 kr. 117.110,00 vegna auglýsinga er Útvarpsauglýsingar sf. gerðu fyrir stefnda í desember 1985 og auglýstar voru í Rás 2 í sama mánuði.

Stefndi greiddi beint til Ríkisútvarpsins kr. 578.718,00 og er nú stefnt til greiðslu eftirstöðva skuldarinnar kr. 64.302,00.

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum samnings- og kröfuréttar.

III.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að stefndi hafi auglýst fyrir kr. 643.020,00 í Ríkisútvarpinu í desember 1985 sbr. reikninga sem taldir eru í stefnu. Þessa reikninga hafi stefndi greitt 24. janúar 1986 með kr. 578.718,00, þ.e. 90% af framangreindum reikningsupphæðum, en stefndi hafi fengið 10% afslátt á auglýsingum hjá Ríkisútvarpinu fyrir auglýsingar í desembermánuði 1985 vegna magns auglýsinga í þeim mánuði. Þorbjörg Guðmundsdóttir, deildarstjóri auglýsingardeildar Ríkisútvarpsins, hafi kvittað fyrir móttöku á greiðslu stefnda 24. janúar 1986 án nokkurra athugasemda.

Vegna mistaka séu framangreindir reikningar skráðir á nafn stefnanda vegna auglýsinga fyrir stefnda. Í sumum tilfellum hafi stefnandi annast innheimtu fyrir Ríkisútvarpið, en ekki hafi verið samið um slíkt fyrirkomulag milli aðila þessa máls og hafi yfirlýsing frá Ríkisútvarpinu, dags. 27. febrúar 1986, enga þýðingu í þessu sambandi. Stefnandi hafi aðeins gert óverulegan hluta af ofangreindum auglýsingum fyrir stefnda og hafi það verið greitt sérstaklega. Stefnandi geri þær dómkröfur, að stefndi greiði sér kr. 64.302,00 ásamt vöxtum sem sé sá 10% afsláttur er Ríkisútvarpið hafi gefið stefnda á auglýsingum.

Ekkert samningssamband sé á milli aðila málsins sem geti réttlætt málshöfðun stefnanda á hendur stefnda. Stefnanda hafi aðeins verið falið að búa til óverulegan hluta af þeim auglýsingum sem birtar voru í útvarpi, rás 2, í desember 1985, en hafi hins vegar aldrei verið falið að koma fram gagnvart Ríkisútvarpinu sem einhvers konar milliliður milli þess og stefnda, hvorki vegna þeirra auglýsinga er stefnandi bjó til fyrir stefnda né vegna annarra auglýsinga. Stefndi hafi greitt stefnanda fyrir gerð þeirra auglýsinga sem hann hafi tekið að sér að búa til fyrir stefnda. Stefndi hafi greitt Ríkisútvarpinu fyrir birtingu þeirra auglýsinga er birtar voru í útvarpi, rás 2, í des. 1985 og fengið fullnaðarkvittun þar að lútandi.

IV.

Niðurstaða.

Við aðalflutning málsins komu fyrir dóm til yfirheyrslu Jörundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri og annar eigandi stefnanda, Grímur Laxdal, framkvæmdastjóri stefnda, Sigurður B. Oddsson, skrifstofustjóri stefnda, Jón Bjarni Bjarnason, deildarstjóri auglýsingadeildar stefnda, og Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrverandi auglýsingastjóri Ríkisútvarpsins.

Í skjölum málsins kemur fram að reikningar þeir sem málið er af risið eru stílaðir á stefnanda og jafnframt, að þá er stefndi greiddi kr. 578.718,00 inn á reikningsfjárhæðina voru reikningarnir ekki greiðslukvittaðir, heldur var kvittað fyrir móttöku fjárhæðarinnar á viðfestan miða. Fjárhæð þessi var færð hjá Ríkisútvarpinu sem greiðsla inn á skuldastöðu stefnanda. Frá upphafi starfsemi sinnar hefur stefnandi verið í reikningsviðskiptum við auglýsingadeild Ríkisútvarpsins og með samningi stefnanda og Ríkisútvarpsins gerðum í byrjun árs 1985 var m.a. kveðið á um 10% þjónustulaun stefnanda til handa, en slíka samninga hafa auglýsingastofur við auglýsingadeild Ríkisútvarpsins.

Fram kom hjá fyrrverandi auglýsingastjóra Ríkisútvarpsins að á þessum tíma hafi engir aðrir en auglýsingastofur fengið þjónustulaun 10%, en þetta sé ekki afsláttur heldur þjónustulaun fyrir ýmsa þjónustu, m.a. innheimtu. Við gerð reikninga fyrir auglýsingar sé farið eftir nafnnúmerum og muni stefnandi hafa beðið um þessar auglýsingar og þær þess vegna farið á nafnnúmer stefnanda.

Fram kom hjá starfsmönnum stefnda að stefndi, sem rekur eigin auglýsingadeild, hafi enn ekki fengið afslátt hjá Ríkisútvarpinu en verið sé að vinna í því. Ríkisútvarpið hafi ekki gert frekari tilraunir til þess að innheimta þessar kr. 64.302,00 hjá stefnda.

Á vottorði auglýsingafulltrúa Ríkisútvarpsins, dags. 2. október 1986, kemur fram að reikningar þeir sem málið er af risið hafa verið greiddir og af þeim hafi stefnandi fengið 10% í þjónustulaun.

Þegar til þess er litið sem hér hefur verið rakið þá verður ekki á málsástæðu stefnda, byggða á aðildarskorti, fallist. Stefndi fól stefnanda að annast gerð auglýsinga og hefur a.m.k. samþykkt í verki að stefnandi hefði milligöngu um að koma auglýsingum á framfæri við auglýsingastofu Ríkisútvarpsins samanber reikninga frá því í ágúst og september 1985 stílaða á nafn stefnanda sem stefndi greiddi.

Stefndi hefur einungis greitt 90% af fjárhæð reikninga stíluðum á nafn stefnanda vegna auglýsinga í Ríkisútvarpinu í desember 1985 fyrir stefnda; mismuninn hefur stefnandi greitt og ber því að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 28.500,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Radíóbúðin hf., greiði stefnanda, Útvarpsauglýsingum sf., kr. 64.302,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. janúar 1986 til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986 og 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 28.500,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 16. febrúar 1988.

Nr. 138/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristni Ingibergssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Skírlífisbrot. Sönnun. Líkamsárás. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Hrafn Bragason og prófessor Sigurður Líndal.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1987 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal úrskurður læknaráðs, dagsettur 5. desember 1987.

Málið er lagt fyrir læknaráð á þá leið

að leitað er svara við eftirfarandi spurningum:

„1. Telur Læknaráð, að fullnægjandi læknisrannsókn hafi farið fram á barninu Y, f. 1. janúar 1981, sbr. þau læknisvottorð, sem að því lúta?

2. Hvert er álit Læknaráðs á niðurstöðum Hannesar Péturssonar yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Kristins, fellst ráðið á niðurstöður yfirlæknisins?

Málið var lagt fyrir réttarmáladeild ráðsins. Deildin afgreiddi það á fundi sínum 26. nóvember 1987 með svofelldri *tillögu um ályktun læknaráðs:*

Ad.1. Læknaráð telur að læknisrannsókn á Landspítalanum hafi verið fullnægjandi, en æskilegt hefði verið að gera sæðisrannsókn úr leggöngum barnsins við skoðun 14. júlí 1984, er grunur vaknaði um kynferðisafbrot.

Ad.2. Já. Þó vill læknaráð vekja athygli á að í vottorði Hannesar Péturssonar á bls. 149 í ágripi kemur fram að stöku sinnum kvaðst Kristinn fá „black-outs“ ef hann drekki of mikið.“

II.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms varðandi ákæru, útgefna 21. september 1984, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um kynferðismök við stúlkubarnið Y aðfaranótt laugardagsins 14. júlí 1984 á heimili sínu.

Brot ákærða ber að heimfæra til 202. gr., sbr. 200 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara varðandi ákæru útgefna 12. janúar 1987, svo og heimfærslu til refsiákvæða.

IV.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 202. gr., sbr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 217. gr. sömu laga sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 27. júlí 1984 til 26. september 1984.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dráttur hefur orðið á rekstri málsins í héraði. Eigi verður séð að neitt sé aðhafst í málinu á tímabilinu frá 11. júní 1985 til 2. desember 1986. Ber að átelja héraðsdómarann fyrir drátt þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Ingibergsson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 50.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Sératkvæði

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ákæruskjal 21. september 1984.

Ákærði hefur staðfastlega neitað við alla rannsókn málsins að vera sekur um verknað þann, sem honum er gefin sök á.

Sönnunarfærslan miðar einkum að því að sýna fram á að öðrum en ákærða sé ekki til að dreifa.

Samkvæmt ákæruskjali og sakargögnum koma til greina á aðfaranótt eða að morgni laugardagsins 14. júlí tvö tímabil, sem ákærði kann að hafa unnið verknaðinn á, annars vegar sá tími er ákærði var einn hjá barninu og hins vegar tíminn kl. 4-11 um morguninn.

Málið var kært til rannsóknarlögreglu ríkisins mánudaginn 16. júlí 1984 kl. 14.35. Vettvangsrannsókn fór fram kl. 16 sama dag. Kl. 18 samdægurs gerði tæknideild rannsóknarlögreglunnar leit að blóði á nokkrum munum, sem teknir voru við skoðun á vettvangi. Blóðsvörun samkvæmt prófunum var í öllum tilvikum neikvæð, þ.e. að blóð fannst ekki. Ég tel að af þessari athugun megi ekki ályktа, að blóð hafi eigi komið á leiktæki þessi eða muni á þeim tíma er hér skiptir máli. Það kann hugsanlega að hafa máðst af þeim, t.d. í leik með þau. Móðir barnsins er ein til frásagnar um, að barnið hafi ekki verið búið að fá áverkann þegar hún háttaði það. Þegar litið er til þess að komið var á þriðja sólarhring frá því að áverkinn er talinn hafa átt sér stað og þar til vettvangsrannsókn fór fram og sakargögn að öðru leyti ekki ótvíræð um það að ekki kunni um slys eða sjálfsáverka að vera að ræða, þykir ekki loku fyrir það skotið að svo kunni að vera.

Ákærði var einn hjá barninu nokkra stund. Í héraðsdómi er hún talin vera 30-45 mínútur. Sú tímaákvörðun styðst við framburð eins vitnis fyrir dómi. Hjá rannsóknarlögreglu bar þetta vitni á annan veg um tímalengdina. Móðir barnsins taldi tímann í mesta lagi hafa verið 20 mínútur og ákærði taldi hann hafa verið ca. 15 mínútur. Hér ber að miða við skemmri tímann. Er ólíklegt að ákærði hafi á þessari stundu veitt barninu áverkann og tekist að svæfa það áður en móðirin kom.

Ferill ákærða föstudaginn 13. júlí er þessi. Samkvæmt sakargögnum fór ákærði til vinnu kl. 7 um morguninn og ekki er annað upp-

lýst en hann hafi verið á vinnustað um daginn að því frátöldu að hann var sendur með tanka niður á afgreiðslu Ríkisskips. Kl. 17:55 ekur hann starfsfólki úr vinnunni, borðar heima hjá sér um kl. 18:30 og er aftur kominn til vinnu rétt upp úr kl. 19. Þar er hann fram til þess er hann fer á sólbaðstofu í Reykjavík um kl. 22. Ferill hans eftir það er rakinn í héraðsdómi. Þar er einnig gerð grein fyrir áfengisneyslu hans um nóttina og því að hann og sambýliskona hans fóru að sofa um kl. 4 og öðrum atvikum í því sambandi. Ákærði hefur því haft langan vinnudag og verið að minnsta kosti búinn að vaka í 21 klukkustund. Þegar á öll atvik málsins er litið og þó sérstaklega það, að verknaðurinn er talinn hafa átt sér stað að móðurinni sofandi í sama herbergi og barnið og án þess að hún vaknaði, þykir verða að gjalda nokkurn varhug við þeirri staðhæfingu.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir skýrslum læknis og hjúkrunarfólks. Vitni þessi hafa ekki staðfest þær með eiði eða drengskaparheiti. Þá er í málinu vottorð Erlu Jónsdóttur deildarstjóra. Hún hefur ekki staðfest það fyrir dómi. Við mat á þessum sönnunargögnum ber að hafa í huga, að stúlkubarnið Y var aðeins 3 1/2 árs gamalt. Ekki kemur fram nákvæmlega hvernig spurningar þær, sem fyrir það voru lagðar, voru orðaðar og eigi þykir verða á því byggt þótt vitnin sjálf lýsi yfir því að þær hafi ekki verið leiðandi. Svör barnsins virðast samkvæmt framburðum þessum hafa verið nokkuð á reiki svo sem: „ekkert", „enginn", „Daníel hafi gert það" og „pabbi hennar hafi gert það með tippinu" og svo „að sjálf hafi hún meitt sig í dúllunni". Stundum hafi hún ekki viljað um málið tala.

Sálfræðiskýrsla sú, er frammi liggur í málinu er frá 19. mars 1986 eða um 20 mánuðum eftir atburðinn. Ekki er vitað hverju hefur verið haldið að barninu á þessum tíma að því er varðaði ákærða. Þykir skýrslan því þegar af þessari ástæðu hafa léttvægt sönnunargildi um sekt ákærða. Ástæða er að geta þess að út frá því er gengið í skýrslunni, að barnið hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi ákærða. Í lokaorðum hennar segir m.a.: „Móðir afneitar algerlega verknaði Kristins og gefur þau skilaboð til telpunnar. Þetta verður að taka breytingum. Annars vegar þarf móðir hjálp til að takast á við varnir sínar, hins vegar þarf telpan að fá að vita hinar raunverulegu ástæður fyrir því umstangi sem byrjaði á miðju ári 1984." Og síðar segir: „Nauðsynlegt er að móður verði gerð grein fyrir þessu."

Dómskýrslu sambýliskonu ákærða 12. febrúar 1987 er getið í héraðsdómi, en þar koma fram breytt viðhorf hjá henni. Athuga ber að skýrsla þessi breytir í engu fyrri skýrslum hennar um atburðarásina.

Í ályktun í skýrslu Hannesar Péturssonar yfirlæknis, dags. 8. nóvember 1984 um geðheilbrigðisrannsókn á ákærða segir svo: „Geðrannsókn hefur eigi leitt í ljós merki um afbrigðilegan kynferðisþroska eða hegðun þó slíkt útiloki að sjálfsögðu ekki að Kristinn kunni að hafa gerst sekur um framangreindan verknað. Af þeim gögnum sem liggja fyrir verður heldur ekki ráðið að nein sérstök kynlífsvandamál eða aðrar geðrænar truflanir hafi verið til staðar sem gætu hugsanlega skýrt verknað þann, sem Kristni er gert að sök að hafa framið." Læknaráð hefur fallist á niðurstöður skýrslu yfirlæknisins.

Atvik málsins benda með vissum hætti til þess, að ákærði sé sekur um kynrænt ofbeldi gagnvart barninu Y og þá einkum það, að öðrum karlmanni sé ekki til að dreifa. Þar sem hins vegar ýmislegt veikir sönnunargildi sakargagnanna, eins og að framan er vikið að og þau metin í heild sinni, þykir ekki komin fram fullnægjandi sönnun um sekt ákærða og ber því að sýkna hann með tilvísun til 108 gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Ákæruskjal 12. janúar 1987.

Ákærði telst sannur að sök um ákæruefnið svo sem greint er í héraðsdómi.

Með vísan til framanritaðs tel ég, að ákærði eigi að sæta sekt til ríkissjóðs að fjárhæð 50.000,00 krónur.

Málsvarnarlaun ákærða í héraði til handa dr. Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni ákveðast 50.000,00 krónur og til handa Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni fyrir flutning málsins fyrir Hæstarétti 50.000,00 krónur. Málsvarnarlaunin greiðist að 4/5 hlutum úr ríkissjóði en ákærði greiði 1/5 hluta. Ákærði greiði saksóknarlaun í ríkissjóð 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 10. mars 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 10. mars, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í réttarsal embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði af Finn-

boga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2137/1984: Ákæruvaldið gegn Kristni Ingibergssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. febrúar sl. að afloknum munnlegum málflutningi, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað fyrir dóminum með ákærum útgefnum 21. september 1984 og 12. janúar 1987 á hendur Kristni Ingibergssyni bifreiðarstjóra, Hafnarfirði, fæddum 30. júlí 1956 í Hafnarfirði, fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19, 1940.

A. Samkvæmt ákæru útgefinni 21. september 1984 er ákærða gefið að sök að hafa aðfaranótt eða að morgni laugardagsins 14. júlí 1984 á ofangreindu heimili sínu og sambýliskonu sinnar haft samræði við stúlkubarnið Y, fædda 1. janúar 1981, dóttur sambýliskonunnar, þannig að rifa myndaðist í meyjarhaft barnsins og fleiður í slímhúð vulva, með því að þrýsta getnaðarlim sínum inn í sköp barnsins, eða viðhaft önnur kynferðismök við barnið með framangreindum afleiðingum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

B. Samkvæmt ákæru útgefinni 12. janúar 1987 er ákærða gefin að sök líkamsárás með því að hafa að morgni 15. nóvember 1986 fyrir utan heimili sitt í leigubifreiðinni Y-1878 ráðist á ökumann bifreiðarinnar, Sigrúnu Arnarsdóttur, úr aftursæti bifreiðarinnar og tekið föstu taki um háls hennar með báðum höndum og haldið henni þannig um stund með þeim afleiðingum að Sigrún marðist framan á hálsi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist.

Við munnlegan málflutning féll ákæruvaldið frá skaðabótakröfu, þar sem ákærði og leigubifreiðarstjórinn höfðu gert með sér samkomulag um greiðslu skaðabóta.

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., er sú krafa gerð að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og honum tildæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði, en til vara að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, er lög heimila og að til frádráttar refsingu hans komi gæsluvarðhaldsvist hans og að verjandanum verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 30. júlí 1956 í Hafnarfirði, hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:
1973 26/11 í Hafnarfirði: Sátt: 500 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1981 21/10 í Hafnarfirði: Sátt: 520 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

1982 25/2 í Hafnarfirði: Sátt: 800 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Málavextir:

A.

1. Atburðarás samkvæmt skýrslum ákærða og X hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi og skýrslum vitna.

Ákærði og X bjuggu saman að H-götu í óvígðri sambúð á árinu 1984. X átti dóttur, Y, sem fædd var árið 1981 og var hjá þeim. Föstudaginn 13. júlí 1984 kom X heim með dóttur sína um kvöldmatarleytið. Til hennar kom þá systir ákærða og drukku þær saman eitt rósavínsglas. Hún borðaði kvöldmat hjá X og einnig kom ákærði heim í kvöldmat en fór síðan aftur til vinnu. Systir ákærða fór síðan með barn sitt. X fór til vinnu og kom barninu fyrir í pössun á meðan. Hún kom síðan heim um kl. 22:00 og fór að laga til í íbúðinni og háttaði síðan barnið Y og þvoði því hátt og lágt og lagði það síðan í rúmið. X segir að þá hafi hún ekkert athugavert séð við barnið. X settist síðan inn í stofu, horfði á sjónvarpið og beið eftir ákærða sem hafði unnið frameftir. Ákærði fór eftir vinnu þetta kvöld með bróður sínum á sólbaðstofu í Reykjavík sem ákærði stundaði vegna húðsjúkdóms. Á leiðinni heim komu þeir bræður við hjá vinnufélaga þeirra en héldu síðan báðir heim til ákærða. Bróðir ákærða hafði þá hafið neyslu áfengis. Þeir komu heim til ákærða eftir miðnætti og var X þá farið að lengja eftir ákærða og var hún m.a. búin að spyrjast fyrir um hann á heimili foreldra hans og á sólbaðstofunni.

Ákærði drakk nokkur staup af rósavíni eftir að heim var komið og einnig fékk X sér 2 staup.

Ákærði og bróðir hans vildu nú fara á dansleik en X var treg til þess í fyrstu, en lét þó til leiðast að lokum. Þau höfðu nú samband við nokkra ættingja ákærða í því skyni að útvega barnagæslu, en er það tókst ekki var ákveðið að þeir bræður færu einir á dansleikinn og bauðst X til að aka þeim þangað í bifreið bróur ákærða. Um kl. 02:30 ók hún þeim á dansleikinn og skildi barnið Y, sem þá var sofandi, eitt eftir heima. Dansstaðurinn var stutt frá heimili ákærða og fór X strax aftur heim. Um kl. 03:00 ók hún aftur að dansstaðnum til þess að sækja ákærða og bróður hans og var barnið sofandi er hún fór út. Hún fór inn á dansstaðinn, hitti þar ákærða og sagði honum að ná í bróður sinn og koma út í bíl. Hún fór síðan út og skömmu síðar komu í bílinn ákærði, bróðir hans og stúlka, sem var með þeim síðarnefnda. Bróðir ákærða var talsvert undir áfengisáhrifum. Ákærði var undir áfengisáhrifum en ekki mikið eftir því sem þau ákærði og X bera. Ákærði drakk eitt glas af tvöföldum brennivíni (sic) á dansleiknum og fékk þar að auki sopa og sopa hjá fólki sem hann þekkti á dansleiknum. X ók nú heim til þeirra ákærða þar sem hann yfirgaf

bifreiðina, en X ók nú bróður ákærða heim með viðkomu á nætursölu þar sem hann verslaði. Eftir að hafa ekið bróður ákærða og stúlkunni, sem hann var með, heim, ók X heim og fór þar inn. Hún kvað ákærða hafa verið inni á baði að bursta í sér tennurnar er hún kom heim og hafi hann verið í nærbuxum einum fata. X burstaði í sér tennurnar og lagðist til hvílu. Áður breiddi hún sængina ofan á barn sitt og sá þá ekkert athugavert við það. Þau ákærði og X höfðu nú fullkomnar samfarir að þeirra sögn og fóru síðan að sofa.

Morguninn eftir vaknaði X við það að barið var að dyrum. Hún fór til dyra og opnaði og var þar komin telpa, sem var að spyrja eftir dóttur X. Hún hleypti henni inn og um sama leyti hringdi síminn og var það bróðir ákærða að spyrja eftir honum. Er hún kom inn í svefnherbergið var telpan risin upp í rúminu og ákærði að vakna. X tók nú telpuna upp og sá þá að rúm hennar var blautt. X hélt í fyrstu að telpan hefði pissað undir en er hún fór með hana á salernið til að láta hana pissa, tók hún eftir því að blóð var í nærbuxum telpunnar. Hún setti telpuna á klósettið en hún vildi ekki pissa. Hún spurði telpuna þá hvað fyrir hefði komið en telpan svaraði „ekkert". X sýndi nú ákærða hvað um væri að ræða og tókst honum síðan að eigin sögn að fá telpuna til að pissa. Ákærði kvaðst síðan hafa þurrkað á telpunni klofið og hafi hún þá sagt: „Ekki gera fast, mér er illt."

X áleit að um eitthvað álika væri að ræða og í maímánuði þetta ár, en þá var telpan flutt á Landakotsspítala. Þá hafði telpan vaknað einn morgun og verið öll á iði og virst líða illa. Þá tók X eftir því að blóð var í nærbuxum telpunnar sem talað hafði um að hún gæti ekki pissað. X skoðaði telpuna þá og varð hún vör við blóð og roða á kynfærum hennar. Læknar á Landakotsspítala tjáðu þá X að hvorki væri um þvagfærasýkingu né blöðrubólgu að ræða, en talið var að um bakteríu væri að ræða. X kvaðst þá hafa séð blóð koma út um legop telpunnar.

X fannst blóðið vera meira nú en í fyrra skiptið.

X reyndi að ná sambandi við Björn Guðbrandsson lækni á Landakotsspítala, sem skoðað hafði telpuna í fyrra skiptið, en það bar ekki árangur. Hins vegar var henni bent á að fara með telpuna á skyndivakt Landspítalans. X hringdi nú í móður sína og leitaði ráða hjá henni. Það dróst fram eftir degi að X færi með telpuna á spítalann, þar sem þennan dag var verið að setja útidyrahurð heima hjá henni og eins voru gestir í heimsókn, sem hún þurfti að gefa kaffi. X kvað telpuna hafa verið hressa og hafi hún getað pissað og því ekki liðið eins illa og í fyrra skiptið.

Þau X og ákærði fóru með telpuna laust fyrir kl. 17:00 þennan dag á skyndivakt Barnaspítalans Hringsins þar sem hún var lögð inn til rannsóknar.

X kvaðst hafa verið ein hjá telpunni á spítalanum þetta kvöld og þá spurt hana hvort einhver hafi verið að meiða hana. Telpan hafi fyrst svarað „enginn", síðan nefnt strákinn hjá G ömmu en síðan hafi hún sagt að pabbi hafi gert það. Er X reyndi að spyrja telpuna nánar út í þetta, þá hafi telpan sagt að enginn hefði meitt hana. X kvaðst ekki geta áttað sig á því hvað sé rétt af því sem telpan segi í þessum efnum, en telpan sé gjörn á að segja skáldsögur af sjálfri sér og eins eigi hún það til, þegar hún er spurð, að tala um eitthvað annað eða eyða því sem verið er að spyrja hana um, sé það eitthvað verra.

Telpan var tekin til skoðunar á Barnaspítala Hringsins sama dag og komið var með hana á spítalann og segir svo í vottorði Gests Pálssonar barnalæknis, dagsettu 20. júlí 1984:

„Að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins vottast að hinn 14. júlí 1984, laust fyrir kl. 17:00, kom á skyndivakt Barnaspítala Hringsins, Landsspítalanum, Y, f. 01.01. '81, í fylgd móður sinnar og fósturföður, Kristins Ingibergssonar. Komið var með stúlkuna vegna ferskrar blæðingar frá kynfærum. Móðir stúlkunnar upplýsti að hún hefði þvegið stúlkunni að neðan kvöldið áður og þá ekki orðið vör við neitt óeðlilegt, en um morguninn, þegar stúlkan vaknaði í rúmi sínu, hefðu kynfæri hennar verið blóðug, auk þess sem blóð var í lakinu. Talsvert hafði blætt frá því um morguninn að sögn móðurinnar, og hafði hún skipt um bindi á stúlkunni á 1 - 2ja klst. fresti. Einnig upplýsti móðirin að stúlkan hefði verið innlögð á barnadeild Landakotsspítala í byrjun maí 1984 vegna blæðingar frá kynfærum og þvagteppu.

Skoðun við komu leiddi í ljós gott almennt ástand, stúlkan var hraustleg, eðlilega þroskuð. Greinileg blæðing frá kynfærum og þar sem stúlkan kveinkaði sér mjög þegar komið var við kynfæri hennar, var ákveðið að frekari rannsókn færi fram í svæfingu. Leitað var aðstoðar sérfræðings á kvennadeild Landsspítalans. Rannsóknin leiddi í ljós greinilega rifu í hymen kl. 6, sem gekk niður í vulva aftanvert, u.þ.b. 1 cm á lengd og myndaði fleyglaga fleiður í slímhúðina. Frá þessu svæði blæddi smáblæðingu. Ennfremur sást fleiður í hymen u.þ.b. kl. 11, en slímhúðin ofan hymen virtist eðlileg að því er best varð séð með hjálp tveggja bómullarpinna. Til að stöðva blæðinguna voru settir tveir saumar í slímhúðina.

Hér er um áverka að ræða sem ekki hefur fundist viðhlítandi skýring á. Sterkur grunur er um misbeitingu valds gagnvart stúlkunni og málið því tilkynnt félagsmálastofnun Garðabæjar."

Gestur Pálsson ræddi nokkrum sinnum við X þessa helgi um áverka telpunnar, en hún kunni enga skýringu á því hvað fyrir hefði komið. Mánudagsmorguninn 16. júlí þetta ár ræddi læknirinn á ný við X. Hann skýrði henni frá skoðuninni á telpunni og áverkum á henni. Hann spurði X hvort

hún og ákærði hefðu verið ein hjá telpunni um nóttina og svaraði X því játandi. Þá sagði læknirinn X að fram hefði komið hjá telpunni áður en hún fór í aðgerðina, að pabbi hennar hefði meitt hana og eftir því kæmi ekki annað til greina en að ákærði ætti sök á ákverkanum. X kvað þetta hafa komið eins og kalda vatnsgusu yfir sig en fram að þeim tíma hafi enginn grunur verið með henni um að ákærði gæti hafa átt sök á þessu. Er læknirinn ræddi við X í þetta sinn fékk hann upplýsingar um ákærða, hringdi í hann og boðaði hann til viðtals á spítalann.

X fór út frá lækninum og beið komu ákærða á spítalann. Er hann kom tjáði X honum hvað læknirinn hefði sagt og hváði ákærði við. X sagði honum þá frá því að læknirinn hefði spurt hana hvort þau hafi verið ein með barnið og hvort þau hafi neytt áfengis. X bað ákærða að segja sem minnst við lækninn.

Hún kvaðst ekki hafa viljað að það fréttist að telpan hefði verið skilin ein eftir í smástund.

X og ákærði ræddu nú við lækninn, sem skýrði ákærða frá áverkum telpunnar og lét þess getið að vísa yrði málinu til barnaverndarnefndar.

Ákærði og X yfirgáfu nú spítalann og ákváðu að halda á fund móður X sem er starfsmaður á félagsmálaskrifstofu. Á leiðinni ræddu ákærði og X um málið. X ræddi um þann möguleika að einhver hefði komist inn í íbúðina á meðan þau voru ekki heima eða án þess að þau yrðu þess vör, en þau hafi svo talið þennan möguleika útilokaðan. Ekki hafði komið til tals á þessari stundu að málið kæmi til kasta lögreglu. X ræddi við ákærða um þau orð læknisins, að ákærði kynni að eiga sök á meiðslum telpunnar. Ákærða þótti þetta skrýtið og var X sammála honum um það að undarlegt væri að hún hefði ekki orðið vör við neitt.

X og ákærði ákváðu að leyna því að þau hefðu haft vín um hönd umrætt kvöld og að hafa skilið barnið eitt eftir heima.

Er ákærði og X komu til móður X á félagsmálaskrifstofu G-bæjar, var Gestur Pálsson barnalæknir búinn að ræða við hana og tilkynna henni um málið.

Fóru nú móðir X, ákærði og X á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi og óskuðu eftir rannsókn á meiðslum telpunnar Y.

X skýrði RLR frá því að er hún hefði komið inn í herbergi telpunnar kl. 11:00 umræddan laugardagsmorgun hefði hún tekið eftir því að telpan var blóðug á kynfærunum. Leitað hefði verið með hana til læknis og væri hún nú á Barnadeild Landspítalans. Þau óskuðu öll eftir því að RLR hlutaðist til um rannsókn á því með hvaða hætti telpan hefði orðið fyrir þessum áverkum.

2.

Rannsóknarlögregla ríkisins hóf þegar vettvangsrannsókn á heimili ákærða og X. Gluggar íbúðarinnar voru sérstaklega athugaðir og var ekki sjáanlegt að inn um þá hefði verið farið. Föt telpunnar, sem hún hafði verið í umrædda nótt, og rúmföt hennar voru tekin til sérstakrar rannsóknar á tæknideild RLR. Sérstök leit var gerð að einhverjum hlut sem telpan kynni að hafa skaðað sig á. Í því sambandi fannst ekkert nema rúmfjöl úr krossviði sem stungið er niður með rúmstokk og dýnu, er barnið sefur, tvær plastdúkkur og lítið hjól. Þessir hlutir voru teknir til rannsóknar. Teknar voru ljósmyndir á vettvangi.

Næsta dag hafði X samband við RLR og skýrði þeim frá því að hún hefði orðið vör við blóðbletti á rúmi barnsins. Rannsóknarlögreglumenn komu þegar á vettvang og ljósmynduðu blettina og gerðu á þeim blóðpróf og reyndust blettirnir blóð. Á gafli barnarúmsins reyndist vera einn blettur, 4 á úthlið höðfagafls, á skúffu undir barnarúminu reyndust vera 2 blóðtaumar. Á horni ofns ofan við rúmið reyndist vera blóðblettur sem reynt hafði verið að þvo burt. Þá reyndist vera blódropi á sængurveri í hjónarúmi.

Við tæknilega rannsókn á rúmfatnaði og náttfötum telpunnar fannst blóðblettur á sængurveri, blóðkám á nátttreyju, náttbuxur blóðugar í klofi og á vinstri skálm, blóðtaumur á faldi nærbols og nærbuxur voru gegnbleyttar af blóði í klofi og blóðkámugar að framan. Ekki fundust sæðisblettir á þessum hlutum.

3.

Að morgni þriðjudagsins 17. júlí þetta ár fór Erla Jónsdóttir, deildarstjóri RLR, á Barnaspítala Hringsins og lék og ræddi við telpuna í eina klst. og barst talið að „meiddinu" sem væri þess valdandi að hún væri á sjúkrahúsi. Telpan var nokkrum sinnum spurð að því hvernig hún hefði meitt sig og svaraði hún því með orðunum „ekkert, enginn". Síðar eftir að búið var að leika við telpuna og lesa fyrir hana, sagði telpan „að pabbi hafi gert meiddið".

4.

Þrír starfsmenn barnadeildar gáfu skýrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 19. júlí 1984.

Rut Petersen hjúkrunarfærðingur kvaðst hafa komið á vakt kl. 23:30 laugardagskvöldið 14. júlí og hafi þá skömmu síðar verið komið með telpuna Y inn á deildina eftir svæfingu. Hún kvað telpuna hafa sofið til rúmlega 05:00. Hún kvaðst hafa sinnt telpunni eftir að hún vaknaði og hafi hún virst hress og úthvíld. Telpan hafi beðið um að fá að fara á klósettið

og pissa og hafi hún farið með hana þangað og rætt við telpuna á meðan. Hún kvað telpuna hafa virst glaðа yfir því að geta pissað, sem hún hafi verið hrædd um að geta ekki. Hún kvaðst hafa spurt telpuna hvernig hún hafi meitt sig og telpan svarað því til að Daníel hefði gert það og að hann væri tveggja ára. Svo hefði telpan ekki viljað ræða meira um meiddið. Hún kvaðst síðan hafa mælt telpuna og tekið af henni kompressu og hefði telpan kveinkað sér er hún lyfti annarri rasskinn hennar.

Hún kvaðst hafa sinnt öðrum börnum eftir þetta og hefði telpan verið á stjái á meðan og viljað vera góð við litlu börnin. Hún hefði verið síspyrjandi og talað mikið. Hún kvað einu sinni hafa komið fram hjá telpunni á þessum tíma að pabbi hennar hefði meitt hana. Hún kvað þetta hafa komið óvænt hjá telpunni. Hún kvað telpuna hafa haft á orði nokkru síðar eða um kl. 06:30 til 07:00, er verið var að skipta um bleyju á og sinna litlum dreng, að allir strákar væru með tippi en stelpur með dúllur.

Nokkru síðar hafi Anna Soffía sjúkraliði, sem einnig var að sinna drengnum, spurt telpuna hvernig pabbi hennar hafi meitt hana. Telpan hafi þá svarað að bragði að pabbi hennar hafi gert það með tippinu, en síðan hafi hún ekkert viljað tala meira um það. Hún kvað Sigríði Oddsdóttur sjúkraliða hafa spurt telpuna, eftir að fyrst kom fram hjá henni að pabbi hennar hefði meitt hana, hvort það hefði verið vont og hafi telpan svarað því játandi og aðspurð sagt að mamma hennar hafi þá verið heima.

Hún kvaðst síðan ekki hafa heyrt telpuna minnast meira á hvernig hún hafi meitt sig og kvaðst hún halda að hún hafi ekki verið spurð frekar um þetta af hjúkrunarfólki. Hún kvað telpuna skýra og tali hún mikið og við alla. Hún virðist jafnframt klók.

Anna Soffía Sverrisdóttir sjúkraliði kvaðst ekki hafa verið að sinna telpunni Y, eftir að hún vaknaði umræddan morgun, en telpan hafi þó verið á stjái og verið að sniglast kringum starfsfólkið. Hún kvaðst ekki hafa spurt telpuna hvernig hún hefði meitt sig, en heyrt að þetta var fært í tal við telpuna sem þá hafi nefnt pabba sinn. Hún kvaðst nokkru síðar hafa verið að sinna veikum dreng ásamt Rut Petersen hjúkrunarfræðingi. Telpan hefði þá staðið við hlið sér og verið með allan hugann við drenginn, séð á honum tippið og haft orð á því. Svo hefði hún sagt að sjálf hefði hún meitt sig í dúllunni. Hún kvað þær Rut ekki hafa verið að tala neitt við telpuna, en á þessum tímapunkti kvaðst hún hafa spurt telpuna hvernig pabbi hennar hefði meitt hana. Hún hefði þá svarað að bragði: „Með tippinu".

Hún kvað telpuna hafa verið með allan hugann við drenginn og þetta svar hennar hefði virst koma mjög eðlilega og án allrar umhugsunar.

Sigríður Elsa Oddsdóttir sjúkraliði kvaðst hafa talað við telpuna eftir að hún vaknaði umræddan morgun. Hún kvað telpuna hafa sagt að nú

hefði hún getað pissað en það hafi hún ekki getað síðast þegar hún var á spítala. Hún kvaðst síðan hafa rætt við telpuna eins og rætt er við börn, en svo spurt hana hvar hún hefði meitt sig. Telpan hefði þá bent á höndina á sér en þar hafi hún verið með nál eftir skoðunina kvöldið áður. Þá hefði hún pissað og virst víkja að fyrri veru sinni á spítala. Hún kvað greinilegt að telpan hefði verið að víkja talinu frá því sem hún vildi ekki tala um. Hún kvaðst því hafa spurt telpuna, hvort hún hefði ekki meitt sig á öðrum stað og hefði telpan þá bent niður en ekki sagt neitt. Við ítrekun spurningarinnar hefði telpan sagt: „Á dúllunni". Hún kvaðst þá hafa spurt telpuna hvernig hún hafi meitt sig en telpan hafi þá leitt talið að einhverju öðru og ekki getað svarað. Hún kvaðst hafa haldið áfram að spyrja og spurt hvort það hefði verið vont. Því hefði telpan svarað játandi og bætt við að það hefði komið blóð. Hún kvaðst þá hafa spurt hvernig hún hefði meitt sig. Telpan hefði þá svarað mjög lágt: „Pabbi gerði það", og litið undan um leið. Hún kvaðst þá hafa spurt hvort það hefði verið vont og telpan svarað því játandi, þá spurt hvort hún hefði farið að gráta, og aftur hefði telpan svarað játandi. Hún kvaðst hafa spurt telpuna hvar mamma hennar hefði verið en því hefði telpan ekki svarað en yppt öxlum eins og hún setti mömmu sína ekki í samband við þetta. Hún kvaðst þá hafa spurt telpuna hvort mamma hennar hefði verið sofandi og hefði telpan svarað því játandi. Hún kvað sér hafa fundist við svar síðustu spurningarinnar að telpan hefði ekki haft hugmynd um hvar mamma hennar hefði verið. Þá kvaðst hún hafa spurt telpuna hvort hún segði ekki alltaf satt og hefði telpan svarað því játandi en virst annars hugar. Hún kvaðst því hafa spurt um þetta aftur í ákveðnari tón og hefði telpan þá hækkað róminn og svarað „já". Þá kvaðst hún hafa spurt beint hver hefði meitt hana og telpan þá svarað ákveðið „pabbi, pabbi". Hún kvaðst eftir þetta ekki hafa spurt telpuna meira, enda ekki viljað leggja meiri pressu á hana þar sem hún hefði greinilega ekki viljað tala um þetta. Hún kvaðst síðar um morguninn hafa heyrt telpuna svara Önnu Soffíu sjúkraliða og segja að pabbi hennar hefði gert það með typpinu. Áður hafi hún talað um að allir strákar væru með typpi en stelpur með dúllu. Hún kvaðst svo hafa spurt telpuna aftur síðar um morguninn hvernig hún hafi meitt sig og telpan þá svarað hiklaust að pabbi hennar hefði gert það með typpinu. Hún kvað telpuna hafa verið hressa og glaðlega og talað mikið, nema þegar talað hafi verið við hana um það hvernig hún hefði meitt sig, en þá hafi hún orðið flóttaleg og reynt að leiða talið að öðru. Þó hefði telpan talað hiklaust er hún heyrði hana segja frá því að pabbi hennar hefði gert það með typpinu. Svo hafi einnig verið síðar um morguninn er hún spurði hana sjálf. Hún kvað telpuna hafa vaknað þriðjudagsmorguninn 17. júlí kl. 07:00 og sagt að hún þyrfti að pissa. Hún kvaðst hafa vitað að taka átti þvagprufu og því sagt telpunni

að hún yrði að pissa í kopp og hún þyrfti að þvo henni áður svo allt yrði hreint. Telpan hafi lagst út af og verið samvinnuþýð, en þegar hún hafi ætlað að þurrka henni með grisju, sem í var sótthreinsandi vökvi, þá hafi telpan sagt: „Þú mátt ekki pota í hana.“ Hún hafi þá spurt: „Pota í hvað?“ og hafi telpan þá sagt að ekki mætti pota í dúlluna og bætt við að ekki mætti pota í dúlluna og bent á tannstöngul sem hún hafi verið með á milli tannanna. Hún kvaðst þá hafa spurt hvort einhver hefði verið að pota og hefði telpan þá sagt að pabbi hennar hefði gert það með typpinu.

Hún kvað telpuna hafa farið fram á ganginn í dag og hafi hún haldið á henni til baka. Telpan hefði þá spurt hvort hún vildi ekki halda um rassinn á henni og hafi hún svarað því til að hún gerði það. Þá hafi telpan spurt sig, hvort hún ætlaði ekki að pota í hana og beinlínis sagt: „Potaðu í hana.“ Hún kvaðst ekki hafa svarað henni en sussað á hana.

Framangreind vitni gáfu skýrslur fyrir dómi og staðfestu skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu. Skýrslur vitnanna fyrir dómi voru í samræmi við skýrslur þeirra hjá rannsóknarlögreglu.

Rut Petersen hjúkrunarfræðingur kvað telpuna hafa virst vel greinda miðað við aldur og skýra og hefði hún haft mikinn orðaforða miðað við aldur. Hún kvaðst hafa heyrt telpuna segja að pabbi hennar hefði meitt hana með typpinu. Hún kvaðst hafa veitt því sérstaka athygli er telpan sagði: „Ég get pissað.“ Hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa áttað sig á þýðingu þessara orða fyrr en hún hefði lesið skýrsluna um telpuna.

Anna Soffía Sverrisdóttir sjúkraliði kvað telpuna hafa verið á stjái í kringum þær Rut hjúkrunarfræðing er þær voru að sinna litlum dreng sem hafi verið nakinn og hafi telpan þá haft á orði að drengir væru með typpi en telpur með dúllur. Hún kvað telpuna svo hafa sagt allt í einu upp úr þurru að pabbi hennar hefði meitt hana með typpinu. Er henni var bent á framburð hennar hjá RLR varðandi þetta atriði, þá kvaðst hún telja að hún hefði spurt telpuna að þessu eins og fram komi í skýrslu hennar hjá RLR. Hún kvað svar telpunnar hafa virst koma eðlilega og í tengslum við umönnun þeirra á drengnum og hugleiðingum telpunnar um hann. Hún minntist þess ekki að hafa heyrt telpuna minnast á þetta aftur.

Sigríður Elsa Oddsdóttir sjúkraliði kvað telpuna hafa verið mjög ánægða með að geta pissað og hafi hún sett það mjög í samband við veru sína á Landakotsspítala fyrr um vorið, en þá hefði hún ekki getað pissað. Hún kvaðst hafa spurt telpuna að því hvernig hún hefði meitt sig og hefði hún þá orðið mjög flóttaleg og horft niður. Hún kvaðst þá hafa beðið telpuna að horfa á sig og hafi telpan þá svarað allt í einu að pabbi hefði gert það með typpinu. Hún kvað Gest Pálsson barnalækni hafa beðið starfsfólkið

á deildinni að vera vakandi gagnvart því sem barnið segði eftir að það vaknaði, en þá væri mest að marka framburð þess.

Hún kveður þær á deildinni ekki hafa spurt barnið leiðandi spurninga og sjálf kvaðst hún ekki hafa getað trúað því að hlutur sem þessi hafi getað gerst. Hún kvaðst hins vegar hafa trúað barninu.

5.

Gestur Ingi Pálsson barnalæknir, f. 23.11. 1946, kom fyrir dóm og staðfesti læknisvottorð sitt sem að framan er rakið. Hann skýrði svo frá að komið hefði verið með stúlkuna Y á skyndivakt Barnaspítalans umrætt kvöld áp þess að boð væri áður gert. Hringt hefði verið á bjöllu. Hann kvað móður telpunnar hafa skýrt svo frá að hún hefði þvegið telpunni að neðan kvöldið áður og hefði þá allt verið eðlilegt. Morguninn eftir hefði hún hins vegar verið blóðug að neðan og töluvert blætt úr kynfærum hennar, þannig að skipta hefði þurft um bindi á henni á 1 - 2 tíma fresti yfir daginn. Móðir telpunnar hefði enga skýringu getað gefið á þessu en látið þess getið að þetta hafi skeð áður eða í maí 1984 og hefði telpan þá verið lögð inn á Landakotsspítala. Hann kvað telpuna fyrst hafa verið skoðaða með venjulegum hætti en síðan hefði hún verið svæfð og þá skoðuð ítarlega og hefðu þá komið í ljós þeir áverkar sem lýst sé í læknisvottorði. Hann kvaðst hafa spurt telpuna hvað fyrir hafi komið eftir að hún vaknaði, og hefði hún svarað að bragði að pabbi hennar hafi gert það með typpinu. Hann kvað spurninguna ekki hafa verið leiðandi. Hann hafi aðeins spurt um hvað fyrir hafi komið.

Í framhaldi af þessu kvaðst hann hafa rætt nokkrum sinnum við móður telpunnar, en hún hefði enga skýringu getað gefið á því hvað gerst hefði. Eftir það hefði henni verið tjáð að tilkynna yrði málið til barnaverndarnefndar Garðakaupstaðar. Hann kvað ástæðu þess að málið var ekki tilkynnt strax í upphafi þá að hér sé um mjög alvarlega ásökun að ræða sem fara verði mjög varlega með og eins hitt að reynt sé í fremstu lög að gefa móður kost á því að finna skýringu á hlutunum. Hann kvað ljóst að áverkar telpunnar stöfuðu af einhverju, sem stungið hefði verið inn í kynfærin.

Hann kvað kynferðisbrot gagnvart börnum á þessum aldri algengari en áður var talið. Hann kvað það algengt að komið sé seinna til læknis með börn sem fyrir slíku verða og þá engar skýringar fyrir hendi. Slasist börn hins vegar á kynfærum með öðrum hætti sé strax komið með þau til læknis og skýringar þá á reiðum höndum. Hann kvað ljóst að áverkar telpunnar stafi af hlut sem stungið hafi verið inn í kynfæri telpunnar, en ekki sé hægt að fullyrða að þeir stafi frá kynfærum karlmanns. Hann kvað áverkana ekki geta stafað frá þrýstingu utan frá, heldur þurfi hlutur sá er áverkanum

veldur að ganga inn í kynfærin, þannig að slímhúðin rofni. Hann kvað börn á þessum aldri skýra afdráttarlaust frá því sem gerist og jafnframt þekki þau ekki til kynlífs. Hann kvað áverka Y geta komið heim og saman við það að penis hefði verið stungið inn í kynfæri hennar.

Hann kvaðst hafa verið í 5 ár í framhaldsnámi í barnalækningum í Svíþjóð og starfað þar á barnaspítala og þar hafi ekki verið óalgengt að komið væri með börn sem orðið höfðu fyrir kynferðisbrotum og hafi mikil áhersla verið lögð á það við lækna að vera vakandi gagnvart slíkum hlutum í störfum sínum.

6.

Eins og rakið er í þætti 1 hér að framan var atburðarás máls þessa á þann hátt sem þar kemur fram samkvæmt framburðum ákærða og X og framburði vitna. Hvorki ákærði né X hafa á hinn bóginn gefið skýringu á tilkomu þeirra áverka sem telpan Y hlaut umrædda nótt. Ákærði hefur við allar yfirheyrslur, bæði hjá RLR og fyrir dómi, alfarið neitað sök. Þá hefur X við allar yfirheyrslur, að undanskilinni yfirheyrslu fyrir dómi þann 12. febrúar sl. og síðar verður rakinn (sic), talið af og frá að ákærði kynni að hafa gerst sekur um ofbeldisverk gagnvart telpunni, enda væri ekkert í fari hans sem bent gæti til þess að hann gæti verið valdur að slíkum verknaði.

Ákærði og X voru fyrst yfirheyrð hjá RLR þann 17. júlí 1984 og ákærði þá sem grunaður. Við fyrstu yfirheyrslur leyndu þau ákærði og X mikilvægum staðreyndum sem kynnu að hafa haft áhrif á frumrannsókn málsins ef þær hefðu legið ljósar fyrir strax í upphafi. Ákærði og X sammæltust um að leyna þessum atriðum, en ekki er ljóst hvort þeirra átti meira frumkvæði. Ákærði telur X hafa átt meira frumkvæði að röngum framburði, en X telur að þau hafi átt jafnmikinn þátt í að taka þá ákvörðun.

Þau atriði sem ákærði og X leyndu bæði lækni og rannsóknaraðila voru þau, í fyrsta lagi að þau hefðu haft vín um hönd umrædda nótt, í öðru lagi að þau hefðu skilið barnið eftir eitt heima á meðan X ók ákærða og bróður hans á dansleik og á meðan X sótti þá aftur á dansleikinn, og í þriðja lagi að ákærði hefði verið einn með telpunni um tíma umrædda nótt á meðan X ók bróður ákærða og stúlku, sem með honum var, heim.

Þessum atriðum leyndu ákærði og X við yfirheyrslur hjá RLR 17. júlí, 25. júlí og 27. júlí 1984. Það var síðan í yfirheyrslu hjá RLR þann 30. júlí þetta ár sem ákærði skýrði rétt frá þessum atriðum, en þá hafði hann verið hnepptur í gæsluvarðhald. Við yfirheyrslu hjá RLR þann 31. júlí s.á. breytti svo X framburði sínum varðandi þessi atriði.

Ákærði og X hafa gefið þá skýringu á þessum ranga framburði þeirra að þau hafi ekki viljað að það vitnaðist að þau hefðu skilið barnið eftir

eitt heima umrædda nótt vegna ótta X um að telpan yrði þá tekin af henni. Þá hafi það einnig verið inni í myndinni að þau hafi viljað leyna atriðum sem fellt gætu grun á ákærða.

Í þessu sambandi skýrði ákærði bróður sínum frá því að hann væri sakaður um að hafa valdið telpunni áverkunum og bað hann bróður sinn að skýra ranglega frá þessum atriðum ef hann yrði yfirheyrður. Bróðir ákærða skoraðist síðan undan því að gefa vitnaskýrslu er hann var boðaður til yfirheyrslu en gaf síðan skýrslu eftir að X hafði samband við hann og tjáði honum að þau ákærði hefðu sagt satt og rétt frá þessu og bað X hann að segja sannleikann. Bróðir ákærða kvað ákærða hafa lagt höfuðáherslu á að ekki mætti fréttast að hann hefði verið einn með telpunni um stund umrædda nótt. Framburður bróður ákærða hjá RLR og fyrir dómi verður nánar rakinn síðar.

Eins og áður er rakið hefur X haldið fram sakleysi ákærða fram að lokum rannsóknar málsins. Hún hefur bæði hjá RLR og fyrir dómi lýst því yfir að sambúð þeirra ákærða hafi verið góð og kynlíf þeirra eðlilegt og hafi þau nánast haft samfarir á hverri nóttu. Hún kvaðst aldrei hafa orðið vör við neitt óeðlilegt í kynferðislífi þeirra af hálfu ákærða.

X kvað telpuna hafa hænst að ákærða og fljótlega farið að kalla hann pabba. Hún kveður ákærða hafa verið góðan við telpuna en þó látið hana hlýða sér.

Við fyrstu yfirheyrslur hjá RLR bar ákærða og X ekki saman um það hvort þeirra hefði tekið telpuna upp er þau vöknuðu umræddan morgun og farið með hana fram á salerni. Ákærði skýrði svo frá í sinni fyrstu skýrslu að hann hefði heyrt X tala um að allt væri í blóði í rúmi telpunnar. Hann minnti að telpan hefði þá setið uppi í rúminu og hefði hann þá tekið hana upp, haldið annarri hendi undir rassinn á henni og hinni um bakið og haldið þannig á henni fram á klósett og sagt henni að pissa. Hún hafi sagt í fyrstu að hún gæti það ekki en síðan hafi hún getað það strax og haft sjálf orð á því. Hann kvaðst síðan hafa þurrkað henni um klofið og hafi hún þá sagt: „Ekki gera fast, mér er illt."

X skýrði hins vegar frá því að hún hefði sjálf farið með telpuna fram á klósett og sagt henni að pissa en síðan hefði ákærði komið og hún þá sagt honum frá blóðinu. Við síðari yfirheyrslur báru ákærði og X, að X hefði farið með telpuna fram á klósett og taldi ákærði það hafa verið misminni hjá sér að hann hefði gert það.

Ákærði skýrði frá því fyrir dómi að X hefði verið búin að reyna að láta telpuna pissa en án árangurs, og hefði hann þá tekið við og getað platað telpuna til að pissa með því að segja henni að gera það fyrir pabba, því annars yrði hún að fara á spítala til þess.

X kvað ákærða aldrei hafa beitt hana þvingunum í sambandi við fram-

burði hennar vegna málsins. Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði sagt bróður sínum að óheppilegt væri að fram kæmi að hann hafi verið einn með barninu eftir að hann fékk vitneskju um að til stæði að loka hann inni. Ákærði skýrði frá því fyrir dómi að fyrir hafi komið að hann missti minnið eða lenti í svokölluðu „Black out", hafi hann neytt mikils áfengis og myndi hann þá ekki vissa tímapunkta fyrr en síðar. Hann kvaðst þó ekki hafa neytt það mikils áfengis umrætt sinn að um slíkt minnisleysi hafi verið að ræða. Síðar er ákærði kom fyrir dóm lýsti hann því yfir að eftir mikla áfengisneyslu myndi hann ekki vissa tímapunkta, aðallega um það leyti sem hann færi að sofa.

Ákærði kvaðst ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum umrædda nótt enda aðeins búinn að drekka 2-3 glös af rósavíni og 2 glös af tvöföldum vodka.

Framburður vitna:

Móðir X, G, félagsmálastjóri, skýrði svo frá fyrir dómi að dóttir hennar hefði hringt í sig umræddan laugardag á milli kl. 11:30 - 12:00 og sagt sér að telpan væri aftur komin með blæðingar. Hún kvaðst hafa ráðlagt henni að hafa samband við Landakotsspítala. Hún kvað Gest Pálsson barnalækni hafa hringt í sig mánudaginn 16. júlí um hádegisbil og tjáð sér að eitthvað alvarlegt hefði komið fyrir telpuna. Hún tjáði lækninum að hún myndi meðhöndla þetta mál eins og hvert annað mál. Hún kvað ákærða og X síðan hafa komið skömmu síðar frá lækninum og hafi X verið grátandi og vart viðræðuhæf. Ákærða hefði verið brugðið og hann sagt: „Þeir halda að ég hafi gert þetta." Hún kvað þau síðan hafa rætt málið og ákveðið að tilkynna málið til RLR. Hún kvaðst hafa rætt málið við Gest Pálsson lækni og nefnt ýmislegt sem barnið kynni að hafa skaðað sig á, en læknirinn hafi talið það af og frá, talið þetta óþarft tal og virst viss í sinni sök. Hún kvaðst hins vegar hafa talið eðlilegt að fleiri læknar skoðuðu barnið, en því hafi ekki verið sinnt. Hún bar ákærða góða sögu og kvað hann hafa verið hjálpsaman og aldrei hafa skipt skapi. Hann hafi búið um skeið á heimili hennar með X. Hún kvað barnið hafa verið hænt að ákærða og kallað hann pabba. Barnið hafi hlýtt ákærða betur en henni og X. Hún kvaðst eitt sinn hafa spurt barnið er það var á salerni, hver hafi meitt það, og hafi barnið þá svarað: „Enginn". Í annað sinn hafi hún spurt um það sama og barnið svarað á sömu lund. Hún kvaðst þá hafa spurt barnið: „Hver segir það?" Svar barnsins var: „Mamma". Hún leit of langan tíma hafa liðið frá því að læknirinn lét álit sitt í ljós og þau tilkynntu RLR málið og þangað til ákærði var hnepptur í gæsluvarðhald, enda hafi hann umgengist barnið á spítalanum eftir að kæra var lögð fram á hendur honum. Hún kvaðst ekki hafa trúað þessu upp á ákærða og kvað hún samband ákærða og X hafa verið gott.

Bróðir ákærða gaf skýrslu hjá RLR og fyrir dómi. Hann lýsti ferðum þeirra ákærða um kvöldið 13. júlí 1984, komu þeirra á heimili ákærða, för þeirra á dansleikinn og akstri X með hann og vinkonu hans heim með viðkomu á heimili ákærða þar sem ákærði fór inn og viðkomu þeirra á B.S.H. Hann kvaðst hafa verið alldrukkinn og mundi hann frekar lítið eftir dansleiknum. Hann kvaðst hafa komið heim til ákærða morguninn eftir og hefði hann þá heyrt X tala um að hún væri með dömubindi á telpunni og að blóð læki niður af henni og hefði hún talað um að hún skildi ekki hvað fyrir hefði komið. Þá hafi verið talað um að fara með telpuna til læknis en það dregist vegna ísetningar útidyra. Hann kvað telpuna hafa virst hressa. Hann kvað ákærða hafa tjáð sér, nokkrum dögum áður en hann var handtekinn, að grunur beindist að honum og getið um úrskurð lækna. Ákærði hafi þá sagt að hann og X vildu ekki að það kæmi fram að ákærði hefði verið einn um tíma með telpunni umrædda nótt. Hann kvað ákærða síðan hafa sagt sér frá þessu smátt og smátt og hefði hann þá valið þann kost að skorast undan vitnisburði fremur en að segja ósatt. Hann kvaðst ekki hafa spurt ákærða hvort hann ætti sök á meiðslum telpunnar, enda talið það fjarstæðukennt, og sjálfur hafi ákærði ekkert sagt sem benti til þess. Hann kvað söguna sem hann átti að segja hafa gengið út á það að ekki kæmi fram að ákærði hefði verið einn með telpunni. Hann kvað X hafa ítrekað þetta við sig eftir að ákærði hafði verið hnepptur í varðhald. Síðar hafi X svo haft samband við hann og beðið hann að skýra rétt frá. Hann mundi ekki hvort hann hringdi í ákærða umræddan morgun.

Hann staðfesti framburð sinn fyrir dómi og kvað hann ákærða hafa lagt megináherslu á það, að ekki vitnaðist að hann hefði verið einn með barninu og hafi X síðan ítrekað það.

I, stúlka sú er bróðir ákærða fór með heim af dansleiknum, skýrði frá málavöxtum hjá RLR og fyrir dómi. Hún kvað X hafa ekið ákærða, henni og bróður ákærða heim umrædda nótt, sett ákærða úr bifreiðinni heima hjá honum en síðan ekið að B.S.H., þar sem þau hefðu verslað, og ekið þeim bróður ákærða síðan heim til hans þar sem hún hafi gist. Hún kvað þau hafa verið í ca ½ klst. til 3 stundarfjórðunga í bílaröð við B.S.H. Hún kvað bróður ákærða hafa verið ölvaðan en ekki hafi hún tekið eftir því hvort ákærði var undir áfengisáhrifum. Hún kvaðst hafa komið heim til ákærða um kl. 15:00 daginn eftir og ekki veitt neinu sérstöku athygli. Hún kvaðst þó hafa veitt því athygli að X skipaði 3 smákrökkum að fara inn í herbergi og lokaði.

G, mágkona X, skýrði frá því hjá RLR að ákærði hefði hringt heim til hennar aðfaranótt laugardagsins 14. júlí 1984 á milli kl. 00:30 og 01:00 og beðið um barnapíu, en ekki hefði reynst unnt að verða við þeirri bón. Hún kvaðst hafa komið heim til ákærða eftir kl. 16:00 umræddan laugar-

dag og hefðu smiðir þá verið við störf. Hún kvað X hafa sagt sér að byrjað væri að blæða úr telpunni og hefði það uppgötvast um kl. 11:00 þennan morgun. X hafi sagt að um nýtt blóð væri að ræða sem ekki væri einu sinni farið að storkna á útjöðrum. Hún kvað X hafa reynt að ná í Björn Guðbrandsson barnalækni, er hún var stödd þarna, en það hafi ekki tekist. Hún kvaðst því hafa lagt til að farið yrði með telpuna á skyndivakt Landspítalans.

G, bróðir ákærða, skýrði svo frá hjá RLR að ákærði hefði hringt umrædda nótt og beðið um barnapíu, en því hafi ekki verið hægt að sinna.

I, hálfsystir ákærða, skýrði svo frá að hún hefði farið með þriggja ára dóttur sína í pössun hjá X föstudaginn 13. júlí þetta ár og sótt hana aftur um kvöldmatarleytið. Hún kvaðst svo hafa farið um kl. 20:00 og hafi X þá verið að fara til vinnu svo og ákærði. Hún kvað X hafa verið að skipta á báðum telpunum er hún kom þangað, en þær höfðu báðar verið búnar að pissa í sig. Hún kvað X hafa þvegið þeim báðum að neðan og hafi hún ekkert athugavert séð við dóttur X. Hún kvað tvisvar hafa verið hringt frá heimili ákærða umrædda nótt í því skyni að fá barnagæslu, sem ekki hafi verið unnt að veita.

Smiður sá sem setti útidyr í íbúð ákærða kvaðst hafa komið þangað á milli kl. 14:00 - 15:00 þennan laugardag og verið að til kl. 17:00. Hann kvaðst ekkert hafa orðið var við umræður um meiðsli telpunnar. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við áfengisáhrif á neinum í íbúðinni og ekki við glös eða flöskur í íbúðinni er benti til áfengisdrykkju.

S.S., sem áður hafði búið á sama stað og ákærði og X, kvað X hafa hringt aðfaranótt umrædds laugardags og beðið um að dóttir hennar A passaði telpuna, þar sem ákærði og bróðir hans, sem væru komnir „í glas", vildu fara á dansleik. Hún kvaðst ekki hafa viljað vekja dóttur sína til að fara að passa svona seint. Hún kvað dóttur sína A oft hafa farið til X að degi til eftir að þau fluttu til að leika við dóttur X. Hún kvað A hafa farið til X um kl. 11:00 umræddan laugardagsmorgun og hefði hún síðan sagt henni að fara ætti með dóttur X á spítala, þar sem mikið blóð hafi verið í nærbuxum hennar.

Telpan A, fædd 1973, skýrði RLR frá því að hún hefði komið heim til ákærða morguninn eftir fyrir hádegi, eftir að telpan Y meiddi sig. Hún kvaðst hafa bankað 3 sinnum og hafi X þá komið til dyra. Hún kvaðst þá hafa spurt eftir dóttur X og hefði X þá sagt sér að bíða í ganginum og hefði X farið inn í herbergið. Hún kvaðst hafa heyrt X segja við ákærða að allt væri á floti í rúmi telpunnar. X hafi síðan komið fram með telpuna og ætlað að láta hana pissa en þá hafi hún sagt að hún gæti það ekki. Telpan hafi síðan verið klædd og þær farið út að leika sér. Hún kvaðst hafa séð blóð í nærbuxum telpunnar, þegar X fór með hana á klósettið.

Hún kvað X hafa verið í slopp en síðan hafi ákærði komið fram og hafi einungis verið í nærbuxum. Hún kvaðst hafa leikið við telpuna frammi á gangi eftir að búið var að klæða hana, en síðan hefðu þær farið út að leika sér eftir að ákærði hafi látið telpuna pissa. Hún kvaðst ekkert hafa spurt telpuna hvernig hún hefði meitt sig. Hún kvaðst aldrei hafa orðið þess vör að einhver væri dónalegur við telpuna.

B.R.H., sem ákærði kvaðst hafa hitt á dansleiknum, mundi ekki eftir að hafa hitt hann. Hann kvaðst hafa verið talsvert undir áfengisáhrifum og gæti það því verið rétt hjá ákærða að hann hafi gefið honum áfengi því slíkt ætti hann til við slíkar aðstæður.

Skýrsla Gests Pálssonar barnalæknis varðandi veikindi telpunnar í ársbyrjun 1986.

Gestur Pálsson skýrði svo frá fyrir dóminum að í febrúar 1986 hefði Marta Bergmann félagsráðgjafi haft samband við sig vegna blóðs sem þá hefði orðið vart við í buxum telpunnar sem þá var hjá kynföður hennar vestur á fjörðum. Hann kvað telpuna hafa komið suður til skoðunar og hafi þá komið í ljós við skoðun að vörtur höfðu myndast í kynfærum hennar. Hann kvað um hafa verið að ræða eiginlegan kynsjúkdóm sem smitast við kynmök. Hann kvað telpuna hafa verið lagða inn og rannsakaða með tilliti til þess hvort blæðingarnar gætu stafað af öðru en vörtunum og hafi svo eigi reynst vera. Hann kvað kvensjúkdómafræðing hafa brennt vörturnar burt. Hann kvað svona vörtur ekki valda sársauka en hins vegar blæðingum. Sjúkdómur þessi kallist á fræðimáli „Condylomata Accumminata". Hann kvað sjúkdóm þennan óalgengan hjá börnum en hins vegar sé vaxandi tíðni sjúkdómsins meðal fullorðinna. Hann kvað fræðilegan möguleika á smitun sjúkdómsins á annan hátt en við samfarir, t.d. að kynfæri snertist eða að eitthvað snerti kynfæri sem áður hefði snert vörtur sýkts kynfæris. Hann kvað þann sem valdi slíkri smitun hljóta að hafa haft sjúkdóminn um tíma og vitað af því. Þó sé hugsanlegt að sá sem beri veiruna á milli, t.d. frá konu, sýkist ekki sjálfur. Meðgöngutíma sjúkdómsins kvað hann geta verið frá 2 mánuðum til 2ja ára áður en einkenna hans yrði vart. Hann kvað kvensjúkdómafræðinginn hafa saumað slímhúð við meyjarhaft telpunnar í júlí 1984, en þá hefði blætt mikið. Við skoðun í febrúar 1986 hafi sést merki eldri áverka. Hann kvað áverkann í júlí 1984 geta samsvarað því að limi hafi verið stungið inn í kynfæri telpunnar. Hann kvað sívalning eða penis hafa verið stungið inn í kynfæri hennar umrætt sinn ca 3 - 4 cm, er meyjarhaft hennar var skaddað. Hann kvað útilokað að barn gæti gert þetta sjálft, slíkur sé sársaukinn. Hann kvað lýsingu á einkennum telpunnar í maí 1984 gefa til kynna að um kynferðislega misnotkun geti hafa verið að ræða þá, eins og í júlí s.á., en þvag-

teppa geti orsakast af ertingu kynfæra og þvagrásarops. Hann kvað kynfæri telpunnar ekki hafa verið skoðuð í maí 1984, heldur hefði þvag verið tekið með slöngu. Hann kvað mögulegt að limur fullvaxins karlmanns geti hafa farið þessa 3 - 4 cm inn í kynfæri 3 - 4 ára barns með þeim afleiðingum sem í tilfelli telpunnar greini.

Ákærði var spurður fyrir dómi hvort hann væri haldinn eða hafi verið haldinn kynsjúkdómi eða sjúkdómi á kynfærum og hvort hann hafi leitað sér lækninga af þeim sökum og kvað hann svo ekki vera, en hins vegar hefði hann legið á sjúkrahúsi vegna psoraisis. Af hálfu réttarins var Jón Guðgeirsson húðsjúkdómafræðingur beðinn að kanna hvort ákærði kynni að hafa leitað sér lækninga af þessum sökum. Svo reyndist ekki vera á þeim stofnunum sem með slíka sjúkdóma fara. X var fyrir dómi spurð um þetta og kvaðst hún hvorki hafa orðið vör einkenna slíks sjúkdóms hjá ákærða né sjálfri sér.

Hannes Pétursson yfirlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærða eftir að ákærði var leystur úr gæsluvarðhaldi. Niðurstaða þeirrar rannsóknar hljóðar svo:

„Ályktun.

Það er ljóst að Kristinn Ingibergsson er ekki haldinn formlegri geðveiki, meiri háttar taugaveiklun eða greindarskorti. Geðrannsókn hefur ekki leitt í ljós merki um afbrigðilegan kynferðisþroska eða hegðun þó slíkt útiloki að sjálfsögðu ekki að Kristinn kunni að hafa gerst sekur um framangreindan verknað. Af þeim gögnum sem liggja fyrir verður heldur ekki ráðið að nein sérstök kynlífsvandamál eða aðrar geðrænar truflanir hafi verið til staðar sem gætu hugsanlega skýrt verknað þann, sem Kristni er gert að sök að hafa framið. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá fyrrum eiginkonu Kristins, en þrátt fyrir hjónabandserfiðleika og skilnað, hugsanlega lítillega misnotkun áfengis og minni háttar lögbrot, verður varla sagt að Kristinn sýni merki um persónuleikatruflanir. Þvert á móti hefur hann sýnt fram á ákveðinn stöðugleika og ábyrgðartilfinningu, t.d. í reglubundinni atvinnusókn.

Þó framangreind geðrannsókn hafi ekki leitt í ljós upplýsingar er kynnu að skýra aðdraganda eða hugsanlegar orsakir fyrir atviki því sem Kristinn er kærður fyrir, þá er ljóst að slíkt útilokar að sjálfsögðu ekki að Kristinn hafi gerst sekur um framangreindan verknað. Kristinn Ingibergsson er að mínu áliti fyllilega sakhæfur, og fari svo að hann verði fundinn sekur um framangreint atvik er ekki ólíklegt að hann muni hafa þörf fyrir aðstoð geðlæknis. Í því sambandi væri ég fús að reyna að aðstoða Kristin með ráðgjöf og meðferð í formi reglubundinna viðtala ef þeim verður við komið.“

Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur gerði tvívegis sálfræðilega athugun á telpunni.

Í fyrri skýrslu hans dagsettri 19.3. 1986 segir m.a.: „Eins og áður er vikið að kemur mikil neikvæðni fram, á djúpstæðu plani til „ákærða". Í huga hennar stendur hann fyrir sársauka. Þegar undirritaður fór inn á þetta atriði var stúlkan döpur og óákveðin, neitaði hún að teikna mynd af honum, ég vil ekki teikna mynd af honum, mamma á ekki að búa með honum. Greinileg depurð kom fram hjá Y er undirritaður hjálpaði henni að teikna mynd af „ákærða". Eftir að myndin var fullgerð sagði hún: „Það stingur svo mikið, það stingur líka í pjásuna. Vil ekki vera hjá honum aftur, vil að mamma búi ekki með „ákærða". Það skal tekið fram að undirritaður hafði í engu látið að því liggja að slíkt hafi e.t.v. átt sér stað. Í grunninn er Y hrædd við ákærða, sem hefur meitt hana, en auk þess er hugsanlegt að hún hafi heyrt einhverja neikvæða umræðu um hann. Y á við mikil innri átök að stríða er hún ræðir um ákærða, því ofangreint er í andstöðu við það sem móðir segir.

Þessi athugun bendir til að um kynferðislegt ofbeldi hafi verið að ræða gagnvart Y. Hún virðist fyrst og fremst upplifa það sem sársauka, hræðslu og óöryggi.

Af umsögnum og símaviðtali er undirritaður átti við X, móður barnsins, kom fram mjög einörð afneitun hennar á að kynferðislegt ofbeldi hafi átt sér stað. Virðist hún á augljósan hátt hafa demonstrerað þessa vörn, m.a. með því að ganga í hjónaband við ákærða eftir að hann hafði setið í gæsluvarðhaldi. Djúpstæðar tilfinningar til barnsins virðast ekki ganga fyrir, heldur þörf hennar að verja manninn. Hér er um, að áliti undirritaðs, alvarlegan varnarmekanisma að ræða hjá konu sem á barn í hættu ef það er í umsjá eiginmanns hennar.

Lokaorð.

Um er að ræða 5 ára telpu, með eðilegan vitsmuna- og félagslegan þroska. Tilfinnanlegir erfiðleikar gera vart við sig vegna kynferðislegs ofbeldis og aðskilnaðar frá móður sem hún er að grunni til mjög tengd. Vegna þessa er hún tvíátta gagnvart sínum nánustu og veitist erfitt að tengjast þeim. Annars lýsir hún veru sinni hjá föður og hans fólki á sæmilega jákvæðan hátt enda virðist hún búa við gott atlæti þar. Y hefir ekki verið sagt, á beinan hátt, ástæðuna (sic) fyrir því að hún fær ekki að vera hjá móður eða hitta hana eina. Telpan hefur því sjálf myndað sér fálmkennt útskýringarmótel sem að mestu leyti er haldið leyndu. Kemur þetta í veg fyrir eðlilega tengslamyndun hennar við nýjar persónur í umhverfi hennar og afleiðingin er nokkurt ósætti við núverandi aðstæður. Karlímynd hennar er neikvæð.

Eðli þessa máls veldur því að aðstandendur jafnt sem aðrir eiga erfitt með að taka á því. Hefur þetta ýtt undir einmannaleik (sic) stúlkunnar með vandamál sitt.

Telpan er tvíátta en tekur afstöðu gegn ákærða sem stendur í huga hennar fyrir sársauka, óöryggi og jafnvel hræðslu.

Móðir afneitar algerlega verknaði ákærða og gefur þau skilaboð til telpunnar. Þetta verður að taka breytingum. Annars vegar þarf móðir hjálp til þess að takast á við varnir sínar, hins vegar þarf telpan að fá að vita hinar raunverulegu ástæður fyrir því umstangi sem byrjaði á miðju ári 1984. Einungis með því móti getur telpan leyft sér að viðurkenna tilfinningar sínar fyrir sjálfri sér og öðrum. Ef móðir fær ekki aðstoð og tekur ekki tillit til tilfinninga telpunnar er veruleg hætta á, að Y upplifi að móðir hafni henni og til lengri tíma litið er líklegt að það atriði verði alvarlegasta afleiðingin af þessum verknaði.

Nauðsynlegt er að móður verði gerð grein fyrir þessu.

Undirritaður álítur að hagsmunum barnsins sé best borgið í umsjá föður, en jafnframt að honum og foreldrum hans sé gerð grein fyrir nauðsyn þess að stúlkan viti nákvæmlega um orsakir veru sinnar hjá þeim. Þannig fengi stúlkan virðurkenningu á tilfinningum sínum og tækifæri til að opna sig og vissu fyrir því að viðbrögðum hennar yrði svarað með eðilegum hætti.

Umgengni telpunnar við móður og móðurömmu er mjög æskileg, en þó aðeins ef sú umgengni fer fram með tilliti til tilfinninga telpunnar og þarfa hennar."

Í síðari skýrslu sálfræðingsins, sem dagsett er 17. janúar 1987, segir m.a. um X móður barnsins: „Í viðtali er móðir glaðvær og örugg. Segir hún að sambandi hennar og ákærða sé að fullu lokið og gerir hún sér nú grein fyrir vanköntum þessa manns. Segist hún hafa afneitað þessu, en gera sér nú fulla grein fyrir „kynferðislegri brenglun" hans sem hafi komið mjög fram gagnvart henni sjálfri. Þá kemur einnig fram að hún hafi reiðst mjög á sínum tíma við lestur skýrslu undirritaðs dags. 19.3. 1986, en geri sér nú grein fyrir að skýrslan hafi „komið við kaunin" á henni því innihald hennar hafi verið rétt."

„Megin niðurstaða þessarar athugunar og með tilliti til fyrri athugunar er að neikvæð áhrif (bæling neikvæðra tilfinninga, idealísering á móður, nokkur depurð og óöryggi gagnvart aðstæðum) af kynferðislegu ofbeldi gagnvart stúlkunni megi fyrst og fremst rekja til skorts á skilningsríku og styðjandi umhverfi í kjölfar þessa verknaðar. Afleiðingar af verknaðinum eru samvistarslit við móður auk þriggja vistana þar sem líklegt er að enginn hafi haft reunverulegan skilning á traumatískum upplifunum stúlkunnar eða trú og skilning á að þetta hafi raunverulega getað átt sér stað. Mikilvægt er að stúlkan loki ekki af þessa reynslu heldur gefist kostur á að tjá

sig á opinn og einlægan hátt. Svo virðist sem X sé lykilpersónan í lífi barnsins og þörf þess mest til hennar. En með tilliti til reynslu X er ekki líklegt að hún geti sinnt þessu hlutverki hjálparlaust, fari svo að hún fái forsjá barnsins á ný. Til þess að standa undir væntingum barnsins til hennar þarf hún aðstoð, að áliti undirritaðs, um leið og hún þarf aðstoð gagnvart eigin erfiðleikum vegna reynslu sinnar undanfarin ár.

Í framhaldi af ofangreindu þykir undirrituðum ljóst að hræðsla Y við ákærða sé ekki bundin verknaðinum sjálfum, heldur mun frekar því raski á andlegum og félagslegum aðstæðum sem hún eðlilega rekur til hans. Það er því mikilvægt að stúlkan sé ekki í návist þessa manns eða verði vör við nálægð hans í gegnum móður. Slíkt mundi raska andlegu og félagslegu jafnvægi hennar. Ef tryggt er að X hafi slitið öllum samskiptum við manninn (sem undirritaður telur að hún hafi gert) og ef maðurinn hefur slitið öllum samskiptum við hana og ef konan fær sálfræðilega aðstoð, telur undirritaður eðlilegt að barnið fái tækifæri til að búa alfarið hjá móður er að sumri dregur.“

X kom fyrir dóm 12. febrúar sl. Hún kvaðst hafa orðið þess vör, eftir að mál þetta kom upp, að ákærði væri ekki eðlilegur í alla staði. Hún hafi gert sér grein fyrir þessu upp á síðkastið eftir að hún losnaði frá ákærða. Hún kvað hann árásargjarnan og eins hafi hann ekki stjórn á gerðum sínum er hann sé undir áhrifum. Hann hafi tvisvar lagt á hana hendur. Hún kvað ákærða oft hafa verið með ýmsar þvinganir í sambandi við kynferðislíf þeirra. Hann hafi t.d. vakið hana eftir að hún var sofnuð og viljað hafa kynmök þótt hún vildi það ekki. Hún kvað ákærða hafa haft mikla kynþörf og helst viljað hafa kynmök á hverju kvöldi og farið í fýlu ef hún vildi ekki þýðast hann. Hún kvaðst þó aldrei hafa orðið vör við neitt óeðlilegt kynferðislega gagnvart sér er þau bjuggu saman. Hún kvað ákærða hafa brugðist illa við er hún hélt því á lofti við hann að hún myndi komast að hinu sanna hjá barninu og hafi hann talið það vantraust á sig og sagt að ekki ætti að ræða þetta við barnið sem ætti að gleyma þessu.

Hún kvað ákærða hafa haldið því mikið fram að barninu hafi verið sagt að segja þetta, en það taldi hún af og frá. Hún kvaðst oft hafa reynt að ræða þetta við barnið en það hafi ekki viljað ræða málið og farið undan í flæmingi. Hún kvað barnið þó hafa opnað sig gagnvart henni eftir að hún var skilin við ákærða og sagði barninu að hún myndi aldrei aftur búa með ákærða eða í Hafnarfirði. Hún kvað barnið þá hafa sagt „að Kiddi pabbi hefði meitt sig“. Barnið hafi sagt tvennt: „Hann stakk typpinu í dolluna mína“ og „hann stakk puttanum í dolluna mína“. Hún kvaðst þá hafa spurt telpuna hvar hún sjálf hafi verið og hafi telpan þá sagt að hún hafi verið sofandi í rúmi sínu. Hún kvaðst álíta að þetta hljóti að hafa

gerst í rúmi telpunnar og var hún þá með í huga blóðið á rúmi telpunnar og veggnum. Hún kvaðst hafa álitið þetta blóðslettur en ekki blóð sem lekið hefði frá barninu.

Hún kvað ákærða hafa verið strangan við barnið og haft vald yfir því, en hann sé sannfærandi og ráði hlutunum. Hún kvað það hreinar línur að ákærði hefði skipað telpunni að skýra ekki frá því hvað gerst hefði. Hún kvaðst sannfærð um að ákærði hefði framið umræddan verknað. Hún kvaðst trúa barni sínu. Hún kvaðst ekki gera sér grein fyrir því hvort það var af hlíf við ákærða, hana sjálfa eða að hún skammaðist sín fyrir þetta, að hún gaf ranga skýrslu við fyrstu yfirheyrslur. Hún kvað ákærða ekki hafa verið mikið drukkinn umrætt sinn. Hún kvað hann ávallt þræta fyrir ef hann gerir eitthvað og þykist hann þá ekki vita hvað yfir sig hafi komið. Hún kvað ákærða sjúkan á geðsmunum og nú áfengissjúkling. Hún kvað ákærða aldrei hafa játað verknaðinn gagnvart sér og það muni hann aldrei gera. Hún kvað ákærða alltaf hafa óttast að hún yfirgæfi hann eftir að mál þetta kom upp. Hún kvað ákærða hafa sagt að hún hefði líf hans á samviskunni alla ævi, ef hún yfirgæfi hann, er hún fór fram á skilnað sl. haust.

Ákærði kom fyrir dóm 18. febrúar sl. og mótmælti hann framburði X, að því leyti sem hann væri í andstöðu við hennar fyrri framburð.

Ákærði og X giftu sig fljótlega eftir að ákærði losnaði úr gæsluvarðhaldi og bjuggu þau saman á sama stað. Barn X var tekið af henni strax eftir að mál þetta kom upp og var það fyrst í fóstri hér syðra en síðan fyrir vestan á heimili kynföður þess. X hefur allar götur síðan átt í baráttu við barnaverndaryfirvöld við að fá barnið aftur en því hefur jafnan verið hafnað. Ákærði og X skildu að borði og sæng sl. haust og býr X nú hjá móður sinni. Hún hefur nú sótt um lögskilnað við ákærða. Til stendur að hún fái barnið aftur í vor enda er talið að hún hafi slitið öll tengsl við ákærða.

Álit réttarins:

Ákærði hefur staðfastlega neitað sök í máli þessu frá upphafi. X, móðir telpunnar Y, hefur frá upphafi neitað því að ákærði gæti hafa framið ofbeldisverk gagnvart telpunni, en við yfirheyrslu fyrir dómi nýverið sneri hún við blaðinu og kvaðst álíta að ákærði hefði framið brotið.

Upplýst er í málinu að föstudagskvöldið 13. júlí 1984, er telpan fór að sofa, var ekkert athugavert við hana, en þá var henni þvegið hátt og lágt af X.

Með hliðsjón af rannsókn tæknimanna RLR og skýrslum ákærða og X verður að telja útilokað að inn í íbúðina hafi verið farið af utanaðkomandi manni sem framið hefði getað ofbeldisverkið. Samkvæmt áliti læknis telst

sannað að áverkar telpunnar stafi af mannavöldum, enda talið óhugsandi að barn geti valdið slíkum áverkum sjálft.

Enginn hlutur fannst við vettvangsrannsókn sem barnið gæti hafa skaðað sig á.

Samkvæmt því sem fram hefur komið í málinu getur því ekki verið öðrum til að dreifa en ákærða og X. Upplýst er í málinu að bæði ákærði og X leyndu rannsóknaraðila og lækna því í upphafi rannsóknar að þau hafi skilið barnið eitt eftir heima um stund, að ákærði hafi neytt áfengis og að ákærði hafi verið einn með barninu um nóttina í allt að 30 - 45 mínútur.

Sannað þykir m.a. með vitnisburði bróður ákærða, skýrslu ákærða sjálfs og skýrslu X., að áhersla hafi verið á það lögð að ekki vitnaðist að ákærði hefði verið einn með barninu um nóttina, þrátt fyrir að ákæri og X telji hinn ranga framburð varðandi þessi atriði frekar hafa verið vegna ótta X við að missa barnið, vitnaðist það að hún hefði skilið það eitt eftir heima. Telja verður þá skýringu ákærða og X léttvæga.

Blóðslettur á rúmi barnsins og vegg benda til þess að verknaðurinn hafi verið framinn í herbergi þeirra X og ákærða.

Barnið Y skýrði hjúkrunarfólki á Landspítala og Gesti Pálssyni barnalækni frá því að pabbi hennar, en þá átti hún við ákærða, hefði gert meiddið með typppinu. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að barnið hafi verið spurt leiðandi spurninga, enda virðist þetta hafa komið fram hjá barninu, er það var með hugann við vissa hluti, t.d. er verið var að sinn nöktum dreng.

Samkvæmt skýrslu sálfræðingsins hefur barnið mjög neikvæða tilfinningu gagnvart ákærða og tengir hann við sársauka o.þ.h. Þá benda orð barnsins hjá sálfræðingnum, er hann hjálpaði henni að teikna ákærða: „Það stingur svo mikið, það stingur í pjásuna", eindregið til þess að barnið tengi meiðsli sín við ákærða.

Fram hefur komið að barnið sé skýrt og ekkert hefur komið fram sem bendi til þess að barnið hafi búið svona sögu til, enda getur barn á þessum aldri, sem ekki þekkir til kynlífs, ekki sagt slíka sögu nema hún eigi sér stoð í reynsluheimi þess.

Þá tjáði barnið móður sinni, eftir að hún var skilin við ákærða og fullvissaði barnið um að samband þeirra væri endanlega slitið, að ákærði hefði meitt hana með því að stinga typpi inn í dúlluna eða fingri í dúlluna, en svo kallaði barnið kynfæri sín.

Fram hefur komið í málinu að fyrir komi að ákærði missi minnið eftir mikla áfengisneyslu og muni þá ekki vissa tímapunkta. Ekki er ljóst hversu mikil áfengisáhrif ákærða voru umrædda nótt og er því eigi unnt að fullyrða að um slíkt minnisleysi geti hafa verið að ræða umrætt sinn.

Ákærði og X hafa lagt mikla áherslu á mikið kynlíf þeirra, en í síðustu yfirheyrslu yfir X taldi hún kynþarfir ákærða óeðlilega miklar og að hann væri ekki eðlilegur á því sviði þótt hún hefði ekki orðið vör svokallaðs óeðlis.

Með hliðsjón af framansögðu og þrátt fyrir framburð ákærða þykir lögfull sönnun vera komin fram fyrir því að ákærði hafi haft samræði við telpuna Y á heimili sínu umrædda nótt 14. júlí 1984 með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Sannað telst að verknaður ákærða hafi verið samræði í skilningi 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt þeirri grein. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæru ríkissaksóknara.

B. Ákæra útgefin 12.1. 1987:

Laugardagsmorguninn 15. nóvember 1986 kl. 07:00 var óskað eftir leigubifreið að Engihjalla 17 í Kópavogi. Sigrún Arnarsdóttir, Ferjubakka 6, Reykjavík, f. 2.11. 1953, fór á staðinn í leigubifreiðinni Y-1878 og tók þar upp í bifreiðina farþega sem reyndist vera ákærði.

Hún skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi:

Ákærði bað um akstur til Hafnarfjarðar án þess að tiltaka ákveðið heimilisfang, en hann vísaði ökumanni hvert aka ætti. Ökumanni fannst ákærði ekki mikið drukkinn og kvað hún hann hafa komið kurteislega fram. Ákærði bað um að bifreiðin yrði stöðvuð við heimili sitt. Er ákærði hugðist greiða ökugjaldið vantaði kr. 100,00 upp á það. Ákærði fór því út úr bifreiðinni og inn til sín á neðri hæð hússins og kom aftur út og settist í aftursæti bifreiðarinnar. Hann rétti ökumanni 5.000,00 króna seðil. Um leið og ökumaðurinn tók við seðlinum greip ákærði um háls ökumanns með báðum höndum og hélt honum þannig. Ökumaður náði að spyrna sér upp í sætinu og upp á sætisbakið og náði hann þannig taki á ákærða og síðan gat hann bitið ákærða í kinnina. Ökumaður hékk þannig í kinn ákærða í þó nokkra stund uns ákærði linaði tök sín á honum hægt og sígandi. Þá sleppti ökumaður takinu á kinn ákærða og náði að rykkja sér fram og sleppti ákærði þá takinu á ökumanni. Ákærði virtist þá átta sig á hlutunum og spurði ökumann hvað hefði skeð. Hann stökk síðan út úr bifreiðinni orðalaust og fór upp á tröppur heima hjá sér. Ökumaður fór í fyrstu út úr bifreiðinni en ók síðan spölkorn í burtu og kallaði á hjálp í talstöð. Ökumaður ók síðan að B.S.H. og komu lögreglumenn í Hafnarfirði þangað og var þeim vísað á hús ákærða. Ökumaður sá engan á ferli við hús ákærða er umræddur atburður átti sér stað. Ökumaður átti erfitt með andardrátt meðan á átökunum stóð og marðist hann á hálsi og einnig sprungu æðar í augnbotnum vegna átakanna. Ökumanni fannst átökin standa yfir í óratíma en taldi þau líklega hafa staðið yfir í 10 mínútur.

Ökumaður kvað ekkert kynferðislegt hafa verið í athöfnum ákærða og ekkert hafi bent til þess að hann ætlaði að fremja rán. Ökumaður kvað ekkert hljóð hafa heyrst frá ákærða meðan á átökunum stóð og hafi svo virst sem ákærði hefði ekkert fyrir þessu.

Við fyrstu yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði neitaði ákærði að hafa ráðist á leigubifreiðarstjórann. Hann kvaðst hafa verið í Broadway til lokunar umræddа nótt og drukkið þar 3 - 4 glös af tvöföldum vodka. Eftir lokun hafi hann farið í Kópavog og drukkið þar tvö glös af vodka og whisky. Hann kvaðst hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis. Hann kvað einhvern hafa komið inn í leigubifreiðina, er hann var að rétta leigubifreiðarstjóranum 5.000,00 króna seðilinn, og slegið sig en síðan ráðist á leigubifreiðarstjórann. Ákærði kvaðst hafa reynt að stöðva mann þennan en þá hafi hann allt í einu verið bitinn mjög fast í hægri kinn. Hann kvaðst síðan hafa reynt að losa sig frá því og einnig frá manni þeim er kom inn í bifreiðina. Sá hafi síðan hlaupið út úr bifreiðinni og kvaðst ákærði hafa elt manninn uns hann missti af honum. Er hann hafi komið til baka hafi lögreglan verið komin á staðinn og handtekið sig. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 18. nóvember sl. kvaðst ákærði ekki vita af hverju hann tók leigubifreiðarstjórann hálstaki en hann sæi nú að það hafi ekki verið neinn annar en hann sem það hafi gert. Hann kvað það sem hann hafi sagt um einhvern mann hafa verið einhverja meinloku vegna taugaálags. Hann kvaðst hafa verið mjög slæmur á taugum að undanförnu og þjáðst af svefnleysi og þreytu vegna hjónaskilnaðar og fleira sem á honum hafi hvílt. Hann kvaðst því ekki hafa þolað vínđrykkju undir þessu taugastressi. Hann kvað því þennan ímyndaða eltingarleik við einhvern mann einhvers konar ofskynjanir sem hann gæti ekki gert sér grein fyrir. Hann kvaðst sjá mjög eftir þessu athæfi og bauðst hann til að greiða leigubifreiðarstjóranum alla læknishjálp og skaða- og miskabætur.

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna eftir þessu atviki, en hann hlyti hins vegar að hafa framið verknaðinn með hliðsjón af skýrslum lögreglu og vitna sem hann véfengdi ekki. Ákærði kvaðst hafa verið mjög drukkinn umrætt sinn. Hann mundi atburðarás fram að þeim tíma, er hann rétti leigubifreiðarstjóranum 5.000,00 króna seðilinn, en þá hafi hann farið úr sambandi og myndi hann því ekki hvað hefði skeð. Hann kvaðst hafa haft á tilfinningunni að einhver hafi ráðist inn í bílinn og eftir það hefði hann ekkert munað eftir sér. Hann kvaðst hafa rankað við sér er leigubifreiðarstjórinn sleppti af honum takinu með tönnunum og hefði hann þá hlaupið út úr bílnum og ætlað að elta þann sem honum fannst að hefði ráðist inn í bílinn. Ákærði kvaðst aldrei áður hafa lent í slíku minnisleysi vegna drykkju að hann skynjaði atburði á annan hátt en þeir í raun væru. Er ákærða var bent á framburð hans fyrir dómi í desember sl. varðandi svo-

kallað „black out", þá kannaðist hann við að það hafi komið fyrir eftir mikla áfengisdrykkju.

Gunnar Þór Alfreðsson, f. 22.6. 1941, gaf skýrslu sem vitni hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi. Hann býr í sama húsi og ákærði.

Hann kvaðst hafa verið nývaknaður umræddan morgun er hann hafi heyrt til bifreiðar fyrir utan heimili sitt. Hann kvaðst hafa litið út um eldhúsglugga og séð leigubifreiðarstjórann telja peninga og séð farþegann, sem var ákærði, yfirgefa bifreiðina án þess að loka afturhurðinni og fara inn í kjallara, þar sem hann bjó. Hann kvaðst hafa talið þetta allt eðlilegt og farið að klæða sig, raka sig og hita kaffi. Er hann heyrði að bifreiðin var þarna ennþá, þá hafi hann aftur litið út um eldhúsgluggann og séð að bifreiðarstjórinn var einhvern veginn kominn upp úr bifreiðastjórasætinu og lá aftur með því og að ákærði hélt honum hálstaki. Hann kvaðst þá hafa hringt í lögrelgu. Hann kvaðst þá hafa litið aftur út um gluggann og séð að ákærði var enn með haustak á leigubifreiðarstjóranum. Hann kvaðst þá hafa ákveðið að fara út og athuga málið, en er hann hafi verið kominn fram á gang hafi hann séð út um glugga að ákærði og bifreiðarstjórinn voru komin út úr bifreiðinni. Honum virtist ákærði fara inn til sín en bifreiðarstjórinn ganga aftur fyrir bifreiðina og aka síðan burt. Hann kvaðst þá hafa hringt aftur í lögregluna og tilkynnt að allt væri um garð gengið.

Hann kvaðst enga aðra hafa séð á ferli þarna umræddan morgun. Hann kvað ákærða hafa talað við sig síðdegis þennan dag og hefði hann þá verið að tala um einhvern mann sem komið hefði inn í bifreiðina er hann var að borga. Hann kvaðst þá hafa sagt ákærða að hann hefði engan slíkan mann séð.

Í læknisvottorði Brynjólfs Mogensen dr. med. vegna áverka leigubifreiðarstjórans, dagsettu 3.12. 1986, segir m.a.:

„Sigrúnu sagðist svo frá að hún væri leigubílstjóri og um klst. fyrir komu á Slysadeild var farþegi í bílnum hjá sér (sic) sem hafði tekið hana hálstaki og hert að.

Sigrún kvaðst hafa sortnað fyrir augum en náði að bíta árásarmanninn í kinnina.

Á Slysadeild sagðist Sigrún hafa sáran verk í hálsinum sérlega ef hún reyndi að kyngja. Að auki alveg niðurbrotin eftir þennan atburð.

Skoðun leiddi í ljós mar framan á hálsi yfir skjaldkirtilssvæði og aðeins ofan við það. Hálshreyfingar virtust eðlilegar, getur kyngt og virðist þá barkakýlið hreyfast eðlilega. Lungnahlustun eðlileg. Sigrún er grátklökk meðan á skoðun stendur.

Sigrún var álitin hafa marist við hálstakið og þurfti ekki að meðhöndla neitt sérstaklega.

Samantekt og álit:

Sigrún leitaði á Slysadeild 15.11. vegna áverka eftir líkamsárás. Hafði hún verið tekin hálstaki. Sigrún marðist við átökin en mun ekki hljóta nein varanleg líkamleg mein. Má ætla að atburðurinn komi til með að sitja í lengi á eftir. Sigrún mun þó ná sér að fullu er fram líða stundir."

Í vottorði sama læknis vegna meiðsla ákærða, segir m.a.:

„Á Slysadeild vildi Kristinn ekki gefa upp hvernig hann hlaut bitið.

Skoðun leiddi í ljós sár eftir tennur á hægri kinn. Mikil bólga til staðar. Tekin var ræktun úr sárinu, það þrifið á hefðbundinn máta og Kristinn settur á sýklalyfjameðferð. Ráðlagt að koma aftur ef ekki betri innan þriggja daga og fyrr ef eitthvað á bjátaði. Ræktunin leiddi ekkert óeðlilegt í ljós og Kristinn hefur ekki leitað aftur á Slysadeild vegna ofannefnds áverka.

Samantekt og álit:

Kristinn leitaði á Slysadeild 15. nóvember 1986 vegna bits á hægri kinn en vildi ekki gefa upp hvernig hann hlaut bitið. Bitið var meðhöndlað á hefðbundinn máta og hefur Kristinn ekki leitað aftur á Slysadeild Bsp. vegna ofannefnds bits.

Hann mun ekki hljóta nein varanleg mein af ofannefndum áverka."

Þann 3. febrúar sl. varð á bæjarþingi Hafnarfjarðar svofelld sátt á milli ákærða og Sigrúnar Arnarsdóttur:

„Sátt:

Kristinn Ingibergsson greiði Sigrúnu Arnarsdóttur í skaðabætur kr. 75.000,00 og kr. 15.000,00 fyrir lögfræðiaðstoð eða samtals kr. 90.000,00 með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, nú 27%, frá 15. nóvember 1986 til greiðsludags, innan 30 daga frá dagsetningu sáttar þessarar.

Greiðsla fari fram á skrifstofu Sigmundar Böðvarssonar hdl., Suðurlandsbraut 10, Reykjavík.

Skaðabætur vegna umræddsatviks eru að fullu uppgerðar með sátt þessari.

Sátt þessi er aðfararhæf.

Dómarinn gætti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart stefnda sem er ólöglærður."

Með hliðsjón af skýrslum lögreglu, vitna og skýrslum ákærða hjá rannsóknarlögreglu 18. nóvember sl. og fyrir dómi þykir sannað að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt heimfærð til refsiákvæða.

Meðferð máls þessa fyrir sakadóminum hefur dregist af ýmsum ástæð-

um, m.a. umfangi þess og að ekki reyndist unnt að ljúka því í einum áfanga, sem stafaði m.a. af því að ókleift reyndist að ljúka vitnaleiðslum á áætluðum tíma. Þá ollu miklar annir dómara við önnur embættisstörf því, að ekki reyndist unnt að hafa rannsóknina samfellda eins og æskilegast er í málum sem þessu. Þá þurfti að fella niður fjölda boðaðra þinghalda á árunum 1985 og 1986 vegna forfalla og veikinda m.a. veikinda dómara. Þá ollu ýmis atvik því að rétt þótti að fresta málsmeðferð vegna öflunar nýrra gagna og upplýsinga sem varpað gætu ljósi á málið og óhjákvæmilegt þótti að hafa til hliðsjónar og má í því sambandi nefna það atvik er telpan veiktist í ársbyrjun 1986, sálfræðirannsóknir á telpunni og atriði er tengdust málinu en voru til umfjöllunar á öðrum vettvangi, t.d. hjá barnaverndarnefnd, en dómurinn fékk upplýsingar um og fylgdist með. Að öðru leyti verður drátturinn ekki afsakaður með öðru en tímaskorti og miklum embættisönnum dómara.

Viðurlög A og B:

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 200 gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 10, 1981, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár og 6 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 26. júlí 1984 til 26. september 1984.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000,00 og saksóknarlauna í ríkissjóð, kr. 40.000,00

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Ingibergsson, sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 26. júlí 1984 til 26. september 1984.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., kr. 50.000,00 og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1988.

Nr. 40/1988. **Orri hf.**

gegn

Byggingariðjunni hf.

Endurupptaka einkamáls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Með bréfi 27. janúar 1988 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 25. janúar 1988. Krefst hann þess, „að hinnn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómarann að endurupptaka bæjarþingsmálið nr. 10/1988: Byggingariðjan h/f gegn Orra h/f, svo að umboðsmanni kæranda gefist færi á að skila greinargerð af sinni hálfu í málinu. Ekki er gerð krafa um kærumálskostnað."

Varnaraðili gerir þær kröfur aðallega, að kæru sóknaraðila verði vísað frá Hæstarétti en til vara að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilfellum krefst hann „málskostnaðar fyrir þennan þátt málsins".

Unnur Gunnarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp hinn kærða úrskurð. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, er svohljóðandi:

„Kröfu Orra hf. um að bæjarþingsmálið nr. 10/1988 Byggingariðjan hf. gegn Orra hf. verði endurupptekið er hafnað.

Málskostnaður fellur niður."

Í desember 1987 höfðaði varnaraðili ofangreint bæjarþingsmál og var málið þingfest á reglulegu bæjarþingi 7. janúar 1988. Lögmaður sóknaraðila, sem hafði tekið að sér vörn í bæjarþingsmálinu, fól tilteknum héraðsdómslögmanni að sækja dómþing við þingfestingu málsins og fá tveggja vikna frest til ritunar greinargerðar. Héraðsdómslögmaðurinn, sem hafði tekið að sér að mæta í mörgum málum fyrir ýmsa lögmenn, var staddur á dómþinginu meðan það stóð yfir. Þó þurfti hann oftar en einu sinni að svara í síma, sem er fyrir utan bæjarþingsstofuna. Svo fór, að málið var þingfest án þess að hann veitti því athygli. Var því bókað, að um útivist væri að ræða og var málið dómtekið. Þegar lögmaður sóknaraðila frétti

þetta hafði hann strax samband við lögmann varnaraðila, sem neitaði um endurupptöku málsins. Með bréfi 12. janúar 1988 óskaði lögmaður sóknaraðila þess við héraðsdómarann, að málið yrði endurupptekið. Þessi krafa lögmannsins kom til umfjöllunar á bæjarþinginu 22. sama mánaðar. Komu þá fyrir dóminn til skýrslugjafar Einar Hálfdanarson lögfræðingur, framkvæmdarstjóri varnaraðila, áðurgreindur héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður, sem kunnugur er starfsháttum á reglulegum bæjarþingum. Að því loknu fór fram munnlegur málflutningur um endurupptökukröfuna. Kvað héraðsdómarinn upp úrskurð sinn 25. janúar eins og áður er frá greint.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að heimild hans til að kæra mál þetta til Hæstaréttar sé lögjöfnun frá b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 svo og fordæmi í dómum Hæstaréttar 1952/486, 1947/555 og 1940/411. Upplýst sé, að nefndur héraðsdómslögmaður hafi haft fyrirmæli um að sækja þing í málinu og taka frest. Héraðsdómslögmaðurinn hafi verið viðstaddur allt bæjarþingið og því sótt þing í skilningi 118. gr. laga nr. 85/1936. Eigi hafi því verið um að ræða útivist af hálfu stefnda í héraði. Beri því að endurupptaka málið samkvæmt 2. málslið 3. mgr. og 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981.

Aðalkrafa varnaraðila er á því byggð, að engin heimild sé til að skjóta ágreiningsmáli þessu til Hæstaréttar með kæru, enda eigi b-liður 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga 75/1973 ekki hér við og lögjöfnun sé óheimil. Þá eigi tilvitnuð fordæmi Hæstaréttar ekki við, enda hafi lagabreytingar orðið frá því að þeir dómar gengu. Varakrafan er á því reist, að umræddur héraðsdómslögmaður hafi ekki sótt þing í málinu og um forföll hafi ekki verið að ræða. Beri því að taka sýknukröfuna til greina.

Kæra þessi er heimil eftir 21. gr. 2. mgr. laga nr. 75/1973.

Á hinum reglulegu bæjarþingum í Reykjavík eru að jafnaði þingfest mörg mál. Þing sækja oftast nokkrir lögmenn sem hafa hver fyrir sig tekið að sér að mæta í málum á vegum annarra lögmanna, oft margra. Eftir að fram var komið að ekki var vegna stuttrar fjarveru lögmanns úr bæjarþingsstofu mætt í máli þessu, var eftir 3. mgr. og 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 rétt að endurupptaka málið.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og ber að taka bæjarþingsmál nr. 10/1988 upp að nýju á bæjarþingi Reykjavíkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1988.

Nr. 52/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Kolbrúnu Hafsteinsdóttur
(Sigurður Georgsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. þ.m. er barst Hæstarétti 12. þ.m. og krefst hún þess aðallega, að hinn kærði úrskurður „verði úr gildi felldur en til vara að gæsluvarðhaldið verði stytt". Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. febrúar 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 10. febrúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærðu, Kolbrúnu Hafsteinsdóttur, fæddri 07.02. 1966, til heimilis að Engjaseli 72, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 18. febrúar n.k. kl. 16:00.

Kærða hefur mótmælt kröfunni.

RLR vinnur nú að rannsókn á skjalafalsi í tengslum við greiðslukort Sigurpáls Scheving og innbroti í verslunina Drífu í Kópavogi.

Við húsleit fannst þýfi á heimili kærðu sem tengist ofangreindum brotum.

Kærða hefur borið að Sigurður Markús Sigurðsson hafi komið með myndbandstæki á heimili hennar og jafnframt gefið henni tóbak en ekki kvaðst kærða vita hvernig hann var að þessum hlutum kominn.

Kærða kvaðst hafa verið sofandi heima hjá sér aðfaranótt mánudagsins en á mánudagskvöldinu kvaðst hún hafa farið í bíltúr með Sigurði. Kvað kærða þau hafa lent í árekstri þannig að hún þurfti að leita á slysavarðstofu.

Þar sem rannsókn málsins er á frumstigi og rökstuddur grunur leikur á því að kærða eigi einhverja aðild að ofangreindum brotum, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 18. febrúar n.k. kl. 16:00.

Úrskurðarorð:

Kærða, Kolbrún Hafsteinsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 18. febrúar 1988 kl. 16:00.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1988.

Nr. 171/1987. **Kristinn Bjarnason og**
Erla Haraldsdóttir
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)
gegn
Sigrúnu S. Daníelsdóttur og
Ólafi Herði Sigtryggssyni
(Kristinn Gunnarsson hrl.)

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson prófessor.

Hinn 22. maí 1987 skutu áfrýjendur til Hæstaréttar úrskurði í innsetningarmáli, sem kveðinn hafði verið upp í fógetarétti Akraness 8. s.m. Þegar mál þetta var tekið fyrir á dómþingi Hæstaréttar til munnlegs flutnings, lýsti lögmaður áfrýjenda því yfir, að fallið væri frá öllum kröfum í málinu. Lögmaður stefndu krafðist málskostnaðar, en samþykkti að málið yrði hafið.

Mál þetta ber að hefja skv. 119. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

Eftir 180. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjendur, Kristinn Bjarnason og Erla Haraldsdóttir, greiði stefndu, Sigrúnu S. Daníelsdóttur og Ólafi Herði Sigtryggssyni, 10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1988.

Nr. 365/1987. **Njarðvíkurkaupstaður**
gegn
Landeigendafélagi Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 1. desember 1987, sem barst Hæstarétti 28. s.m., kært synjun lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli á þinglýsingu leigusamnings, sem sóknaraðili gerði 7. júlí 1987 við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins um land í Ytri-Njarðvík. Um kæruheimild er vitnað til 3. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Þess er krafist, að lagt verði fyrir þinglýsingardómarann að þinglýsa samningi þessum. Einnig krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess að ákvörðun þinglýsingardómarans verði staðfest. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Með samningi 21. janúar 1956 milli varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og eigenda jarðanna Ytri-Njarðvíkur I og II, Höskuldarkots I, II og III, Þórukots, Bolafótar og Vatnsness keypti varnarmáladeildin vegna ríkissjóðs land úr svæði, sem heyrði til þessum jörðum. Í 7. gr. samningsins sagði: „Nú vill kaupandi selja eða afhenda eitthvað af landi því, sem selt hefir verið samkvæmt framanrituðu og eiga þá eigendur þeirra jarða er landið er selt frá sameiginlega forkaupsrétt að því landi er selja skal eða afhenda.“ Af athugasemdum héraðsdómara, er hann hefur sent Hæstarétti, verður ráðið, að landið, sem um er fjallað í máli þessu, sé hluti þess svæðis, sem selt var 1956 og að það hafi á sínum tíma verið innan girðingar um varnarsvæðið á Reykjanesi en að það hafi nú í nokkur ár verið utan girðingarinnar, þó að enn séu þar mannvirki varnarliðsins.

Hinn 23. janúar 1986 ritaði varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins varnaraðila bréf. Segir þar, að til standi að leigja sóknar-

aðila land undir götur og byggingarlóðir, og sé um að ræða hluta af því landi, sem samningurinn frá 1956 var um. Er síðan vísað til 7. gr. samningsins og sagt: „Því þykir rétt að kanna nú vilja landeigenda til kaupa á þessu landssvæði, áður en gengið verður frá leigusamningi, en tekið er fram, að í því felist ekki viðurkenning á forkaupsrétti landeigenda til leigu.“ Var varnaraðila boðið að kaupa landið á 655.000,00 krónur hvern hektara miðað við tiltekna vísitölu. Þess var einnig getið, að kvaðir væru vegna skipulags og mannvirkja. Þessu bréfi svaraði lögmaður varnaraðila 2. apríl 1986. Rakti hann aðdraganda samningsins frá 1956 og taldi, að forkaupsrétturinn, sem um er fjallað í 7. gr. samningsins, væri „í raun innlausnarréttur“. Er vísað til afhendingar lands 1966 og síðan sagt: „Það er því krafa landeigenda að neyta forkaupsréttar á þeim 15,91 hektörum lands, sem þér bjóðið ... og að verðið verði ákveðið hið sama og ríkið greiddi fyrir landið á sínum tíma miðað við hektara lands, en til vara að það verði framreiknað miðað við verðlagsþróun frá þessum tíma til dagsins í dag ...“

Nokkur bréf fóru milli varnarmálaskrifstofunnar og lögmanns varnaraðila eftir þetta. Hinn 25. september 1986 ritaði varnarmálaskrifstofan bæjarstjórn Njarðvíkur. Segir þar, að eftir viðræður hafi varnarmálaskrifstofan hafnað kröfum varnaraðila um kaup á landinu. Þá hafi varnaraðila verið boðið að taka landið á leigu, en því boði hafi ekki verið sinnt. Var þess síðan óskað, að til samninga yrði gegnið milli varnarmálaskrifstofunnar og sóknaraðila. Hinn 7. júlí 1987 var undirritaður leigusamningur milli varnarmálaskrifstofunnar og sóknaraðila. Segir þar, að 15,91 hektarar, sem afmarkaðir séu á uppdrætti, séu leigðir til 75 ára frá 1. janúar 1987. Hafi leigutaki heimild til að skipta landinu í lóðir, götur, stíga og opin svæði og að framleigja lóðir til annarra. Ákvæði eru um kvaðir, leigugjald og eldsneytisleiðslur. Þá er í samningnum getið ágreiningsins við varnaraðila. Í tilefni samningsgerðarinnar gaf bæjarstjórn Njarðvíkur yfirlýsingu um samskiptin við varnaraðila.

Óskað var þinglýsingar leigusamningsins, en þinglýsingu var mótmælt af hálfu varnaraðila. Sendu lögmenn beggja aðila skriflegar athugasemdir til þinglýsingardómarans, en hann synjaði um þinglýsingu með bréfi til lögmanns sóknaraðila 30. nóvember 1987. Meginmál þess er þannig:

„Hjálagt endursendist yður leigusamningur í tvíriti, sem þér hafið sent hingað til þinglýsingar, ásamt meðfylgjandi yfirlýsingu þinglýsingarbeiðanda.

Eftir könnun gagnanna og fylgiskjala sem mér hafa borist frá málsaðilum, hefi ég tekið þá ákvörðun að synja um framgang þinglýsingarinnar.

Landeigendafélag Njarðvíkur ásamt Vatnsnesi, hefur bréflega mótmælt því að þinglýsing þessi fari fram og skírskotað í því sambandi til forkaupsréttarákvæðis í samningi þess við landeiganda frá 21. jan. 1956.

Ég fæ ekki séð að einhliða ákvörðun landeiganda um kaupverð fullnægi greindu forkaupsréttarákvæði og með vísan til framkominna mótmæla skorti landeigandann ráðstöfunarheimild á umræddu landi, skv. 1. mgr. 24. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978."

Í athugasemdum héraðsdómarans til Hæstaréttar segir m.a.:

„Ekki fer milli mála, að umrætt leiguland er hluti þess lands sem tilvitnað forkaupsréttarákvæði tekur til og telja verður að sama gildi um ráðstöfun þess til leigu. Einhliða ákvörðun leigusala um kaupverð, gegn mótmælum rétthafa skv. forkaupsréttarákvæðinu, verður og að teljast ófullnægjandi kauptilboð og ekki skuldbindandi fyrir forkaupsréttarhafann.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. mgr. 24. gr. þinglýsingarlaga, þótti mér rétt að synja um framgang þinglýsingarinnar ..."

Í kæru lögmanns sóknaraðila er því mótmælt, að varnarmálaskrifstofuna hafi skort ráðstöfunarheimild þannig að 24. gr. þinglýsingarlaga verði beitt og synjað um þinglýsingu samningsins. Forkaupsréttur eftir 7. gr. samningsins frá 1956 verði einungis virkur við sölu, en ekki leigu. Þótt forkaupsrétturinn yrði talinn hafa getað orðið virkur við gerð samningsins 1987, hafi varnaraðili hafnað tilboði því, sem gert var 23. janúar 1986 og þar með hafnað því að neyta forkaupsréttar. Loks segir lögmaðurinn, að leigusali samkvæmt samningnum 7. júlí 1987 hafi haft þinglýsta eignarheimild að landinu og skipti það meginmáli varðandi þinglýsinguna.

Í greinargerð lögmanns varnaraðila til Hæstaréttar segir m.a.: „Telja verður að orðin „selja eða afhenda" í 7. gr. merki hverskonar afhendingu og taki því einnig til leigu. — Leigusamningurinn

er gerður til 75 ára. Í honum er gert ráð fyrir að landið ... verði notað undir byggingu íbúðarhúsa, sem standa eiga til frambúðar. — Leigusamningurinn virðist því gerður í því skyni að fara í kringum forkaupsrétt Landeigendafélagsins á framangreindu landssvæði."

Aðilar máls þessa deila um það, hvort forkaupsréttarákvæði í samningi frá 21. janúar 1956 verði virkt vegna leigusamningsins, sem gerður var 7. júlí 1987, og þá hvað í því felist. Þessi ágreiningur sætir ekki úrlausn þinglýsingardómara. Þar sem sóknaraðili fékk eftir samingnum frá 7. júlí sl. réttindi frá aðila, sem átti þinglýstan eignarrétt yfir leigulandinu, ber að taka til greina kröfuna um þinglýsingu leigusamningsins, enda breytist hugsanlegur efnisréttur varnaraðila ekki við þá ráðstöfun, sbr. 29. gr. 1. mgr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978, og úrræði eru tiltæk til að koma í veg fyrir að þinglýsingarreglur leiði til réttarskerðingar síðar sbr. 7. gr. 3. mgr. og 27. gr. 2. mgr. laganna.

Í máli þessu eru ekki efni til að kanna mörk lögsagnarumdæmis lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli eða réttarsamband varnaraðila og þeirra sem gerðu margnefndan samning við varnarmáladeild 1956.

Eftir atvikum er rétt að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðila, Njarðvíkurkaupstaðar, um að þinglýst verði framangreindum leigusamningi milli kaupstaðarins og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins er tekin til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1988.

Nr. 208/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Axel Þórarni Þorsteinssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás. Þjófnaður. Endurkrafa. Skaðabætur. Skilorðsbinding.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1987 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar refsingar.

Sakarefnin eru tvö. Í fyrsta lagi er ákærða gefið að sök að hafa ráðist að lögreglumanni við skyldustörf, sparkað í hægri síðu hans og tekið hann hálstaki aftan frá og haldið honum þar til aðrir lögreglumenn komu honum til hjálpar. Hlaut lögreglumaðurinn af þessu áverka, eins og lýst er í ákæru. Í öðru lagi er honum gefið að sök að hafa stolið peningum frá systur sinni. Systirin hefur fallið frá kæru og bótagreiðslum.

Þeir gallar eru á rannsókn fyrri sakarinnar að engar skýrslur hafa verið teknar af fólki því, sem handtekið var með ákærða þann 10. apríl 1985, um upphaf handtökunnar og árás ákærða hvorki hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins né fyrir dómi. Þá hefur ekki verið aflað vættis lögreglumannsins Steinars Birgissonar, sem samkvæmt framburðum annarra lögreglumanna hefur verið í aðstöðu til að fylgjast með árásinni.

Þá var ekki gætt ákvæða 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1979 við yfirheyrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglu 13. desember 1986. Hefur því játning ákærða við þá yfirheyrslu og samþykki hans á greiðslu bóta ekki sama gildi sem annars. Ákærði bar í dómi fyrir sig minnisleysi en vefengdi þó ekki að hafa sparkað í lögreglumanninn og hafa síðar lent í átökum við hann. Þykir því með framburðum lögreglumannanna, sem á vett-

vangi voru, svo og læknisvottorði sök ákærða nægilega sönnuð þrátt fyrir annmarka á rannsókninni.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar sakarmat og heimfærslu til refsiákvæða um fyrri lið ákæru. Þá ber með skírskotun til hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann að því er varðar síðari lið ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

„1985 10/4 í Reykjavík. Sátt: 300 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1985 31/8 í A-Skaft. Sátt: 700 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1985 27/12 í Reykjavík. Dómur: 3 mán. fangelsi skb. 3 ár og 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 259. gr. hgl. og 25. gr. umfl. Sviptur rétti til ökuleyfis 6 mán. frá 27.12. 1986.
1985 27/12 í Reykjavík. Sátt: 16.000,00 kr. sekt f. brot g. 25., 26. og 37. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 12 mán. frá 27.12. 1985.
1986 13/12 í Reykjavík. Dómur: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 13.12. 1986.
1987 24/4 í Reykjavík. Dómur: 7 mán. fangelsi f. brot g. 1. mgr. 106. gr., 1. mgr. 218. gr. og 244. gr. hgl. Dómur 27.12. 1985 dæmdur með.
1987 23/7 í Reykjavík. Dómur: 1 mán. fangelsi f. brot g. 155. gr. hgl. Hegningarauki.“

Dómur 24. apríl 1987 er héraðsdómur sá sem hér er áfrýjað.

Þegar sakaferill ákærða er skoðaður nánar kemur í ljós að sátt 10. apríl 1985 stafar frá sama atburði og fyrri liður ákæru þessa máls, og að sá atburður gerðist áður en hann hlaut skilorðsbundinn dóm þann 27. desember 1985. Brot samkvæmt dómi 23. júlí 1987 átti sér einnig stað fyrir þann dóm. Hvorugt þessara brota er því rof á skilorði þess dóms. Brot samkvæmt síðari lið ákæru er hins vegar rof á skilorði dóms frá 27. desember 1985. Ber því nú að ákvarða refsingu ákærða í einu lagi fyrir framantalin brot, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. l. nr. 22/1955 og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af framansögðu, loka-

málsgrein 256. gr. almennra hegningarlaga og 77. gr. sömu laga fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði hefur ekki setið í fangelsi áður og eftir að hann framdi þjófnaðarbrot gagnvart systur sinni hefur hann leitað sér lækninga við drykkjusýki. Hann er nú í atvinnu og hefur ekki fallið til fyrra horfs. Þykir því mega skilorðsbinda refsingu hans á þann hátt sem í dómsorði greinir.

Eins og fram kemur í héraðsdómi hefur ríkislögmaður með bréfi dagsettu 24. mars 1987 lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærða fyrir hönd fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs. Stafar krafan frá líkamstjóni og miska, sem lögreglumaðurinn Pétur Sveinsson varð fyrir samkvæmt fyrra ákærulið. Með samkomulagi 22. desember 1986 greiddi ríkislögmaður f.h. fjármálaráðherra Pétri í bætur og innheimtulaun samtals 959.715,00 krónur og leysti þannig til sín bótakröfuna. Samkvæmt samkomulaginu var bótakrafa sundurliðuð þannig:

„Örorkubætur:		
Tekjutjón skv. útr. 7/11 1986	kr.	1.143.200,-
35% frádr. v/hagr. eingr. ofl.	—	400.120,-
Helmingur af tryggingabótum áður greiddum af Alm. Tryggingum, v/viðbótartryggingar Landssamb. lögreglum.	—	67.974,-
Höfuðstóll bóta til greiðslu nú	kr.	675.106,-
Vextir 10/4 '85 - 10/1 '87 (27,18%)	—	183.494,-
Miskabætur	—	50.000,-
Útlagður kostnaður	—	7.000,-
Innheimtulaun af höfuðstól 725.106,- skv. gjaldskrá LMFÍ	—	44.115,-
Skaðabætur og innh.laun alls	kr.	915.715,-“

Í héraði var ákærði dæmdur til að greiða fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 959.715,00 krónur ásamt dómvöxtum frá 14. janúar 1987 til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hér er krafist staðfestingar þess dóms. Staðfesta má hinn áfrýjaða dóm að því er varðar skaðabótaskyldu ákærða. Ákærði er ekki

bundinn af því samkomulagi, sem ríkislögmaður gerði við Pétur Sveinsson. Taka ber tillit til þess að Pétur er lögreglumaður í föstu starfi hjá ríkinu. Þegar framanritað útreiknað tjón er virt svo og miski, frádráttur venju samkvæmt athugaður, hliðsjón höfð af áður fengnum greiðslum Péturs og reiknað með útlögðum kostnaði hans, þykir rétt að gera ákærða að greiða fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 500.000,00 krónur vegna greiðslna hans til Péturs með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá útgáfudegi ákæru 9. mars 1987 til 14. apríl 1987 en með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun, og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Axel Þórarinn Þorsteinsson, sæti fangelsi í 7 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 500.000,00 krónur með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá 9. mars 1987 til 14. apríl 1987, en með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 35.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. apríl 1987.

Ár 1987, föstudaginn 24. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp

dómur í sakadómsmálinu nr. 282/1987: Ákæruvaldið gegn Axel Þórarni Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 10. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 9. mars sl. á hendur ákærða Axel Þórarni Þorsteinssyni verkamanni, áður að Yrsufelli 9, nú að Ránargötu 6A í Reykjavík, fæddum þar í borg 24. júlí 1963.

Í ákærunni segir að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirgreind brot:

I.

Fyrir brot gegn valdstjórninni og líkamsárás með því að hafa aðfaranótt 10. apríl 1985 við veitingahúsið Hollywood, Ármúla 5, Reykjavík, í lögreglubifreið, sem ákærði hafði verið færður í, ráðist á Pétur Sveinsson lögreglumann sem var að sinna öðrum handteknum manni í bifreiðinni, sparkað í hægri síðu hans og tekið hann hálstaki aftan frá og haldið honum þar til lögreglumenn komu Pétri til hjálpar. Afleiðingar árásarinnar urðu þær að Pétur hlaut áverka á þremur rifbeinum með myndun brjóskhnúts á geislunga- og rifjabogamótum og hlaut af þessu langvarandi eymsli framantil á brjóstholi og var óvinnufær í nokkrar vikur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

II.

Fyrir þjófnað með því að hafa að kvöldi 19. desember 1986 stolið kr. 26.000,00 af Aðalheiði Björgu Þorsteinsdóttur að þáverandi dvalarstað sínum að Miðstræti 22 í Vestmannaeyjum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

Aðfaranótt miðvikudagsins 10. apríl 1985 klukkan 1:21 var óskað skjótrar aðstoðar lögreglunnar í Reykjavík að veitingahúsinu Hollywood við Ármúla vegna ölvaðra manna sem hefðu þar í frammi óspektir. Héldu þrír lögreglumenn á vettvang, en síðar komu þeim til aðstoðar fjórir lögreglumenn í viðbót.

Þegar lögreglumennirnir komu fyrst á vettvang voru þrír menn og ein kona á tröppum hússins, öll talsvert ölvuð. Einn mannanna var ákærði Axel Þórarinn Þorsteinsson og annar hinna faðir hans.

Í anddyri hússins voru dyraverðir sem sögðu að fólkið hefði neitað að yfirgefa staðinn og heimtað að fá að komast inn þrátt fyrir að búið væri að loka. Þá sögðu dyraverðirnir að ákærði og faðir hans hefðu sparkað í dyrnar, en engar skemmdir hlotist af. Voru greinileg skóför á dyrunum. Lögreglumennirnir báðu fólkið að hverfa á brott, en það fékkst ekki til þess. Leiddi þetta til handtöku ákærða og föður hans og síðar hinna tveggja sem reyndu að hindra handtöku þeirra feðga.

Eftir að ákærði hafði verið færður inn í lögreglubifreið fyrir utan húsið fékk hann æðiskast inni í bifreiðinni og sparkaði í Pétur Sveinsson lögreglumann sem þar var staddur að gæta fanganna. Leitaði Pétur á Slysadeild Borgarspítalans næsta dag og segir svo í vottorði Hauks Árnasonar læknis á deildinni, dagsettu 27. júní sl. um áverka Péturs:

„Þann 10/4 1985 kl. 16:20 kom í Slysadeild Bsp. maður sem kvaðst heita ofanskráðu nafni. Hann greinir svo frá að fyrr sama sólarhring hafi hann fengið spark vinstra megin framan til í brjósthol í átökum sem áttu sér stað í skemmtistaðnum Hollywood hér í borg aðfararnótt þessa dags.

Pétur segist þarna hafa verið að störfum sem lögreglumaður. Dofnaði fyrst upp, en klst. seinna fór að bera á vaxandi verkjum í brjóstholi sem aukast við að anda djúpt að sér og hefur ekkert lagast frá því að fyrst fór að bera á verkjunum.

Við skoðun kemur í ljós að þreifieymsli eru framan til á brjóstholi yfir VI. - VIII. rifi. Mikil óbein eymsli á þessum stað. Lungnahlustun er eðlileg að því leyti að góð loftfylling er á báðum lungum. Tekin var rtg.mynd af brjóstholi Péturs og á þeim myndum kemur fram að lungun eru fremur grunnt innönduð. Engin merki komu fram um sköddun á lungum eða lungnasekk eða miðmætti. Engin pneumothorax. Rifbrot sáust ekki á þessari lungnamynd. Talið var þó að Pétur hafi fengið rof á rif á áðurnefndum stöðum, en eymslin voru fram undir geislungamótum og þar sjást ekki áverkar á rifbeinum, þar sem að tenging milli geislunga og rifja eru brjóskkenndir og gefa því ekki skugga á rtg.mynd.

Pétur fékk lyfseðil á verkjalyf og ákv. að hann kæmi aftur til eftirlits ef óþægindi hans löguðust ekki.

Pétur kemur aftur til skoðunar í Slysadeild Bsp. þ. 18/6 1986. Við skoðun þann dag hefur Pétur enn verki í brjóstholi, bæði við djúpan andardrátt og eins við að snúa sér til, t.d. í rúminu á nóttunni, þá fær hann verk í rif framarlega, á mótum VI., VII. og VIII. rifs við geislunga og rifjaboga, bæði hægra og vinstra megin. Við þreifingu á ofannefndum stöðum er rúmlega þumalfingurgóms stór hnútur á geislunga- og rifjabogamótum við sérstaklega VIII. rif, og einnig nokkuð á VI. og VII. rifi, þó minna en á VIII. rifi, og er það fast við rifið og þreifieymsli á þessum stöðum. Meiri eymsli eru hægra megin en vinstra megin.

Rtg.mynd var tekin, en hún staðfesti ekki breytingar á þessum stað, sem ekki var við að búast, þar sem að þessi hluti tenginga rifja við rifjaboga er brjóskgerður þar til á gamalsaldri og sýnir því ekki skugga á rtg.-myndum. Þetta skýrir að ekki hefur sést á rtg.myndum breyting. Öll clinisk einkenni Péturs benda til þess að áverki hafi orðið á tengingu rifbeina við rifjaboga með myndun brjóskhnúts á áverkastaðnum, á geislungum og ofannefndum stöðum. Þetta er skýrt fyrir Pétri og ekki talin ástæða til frekari aðgerða, en viðbúið að einkenni hans fari smám saman minnkandi, þó það geti tekið allt að hálft ár, sem hann veit af áverkastaðnum. Gera verður ráð fyrir að einhver umbygging á brjóskhnútnum, þó að sennilega verði alltaf einhver missmíð til staðar á þessum stað eftir þennan áverka."

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna að árás ákærða.

Ákærði var fyrst yfirheyrður um málið af Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 13. desember sl.

Ákærði kvaðst muna óljóst eftir umræddum atburði. Hann kvaðst hafa verið á umræddum veitingastað og drakk þar mikið áfengi. Þegar ákærði var kominn út mundi hann eftir því að hafa gleymt jakka sínum inni. Vildi hann komast inn til þess að sækja hann en fékk það ekki. Hafði ákærði þá uppi háreysti fyrir utan húsið ásamt fólki sem með honum var, og leiddi það til þess að lögreglan var kvödd á staðinn.

Ákærði kvaðst hafa farið af fúsum vilja inn í lögreglubifreiðina, en hins vegar hefðu lögreglumennirnir þurft að beita afli til að fá hitt fólkið inn í hana. Þ. á m. hafi verið náungi nokkur sem lögreglumenn settu á gólf bifreiðarinnar, en hann var með mikil læti þótt hann væri í handjárnum. Kvaðst ákærði muna óljóst að hann hafi sparkað í einn lögreglumannanna sem var að stumra yfir þessum manni á gólfinu. Gerði ákærði þetta fyrirvaralaust og án ástæðu. Eftir þetta var ákærði færður í handjárn eftir frekari átök í bifreiðinni.

Næst var ákærði yfirheyrður um málið við meðferð þess.

Ákærði kveðst nú ekki muna eftir því að hafa sparkað í Pétur Sveinsson lögreglumann aðfaranótt 10. apríl 1985 í lögreglubifreið fyrir utan veitingahúsið Hollywood í Reykjavík. Ákærði kveðst þó ekki vefengja að hann hafi gert þetta og í framhaldi af því lent í átökum við Pétur, en hann man ekki eftir því frekar en sparkinu.

Ákærði kveðst muna eftir því að hann hafi verið drukkinn fyrir utan veitingastaðinn umrætt sinn. Þá man hann að hann ætlaði þangað inn til að sækja leðurjakka sem hann hafði gleymt. Ákærði man að hann lenti í einhverjum átökum fyrir utan veitingahúsið. Hann man ekki eftir að hafa verið settur inn í lögreglubifreið. Ákærði kveðst hafa verið með föður sínum og systur í þetta skipti.

Ákærði segir að það hafi verið af taugaveiklun og hræðslu sem hann

hafi játað sparkið og átökin hjá rannsóknarlögreglunni í desember sl., er honum var sagt fyrir hvað hann væri kærður.

Vitnið Pétur Sveinsson lögregluflokksstjóri, Heiðnabergi 11 í Reykjavík, kveðst hafa verið sent í útkall að Hollywood umrætt sinn ásamt tveim starfsbræðrum sínum, Ægi og Karli. Þegar þeir komu á vettvang voru fjórar persónur að berja á útidyrnar með einhverju barefli. Var allt fólkið áberandi ölvað, en um var að ræða ákærða, föður hans, Þorsteinn Snorra Axelsson, Pétur Jónsson og systur ákærða Aðalheiði Björgu Þorsteinsdóttur.

Vitni kveðst hafa gengið að fólkinu ásamt starfsbræðrum sínum, en þá hafi ákærði og faðir hans sett sig í slagsmálastellingar og gert sig líklega til þess að verjast handtöku. Gekk þá vitnið að ákærða og færði hann mótþróalaust inn í lögreglubifreiðina. Settist ákærði á bekkinn hægra megin svo til upp við aftasta bekkinn í bifreiðinni, en vitnið settist andspænis honum. Nokkru síðar komu félagar vitnisins með Pétur Jónsson í handjárnum fyrir aftan bak, og var hann lagður á gólfið á magann. Sneri höfuð hans lítillega inn undir aftari þverbekkinn. Enn nokkru síðar var faðir ákærða settur inn í bifreiðina handjárnaður fyrir aftan bak. Settist hann á gólfið flötum beinum aftast í bifreiðinni.

Eftir að karlmennirnir þrír voru komnir inn í lögreglubifreiðina, kom Aðalheiður Björg að afturdyrum bifreiðarinnar og öskraði og hrópaði. Á sama tíma tók Pétur að berja höfði sínu við járnlöpp aftara þversætis í lögreglubifreiðinni. Beygði vitnið sig þá niður til þess að taka um höfuð Péturs til að hindra það að hann skaðaði sig með framangreindum hætti. Setti vitnið hægra hné á gólfið til þess að athafna sig betur við að halda höfði Péturs. Sá þá vitnið út undan sér hvar ákærði dró að sér hægri fót og sparkaði um leið í hægri síðu vitnisins sem gat ekki vikið sér undan sparkinu og kastaðist með vinstri síðu að bekknum sem vitnið hafði áður setið á. Strax á eftir sparkinu stökk ákærði aftan á bak vitnisins og tók það hálstaki aftan frá og herti fast að. Fann vitnið að ákærði mundi hengja það á svipstundu og stóð því upp úr fyrri stellingu og reyndi að velta ákærða yfir öxlina á sér niður í aftara þversætið. Tókst þetta um það leyti sem vitnið var að missa allan kraft. Lá þá vitnið með brjóstið yfir sætisbakið, en ákærði hélt enn um háls þess og var sjálfur allur kominn ofan í sætið. Kom þá vitnið Magnús Gunnar Arneson, starfsbróðir vitnisins, því til hjálpar, en hann var nýbúinn að loka hliðarrennihurð á hægri hlið bifreiðarinnar. Eftir þetta komu fleiri lögreglumenn og handjárnuðu ákærða.

Vitnið dofnaði upp við sparkið, en um klukkan 3 um nóttina breyttist þreytuverkur í brjósti í mikinn verk, og vitninu varð óglatt. Varð vitnið að leggjast fyrir, og um klukkan 4:30 um nóttina var það flutt heim, en vakt þess átti ekki að ljúka fyrr en klukkan 6 um morguninn.

Vitnið kom á vakt næsta dag en varð að fara á Slysadeild um klukkan 16:00 þar sem það var orðið viðþolslaust í verkjum um allan líkamann og þó mest í hægri síðu.

Vitnið Ægir Ellertsson lögreglumaður, Breiðvangi 7 í Hafnarfirði, kveðst hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar sem send var að Hollywood umrætt sinn. Fóru þeir allir þrír úr bifreiðinni að fólkinu. Fór Pétur Sveinsson með ákærða inn í bifreiðina, en vitnið og Karl handtóku Pétur Jónsson og Þorstein Snorra og færðu þá í handjárnum inn í bifreiðina. Nutu þeir aðstoðar lögreglumanna úr umferðardeild sem einnig voru komnir á vettvang, við handtökuna. Vitnið settist að þessu loknu undir stýri, og voru þá komnir á staðinn enn fleiri lögreglumenn. Komu lögreglumennirnir Magnús Gunnar og Hans upp að hægri hlið bifreiðarinnar um það leyti sem átökin upphófust eða voru byrjuð. Þegar vitnið heyrði að átök voru byrjuð, sneri það sér við í ökumannssætinu og sá ákærða á baki Péturs. Vitnið sá ekki upphaf átakanna. Um þetta leyti komu Hans og Magnús Gunnar inn um hliðardyrnar og Karl fór fram eftir bifreiðinni, allir Pétri til aðstoðar. Náðu þeir síðan ákærða af baki Péturs, lögðu hann í sætið á aftari þverbekknum, og þar handjárnuðu Hans og Magnús Gunnar ákærða.

Vitnið Karl Hjartarson lögreglumaður, Þverbrekku 2 í Kópavogi, kveðst strax við komuna á vettvang hafa lent í átökum við Aðalheiði Björgu, sem ærðist og hafði í hótunum um líkamsmeiðingar áður en lagðar voru á handa hendur til þess að handtaka hana. Veitti Aðalheiður Björg afsakplega mikið viðnám, en hún var lögð á gólfið í lögreglubifreiðinni. Varð þá vitnið fyrir sparki sem kom á hægri vanga. Var þetta mikið högg svo að e.t.v. vankaðist vitnið eitthvað við þetta. Ekki veit vitnið með vissu hvort það var ákærði eða Pétur Jónsson sem sparkaði í það. Þegar vitnið fékk sparkið sat Pétur vinstra megin í bifreiðinni á langbekk og ákærði skáhalt á móti honum. Á gólfinu á milli þeirra lá Pétur Jónsson og þar fyrir aftan voru Þorsteinn Snorri og Steinar Birgisson lögreglumaður sat aftarlega á vinstri hliðarbekk.

Þá kveðst vitnið hafa séð hvar ákærði sparkaði af öllu afli í hægri síðu aftarlega á Pétri Sveinssyni, þar sem hann kraup yfir Pétri Jónssyni. Kastaðist Pétur Sveinsson við sparkið á brún sætis þess sem hann hafði setið á og strax á eftir réðst ákærði aftan á Pétur Sveinsson og tók hann hálstaki. Á meðan á þessu stóð átti vitnið í átökum við Aðalheiði Björgu og sá því ekki hvernig ákærði var losaður af baki Péturs.

Vitnið vill ekki fullyrða hvort það sjálft fékk sparkið á undan eða eftir að Pétur Sveinsson fékk sparkið í síðuna.

Vitnið Hans Sigurbjörnsson lögreglumaður, Öldugranda 5 í Reykjavík, kveðst hafa verið ökumaður á lögreglubifreið sem í voru auk vitnisins tveir

aðrir lögreglumenn sem sendir voru til aðstoðar þeim þrem lögreglumönnum sem fyrstir voru sendir að Hollywood umrætt sinn.

Vitnið segir að fyrst þegar það kom að hliðardyrum lögreglubifreiðarinnar, sem var komin á vettvang, hafi allt virst í lagi. Þegar vitnið var að snúa frá heyrði það að eitthvað var að gerast inni í bifreiðinni. Leit vitnið þá aftur inn og sá einn af föngunum í átökum við Pétur Sveinsson. Aðstoðaði vitnið við að taka ákærða af baki Péturs sem reyndi að koma honum af sér niður í sætið á aftari þverbekk bifreiðarinnar. Auk vitnisins voru þarna vitnin Karl og Magnús Gunnar sem einnig aðstoðuðu Pétur við að losna. Vitnið sá ekki upphaf átakanna né ákærða sparka í vitnið Pétur.

Vitnið Magnús Gunnar Arneson lögreglumaður, Vindási 3 í Reykjavík, kveðst hafa gengið úr lögreglubifreiðinni, sem það var í, að lögreglubifreiðinni, sem var komin á staðinn. Kom vitnið að hægri hliðarhurð og sá, að afturhurðin var opin. Á gólfinu lá maður handjárnaður. Pétur sat framarlega á vinstri hliðarbekk og gegnt honum ungur maður, sem virtist rólegur, með hendur í skauti. Aftan við Pétur var Karl lögreglumaður og fangi í handjárnum hjá honum.

Vitninu virtist allt með eðlilegum hætti í lögreglubifreiðinni og sneri því frá henni og ætlaði að ganga yfir að hinni lögreglubifreiðinni. Hafði vitnið snúið sér við þegar það heyrði einhvern hávaða. Sneri það þá aftur að lögreglubifreiðinni og sá að ungi maðurinn, sem setið hafði gegnt Pétri, var kominn upp á bakið á honum. Stóð vitnið síðan að því ásamt tveim félögum sínum að draga manninn af baki Péturs, en hann hélt fast í hann og gat hann ekki losað sig einn. Vitnið kveðst ekki hafa séð aðdraganda árásar unga mannsins á Pétur.

Vitnið Stefán Líndal Gíslason lögreglumaður, Merkurgötu 10 í Hafnarfirði, kveðst lítinn þátt hafa átt í handtökum á fólki því sem handtekið var umrætt sinn og sá ekki ákærða sparka í Pétur og sá lítið eða ekkert af því þegar verið var að losa hann.

Vitnið Steinar Birgisson kom á staðinn. Vitnið er hætt í lögreglunni og flutt af landi brott. Hefur því ekki verið tekin skýrsla af vitninu.

Björn Önundarson tryggingayfirlæknir hefur framkvæmt örorkumat á Pétri Sveinssyni, og í lok skýrslu hans um það dagsettri 2. september sl. segir svo:

„Ályktun.

Það er um að ræða tæplega fjörtíu og sex ára gamlan flokkstjóra í lögregluliði Reykjavíkur, sem hinn 10. apríl 1985 fékk mikið högg á brjóstkassa, er sparkað var í hægri síðu slasaða þannig að hann féll við og skall með vinstri síðu á sætisbak. Slasaði leitaði þegar eftir slys þetta í Slysadeild

Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem meiðsl slasaða voru könnuð og þar sem hann var til eftirlits um sinn.

Alveg óvinnufær vegna nefnds slyss er slasaði talinn hafa verið í um fjórar vikur og varanlega er hér um ofurlitla örorku að ræða.

Við komu á Slysadeild kvartaði slasaði um verk í brjóstholi við djúpa öndun, og við skoðun komu fram þreifieymsli framan til á brjóstholi yfir VI. til VIII. rifs. Lungnahlustun var eðlileg, og röntgenmyndir sem teknar voru af brjóstholi sýndu hvorki brot á rifjum né heldur sköddun á innri líffærum brjósthols.

Hér að framan hafa verið rakin þau atriði helst, sem slasaði nú kvartar um sem afleiðingu af nefndu slysi. Þetta verður ekki endurtekið.

Við skoðun finnst framan til á brjóstkassa nálægt geilsungamótum ca á móts við VII. til VIII. rifs veruleg eymsli á lófastóru svæði. Engar crepitationir eru merkjanlegar. Vinstra megin finnst ofurlítil callusmyndun yfir VII. rifi framan til en þar eru engin umtalsverð eymsli. Lungnahlustun er eðlileg sömuleiðis hjartahlustun. Við blóðþrýstingsmælingu kemur fram allnokkuð hækkaður blóðþrýstingur eða 190/110. Hér er þannig um tæplega fjörtíu og sex ára gamlan lögreglumann að ræða sem í nefndu slysi varð fyrir rifjabroti á tveim til þrem rifjum hægra megin. Callusmyndun er yfir VII. rifi vinstra megin, en ekki eru einkenni að öðru leyti frá því svæði. Miklar myosur eru yfir brjóstkassa hægra megin og við spirometriumælingu kemur fram nokkur skerðing, en að dómi Tryggva Ásmundssonar lungnasérfræðings er líklega ekki um lungnasjúkdóm að ræða. Erfitt er þó að fullyrða um þetta með öllu, en miklu líklegra verður að telja að hér sé um sköddun á ytra byrði að ræða, þ.e.a.s. afleiðingar eftir rifbrot, vöðvabólgu á intercostal- og pectoralvöðvum en einnig er hugsanlegt að um sköddun á nervi intercostales á þessu svæði geti verið að ræða. Langur tími er liðinn frá því að slys þetta bar að höndum og ættu venjuleg vöðvabólgu einkenni nú að vera horfin. Þannig sýnast nokkrar líkur á að um taugasköddun geti verið að ræða. Tíminn einn mun þó leiða það í ljós.

Auk þess sem að ofan greinir ber slasaði nú andlegar menjar eftir þetta slys. Hann er haldinn ákveðinni hræðslu við átök, og kann það að há honum verulega í starfi sem lögreglumaður. Ekki sýnist líklegt að breyting verði á þessu ástandi hér eftir.

Þannig hefur þessi tæplega fjörtíu og sex ára gamli lögreglumaður hlotið rifbrot í nefndu slysi, en auk þess vöðvabólgu og hugsanlega taugaskaða á nervi intercostales. Þar að auki ber slasaði nú andlegar menjar eftir nefnt slys.

Þar sem nú meira en ár er liðið frá því áðurnefnt slys átti sér stað þykir eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir örorkan hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í fjórar vikur	100%
Eftir það í átta vikur	50%
Varanleg örorka	10%“

II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa að kvöldi 19. desember sl. stolið 26.000,00 krónum úr vasa á sumarfrakka systur sinnar, sem hékk í fataskáp á heimili hennar að Miðstræti 22 í Vestmannaeyjum, þar sem ákærði var dveljandi á þessum tíma. Ákærði kveðst hafa eytt meginhluta peninganna í drykkjuslark, en 3.902,00 krónur komust til skila þegar málið komst upp. Ákærði kveðst ekki hafa greitt systur sinni til baka það sem hann var búinn að eyða. Hún gerir ekki kröfur um bætur úr hendi ákærða.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða hjá rannsóknarlögreglu, sem ákærði hefur fallið frá við meðferð málsins, en hún er studd framburði vitna, læknisvottorði og öðrum gögnum málsins, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um hátt-semi þá sem honum er gefin að sök í fyrri kafla ákærunnar og með þeim afleiðingum sem þar greinir, en þetta er rétt fært til refsiákvæða í ákær-unni.

Þá er sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að hann hafi framið þjófnað þann sem honum er gefinn að sök í síðari kafla ákærunnar og þar er rétt færður til refsiákvæðis.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1985 10/4 í Reykjavík. Sátt: 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1985 31/8 í A-Skaft. Sátt: 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1985 27/12 í Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, og 10.000,00 kr. sekt fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis 6 mánuði frá 27.12. 1986.
1985 27/12 í Reykjavík. Sátt: 16.000,00 kr. sekt fyrir brot á 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 12 mánuði frá 27.12. 1985.
1986 13/12 í Reykjavík. Dómur: 30.000,00 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævi-langt frá 13.12. 1986.

Refsing.

Ákvarða ber ákærða refsingu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar brot ákærða samkvæmt fyrri kafla ákærunnar, en það er ekki rof á skilorði dómsins frá 27. desember 1985. Að því er varðar brot ákærða samkvæmt síðari kafla ákærunnar er þar um að ræða rof á skilorði framangreinds dóms. Ber því að ákvarða ákærða nú refsingu í einu lagi fyrir öll brotin, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af framansögðu og 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 7 mánuði, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda.

Skaðabætur.

Eins og þegar er fram komið er ekki höfð uppi bótakrafa vegna yngra brotsins, en með bréfi ríkislögmanns dagsettu 24. mars sl. er lögð fram skaðabótakrafa í málinu fyrir hönd fjármálaráðherra á hendur ákærða vegna eldra brotsins. Í bréfi ríkislögmanns segir svo m.a.:

„Málsatvik eru í stuttu máli þau að með bréfi Gylfa Thorlacius hrl., dags. 11. nóvember 1986, til ríkislögmanns, fór hann þess á leit f.h. skjólstæðings síns, Péturs Sveinssonar lögregluþjóns, árásarþola í umræddu sakadómsmáli, að ríkissjóður greiddi skjólstæðingi hans það tjón sem Pétur varð fyrir vegna líkamsárásar ákærða.

Þann 22. desember 1986 var undirritað samkomulag á milli ríkislögmanns f.h. fjármálaráðherra og Gylfa Thorlacius hrl. f.h. Péturs Sveinssonar um heildargreiðslu úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 959.715,00, vegna þeirrar líkamsárásar sem Pétur varð fyrir í starfi sínu sem lögregluþjónn af völdum ákærða.

Með bréfi þessu er gerð krafa á hendur ákærða um greiðslu þeirrar fjárhæðar sem ríkissjóður greiddi árásarþola vegna árásarinnar kr. 959.715,00 auk hæstu lögleyfðu vaxta frá 14. janúar 1987 til birtingardags ákæru, 23. mars 1987, og dómvaxta skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti fram að greiðsludegi. Einnig er krafist málskostnaðar að mati réttarins. Um sundurliðun kröfufjárhæðar vísast nánar til meðfylgjandi samkomulags, dags. 22. desember 1986."

Umrætt samkomulag er á þessa leið:

„Undirritaðir aðilar fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Pétur Sveinsson nnr. 7114-8351, Heiðnabergi 11, Reykjavík, gerum með okkur eftirfarandi samkomulag um uppgjör bóta vegna tjóns er Pétur Sveinsson varð fyrir í starfi sínu sem lögreglumaður hinn 10. apríl 1985 af völdum árásar Axels Þ. Þorsteinssonar nnr. 0906-9178, Hverfisgötu 32b, Reykjavík, og af hlaust 10% varanleg örorka.

Skattstofa Reykjavíkur hefur staðfest að árásarmaðurinn, Axel Þ.

Þorsteinsson, er bæði tekju- og eignalaus. Skv. því og með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn eru aðilar ásáttir um að ríkissjóður leysi til sín bótakröfu Péturs Sveinssonar á hendur Axeli Þ. Þorsteinssyni.

Örorkubætur:		
Tekjutjón skv. útr. 7/11 1986	kr.	1.143.200,00
35% frádr. v/hagr. eingr. ofl.	—	400.120,00
Helmingur af tryggingabótum áður greiddum af Alm. Tryggingum, v/viðbótartryggingar Landssamb. lögreglum.	—	67.974,00
Höfuðstóll bóta til greiðslu nú	kr.	675.106,00
Vextir 10/4 '85 - 10/1 '87 (27,18%)	—	183.494,00
Miskabætur	—	50.000,00
Útlagður kostnaður	—	7.000,00
Innheimtulaun af höfuðstól 725.106,00 skv. gjaldskrá LMFÍ	—	44.115,00
Skaðabætur og innh.laun alls:	kr.	959.715,00

Með greiðslu á bótafjárhæðinni kr. 959.715,00 er að fullu lokið kröfum Péturs Sveinssonar á hendur ríkissjóði vegna ofangreinds slyss og felast í bótagreiðslunni tryggingabætur skv. kjarasamningum sem koma skulu til frádráttar skaðabótum er vinnuveitandi innir af hendi til launþega.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir."

Framangreind greiðsla var send lögmanni Péturs Sveinssonar með bréfi ríkislögmanns 13. janúar sl.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hefur metið örorkutjón Péturs Sveinssonar og í skýrslu hans dagsettri 1. nóvember sl. segir svo:

„Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Péturs voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið sem hér segir:

Árið 1982	kr.	267.734,00
— 1983	—	562.034,00
— 1984	—	621.368,00

Fyrsta árið eru tekjurnar mest frá Samvinnubankanum, en tvö seinni árin frá ríkissjóði. Þegar þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga fæ ég út árstekjur kr. 1.088.300,00 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

		Áætlaðar tekjur	*Tekjutap*
1.	árið eftir slysið	kr. 874.100,00	188.100,00
2.	árið eftir slysið	— 1.068.200,00	106.800,00
	Síðan árlega	— 1.088.300,00	108.800,00

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	115.600,00
Vegna varanlegrar örorku	—	1.143.200,00
Samtals	kr.	1.258.800,00

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 7. nóvember 1986 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (24% frá slysdegi til 10/5 1985, 22% frá 11/5 '85 til 28/2 '86, 12% frá 1/3 til 31/3 '86 og 9% frá 1/4 1986). Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindum eða skatta."

Verjandi ákærða hefur í umboði hans gert kröfu til þess að bótakröfunni verði vísað frá.

Þar sem í ljós er leitt að tjón hefur orðið af hinni refsiverðu háttsemi ákærða hvílir á ákærða bótaskylda. Bótakrafa fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þykir nægilega rökstudd og sundurliðuð. Þykja því eigi efni til að vísa henni frá dómi og þykir bera að taka hana til greina og dæma ákærða til að greiða fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 959.715,00 krónur auk dómvaxta frá 14. janúar 1987 til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum sbr. 15. gr. og 21. gr. l. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þar sem dæmt er um kröfuna í opinberu máli þykir bera að vísa frá kröfu um málskostnað vegna bótakröfunnar.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Axel Þórarinn Þorsteinsson, sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði greiði fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 959.715,00 krónur

ásamt dómvöxtum frá 14. janúar 1987 til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 168/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Árna Óla Friðrikssyni
(Örn Clausen hrl.)

Manndráp. Tilraun til nauðgunar. Líkamsárás. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. maí 1987 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst þess aðallega að brot ákærða verði virt til viðurlaga eftir ákvæði 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og refsing lækkuð. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms að því er refsingu varðar. Jafnframt er þess krafist að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 18. september 1986 komi til frádráttar dæmdri refsingu.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 18. september 1986 komi til frádráttar refsingu hans, en frá þeim degi hefur ákærði sætt gæsluvarðhaldi óslitið.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, en gæsluvarðhald ákærða, Árna Óla Friðrikssonar, óslitið frá 18. september 1986 komi til frádráttar refsingu hans.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. apríl 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 14. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 273/1987: Ákæruvaldið gegn Árna Óla Friðrikssyni, sem tekið var til dóms þann 27. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. febrúar sl. gegn ákærða Árna Óla Friðrikssyni bifreiðarstjóra, Reykási 23, Reykjavík, fæddum 15. ágúst 1956 í Neskaupstað, „fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 13. september 1986 ráðist á konuna X, fædda ... 1955, sem var hreyfihömluð, þar sem þau voru stödd í íbúð hennar nr. 8 á 5. hæð í C-álmu að Hátúni 12 í Reykjavík, fellt hana í gólfið og barið höfði hennar nokkrum sinnum í gólfið og fært hana úr fötum, er ákærði hugðist hafa við konuna samfarir þrátt fyrir óvilja hennar, en ákærði féll síðan frá því er hún reyndist með blæðingar. Yfirgaf ákærði síðan konuna líflitla eftir að hafa veitt henni höfuðhögg sem leiddu hana til dauða, en komið var að henni látinni um það bil 1½ sólarhring síðar.

Telst fyrrgreint atferli ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 - til vara við 2. mgr. 218. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga - svo og við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málsatvik:

Sunnudaginn 14. september sl. um kl. 17:55 var lögreglan í Reykjavík kvödd að Hátúni 12 hér í borg. Í íbúð 8 á 5. hæð C-álmu voru fyrir tveir

sjúkraflutningamenn sem vísuðu lögreglumönnunum á látna konu, X, fædda ... 1955, sem þar var til heimilis. Lá hún í stofu íbúðarinnar undir sæng sem hafði verið breidd yfir hana. Rannsóknarlögreglumenn voru kvaddir á staðinn, svo og Skúli Johnsen borgarlæknir og Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði.

Á staðnum var faðir hinnar látnu, A. Hann kvaðst hafa byrjað að hringja til dóttur sinnar um hádegisbilið, en svo hafi virst sem síminn væri á tali. Hafi hann þá farið á staðinn til að kanna hverju þetta sætti og komið að henni í þeim stellingum sem hún var í er lögreglan kom á staðinn. Hann hafi engu hróflað við að öðru leyti en því að hann klæddi líkið úr annarri buxnaskálminni. Símtólið hafi ekki legið á símtækinu, en úr símanum hafi hann hringt. Húsvörðurinn að Hátúni 12, Páll Június Pálsson, opnaði íbúð hinnar látnu að beiðni A og hringdi í framhaldi af því í lögreglu og sjúkralið.

Húsvörðurinn hefur skýrt svo frá að hann hafi fengið símhringingu um kl. 17:30 frá einum íbúa hússins og var beðinn um að opna íbúð X, þar sem menn voru að koma með húsbúnað í íbúð hennar, en ekki var svarað. Fór hann þá og opnaði íbúðina fyrir föður X, en með honum var annar maður og tvö börn. Faðir hennar hafi sagt að hann hefði árangurslaust reynt að hringja til dóttur sinnar og hélt að hún væri ekki heima. Skömmu eftir að faðirinn fór inn í íbúðina kom hann aftur og sagði stúlkuna látna. Vitnið fór aldrei inn í íbúðina og sá því ekki lík stúlkunnar.

Í skýrslu Guðmundar Guðmundssonar lögreglufulltrúa, sem kom á staðinn, segir m.a.: „Á herbergisgólfinu lá konulík á bakinu og vissi höfuð á austur og vinstri vangi niður. Fætur voru beinir og hendur niður með síðum. Áverki var á hnakka líksins og blettur á gólfteppi þar í kring. Líkið var einungis klætt í hvíta ökklasokka, svarta nærpeysu og rauða skyrtu. Að öðru leyti var líkið nakið. Peysan og skyrtan virtust hafa verið dregin upp fyrir brjóstin. Til hliðar við líkið voru svartar síðbuxur og innan í þeim hvítar nærbuxur. Hvít sæng (rúmteppi) var breidd yfir líkið. Trúlega er sængin úr rúmi, sem er í svefnkróknum.“ Þá er í skýrslunni haft eftir ofangreindum sjúkraflutningamönnum, sem fyrstir komu á vettvang ásamt lögreglu, að húsvörðurinn hafi vísað þeim á líkið. Hafi verið breitt yfir það nema höfuð og vinstri handlegg. Líkið hafi verið klæðlaust fyrir neðan mitti. Þeir hafi engu hreyft við á vettvangi að öðru leyti en því að annar þeirra notaði símann.

Guðmundur Guðmundsson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson lögreglufulltrúar og Einar Karl Kristjánsson lögreglumaður hafa staðfest skýrslur sínar, sem framangreind frásögn byggist á, fyrir dómi.

Vitnið B, sem var í fylgd með tengdaföður sínum, A, er hann kom á vettvang, hefur skýrt svo frá að þeir hafi ætlað í íbúð X með húsgögn.

Áður var reynt að ná símsambandi við hana, en hún svaraði ekki, en síminn var alltaf á tali. Húsvörðurinn opnaði fyrir þeim íbúðina, þar sem ekki var opnað er þeir knúðu á dyr. Þegar hann kom inn í íbúðina á eftir tengdaföður sínum og húsverðinum hafi X legið á gólfinu og sæng yfir henni upp að hálsi, þannig að aðeins sást í höfuðið. Faðir hennar hafi lyft upp höfði hennar og þeir þá strax séð að hún var látin. Segir hann að X heitin hafi legið svo sem ljósmyndir tæknideildar rannsóknarlögreglu sýna þegar hann og tengdafaðir hans komu á staðinn. Hún hafi sýnilega verið látin og með áverka á höfði og blóðpollur á gólfinu, svo sem myndirnar sýna. Sængin hafi verið yfir henni eins og fram kemur á myndinni. Þeir hafi ekki hreyft við líkinu að öðru leyti en því að tengdafaðir hans hafi lítillega hreyft við buxunum á líkinu, þ.e. fært hana úr þeim. Hann gerði sér ekki grein fyrir hvort X heitin var nýlátin eða ekki, en blóðblettur var á gólfinu, sem virtist vera þornaður.

Samdægurs og næstu daga gerðu rannsóknarlögreglumenn ítarlega vettvangsrannsókn í íbúðinni, m.a. var íbúðin teiknuð upp og ljósmynduð, en skýrslur sínar um hana hafa þeir staðfest fyrir dóminum. Um vettvangsrannsókn í stofu segir m.a. í skýrslu þeirra: „Við norðurvegg í stofunni eru 5 plastpokar, með brúnu sætaáklæði. Ofan á einum pokanum eru svartar, ljósyrjóttar kvenbuxur og ofan á þeim kvennærbuxur með blóðbletti í klofbót. Við hlið pokans er rauðbleik prjónapeysa með svörtum langröndum. Peysan er í kuðli og hefur hægri ermi verið dregin innfyrir. Tveir svartir, uppreimaðir leðurskór, með leðursóla og svörtum gúmmíhæl, eru þarna á gólfinu. Þarna er einnig bleikur bómullarnærbolur. Samankuðluð gluggatjöld eru á gólfinu, ritvél með plastrykhlíf yfir og lampi með skerm stendur í horninu við gluggavegginn.

Á hvítmáluðum veggnum eru margar svartar rákir, áþekkt því að ítrekað hafi verið spyrnt í hann með skófatnaði, sem skilur eftir sig slíkar rákir.

Framan á gólfinu eru tveir blóðblettir og er annar bletturinn nokkuð stærri, þ.e. sá sem nær er gluggavegg. Á svæðinu við blóðblettina má greina nokkra ljósa bletti, sem ætla má að séu eftir hörund, sem núist hefur við snöggt nælonteppið, sem þekur gólfið í íbúðinni."

Í skýrslu tæknideildar rannsóknarlögreglu um vettvangsrannsóknina kemur m.a. fram að á miðstöðvarofni í stofu í norðausturhorni íbúðarinnar fundust sjö smáir blóðblettir svo og tveir á vegg hornrétt við ofninn. Allir gáfu jákvæða svörun við blóðprófi. Voru blettirnir mældir, merktir og ljósmyndaðir. Þá var á norðurvegg íbúðarinnar svæði, sem mældist 70 cm langt, 45,5 cm á hæð og 8,5 cm frá gólfi og 158 cm frá norðausturhorni íbúðarinnar. Á þessu svæði voru dökkar strokur (sparkför), sem gætu verið eftir skó. Svæði þetta var mælt og ljósmyndað.

Þá var einnig gerð ítarleg leit í íbúðinni að einhverju sem gæti skýrt

höfuðáverka á líkinu, en án árangurs. Leit var gerð í sorppoka í eldhúskrók og sorptunnum hússins sem nýlega höfðu verið tæmdar, einnig án árangurs.

Fingrafararannsókn var framkvæmd á vettvangi, en fingraför þau eða fingrafarapartar sem fundust voru að mestu óhæfir til samanburðar. Þó fundust fingraför á glösum sem reyndust vera af vinkonu X, Guðbjörgu Kristínu Eiríksdóttur, sem heimsótti hana föstudagkvöldið áður. Leitað var m.a. fingrafara á bjórdós, sem lá beygluð á gólfi undir stofuglugga um 30 cm frá höfði hinnar látnu, en án árangurs.

Við athugun á fatnaði hinnar látnu, sem var ljósmyndaður, sáust blóðblettir á utanyfirblússu framanverðri, á dökkleitum síðbuxum mátti sjá stóra ljósa flekki að framan, aftan og á hliðum, og voru fötin krumpuð og velkt. Á leðursólum leðurklossa sem stúlkan hafði verið í mátti sjá hvít strik.

Rannsóknarlögreglumenn yfirheyrðu fjölmarga íbúa að Hátúni 12 þennan sama dag og hafði enginn þeirra orðið var við hina látnu frá því föstudagskvöldið áður. Tveir íbúanna urðu varir við hávaða milli kl. 3:00 og 5:00 aðfaranótt laugardagsins, líkt og stappað væri í gólf, en þeir áttuðu sig ekki á hvaðan sá hávaði kom.

Við frekari rannsókn málsins kom í ljós að föstudagskvöldið 12. þessa mánaðar var haldið kveðjuhóf í félagsheimili Sjálfsbjargar á 1. hæð Hátúns 12. Að hófinu stóðu skrifstofufólk og annað starfsfólk á 1. hæð hússins svo og starfsmenn ferðaþjónustu fatlaðra. Fjöldi fólks sem var í hófi þessu var yfirheyrt. Í ljós kom að X heitin slóst í hóp veislugesta skömmu áður en hófinu lauk um miðnætti. Um það leyti héldu flestir í veitingahúsið Hrafninn í Skipholti, þeirra á meðal X. Um þrjú til hálffjögur um nóttina hélt hluti af hópnum á ný í félagsheimilið í Hátúni 12 og var farið í þrem bifreiðum. Var X þeirra á meðal.

Fljótlega beindist grunur að ákærða, Árna Óla Friðrikssyni, þar sem hann var sá síðasti sem sást með hinni látnu. Var hann handtekinn árla morguns miðvikudaginn 17. september.

Verður nú rakinn framburður nokkurra ofangreindra veislugesta sem voru á skemmtistaðnum Hrafninum og síðar um nóttina í félagsheimilinu í Hátúni 12.

Vitnið Hrönn Guðbjartsdóttir, 19 ára verslunarskólanemi, skýrði svo frá að hún hafi verið samferða X í bifreið frá Hrafninum um nóttina. Með þeim í bifreiðinni voru Lýður Hjálmarsson, Elísabet og Kolbeinn. Þegar í Hátúnið kom var þar fyrir Jóhann Pétur Sveinsson sem beið þeirra í anddyrinu ásamt fleira fólki. Hópurinn, sem var um 10 manns, fór inn í félagsheimilið og var X á meðal þeirra. Hún var hljóðlát og bar lítið á henni, og veitti Hrönn henni ekki frekari athygli. Í hópnum var einnig ákærði sem hún sá þarna í fyrsta skipti og var hann „töluvert fullur". Þau höfðu

verið þarna í góða stund, líklega innan við klukkustund, þegar Hrönn og Jóhann Pétur fóru í herbergi á 4. hæð til að sækja meira áfengi, og þegar þau komu til baka var X þar enn, en ekki veitti Hrönn því athygli þegar hún fór. Í lokin voru þarna eftir ásamt henni Lýður, Jóhann Pétur, Kolbeinn, Sigurður Björnsson og Guðríður Ólafsdóttir. Þau Kolbeinn yfirgáfu húsið um kl. 05:30, en áður en þau fóru gengu þau fram á Theodór Jónsson, sem sat í hjólastól fyrir framan lyfturnar, og óku honum upp á 4. hæð.

Vitnið Kolbeinn Konráðsson, 24 ára nemi, minntist þess að hafa séð bæði X og ákærða í Hrafninum áður en haldið var á ný í Hátún 12 um nóttina. Hann bar á sama veg og Hrönn um ferð þeirra í Hátúnið, en minntist þess ekki að X hefði verið þeim samferða. Hins vegar mundi hann eftir henni í gleðskapnum um nóttina, en taldi að hún hefði haft þar stutta viðdvöl. Hann taldi að þau Hrönn hafi yfirgefið Hátúnið um kl. 06:00 um morguninn. Áður en þau fóru rákust þau á Theodór Jónsson fyrir utan lyftuna og virtist hann sofa í hjólastólnum. Fóru þau því með hann upp á 4. hæð til Lýðs og skildu hann þar eftir.

Vitnið Lýður Sigurður Hjálmarsson, 29 ára nemi, minntist þess ekki að hafa orðið var við X eftir að farið var frá Hrafninum. Hins vegar hafi ákærði verið með hópnum í félagsheimilinu skömmu eftir að þangað kom ásamt því fólki sem komið hefur fram í skýrslum ofangreindra vitna. Hann hafi ekki veitt ástandi hans athygli, en sjálfur var hann næstum allsgáður. Hann minntist þess að Hrönn og Jóhann Pétur fóru upp á 4. hæð og sóttu meira áfengi. Hann minntist þess ekki að hafa orðið ákærða var síðar um nóttina. Það hafi verið skömmu fyrir klukkan 06:00 að hann fór upp á 4. hæð með þeim Jóhanni Pétri, Hrönn og Kolbeini, og þá hafi allir verið farnir úr félagsheimilinu.

Vitnið Sigurður Björnsson, 25 ára skrifstofumaður Sjálfsbjargar, skýrði svo frá að hann hafi neytt lítillega áfengis í hófinu og síðar um nóttina. Ákærði hafi verið orðinn valtur á fótum í gleðskapnum um nóttina. X hafi verið í hópi þeirra í félagsheimilinu um nóttina, en hann minntist þess ekki að hún hafi gefið sig á tal við ákærða. Theodór og ákærði komu í dyragættina á félagsheimilinu og var Theodór þá orðinn mjög drukkinn og óviðræðuhæfur. Vildi ákærði fá þau hin með sér upp á efri hæð hússins í gleðskap, en þau hafi ekki tekið undir þetta, en X fór með ákærða og Theodóri. Eftir þetta sá hann hvorki X né ákærða, en skömmu síðar sá hann Teodór í hjólastólnum á 1. hæð, þ.e. á sama gangi og félagsheimilið er. Skömmu síðar um kl. 04:30 - 05:00, að því er hann taldi, yfirgaf hann samkvæmið og sofnaði skömmu síðar í herbergi á 4. hæð.

Vitnið Jóhann Pétur Sveinsson, 27 ára lögfræðingur, skýrði svo frá að hann hefði hitt X heitina umrætt föstudagskvöld og boðið henni að slást

í hóp þeirra sem ætluðu í Hrafninn. Þangað hafi hún komið en hann muni síðast eftir henni fyrir utan veitingahúsið. Hann kvaðst ekki geta fullyrt hvort hann sá hana eftir það, en ef svo hefði verið myndi hann ekki eftir því. Ákærði hafi verið orðinn talsvert drukkinn á Hrafninum og var drykkju haldið áfram í félagsheimilinu um nóttina. Hann minntist þess að hann og Hrönn fóru upp á 4. hæð um kl. 04:00 til að sækja meira áfengi, en þegar þau komu við svo búið niður á ný voru einhverjir farnir, a.m.k. Atli Sævar og Jóhann Gunnar. Eftir þetta hafi hann séð Theodór og ákærða í anddyrinu á félagsheimilinu og var Theodór þá orðinn ofurölvi. Ákærði hafi verið að reyna að fá þau sem eftir voru í „partý" upp í herbergi Theodórs, en enginn tók undir það. Sjálfur nennti hann ekki, enda orðinn þreyttur. Skömmu síðar fór hann upp í herbergi sitt á 4. hæð ásamt Lýð, Kolbeini og Hrönn, en gleðskapurinn stóð fram undir kl. 06:00.

Hann kvað þau X hafa verið kunningja í mörg ár og þá sérstaklega í gegnum félagsstörf í þágu fatlaðra.

Vitnið Theodór Jónsson, 47 ára forstöðumaður dvalarheimilis Sjálfsbjargar, hefur skýrt svo frá að hann hafi tekið þátt í ofangreindum gleðskap. Hann hóf vindrykkju í hófinu á föstudagskvöldið og hélt áfram drykkju fram eftir nóttu. Hann mundi eftir þeim X og ákærða á meðal þeirra í Hrafninum, en ekkert nánar og gat ekki borið um ástand ákærða þá eða síðar. Var hann mjög drukkinn er hann kom á ný í Hátúnið og mundi hvorki eftir X né ákærða þar. Hann minntist þess óljóst að hann var beðinn um að koma í gleðskap annars staðar í húsinu, en því neitaði hann.

Hann hafi rankað við sér á stigapalli 1. hæðar andspænis lyftuhurðum, en sofnaði aftur og rankaði þá við sér á stigapalli 2. hæðar á móts við vestari lyftuna. Leit hann þá á klukkuna, sem var 05:40 eða 05:45. Einmitt þá voru Kolbeinn og Hrönn á leiðinni í lyftuna. Þá fór hann upp á 4. hæð og hitti þá Jóhann Pétur.

Vitnið Guðríður Ólafsdóttir, 41 árs fulltrúi hjá Sjálfsbjörg, kveðst hafa verið orðin nokkuð drukkin á Hrafninum, en þar hafi bæði X og ákærði verið. Ákærði var búinn að bragða áfengi en ekki treysti hún sér til að bera um ástand hans. Hún var samferða Atla Grétarssyni, starfsmanni ferðaþjónustu fatlaðra, í Hátúnið, og þar ræddu þau saman einslega í 30 - 45 mínútur. Eftir það fór hún í félagsheimilið og sá þá nokkra úr hópnum, en ákærði og X voru ekki meðal þeirra. Skömmu síðar læsti hún og slökkti og taldi að þá hefðu allir verið farnir. Áliðið var nætur þegar hún fór, en hún vissi ekki hvað klukkan var.

Vitnið Atli Sævar Grétarsson, 28 ára bifreiðarstjóri ferðaþjónustu fatlaðra, kvaðst hafa farið fótgangandi í Hrafninn með ákærða og fleira fólki. Vitnið var talsvert ölvaður á skemmtistaðnum. Á leiðinni í Hrafninn

sagði ákærði að hann ætlaði að bjóða vitninu og félaga þess upp á glas. Ákærði gaf vitninu í glas er þangað kom, en ekki félaganum. Skömmu síðar keyptu þeir félagarnir áfengi og hittu ákærða. Sagði félaginn við ákærða eitthvað á þá leið að þarna væri maðurinn sem ætlaði að bjóða þeim upp á glas. Tók vitnið undir þetta og reiddist ákærði mjög. Tók hann bæði glösin og skvetti úr þeim í reiði sinni. Í framhaldi af því bauð ákærði þeim á barinn upp á glas. Skömmu síðar hratt ákærði stól í reiði sinni, en vitninu tókst að róa hann. Ákærði var orðinn talsvert ölvaður er þetta var og ræddi um það grátandi að allir ætluðust til svo mikils af sér og gerðu til hans kröfur sem þeir héldu að hann gæti ekki staðið við. Fljótlega hafi ákærði þó róast. Kom það vitninu á óvart hve ákærði reiddist snögglega miðað við kynni sín af honum. Vitnið minntist þess ekki að hafa séð X eftir að hann kom á ný í Hátúnið og sá ákærða aðeins í svip áður en hann fór á eintal við Guðríði, en að því loknu fór hann heim, en vissi ekki um hvaða leyti.

Í beinu framhaldi af handtöku ákærða var hann færður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, svo og samdægurs fyrir dóm. Hann kvaðst hafa farið að Hátúni 12 ásamt fleira fólki aðfaranótt 13. september sl. Hann fór upp á 2. hæð með Theodóri Jónssyni, þar sem þeir náðu í bjór. Síðan fóru þeir aftur niður í félagsheimilið. Seinna fóru þeir í lyftu og ætluðu upp í herbergi Theodórs og mundi hann þá eftir stúlku við lyftuna sem varð þeim samferða. Theodór varð viðskila við þau á 2. hæð, en stúlkan bauð ákærða að koma lengra upp, sem hann gerði. Stúlkan bauð honum inn til sín og þar drukku þau bæði bjór, spjölluðu og létu vel hvort að öðru. Síðan komst hann að því að stúlkan var með blæðingar og ætlaði þá að fara út. Tók hún þá í hönd hans, en hann ýtti við henni og hún datt. Hann náði þá í eitthvað til að breiða yfir hana áður en hann fór úr íbúðinni, en kannaði ekki ástand hennar áður en hann fór og taldi hann að hún hefði andað. Ekki kannaðist hann við að til frekari átaka hafi komið í íbúðinni. Hann kvaðst ekki hafa þekkt stúlkuna áður og minntist þess ekki að hann hefði talað við hana fyrr um kvöldið.

Við frekari yfirheyrslur bætti ákærði smám saman við fyrri framburð sinn um atburðina í íbúðinni.

Hefur hann síðan skýrt svo frá að hann hafi neytt töluverðs áfengis í félagsheimilinu á 1. hæð í Hátúni 12 frá því er hann kom þangað um kl. 19:00 og þar til hann fór upp úr miðnætti með þeim Atla Sævari, Halldóri og að hann minnir Jóhanni Pétri fótgangandi í skemmtistaðinn Hrafninn. Jóhann Pétur sé fatlaður og hafi verið í hjólastól. Hann hafi dvalið á Hrafninum ásamt félögum sínum hjá ferðaþjónustunni og starfsfólki skrifstofu Sjálfsbjargar fram eftir nóttu. Þar hafi hann drukkið nokkur glös af sterku áfengi og var hann orðinn talsvert ölvaður og man lítið eftir sér

þarna á staðnum, en man að hann gekk eitthvað um og einnig rabbaði hann við samstarfsfólkið sem sat saman við borð. Hvorki minnist hann þess að hann hafi séð X í þessum hópi né að hann hafi gefið sig á tal við hana þarna á skemmtistaðnum. Klukkan hafi verið ca 03:30 eða eitthvað að ganga 04:00 er hann yfirgaf skemmtistaðinn. Fyrir utan hitti hann kunningja sinn sem ók honum ásamt Atla Sævari, Guðríði, starfsmanni á skrifstofunni, og Jóhanni Pétri aftur að Hátúni 12 þar sem gleðskapnum var haldið áfram í félagsheimilinu. Áfengi var þar haft um hönd, hlustað á hljómplötur og rabbað saman. Ákærði man eftir að þar voru Theodór Jónsson, Sigurður Björnsson, Lýður Hjálmarsson, Atli Sævar Grétarsson, Jóhann Gunnar og Guðríður og fleira fólk, en ákærði man aðallega eftir ofangreindu fólki. Hann hélt áfram að drekka áfengi, en hversu mikið man hann ekki, en það hafi verið nokkur glös. Hann var orðinn nokkuð drukkinn og man lítið eftir sér. Þarna fyrst man hann eftir að hafa tekið eftir X á meðal fólksins. Kannaðist hann við hana í sjón úr mötuneytinu en var ekki málkunnugur henni. Hann vissi að hún var hreyfihömluð, þ.e. hún átti erfitt með að hafa vald á hreyfingum sínum og eðlilegum gangi. Hann var í félagsheimilinu þó nokkra stund, a.m.k. til klukkan 04:00. Um það leyti fóru þeir Theodór upp í herbergi hans á 2. hæð til að sækja meira að drekka. Þeir sóttu 2 dósir af Heineken bjór, eina fyrir hvorn. Þeir stöldruðu ekkert við í herberginu en fóru strax aftur niður í félagsheimilið. Ekki gerði ákærði sér grein fyrir hversu lengi hann var í félagsheimilinu eftir að þeir Theodór komu aftur niður, en hann hafi drukkið þarna eitthvað meira af sterku áfengi. Theodór hafi beðið hann að hjálpa sér upp í herbergi sitt því hann ætlaði að fara að sofa. X heitin hafi komið með þeim, en ákærði man ekki hvernig það atvikaðist. Hann rámar í að hann hafi beðið X að koma með þeim, en þorir ekki að fullyrða þetta. Þau þrjú hafi síðan tekið lyftuna upp á 2. hæð, þar sem þau skildu Theodór eftir í hjólastólnum skammt frá lyftudyrunum. Ekki man ákærði hvernig það atvikaðist að hann fór með X í lyftunni upp á 5. hæð. Hann telur frekar að hann hafi átt hugmyndina. Að beiðni X opnaði hann dyrnar að íbúð hennar þar sem hún átti sjálf í vandræðum með lyklana, en sjálf opnaði hún með lykli dyrnar inn í ganginn þar sem íbúð hennar var. Ákærði man ekki hvað þeim fór á milli á leiðinni, en hann hafi farið með henni inn í íbúðina með hennar samþykki. Eftir að þau komu inn í íbúðina fór X inn í skáp í eldhúsinu og náði sér í bjórdós og opnaði hana. Hann hafi hins vegar enn verið með bjórdósina sem Theodór gaf honum, og annað áfengi hafi ekki verið drukkið í íbúðinni. Í framhaldi af þessu settust þau X á einhverja púða eða poka við vegg í eldhúskróknum, sem er hægra megin þegar komið er inn úr anddyrinu. Í fyrstu töluðu þau saman nokkra stund, en síðan fór hann að láta vel að stúlkunni og virtist hún ekkert hafa á móti því,

en þegar hann gerðist áleitnari og fór að hneppa frá henni blússunni bað hún hann um að hætta og stuggaði við honum. Hann hélt þó uppteknum hætti og byrjaði hún þá að sparka og öskra. Hélt hann þá vinstri hendinni um hendur hennar og tók utan um hana með hægri hendinni. Reyndi hann einnig að hneppa frá buxnastreng hennar, en hún barðist um með höndunum og hélt áfram að sparka. Tók hann með vinstri hendi um báðar hendur hennar og tók um leið fyrir munn hennar með þeirri hægri til að koma í veg fyrir að hún öskraði. Einnig reyndi hann að varna því að hún gæti sparkað með því að setja hægri fótinn yfir fætur hennar. Þá hætti hún að berjast um og ýtti við honum. Ákærði lét sig þá síga niður á gólfið með stúlkunni og hélt henni eins og áður og sneru fætur þeirra þá að eldhúsinnréttingunni. Stúlkan hélt áfram að öskra og berjast um og þá sleppti hann henni. Hún náði að standa á fætur en hann tók þá um báða fætur hennar og dró þá að sér og skall hún þá aftur fyrir sig með höfuðið í gólfið. Fór hann þá að hneppa frá henni buxnastrengnum og toga niður um hana nærbuxur og utanyfirbuxur en hún streittist á móti og sparkaði. Vel geti verið að hún hafi sparkað í vegginn sem þau sátu áður við. Þessu næst settist ákærði klofvega yfir hana þar sem hún lá á gólfinu en hún streittist enn á móti og öskraði. Sagði hann henni að hætta og tók um leið með báðum höndum um höfuð hennar utan um eyrun og skellti höfðinu á henni tvisvar í gólfið. Ákærði taldi að hann hafi ekki gert það oftar, en í síðustu yfirheyrslu yfir honum fyrir rannsóknarlögreglu kvaðst hann hafa slegið höfði hennar í gólfið nokkrum sinnum, tvisvar eða þrisvar. Eftir þetta lá stúlkan hreyfingarlaus. Hann hafi þá haldið áfram þeirri fyrirætlun sinni að komast yfir stúlkuna og klæddi hana því úr báðum skónum til að koma henni úr buxunum. Þá færði hann hana úr nærbuxum og annarri skálm á utanyfirbuxum. Þegar hann hafði fært hana úr að neðanverðu fór hann með hendina inn í kynfæri hennar en varð þess þá var að hún var með blæðingar. Hætti hann þá við að hafa við hana samfarir. Hún lá enn hreyfingarlaus, en hann gekk að eldhúsvaskinum og skolaði blóð af höndunum og ætlaði við svo búið að yfirgefa íbúðina. Þegar hann var kominn ca á móts við mót stofunnar og anddyrisins var hún að rísa upp og ýtti við honum eins og hún vildi koma honum út. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því að hún hafi þá verið blóðug eða með áverka, þó svo geti hafa verið. Ákærði sneri sér þá við og ýtti frekar fast með báðum höndum við stúlkunni en gat ekki lýst nánar með hverjum hætti. Skall hún aftur á bak og lenti kylliflöt á gólfinu, en hvort hún skall þá með höfðuðið í gólfið man ákærði ekki, en hann hafi einnig dottið með henni í fallinu og lent ofan á henni. Um frekari átök hafi ekki verið að ræða. Stóð hann upp og ætlaði út en náði áður í sæng til að skilja hana ekki eftir nakta og breiddi yfir hana og kraup um leið með vinstra hnéð við höfuð hennar.

Kvaðst hann ekki vita hvort hann varð var við blóð við höfuð hennar þegar hann kraup niður að henni eða þegar hann stóð upp eftir fallið eða hvort það var fyrst er hann varð var við blóð í buxum sínum og hálsbindi þegar hann vaknaði daginn eftir, sem hann áttaði sig á að blóðblettir voru við höfuð stúlkunnar. Ákærði bar fyrir rannsóknarlögreglu að hann hafi orðið var við blóðblettina þá er hann kraup að höfði hennar, en ákærði gat fyrir dómi ekki fullyrt þetta. Hann varð ekki var við frekari ummerki blóðs. Hann heyrði að stúlkan andaði eftir að hann stóð upp, en jafnframt gaf hún frá sér sársaukastunur. Taldi ákærði þá að hún væri meðvitundarlaus og yfirgaf íbúðina við svo búið. Hann kvaðst hvorki hafa gætt að því hvort hún væri með áverka né gengið frekar úr skugga um ástand hennar eftir þessi átök.

Ákærði neitaði því að hann hefði beitt barefli eða öðrum hlutum í átökunum og kveðst ekki minnast þess að hafa slegið stúlkuna eða beitt hana frekara harðræði en hann hefur þegar lýst. Kveðst hann enga frekari skýringu geta gefið á áverkum þeim sem voru á líkinu nema e.t.v. að stúlkan hafi rekið höfuðið í eitthvað þegar þau voru í átökunum á gólfinu eða hún orðið fyrir einhverju er hún féll í gólfið. Hins vegar mótmælti hann því ekki að hann hafi verið valdur að þeim áverkum, sem á líkinu voru er það fannst, en ákærða voru sýndar ljósmyndir af því. Hann taldi að höfuð stúlkunnar hafi legið með þeim hætti, sem ljósyndir tæknideildar rannsóknarlögreglu sýna, er hann yfirgaf hana.

Þá er ákærði yfirgaf íbúðina fór hann niður stigaganginn og sótti jakka sinn á 1. hæðinni. Þar hringdi hann í leigubifreið sem ók honum heim. Taldi hann að klukkan hafi verið langt gengin 06:00 er heim kom. Þegar hann vaknaði um hádegisbilið tók hann eftir að lófastór blóðblettur var á vinstri buxnaskálm við hné á buxum þeim, sem hann var í um nóttina. Þá voru líka blóðblettir í hálsbindi því, sem hann hafði verið með. Setti hann fötin við svo búið inn í fataskáp. Þennan dag vann hann frá klukkan 13:00 - 24:00 í ferðaþjónustu fatlaðra. Honum leið mjög illa þar sem hann hugsaði sífellt um líðan stúlkunnar, enda gerði hann sér grein fyrir því að hún hefði slasast, en hann gerði sér ekki grein fyrir hversu alvarlegt málið var. Honum varð ekki svefnsamt aðfaranótt sunnudagsins, en á sunnudagsmorgun fór hann í Laugardalshöll til að aðstoða við hjólastólarall. Var hann þar til klukkan 19:00 og vonaðist hann til að sjá X þarna, þar sem stöðugt leitaði á hann hugsunin um atburði næturinnar. Hann íhugaði að fara til hennar næstu daga og biðja hana fyrirgefningar, en úr því hafi ekki orðið. Það var svo, svo sem áður er lýst, á mánudaginn, sem hann frétti lát hennar. Honum hafi ekki boðið í grun fram að því að hún hefði látist og hann hafi ekki hugsað út í að hringja í lögreglu eða á annan hátt að kanna ástand stúlkunnar.

Þann 17. september fóru rannsóknarlögreglumenn með ákærða á heimili hans og tóku þar fatnað til rannsóknar að tilvísan ákærða, sem hann kvaðst hafa verið í þessa nótt. Í yfirheyrslu þann 26. september kvaðst hann hins vegar hafa látið buxur þær sem hann var í þessa nótt í hreinsun og afhenti rannsóknarlögreglumönnum miða á efnalaug þá, sem hann fór í. Þegar þær voru sóttar höfðu þær verið hreinsaðar ásamt hálsbindi, sem greina mátti bletti í. Ekki var unnt að beita blóðprófunaraðferðum tæknideildar rannsóknarlögreglu á þessum fatnaði, þar sem hann hafði verið efnahreinsaður. Ákærði viðurkenndi að hann hefði verið í þessum fatnaði umrædda nótt, en næsta þriðjudag hefði hann farið með hann í hreinsun.

Sama dag og ákærði var handtekinn fór fram líkamsskoðun og sýnataka af ákærða. Samkvæmt skýrslu tæknideildar og ljósmyndum hennar svo og læknisvottorði Sigurðar Árnasonar fangelsislæknis, sem skoðaði ákærða sama dag, voru tveir marblettir á innanverðum upphandlegg, gulgrænir, nokkra daga gamlir, án eymsla, ca 1,5 x 1,5 cm og 2,5 x 2,5 cm. Sams konar marblettur ca 3,5 x 3,5 cm var á brjóstvöðva vinstra megin. Ekki var unnt að merkja hvers konar áverki hafði valdið þessu mari. Þá voru fleiður á báðum olnbogum og fótleggjum fyrir neðan hné. Ákærði kvaðst ekki vita hvernig hann fékk marblettina eða fleiðrin.

Vitnin Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, 20 ára, Þórey Guðmunda Guðmundsdóttir, 18 ára, og Hulda Mekkín Hjálmarsdóttir, 17 ára, nemar, voru allar gestkomandi að Hátúni 12 umrædda nótt og urðu varar við hávaða um nóttina.

Hulda Mekkín og Þórey sváfu í herbergi á 3. hæð. Þær hafa skýrt svo frá að þær hafi komið um nóttina í Hátún 12 um kl. 04:00 - 05:00. Þær gengu upp stigaganginn og sáu Theodór Jónsson sofandi í hjólastól sínum. Þær urðu einskis varar á leiðinni upp í herbergið og sofnuðu þar að vörmu spori.

Þórey Guðmunda kveðst hafa vaknað við skelli eða óp. Skellirnir hafi verið líkastir hurðaskellum eða fótastappi eða að einhver væri að reyna að komast inn eða barið væri í útidyrahurð. Þessum höggum eða skellum hafi fylgt veik vein eða óp. Veinin hafi ekki verið kröftug og ekki var hægt að greina hvort þau kæmu frá einhverri manneskju. Henni datt í hug, þar sem þessi vein voru ámátleg, að þau kæmu frá manneskju sem væri að reyna að komast inn eða út. Þetta hafi ekki staðið lengi yfir, en skömmu síðar leit hún á klukkuna og var hún þá 06:00. Þórey Guðmunda kvað Huldu Mekkín hafa vaknað við þetta líka, en hún hafi sagt að líklega væri þetta bara gnauðið í vindinum, og hafi hún látið það gott heita.

Framburður Huldu Mekkínar var á sama veg og Þóreyjar Guðmundu, og lýsing þeirra á hávaðanum sem þær heyrðu var á svipaðan veg. Henni fannst eins og einhver væri að veina. Þessir skellir og vein, sem fylgdu

þeim, hafi endurtekið sig nokkrum sinnum með stuttum hléum. Hún hafi vaknað við þessa skelli og þeir endurtekið sig áfram nokkra stund eftir að hún vaknaði. Hulda vildi ekki taka undir það með Þóreyju Guðmundu að þessi hljóð líktust veini til að hræða hana ekki, en hún var þess fullviss að veinin kæmu frá konu.

Hafdís Björg svaf í herbergi í sama gangi og íbúð X, en á milli þess og íbúðar hinnar látnu er íbúð.

Hafdís Björg kveðst hafa sofnað laust eftir miðnætti. Hún hafði sofið drjúga stund þegar hún heyrði háreysti frá karli og konu og taldi hún að þau hafi verið á ganginum skammt fyrir utan herbergið, þar sem hún svaf. Taldi hún ólíklegt að hljóðið hafi borist úr næstu íbúðum og var næsta fullviss um að parið hafi verið á ganginum. Hún heyrði að þau voru að „ströggla" og konan maldaði í móinn og vildi greinilega ekki það sem maðurinn vildi, því hún sagði „nei, nei", og fór ekki á milli mála að þau greindi á um eitthvað. Skömmu seinna heyrði hún hurðaskelli, en varð einskis vör eftir það. Henni fannnst strax að hún kannaðist við rödd konunnar þótt hún kæmi henni þá ekki fyrir sig, en konan hafi virst vera með málgalla eða eitthvað í þeim dúr. Þegar hún vissi málavexti síðar fékk hún á tilfinninguna að það hafi verið rödd X sem hún heyrði, en hún hafði nokkrum sinnum áður talað við X þótt hún þekkti hana ekki.

Vitnið Eiríkur Örn Gíslason, 65 ára húsvörður, sem býr á sama gangi og íbúð hinna látnu var í, hefur einnig skýrt svo frá að hann hafi vaknað upp við hávaða um kl. 04:30 um nóttina. Þessi hávaði hafi verið líkastur höggum í gólf eða að stappað væri í gólf. Hann heyrði engin vein eða mannsraddir eða því um líkt og áttaði sig ekki á hvaðan hávaðinn barst, enda væri hljóðbært í húsinu. Hann sofnaði við svo búið og vaknaði skömmu síðar og fór til vinnu. Var þá allt með eðlilegum hætti.

Vitnið Þór Jóhann Vigfússon leigubifreiðarstjóri hefur skýrt svo frá að hann hafi ekið karlmanni frá Hátúni 12 að Reykási 19 eða 23 umrædda nótt. Þetta hafi verið undir morgun milli kl. 05:00 - 07:00, og bjart var orðið, en ekki gat hann borið nánar um tímann. Lýsing hans á farþeganum kemur heim og saman við ákærða. Hann hafi verið „þvældur" og mjög hljóðlátur, en að öðru leyti veitti hann farþeganum ekki athygli.

Í skýrslu Gunnlaugs Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræði, um krufningu á líki X segir m.a. um skoðun á líkinu á vettvangi:

„Á herbergisgólfi, klæddu þunnu filtkenndu gólfteppi lá konulík á bakinu og veit vi. vangi niður og hendur niður með síðum, lítið eitt út á við og eru fingur krepptir. Konan er klæðlaus að neðanverðu og er aðeins í rauðri skyrtu og þar innan undir svörtum netbol, en með þunna, hvíta sokka á fótum. Líkið er alstirt, grænleitir flekkir á kvið. Líkblettir eru á bakflötum en teygja sig upp á hnakka og fram á enni, meir hæ. megin.

Hárið er ljósskolhært og í hnakka er blóðstorka og hefur blóðið vætlað niður í gólfteppið og myndað hringlaga upplitaðan blett í teppinu. Vi. vangi er þétt klemmdur við gólfið og hefur blóð sigið mjög áberandi niður á vi. augnalok og myndar þar kepp. Dál. þornuð rauðbrúnleit skán er á vörum og rauðbrúnleit vilsa kemur úr vi. munnviki. Ekkert sérstakt greinist í eyrum og ekki er að sjá áverkamerki á hálsi. Svo er að sjá sem nokkurt mar sé á hnúa löngutangar hæ. handar. Brjóstin eru smá og voru klæði dregin upp á þau mið og er hörundið ljósara þar sem klæðin hafa hulið. Áverkamerki er þar ekki að sjá. Á hæ. mjöðm svarandi til framhluta mjaðmarkambsins sést eilítil afrifa og mar. Mælist marið 4 x 6 cm. Í framhaldi af því er örlítið rauðleitt mar 2 x 1 cm, 4 cm frá mjaðmarkambinum. Framan til á vi. læri er bláleitur, hringlaga marblettur 2 cm í þvermál. Fersk, grunn afrifa er á vi. síðu 5 cm ofan við mjaðmarkambinn og mælist hún 2 x 1 cm. Örlítið rauðbrúnleitt klístur er á miðjum vi. kálfa innanvert og framan til.

Ytri kynfæri: Skapahár er ljósskollitað og er þar ekki að sjá nein áverkamerki, en svo er að sjá, sem konan hafi haft blæðingar og er tíðabindi undir hæ. rasskinn líksins og má sjá blóðstorku aftan til á skapabrúnum og á spönginni.

Höfuðáverkar: Talsvert blóð er í hárinu. 12 cm ofan við hæ. eyra, 1 cm frá miðlínu er höggvið, aflangt sár í stefnu fram og aftur, sem mælist 1.9 cm að lengd og gapir lítið eitt, u.þ.b. 0.5 cm að breidd. Út úr því vætlar blóð þegar stutt er á og finna má gúl af blóði í vefjunum umhverfis."

Þá segir í skýrslunni m.a. um krufninguna:

„Þann 15.09. 1986 er því að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins gerð réttarkrufning á líki X.

Krufningin:

..... Ekkert sérstakt athugavert er að finna á baki ..... Það er ekki að sjá áverkamerki í mjúkvefjum háls eða brjóstkassa. Rif eru heil .....

Innri kynfæri: ..... Leghálsinn er eðlilegur. Engin áverkamerki er að sjá á skapabörmum né í leggöngum eða leghálsi. Þegar legið er opnað sést að slímhúðin er rauðleit og blóð í legholi svo sem um blæðingar væri að ræða. Eins og lýst er í vettvangslýsingu er blóðstorka á aftari hluta skapabarma og yfir á spöngina. Hymen myndar lága samfellda fellingu (0.8 cm), sem þrengir ekki introitus til neinna muna. .....

Miðtaugakerfi: Þegar höfuðleðri er flett af sést betur áverki sá, sem lýst er að framan en það er höggvið sár (laceration) 1.9 cm að lengd og 0.5 cm að vídd í stefnu fram og aftur lítið eitt hæ. megin á hvirfli til móts við hæ. eyra. Undir höfuðleðrinu er mikil blæðing, sem fleygar sig alveg fram á enni og aftur á hnakka og til beggja hliða yfir temporal vöðva. Blóðið hefur myndað storku yfir beinhvelfingunni en ekki finnst neitt á

beininu. Þegar höfuðkúpan hefur verið opnuð sést að það er ekki um brot að ræða en kúpubeinin eru þykk. Yfir vi. heilahveli er nokkur blæðing subarachnoidalt á svæði, sem spannar u.þ.b. 8 x 6 cm. Um er að ræða fremur þunna slæðu af blóði. Heilavefurinn virðist nokkuð bjúgmikill og meyr, en ekki er að sjá sem blæðing hafi teygt sig inn í vefinn og heilaæðarnar virðast eðlilegar við yfirborðsskoðun. Heilinn er fixeraður til nánari rannsóknar.

Lýsing á heila: Dura, yfirborðsbláæðar, circulus arteriosus og heilataugar eðlilegar. Hvolfflötur hægra heilahvels er með samanþjöppuðu útliti og tentorial mark á uncus dxt. er skarpt. Yfir hvolffleti vi. heilahvels neðanverðum og niður á grunnflöt lobus temporo-occipitalis sin. er þunn, fersk subarachnoidal blóðslikja. Vermis superior cerebelli er nokkuð teygður upp og lítið eitt færður yfir miðlínu til vinstri. Vottur af subarachnoidal blóðstorku er í yfirborði litla heila. Stóra heilasneiðar eru ómarkverðar nema nokkuð er um rotnunarbreytingar (gascystur).

Sneiðar frá heilastofni og litla heila eru eðlilegar.

Smásjárskoðun: Nokkurra rotnunarskemmda var farið að gæta í líkamsvefjum, en ekki fundust nein sjúkleg merki í sneiðum úr innri líffærum. Blóðfylla og vessi sést í lungum.

Sýni úr leggöngum tekið introitus sýndi ekki sæðisfrumur. Sjá nánar meðfylgjandi rannsóknablað (nr. Cy-2021/86) frá rannsóknastofu Krabbameinsfélagsins, sem hér fylgir með í ljósriti.

Teknar voru röntgenmyndir af líkinu þann 19.09. 1986 með tilliti til hugsanlegs áverka á hálsliði. Samkvæmt álitsgerð Ásmundar Brekkans, prófessors á röntgendeild Landspítalans, sáust ekki brot eða önnur merki um áverka á röntgenmyndum þessum. Sjá svar röntgendeildar Landspítalans, dagsett 22.09. 1986, sem hér fylgir með í ljósriti.

Samkvæmt niðurstöðu réttarefnafræðilegra rannsókna (Rannsóknastofa Háskólans í lyfjafræði), sem hér fylgir með í ljósriti, fannst etanol ekki í mælanlegu magni í blóði eða þvagi hinnar látnu.

Við lyfjaleit fannst vottur af koffeini en engin önnur lyf eða efni sem skýrt geti andlát konunnar.

Smásjárskoðun á heila: Skoðuð er sneið frá vi. lobus frontalis sem er eðlileg nema fersk blæðing er í spatium subarachnoidale.

Heilasneiðar eru eðlilegar, utan rotnunarbreytingar. Smásjárskoðun staðfestir macroscopiska greiningu á nokkurri subarachnoidal blæðingu. Ekki tókst að finna blæðingarstað. Þyngd heilans er meiri en eðlilegt (ca 1250 g) er.

Ályktun: Krufning sýndi mikinn áverka á mjúkvefi höfuðsins, þar á meðal höggskurð (laceratio) á hvirfli og mikið mar á höfðinu vi. megin. Blóð var yfir vi. heilahveli undir mjúku heilahimnunum og heilinn reyndist

þyngri en telja verður eðlilegt. Framanskráðir áverkar hafa valdið dauða konunnar.

Minni áverkar voru annars staðar á líkinu en hafa ekki verið meðverkandi að dauða."

Gunnlaugur Geirsson prófessor í réttarlæknisfræði og Skúli Johnsen borgarlæknir hafa báðir komið fyrir dóminn.

Prófessor Gunnlaugur kvað ekki unnt að kveða á um dánarstund stúlkunnar. Það langt hafi verið liðið frá dauða hennar, er hann kom á vettvang, að ekki hafi verið unnt að beita tæknilegum aðferðum svo sem greiningu hitastigs líkamans, en líkið hafi verið alveg kólnað. Hins vegar væri ljóst að lengra hefði liðið en 20 - 24 klukkustundir, því áhrif sýkla hafi verið byrjuð í kviðarholi, sem benti til þess að stúlkan hafi verið látin í lengri tíma en sólarhring. Á 20 - 24 klst. nái lík venjulegum umhverfishita, en það sé háð ytri aðstæðum hverju sinni, svo sem klæðnaði líks. Hann kvað sár á hnakka líksins vera höggvið sár. Hins vegar væri ekki að sjá að eggvopni eða skorpuvopni hafi verið beitt, heldur hafi fremur verið um að ræða högg eftir sljóvan hlut, t.d. þannig að stúlkan hafi fallið á harðan flöt, þannig að holdið hafi höggvist af beininu. Erfitt væri að svara á afgerandi hátt hvort áverkinn hefði hlotist eins og ákærði lýsir, en meiri líkur væru á að hann hafi myndast við fall á ofn eða gluggakistu. Hins vegar væri ekki útilokað að sárið hefði myndast við þau átök, sem ákærði lýsir, en í hverju tilviki hljóti það að fara eftir hlutfalli þess afls, sem beitt er og því sem lent er á. Hann taldi þó líklegra að áverkinn hefði myndast t.d. við fall á bjórdósina eða ámóta hlut. Hann bar að á augnloki vinstra auga líksins væru marflekkir, en aðrir flekkir væru líkblettir. Yfir kúpuhverfingu hafi einnig verið mikið mar svo og frá sári á hnakka fram á vinstra augnlok. Mjög torvelt væri að greina flekki á vinstri kinn vegna litar myndanna af líkinu, en taldi þó frekar um líkbletti að ræða, því liturinn benti til rotnunarmyndunar. Hann bar að heili líksins hefði reynst þyngri en telja verður eðlilegt, sem benti til þess að við höfuðáverkann hafi myndast bjúgur og blæðing orðið í heilavef, sem hafi valdið dauða stúlkunnar.

Skúli Johnsen borgarlæknir skýrði svo frá að af þeim merkjum, sem fram komu við líkskoðun hans, megi ráða að stúlkan hafi látist 30 - 36 klst. áður. Stirðnunargráða, hiti við snertingu á líkinu og stofuhiti hafi gefið þetta til kynna, en stirðnunarmerki hafi örlítið verið byrjuð að hverfa.

Í málinu var lögð fram umsögn Hauks Þórðarsonar yfirlæknis um sjúkrasögu og sjúkdóm X.

Í umsögninni kemur m.a. fram að varanleg fötlun hennar hafi verið þrenns konar: hreyfihömlun, heyrnarskerðing og talskerðing. Hreyfihömlun hennar hafi falist í skertri stjórn á hreyfingum og beitingu þeirra. Þetta

hafi komið fram í gönglulagi hennar, sem var dálítið „slettið". Það sama hafi komið fram í hreyfingum bols og höfuðs. Hún hafi verið handlagin en stjórnskerðing í handahreyfingum hafi þó háð henni verulega við fíngerðari verkefni. Þrátt fyrir hreyfihömlunina hafi henni með tímanum tekist að verða einfær um persónulegar daglegar athafnir. Þá hafi X haft umtalsverða skerðingu á heyrn á báðum eyrum og framburður hennar hafi verið þvoglulegur og fremur óskýr. Kunnugir hafi þó ekki átt erfitt með að skilja hana, en tjáningarmöguleikar hennar gagnvart ókunnugum hafi verið nokkuð skertir. Þrátt fyrir þessa fötlunarþætti hafi X tekið út góðan andlegan þroska. Samskipti hennar við fólk hafi verið með ágætum og öðrum til fyrirmyndar. Hún hafi verið eðlisgreind og vinnusamur nemandi og lokið stúdentsprófi frá öldungadeild Hamrahlíðarskóla árið 1986.

Ákærði gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn. Hófst hún 21. september sl. og var framkvæmd af Hannesi Péturssyni yfirlækni. Er skýrsla hans um rannsóknina dagsett 13. október sl. Í henni eru rakin persónusaga ákærða, geðsaga hans, líkamlegt heilsufar, aðdragandi atburðarins, sem mál þetta snýst um, líkamleg skoðun og rannsóknir og geðskoðun . Í lok skýrslunnar segir:

„Ályktun:

Ljóst er að Árni Óli Friðriksson er ekki haldinn formlegri geðveiki, meiriháttar taugaveiklun eða greindarskorti. Ekki greinast heldur merki um alvarlegar persónuleikatruflanir, svo sem merki um andfélagslega hegðun eða þess háttar. Hins vegar virðist Árni vera fremur lokaður tilfinningalega og hann virðist á stundum afneita eða forðast að horfast í auga við erfiðleika. Hins vegar virðist Árni leggja sig sérstaklega fram um að reynast dyggðugur einstaklingur.

Að því er varðar aðdraganda og hugsanlegar orsakir fyrir atviki því er Árni sætir nú kæru fyrir, þá verður það ef til vill best skoðað í ljósi framangreindra skapgerðareinkenna samfara mikilli áfengisneyslu fyrir umræddan atburð. Auk þessa er ljóst að þau hjónin, Árni og Guðný, hafa átt við mikla og langvarandi fjárhagsörðugleika að stríða og hafa nýlega tapað öllum sínum eigum, þar á meðal íbúðarhúsnæði. Þessar aðstæður hafa án efa valdið miklu tilfinningalegu álagi hjá þeim báðum, og kom jafnvel til umræðu í ágústmánuði síðastliðnum að þau hjónin slitu samvistum vegna þessa.

Að síðustu er ljóst að Árni hefur að líkindum verið mjög ölvaður umrædda nótt og kann það að skýra að hluta þær minnistruflanir sem voru áberandi, einkum í fyrstu. Að lokum tel ég að raunveruleikamat og dómgreind Árna Óla Friðrikssonar sé annars með þeim hætti að hann teljist sakhæfur."

Sigurgísli Skúlason, sálfræðingur á Geðdeild Borgarspítalans, lagði fyrir ákærða sálfræðipróf, þ. á m. greindarpróf Wechslers fyrir fullorðna. Samkvæmt því reyndist greindarvísitala ákærða 106 og telst ákærði samkvæmt því í góðu meðallagi gefinn.

Niðurstöður:

Ákærði hefur játað að hann hafi umrædda nótt reynt að þvinga X til samræðis þrátt fyrir óvilja hennar og kröftuga mótspyrnu, en hún var, svo sem ákærða var kunnugt, verulega hreyfihömluð. Hann er einn til frásagnar um átök þau sem áttu sér stað í íbúð stúlkunnar og leiddu til dauða hennar. Hefur hann borið að hann hafi neytt aflsmunar með því að halda um hendur og fætur stúlkunnar, sem sífellt streittist á móti og síðar fækkað hana klæðum. Þegar henni tókst að standa á fætur hafi hann tekið um báða fótleggi hennar og kippt þeim að sér þannig að stúlkan féll kylliflöt á gólfið. Því næst settist hann klofvega yfir hana, tók um höfuð hennar og skellti því af afli a.m.k. tvisvar í gólfið, en við svo búið lá stúlkan hreyfingarlaus á gólfinu. Sú frásögn ákærða að stúlkan hafi eftir þetta staðið upp, gengið á eftir honum og ýtt við honum þegar hann var á leiðinni út, en hann þá hrint henni kylliflatri þykir ótrúverðug í ljósi þess sem á undan var gengið og þess hvar lík hennar fannst. Áverkar á höfði stúlkunnar þykja benda til þess að ákærði hafi beitt hana meira harðræði en hann hefur viljað viðurkenna, enda benda ummerki í íbúðinni ekki til þess að stúlkan hafi dottið utan í eitthvað í átökunum. Hins vegar þykir verða að leggja framburð hans til grundvallar þar sem hann er einn til frásagnar. Ekki þykir sannað að það hafi verið ásetningur ákærða að svipta stúlkuna lífi eða að honum hafi mátt vera það ljóst að yfirgnæfandi líkur væru á því að bani hlytist af verknaði hans. Verður hann því sýknaður af broti gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Afleiðingar hinnar stórhættulegu árásar hans á varnarlausa fatlaða stúlkuna í því skyni að þvinga hana til samræðis verða hins vegar metnar honum til gáleysis. Varðar verknaður hans við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði yfirgaf stúlkuna stórslasaða og bjargarlausa eftir árásina. Hefur hann borið að hann hafi talið hana vera meðvitundarlausa, en hún hafi andað með sársaukastunum. Ekki verður fullyrt hvenær andlát hennar bar að, en samkvæmt vætti Skúla Johnsen borgarlæknis og Geirs Gunnlaugssonar prófessors í réttarlæknisfræði er talið að hún hafi látist innan við sólarhring frá átökunum. Með því að skilja stúlkuna eftir stórslasaða og varnarlausa og aðhafast ekkert hvorki þá né síðar hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða verður hins vegar ekki

jafnframt refsað fyrir brot á því ákvæði, þar sem ákvæði 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga þykir tæma hér sök.

Ákærði er að mati dómsins sakhæfur, sbr. og geðheilbrigðisrannsókn þá, sem ákærði gekkst undir við meðferð málsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur þann 14. maí 1985 í 2 mánaða varðhald skilorðsbundið í 2 ár fyrir skjalafals. Hefur hann því með háttsemi þeirri sem hér er fjallað um rofið skilorð dómsins. Öðrum refsingum hefur hann ekki sætt sem hér skipta máli.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 verður hin skilorðsbundna refsing samkvæmt framangreindum dómi felld inn í refsingu þá, sem honum verður nú gerð.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 8 ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 18. september sl. til dagsins í dag, samtals 208 dagar.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000,00, og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 100.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Óli Friðriksson, sæti 8 ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 208 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 100.000,00.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 348/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steingrími Njálssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skírlífisbrot. Sönnun. Hælisvist. Skaðabætur. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Málflutningur fór fram fyrir luktum dyrum samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. nóvember 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Verjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt og málinu vísað frá dómi eða heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

I.

Krafa verjanda um ómerkingu er í fyrsta lagi á því reist, að héraðsdómari hafi ekki takmarkað sig við ákæru í máli þessu heldur miði refsiákvörðun við brot gegn öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga en greind eru í ákæru. Ákærði var eingöngu sakfelldur fyrir þau brot, sem í ákæru greindi, og verður ómerkingarkrafa ekki tekin til greina á þessum grundvelli.

Þá er ómerkingarkrafa í annan stað á því byggð, að þess hafi ekki verið gætt við lögreglurannsókn í Ólafsvík varðandi ákæruliði I og II að benda ákærða á rétt hans á skipuðum réttargæslumanni samkvæmt 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1979. Skjöl málsins bera ekki með sér, að þessa atriðis hafi verið gætt. Við dómsrannsókn í sakadómi Árnessýslu féll ákærði frá framburði sínum fyrir lögreglunni í Ólafsvík að því er varðar brot það, sem ákæruliður I fjallar um, og verður játning hans fyrir lög-

reglu ekki lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Veldur þetta ekki ómerkingu.

Í þriðja lagi er ómerkingarkrafan byggð á því, að mál þetta hafi í raun ekki verið dæmt að nýju, eins og skylt var samkvæmt ómerkingardómi Hæstaréttar frá 5. október 1987, heldur sé hinn áfrýjaði dómur nánast bein uppskrift af héraðsdómi í sama máli frá 24. apríl 1987. Sé það andstætt þeim sjónarmiðum, sem liggja að baki ómerkingu dóma. Hér er um sama sakarefni að ræða og því ekki óeðlilegt, þótt dómarnir séu líkir. Verður ómerkingarkrafa ekki tekin til greina af þessari ástæðu.

Loks hefur verjandi haldið því fram, að málið beri að ómerkja vegna vanhæfis ríkissaksóknara, þar sem hann hafi verið rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, þegar rannsókn máls þessa fór fram, en síðar gefið út ákæruna sem ríkissaksóknari 30. janúar 1987. Sé þetta andstætt 22. gr. laga nr. 74/1974 sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Ekki verður talið, að það valdi vanhæfi ríkissaksóknara, þótt hann gefi út ákæru á grundvelli rannsókna, sem fram hafa farið í tíð hans sem rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Skýra verður 22. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936, á þann veg, að hún eigi við persónulega afstöðu ríkissaksóknara til máls. Verður ómerkingarkrafa verjanda því heldur ekki tekin til greina af þessari ástæðu.

II.

Um ákærulið I. Eins og að framan greinir, fórst það fyrir við lögreglurannsókn í Ólafsvík vegna brots, sem í þessum lið ákæru greinir, að benda ákærða á rétt hans til að fá skipaðan réttargæslumann. Við dómsrannsókn í sakadómi Árnessýslu féll ákærði frá fyrri framburði sínum fyrir lögreglu. Verður játning ákærða fyrir lögreglunni í Ólafsvík ekki lögð til grundvallar dómi í málinu. Telst því ósannað, að ákærði hafi framið brot það, sem ákært er fyrir undir þessum lið, og ber að sýkna hann af þessum ákærulið.

Um ákærulið II. Hið sama á við um brot samkvæmt þessum ákærulið og greinir um ákærulið I hér að framan, að við lögreglurannsókn var ákærða ekki bent á rétt hans til að fá skipaðan réttargæslumann. Við dómsrannsókn á þessu broti óskaði ákærði ekki eftir því að fá skipaðan réttargæslumann og játaði brot sitt fyrir dómi. Telst sannað, að ákærði hafi framið brot það, sem hann er

ákærður fyrir í þessum ákærulið, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakarmat og heimfærslu til refsiákvæða.

Um ákærulið III. Brot það, sem í þessum ákærulið greinir, er í ákæruskjali heimfært til 209. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og voru hugleiðingar héraðsdómara um önnur refsiákvæði óþarfar. Ósannað er, að ákærði hafi beitt drenginn þvílíku ofbeldi, sem héraðsdómari lýsir. Sannað þykir, að ákærði hafi framið brot það, sem hér greinir, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um færslu til refsiákvæða.

Krafist er 500.000,00 króna miskabóta vegna brots þess, sem greinir í III. ákærulið. Ákærði hefur mótmælt þeirri kröfu og telur, að skilyrðum 264. gr. almennra hegningarlaga sé ekki fullnægt og tjón drengsins ósannað. Fallast ber á það með héraðsdómara, að atferli ákærða við drenginn sé til þess fallið að valda honum miska, og þykja bætur hæfilega ákveðnar 100.000,00 krónur.

III.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, er ákærði vanaafbrotamaður og hefur hlotið 23 refsidóma fyrir ýmisleg afbrot frá árinu 1963. Er samanlögð refsivist hans samkvæmt þessum dómum 9 ár og 3½ mánuður. Ákærði hefur gengist undir fleiri en eina geðheilbrigðisrannsókn, síðast í janúar 1987. Þar kemur fram, að hann er haldinn alvarlegum persónuleikatruflunum, sem koma fram í hömluleysi og lélegri hvatastjórn, þannig að undir áhrifum áfengis virðist hann eiga erfitt með sjálfstjórn. Brot þau, sem hér er ákært fyrir, eru framin undir áhrifum áfengis. Ljóst er, að innilokun í fangelsi ein sér hefur ekki haft þau áhrif á ákærða sem skyldi, og er því mikilvægt, að hann njóti nauðsynlegrar læknismeðferðar til þess að reyna að vinna bug á áfengissýki sinni og þeim kynferðislega misþroska, sem hann er haldinn. Þykir því rétt að dæma ákærða samkvæmt heimild í 65. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 5. gr. laga nr. 31/1961, til 15 mánaða vistar á viðeigandi hæli til lækningar, að aflokinni refsivist eins og að neðan greinir.

Brot ákærða samkvæmt II. ákærulið er framið 8. júlí 1984, og brot hans samkvæmt III. ákærulið er framið 6. maí 1986. Refsingu ákærða ber því að ákveða sem hegningarauka, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, annars vegar við 19 mánaða fangelsi (dómar saka-

dóms Reykjavíkur 21. desember 1984, 8 mánaða fangelsi, og 6. nóvember 1986, 4 mánaða fangelsi, og dómur Hæstaréttar 5. desember 1986, 7 mánaða fangelsi), og hins vegar við 11 mánaða fangelsi (dómur sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1986, 4 mánaða fangelsi, og dómur Hæstaréttar 5. desember 1986, 7 mánaða fangelsi).

Refsingu ákærða ber einnig að ákveða með vísan til 72. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 27. nóvember 1987 komi að fullu til frádráttar refsingunni, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsisvist í 9 mánuði og að henni lokinni viðeigandi hælisvist í 15 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 27. nóvember 1987 komi að fullu til frádráttar refsingunni.

Ákærði greiði Z 100.000,00 krónur í skaðabætur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 10. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 618/1987: Ákæruvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms þann 6. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 30. janúar

sl. á hendur ákærða, „Steingrími Njálssyni, refsifanga á Litla-Hrauni, fæddum 21. apríl 1942 á Siglufirði, fyrir eftirgreind skírlífisbrot:

I.

Að kvöldi 2. júlí 1984 veist að drengnum X, fæddum ... 1970, um borð í mb. Sigurvík SH-117 í Ólafsvíkurhöfn, fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

II.

Að kvöldi 8. júlí 1984 í gistiherbergi á Hótel Nesi, Ólafsvík, veist að drengnum Y, fæddum ... 1969, losað um föt hans og farið höndum um kynfæri hans utanklæða.

III.

Að kvöldi 6. maí 1986 að þáverandi dvalarstað sínum að Fjölnisvegi 12 í Reykjavík veist fáklæddur að blaðburðardrengnum Z, fæddum ... 1973, fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

IV.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

Með dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. apríl sl. var kveðinn upp dómur í ofangreindu máli og var ákærða gert að sæta fangelsi í 3 ár og jafnframt að greiða drengnum Z 300.000,00 krónur í skaðabætur. Ákærði áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar Íslands sem með dómi uppkveðnum 5. október sl. vísaði málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar sökum vanhæfis héraðsdómara.

Dómarinn fékk mál þetta til meðferðar þann 8. október sl. og hefur hann engin afskipti haft af rekstri þess fram til þess tíma.

Málavextir.

I. Sunnudagskvöldið 8. júlí 1984 kom A ..., Ólafsvík, til lögreglunnar þar í þorpinu og kærði yfir því að ákærði, sem dveldi á Hótel Nesi, hefði leitað á tvo syni sína, M, fæddan ... 1976 og X, fæddan ... 1970. Var ákærði handtekinn á hótelinu og færður í fangageymslu lögreglunnar.

X hefur skýrt frá því að ákærði hafi fengið sig niður í bátinn Sigurvík mánudags- eða þriðjudagskvöldið 2. eða 3. júlí 1984 undir því yfirskini að hann ætlaði að sýna vitninu eitthvað þar. Hafi þeir farið ofan í lúkar og er þangað kom hafi ákærði lokað á eftir þeim og sagt vitninu að setjast á bekk og fara úr fötunum. Þegar vitnið neitaði hafi ákærði dregið niður um hann buxurnar, lagt hann á gólfið og fært hann úr nærbuxunum og síðan strokið eða strokkað lim drengsins upp og niður nokkra stund.

Þegar ákærði hætti kvaðst vitnið hafa klætt sig og flýtt sér upp úr bátnum og upp á lögreglustöð en þá hafi lögreglan ekki verið þar við og hafi hann svo hætt við að kæra atburðinn og ekki gert það fyrr en hann heyrði að ákærði hefði einnig leitað á M, yngri bróður vitnisins.

Vitnið hefur unnið eið að framburði sínum.

Þegar ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni í Ólafsvík 9. júlí viðurkenndi hann að hafa farið með X niður í bátinn Sigurvík, hneppt þar niður um piltinn og strokið á honum kynfærin gegn vilja hans. Kvaðst ákærði hafa verið drukkinn er þetta varð og hefði sér ekki verið sjálfrátt.

Ákærði var yfirheyrður um þetta sakarefni í sakadómi Árnessýslu 1. október 1984. Hvarf hann þá frá játningu sinni fyrir lögreglu. Sagði hann að þeir hefðu farið niður í bátinn að ósk piltsins þar sem ákærði kvaðst hafa gefið piltinum gosdrykk.

Ákærði kvað X þá hafa farið að ræða um að það væru þröngar kojur í bátnum og ekki „gott að gera það" í þessum kojum. Kvaðst ákærði hafa spurt X þá að því hvort hann væri byrjaður „að gera það" og hvort hann væri farinn að fá „úr honum". Kvað ákærði þá X hafa sagt að hann og félagar hans væru oft að fikta hver við annan á kvöldin. Kvaðst ákærði þá hafa sagt: „Leyf mér að sjá." Sagði ákærði X hafa tekið „hann út á sér" og byrjað að fróa sér. Hefði X síðan sagt eitthvað á þá leið að hann nennti þessu ekki. Kvaðst ákærði þá hafa sagt: „Á ég að strokka þér smávegis?" Hefði X þá svarað: „Nei, það getur einhver komið." Kvað ákærði þá einhvern hafa komið um borð og hafi X farið aftur upp á bryggju og upp í verbúð. Á milli þeirra hefði ekkert farið annað fram.

Ákærði gaf þá skýringu á játningu sinni hjá lögreglunni í Ólafsvík að hann hefði neyðst til þess að játa til þess að komast hjá fangavist. Auk þess hefði verið óbærilega heitt í yfirheyrsluherberginu og hann játað til þess að sleppa þaðan út.

Lögreglumennirnir Guðlaugur Svavar Wiium Hansson og Guðmundur Rúnar Gunnarsson hafa í eiðfestum framburði sínum greint frá því að þegar ákærði gaf skýrslu sína 9. júlí hafi hann verið fullur af iðrun og skömm yfir verkum sínum og játað greiðlega. Þá hafi verið eðlilegur hiti í yfirheyrsluherberginu.

Fyrir dómi þann 20. október sl. kvaðst ákærði hafa átt við að óbærilegur hiti hefði verið í fangaklefanum, þar sem hann var í 12 tíma, en ekki í yfirheyrsluherberginu. Þá kvað ákærði sér hafa verið hótað að hann fengi að dúsa í klefanum þangað til hann játaði. Ákærði kvað honum ekki hafa verið skýrt frá rétti hans til að fá sér skipaðan réttargæslumann. Þá tók ákærði fram að skýrslan hafi ekki verið byggð á spurningum og svörum frá honum, heldur hafi hún verið tilbúin og lesin fyrir honum og hann síðan látinn skrifa undir hana til þess að losna úr yfirheyrslu. Einnig tók

ákærði fram að hann hefði hvorki fengið vott né þurrt fyrr en eftir að hann undirritaði skýrsluna.

Þar sem ekki er í ljós leitt að ákærði hafi verið á neinn hátt þvingaður til játningar sinnar hjá lögreglunni í Ólafsvík og með hliðsjón af eiðfestu vætti piltsins X telst sannað að ákærði hafi fært hann úr buxum og handleikið kynfæri hans.

Varðar brot ákærða samkvæmt þessum ákærulið við 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

II. Mánudagsmorguninn 9. júlí 1984 kom á lögreglustöðina í Ólafsvík B ... með son sinn, Y, fæddan 22. september 1969, og kærði yfir því, að ákærði hafði leitað á piltinn í herbergi ákærða á Hótel Nesi í Ólafsvík.

Y hefur skýrt frá því, að hann hafi hitt ákærða á gangi hótelsins og hafi ákærði boðið honum inn til sín. Hafi ákærði spurt vitnið hvort hann væri strákur eða stelpa og sagt að hann vildi ganga úr skugga um það og rennt niður rennilás á úlpu og buxnaklauf vitnisins og farið að káfa á klofi vitnisins. Vitnið kveðst hafa reiðst og slegið ákærða og gengið út. Hefur vitnið unnið eið að þessum framburði sínum.

Þegar ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni í Ólafsvík 9. júlí 1984 var frásögn Y borin undir ákærða og kvað hann frásögn vitnisins vera rétta. Í skýrslu fyrir sakadómi Árnessýslu er haft eftir ákærða: „Kærði kannast við að hafa farið höndum um kynfæri B, enda hafi hann haldið að hér væri um stelpu að ræða.

Framburðarskýrsla B er nú borin undir kærða og staðfestir hann hana sem rétta."

Er ákærði kom fyrir dóm þann 20. október sl. var athygli hans vakin á því að í ofangreindu endurriti hafi nafn föður drengsins verið ritað í stað nafns drengsins. Ákærði hreyfði ekki athugasemdum vegna þessa. Kvað ákærði drenginn, sem hann hafði aldrei séð áður, hafa komið inn í herbergi sitt og kvaðst ákærði hafa talið að hann væri stúlka. Ákærði mundi ekki eftir að hafa losað um föt hans, en neitaði því ekki að hafa farið höndum um kynfæri hans utanklæða. Ákærði tók fram að drengurinn hafi verið með sítt hár og mjög fullorðinslegur.

Með játningu ákærða og vitnisburði piltsins Y telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem hann er ákærður fyrir í þessum ákærulið og varðar brot hans við 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

III. Þriðjudagskvöldið 6. maí 1986 komu á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík hjónin C og D hér í borg og báðu um aðstoð við að leita að syni þeirra Z, fæddum ... 1973 sem hefði farið að heiman um klukkan níu um kvöldið til þess að rukka fyrir Dagblaðið en ekki skilað sér heim á tilsettum tíma. Um miðnættið hafði pilturinn skilað sér heim og var hann

þá sóttur þangað og skýrði hann frá því að ákærði hefði misboðið sér kynferðislega í herbergi hans í kjallara hússins nr. 9 við Fjölnisveg. Fóru lögreglumenn þangað og handtóku ákærða og færðu hann á lögreglustöðina.

Pilturinn Z hefur skýrt frá því að hann hafi verið að rukka fyrir dagblað þriðjudagskvöldið 6. maí í fyrra og í því skyni komið til ákærða í máli þessu sem búi í kjallaraherbergi á Fjölnisvegi 9. Þetta hafi verið um klukkan 9. Ákærði sem var fáklæddur og eitthvað undir áhrifum áfengis hafi boðið sér inn og þeir tekið tal saman. Ákærði hafi sagt að hann ætti ekki fyrir áskriftinni en viljað að pilturinn sæti áfram og rabbaði við sig. Þegar pilturinn hafi sýnt á sér fararsnið hafi ákærði sagt að hann „vildi sjá á honum typpið". Pilturinn kvaðst hafa neitað því og reynt að komast út en þá hafi ákærði hindrað hann í því með valdi. Hafi ákærði þvingað sig niður í rúmið og kveðst pilturinn þá hafa rekið höfuðið í og fengið kúlu á hnakkann. Kveðst pilturinn hafa orðið hræddur og farið að gráta og hafi ákærði þá tekið fyrir munn honum og haldið þar til hann róaðist.

Ákærði hafi girt niður um vitnið, fært það niður á gólf, farið höndum um kynfæri vitnisins og sleikt þau og rassinn. Ákærði hafi ekki farið úr neinu og ekki átt við sjálfan sig meðan á þessu stóð. Hafi ákærði verið mjúkhentur við sig, en hótað að kreista pung vitnisins ef vitnið yrði ekki þægt.

Vitnið telur að atlot ákærða hafi varað í u.þ.b. hálftíma en hann hafi dvalið í einn og hálfan til tvo tíma hjá ákærða. Þegar ákærði hætti hafi hann sest á rúm sitt, boðið vitninu mjólk að drekka og sagt svo að vitnið mætti fara og fór vitnið þá.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi þann 20. október sl. að drengurinn hafi bankað um kl. 22:00 þar sem ákærði var staddur á heimili sínu að Fjölnisvegi 9, en ekki 12 eins og í ákæru greinir. Hafi drengurinn sagst vera að rukka fyrir Dagblaðið en ákærði kvaðst hafa tjáð honum að hann ætti enga peninga. Kvað ákærði drenginn hafa komið inn og séð samfarablað á borðinu. Hafi drengurinn farið að fletta blaðinu, en hann hafi þá verið búinn að vera nokkurn tíma inni. Kvaðst ákærði hafa tekið blaðið af honum og sagt honum að hann hefði ekkert með þetta að gera þar sem hann væri ekki orðinn kynþroska. Hafi drengurinn þá sagt: „Þú heldur það", en ákærði kvaðst hafa sagt: „Sýndu það." Kvað ákærði drenginn hafa færst undan því. Kvaðst ákærði hafa farið á salerni og hafi drengurinn verið að fróa sér með blaðið í hendinni er ákærði kom þaðan. Hafi drengnum brugðið, en ákærði kvaðst hafa sagt að hann gæti haldið áfram hans vegna. Drengurinn hafi hætt og sagst vera þreyttur, en ákærði kvaðst hafa boðist til að taka við og kvaðst hann hafa fróað drengnum skamma stund. Þá kvaðst ákærði hafa tjáð drengnum að hann nennti þessu ekki lengur

og hafi drengurinn þá spurt hvað klukkan væri. Er ákærði tjáði drengnum að klukkan væri 22:20 hafi að sögn ákærða komið skelfingarsvipur á drenginn, hann hafi krossað sig og sagt: „Nú verð ég laminn þegar ég kem heim." Ákærði tók fram að drengurinn hafi nokkrum sinnum verið þarna af fúsum og frjálsum vilja. Ákærði kvað drenginn sjálfan hafa beðið um að hurðinni yrði lokað, þar sem hann vildi ekki að neinn kæmi að sér. Kvaðst ákærði ekki hafa orðið var við að drengurinn hefði fengið áverka, að minnsta kosti ekki af völdum ákærða. Taldi ákærði drenginn hafa spunnið upp sína sögu af ótta við stjúpföður sinn. Þá tók ákærði fram að hann hafi verið rifbeinsbrotinn og því alls ófær um að beita ofbeldi.

Í vottorði Péturs Lúðvíkssonar læknis á Landspítalanum, sem skoðaði Z tæpum sólarhring eftir atburðinn, segir m.a.: „Við skoðun er þetta 13 ára gamall drengur, stærðarmörk eru eðlileg. Hann kemur intellectuelt eðlilega fyrir í samtali, en honum er brugðið og hann á erfitt með að lýsa því sem fyrir kom.

Höfuð: Eðlilega lagað, hvergi bank- eða þrýstingseymsli, en vi. megin í hnakkagróf við hársrætur er rúmlega gómstór, nýr marblettur, a.ö.l. eru ekki áverkamerki á höfði.

Háls: Undir vi. kjálkabarði framantil er rúmlega gómstór, nýr marblettur og frá honum 2 cm grunn húðrispa niður og aftur.

Augu: Ytri augnhreyfingar voru eðlilegar, pupillureactionir sömuleiðis.

Munnhol og kok: Engin áverkamerki, enginn roði eða sýkingarmerki í koki.

Brjóstkassi: Engin áverkamerki. Lungnahlustun er hrein, við hjartahlustun ekkert óeðlilegt að heyra.

Kviður: Engin áverkamerki, engin eymsli við þreifingu eða líffærastækkanir.

Kynfæri: Kynþroski svarar til Tanner III-IV. Það eru engin áverkamerki á penis, forhúð er heil og engin eymsli. Engin áverkamerki á scrotum, engin eymsli við þreifingu.

Anus: Engin áverkamerki að sjá.

Útlimir: Engir áverkar né annað óeðlilegt.

Húð: Engin áverkamerki eða annað óeðlilegt utan þess sem áður greinir.

Niðurstaða: Þrettán ára gamall drengur sem orðið hefur fyrir kynferðislegu ofbeldi. Það finnast nýlegir marblettir á hálsi og hnakkagróf og grunn húðrispa á hálsi, líklega eftir átök. Engin áverkamerki á kynfærum eða anus.

Drengnum er greinilega brugðið, sálræn áhrif þessa áfalls eru ófyrirsjáanleg. Ráðlegt er að drengurinn fái viðtal hjá barnageðlækni."

Baldvin Steindórsson sálfræðingur gerði athugun á sálarástandi Z. Í umsögn hans segir m.a. eftirfarandi: „Z er 13 ára piltur, laglegur, frekar

fíngerður og býður af sér góðan þokka. Í viðtölum myndar hann góð tengsl, tjáir sig á skýran máta, jafnvel um efni sem eru mjög viðkvæm fyrir hann.

Undirritaður hitti Z 1-2 dögum eftir að hann varð fyrir umræddri kynferðisárás, hittumst við nokkuð þétt í fyrstu og síðan strjálla.

Það gefur auga leið að það er skelfileg reynsla fyrir sérhvern að verða fyrir slíkri lífsreynslu sem Z varð fyrir. Að meta hversu mikil og langvarandi áhrif slík reynsla hefur fyrir viðkomandi einstakling er erfitt og í raun mun aðeins tíminn geta leitt það í ljós."

„Umrætt atvik hefur haft ýmiss konar áhrif á hegðun Z og samskipti hans við aðra, sérstaklega til að byrja með. Hann dró úr samskiptum sínum við félaga sína, — hann skammaðist sín vegna þess sem gerst hafði og óttaðist að þeir gætu frétt af því. Hann var hræddur við að vera á ferli á kvöldin og forðaðist þá götu sem umrætt atvik hafði átt sér stað í. Heima fyrir lýsti aukið öryggisleysi sér í því að hann leitaði í auknum mæli eftir meiri og nánari nálægð við móður sína og stjúpföður og um tíma fékk hann að sofa í þeirra herbergi. Smátt og smátt hefur þó öryggi hans aukist aftur eftir því sem atburðurinn verður fjarlægari. Nú gætir öryggisleysis helst í tengslum við tilhugsunina um að geta átt eftir að mæta á götu þeim sem braut á honum.

Til þess að reyna að meta langvarandi áhrif slíks atviks á sálarlíf og þroska einstaklings, tel ég að hafa beri sérstaklega eftirfarandi þrjú atriði í huga:

1. Greind einstaklings og þroski.
2. Stuðningur sá sem nánasta umhverfi getur veitt.
3. Hversu vel tekst viðkomandi að vinna úr þeirri reynslu sem hann varð fyrir, þá yfirleitt með utanaðkomandi faglegri aðstoð, þannig að hann lokist ekki inni með þær tilfinningar sem atburðinum fylgdu.

Varðandi ofannefnd atriði í tilviki Z er álit mitt eftirfarandi:

Z er mjög greindur piltur (samsvarar greind hans greind yfir meðallagi grv. 115-130) og virðist eðlisgreind hans nýtast honum vel. Persónulegur þroski hans er á ýmsan hátt meiri en aldur segir til um. Gætir þessa m.a. í málfari hans sem er fullorðinslegt og óvenjulegt hjá unglingi. Aðalástæðu þessa tel ég vera hve mikið Z er samvistum við fullorðna, en hann er mikið í kringum fjölskyldureksturinn sem er hótel- og gistiheimilisrekstur. Ennfremur er þroski hans mótaður af miklum erfiðleikum í hjónabandi foreldra hans og skilnaði þeirra.

Varðandi annað og þriðja atriðið tel ég að Z hafi notið og getað tekið við veittum stuðningi fjölskyldu sinnar, jafnframt því sem hann hitti undirritaðan fljótlega.

Ég tel því að vegna ágætra eiginleika hans sjálfs og hvernig hans nánasta

umhverfi brást við séu líkur á því að takast megi að draga verulega úr skaðlegum áhrifum umræddsatburðar.

Slík reynsla verður þó ekki aftur tekin, þetta er reynsla sem tengist okkar nánustu samskiptaleiðum; kynlífi, snertingu, nekt. Í raun mun Z fyrst vita hver áhrif þessa atviks eru þegar hann sem karlmaður fer að stofna til náinna kynna sjálfur."

Sálfræðingurinn kom fyrir dóm þann 20. október sl. og staðfesti skýrslu sína. Kvað hann skýrslu drengsins hjá RLR í stórum dráttum samhljóða því er drengurinn tjáði honum í viðtölum og var það skoðun hans að drengurinn færi þar með rétt mál. Kvað hann Svölu Thorlacius hdl. hafa beðið sig að gefa skýrslu um andlegt ástand drengsins og kvaðst hann hafa skilið beiðnina þannig að hún væri lögð fram fyrir hönd ríkissaksóknara.

Drengurinn Z kom fyrir dóm þann 20. október sl. Staðfesti vitnið skýrslu sína hjá RLR. Vitnið kannaðist ekki við að hafa sagt: „Nú verð ég laminn, þegar ég kem heim." Þá kvaðst vitnið hafa farið í viðtöl til sálfræðings í nokkur skipti í tengslum við skilnaðarmál foreldra sinna og deilu um umgengnisrétt að kröfu barnaverndarnefndar.

Fyrir dómi þann 20. október sl. skýrði ákærði svo frá, að leigjandi sem bjó í kjallaranum að Fjölnisvegi 9 við hliðina á herbergi ákærða hefði verið heima og taldi ákærði að hann hlyti að hafa heyrt hafi einhver hávaði borist úr herbergi ákærða.

Verjandi ákærða krafðist þess að umræddur leigjandi yrði kvaddur fyrir dóm.

Þann 23. október sl. kom fyrir dóminn sem vitni Sigurjón Guðmundsson vörubílstjóri, til heimilis að Hraunbæ 188, fæddur 11. apríl 1947. Kvaðst vitnið hafa leigt herbergi í kjallara hússins að Fjölnisvegi 9 og kvaðst hafa verið í herbergi, sem merkt er stofa við hliðina á geymslu á teikningu, sem lögð hefur verið fram í málinu. Kvaðst vitnið hafa búið þarna í u.þ.b. 1 ár og flutt þaðan í ágúst 1986. Vitnið mundi ekki hvort það var heima þriðjudagskvöldið 6. maí 1986 og gat þess vegna ekki borið um það hvort einhver hávaði hefði borist úr herbergi ákærða. Vitnið mundi eftir lögreglu í kjallaranum vegna andláts manns sem bjó í herbergi sem merkt er stofa á teikningu og er með bogadregnum gluggum.

Verjandi ákærða gerði þá kröfu að fengin yrði umsögn óháðs aðila varðandi drenginn. Tók dómarinn þá kröfu til úrlausnar þann 26. október sl. og með úrskurði uppkveðnum þann 27. október sl. hafnaði dómarinn kröfu lögmannsins, þar sem dómarinn taldi varhugavert að leggja frekari rannsóknir á drenginn.

Með játningu ákærða og vitnisburði Z telst sannað, að ákærði hafi tekið um kynfæri drengsins og viðhaft fróunarhreyfingar. Þá verður einnig að telja sannað með vætti drengsins, vottorði Péturs Lúðvíkssonar og öðrum

gögnum málsins að ákærði hafi beitt drenginn þvílíku ofbeldi sem hann hefur lýst og ekki verður dregið í efa að sé rétt.

Háttsemi ákærða varðar við 202. gr., sbr. 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga. Verknaðarlýsing í ákæruskjali er hins vegar ófullkomin, en eins og ákæra er úr garði gerð verður ákærði aðeins sakfelldur fyrir brot gegn ákvæðum 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Af hálfu Z er krafist 500.000,00 króna í miskabætur. Ákærði hefur mótmælt kröfunni. Með hliðsjón af atferli ákærða við drenginn, sem augljóslega var til þess fallið að valda honum verulegum spjöllum, þykir hæfilegt að dæma hann samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga, að greiða Z 300.000,00 krónur í miskabætur.

Sakarferill ákærða, viðurlög o.fl.

Ákærði, sem er sakhæfur, á að baki óvenjulega langan og mikinn sakferil. Á árinu 1959 var ákæru tvívegis frestað á hendur honum fyrir þjófnaðarbrot. Ákærði hefur frá árinu 1963 hlotið 23 refsidóma fyrir kynferðisafbrot, þjófnaði, líkamsárásir, fjársvik, skjalafals og ölvun og réttindaleysi við akstur. Er samanlögð refsivist ákærða samkvæmt þessum dómum orðin 9 ár og 3½ mánuður. Þar að auki hefur ákærði verið sektaður 13 sinnum fyrir ölvunarbrot.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. nóvember 1963 var ákærði m.a. sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið, að girða þar niður um hann og slá drenginn í andlitið þegar hann veitti mótspyrnu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka annan 11 ára dreng upp í bifreið til sín, girða niður um hann og hafa kynferðismök við hann nauðugan.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. desember 1964 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 10 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Þá var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka 12 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Enn var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka tvo drengi, 11 og 13 ára, inn á Hafnarsalernið í Keflavík á árunum 1961-1963, og hafa við þá kynferðismök.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 2. október 1978, var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 9 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann nauðugan samræðismök.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að tæla 12 ára dreng inn í hótelherbergi til sín og hafa þar við hann kynferðismök nauðugan.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. september 1986 var ákærði sakfelldur fyrir að þukla á 10 ára dreng á lostugan hátt og kyssa hann á andlitið á veitingastofu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að veitast að 13 ára dreng í búningsklefa Sundhallarinnar í Reykjavík og fara höndum um líkama hans og kyssa hann.

Ákærði hefur að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins og með eigin samþykki gengist undir geðheilbrigðisrannsókn. Í skýrslu Hannesar Péturssonar yfirlæknis segir svo m.a.:

„Að mínu áliti er Steingrímur Njálsson ekki haldinn formlegri geðveiki né heldur greindarskorti. Hins vegar tel ég að hann sýni merki alvarlegra persónuleikatruflana, sem m.a. hafa komið fram í atferlisvandkvæðum allt frá bernsku, óreglulegri skóla- og atvinnusókn, áfengissýki og endurteknum afbrotum. Auk framangreindra persónuleikatruflana hefur Steingrímur átt við að stríða truflanir í tilfinninga- og kynlífi sínu, sem m.a. hafa lýst sér í afbrigðilegri kynhneigð (homosexuel pedophilia). Skapgerðarbrestir Steingríms hafa m.a. komið fram í hömluleysi og lélegri hvatastjórn þannig að undir áhrifum áfengis virðist hann eiga erfitt með sjálfstjórn.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir þeirri hegðun sem Steingrímur sætir nú ákæru fyrir, þá vega þyngst framangreindir alvarlegir skapgerðargallar samfara áfengissýki. Kynhneigð Steingríms virðist vera tvískauta, þ.e. hann lýsir kynhvöt bæði til kvenna og ungra drengja. Hins vegar hafa persónuleikatruflanir hans, áfengissýki og endurtekin andfélagsleg hegðun að líkindum haft alvarleg, neikvæð áhrif á félagslega hæfni hans og það kann að ráða nokkru um það að hann hefur ekki að því er virðist myndað föst tilfinningasambönd gagnvart konum. Forhúðarþrengsl þau sem Steingrími hefur orðið tíðrætt um eru honum eflaust nokkurt vandamál í sambandi við kynlíf, en skýra að sjálfsögðu ekki afbrigðilega kynhneigð."

Refsing ákærða nú verður ákveðin hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, annars vegar við 19 mánaða fangelsi og hins vegar við 11 mánaða fangelsi. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna, þeim alvarlegu brotum sem ákærði er nú sakfelldur fyrir og óvenjulegum sakarferli hans, þykir rétt að gera ákærða að sæta fangelsi í 2 ár og 6 mánuði.

Eins og að framan greinir ber að dæma ákærða til þess að greiða 300.000,00 krónur í skaðabætur til Z.

Að lokum ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000,00 og kr. 3.000,00 í söluskatt til ríkissjóðs.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði.

Ákærði greiði Z 300.000,00 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000,00, og kr. 3.000,00 í söluskatt til ríkissjóðs.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 17/1987. **Arnarflug hf.**
(Baldur Guðlaugsson hrl.)
gegn
Gísla Maack
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Stefnubirting. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1987. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara að löghald það sem gert var í flugvélinni TF-VLU nr. 464 hinn 20. október 1986 verði fellt niður og áfrýjandi sýknaður af hinum tildæmdu kröfum stefnda, en til þrautavara að tildæmdar kröfur verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi gerir þær dómkröfur að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Þann 24. þessa mánaðar var mál þetta flutt um framkomna frávísunarkröfu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að því er varðar lögmæti stefnubirtingarinnar. Krafðist þá stefndi að ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda yrði hrundið.

Áfrýjandi byggir ómerkingar- og frávísunarkröfu sína á því að honum hafi eigi verið löglega birt stefna til héraðsdóms í máli þessu. Stefnan var birt á heimili framkvæmdastjóra félagsins fyrir eiginkonu hans.

Stefndi telur þetta venjuhelgaðan birtingarmáta stefnu.

Í 4. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir: „Ef birta á stefnu eða aðra tilkynningu skrásettu eða skrásetningarskyldu firma eða félagi, þá telst rétt birt á hinu skrásetta heimili eða þar, sem það skyldi skrásett."

Áfrýjandi er skrásett félag með skrásettu heimilisfangi. Varnarþing þess er í Reykjavík og heimilisfang að Lágmúla 7, Reykjavík. Þar hefði því verið rétt að birta stefnu til héraðsdóms í málinu samkvæmt tilvitnuðu ákvæði. Lög gera ekki ráð fyrir undantekningum hér á, og réttarvenja í aðra átt er ósönnuð. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að stefndi greiði áfrýjanda kr. 25.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Stefndi, Gísli Maack, greiði áfrýjanda, Arnarflugi hf., 25.000,00 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með réttarstefnu útgefinni 27. október 1986 og birtri 30. október 1986 af Gísla Maack, nnr. 2680-6046, Efstahjalla 9, Kópavogi, gegn Arnarflugi hf., nnr. 0454-7063, Lágmúla 7, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2.212.679,00 auk 2,25% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 1.769.284,00 frá 1. ágúst 1986 til greiðsludags auk málskostnaðar samkv. framlögðum málskostnaðarreikningi, þ.m.t. allur

löghaldskostnaður. Jafnframt sé krafist staðfestingar á löghaldi í flugvélinni TF-VLU nr. 464, sem lagt hafi verið á hinn 20. október 1986.

— — —

Dómsorð:

Staðfest er löghald sem gert var í flugvélinni TF-VLU nr. 464, sem lagt var á hinn 20. október 1986.

Stefndi, Arnarflug hf., greiði stefnanda, Gísla Maack, kr. 2.212. 679,00 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 1.769.284,00 frá 1. ágúst 1986 til greiðsludags.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 163/1987. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.) og
Tómas Sveinbjörnsson
(Agnar Gústafsson hrl.)
gegn
Ingimundi K. Helgasyni
og gagnsök
(Gylfi Thorlacius hrl.)

Skaðabótamál. Lögreglumenn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandinn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara sýknu að svo stöddu og í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og

fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann lækkunar á fjárkröfum gagnáfrýjanda og verði þá málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

Aðaláfrýjandinn Tómas Sveinbjörnsson skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s.m. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara að fjárkröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 26. júní 1987. Dómkröfur hans eru þessar: Að aðaláfrýjendur, Tómas Sveinbjörnsson og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, verði dæmdir til að greiða in solidum 1.484.534,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 29. janúar 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum til stefnubirtingardags, 12. desember 1985, en frá þeim degi með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 til 14. apríl 1987 og frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 15. gr. sömu laga.

Til vara krefst gagnáfrýjandi að aðaláfrýjandi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða kr. 1.484.534,00 með sömu vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 29. janúar 1979 til greiðsludags.

Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi að aðaláfrýjandi Tómas Sveinbjörnsson verði dæmdur til að greiða 1.484.534,00 krónur með sömu vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 29. janúar 1979 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum gerir gagnáfrýjandi til vara kröfu um lægri fjárhæð að mati réttarins, verði ekki fallist á fjárhæðir framangreindra krafna.

Þá krefst gagnáfrýjandi greiðslu á útlögðum kostnaði, 17.915,00 krónum.

Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði að skaðlausu eins og ekki sé um gjafsóknarmál að ræða, en fyrir Hæstarétti er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Fyrir Hæstarétt hefur gagnáfrýjandi lagt nýjan örorkutjónsútreikning Jóns E. Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 21. janúar 1988. Einnig hefur gagnáfrýjandi lagt fyrir Hæstarétt endurrit úr fógetabók Reykjavíkur af fjárnámsgerð, sem fram fór 23. mars 1987 samkvæmt beiðni hans eftir héraðsdómi í máli þessu hjá aðaláfrýjandanum Tómasi Sveinbjörnssyni.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakið örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis svo og ályktun læknaráðs um að einkenni gagnáfrýjanda um brjósklos megi mjög sennilega rekja til átaka þeirra sem hann lenti í við aðaláfrýjandann Tómas. Hefur læknaráð einnig staðfest örorkumatið.

Þegar litið er til meiðsla þeirra sem gagnáfrýjandi varð fyrir verður að telja að þau séu líkleg til að valda skertu aflahæfi hans.

Með fjárnámsgerð þeirri, sem fram fór að kröfu gagnáfrýjanda eftir héraðsdómi hjá aðaláfrýjandanum Tómasi án fyrirvara um áfrýjun, hefur gagnáfrýjandi fyrirgert rétti til heimtu hærri fjárhæðar en héraðsdómari dæmdi.

Ber samkvæmt framansögðu að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fébótaábyrgð aðaláfrýjandans Tómasar og fjárhæð bóta.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn þykir verða að skýra þannig að fébótaábyrgð ríkissjóðs sé til vara ef tjónvaldur er óþekktur eða ef ekki tekst að heimta bætur úr hendi hans. Við fjárnám það sem gert var hjá aðaláfrýjandanum Tómasi kom fram að hann er eignalaus. Þykir það eins og hér stendur á nægilegt til að greiðsluskylda ríkissjóðs verði virk.

Samkvæmt þessu ber því að fallast á niðurstöðu héraðsdóms um óskipta greiðsluskyldu aðaláfrýjandans fjármálaráðherra með aðaláfrýjandanum Tómasi.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur, þó

þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðist hæstu innlánsvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eiga að vera óröskuð.

Eftir þessum úrslitum verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 115.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiði aðaláfrýjendur, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tómas Sveinbjörnsson, gagnáfrýjanda, Ingimundi K. Helgasyni, óskipt hæstu innlánsvexti samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 115.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Við erum sammála atkvæði meirihluta dómenda að öðru leyti en því er varðar aðaláfrýjandann fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Við teljum að skýra beri ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 á þann veg, að með því sé kveðið á um beina fébótaábyrgð ríkissjóðs á tjóni sem lögreglumenn verða fyrir vegna starfs síns. Samkvæmt því teljum við að gagnáfrýjandi eigi þegar af þeirri ástæðu rétt á að fá bætur dæmdar óskipt úr hendi beggja aðaláfrýjenda. Með vísan til þessa erum við samþykk dómsorði meirihluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. janúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. janúar sl., hefur Ingimundur K. Helgason lögregluvarðstjóri, Strönd v/Nesveg Seltjarnarnesi, nnr. 4694-1586, höfðað með stefnu birtri 12. desember 1985 á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tómasi Sveinbjörnssyni, nnr. 8904-1325, Kambsvegi 6 Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndu greiði in solidum kr. 1.484.534,00 með 19% ársvöxtum frá 29. janúar 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 1. desember 1979, en frá þeim degi með 31% ársvöxtum til 1. júní 1980, en frá þeim degi með 35% ársvöxtum til 1. júní 1981, en frá þeim degi með 34% ársvöxtum til 1. nóvmeber 1982, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 21. september 1983, en frá þeim degi með 35% ársvöxtum til 21. október 1983, en frá þeim degi með 32% til 21. nóvember 1983, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 21. desember 1983, en frá þeim degi með 21,5% ársvöxtum til 21. janúar 1984, en frá þeim degi með 15% ársvöxtum til 1. september 1984, en frá þeim degi með 17% ársvöxtum til 1. janúar 1985, en frá þeim degi með 24% ársvöxtum til 11. maí 1985, en frá þeim degi með 22% ársvöxtum til stefnubirtingardags, en frá þeim degi með dómvöxtum til greiðsludags.

Til vara að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur til greiðslu á kr. 1.484.534,00 með sömu vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 29/1 1979 til greiðsludags.

Til þrautavara að Tómas Sveinbjörnsson, nnr. 8904-1325, Kambsvegi 6 Reykjavík, verði dæmdur til greiðslu á kr. 1.484.534,00 með sömu vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 29/1 1979 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er krafist greiðslu á útlögðum kostnaði kr. 17.915,00.

Mál þetta er rekið sem gjafsóknarmál, en stefnandi krefst þó málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ eins og um gjafsóknarmál væri ekki að ræða.

Hann fer fram á að vextir leggist við höfuðstól um hver áramót, í fyrsta skipti 1. janúar 1980 og þannig áfram með árs millibili og að vextir reiknist af samanlögðum höfuðstól og vöxtum. Til vara krefst hann þess að vextir leggist við höfuðstól einu ári eftir upphafstíma kröfu, þ.e. í fyrsta skipti 29/1 1980 og að vextir reiknist þá af samanlögðum höfuðstól og vöxtum með árs millibili.

Sótt er þing af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og þær dómkröfur gerðar aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann sýknu að svo stöddu og málskostnaðar að mati réttarins. Til þrautavara krefst hann að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sótt er þing af hálfu stefnda Tómasar Sveinbjörnssonar og þær dómkröfur gerðar aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu, en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði felldur niður.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Stefnandi hefur verið starfandi lögregluvarðstjóri á Seltjarnarnesi. Aðfaranótt mánudagsins 29. janúar 1979 tilkynnti lögreglan í Hafnarfirði honum að beðið væri um lögregluaðstoð að Látraströnd 44 Seltjarnarnesi. Þar ætti leigubifreiðastjóri í vandræðum með farþega. Stefnandi, sem var einn á vakt, fór á staðinn. Tilefni útkallsins reyndist það að stefndi Tómas Sveinbjörnsson hafði brotist inn í hús tengdaforeldra sinna að Látraströnd 44. Var hann mjög ölvaður og var með háreysti og yfirgang. Vildi hann hafa tal af konu sinni sem hafði þá nokkru áður flutt heim til foreldra sinna með barn þeirra hjóna. Reyndi stefnandi að róa Tómas og fá hann út með sér. Ætlaði það að takast í byrjun, en síðan snerist Tómasi hugur og lenti í átökum milli þeirra. Bárust átökin niður tröppur inni í húsinu. Stefnanda tókst loks með hjálp Péturs Valdimarssonar, tengdaföður Tómasar, að handjárna Tómas og koma honum í hendur lögreglumanna úr Reykjavík, sem komu á staðinn, en stefnandi hafði kallað þá til aðstoðar áður en hann fór inn í húsið.

Stefnandi heldur því fram að stefndi Tómas hafi ráðist að sér inni í húsinu og hafi hann því orðið að taka hann fangbrögðum. Þegar átök þeirra bárust niður stigann hafi Tómas náð að læsa fótunum utan um stefnanda miðjan og herða að, þannig að stefnanda hafi legið við öngviti. Stefnandi heldur því fram að hann hafi hlotið áverka við þetta. Í fyrstu hafi verið talið að um væri að ræða mar á rifjum. Síðar hafi komið í ljós mun alvarlegri áverkar sem rekja megi til árásarinnar. Byggir hann á læknisvottorðum læknanna Rögnvalds Þorleifssonar frá 19. ágúst 1979, Jóns Gunnlaugssonar frá 29. ágúst og 12. desember 1979, Kristins Guðmundssonar frá 26. nóvember 1979 og örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis frá 25. júlí 1985. Ályktun tryggingayfirlæknis er eftirfarandi:

„Svo sem að ofan greinir lenti slasaði í átökum hinn 26.01. '79. Var þá talið í fyrstu að um mar á rifjum væri að ræða, en ekki hugað frekar að því hvort um löskun á hrygg gæti verið að ræða. Engar röntgenmyndir voru þá teknar. Einkenni komu þá síðar fram sem bentu til þess að um prolapsus disci intervertebralis gæti verið að ræða, þ.e. verkur í mjóhrygg, sem lá út í vi. rasskinn og niður í vi. ganglim. Slasaði var í tvö skipti vistaður á Borgarspítalanum í Reykjavík, skurðdeild, þ.e. 26.06. '79 til 30.06. '79 og öðru sinni frá 05.09. '79 til 14.09. '79 og var þá framkvæmd aðgerð, enda kom í ljós stórt brjósklos á millum L IV og L V vinstra megin. Gangur eftir aðgerð var eðlilegur.

Svo sem að ofan greinir kvartar slasaði nú um verk í mjóhrygg og radierar sá verkur út á vi. rasskinn. Þá er dofi framan og lateralt á hæ. læri og niður í hné. Skertar hreyfingar eru einkum við frambeygju. Kraftar eru minnkaðir í vi. ganglim og vi. ganglimur vill svíkja slasaða, einkum þegar hann fer að þreytast.

Við skoðun finnst að frambeygja er verulega skert, og raunar er slasaði fixeraður frá mótum thoracolumbal hryggs og niður á sacrum. Greinilegar skyntruflanir virðast vera lateralt og framan til á læri, svo sem að ofan er lýst. Ekki verður fundið annað en grófir kraftar í vi. ganglim séu eðlilegir.

Slasaði gengur óhaltur. Ekki koma fram vöðvarýrnanir, en laseq. er positivur við ca. 70°. Reflexar sýnast a.ö.l. vera innan eðlilegra marka.

Ekki skal dregið í efa að einkenni þau er að ofan greinir geti stafað af átökum þeim er áður er lýst. Vafasamt verður að telja að þessi einkenni gangi nú að marki til baka, þar sem svo langt er um liðið frá því áðurnefnt slys átti sér stað.

Með tilliti til þess sem að ofan greinir þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og þykir hún hæfilega metin

í 5½ mánuð 100%
varanlega 20%."

Þá hefur málið verið lagt fyrir Læknaráð, sem komst að þeirri niðurstöðu að með tilliti til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja sé mjög sennilegt að rekja megi einkenni stefnanda til átakanna sem hann lenti í 29. janúar 1979. Þá féllst ráðið á örorkumat tryggingayfirlæknis.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því að hann hafi orðið fyrir tjóni við lögreglustörf af völdum Tómasar Sveinbjörnssonar.

Vísar hann til almennu skaðabótareglunnar um ábyrgð stefnda Tómasar á tjóninu. Þá höfðar hann málið einnig á hendur ríkissjóði og vísar þar um til 5. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn og til ákvæða kjarasamnings Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra um slysabætur er í gildi voru þegar atburður þessi átti sér stað.

Af hálfu stefnda Tómasar er því neitað að hann hafi ráðist á stefnanda. Heldur Tómas því fram að er þeir komu niður í stigann hafi honum snúist hugur og hafi ekki viljað láta setja sig út. Hann hafi því haldið sér í handrið stigans og hafi þeir því lent í stimpingum. Hann kveðst ekki minnast þess að þessar stimpingar væru það harðar að kalla mætti þær meiri háttar átök, enda hafi hann ekkert átt við stefnanda að sakast. Af hálfu Tómasar er því algjörlega mótmælt að hann hafi læst fótunum utan um stefnanda. Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að brjósklos stefnanda eigi rót sína

að rekja til átaka þeirra Tómasar. Jafnvel þótt svo yrði talið er því haldið fram að um óhappatilviljun hafi verið að ræða. Stefndi Tómas hefði einungis haldið sér í handriðið svo þó átök stefnanda við að losa hann frá stigahandriðinu hafi orsakað brjósklosið sé það ekki á ábyrgð stefnda Tómasar þar sem brjósklosið sé ófyrirsjáanleg afleiðing mótspyrnu stefnda.

Af hálfu ríkissjóðs er vakin athygli á eftirfarandi:

„Sú bótaregla sem fram kemur í 5. gr. laga 56/1972 um lögreglumenn er sérregla í íslenskum skaðabótarétti. Með henni er ætlað að tryggja að lögreglumenn fái fébætur fyrir líkamstjón sem þeir hljóta í starfi, þegar sýnt er að ekki er bótaskyldum aðila til að dreifa skv. almennum reglum skaðabótaréttar. Eðli starfsins gerir að sjálfsögðu að verkum að slíkt hendi af og til.

Hér stendur svo á að tjónvaldur er þekktur. Hann mun vera Tómas Sveinbjörnsson, meðstefndi í máli þessu. Tjónþoli á þess því kost að snúa sér beint að honum með kröfur sínar, sem hann hefur og gert. Við þær aðstæður á sérregla 5. gr. laga 56/1972 ekki við. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna umbjóðanda minn af kröfum stefnanda.

Verði ekki fallist á kröfu um sýknu er þess krafist til vara að umbjóðandi minn verði sýknaður að svo stöddu. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að 5. gr. laga 56/1972 um lögreglumenn geti átt við, jafnvel þótt tjónvaldur sé þekktur, held ég því fram að ábyrgð ríkissjóðs geti ekki náð lengra en til vara. Hún komi því aðeins til ef sýnt er fram á að tjónvaldur sé ófær um greiðslu skaðabóta. Umbjóðandi minn verður ekki dæmdur solidariskt greiðsluskyldur við hlið tjónvalds. Við þær aðstæður verður því að sýkna umbjóðanda minn að svo stöddu."

Aðilar hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar dskj. 3 og 7 stefnandi og dskj. nr. 6 stefndi. Þá hefur skýrsla Péturs Valdimarssonar verið tekin sem staðfest fyrir dómi. Allt eru þetta lögregluskýrslur. Þá hefur Júlíus J. Ármann lögregluþjónn staðfest skýrslu dskj. nr. 4.

Álit dómsins:

Vitnið Pétur Valdimarsson segir að stefnandi hafi reynt að fá stefnda Tómas út með góðu en Tómas hafi æstst upp og hafi þá stefnandi tekið í Tómas sem hafi tekið á móti. Hann hafi síðan sjálfur hjálpað stefnanda við að koma Tómasi út. Leikurinn hafi borist niður tröppurnar og niður í þvottahús. Hann segir að sér þyki ekki ólíklegt að stefnandi hafi eitthvað snúist í þessum átökum því þetta hafi verið ansi miklar stimpingar niður tröppurnar. Aðilar og þetta vitni eru þannig sammála um að stefndi Tómas hafi ekki viljað yfirgefa húsið með góðu og snúist öndverður við þegar stefnandi hugðist leiða hann út og hafi komið til átaka á milli þeirra. Stefndi Tómas á þannig sök á þessum átökum og þar sem í ljós er leitt

með læknisvottorðum, örorkumati og áliti Læknaráðs að mein stefnanda stafi frá þessum átökum þykir verða að leggja á stefnda Tómas skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs er ekki krafist frávísunar málsins. Skiptir því ekki máli þótt stefnandi reisi kröfur sínar á hendur ríkissjóði á öðrum grunni en gagnvart stefnda Tómasi, sbr. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936, eins og henni var breytt með lögum nr. 28/1981.

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur ríkissjóði á 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 en þar segir: „Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns." Ákvæði þetta á rót sína að rekja allt aftur til ársins 1933. Það ár var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um lögreglu ríkisins. Í 4. gr. þess frumvarps var ákvæði um að lögreglumenn ættu rétt til bóta fyrir skaða og meiðsli, er þeir yrðu fyrir vegna starfsins, eftir almennum reglum. Af greinargerð mátti ráða að slíkar bætur skyldi ríkið inna af hendi þegar ekki væru aðrir bótaskyldir. Við umfjöllun þingsins urðu veigamiklar breytingar á þessu frumvarpi, nafni þess og efni, þ. á m. á umdeildu ákvæði. Í endanlegri gerð var það kallað frumvarp til laga um lögreglumenn. Ákvæði það sem hér um ræðir hljóðaði svo: „Lögreglumenn og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfsins." Þessu fylgdi engin greinargerð. Þannig varð frumvarpið að lögum. Af meðferð Alþingis á upphaflega frumvarpinu má sjá að hér er verið að ræða um ábyrgð ríkisins. Þegar litið er til þeirra umfangsmiklu breytinga sem urðu á upphaflegu frumvarpi í meðförum þingsins, þar á meðal á umdeildu ákvæði, og til þeirrar þróunar sem hefur orðið á réttindum launþega þykir núgildandi ákvæði ekki verða skýrt með tilvísun til framangreindra ummæla í greinargerð. Samkvæmt orðalagi sínu þykir núgildandi ákvæði rétt skýrt sem hér sé átt við hlutlæga og beina ábyrgð ríkisins á meiðslum og tjóni sem lögreglumenn verða fyrir í starfi. Þegar af þessum ástæðum þykir stefnandi mega beina kröfum sínum að stefnda ríkissjóði.

Þótt ábyrgð stefndu sé reist á ólíkum grunni þykir mega ákvarða hana in solidum gagnvart stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sína svo:

Vegna varanlegs örorkutjóns	kr.	1.334.534,00
Miskabætur	kr.	150.000,00
Samtals	kr.	1.484.534,00

Þórir Bergsson cand. act. reiknaði þann 20. apríl 1985 út verðmæti vinnutekjutaps stefnanda miðað við 20% varanlega örorku. Þar kemur fram að stefnandi var 47 ára á áverkadegi. Endanlegar dómkröfur stefn-

anda eru aftur á móti reistar á aðferð II á nýjum útreikningi Þóris frá 9. janúar sl. Útreikningurinn er eftirfarandi:

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður nú þannig:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað varanlegt vinnutekjutap:
Árið 1979 (frá áverkad.)	kr. 116.467,00	kr. 23.293,00
— 1980	— 189.804,00	— 36.961,00
— 1981	— 283.691,00	— 56.738,00
— 1982	— 436.373,00	— 87.275,00
— 1983	— 694.951,00	— 138.990,00
— 1984	— 822.303,00	— 164.461,00
— 1985	— 1.068.451,00	— 213.690,00
— 1986	— 1.354.389,00	— 270.878,00
Síðan árlega	— 1.666.620,00	— 333.324,00

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi.

Við útreikninga á slysdagsverðmæti vinnutekjutaps geri ég nú vaxtaskil 12. janúar 1987, þannig að eftir þann tíma eru notaðir 6% ársvextir. Yfir tímabilið milli 12. jan. 1987 og slysdags er tapið afvaxtað með vöxtum Landsbanka Íslands af almennum spariinnlánum og þeim beitt bæði sem samsettum vöxtum (Aðferð I) og einföldum vöxtum (Aðferð II).

Verðmæti taps, svo sem það er áætlað hér, reiknast nema á áverkadegi 29. janúar 1979:

	Aðferð I	Aðferð II
V/örorku til ársloka 1985	kr. 230.697,00	kr. 309.500,00
V/ — árið 1986	— 42.534,00	— 84.978,00
V/ — eftir það	— 453.127,00	— 940.056,00
Samtals	kr. 726.358,00	kr. 1.334.534,00.“

Reiknigrundvöllurinn er að öðru leyti með hefðbundnum hætti. Við ákvörðun bóta verður að taka tillit til þess að útreikningur vinnutekjutaps er að venju áætlaður með notkun hreins læknisfræðilegs mats á örorku. Hér er í raun ekki verið að meta raunverulegt vinnutekjutap. Þegar ekki er um meiri örorku að ræða má ætla að í læknisfræðilega matinu sé einnig fólgið mat á nokkrum miska. Rétt þykir því að áætla bætur fyrir örorku og miska í einu lagi. Þá ber að taka tillit til þess að stefnandi hefur haldið fullum launum sem lögreglumaður frá slysdegi og heldur starfi sínu áfram. Loks ber að venju að taka tillit til hagræðis við skattfrelsi og eingreiðslu bóta. Að þessu athuguðu og þegar hliðsjón er höfð af niðurstöðum skv. reiknisaðferð II þykja heildarbætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 650.000,00.

Aðilar eru sammála um að frá þeirri fjárhæð eigi að dragast kr. 26.490,00 vegna greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. dskj. 16, og kr. 11.142,00, sbr. dskj. 39, vegna greiðslna úr slysatryggingu lögreglumanna.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs hefur því verið mótmælt að lög nr. 56/1972 feli í sér skyldu ríkissjóðs til greiðslu miskabóta. Skírt fordæmi er þó fyrir því að leggja slíka skyldu á ríkissjóð, sbr. t.d. Hrd. 1976:621. Þessi framkvæmd verður því talin styðjast við dómvenju.

Krafa stefnanda er því tekin til greina með kr. 612.368,00.

Vextir dæmast frá slysdegi eins og í dómsorði greinir. Eins og mál þetta liggur hér fyrir er ekki efni til að dæma vaxtavexti, sbr. dóm Hæstaréttar frá 23. desember sl.

Rétt þykir að hver aðila beri sinn kostnað af málinu. Þar sem stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi greiðist málskostnaður hans úr ríkissjóði, þ. á m. útlagður kostnaður kr. 17.915,00 og laun talsmanns hans, Gylfa Thorlacius hrl., kr. 90.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Tómas Sveinbjörnsson og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Ingimundi K. Helgasyni, kr. 512.368,00, með 19% ársvöxtum frá 29. janúar 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 1. desember 1979, en frá þeim degi með 31% ársvöxtum til 1. júní 1980, en frá þeim degi með 35% ársvöxtum til 1. júní 1981, en frá þeim degi með 34% ársvöxtum til 1. nóvember 1982, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 21. september 1983, en frá þeim degi með 35% ársvöxtum til 21. október 1983, en frá þeim degi með 32% ársvöxtum til 21. nóvember 1983, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 21. desember 1983, en frá þeim degi með 21,5% ársvöxtum til 21. janúar 1984, en frá þeim degi með 15% ársvöxtum til 1. september 1984, en frá þeim degi með 17% ársvöxtum til 1. janúar 1985, en frá þeim degi með 24% ársvöxtum til 11. maí 1985, en frá þeim degi með 22% ársvöxtum til stefnubirtingardags 12. desember 1985, en frá þeim degi með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979 til greiðsludags.

Hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talinn útlagður kostnaður kr. 17.915,00 og laun talsmanns hans, Gylfa Thorlacius hrl., kr. 90.000,00.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 14/1987. **Hannes Árnason**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.) og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Inga Þór Þorgrímssyni
(Gylfi Thorlacius hrl.)

Skaðabótamál. Lögreglumenn. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandinn, Hannes Árnason, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1987. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess „að vegna hrottaskapar stefnda við handtöku stefnanda (sic) þyki rétt að stefndi beri ¾ hluta af því tjóni, sem hann varð fyrir eða m.ö.o. fái stefndi tildæmdar kr. 45.000,- og vextir reiknist frá þingfestingardegi málsins í héraði. Málskostnaður falli niður."

Áfrýjandinn, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. mars 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. febrúar s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að sýknukrafa hans fyrir héraðsdómi verði að fullu tekin til greina og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Sannað er í máli þessu, að stefndi hefur orðið fyrir höggi af völdum áfrýjanda, Hannesar Árnasonar. Taka ber undir það með héraðsdómara, að sannað þyki að stefndi hafi hlotið áverka á nefi

við framangreint högg og eigi því rétt á bótum úr hendi áfrýjanda, Hannesar. Varanleg örorka stefnda var metin 5%. Samkvæmt upplýsingum launadeildar fjármálaráðuneytisins hefur stefndi ekki orðið fyrir launamissi vegna þessara meiðsla, og stefndi hefur sjálfur borið fyrir dómi, að hann hafi engar tekjur misst vegna þessa. Litlar líkur verður að telja á því, að aflahæfi stefnda hafi skerst til frambúðar vegna þessara meiðsla. Eru því ekki efni til að dæma stefnda bætur vegna fjártjóns, en ljóst er, að stefndi hefur haft og hefur enn óþægindi vegna meiðsla þessara og þykir rétt að dæma honum miskabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 50.000,00 krónur.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn þykir verða að skýra þannig að fébótaábyrgð ríkissjóðs sé til vara ef tjónvaldur er óþekktur eða ef ekki tekst að heimta bætur úr hendi hans. Þar sem ekki hefir verið sýnt fram á, að áfrýjandi, Hannes Árnason, sé ógjaldfær er greiðsluskylda áfrýjanda, ríkissjóðs, enn eigi orðin virk og ber því að sýkna hann að svo stöddu af kröfum stefnda samkvæmt 2. mgr. 69. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Rétt þykir að málskostnaður falli niður milli stefnda og áfrýjanda, ríkissjóðs.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið verður áfrýjandi, Hannes, einn dæmdur til að greiða stefnda ofangreindar bætur. Fallast ber á úrlausn héraðsdómara um vexti að öðru leyti en því, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags dæmast hæstu innlánsvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands.

Áfrýjandi, Hannes, greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hannes Árnason, greiði stefnda, Inga Þór Þorgrímssyni, 50.000,00 krónur með 24% ársvöxtum frá 21. febrúar 1985 til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 19. nóvember 1986, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987 og hæstu innlánsvöxtum samkvæmt auglýsingum

Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Hannes, greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 65.000,00 krónur.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, á að vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnda, en málskostnaður fellur niður þeirra í milli í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Við erum sammála atkvæði meirihluta dómenda að öðru leyti en því er varðar aðalafrýjandann fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Við teljum að skýra beri ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 á þann veg, að með því sé kveðið á um beina fébótaábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem lögreglumenn verða fyrir vegna starfs síns. Beri því að dæma hann óskipt með aðalárfýjandanum Hannesi Árnasyni til að greiða stefnda skaðabætur, sem meiri hluti dómenda hefur dæmt, ásamt vöxtum og málskostnaði eins og í dómsorði þeirra segir.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. nóvember 1986.

Mál þetta sem tekið var til dóms 14. nóvember 1986 er höfðað með stefnu er þingfest var á bæjarþingi Reykjavíkur 21. febrúar 1985 af Inga Þór Þorgrímssyni, nnr. 4573-7659, Norðurtúni 15, Bessastaðahreppi á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hannesi Árnasyni, nnr. 3715-6833, Bylgjubyggð 17, Ólafsfirði. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum gert að greiða kr. 362.837,00 ásamt 22% ársvöxtum frá 19. júlí 1979 til 1. september 1979, en frá þeim degi af sömu upphæð með 27% ársvöxtum til 1. desember 1979, en frá þeim degi af sömu upphæð með 31% ársvöxtum til 1. júní 1980, en frá þeim degi af sömu upphæð með 35% ársvöxtum til 1. júní 1981, en frá þeim degi af sömu upphæð með 34% ársvöxtum til 1. nóvember 1982, en frá þeim degi af sömu upphæð með 42% ársvöxtum til 21. september 1983, en frá þeim degi af sömu upphæð með 35% ársvöxtum til 21. október 1983, en frá þeim degi

af sömu upphæð með 32% ársvöxtum til 21. nóvember 1983, en frá þeim degi af sömu upphæð með 27% ársvöxtum til 21. desember 1983, en frá þeim degi af sömu upphæð með 21,5% ársvöxtum til 21. janúar 1984, en frá þeim degi af sömu upphæð með 15% ársvöxtum til 1. september 1984, en frá þeim degi af sömu upphæð með 17% ársvöxtum til 1. janúar 1985, en frá þeim tíma af sömu upphæð með 24% ársvöxtum til stefnubirtingardags, en frá þeim degi með dómvöxtum til greiðsludags.

Til vara að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði einn dæmdur til greiðslu á kr. 362.837,00 með þeim vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 19. júlí 1979 til greiðsludags, en ella einfaldrar ábyrgðar á þeim kröfum er stefndi Hannes verði dæmdur til að greiða skv. þrautavarakröfu.

Til þrautavara að stefndi Hannes Árnason verði einn dæmdur til greiðslu á kr. 362.837,00 með þeim vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 19. júlí 1979 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er krafist greiðslu á útlögðum kostnaði kr. 15.870,00 og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Gerð er krafa um að vextir leggist við höfuðstól um hver áramót, í fyrsta skipti 1. janúar 1980 og þannig áfram með árs millibili og að vextir reiknist af samanlögðum höfuðstól og vöxtum.

Til vara er þess krafist að vextir leggist við höfuðstól einu ári eftir upphafstíma kröfu, þ.e. í fyrsta skipti 19. júlí 1980, og að vextir reiknist þá af samanlögðum höfuðstól og vöxtum með árs millibili.

Af hálfu stefndu var töluleg breyting á kröfugerð stefnanda samþykkt en viðbót við varakröfu mótmælt sem of seint fram kominni, enda fæli hún í sér breytingu á framsetningu og uppbyggingu kröfugerðar, sem leiddi til röskunar á grundvelli málsins, eins og hann hafi verið mótaður í upphafi. Í sinni upphaflegu mynd var varakrafa stefnanda svohljóðandi: „Til vara að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði einn dæmdur til greiðslu á kr. 297.447,00 með þeim vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 19. júlí 1979 til greiðsludags.“ Stefnandi lýsti því þá yfir að hér væri ekki um nýja kröfugerð að ræða heldur áréttingu upphaflegrar kröfugerðar sem gerð væri vegna athugasemda í greinargerð stefnda fjármálaráðherra.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eru gerðar þær dómkröfur *aðallega* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. *Til vara* er þess krafist að stefnukröfurnar verði lækkaðar stórlega og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Af hálfu stefnda Hannesar Árnasonar eru gerðar þær dómkröfur *aðallega* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. *Til vara* að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður falli niður.

Málsatvik.

Tildrög máls þessa eru þau að að kvöldi miðvikudagsins 18. júlí 1979 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um ölvaðan mann að Jörfabakka 28 sem lægi þar ósjálfbjarga fyrir frama dyr íbúðar sinnar. Stefnandi, sem þá var starfandi ríkislögreglumaður í Reykjavíkurumdæmi, var þá við skyldustörf og fór á staðinn ásamt Frosta Sæmundssyni lögreglumanni nr. 144 og Herði Guðjónssyni lögreglumanni nr. 216, sem var sumarafleysingamaður. Hinn ölvaði maður reyndist vera stefndi Hannes Árnason. Hafði hann ekki fundið lykil að íbúðinni í vasa sínum og því sofnað þar sem hann var kominn. Það kom í hlut stefnanda að reyna að ná sambandi við Hannes sem í því að hann vaknar greiðir stefnanda högg í andlitið svo blóð fossaði úr nefi hans. Stefndi Hannes Árnason var fluttur í fangageymslu lögreglunnar til gistingar og yfirheyrður um atburðinn næsta dag. Kvaðst hann þá ekki muna eftir atviki þessu; kvaðst hann hafa verið við drykkju kvöldið áður og muna síðast eftir sér þegar hann var staddur á Reykjavíkurflugvelli um kl. 20:00, þá að koma frá Akureyri með flugvél frá Norðurflugi hf. Lýsti hann við þessa yfirheyrslu vilja til að mæta hugsanlegri skaðabótakröfu á hendur sér fyrir nefnt högg í andlit lögregluþjónsins. Er stefndi Hannes hafi verið fluttur á aðalstöð lögreglu fór stefnandi á Slysadeild Borgarspítalans vegna áverka síns. Ofangreint útkall er skráð kl. 23:35 18.7. 1979 og skv. læknisvottorði Slysadeildar kom stefnandi þangað 19.7. 1979, kl. 00:15.

Við skoðun á Slysadeild Borgarspítalans kom í ljós að nef stefnanda var bólgið og marið og virtist skakkt. Það var aumt viðkomu og blóð hafði runnið úr báðum nösum. Samkvæmt röntgenmyndatöku var nefbein ekki brotið en sár var á miðsnesi. Við skoðun sérfræðings Ólafs F. Bjarnasonar, hinn 1. ágúst s.á. kom í ljós mikil skekkja á framhluta miðsness, þ.e.a.s. brjóskhluta nefsins, sem orsakaði talsverða stíflu í vinstri nös. Var áverki þessi talinn vera afleiðing höggsins. Ráðlögð var aðgerð sem þó var ekki hægt að framkvæma fyrr en miðsnesið væri gróið. Aðgerð var gerð í júní 1980. Eftir aðgerð var öndun greið í gegnum báðar nasir en hrúðurmyndun orsakaði nefstíflu. Stefnanda var metin örorka vegna þessa: 20% í 11 mánuði frá slysdegi, síðan 100% næsta mánuð, síðan 5% varanleg.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður stefnufjárhæðina, kr. 362.837,00, sundurliðast þannig: kr. 282.837,00 vegna örorkutjóns, kr. 80.000,00 vegna miska. Kveðst stefnandi hafa orðið fyrir tjóni af líkamsárás stefnda Hannesar Árnasonar þegar stefnandi var við störf sín sem löggæslumaður. Tjónið hafi verið metið til örorku af dr. Ólafi Jónssyni. Örorkumat byggi á læknisfræðilegum grunni og mæli það í raun röskun á lífsafstöðu tjónþola í þjóðfélaginu. Verulegar

líkur séu á að slík skerðing hafi í för með sér skerta tekjuöflunarhæfileika þar sem ástand fyrir og eftir tjón sé ekki hið sama. Fyrir því hljóti að vera löglíkur. Kveðst stefnandi þjást af stöðugri hrúðurmyndun, fyrirvaralausum blóðnösum og mikilli kvefsækni og nefrennsli, sem allt séu afleiðingar þeirrar líkamsárásar sem hann hafi orðið fyrir í umrætt sinn.

Stefnandi leitaði til Þóris Bergssonar cand act. um útreikning örorkutjóns og byggir upphaflega fjárkröfu sína á greinargerð og útreikningi hans, dags. 26. apríl 1984 en endanlega dómkröfu á greinargerð og útreikningi hans frá 16. apríl 1986. Þegar þeir útreikningar séu bornir saman við tekjur fyrstu árin eftir slysið og þær bornar saman við áætlaðar tekjur, komi í ljós að áætlaðar tekjur séu hærri. Þýði það í raun að tekjur hafi dregist saman og er því haldið fram í málinu að það sé vegna skertrar starfsorku.

Kröfur sínar á hendur stefnda Hannesi Árnasyni kveðst stefnandi byggja á almennum reglum skaðabótaréttar.

Stefnandi kveðst reisa stefnukröfur sínar á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á 5. gr. laga nr. 56 frá 1972 um lögreglumenn og á almennum reglum skaðabótaréttar. Einnig kveðst hann vísa til ákvæða í kjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra um slysabætur er í gildi hafi verið er atvik þetta átti sér stað. Þá sé það almenn grundvallarregla í íslenskum rétti að launþegi sem slasast í vinnu eigi rétt á því að atvinnurekandi bæti honum tjón hans að fullu. Engin ástæða sé til að ætla að þessi regla eigi ekki að gilda um lögreglumenn.

Stefnandi kveður mál þetta höfðað gegn stefndu in solidum með vísan til 47. gr. l. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og sé því stefnt fyrir bæjarþing Reykjavíkur með vísan til 83. gr. og 84. gr. sömu laga.

Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs kveðst skilja kröfugerð stefnanda svo að hann setji á oddinn að dómurinn staðfesti solidariska bótaábyrgð á tjóni hans. Jafnframt verði kröfugerð hans ekki á annan veg skilin en svo að ef ekki sé á þá kröfu hans fallist, að þá geti hann snúið sér beint að ríkissjóði um bætur og þá afsali hann sér varaábyrgð ríkisins á tjóni sínu. Sú uppsetning á kröfugerð stefnanda, aðallega að báðir stefndu verði dæmdir in solidum, en til vara að ríkissjóður verði einn dæmdur og meðstefndi Hannes þá sýknaður af öllum kröfum hans, en til þrautavara að meðstefndi Hannes verði einn dæmdur og ríkissjóður þá sýknaður, verði ekki á annan veg skilin. Því er haldið fram að stefnandi geti ekki breytt varakröfu sinni við málflutning og að varakrafa stefnanda í sinni upprunalegu mynd standist ekki, þar sem í henni felist afsal á skaðabótakröfum vegna tjónvaldandi atburðar. Krafa á hendur ríkissjóði samhliða slíku afsali fái ekki staðist.

Þá vísar hann málatilbúnaði stefnanda á hendur sér alfarið á bug.

Telur hann í fyrsta lagi að það standist ekki hjá stefnanda að í 5. gr.

laga nr. 56/1972 um lögreglumenn felist að lögreglumaður geti ávallt snúið sér beint að vinnuveitanda sínum um bætur. Þegar svo standi á sem hér, að vitað sé hver olli tjóninu og beri bótaábyrgð á því, þá beri stefnanda að snúa sér beint að tjónvaldi með bótakröfu sína. Því er haldið fram, að 5. gr. áðurgreindra laga um lögreglumenn hafi ávallt frá því hún kom í lög verið skýrð svo að ábyrgð vinnuveitanda, hvort heldur átt hafi í hlut ríki eða sveitarfélög, komi ekki til nema enginn annar sé er beri ábyrgð á tjóni eða staðreynt hafi verið að tjónvaldur sé ekki fær um að greiða bætur. Ábyrgð vinnuveitanda skv. 5. gr. laga nr. 56/1972 sé því eingöngu til vara. Komi þessi skilningur einnig fram í samkomulagi milli fjármálaráðherra og dómsmálaráðuneytisins og Landssambands lögreglumanna á dskj. nr. 18. Í máli þessu sé fyllilega upplýst hver staðið hafi að árás þeirri sem stefnukrafan sé sprottin af, þ.e.a.s. meðstefndi Hannes, og af hans hálfu hafi strax daginn eftir árásina komið tilboð um greiðslu bóta, kæmi fram krafa um slíkt. Eins og máli þessu sé háttað geti stefnandi því ekki á grundvelli 5. gr. laga um lögreglumenn, krafið ríkissjóð beint um bætur hvorki in solidum með stefnda Hannesi né einan sér.

Í annan stað sé því harðlega mótmælt að til staðar sé í íslenskum rétti almenn grundvallarregla þess efnis að vinnuveitandi sé ávallt að fullu bótaskyldur gagnvart launþega sem slasist í vinnu án tillits til þess hvernig slysið beri að höndum. Hvorki sé skráð réttarregla né dómafordæmi sem skjóti stoðum undir þessa skoðun stefnanda. Þær reglur skaðabótaréttarins sem hugsanlega gætu grundvallað bótaábyrgð vinnuveitanda á tjóni starfsmanns eigi hreinlega ekki við í þessu máli.

Í þriðja lagi telur hann það ekki standast hjá stefnanda að ákvæði kjarasamninga er gilt hafi þegar árásin átti sér stað mæli honum rétt til fullra skaðabóta úr hendi ríkissjóðs. Engin slík ákvæði hafi verið að finna í kjarasamningum þá eða nú. Í þágildandi sérkjarasamningi, sem lagður sé fram á dskj. nr. 22, sé ekki vikið einu orði að slysabótum. Hins vegar hafi í aðalkjarasamningi milli BSRB og fjármálaráðherra verið ákvæði um að starfsmenn skyldu vera slysatryggðir að ákveðinni hámarksfjárhæð fyrir dauða og varanlegri örorku, og séu þau ákvæði kjarasamningsins er fjalli um slysatryggingar lögð fram á dskj. nr. 21. Þær tryggingar séu í eigin áhættu ríkissjóðs. Samkvæmt gr. 7.1.3. skuli bætur fyrir varanlega örorku greiðast í hlutfalli við vátryggingarfjárhæðina en hún hafi numið á slysdegi gömlum krónum 6.550.000,00 eða 65.500,00 nýkrónum. Bætur vegna 5% varanlegrar örorku séu því kr. 3.278,00.

Stefndi kveðst hafa fengið gögn vegna atburðarins 18. júlí 1979 send í áföngum og með óformlegum hætti sumarið 1984. Þar sem þau hafi gefið tilefni til að draga í efa að varanleg örorka hefði í reynd hlotist af slysinu hafi stefnanda ekki verið greitt út úr slysatryggingu skv. kjarasamningnum.

Á vottorði Slysadeildar Borgarspítalans, dskj. nr. 5, komi fram að stefnandi hafi haft skekkju á nefi áður en árásin átti sér stað. Þetta vottorð hafi sýnilega ekki legið fyrir þeim lækni er mat örorkuna, sbr. upplýsingar um gögn er þar koma fram, dskj. nr. 7, né hafi þessar upplýsingar legið fyrir þeim lækni er gefi út vottorð á dskj. nr. 6 á árinu 1980. Verði reyndar ekki af því vottorði ráðið að hrúðurmyndun í nefgöngum í kjölfar réttingaraðgerðarinnar sé ástand sem haldast muni til frambúðar og ekki verði bót á ráðin með réttri umönnun. Niðurstaða örorkumats á dskj. nr. 7 um varanlega örorku virðist ranglega byggð á því að hrúðurmyndun sé hlutur sem verði til frambúðar. Stefnandi haldi því fram að hann þjáist af kvefsækni, fyrirvaralausum blóðnösum, nefrennsli og stöðugum hrúðurmyndunum og staðhæfir að þetta sé allt afleiðing árásarinnar. Þessu sé alfrið mótmælt sem ósönnuðu. Læknisvottorð þau sem lögð séu fram í málinu, sé það yngsta þeirra rúmlega 4 ára gamalt, styðji ekki staðhæfingar stefnanda. Þvert á móti verði að telja að gögn bendi til þess að hrúðurmyndanir í nefgöngum, ef þau einkenni séu á annað borð til staðar nú, sem sé ósannað hjá stefnanda, og valdi þau einhverri varanlegri örorku, þá eigi þau rætur að rekja til annarra orsaka en árásarinnar 1979 eða aðgerðarinnar 1980. Þannig sé mótmælt bæði orsakasambandi milli árásarinnar og hrúðurmyndunar í nefgöngum sem og því að slík hrúðurmyndun valdi einhverri varanlegri örorku. Einnig sé dregið í efa að hrúðurmyndun sé til staðar í dag.

Með hliðsjón af þessu megi telja einsýnt að stefnandi eigi heldur ekki kröfu á hendur ríkissjóði á grundvelli kjarasamnings þar sem enga varanlega örorku hafi leitt af árásinni og beri því alfarið að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Verði ekki á sýknukröfu fallist komi til athugunar rök fyrir varakröfu stefnda ríkissjóðs. Komist rétturinn að þeirri niðurstöðu að einhverja varanlega örorku hafi leitt af árásinni og stefnandi eigi af þeim sökum rétt til slysatryggingabóta skv. kjarasamningi, þá sé því mótmælt að slíkar bætur beri vexti frá fyrri tíma en 19. júlí 1980. Jafnframt er því mótmælt að slíkar bætur komi til viðbótar skaðabótum er ríkissjóði kynni að verða gert að greiða, sbr. gr. 7.1.8. í kjarasamningi á dskj. nr. 21.

Þá er fjárkröfum stefnanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku mótmælt sem allt of háum og grundvelli örorkumats, sem útreikningar byggjast á, sem röngum, sbr. það sem sagt er að framan, og of háum bæði hvað varðar tímabundna og varanlega örorku. Þá telur stefndi ríkissjóður að ef á annað borð verði talið sannað orsakasamband milli árásarinnar og hrúðurmyndunar í nefgöngum, þá séu afleiðingar árásarinnar ekki þess eðlis að þær hafi nein áhrif á tekjuöflunarhæfi stefnanda, en af framlögðum gögnum á dskj. nr. 19 og skattframtölum stefnanda sjáist að tekjur

stefnanda séu síst lægri en hjá öðrum lögreglumönnum né sé merkjanlegt að starfsorka stefnanda hafi beðið neinn hnekki. Þvert á móti sinni stefnandi fullu starfi í lögreglunni ásamt venjulegri yfirvinnu, jafnframt skólagöngu í Háskóla Íslands, en hann hafi verið í eins árs leyfi úr starfi frá 1. febrúar 1985 til að helga sig námi sínu. Þetta sýni öðru órækast að hverjar sem afleiðingar árásarinnar hafi verið, þá hafi þær í engu skert starfshæfni eða starfsorku stefnanda.

Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við dómvenjur.

Kröfu stefnanda um að vextir leggist við höfuðstól er mótmælt.

Í skriflegri yfirlýsingu stefnda Hannesar Árnasonar sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 24 lýsir hann málavöxtum þannig:

„Miðvikudaginn 18. júlí 1979 átti ég sólarhrings hafnarfrí og brá mér ásamt tveimur skipsfélögum mínum til Reykjavíkur og hugðumst við lyfta okkur upp. Um kvöldið ætluðum við heim í íbúð mína að Jörfabakka 28 í Breiðholti, en er þangað kom tókst mér ekki að finna lykil að íbúðinni, sem ég var þó með í vasanum. Skildu félagar mínir mig eftir við dyrnar er við höfðum setið þar flötum beinum um stund. Þá mun hafa verið liðið fast að miðnætti. Bæði var það að ég var þreyttur eftir erfiða veiðiferð og svo hitt að ég var talsvert ölvaður að ég sofnaði þarna við íbúðardyrnar, en þá hurfu félagar mínir á braut sem fyrr segir.

Ég mun naumast hafa sofið lengi er ég var óþyrmilega vakinn af lögreglumönnum sem bogruðu yfir mér. Umhugsunarlaust mun ég hafa danglað hendinni í andlit eins lögreglumannsins og voru þetta ósjálfráð viðbrögð manns sem vaknar við illan draum. Ég mun hafa verið færður í fangelsi því þar vaknaði ég næsta morgun.

Er ég var færður fyrir varðstjóra var mér efst í huga að ná sem fyrst frelsi mínu aftur og missa ekki af skipinu og því jánkaði ég öllu sem undir mig var borið umyrðalaust, þar á meðal bótakröfum vegna blóðnasa sem mér var tjáð að einn lögreglumannanna hefði hlotið og nú látið höfða mál út af. Auðvitað vildi ég bæta fyrir það ef ég hefði skaddað mann, það var ekkert spursmál, en samt fannst mér lögreglumennirnir eiga vissa sök á því hvernig til tókst með því að fara harkalega að sofandi manni.

Nú hef ég skoðað gögn málsins og sé af þeim að meiðsli í nefi bótakrefjanda munu vera gömul og þessi meiðsli geti verið völd að því að honum sé gjarnt að fá blóðnasir og hafi einhver óþægindi að sögn. Þessum atriðum var haldið leyndum við gerð örorkumats og því hef ég falið lögmanni mínum að neita öllum bótakröfum.“

Þá tekur stefndi einnig fram í yfirlýsingu sinni að hann telji að yfirmönnum stefnanda hafi verið ljóst að stefnandi hafi átt verulegan þátt í þessu

sjálfur, og hafi málið af þeim sökum verið fellt niður svo sem áritun á lögregluskýrslu beri með sér.

Við munnlegan málflutning kom fram sá skilningur stefnda Hannesar að hann hefði ekki greitt stefnanda högg í umrætt sinn, heldur hefði hann rekið höfuðið í andlit hans. Hér hafi því verið um óhappaverk að ræða.

Stefndi Hannes byggir sýknukröfu sína á því að ósannað sé að stefnandi hafi hinn 18. júlí 1979 hlotið alvarlegri áverka en blóðnasir sem ekki hafi haft nein eftirköst fyrir hann. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða. Staðreynd málsins sé sú að stefnandi hafi áður hlotið meiðsli á nefi sem hafi skekkt það, og hér sé um gömul meiðsli að ræða sem stefndi sé alls ekki valdur að. Þessari staðreynd hafi verið haldið leyndri fyrir þeim sem gerði örorkumat á grundvelli ófullnægjandi vottorða, og því sé það mat og það sem á eftir fylgdi marklaust og telur stefndi að eðlilegast væri að málinu væri ex officio vísað frá rétti. Þannig séu engar sannanir né heldur líkur fyrir því að bótaskyldur verknaður hafi verið framinn, og auk þess væri hann fyrndur ef nokkur væri. Við munnlegan málflutning lagði lögmaður stefnda Hannesar áherslu á tómlæti stefnanda þar sem svo langur tími hefði liðið frá slysi til málshöfðunar og taldi það vekja tortryggni. Einnig lagði hann áherslu á að sönnunarbyrði um atvik hvíldi á stefnanda sem hefði ekki gert tilraun til að sanna frásögn sína um það, t.d. með því að leiða fram vitni. Þá lagði hann áherslu á að örorkumat væri óstaðfest.

Álit dómsins.

Til sönnunar atvikalýsingu sinni hefur stefnandi lagt fram á dskj. nr. 3 skýrslu lögreglunnar í Reykjavík frá miðvikudeginum 18.7. 1979, sem skráð er af Frosta Sæmundssyni, lögregluþjóni nr. 144. Að málinu unnu einnig stefnandi, lögregluþjónn nr. 143, og Hörður Guðjónsson, lögreglumaður nr. 216, sem var sumarafleysingamaður. Fjallar skýrslan um handtöku og geymslu ölvaðs manns; mótþróa hans og slagsmál við lögreglu. Var hér um að ræða stefnda Hannes. Texti skýrslunnar er svohljóðandi:

„Tilkynning kom frá fjarskiptamiðstöð lögreglunnar um að maður lægi fyrir framan dyr á 2. hæð í Jörfabakka nr. 28. Er við komum á staðinn lá ofangreindur maður við dyr íbúðar á 2. hæð, hann var mjög drukkinn og gekk okkur illa að ná sambandi við hann. Lögreglumaður nr. 143 var að tala við manninn og laut hann jafnframt yfir hann, maðurinn rumskaði og án nokkurra umsvifa sló hann lögreglumanninn með krepptum hnefa beint í andlitið. Þetta var mikið högg og fossaði blóð úr nefi lögreglumannsins. Við yfirbuguðum manninn og fluttum hann í járnum á aðalstöð.

Maðurinn gat ekki gert nokkra grein fyrir sér og neitaði að segja til nafns og þvældi tóma vitleysu. Að ákvörðun varðstjóra var hann settur í fangageymslur lögreglunnar til gistingar. Lögreglumaðurinn fór á Slysadeild til

þess að láta kanna meiðsli sín og eru líkur til þess að hann sé nefbrotinn. Á staðnum hittum við fyrir íbúa hússins og tjáðu þeir okkur að nefndur maður væri heimilisfastur þarna, en hefði ekki haft á sér húslykla, og hefðu þeir þess vegna haft samband við lögreglu til þess að reyna að koma honum í húsaskjól."

Næsta dag tekur Gísli M. Garðarsson rannsóknarlögreglumaður skýrslu af stefnda Hannesi og er efni skýrslu: Rannsókn vegna mótþróa, slagsmála við lögreglu o.fl. Þar segir m.a.: „Áminntur um sannsögli skýrir mætti svo frá að hann muni ekkert eftir nefndu atviki í gærkvöldi, þ.e. að hafa slegið lögregluþjón nr. 143 með krepptum hnefa í andlitið. Aðspurður kveðst mætti hafa verið við drykkju áfengis í gærkvöldi og kveðst muna síðast eftir sér þegar hann var staddur á Reykjavíkurflugvelli um kl. 20:00, þá að koma frá Akureyri með flugvél frá Norðurflugi hf. — Aðspurður kveðst mætti hafa verið mikið drukkinn og eins og áður segir kveðst hann ekki muna frekari atburðarás." Þá lýsti Hannes sig reiðubúinn til að greiða sanngjarnar bætur vegna atviksins.

Af hálfu stefndu voru eigi bornar brigður á dskj. nr. 3 og 4 fyrr en af hálfu stefnda Hannesar við munnlegan málflutning. Er því haldið fram að aðferðir lögreglunnar, stefnanda, hafi verið þjösnalegar og orsakað þetta óhappaverk. Stefnandi byggir alfarið á ofangreindum skjölum og hefur ekki leitt nein vitni að atburðinum. Var honum þó gefinn kostur á því við endurupptöku málsins. Lögmaður stefnda Hannesar krafðist þess að lögreglumennirnir tveir nr. 144 og 216 kæmu fyrir dóminn. Upplýst var að Frosti Sæmundsson væri nú búsettur í Noregi og var þá fallið frá kröfu um að hann gæfi vitnaskýrslu. Eftir að málið hafði verið endurupptekið til öflunar frekari gagna kom fyrir dóminn, að tilstuðlan stefnda Hannesar, vitnið Hörður Guðjónsson sem var lögreglumaður nr. 216 þegar atvikið átti sér stað. Lýsti hann atburðarásinni á nokkuð annan veg en stefnandi hafði gert, en hann kvaðst þess fullviss að stefndi hefði slegið stefnanda í andlitið a.m.k. tvisvar. Upplýsti vitnið að stefnandi hefði fyrst ætlað að vekja manninn með því að hrista öxl hans, en er það hefði ekki dugað hefði hann þrýst þumalfingri fast á beinið bak við eyra hans og snúið fingrinum fram og aftur þar til maðurinn vaknaði að fullu. Taldi vitnið að vegna sársaukans sem þessi aðferð stefnanda olli hafi drukkni maðurinn vaknað illa og viðbrögð hans orðið þau sem lýst hefur verið. Kvaðst vitnið ekki vilja lýsa aðferð stefnanda sem þjösnalegri, en hann kvaðst sjálfur hafa talið hana óþarfa. Tók vitnið fram að starfsfélagar hans hefðu verið honum ósammála. Framburði vitnisins var mótmælt sem röngum af hálfu stefnanda.

Svo sem fram hefur komið við reifun málsástæðna stefnda Hannesar kvaðst hann ítrekað aðspurður við töku frumskýrslu og síðan skýrslu rann-

sóknarlögreglu ekki muna neitt frá þessum atburði. Þessum framburði sínum breytti hann síðar í skriflegri aðilaskýrslu þar sem hann fullyrðir að hann hafi verið „óþyrmilega vakinn" af lögreglumönnum. Stefndi Hannes hefur ekki komið fyrir dóminn. Lögreglumálið á hendur stefnda Hannesi var fellt niður 19. júní 1980.

Stefnandi og vitnið Hörður voru báðir spurðir að því hér fyrir rétti hvort þeir hefðu hlotið leiðbeiningu um hvernig þeir ættu að taka á mönnum í drykkjusvefni. Svöruðu þeir því báðir neitandi, en stefnandi kvaðst vera útskrifaður úr lögregluskólanum. Kvað hann mönnum vera „í sjálfsvald sett að nálgast þessa aðila eins og þeir meta aðstæður á staðnum og hvernig skynsamlegt sé að gera það".

Starf lögreglumanns er margþætt, vandasamt og því fylgir áhætta. Svo sem í þessu tilviki er oft um að ræða í senn þjónustu við borgarana og öryggisráðstafanir. Er lögreglumanni oft nauðsynlegt að beita hörku, svo sem við handtöku óðra manna, en það er jafnframt skylda lögreglumanns að gæta hófs í beitingu þess valds sem honum er falið. Að vekja mann í drykkjusvefni með fantabragði myndi ekki samræmast þessari skyldu lögreglumanns. Þegar á allt þetta er litið sem hér að ofan hefur verið rakið og þess langa tíma sem liðinn er frá atburðinum og sönnunarfærslu stefnanda, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á svo óyggjandi sé að aðferð hans við að vekja stefnda hafi ekki átt þátt í ofsafengnum viðbrögðum hans. Einnig ber að líta til þess að lögreglumennirnir voru þrír og máttu vera betur við því búnir að stefnandi brygðist illa við að vera vakinn. Að öðru leyti verða dskj. nr. 3 og 4 talin fullnægjandi grundvöllur málsatvikalýsingar. Telja verður að stefndi Hannes beri ábyrgð á því að koma sér í slíkt ástand að hann hafi ekki stjórn á athöfnum sínum.

Dómurinn telur þannig að fullnægjandi sönnun sé fram komin fyrir því að stefnandi málsins hafi orðið fyrir höggi frá stefnda Hannesi Árnasyni, og að ástæðu þess megi rekja fyrst og fremst til ölvunar Hannesar, en jafnframt séu líkur fyrir því að lögreglan hafi ekki gætt fullnægjandi varkárni og verði stefnandi að bera hallann af þeirri óvissu eins og mál þetta liggur fyrir. Samkvæmt þessu þykir rétt að skipta sök og skal stefnandi bera ⅓ hluta tjóns síns.

Ber þá að íhuga hvort orsakasamband sé á milli höggs þess er stefnandi hlaut af völdum stefnda Hannesar og þeirra áverka er leitt hafa til óþæginda hans og metinnar örorku.

Með lögregluskýrslu, dskj. nr. 3 og vottorði læknis Slysadeildar, dskj. nr. 5 þykir sannað að stefnandi hafi komið á Slysadeild Borgarspítala í beinu framhaldi af því að hann hlaut umrætt högg. Leifur Jónsson læknir, sem ritaði vottorðið, kom fyrir dóminn. Sjálfur skoðaði hann ekki stefnanda en kvað það byggt á sjúkraskránni og röntgenmyndum og umsögn

röntgenlæknis. Ólafur F. Bjarnason læknir kom einnig fyrir dóminn, hann skoðaði stefnanda á Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans hinn 1. ágúst 1979, í nóvember sama ár, og gerði á honum aðgerð í júní 1980. Áverkavottorð, dskj. nr. 6 er ritað af honum 19. desember 1980. Af greindum vottorðum og framburði læknanna fyrir dómi þykir upplýst að stefnandi hafi orðið fyrir verulegum áverka af höggi því sem hann hlaut að Jörfabakka 28 að kvöldi 18. júlí 1979. Það er álit læknanna að hann hafi hlotið nefbrot þannig að nefbrjóskið hafi brotnað. Við þetta hafi myndast mikil skekkja á miðsnesinu yfir til vinstri sem valdið hafi stíflu í nefinu. Vitnið Ólafur F. Bjarnason lýsti afleiðingum slíkrar skekkju þannig fyrir dómi að á eðlilegu nefi væri miðsnesið beint en á sitt hvorum hliðarvegg nefsins væru separ sem nefndust „concur". Í slíku nefi væri öndunin greið. Hjá stefnanda hefði orðið mikil skekkja á miðsnesinu yfir til vinstri þannig að brjóskið sveigði yfir til vinstri og síðan aftur yfir miðlínu þar sem festan væri meiri, og þrengdi þannig að vinstra helmingi nefsins. Orsökin fyrir því að hann andi ekki eðlilega gegnum nefið, hægra megin, þar sem rýmið eykst verulega við skekkjuna sé sú að „concurnar" stækki. Þær séu eins og blóm að því leyti að þegar rýmið eykst, þá stækki þær, og þannig þrengi þær líka að hægra helmingi nefsins. Þetta orsaki síðan varanlega stíflu vegna þess að um óhreyfanlegt ástand sé að ræða. Þetta orsaki öndunartregðu sem ekki verði lagfærð nema með aðgerð.

Aðspurður um það hvernig slíkt ástand verkaði á starfsemi slímhúðar nefsins svaraði vitnið að loftstreymi eða „turbulencinn" í nefinu breytist nokkuð mikið. Nefið framleiddi á annan lítra af slími á dag, sem við eðlilegar aðstæður rynni aftur í kokið og maður kyngdi án þess að finna fyrir því. Þegar slík breyting, eins og að framan var lýst, yrði á líkamanum þá sæti slímið lengur í nefinu og streymið yrði ekki eðlilegt aftur í kokið. Við það gufaði upp vatn úr slíminu, en það séu viss hlutföll af slími, „muscus" og vatni og „eletrolytum" í nefslíminu. Við þessar aðstæður þá sæti slímið lengur í nefinu, vatnið gufi upp, þannig að eftir sitji þykkra slím og þetta orsaki óþægindi frá slíminu þannig að það fari aftur í kokið og hangi aftur í kokinu og valdi óþægindum frá svokölluðu „post nasal drip". Þá sitji slímið aftur í nefkokinu, fyrir utan það að það orsaki öndunaróþægindi. Hann kvað hrúðurmyndun einnig aukast. Það var mat læknisins að sjúklingur með þessi einkenni hefði veruleg óþægindi: „Fyrst og fremst er það tilfinning að nefið sé stíflað. Maður þarf að anda með munninum og það orsakar þurrk í koki og þetta „post nasal drip", slímið er þykkara og veldur óþægindum. Einnig veldur þetta tíðari kvefsýkingum." Skekkja sú sem hér hefur verið lýst og stefnandi telst hafa hlotið vegna höggs Hannesar Árnasonar var lagfærð með aðgerð í júnímánuði 1980. Var sú aðgerð framkvæmd af Ólafi F. Bjarnasyni lækni. Samkvæmt vitnisburði læknis-

ins, sem er í samræmi við það vottorð sem hann ritaði árið 1980, var árangur aðgerðarinnar góður út frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Er sjúklingurinn kom í eftirmeðferð kveðst læknirinn hafa skrifað „control eftir aðgerð sýnir góðan loftveg í báðum nösum". Síðan hafi stefnandi komið aftur til hans í desember s.á., þ.e. 1980, og kvartað um hrúðurmyndanir í nefi og einhver óþægindi. Aðspurður kvað læknirinn orsök hrúðurmyndunar geta verið þá að eftir svona aðgerð þá þynnist slímhúðin sem búið er að skera í og það minnki kannski slímframleiðsluna í miðsnesinu, og það geti valdið því að slímið sem sé framleitt í nefinu verði þykkra og harðara en ella væri. Við slíku sé aðeins hægt að ráðleggja fitukrem í nefið. Stundum sé hægt að ráða bót á þessu, en stundum sé þetta varanlegt ástand sem fólk verði að búa við. Aðspurður nánar um árangur aðgerðarinnar af lögmanni stefnda ríkissjóðs, hvort hann hafi verið góður, segir vitnið: „Eftir því sem ég skrifa hér, þá tel ég það. Aftur á móti er það mjög misjafnt, og það hefur minna verið um það ritað, hvað sjúklingi sjálfum finnst. Þó maður sjái að nefið sé opið og það leiði loftið eðlilega, þá er það oft einhver tilfinning sem sjúklingar hafa eftir svona aðgerð sem ekki er hægt að meta. Ég hef oft séð það og lesið um það líka. Þó að við skoðun sé allt opið, og mitt mat er það að aðgerðin hafi borið árangur."

Af hálfu beggja stefndu hefur verið lögð mikil áhersla á það að í læknisvottorði Slysadeildar Borgarspítalans segir: „Eftir röntgenmyndatökur er séð, að ekki er um brot að ræða, en miðsnesið er skakkt og er þar um gamla skekkju að ræða." Telja verður að það hafi komið skýrt fram í framburði læknanna Leifs Jónssonar og Ólafs F. Bjarnasonar að þetta merki að um brot á nefbeini vegna áverkans hafi ekki verið að ræða. Brot á brjóskhluta nefsins sést ekki á röntgenmynd, en brot í læknisfræðilegum skilningi tekur bæði til brots á brjóskhluta og beinhluta nefs. Leifur Jónsson læknir dregur þá ályktun af röntgenmynd að nef stefnanda hafi verið eitthvað skakkt fyrir áverkann, annaðhvort vegna gamals meins eða fæðingargalla. Stefnandi hefur sjálfur neitað að hafa orðið fyrir nokkrum áverka á nefi fyrr. Aðspurður um þetta atriði, þ.e.a.s. um það hvort nefbein sjúklingsins væri skakkt, svaraði vitnið Ólafur F. Bjarnason læknir: „Það var alla vega ekki það áberandi að ég teldi ástæðu til að skrifa það niður." Varðandi þá varnarástæðu að stefnandi hefði fyrir áverkann haft óþægindi í nefi, þá kemur fram í vitnisburði læknanna að þegar stefnandi kom til skoðunar vegna slyssins og einnig þegar hann lagðist inn á sjúkrahúsið hafi hann upplýst um einhver smá nefstíflueinkenni öðru hverju, en slíkt væri algengt. Stefnandi kannaðist ekki við að hafa hafa kennt neinna óþæginda í nefi fyrir áverkann.

Lagt hefur verið fram nýtt vottorð Ólafs F. Bjarnasonar, dags. 28. júlí 1986, þar segir: „Sjúklingur kemur til skoðunar á nefi þann 17.07. 1986.

Segir hann nef vel opið eftir aðgerð sem gerð var 1980 en kvartar yfir hrúðurmyndun í nefi, aðallega vi. megin. Segist oft fá blóðnasir vegna þessa þegar hann er að hreinsa nefið. Fær stundum verk í nefrót og enni, sem oftast kemur eftir að hann kvefast.

Við skoðun sést að miðsnesið er í miðlínu og góður loftvegur beggja vegna. Það er talsvert mikill örvefur fremst á miðsnesinu vinstra megin, þar sem aðgerð var gerð og nokkur hrúðurmyndun þar, en mjög algengt er að slíkar hrúðurmyndanir geti ert slímhúðina og valdið blóðnösum endurtekið, en þessi örmyndun er eftir aðgerð, sem gerð var á nefinu 1980.

Sannað þykir með ofanskráðum vottorðum og vitnisburði lækna að stefnandi hafi hlotið verulegan áverka og að öllum líkindum brot á brjóskhluta nefsins við högg það er stefndi Hannes greiddi honum. Ljóst er að hann hafði eftir slysið og fram að aðgerð og a.m.k. um tíma eftir aðgerðina veruleg óþægindi vegna röskunar á starfsemi slímhúðar í nefi. Einnig þykir sannað með læknisvottorði frá 28. júlí sl. að stefnandi búi í dag við óþægindi vegna þessa og muni gera það áfram. Stefnandi þykir því eiga rétt á nokkrum bótum úr hendi stefnda Hannesar.

Örorka stefnda var metin af Ólafi Jónssyni lækni og er matið dags. 28.2. 1984; þar segir um afleiðingar höggsins:

„Hér er um að ræða 26 ára gamlan lögreglumann er varð fyrir áverka á andlitið fyrir tæpum 5 árum, þannig að af hlaust verulegur áverki á nefi þannig að leiddi til aðgerðar er framkvæmd var 11 mánuðum síðar. Árangur aðgerðar verður að teljast eftir atvikum góður, þótt ljóst sé að Ingi Þór hafi ekki jafnað sig að fullu í nefgöngum og allar líkur benda til að svo verði ekki þannig að nokkur varanleg örorka hefur hlotist af umræddu slysi.

Eins og fram kemur að framan var Ingi Þór allilla haldinn vegna afleiðinga slyssins í fulla 12 mánuði eða þar til árangur aðgerðar var kominn í ljós.

Þar sem engar frekari aðgerðir eða meðferð er fyrirhuguð vegna afleiðinga slyss þessa er tímabært að meta örorku þá er af slysinu hlaust og telst hún hæfilega metin

20% í 11 mánuði frá slysdegi, síðan
100% næsta mánuð, síðan
5% varanleg."

Hinn 24. september 1986 gerir Ólafur Jónsson læknir nýtt örorkumat, þar segir:

„Eftir athugun á örorkumati frá 28.02. 1984 og upplýsingum í vottorði Ólafs F. Bjarnasonar frá 28.07. 1986, sé ég ekki ástæðu til að gera breytingar á nefndu örorkumati."

Fjárkrafa stefnanda er byggð á örorkuútreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings frá 16. apríl 1986 sbr. útreikning sama frá 26. apríl 1984. Þar segir svo:

„Ingi Þór er sagður fæddur 28. maí 1957 og hefur því verið 22 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps:

Ingi Þór hafði valið sér framtíðarstarf sem lögregluþjónn. Hann hóf störf sem slíkur hjá Lögreglunni í Reykjavík 25. maí 1977. Skattframtal árið 1979 sýnir því vinnutekjur hans við það starf heilt almanaksár. Skattframtalstekjurnar árið 1978 voru kr. 45.980,39 eingöngu aflað við löggæslustörf. Ég hef fengið yfirlit um breytingar á launaflokkum sem Ingi Þór hefur fengið greidd laun eftir frá því hann hóf störf sem lögregluþjónn og hef umreiknað skattframtalstekjur ársins 1978 til kauplags á slysdegi og síðan skv. breytingum á kjörum hans.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap þegar gert er ráð fyrir að varanlega tapið sé 5% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi og tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim sem örorkumat læknisins segir til um, að frádregnum 5%.

Ár	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap	
1979		tímabundið	varanlegt
(frá slysdegi)	kr. 35.540,00	kr. 5.331,00	kr. 1.777,00
1980	kr.107.483,00	kr. 14.981,00	kr. 5.374,00
1981		kr. 157.815,00	kr. 7.891,00
1982		kr. 242.960,00	kr. 12.148,00
1983		kr. 383.374,00	kr. 19.187,00
1984		kr. 493.034,00	kr. 24.652,00
1985		kr. 656.646,00	kr. 32.832,00
1986		kr. 788.021,00	kr. 39.401,00
síðan árlega		kr. 833.509,00	kr. 41.675,00

Tekið hefur verið tillit til umsaminna launataxtahækkana, sem koma til framkvæmda 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1986.

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi.

Við útreikninga á slysdagsverðmæti vinnutekjutaps nota ég nú 6% ársvexti eftir 16. apríl 1986. Yfir tímabilið milli þess dags og áverkadags er tapið afvaxtað með vöxtum af almennum spariinnlánum Landsbanka Íslands og þeim beitt bæði sem samsettum vöxtum (aðferð I) og einföldum vöxtum (aðferð II).

Verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps reiknast nema á áverkadegi:

	Aðferð I	Aðferð II
v/tímabundinnar örorku	kr. 19.400,00	kr. 17.504,00
v/varanlegrar örorku til 16.4. 1986	kr. 40.957,00	kr. 57.317,00
v/varanlegrar örorku eftir það	kr. 120.433,00	kr. 212.016,00
Samtals	kr. 178.790,00	kr. 282.837,00

Athugasemd:
Að gefnu tilefni legg ég áherslu á að í útreikningunum er vinnutekjutap að venju áætlað með notkun hreins læknisfræðilegs mats á örorku. Slíkt mat er mjög ótraustur mælikvarði á raunverulegt vinnutekjutap og getur verið um að ræða bæði of- og vanmat.

Hugsanlegur frádráttur og aðrar bætur.
1. Ekki hefur verið athugað hver sé eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps vegna skattfrelsis bóta.
2. Hvaða laun Ingi Þór hefur fengið greidd meðan hann var frá vinnu vegna slyssins veit ég ekki.
3. Ingi Þór á rétt á örorkubótum frá samningsbundinni slysatryggingu ríkisstarfsmanna, en þar sem þriðji aðili, en ekki vinnuveitandi, er sá sem ber væntanlega skaðabótaábyrgð í máli þessu munu þær bætur ekki eiga að koma til frádráttar skv. Hæstaréttardómi á bls. 878 frá 1972 í dómasafni réttarins.

Reiknigrundvöllur:
Um vexti er rætt hér að framan. Við útreikningana hef ég notað dánarlíkur íslenskra karla skv. reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi skv. sænskri reynslu."

Þegar slysið varð var stefnandi 22 ára gamall og starfaði sem lögregluþjónn. Viss röskun varð á aðstæðum hans vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut og hefur honum verið metin varanleg örorka vegna þessa 5%. Þegar um svo lága örorku er að ræða er ljóst að fjártjón og miski eru samofin. Sannað þykir að stefnandi búi við stöðug óþægindi, þó ekki stórvægileg. Útilokað er að segja með vissu hvaða áhrif slíkt hefur, en ekki verður útilokað að óþægindi, ekki síst í öndunarfærum, geti til frambúðar haft áhrif á orku og þar með tekjuöflunarhæfni þess er við þau býr. Við mat á tjóni stefnanda þykir því rétt að fylgja þeirri dómvenju að leggja til grundvallar örorkumat, en ákveða fjártjón og miska í einu lagi. Þegar höfð er hliðsjón af örorkumatsútreikningum tryggingafræðings, tekjum stefnanda frá tjónsdegi, hagræði við eingreiðslu bóta og skattfrelsi bóta, þá þykja bætur til handa honum hæfilega metnar kr. 180.000,00. Vegna sakarskiptingar koma þá í hans hlut kr. 120.000,00.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er því andmælt af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, að ríkissjóður beri ábyrgð skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 í þeim tilvikum þegar vitað er hver tjóni hefur valdið, eins og hér telst vera. Ákvæðið hljóðar svo: „Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.“ Ákvæði þetta hefur verið tekið óbreytt í síðari lög um sama efni án athugasemda. Í greinargerð með frumvarpi því, er fyrst geymdi samhljóða ákvæði, frá árinu 1933, segir: „Slíkar bætur verður ríkið að inna af hendi, þegar ekki eru aðrir sem eru bótaskyldir, en um það fer eftir almennum reglum.“ Í nefndaráliti um sömu lög um þetta atriði segir: „(Lögreglumenn) eiga kröfu á hendur ríkissjóði fyrir öll meiðsli og tjón, er þeir kunna að verða fyrir vegna starfs síns.“ Í umræðum um frumvarpið á þingi hefur áhugi löggjafanna ekki beinst að þessu ákvæði laganna, en tilefni frumvarpsins var uppþot vegna vinnudeilu sem leiddi til þess að lögreglulið bæjarins lá lemstrað eftir. Þykja lögskýringargögn ekki benda til þess að þetta ákvæði laganna hafi verið sérstaklega ígrundað. Löggjafarviljinn verður hér því ekki talinn einhlítur til skýringar á efni ákvæðisins, enda þykir hið sögulega samhengi veikja það sjónarmið. Þegar virtir eru hættueiginleikar starfs lögreglumannsins í nútíma þjóðfélagi og orðalag ákvæðisins, þykir verða að skýra 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 þannig að með henni hafi ríkissjóður tekið á sig hlutlæga ábyrgð á tjóni sem lögreglumenn verða fyrir í starfi.

Þeir einstaklingar sem valda lögreglumanni tjóni og ábyrgir eru gagnvart honum samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar eru oft þjóðfélagsþegnar sem eru illa gjaldfærir. Þykir sá skilningur óeðlilegur að lögreglumenn þurfi fyrst að ganga úr skugga um gjaldfærni tjónvalds sem við núverandi aðstæður kann að taka nokkur ár áður en hann getur snúið sér til vinnuveitanda síns um bætur. Verður að telja að það þjóni almennum hagsmunum að lögreglumenn eigi greiðan aðgang að bótum vegna tjóns er þeir bíða í skyldustarfi sínu. Með þessum rökum og þegar af þessum ástæðum þykir rétt að taka til greina kröfu stefnanda um bótaábyrgð ríkissjóðs. Og með hliðsjón af almennum reglum bótaréttar er fallist á aðalkröfu stefnanda um að stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hennes Árnason, ábyrgist greiðslu tjónbóta in solidum.

Vegna þess dráttar er varð á höfðun máls þessa af hendi stefnanda og ekki þykir vera fram komin fullnægjandi skýring á, og þar sem ekki verður séð af gögnum málsins að fram hafi komið formleg bótakrafa á hendur stefndu fyrr en með málshöfðun þessari, þá þykir rétt að dæma almenna sparisjóðsvexti frá þingfestingardegi 21. febrúar 1985, svo sem nánar greinir í dómsorði, til dómsuppsögudags 19. nóvember 1986 en dómvexti skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Að öðru leyti er ekki

fallist á kröfu stefnanda um vaxtavexti. Samkvæmt þessari niðurstöðu og með tilvísun til sakarskiptingar skulu stefndu greiða stefnanda in solidum kr. 120.000,00 (⅓ af kr. 180.000,00) auk vaxta svo sem að ofan greinir og málskostnað kr. 50.000,00 og er þar með talinn útlagður kostnaður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hannes Árnason, greiði in solidum stefnanda, Inga Þór Þorgrímssyni, kr. 120.000,00 með 24% ársvöxtum frá 21. febrúar 1985 til 11. maí 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags 19. nóvember 1986, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað.

Mánudaginn 29. febrúar 1988.

Nr. 326/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gunnari Ólafssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
og
Sigurði Þorkelssyni
(Guðmundur Markússon hrl.)

Fjárdráttur. Opinber gjöld. Skilorð. Dómur um skaðabótakröfu ómerktur og kröfunni vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1987 að ósk ákærða Gunnars Ólafssonar og einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar refsingu hans og að því er varðar ákærða Sigurð Þorkelsson til sakfellingar samkvæmt ákæru og ákvörðunar refsingar, svo og að því er báða varðar til greiðslu skaðabóta.

Sem launagreiðanda bar Panelofnum hf. að innheimta opiber gjöld af starfsmönnum sínum og standa viðkomandi innheimtustofnun, hér Gjaldheimtunni í Reykjavík, skil á innheimtu fé í samræmi við reglur 113. gr. laga nr. 75/1981. Af gögnum málsins má ráða að krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík þar um hafi legið fyrir á þeim tíma sem hér skiptir máli og að slík innheimta hafi átt sér stað hjá félaginu um árabil.

Ákærði, Gunnar Ólafsson, var fram til 14. ágúst 1984 framkvæmdastjóri Panelofna hf. og bar skv. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 32/1978 ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Innheimta og skil opinberra gjalda voru á hans ábyrgð meðan hann var framkvæmdastjóri. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar sök ákærða Gunnars og heimfærslu til refsiákvæða.

Ákærði, Sigurður Þorkelsson, var stjórnarformaður Panelofna hf. og eftir að ákærði Gunnar hætti í þjónustu félagsins helsti forstöðumaður þess, allt þar til félagið var lýst gjaldþrota 1. mars

1985, þar sem ekki var ráðinn framkvæmdastjóri í stað Gunnars.

Í ársreikningum 1983 lá fyrir að ógreidd voru opinber gjöld. Verður að telja að Sigurði hafi verið rétt sem stjórnarformanni að ganga úr skugga um hvaða gjöld þetta voru, sbr. 3. mgr. 52. gr. l. nr. 32/1978. Eftir 14. ágúst 1984 bar félagsstjórnin ein ábyrgð á daglegri stjórn félagsins. Af þessu leiðir að telja verður að hann hafi eftir það átt að hafa eftirlit með innheimtu og skilum opinberra gjalda starfsmanna félagsins. Þar sem Sigurður vanrækti þetta eftirlit þykir hann sannur að sök samkvæmt ákæru en hún er þar réttilega færð til refsiákvæða.

Ekki er fram komið að Gjaldheimtunni í Reykjavík hafi verið gefinn kostur á að koma að formlegri, skýrri og rökstuddri skaðabótakröfu í héraði, sbr. 145. gr. laga nr. 74/1974. Engin slík krafa hefur verið gerð og verður því að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð að því er varðar umfjöllun um skaðabætur til Gjaldheimtunnar.

Refsing ákærða, Gunnars Ólafssonar, þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Þar sem hann hafði látið af störfum, þegar lokakröfubréf Gjaldheimtunnar barst félaginu, þykir mega skilorðsbinda refsinguna á þann hátt sem í dómsorði greinir.

Refsing ákærða, Sigurðar Þorkelssonar, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, en með tilliti til málavaxta þykir mega skilorðsbinda refsinguna á þann hátt sem í dómsorði greinir.

Ákærðu greiði óskipt sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti 35.000,00 krónur í ríkissjóð. Ákærði, Gunnar Ólafsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hrl., 35.000,00 krónur. Ákærði, Sigurður Þorkelsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Markússonar hrl., 15.000,00 krónur í héraði og 35.000,00 krónur fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Dómur um kröfu til skaðabóta, sem fram kemur í ákæru, á að vera ómerkur og er kröfunni vísað frá héraðsdómi.

Ákærði, Gunnar Ólafsson, sæti fangelsi í 4 mánuði en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum

frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955 haldið.

Ákærði, Sigurður Þorkelsson, sæti fangelsi í 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið.

Ákærðu greiði in solidum sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti 35.000,00 krónur í ríkissjóð. Ákærði, Gunnar Ólafsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hrl., 35.000,00 krónur. Ákærði, Sigurður Þorkelsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Markússonar hrl., 15.000,00 krónur í héraði og 35.000,00 krónur fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 30. júlí 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. maí 1987, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með tveimur ákærum.

Með ákæru dagsettri 19. júní 1986 „á hendur:

1. Gunnari Ólafssyni sölumanni, Traðarlandi 14, Reykjavík, fæddum 12. október 1938 í Reykjavík.

2. Sigurði Þorkelssyni pípulagningameistara, Fífuhvammsvegi 23, Kópavogi, fæddum 23. júní 1922 á Stokkseyri.

3. P ...

fyrir að hafa, kærði Gunnar sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri, ákærði Sigurður sem stjórnarformaður og P sem meðstjórnendur (sic) í hlutafélaginu Panelofnar h.f., Kópavogi, gerst sekir um fjárdrátt samkvæmt 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa á árunum 1983 og 1984 haldið eftir af launum eftirgreindra starfsmanna félagsins upp í opinber gjöld til Gjaldheimtunnar í Reykjavík samtals kr. 217.431,00, en eigi staðið skil á þessu fé til Gjaldheimtunnar heldur dregið fyrirtækinu þetta fé.

Nafn starfsmanns:	Tímabil:	Fjárhæð:
Ottó Eiðsson, nnr. 6957-6281	20/1'83 - 1/6'84	66.684,-
Bjarni Eiðsson, nnr. 1206-5752	20/1'83 - 2/11'84	150.747,-
		kr. 217.441,-

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt fyrrgreindu refsiákvæði og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Með ákæru dagsettri 4. febrúar 1987 „á hendur P ... fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 2. nóvember 1986 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Þ-2134 frá Einarsstöðum í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, áleiðis til Húsavíkur uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á þjóðvegi nr. 85 í svonefndu Laxamýrarleiti.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

II.

Ákæra dagsett 19. júní 1986. Málavextir eru þeir að rannsóknarlögreglu ríkisins bárust kærur frá Gjaldheimtunni í Reykjavík, dagsettar 27. ágúst 1984 vegna vanskila Panelofna, Smárahvammi, Kópavogi á innheimtum opinberum gjöldum kr. 66.684,00 auk dráttarvaxta kr. 20.288,00 af launum Ottós Eiðssonar og 2. apríl 1985 vegna vanskila Panelofna, Smárahvammi, Kópavogi á innheimtum opinberum gjöldum kr. 150.747,00 auk dráttarvaxta kr. 41.447,00 af launum Bjarna Eiðssonar.

Bréfum Gjaldheimtunnar fylgdu ljósrit launaseðla. Ljósrit launaseðla Ottós Eiðssonar fyrir tímabilið 20. janúar 1983 til 1. júní 1983 bera með sér að á því tímabili hafi verið haldið eftir af launum hans til greiðslu opinberra gjalda kr. 107.799,00. Ljósrit launaseðla Bjarna Eiðssonar fyrir tímabilið 20. janúar 1983 til 2. nóvember 1984 bera með sér að haldið hafi verið eftir af launum hans til greiðslu opinberra gjalda kr. 189.156,00.

Ákærði Gunnar Ólafsson hefur skýrt svo frá að hann hafi verið framkvæmdastjóri Panelofna hf. frá stofnun fyrirtækisins til 14. ágúst 1984. Hann hafi jafnframt verið hluthafi og átt um það bil 35-36% hlutafjár. Hann hafi haft prókúru fyrirtækisins ásamt Gígju Árnadóttur gjaldkera. Daglegur rekstur og fjármálastjórn hafi hvílt á sér. Hann hafi ekki haft samráð við Sigurð Þorkelsson um daglegan rekstur skrifstofunnar. Fyrirtækið hafi lent í greiðsluerfiðleikum sem rekja hafi mátt til þess að fjárfest hafi verið umfram getu með kaupum á nýjum vélum og byggingu nýrrar

verksmiðju. Á aðalfundi, sem haldinn hafi verið í febrúar 1984, hafi myndast nýr meirihluti í félaginu og ákærði við það orðið í minnihluta. Tekin hafi verið ákvörðun um að fá nýja aðila inn í fyrirtækið til þess að auka hlutaféð. Hafi þetta orðið til þess að ákærði hafi haldið að sér höndum um ýmsar fjármálalegar ákvarðanir næstu mánuði á eftir. Hafi skuldir vegna frádreginna opinberra gjalda starfsmanna fyrirtækisins verið meðal þeirra skulda er látnar voru bíða. Þó hafi verið gengið að fullu frá málum þeirra starfsmanna sem látið hafi af störfum. Ákærða hafi þótt eðlilegt að halda að sér höndum með þessum hætti þar sem hann hafi átt von á nýjum mönnum inn í fyrirtækið, mönnum sem væru í betri aðstöðu til að semja um skuldir fyrirtækisins. Ennfremur hafi honum þótt eðlilegt, þar sem hann hafi verið í minnihluta í stjórn, að eftirláta meirihlutanum að taka meiriháttar fjármálalegar ákvarðanir. Hinn 13. ágúst 1984 hafi Sigurður Þorkelsson stjórnarformaður tilkynnt sér að segja ætti öllum starfsmönnum fyrirtækisins upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Jafnframt hafi hann gefið ákærða kost á að segja starfi sínu lausu á stjórnarfundi næsta dag. Það hafi ákærði gert og hafi hann engin afskipti haft af rekstri og stjórnun Panelofna hf. eftir 14. ágúst 1984 og sé því uppgjör til Gjaldheimtunnar vegna fjögurra síðustu launaseðla Bjarna Eiðssonar sér óviðkomandi. Ákærði hafi hætt störfum á þeim forsendum að nýir eigendur væru að taka við stjórnun fyrirtækisins. Gjaldkeri fyrirtækisins, Gígja Árnadóttir, hafi annast greiðslur til Gjaldheimtunnar í samráði við ákærða, einkum ef fé fyrirtækisins var af skornum skammti. Hann hafi reynt að sigta út hvaða skuldir væri brýnast að greiða hverju sinni til að geta haldið starfseminni gangandi. Ekki hafi fé því er haldið var eftir af launum starfsmanna og greiða átti til Gjaldheimtunnar verið haldið aðgreindu frá öðrum fjárreiðum fyrirtækisins. Ákærði hafi ekki litið svo á að með því að halda eftir fé af launum starfsmanna án þess að standa skil á því til Gjaldheimtunnar væri hann að nýta sér fé í þágu fyrirtækisins með ólögmætum hætti. Hann hafi litið á þetta fé sem hverja aðra skuld sem hann vonaðist til að geta greitt. Hinn bági fjárhagur fyrirtækisins hafi leitt til þess að dráttur varð á að gera Gjaldheimtunni skil með réttum hætti. Það hafi gengið þannig í gegnum tíðina að þessum greiðslum hafi ekki alltaf verið skilað á réttum tíma, en sá greiðsludráttur hafi þó verið óverulegur og ekki kvartað undan honum. Ekki hafi ákærði gert stjórnarmönnum grein fyrir því að ekki væru til fjármunir til greiðslu opinberra gjalda af launum sem haldið var eftir. En skuld fyrirtækisins við Gjaldheimtuna hafi komið fram á reikningum félagsins dags. 31. desember 1983, sem samþykktir voru á aðalfundi félagsins í febrúar 1984.

Fyrir dómi var ákærða bent á að skv. fyrirliggjandi gögnum þá hafi verið tekið af launum Ottós Eiðssonar á umræddu tímabili kr. 107.799,00 en

skv. bréfi Gjaldheimtunnar þá sé skuld fyrirtækisins við Gjaldheimtuna kr. 66.684,00. Ákærði kvaðst ekki geta tjáð sig um réttmæti þessara útreikninga. Sömuleiðis var ákærða bent á að skv. fyrirliggjandi ljósritum launaseðla Bjarna Eiðssonar þá hafi á umræddu tímabili verið haldið eftir af launum hans til greiðslu opinberra gjalda kr. 189.156,00, en skv. bréfi Gjaldheimtunnar sé skuld fyrirtækisins við Gjaldheimtuna vegna Bjarna kr. 150.747,00, þannig að greiddar hafi verið kr. 38.409,00. Ekki kvaðst ákærði geta tjáð sig um réttmæti þessara útreikninga.

Ákærði Sigurður Þorkelsson, stjórnarformaður Panelofna hf., hefur skýrt svo frá að honum hafi ekki verið kunnugt um vanskil fyrirtækisins á greiðslu opinberra gjalda til Gjaldheimtunnar. Gunnar Ólafsson hafi verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins og sem slíkur annast um fjármál þess, einnig hafi dagleg stjórnun alfarið verið í hans höndum, því hafi hann verið ábyrgur fyrir því að staðið væri í skilum við Gjaldheimtuna. Ákærði, sem verið hafi stjórnarformaður félagsins frá stofnun þess árið 1968, eigandi um helmings hlutafjár og jafnframt starfsmaður þess, hafi ekki fylgst með fjármálum félagsins, stjórnun fjármála og fjárhagsstöðu fyrirtækisins að öðru leyti en því að hann hafi fengið í hendur reikninga. Hann hafi unnið við að smíða ofna og fjármál fyrirtækisins hafi ekki verið rædd við sig nema þegar sækja þurfti fyrirgreiðslu í Sparisjóð Kópavogs. Ákærði telji að fjárhagur fyrirtækisins á árinu 1983 hafi ekki verið svo slæmur að koma hafi átt í veg fyrir skil til Gjaldheimtunnar, hins vegar geti hann ekki sagt til um það fyrir árið 1984. Ekki hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri í stað Gunnars er lét af störfum 14. ágúst 1984. Hafi ákærði séð um rekstur fyrirtækisins ásamt Ottó Eiðssyni eftir að hann hætti. Panelofnum hafi síðan verið veitt greiðslustöðvun hinn 28. september 1984 í þrjá mánuði. Á því tímabili hafi ekki verið um að ræða neina sérstaka stjórnun á fyrirtækinu. Fyrirtækið hafi unnið upp í pantanir er greiddar höfðu verið fyrirfram. Sáralítið fé hafi komið inn í fyrirtækið og hafi það einungis dugað fyrir launum starfsmanna. Ennfremur hafi Andri Árnason lögmaður fyrirskipað að einungis laun væru greidd. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst ákærði hafa skoðað reikninga félagsins fyrir árið 1983 en að hann minntist þess ekki að þar kæmi fram vanskilaskuld við Gjaldheimtuna. Fyrir dómi kvaðst ákærði sennilega hafa misskilið eitthvað reikninga félagsins fyrir árið 1983, er lagðir voru fram á aðalfundi í febrúar 1984, en þar kom fram að félagið væri í vanskilum með opinber gjöld. Hann hafi talið það vera gjöld sem Panelofnar hf. skulduðu bæjarfógeta í Kópavogi eða bæjarsjóði. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvað ákærði að sér hafi verið ókunnugt um vanskil Panelofna hf. við Gjaldheimtuna þangað til hann sá bréf Gjaldheimtunnar varðandi gjöld Ottós Eiðssonar dags. 16. ágúst 1984. Ekki kannaðist hann við að hafa fengið bréfið, en hafa séð það. Fyrir dómi

kvaðst ákærði ekki minnast þess að hann hafi verið látinn vita um bréf Gjaldheimtunnar dags. 16. ágúst 1984.

Ákærði P hefur skýrt svo frá að hann hafi verið einn af stofnendum Panelofna hf. og hafi hann átt um það bil 16-17% af hlutafé. Hann muni alls ekki eftir hvenær hann hafi tekið sæti í stjórn félagsins. Hann hafi aldrei starfað við fyrirtækið og engin afskipti haft af fjármálum þess eða stjórnun. Ekki muni hann eftir að hafa nokkurn tíma setið stjórnarfundi í félaginu en aðalfundi hafi hann sótt. Hann hafi flutt til Húsavíkur árið 1980 og búið þar síðan. Honum hafi ekki verið ljós hin erfiða fjárhagslega staða fyrirtækisins. Honum hafi verið kunnugt um að miklar fjárfestingar höfðu átt sér stað. En hann hafi ekkert fylgst með rekstri fyrirtækisins og því ekki gert sér grein fyrir raunverulegri stöðu þess. Hann muni ekki hvort hann hafi skoðað reikninga félagsins fyrir 1983. Hann hafi ekki haft hugmynd um aftekt af launum Bjarna og Ottós Eiðssona á árunum 1983 og 1984.

Vitnið Gígja Árnadóttir hefur skýrt svo frá að hún hafi hafið störf hjá Panelofnum hf. vorið 1975 sem gjaldkeri. Hún hafi verið prókúruhafi í um það bil 2-3 ár og hafi starf hennar hjá fyrirtækinu verið fólgið í því að annast innheimtu á útistandandi skuldum, greiðslu minni skulda og sumra stærri skulda í samráði við yfirmenn. Einnig hafi hún séð um útreikninga launa og útborgun þeirra. Auk hennar hafi starfað á skrifstofunni skrifstofustúlka sem hafi annast vélritun og sendiferðir og Gunnar Ólafsson framkvæmdastjóri. Það hafi komið í hlut Gunnars að sjá um erlend viðskipti, starfsráðningar, afgreiða viðskiptamenn og sjá um almennan rekstur. Það hafi verið látið ganga fyrir að greiða reikninga vegna efniskaupa, söluskatt og laun. Síðan hafi verið reynt að greiða skuldir er komnar voru til innheimtu hjá lögfræðingum eða fógeta. Þau Gunnar hafi haft samráð um það hvernig fjármunum fyrirtækisins skyldi ráðstafað hverju sinni. Erfiðleikar fyrirtækisins hafi verið mikið ræddir. Því telji vitnið að öllum hafi verið kunnugt um þá, þar á meðal Sigurði. Þegar bréf Gjaldheimtunnar dags. 16. ágúst 1984 barst Panelofnum hf. hafi hún ekki treyst sér til þess að gera neitt í málinu frekar en öðrum á þessum tíma. Hún telji sig hafa látið Sigurð vita um þetta bréf. Bréfið hafi hún sýnt Vigfúsi Árnasyni endurskoðanda er verið hafi að kanna fjárhag fyrirtækisins. Á árinu 1984 hafi fyrirtækið átt í miklum greiðsluerfiðleikum. Komið hafi fyrir að hún hafi greitt hluthöfum og stjórnarmönnum með innistæðulausum ávísunum, sem þeir samþykktu að leysa ekki út fyrr en síðar. Einnig að það hafi komið fyrir að hún hafi ekki getað greitt sjálfri sér laun á réttum tíma, þar sem peningar hafi ekki verið til. Þannig hafi það fé sem skráð var á launaseðlum sem frádráttur til Gjaldheimtunnar í raun ekki verið til sem peningar.

Vitnið Ottó Eiður Eiðsson hefur skýrt svo frá að hann hafi verið varamaður í stjórn Panelofna það tímabil er greinir í ákæru. Hann hafi einungis einu sinni verið boðaður á stjórnarfund, en það hafi verið í júlí eða ágúst 1984, þá sem varamaður P. Fram að þeim tíma hafi vitnið ekkert vitað um fjármál fyrirtækisins annað en það að fjárhagsstaða þess væri slæm. Vitnið sótti aðalfundi, en hugsaði ekki mikið um fjármálin. Eftir aðalfundinn 1984 hafi vitninu verið falið að upplýsa Ofnasmiðju Reykjavíkur um stöðu Panelofna. Var þá verið að kanna möguleika á því að selja fyrirtækið þar sem þá var orðið ljóst hversu mikill halli var á rekstri þess. Gunnar Ólafsson framkvæmdastjóri hafi enn stjórnað fjármálum fyrirtækisins. Því telji vitnið að ábyrgðin hvíli mest á honum. Sigurður Þorkelsson stjórnarformaður hafi átt að vita um fjármálin, en hann hafi ekkert um þau vitað og einskis spurt. Þá hafi Gunnar aldrei ráðfært sig við Sigurð. Eftir að Gunnar lét af störfum hafi stjórn fjármála nær eingöngu verið í höndum Andra Árnasonar lögmanns og Vigfúsar Árnasonar endurskoðanda. Sjálfur hafi hann engin áhrif haft á ákvarðanatöku um fjármál félagsins.

Vitnið Sigríður Benediktsdóttir hefur skýrt svo frá að hún hafi starfað hjá Panelofnum hf. frá árinu 1978. Hún hafi unnið almenn skrifstofustörf hjá fyrirtækinu, en eftir að Gígja Árnadóttir hafi látið af störfum hafi það komið í hennar hlut að annast launaútreikninga og útborgun launa í september, október og nóvember 1984. Sigríður sagðist hafa haft sama hátt á og Gígja. Fjármálastjórn fyrirtækisins hafi á þessum mánuðum verið mjög losaraleg. Varla hafi verið hægt að tala um nokkra stjórnun í því sambandi. Hún hafi aðallega ráðfært sig við Andra Árnason lögmann og Vigfús Árnason endurskoðanda þegar hún greiddi út laun eða önnur gjöld. Um miðjan nóvember 1984 hafi vitnið tekið saman lista yfir skuldir fyrirtækisins að beiðni Andra Árnasonar. Hafi skuld fyrirtækisins til Gjaldheimtunnar verið tilgreind á þessum lista. Sjálf hafi hún aldrei kynnt sér hvernig ætti að gera skil á þeim opinberu gjöldum sem dregin höfðu verið af launum starfsmanna. Hafi hún sökum ókunnugleika aldrei gert það. Hún teldi að Sigurður hafi aldrei komið nálægt stjórn fyrirtækisins og efist um að hann hafi haft þekkingu til þess. Hann hafi fyrst og fremst unnið í verksmiðjunni. P hafi engin afskipti haft af rekstri fyrirtækisins. Eftir að Gunnar Ólafsson lét af störfum hafi enginn stjórnað fyrirtækinu. Hún líti svo á að hún beri enga ábyrgð á því að Gjaldheimtunni hafi ekki verið gerð skil á greiðslum. Hún hafi einungis reynt að sjá um að starfsmenn fyrirtækisins fengju laun sín greidd, eftir að hún var orðin ein á skrifstofunni.

Vitnið Andri Árnason lögmaður hefur skýrt svo frá að hann hafi verið ráðinn af stjórn Panelofna hf. sem lögmaður fyrirtækisins. Að hans ráðum

hafi rekstur fyrirtækisins verið alveg aðskilinn fyrir og eftir greiðslustöðvun. Hafi verið notað nýtt tékkhefti og nýjar bókhaldsmöppur. Ennfremur hafi hann gefið stjórnendum fyrirtækisins þau fyrirmæli að ekki mætti greiða neinar eldri skuldir fyrirtækisins. Eingöngu mætti greiða rekstrarkostnað á greiðslustöðvunartímabilinu. Vitnið telur sig hafa gefið Sigurði Þorkelssyni þessi fyrirmæli og hafi hann komið þeim áfram til Ottós Eiðssonar. Ottó hafi fremur en Sigurður komið fram sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en Sigurður hafi verið lítill sérfræðingur í fjármálum. Ekki gat vitnið skýrt það hvers vegna Gjaldheimtunni hefði ekki verið gerð skil vegna frádráttar launa starfsmanna í október og nóvember þar sem peningar hafi verið til á reikningi á þessum tíma. Fyrirtækið hafi staðið undir sér á greiðslustöðvunartímabilinu. Taldi vitnið að helst mætti rekja það til mistaka að þessar greiðslur hefðu ekki verið inntar af hendi. Taldi hann að Ottó Eiðsson hefði helst átt að fylgjast með því að það væri gert. Einnig fannst vitninu merkilegt að Bjarni Eiðsson hefði látið draga greiðslur þessar frá launum sínum án þess að fylgjast með því að þeim væri skilað til Gjaldheimtunnar, þar sem honum var kunnugt um það að fyrirtækið stóð á barmi gjaldþrots. Bjarni hafi verið varamaður í stjórn félagsins og jafnframt endurskoðandi þess. Vitnið sagðist ekki minnast þess að við hann hafi verið rætt um frádrátt af launum starfsmanna í opinber gjöld eða greiðslu á þeim. Hann hafi því ekki haft hugmynd um það að dregið hafi verið af launum starfsmanna í opinber gjöld á greiðslustöðvunartímabilinu.

III.

Ákæra dagsett 4. febrúar 1987.

— — —

IV.

Ákærðu eru allir sakhæfir. Ákærði Gunnar hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1964 7/2 í Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.

1969 21/1 í Reykjavík. Sátt: 500 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1974 11/2 í Reykjavík. Sátt: 1.500 kr. sekt fyrir brot á reglugerð nr. 185/1966.

1974 23/4 í Reykjavík. Sátt: 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. og 261. gr. hegningarlaga.

1974 2/5 í Reykjavík. Sátt: 500 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð 185/1966.

1976 5/5 í Reykjavík. Sátt: 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 10. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.

1976 29/6 í Reykjavík. Sátt: 18.000 kr. sekt fyrir brot gegn 10. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 54/1976.

Ákærði Sigurður hefur 11 sinnum gengist undir dómssáttir vegna brota á reglum um stöðumæla, lögreglusamþykktum og umferðarlögum. Einu sinni hefur hann hlotið dóm fyrir brot á umferðarlögum.

— — —

V.

Ákærði Gunnar Ólafsson óskaði ekki eftir að fá sér skipaðan verjanda í máli þessu. Þess óskuðu hins vegar ákærðu Sigurður Þorkelsson og P og var Guðmundur Markússon hrl. skipaður verjandi þeirra beggja.

Hann skilaði skriflegri málsvörn fyrir þá báða 11. maí 1987 og gerði þær kröfur að þeir verði sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins í málinu og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð. Jafnframt verði skipuðum verjanda úrskurðuð málsvarnarlaun.

Ekki tók verjandi til varnar varðandi brot það sem ákærða P er gefið að sök í ákæru dags. 4. febrúar 1987.

VI.

Niðurstöður.

Ákæra dagsett 19. júní 1986.

Ákærði Gunnar hefur játað þá háttsemi sem lýst er í ákæruskjali að öðru leyti en því að hann telur sig ekki bera ábyrgð á aftekt af launum Bjarna Eiðssonar og skilum til Gjaldheimtunnar eftir að hann lét af störfum sem framkvæmdastjóri 14. ágúst 1984. Ákærði hefur og hvorki játað né neitað þeim upphæðum er í ákæru greinir, þar sem hann hefur aðspurður ekki sagst geta tjáð sig um réttmæti þeirra útreikninga er liggja að baki þeim. Þó að ákærði léti af störfum sem framkvæmdastjóri var hann eftir sem áður stjórnarmaður í félaginu og á honum sem slíkum hvíldi eftirlitsskylda um rekstur félagsins. Litið er svo á að hún hafi náð til þess að hann m.a. fylgdist með umræddri aftekt af launum og skilum til Gjaldheimtunnar, þar sem sannað er að honum var kunnugt um vanskilin við Gjaldheimtuna fram til þess tíma er hann lét af störfum og hann hafði því sérstaka ástæðu til að fylgjast með fjárreiðum fyrirtækisins hvað þetta varðaði. Með hliðsjón af framangreindum játningum ákærða, sem eiga sér stoð í framlögðum málsskjölum, framburði meðákærðu og vitna, telst nægilega sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þykir þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæðis.

Gjaldheimtan í Reykjavík óskaði í kærubréfum sínum til rannsóknarlögreglu ríkisins aðstoðar við innheimtu umræddra gjalda. Í ákæru er mál

þetta einnig sagt höfðað til skaðabótagreiðslu. Ákærði Gunnar hefur hvorki neitað kröfunni né játað. Krafan, sem ekki hefur verið véfengd, er sprottin af saknæmu atferli ákærða Gunnars, þykir hann því persónulega ábyrgur fyrir henni og verður því ákærði dæmdur til að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík kr. 86.972,00 vegna Ottós Eiðssonar, en þannig stóð krafan vaxtareiknuð hinn 27. águst 1984, og kr. 192.194,00 vegna Bjarna Eiðssonar, en þannig stóð krafan vaxtareiknuð hinn 2. apríl 1985, eða samtals kr. 279.166,00 með hæstu mánaðarlegu dráttarvöxtum, eins og þeir eru samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma af kr. 66.684,00 frá 27. ágúst 1984 til greiðsludags og af kr. 150.747,00 frá 2. apríl 1985 til greiðsludags.

Refsing ákærða þykir eftir þeim refsilagaákvæðum sem ákært er eftir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu refsingar og láta hana niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. og sérstakt skilorð 6. tl. sömu greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. lög nr. 22/1955 og greiði Gjaldheimtunni í Reykjavík kr. 279.166,00 auk hæstu mánaðarlegra dráttarvaxta skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma af kr. 66.684,00 frá 27. ágúst 1984 og af kr. 150.747,00 frá 2. apríl 1985 til greiðsludags.

Staðhæfingar ákærða Sigurðar Þorkelssonar um að hann hafi ekki fylgst með fjármálum fyrirtækisins og að honum hafi ekki verið kunnugt um vanskil fyrirtækisins við Gjaldheimtuna eru studdar framburði meðákærðu og vitna.

Ársreikningar félagsins vegna 1983 bera með sér skuld vegna „ógreiddra opinberra gjalda". Ekki er frá því greint að um sé að ræða skuld við Gjaldheimtuna vegna aftekinna opinberra gjalda starfsmanna.

Þykir nægilega sannað að ákærða hafi ekki verið kunnugt um vanskil fyrirtækisins við Gjaldheimtuna og að hann hafi ekki átt neinn þátt í að draga fyrirtækinu fé það er skila átti Gjaldheimtunni.

Ákærði var stjórnarformaður félagsins og á honum sem slíkum hvíldi skylda til að fylgjast með rekstri félagsins í höfuðdráttum, sérstaklega eftir að honum urðu ljósir rekstrarerfiðleikar þess. Þó verður ekki talið að eftirlitsskylda hans hafi verið svo rík að fallist verði á að honum hafi borið að fylgjast svo nákvæmlega með fjárreiðum fyrirtækisins að honum hafi átt að vera kunnugt um brot þau er hér eru til umfjöllunar. Ber því að sýkna ákærða af broti því er honum er gefið að sök í ákæru.

Sannað þykir með framburði ákærða P sem studdur er framburði meðákærðu og vitna að hann hafi engin afskipti haft af rekstri Panelofna hf. og honum því verið ókunnugt um vanskil fyrirtækisins við Gjaldheimtuna.

Þó litið sé svo á að á ákærða sem stjórnarmanni hafi hvílt eftirlitsskylda

um rekstur félagsins þá verður ekki fallist á að hún hafi verið svo rík að ákærða hafi borið að fylgjast svo nákvæmlega með fjárreiðum fyrirtækisins að honum hafi átt að vera kunnugt um umrædda aftekt af launum og vanskil við Gjaldheimtuna. Ber því að sýkna ákærða af broti því sem honum er gefið að sök í ákæru dags. 19. júní 1986.

— — —

VII.

Dæma ber ákærða Gunnar Ólafsson til að greiða 7/8 hluta sakarkostnaðar og P til að greiða 1/8 hluta sakarkostnaðar.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu Sigurðar Þorkelssonar og P, Guðmundar Markússonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 30.000,00, skulu greiðast úr ríkissjóði sbr. 140. gr. eml. enda tók vörn verjandans hvað P varðar einungis til brots þess er honum var gefið að sök í ákæru dags. 19. júní 1986 og hann er sýknaður af.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna anna dómarans er tók við málinu 11. maí 1987.

Dóm þennan kvað upp Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði Gunnar Ólafsson sæti fangelsi í 4 mánuði en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. og sérstakt skilorð 6. tl. sömu greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955 og greiði Gjaldheimtunni í Reykjavík kr. 279.166,00 auk hæstu mánaðarlegra dráttarvaxta skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma af kr. 66.684,00 frá 27. ágúst 1984 og af kr. 150.747,00 frá 2. apríl 1985 til greiðsludags.

Ákærði Gunnar Ólafsson greiði 7/8 hluta sakarkostnaðar.

Ákærði Sigurður Þorkelsson skal sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði P skal sýkn af kröfum ákæruvaldsins um fjársvik.

Ákærði P greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 16.000,00 og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði P er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 13. janúar 1987 að telja.

Ákærði P greiði 1/8 hluta sakarkostnaðar.

Málsvarnarlaun Guðmundar Markússonar hrl., kr. 30.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 29. febrúar 1988.

Nr. 26/1988. **Helgi Árnason**
gegn
Rósu Ingólfsdóttur

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 18. janúar 1988, er hingað barst 21. s.m. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Auk þess krefst hann hæfilegs kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati Hæstaréttar.

Héraðsdómari tilkynnti varnaraðila um dóm sinn og kæruna með bréfi 1. febrúar sl. og gaf henni kost á að skila greinargerð af sinni hendi og veitti frest í því skyni til 15. febrúar. Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Bæjarþingsmálið var þingfest 15. október 1987 og lagði umboðsmaður sóknaraðila þá fram stefnu, greinargerð og 6 skjöl. Hann fékk síðan frest til frekari málatilbúnaðar til 29. s.m., er málið var dómtekið að kröfu hans án þess að frekari gögn væru lögð fram. Af hálfu varnaraðila var í hvorugt skiptið sótt þing.

Héraðsdómari taldi málatilbúnað sóknaraðila ófullkominn og vísaði málinu af þeim sökum frá dómi. Eigi þykir rétt, eins og á stendur, að grípa fram fyrir hendur héraðsdómara, enda er sóknaraðila fær sú leið að stefna málinu að nýju fyrir héraðsdóm og reifa þá málið skilmerkilega. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. janúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 29. október sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri þann 6. október sl. af Helga Árnasyni, nnr. 3951-1657, Æsufelli 6, Reykjavík, gegn Rósu Ingólfsdóttur, nnr. 7376-8039, Hlaðbæ 15, Reykjavík.

Dómkröfur:

Dómkröfur stefnanda eru þær:

I. Aðallega að rift verði kaupsamningi aðila dags. 6. september 1985 þar sem stefnandi seldi stefndu fasteignina Hlaðbæ 15, Reykjavík, ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum.

II. Til vara er þess krafist að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda kr. 949.409,00 auk 2,5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. mars 1987 til 1. maí s.á., en með dráttarvöxtum frá þeim degi þannig: 30% til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til stefnubirtingardags máls þessa en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir:

Stefnandi kveður málavexti vera þá að samkvæmt kaupsamningi dags. 6. september 1985 hafi stefnandi selt stefndu einbýlishúsið nr. 15 við Hlaðbæ í Reykjavík. Söluverðið hafi numið kr. 4.450.000,00 en af því skyldi stefnda greiða frá gerð kaupsamnings til 1. september 1986 í peningum með nánar tilteknum skiptum greiðslum kr. 2.900.000,00, yfirtaka áhvílandi veðskuldir að fjárhæð kr. 781.358,00 og gefa út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvunum kr. 768.642,00. Bréfið skyldi vera til 5 ára með 20% föstum vöxtum frá 20. september 1985 en fyrst skyldi greitt af bréfinu þann 1. desember 1986. Á undan bréfi þessu skyldi stefnda fá veðheimild frá stefnanda alls kr. 1.000.000,00 auk áhvílandi veðskulda. Stefnandi kveður afhendingardag eignarinnar hafa verið 20. september 1985. Stefnandi kveður að greiðslur hafi dregist allverulega eins og nánar verði gerð grein fyrir þegar varakrafa verði reifuð. Hafi svo verið komið að stefnda hafi skuldað stefnanda miðað við 1. mars 1987 kr. 292.997,00 auk lögmannskostnaðar og hafi þá verið eftir að gefa út skuldabréf vegna eftirstöðva kaupverðsins kr. 768.642,00 að frádreginni afborgun þann 1. desember 1986 kr. 153.728,40, eða kr. 614.913,60 sem tryggt væri með veði skv. framansögðu. Stefnandi kveður að samkomulag hafi verið á milli stefnanda og stefndu þess efnis að stefnda fengi að gera upp skuld sína í júní 1987 með láni frá Húsnæðisstofnun ríkisins sem hún hafi þá átt loforð fyrir.

Stefnandi kveður að þegar hann hafi farið að ganga eftir greiðslu frá stefndu hafi komið í ljós að hún hafði ávísað láninu til Landsbanka Íslands til greiðslu á skuldum sínum við bankann og hafi hún því ekki getað notað lánið til þess að greiða stefnanda. Hafi stefnda þá fengið veðleyfi hjá stefnanda fyrir kr. 2.011.634,00 þannig að stefnda hafi ekki getað veðsett hina seldu eign til tryggingar greindu láni innan þeirrar heimildar sem hún hafi haft samkvæmt kaupsamningnum. Stefnandi telur því ljóst að stefnda hafi alls ekki getað staðið við kaupsamning þeirra hvorki að greiða skuld sína við stefnanda né gefa út veðskuldabréf vegna eftirstöðvanna innan þeirra marka sem greind eru í samningi. Stefnandi kveður sig því engan annan kost hafa en að rifta samningi aðila vegna vanskila stefndu. Stefnandi kveður stefndu ennfremur hafa vanrækt að greiða af yfirteknum veðskuldum skv. kaupsamningi og hafi veðhafar beðið um uppboð á eigninni vegna vanskila.

Varakrafa:

Verði ekki á það fallist að stefnandi eigi riftunarrétt er gerð krafa til þess að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda skuld sína skv. kaupsamningi aðila og verði við það miðað að skuldabréf það sem stefnda átti að gefa út vegna eftirstöðva kaupverðsins hafi gjaldfallið vegna vanskila þann 1. desember 1986 en þá er skuld stefndu við stefnanda þannig:

Greiðsla pr. 10.06. 1986		kr.	300.000,00
Dráttarv. pr. 10.09. 1986		kr.	20.250,00
Greiðsla pr. 10.07. 1986		kr.	200.000,00
Dráttarv. pr. 10.09. 1986		kr.	9.000,00
Greiðsla pr. 10.08. 1986		kr.	200.000,00
Dráttarv. pr. 10.09. 1986		kr.	4.500,00
Greiðsla pr. 10.09. 1986		kr.	150.000,00
	Samtals	kr.	883.750,00
Greiðsla pr. 28.08., 29.08.		kr.	350.000,00
Eftir eru þá		kr.	533.750,00
Dráttarv. pr. 10.10. 1986		kr.	11.250,00
	Samtals	kr.	545.000,00
Greiðsla 26.09. 1986		kr.	100.000,00
Eftir eru þá		kr.	445.000,00

Dráttarv. pr. 10.03. 1987	kr.	50.062,00
Höfuðstóll veðskuldabréfs	kr.	768.642,00
20% ársvextir 20.09. 1985 til 01.12. 1985	kr.	183.802,00
Dráttarv. pr. 01.03. 1987	kr.	64.290,00
Samtals	kr.	1.511.796,00
Greitt 18.02. 1987	kr.	562.387,00
Skuld	kr.	949.409,00

sem stefnandi kveður vera stefnufjárhæðina.

Málsástæður:

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína um riftun á stórfelldum vanefndum stefndu. Stefnandi kveður að ljóst sé að stefndu sé ómögulegt að uppfylla samning sinn við stefnanda og því sé stefnanda heimil riftun með vísan til reglna kröfuréttarins. Varðandi varakröfu byggir stefnandi á vanefndum stefndu á samningi aðila.

Lagarök:

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til reglna kröfuréttarins.

Stefnda hefur hvorki sótt né látið sækja þing og er henni þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Samkvæmt yfirliti yfir vanskil stefndu er skuld í vanskilum talin nema kr. 949.409,00. Þar er gengið út frá að stefnanda hafi verið heimilt að gjaldfella eftirstöðvar kaupverðs að fjárhæð kr. 768.642,00, sem gefa átti út skuldabréf fyrir. Í gögnum málsins kemur ekkert fram er heimili slíka gjaldfellingu, enda verður það að teljast almenn regla að slíkt sé ekki heimilt nema skýru ákvæði í samningum aðila sé til að dreifa. Það er því ljóst að raunveruleg vanskil eru minni en gengið er út frá í stefnu. Þar sem ekki liggur fyrir nákvæm sundurliðun á því hver þau eru, verður ekki lagt mat á það hvort skilyrðum riftunar er fullnægt. Af þessari sömu ástæðu er ljóst að varakrafa stefnanda er of há. Þar sem málatilbúnaður stefnanda er ófullkominn að þessu leyti og forsendur þær er hann reisir kröfur sínar á óljósar er ekki unnt að taka efnislega afstöðu til þeirra og verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Davíð Þór Björgvinsson, ftr. yfirborgardómara.

Uppsaga dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Mánudaginn 29. febrúar 1988.

Nr. 24/1987. **Stefán Árnason**
(Jón G. Briem hdl.)
gegn
Ingibjörgu Ragnheiði Grétarsdóttur
og gagnsök
(Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)

Skaðabótamál. Líkamstjón. Örorkumat.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 6. s.m. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðallega að málinu verði vísað heim í héað til dómsálagningar að nýju. Til vara að aðaláfrýjandi verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda. Jafnframt er þess krafist að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til þrautavara er þess krafist að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda mun lægri fjárhæð en í héraðsdómi greinir. Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti. Til þrautaþrautavara krefst hann staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Dómkröfur gagnáfrýjanda eru svohljóðandi:

„AÐALSÖK.

Í aðalsök eru gerðar þær dómkröfur að kröfum aðaláfrýjanda verði hrundið og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum að mati Hæstaréttar. Jafnframt er vísað til þrautavarakröfu í gagnsök.

GAGNSÖK.

AÐALKRAFA.

ÖRORKUBÆTUR:

Samkvæmt örorkutjóns-útreikningum Jóns E. Þorlákssonar, tryggingastærðfræðings, dags. 15.02.1988, miðað við slysdag	kr. 1.093.600.00	
vegna framreiknings örorkutjóns frá slysdegi til 20.3.1980	kr. 1.062.400.00	kr. 2.156.000
MISKABÆTUR.		400.000
	SAMTALS	kr. 2.556.000

VAXTAKRAFA:

Krafist er vaxta af kr. 1.493.600.00, það er af kr. 1.093.600.00, sem er örorkutjón miðað við slysdag, og miskabótum kr. 400.000.00, með 31% ársvöxtum frá 20.03.1980 til 01.07. s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 01.06.1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 01.11.1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20.10.1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20.11. s.á., 27% ársvöxtum til 20.12. s.á., 21.5% ársvöxtum frá þeim degi til 20.01.1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 10.03.1984, með dómvöxtum frá þeim degi til 14.04.1987, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og að vextir áfallnir eftir 14.04.1987 bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 14.04.1988.

MÁLSKOSTNAÐUR:

Krafist er málskostnaðar fyrir báðum réttum samkvæmt mati Hæstaréttar, en hjálagt er yfirlit yfir útlagðan kostnað.

VARAKRAFA.

ÖRORKUBÆTUR:

Samkvæmt örorkutjónsútreikningum Jóns E. Þorlákssonar, tryggingastærðfræðings, dags. 15.02.1988, miðað við slysdag		kr. 1.093.600.00
MISKABÆTUR		kr. 400.000.00
	SAMTALS	KR. 1.493.600.00

VAXTAKRAFA.

Sama vaxtakrafa og í aðalkröfu.

MÁLSKOSTNAÐUR.

Sama krafa og í aðalkröfu.

ÞRAUTAVARAKRAFA.

Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að öðru leyti en því að vaxtakrafa er sú sama og í aðalkröfu, og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum að mati Hæstaréttar.

GJAFVÖRN.

Dómsmálaráðherra veitti gagnáfrýjanda gjafvörn í aðalsök og gjafsókn í gagnsök fyrir Hæstarétti, en þær kröfur eru gerðar að málskostnaður verði tildæmdur gjafvarnarhafa, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál."

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, m.a. ljósmyndir af gagnáfrýjanda, er sýna ör á fótleggjum hennar af völdum brunans og eftir húðflutninga á brunasárin.

Þá hefur verið lagður fram nýr útreikningur á örorkutjóni gagnáfrýjanda, dagsettur 15. febrúar 1988, gerður af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi. Í útreikningi þessum reiknar tryggingastærðfræðingurinn út höfuðstólsverðmæti örorkutjónsins, annars vegar miðað við slysdag 20. mars 1974, og hins vegar miðað við 20. mars 1980.

Þar sem um stúlkubarn er að ræða var eigi unnt að byggja áætlun um framtíðartekjur á tekjum næstu árin fyrir slysið. Þegar þannig stendur á, miðar tryggingastærðfræðingurinn áætlun sína um framtíðartekjur við 70% af meðaltekjum iðnaðarmanna, er samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar nema 956.500,00 krónum, sem gerir 669.600,00 krónur á ári. Á þessum forsendum gerir tryggingastærðfræðingurinn eftirfarandi áætlun:

	„Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1978	3.400	1.200
1979	6.400	2.200
1980	29.100	10.100
1981	69.000	24.200

	„Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1982	107.000	37.500
1983	164.400	57.500
1984	203.000	71.100
1985	277.600	97.200
1986	441.400	154.500
1987	615.000	215.200
Síðan árlega	669.600	234.400

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi kr. 1.093.600.-

Höfuðstólsverðmæti tjónsins, þegar það er reiknað miðað við 20. mars 1980, telst mér nema kr. 2.156.000.-“

Við útreikning höfuðstólsverðmætis hefur tryggingastærðfræðingurinn notað einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi fram að útreikningsdegi, 15. febrúar 1988, en 6% vexti og vaxtavexti eftir það.

II.

Aðaláfrýjandi styður heimvísunarkröfu sína þeim rökum, að héraðsdómari hafi ekki á lögmætan hátt tekið afstöðu til þeirrar málsástæðu hans, að kælingu á brunasárum gagnáfrýjanda hafi verið hætt of snemma. Telur aðaláfrýjandi að héraðsdómarinn hefði átt að kveðja lækni þann, er haft var samband við eftir slysið, fyrir dóm og óska eftir mati sérfróðra manna um það, hvort áframhaldandi kæling hefði komið í veg fyrir örorkuna.

Hér er um sönnunaratriði að tefla, sem aðaláfrýjanda bar að sanna, vildi hann byggja varnir sínar á þessum atriðum. Málinu verður því ekki heimvísað af þessum ástæðum. Þá byggir aðaláfrýjandi kröfu sína um heimvísun á því, að héraðsdómari hafi ekki kallað sérfróða meðdómendur til dómstarfa, né leitað umsagnar læknaráðs.

Samkvæmt 1. tl. 37. gr. A laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 metur héraðsdómari það, hvenær þörf er sérkunnáttu í dómi. Ekki verður séð, að honum hafi orðið á í því mati. Í réttarhaldi hinn 29. apríl 1986 lýsti lögmaður stefnda í héraði yfir því,

að hann gerði ekki kröfu til þess, að málið færi til umsagnar læknaráðs.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður málinu heldur ekki heimvísað af þessum ástæðum.

Þá heldur aðaláfrýjandi því að lokum fram, að héraðsdómari hafi látið undir höfuð leggjast að afgreiða þá málsástæðu hans, að með því að hætta kælingu svo fljótt sem raun varð á, hafi það jafngilt nýjum tjónsatburði.

Í héraðsdómi segir svo um þetta:

„Um þá málsástæðu stefnda, að röng aðferð við kælingu og umönnun stefnanda eftir slysið sé eigin sök stefnanda er það að segja, að stefnandi átti ekkert val né heldur hafði hún vald á því hvaða meðferð hún sætti og enda þótt eitthvað kynni að hafa farið úrskeiðis í þessum efnum verður það ekki metið henni til sakar, og er þessari málsástæðu stefnda því hafnað." Verður að telja þetta fullnægjandi afgreiðslu héraðsdómara á téðri málsástæðu aðaláfrýjanda, og því séu eigi efni til heimvísunar að heldur.

III.

Fallast ber á röksemdir héraðsdómara fyrir óskoraðri bótaskyldu aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda vegna slyss þess, er hún varð fyrir 20. mars 1974. Þá ber og að fallast á það, að vextir frá fyrri tíma en 10. mars 1980 séu fyrndir. Verður því við ákvörðun bóta til gagnáfrýjanda að hafa hliðsjón af útreikningi tryggingastærðfræðingsins er miðar við slysdag, sem gerir 1.093.600.00 krónur.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 26. apríl 1984 segir í niðurstöðu m.a. svo: „Vegna hinnar miklu örmyndunar eru útlitslýti hér reiknuð inn í örorkuna, en miski og þjáningar ekki."

Þegar þetta er haft í huga þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda bætur fyrir fjártjón og miska í einu lagi. Bætur þessar þykja hæfilega ákveðnar 900.000,00 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til venjubundinnar lækkunar vegna skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu þeirra.

Aðaláfrýjandi er dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda ofangreinda fjárhæð ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 337.400,00 krónur, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns hennar, Hafsteins Hafsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 160.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Krafa lögmanns gagnáfrýjanda um dráttarvexti á málskostnað hefur ekki lagastoð og er því eigi tekin til greina.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Stefán Árnason, greiði gagnáfrýjanda, Ingibjörgu Ragnheiði Grétarsdóttur, 900.000,00 krónur með 31% ársvöxtum frá 20. mars 1980 til 1. júlí s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 10. mars 1984, með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vextir áfallnir eftir 14. apríl 1987 bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 14. apríl 1988.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 337.400,00 krónur, er renni í ríkissjóð.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs verjanda hennar, Hafsteins Hafsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 160.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 23. júní 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með stefnu birtri 10. mars 1984.

Stefnandi er Ingibjörg Ragnheiður Grétarsdóttir, Syðri-Reykjum III, Biskupstungum (nnr. 4605-3990).

Stefndi er Stefán Árnason, Syðri-Reykjum II, Biskupstungum (nnr. 8331-5237).

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.500.000,00 ásamt 31% ársvöxtum frá 20.03.1980 til 01.07.1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 01.06.1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 01.11.1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20.10.1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20.11.1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20.12.1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20.01.1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en frá þeim degi er krafist hæstu innlánsvaxta eins og þeir verða á hverjum tíma til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar aðallega að hann verði sýknaður af stefnukröfum og að stefnandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu skv. mati dómsins. Til vara er þess krafist að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Þann 25. apríl sl. var stefnanda veitt gjafsókn í málinu og Hafsteinn Hafsteinsson hrl. skipaður til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa.

Sáttaumleitanir reyndust þýðingarlausar.

Málavextir eru þeir að þ. 20. mars 1974 var stefnandi að leika sér ásamt vinkonu sinni utan við íbúðarhús stefnda. Skammt frá því var gamalt gróðurhús sem notað var sem geymsla. Í suðurenda þess var þró þar sem heitt vatn frá gróðurhúsi fyrir sunnan safnaðist saman. Þró þessi var byrgð að mestu en þó var gat á henni ofanverðri.

Stefnandi kveðst hafa hoppað yfir steinvegg og inn í gróðurhúsið og hlaupið yfir það. Við það steig hún með vinstra fæti niður um gatið á þrónni og brenndist á fæti. Hoppaði hún síðan á öðrum fæti frá slysstað og til heimilis stefnda, þar sem kona hans tók á móti henni og kallaði á mann sinn sem kom og kveður stefnandi hann hafa tekið sig og borið inn í hús stefnda niður í kjallara og þaðan heim til stefnanda sem býr um 80 metra norðan við stefnda.

Stefndi hefur mótmælt þessu og segist hafa farið með stefnanda beint heim til hennar. Á þessum tíma hafi hann ekki haft neitt kalt vatn, einungis heitt, sem síðan var kælt í flöskum og því ekki nægjanlegt kalt vatn til að kæla sár stefnanda.

Er heim til stefnanda var komið fór stefndi með hana inn í lítið salernisherbergi með sturtu og sprautaði þar köldu vatni á fót stefnanda sem

hafður var niðri í fötu. Síðan tók móðir stefnanda hana og fór með hana inn í baðherbergi þar sem kælingu var haldið áfram í baðkeri og aðstoðaði vitnið Brynja Ragnarsdóttir við það.

Haft var samband við lækni í Laugarási og kvað vitnið Lára Jakobsdóttir, móðir stefnanda, hann hafa sagt að hann kæmist ekki til hennar og að kælingu skyldi haldið áfram. Þá kveðst vitnið hafa haft samband við lækninn á nýjan leik og sagði hann henni þá að koma með stefnanda til sín í Laugarás.

Foreldrar stefnanda bjuggu nú um hana í bifreið sinni og var ekið með hana til læknisins sem bjó um sár hennar, en hún var síðan flutt á Landspítalann í Reykjavík. Á leiðinni þangað komu þau við að Syðri-Reykjum.

Þriðjudaginn 14. maí 1974 óskaði faðir stefnanda, Grétar Grímsson, eftir lögreglurannsókn vegna slyssins.

Skýrsla lögreglu liggur frammi á dskj. nr. 4. Þar er vettvangi lýst sem hér greinir: „Við norðurenda gróðurhúss, sem þarna er, var hola niður í heitt frárennsli frá húsinu, en búið var að láta hlera yfir og mun það hafa verið gert fljótlega eftir að slysið varð."

Þann 22. júlí 1975 var tekin skýrsla hjá lögreglu af stefnda, Stefáni Árnasyni, og þann 14. júlí 1975 tók lögreglumaður ljósmyndir af vettvangi sem liggja frammi á dskj. nr. 2.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 26. apríl 1984 á dskj. nr. 6 svohljóðandi:

„Ingibjörg slasaðist 20. mars 1974, er hún stakk vinstri fæti í frárennsli frá heitri laug og brenndist illa á öllum fæti, fótlegg og upp fyrir hnéð. Hún var flutt á Barnadeild Landspítalans samdægurs og liggur vottorð Árna Björnssonar yfirlæknis dags. 21. október 1975 og hljóðar það svo:

„Ingibjörg Ragnheiður Grétarsdóttir, f. 17. des. 1964, til heimilis að Syðri-Reykjum, Biskupstungum var lögð inn á Barnadeild Landspítalans hinn 20. mars 1974, en hún hafði þann sama dag, að sögn, stungið vinstra fæti niður í frárennsli frá heitri laug, og brennt sig upp fyrir hné. Brunasár þessi reyndust vera það djúp að gera þurfti endurtekna húðflutninga og lá telpan á Barnadeildinni allt til 10. júlí 1974.

Sem afleiðing af brunanum mynduðust allþykk ör í hnésbótinni og aftan á kálfanum, en jafnframt var húðin á hælnum mjög þunn og fast vaxin við beinið á litlum bletti. Þar mynduðust sár öðru hverju og sömuleiðis í örþykknin í hnésbótinni. Telpan var lögð inn að nýju út af örunum 7. sept. 1975 og gerð á henni aðgerð og útskrifaðist hún aftur hinn 20. sept. 1975. Í þessari legu var gerð aðgerð á örinu á hælnum og sömu leiðis á örunum í hnésbótinni en þar fyrir utan hefur telpan áberandi ör aftan á kálfanum og húðin á öllum ganglimnum frá hné og niðurúr er óeðlileg að

lit og gerð. Þá eru litarbreytingar í húðinni á báðum lærum, en þar þurfti að taka húð til flutnings á brunasárin.

Niðurstaða:

Um er að ræða afleiðingar af bruna á vinstra ganglim, en þær eru ör á ganglimnum frá hnésbót og niður úr og eru sum af þessum örum þykk; þá er húðin á hælnum enn þunn og viðkvæm. Um er að ræða varanleg útlitslýti en auk þess gætu þessi ör orðið til þess að hindra hreyfanleika telpunnar, en um þá hlið málsins er ekki hægt að segja neitt meira að svo stöddu.""""

Annað vottorð Árna Björnssonar er dags. 9. apríl 1984 og hljóðar það svo:

„Um fyrri gang sjúkdóms þessa vísast til vottorðs útgefins 21. október 1975.

Hinn 31-08-1976 var stúlkan lögð inn á lýtalækningadeild Landspítalans og lá þar til 17-09-1976. Í þeirri legu var gerð aðgerð á örunum við hælinn og ennfremur á örunum við hnéð. Enn var hún lögð inn á lýtalækningadeild Landspítalans hinn 18-02-1983 og lá þá til 05-03-1983. Þá var gerð aðgerð á hælnum, sem fólgin var í húðflutningi á svæðið á hælnum þar sem örið var þykkast.

Það sem háir sjúklingi fyrst og fremst er það að örunum hættir við að springa og myndast í þeim sár, sérstaklega á þetta við um örið á hælnum en þar er, eins og ávallt er um slík ör, óeðlileg siggmyndun á mótum eðlilegrar húðar og örvefs.

Búast má við að þessi vandamál verði, að minnsta kosti að einhverju leyti, varanleg framvegis.

Í annan stað eru örin á fætinum mikið útlitslýti fyrir unga stúlku og sama má raunar segja um örin þar sem húð var tekin til að loka brunasárunum upphaflega.

Lýtum þessum verður ekki breytt með frekari aðgerðum og eru þau því varanleg.

Niðurstaða:

Um er að ræða nokkra starfstruflun út af örum á vinstra ganglim og varanleg útlitslýti á ungri stúlku."

„Ingibjörg kom til undirritaðs þ. 25.4.1984.

Hún kvaðst stöðugt finna fyrir brunaörunum. Hún fær verki í v. hnésbót og v. hæl við áreynslu og hnéð og ökklinn stirðna við setur og annað hreyfingarleysi, og minnkar þá hreyfiferill þessara liða, en eftir hvíld er hann eðlilegur. Hún þolir ekki að hlaupa. Sundlaugar með klóri þolir hún ekki vegna mikils kláða sem kemur í örin, og verður hún þá alveg viðþolslaus og klórar sig til blóðs. Ingibjörg þolir ekki aðra skó en klossa sem eru opnir að aftan eða strigaskó með mjúkum hæl. Örin verða blárauð í kulda. Hún telur nokkra kraftminnkun vera í v. ganglim.

Ingibjörg lauk skólaskyldu árið 1980. Hún hefur reynt að vinna tvisvar síðan, annað sinnið í sláturhúsi og hitt við síldarvinnslu, 4-6 vikur, en þoldi það ekki vegna óþæginda frá liðunum og vegna sármyndunar á hælnum. Sár þessi koma oft og eru nokkurn tíma að gróa.

Annað hefur hún ekki unnið og telur erfitt að finna starf við sitt hæfi, enda hefur hún enga menntun umfram skyldunám.

Við skoðun sést að v. fótleggur er sem næst alþakinn örum frá því um efri brún hnés og niður á rist. Mest eru örin í hnésbótinni og aftan á hæl og eru í þeim þykkir strimlar. Aftan á hælnum er skálarlaga dæld með þykkum örvefsgarði umhverfis og er dældin rúmlega 3 cm í þvermál. Húðin í botninum er þunn og föst við hælbeinið. Ekkert sár er á svæðinu þegar þessi skoðun fer fram.

Vægur þroti er í fótleggnum öllum og hann virðist aðeins gildari en sá hægri, sérstaklega um ökklann. Þannig hverfur vinstri innri ökklahnútan að mestu.

Full hreyfing er í v. hné og ökkla. Þunnhvít ör eru á báðum lærum eftir húðflutninga.

Niðurstaða.

Ingibjörg hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku vegna brunans. Auk þess hefur hún mikil útlitslýti, sem eru sérstaklega þungbær, þar sem hún er kona og getur varla vænst þess að ganga öðru vísi en síðklædd framvegis.

Örorkan byggist fyrst og fremst á örunum, áhrifum þeirra á hnélið og ökklalið, og hinum tíðu sárum, sem hún fær á hælinn, þrátt fyrir að hún notar aðeins sérstakar tegundir af skóm. Allt þetta er varanlegt og kemur til með að hafa mikil áhrif á starfsval hennar og þar með tekjumöguleika auk félagslegrar þvingunar og takmarkana. Vegna hinnar miklu örmyndunar eru útlitslýti hér reiknuð inn í örorkuna, en miski og þjáningar ekki.

Örorka Ingibjargar vegna slyssins og afleiðinga þess er sem hér segir:

Frá slysinu í 30 mánuði	100%
Síðan varanleg örorka	35%“

Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur reiknaði út verðmæti vinnutekjutaps stefnanda og segir svo í greinargerð hans dags. 1. maí 1984, á dskj. nr. 7:

„*Verðmæti vinnutekjutaps.*

Ég hef reiknað út verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi með fjórum mismunandi forsendum um vexti eftir 1. maí 1984, en frá þeim degi aftur til slysdags nota ég vexti af almennum spariinnlánum á tvo mismunandi vegu. Í fyrsta lagi með vöxtum og vaxtavöxtum eins og venja er við ávöxtun fjár (Aðferð I) og hinsvegar með einföldum vöxtum, sem virðast vera venja við uppgjör skaðabótamála hérlendis (Aðferð II).

Verðmæti taps á slysdegi í heilum krónum er sýnt hér á eftir:

Aðferð I. Notaðir eru vextir og vaxtavextir milli slysdags og 1. maí 1984.

Ársvextir eftir 1. - 5. 1984	5%	7%	9%	13%
v/örorku til 1. - 5. 1984	44.280	44.280	44.280	44.280
v/ — eftir það	320.428	245.167	197.179	140.956
Samtals kr.	364.708	289.447	241.459	185.236

Aðferð II. Notaðir eru einfaldir vextir yfir umrætt tímabil.

Ársvextir eftir 1. - 5. 1984	5%	7%	9%	13%
v/örorku til 1. 5. 1984	66.891	66.891	66.891	66.891
v/ — eftir það	700.664	536.095	431.161	308.221
	767.555	602.986	498.052	375.112“

Tryggingastærðfræðingurinn reiknaði síðan verðmæti vinnutekjutaps stefnanda út að nýju og í greinargerð hans frá 6. apríl 1986 á dskj. nr. 15 segir svo m.a.:

„Örorkutjón þetta reiknaði ég út með útreikningum dags. 1. maí 1984. Þeir útreikningar eru nú algjörlega úreltir af mörgum ástæðum.

Laun hafa hækkað mjög í krónutölu, vextir hafa breytst, kominn er úrskurður Hæstaréttar (frá 10. júlí 1984) um notkun 6% ársvaxta við afvöxtun framtíðartaps, sem litið er á sem ákvarðandi eins og er, og nýjar rannsóknir á dánarlíkum íslensku þjóðarinnar eru nú fyrir hendi.

Nýjar rannsóknir á vinnutekjuöflun gefa nú til muna traustari grundvöll til áætlana vinnutekna ungra stúlkna.

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi.

Vaxatskil verða gerð við 1. apríl 1985 þannig að áætlað tap eftir þann tíma verður afvaxtað með 6% ársvöxtum til þess dags. Síðan verður allt áætlað tap afvaxtað til slysdags með svokölluðum heildarvöxtum á almennum spariinnlánum Landsbanka Íslands sem innihalda verðbótaþátt. Einungis eru notaðir einfaldir vextir fyrir 1. apríl 1986 og aftur til slysdags.

Verðmæti áætlaðs taps á slysdegi reiknast nema:

Vegna örorku til 1. 4. 1986	kr.	109.446,00
“ “ eftir það	kr.	590.050,00
	kr.	699.496,00“

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi:

Stefnandi byggir á því, að skv. saknæmisreglunni beri stefndi ábyrgð á tjóni hennar. Hann hafi vanrækt að koma fyrir umbúnaði til þess að varna

slysi. Stefnandi hafi hlotið bæði tímabundið og varanlegt líkamstjón vegna slyssins, bæði fjártjón og miska.

Ennfremur telur stefnandi að stefndi beri skaðabótaábyrgð, þar sem hann sé eigandi og umráðamaður gróðurhússins.

Þá heldur stefnandi því fram að ekki sé ástæða til að fallast á fyrningu vaxta á tjón hennar þar sem ekki hafi verið unnt að meta örorku hennar fyrr en löngu eftir slysið sem megi sjá af því að hún hafi verið undir læknishendi allt fram til ársins 1983.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar sem hér segir:

„Örorkubætur:			
Samkvæmt útreikningi trygginga-			
stærðfræðings	kr.	699.496,00	
Vextir frá slysdegi til			
20. mars 1980	kr.	677.461,00	kr. 1.376.957,00
Miskabætur:			kr. 400.000,00
			kr. 1.776.957,00

Mismunur á stefnufjárhæð og kröfugerð er sú fjárhæð sem fallist er á að kröfugerðin lækki um vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bótagreiðslu.“

Stefndi:

Stefndi krefst sýknu vegna þess að stefnandi beri sök á slysinu sjálf. Hún hafi farið um svæði sem henni var óheimil för um. Hún hafi farið inn í hús stefnda sem þó hafi verið lokað.

Þá telur hann að ef talið væri að stefndi beri ábyrgð skv. almennu skaðabótareglunni beri að taka með í reikninginn eigin sök stefnanda og að stefnda beri aðeins að bæta það tjón sem telja megi sennilega afleiðingu slyssins.

Stefnandi hafi verið á yfirráðasvæði stefnda án heimildar og það hafi verið gáleysi að sjá ekki vatnið og gæta vel að sér. Henni hefði mátt vera kunnugt um að heitt vatn sé rennandi út um allt á þessu svæði.

Þá sé eigin sök einnig fólgin í því að ekki hafi verið gerðar nægjanlegar ráðstafanir til að kæla brunann eftir óhappið.

Þá bendir stefndi á að í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis á dskj. nr. 6 komi fram að útlitslýti séu reiknuð beint inn í örorkuna og miðist útreikningur tjóns síðan við það.

Við munnlegan flutning málsins lýsti umboðsmaður stefnda því að hann krefðist þess ekki að málið færi til umsagnar Læknaráðs.

Þá mótmælir stefndi því að stefnandi sé lakari til vinnu vegna slyssins en ella og því sé það ósannað að örorka hennar valdi nokkru tekjutapi.

Stefndi mótmælir kröfugerð um að vextir reiknist frá tjónsdegi og vitnar í því sambandi til 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Hann heldur því fram að vextir eldri en 4 ára miðað við birtingardag stefndu séu fyrndir.

Þá mótmælir stefndi því að miskabótakrafa sé hækkuð úr 300.000,00 í greinargerð í 400.000,00 kr. við munnlegan flutning málsins og enn fremur mótmælir hann henni sem allt of hárri, ekki síst vegna þess að miskabótaþátturinn sé að mestu eða öllu leyti inni í örorkumatinu.

Þá krefst stefndi þess að lækka beri hugsanlegar bótafjárhæðir vegna þess hagræðis sem felist í eingreiðslu og vegna skattfrelsis bóta.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndi hefur sjálfur lýst því í aðilaskýrslu sinni hér fyrir dómi að þró sú sem stefnandi steig ofan í hafi verið u.þ.b. 3 x 1,5 metrar og u.þ.b. 1,5 metrar á dýpt. Er slysið varð hafi verið bitar og járnplata yfir þrónni og op á plötunni en ekkert yfir því opi, en jurtapottar í stöflum beggja vegna við opið. Ekkert heitt vatn hafi getað verið utan við þróna. Aðiljar eru sammála um að stefnandi hafi stigið niður um umrætt op og brennst við það á fæti.

Eins og sjá má af ljósmyndum á dskj. nr. 2 og sjá mátti við skoðun á vettvangi var efri brún þróarinnar í gólfhæð og því hætta á því að einhver sem færi þarna um stigi niður í heitt vatnið. Ekki virðist nægjanlega hafa verið aðhafst til þess að byrgja opið eða hindra umferð að því og ber stefndi halla af sönnunarskorti í þessum efnum með því að hann gerði ekki ráðstafanir til að láta rannsaka slys þetta.

Er það álit dómsins að stefndi beri ábyrgð á slysinu vegna vanbúnaðar á slysstað.

Þegar slys þetta varð var stefnandi á tíunda aldursári. Hún hafði verið að leik ásamt barnabarni stefnda á og við heimili hans og þegar tekið er tillit til aldurs hennar og þess að svo virðist sem hún hafi átt auðvelt með að komast inn í gróðurhúsið sem var hrunið a.m.k. að einhverju leyti þykir ekki verða lögð á hana sök vegna slyssins.

Um þá málsástæðu stefnda að röng aðferð við kælingu og umönnun stefnanda eftir slysið sé eigin sök stefnanda er það að segja að stefnandi átti ekkert val né heldur hafði hún vald á því hvaða meðferð hún sætti og enda þótt eitthvað kynni að hafa farið úrskeiðis í þessum efnum verður það ekki metið henni til sakar, og er þessari málsástæðu stefnda því hafnað.

Við ákvörðun bóta til stefnanda fyrir tímabundna og varanlega örorku þykir mega leggja mat Jónasar Hallgrímssonar læknis og útreikninga Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings á dskj. nr. 15 á fjárhæð tjónsins til

grundvallar. Þegar tekið er tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi bóta þykja þær hæfilega ákvarðaðar kr. 560.000,00.

Þá ber að taka kröfu stefnanda um miskabætur til greina og þykja þær hæfilega ákvarðaðar kr. 40.000,00.

Fallist er á það með stefnda að áfallnir vextir þar til fjórum árum fyrir stefnubirtingardag séu fyrndir, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Verða vextir því einungis dæmdir frá þeim tíma.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða kr. 118.170,00 í málskostnað er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarlaun, þ. á m. þóknun til skipaðs talsmanns stefnanda Hafsteins Hafsteinssonar hrl., kr. 95.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stefán Árnason, greiði stefnanda, Ingibjörgu Ragnheiði Grétarsdóttur, kr. 600.000,00 með 31% ársvöxtum frá 10.03.1980 til 01.07. s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 01.06.1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 01.11.1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20.10.1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20.11. s.á., 27% ársvöxtum til 20.12. s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20.01.1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 10.03.1984 en með dómvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Stefndi greiði kr. 118.170,00 í málskostnað er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Hafsteins Hafsteinssonar hrl., kr. 95.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 1. mars 1988.

Nr. 31/1988. **Ágústa Sigurðardóttir**
gegn
Gunnari Erni Jakobssyni

Kærumál. Skiptamál. Óvígð sambúð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili kærði 14. janúar sl. til Hæstaréttar úrskurð, sem kveðinn var upp í skiptarétti Reykjavíkur 29. desember 1987, en lögmaður hennar fékk vitneskju um úrskurðinn 4. janúar. Kæran barst Hæstarétti 25. janúar. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt fyrir skiptarétt „að taka málið til efnislegrar meðferðar".

Af hálfu varnaraðila er þess krafist „að kröfum sóknaraðila verði alfarið hafnað og máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, til vara, að hinn kærði úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur verði staðfestur, til þrautavara, að kröfum sóknaraðila verði alfarið hafnað og varnaraðili sýknaður af þeim að öllu leyti, og til þrautavara, að kröfum sóknaraðila verði að mestu leyti hafnað og þær einvörðungu teknar til greina að óverulegu leyti og stórlega lækkaðar". Þá krefst varnaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

I.

Sóknaraðili vísar um kæruheimild til 21. gr. 1. mgr. 2. tl. í lögum nr. 75/1973. Fyrir liggi skiptaréttarúrskurður, en slíkir úrskurðir sæti almennt kæru. Undantekningarnar, sem taldar eru upp í lagaákvæðinu, eigi hér ekki við.

Af hálfu varnaraðila er aðalkrafa hans um frávísun frá Hæstarétti rökstudd með því, að 21. gr. 1. mgr. 2. tl. laga nr. 75/1973 eigi ekki við.

Fallast ber á þau rök sem af hálfu sóknaraðila hafa komið fram um kæruheimild að því er varðar frávísun aðalkröfu sóknaraðila fyrir skiptarétti. Í úrskurðinum er varakröfu sóknaraðila einnig hafnað. Hún er í fyrsta lagi um það, hvort tilteknar eignir skuli

draga undir skiptin. Úrskurður um þetta sætir ekki kæru, sbr. 21. gr. 1. mgr. 2. tl. c í lögum nr. 75/1973. Þess er þó að gæta, að í sömu varakröfu er þess einnig krafist, að í hlut sóknaraðila komi helmingur af verðmæti eignanna. Í skiptaréttarúrskurðinum er fjallað bæði um aðalkröfu og varakröfu sóknaraðila sem fjárkröfur og afstaða tekin til þeirra í einu lagi og án þess að sérstaklega sé skorið úr því, hvort eignir þær, sem um er að ræða, skuli draga undir skiptin. Kröfugerð sóknaraðila fyrir skiptarétti var þannig, að skiptaráðanda var rétt að líta svo á, að varakrafan væri um fégreiðslu. Var kæran því einnig heimil að því er varakröfuna varðar.

II.

Í kafla II í hinum kærða úrskurði er rakinn aðdragandi afskipta skiptaréttar af eignum aðila og í kafla III ágreiningur þeirra, sem um er fjallað í úrskurðinum. Þess er að geta, að hvorki í úrskurði þeim, sem gekk 29. desember 1987 um lausafjármuni eða í öðrum gögnum sem fyrir Hæstarétt hafa verið lögð, kemur fram berum orðum að skiptameðferð þeirri sem hófst 10. febrúar 1987 sé lokið.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram hér fyrir dómi, að hinn kærði úrskurður feli í sér frávísun frá skiptarétti. Skiptum á búi aðila sé þó ekki lokið. Miða beri skipti við eignir í október 1984, en óumdeilt sé, að þá hafi bifreiðarnar R 7199 og R 71999 verið í búi aðila.

Af hálfu varnaraðila er vísað til röksemda í hinum kærða úrskurði, en því einnig haldið fram, að „reglur laga nr. 13/1986 hafi ekki afturvirk áhrif eða geti náð til réttarverkana varðandi það mál, sem hér er til úrlausnar, og sé því niðurstaða tilvitnaðs úrskurðar frá 12. mars 1986 endanlegur úrskurður...“.

Kröfur sóknaraðila fyrir skiptarétti voru um fégreiðslur. Fyrir liggur að við skiptameðferðina hefur fram til þessa ekkert fémætt komið fram, sem notað verður til að greiða kröfurnar, ef þær verða taldar réttmætar. Ber af þeirri ástæðu eins og á stendur að fallast á það með skiptarétti að kröfunum skuli hafna, en ekki verður í þessum dómi tekin afstaða til þess, hvaða eignir skuli draga undir skiptin, eða afstaða til krafna, sem fram kunna að koma, ef fémæti koma síðar til skipta.

Málskostnaðarákvæði hins kærða úrskurðar er staðfest.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 29. desember 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 17. desember 1987.

Sóknaraðili, Ágústa Sigurðardóttir, nafnnr. 0168-3101, Goðheimum 4, Reykjavík, gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega að varnaraðili greiði kr. 1.525.000,00 með ársvöxtum sem hér greinir: 27,5% frá 01.11.'84 til 01.01.'85, 34% frá 01.01.'85 til 21.01.'85, 37% frá 21.01.'85 til 11.05.'85, 35% frá 11.05.'85 til 21.08.'85, 36% frá 21.08.'85 til 01.12.'85, 39% frá 01.12.'85 til 01.03.'86, 19% frá 01.03.'86 til 11.03.'86, 20% frá 11.03.'86 til 01.04.'86, 15,5% frá 01.04.'85 til 11.10.'86, 15,75% frá 11.10.'86 til 01.11.'86, 16% frá 01.11.'86 til 11.11.'86, 16,25% frá 11.11.'86 til 11.12.'86, 17,75% frá 11.12.'86 til 31.12.'86, 18,25% frá 01.01.'87 til 01.02.'87, 19,75% frá 01.02.'87 til 11.02.'87, 20% frá 11.02.'87 til 21.02.'87, 20,5% frá 21.02.'87 til 11.03.'87 og 22% frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst sóknaraðili þess að í úrskurðarorði verði kveðið svo á að áfallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 1. febrúar 1986. Einnig krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Til vara krefst sóknaraðili þess, að viðurkennt verði að fasteignin nr. 7 við Reynihlíð, Reykjavík, bifreiðin R-7199 af gerðinni Mercedes Benz 307D árgerð 1982 og bifreiðin R-71999 af gerðinni Toyota Carina árgerð 1982 hafi tilheyrt búi varnar- og sóknaraðilja við sambúðarslit í október 1984 og komi til skipta við opinber skipti á búi þeirra vegna sambúðarslita með þeim hætti, að í hlut sóknaraðilja komi helmingur af verðmæti þessara eigna. Hér krefst sóknaraðili einnig „þeirra vaxta og vaxtavaxta sem í aðalkröfu greinir" og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili, Gunnar Örn Jakobsson, nafnnr. 3365-3778, Einholti 4, Reykjavík, gerir þær dómkröfur aðallega að kröfum sóknaraðilja verði algerlega hafnað og sóknaraðilja gert að greiða varnaraðilja málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Til vara gerir hann þær kröfur, að kröfur sóknaraðilja verði einvörðungu teknar til greina að óverulegu leyti og stórlega lækkaðar og að sóknaraðilja verði gert að greiða varnaraðilja málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Aðiljar máls þessa hófu sambúð á árinu 1979 og bjuggu saman óslitið í óvígðri sambúð þar til varnaraðili flutti af heimili þeirra í október 1984. Ágreiningur reis milli aðilja um fjárhagslegt uppgjör vegna sambúðarinnar. Fór varnaraðili þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík með bréfi dagsettu 11. nóvember 1985, að „bú" hennar og sóknaraðilja yrði þá tekið til opinberra skipta. Þessari beiðni var hafnað með úrskurði réttarins uppkveðnum 12. mars 1986.

Með bréfi til skiptaréttar Reykjavíkur dagsettu 27. janúar 1987 fór varnaraðili þess á leit að nýju, að „bú" hennar og sóknaraðilja yrði tekið til opinberra skipta, og vísaði í því sambandi til laga nr. 13, 30. apríl 1986 um breytingu á 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Erindi þetta var tekið til meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur hinn 10. febrúar 1987 og þá m.a. lögð fram skiptabeiðnin, en þar er því m.a. haldið fram, að málsaðiljar hafi við lok sambúðar þeirra átt í sameign húseign að Reynihlíð 7 í Reykjavík, svo og tvær tilteknar bifreiðar. Varnaraðili hefur frá upphafi skiptameðferðar á búinu mótmælt því að hann eða sóknaraðili hafi átt nokkurn hlut í nefndri fasteign.

Við skiptameðferð búsins hefur verið rekið sérstakt skiptaréttarmál um ágreining vegna skipta á innbúsmunum, en önnur ágreiningsefni vegna skiptanna eru til úrlausnar í þessu máli.

III.

Aðalkrafa sóknaraðilja er á því reist, að við slit sambúðar málsaðilja hafi þau átt í sameign raðhús að verðmæti kr. 3.000.000,00 samkvæmt mati tveggja fasteignasala, bifreiðina R-71999 skráða á nafn sóknaraðilja að verðmæti kr. 350.000,00 og bifreiðina R-7199 skráða á nafn varnaraðilja að verðmæti kr. 600.000,00, auk innbúsmuna. Samtals nemi þessi tilteknu verðmæti kr. 3.950.000,00. Samkvæmt skattframtölum varnaraðilja hafi hann tekið að sér að greiða skuld við Landsbanka Íslands að fjárhæð kr. 200.000,00, og eigi sú fjárhæð að koma hér til frádráttar hreinni eign búsins. Sóknaraðili kveðst hafa fengið söluverð bifreiðarinnar R-71999, kr. 350.000,00, þegar sú bifreið var seld, en varnaraðili hafi fengið söluverð bifreiðarinnar R-7199, kr. 600.000,00, þegar sú bifreið var seld. Telur sóknaraðili sig eiga kröfu á hendur varnaraðilja um helming af verði húseignarinnar að frádregnu hinu yfirtekna láni og um helming af mismun á verðmæti bifreiðanna, og setur sóknaraðili þessa kröfu fram þannig:

Verðmæti húseignar		Kr. 3.000.000,00
Söluverð R-7199	kr. 600.000,00	
— söluverð R-71999	kr. 350.000,00	Kr. 250.000,00
		Kr. 3.250.000,00

— Skuld við Landsbanka Íslands sem varnaraðili tók að sér Kr. 200.000,00

Kr. 3.050.000,00

Sóknaraðili krefur varnaraðilja um helming af þessari fjárhæð, kr. 1.525.000,00 auk vaxta sem í aðalkröfu greinir.

Sóknaraðili heldur því fram að við upphaf sambúðar hennar og varnaraðilja hafi hún lagt til verulegt fjármagn umfram varnaraðilja, sem nýtt hafi verið til sameiginlegra þarfa þeirra. Hafi hún á þessum tíma, þ.e. við upphaf sambúðarinnar á árinu 1979, átt bifreið og útistandandi fjárkröfu vegna sölu íbúðar, samtals gkr. 4.950.000,00, en skuldaði gkr. 775.000,00. Varnaraðili hafi hins vegar ekki átt annað á þessum tíma en sendiferðabifreið, sem óljóst sé hve mikils virði hafi verið, en skuldað verulegar fjárhæðir vegna ógreiddra opinberra gjalda.

Sóknaraðili telur að á sambúðartímanum, sem var á árunum frá 1979 til október 1984, hafi stofnast slík fjárhagsleg samstaða með aðiljum að líkja megi við „félagsbú" hjóna. Bæði hafi starfað utan heimilis og aflað tekna til búsins og framlag sóknaraðilja sist verið minna en varnaraðilja, enda hafi hún að mestu annast störf á heimili þeirra auk vinnu utan heimilis.

Sóknaraðili heldur því fram, að hún og varnaraðili hafi haustið 1982 keypt grunn á lóðinni nr. 7 við Reynihlíð í Reykjavík fyrir kr. 300.000,00. Þau hafi síðan haldið áfram byggingu raðhúss þar, sem hafi verið orðið um það bil fokhelt, er sambúðarslit urðu. Telur sóknaraðili sig hafa ásamt varnaraðilja unnið verulega við þessa byggingu í frístundum sínum og fengið vini og kunningja til að hjálpa þar til. Varnaraðili hafi ráðstafað húseigninni að Reynihlíð 7 til föður síns nokkrum mánuðum eftir að málsaðiljar slitu samvistum. Slíkir samningar breyti í engu fjárhagslegri stöðu á búi málsaðilja við sambúðarslit.

Sóknaraðili skýrir svo frá að hún og varnaraðili hafi mestallan sambúðartímann búið í íbúð að Einholti 4. Sú íbúð sé í húsi, sem Seðlabanki Íslands eigi, og hafi hún og varnaraðili gegnt þar störfum húsvarðar og haft í staðinn leigufrí afnot af íbúðinni. Hafi sitt vinnuframlag sist verið minna en vinnuframlag varnaraðilja sem húsvarðar þarna.

Sóknaraðili telur að allar eignir, sem inn í búið komu á sambúðartímanum, hafi verið til sameiginlegra þarfa málsaðilja og að langmestur hluti þeirra eigna, sem í búinu hafi verið við sambúðarslitin, hafi orðið til á sambúðartímanum.

Af öllu framangreindu telur sóknaraðili ljóst, að hún eigi tilkall til 50% hlutdeildar í þeim eignum, sem í búinu voru við sambúðarslitin.

Varakröfu sína rökstyður sóknaraðili með sama hætti og að framan er

greint, en við munnlegan málflutning var varakrafan skýrð þannig, að geti rétturinn ekki fallist á að veita aðfararhæfan úrskurð byggðan á þeim fjárhæðum, sem í málinu greinir, sé gerð krafa um viðurkenningu á 50% hlutdeild sóknaraðilja í þeim verðmætum, sem kröfugerðin í aðalkröfunni er reist á.

IV.

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að hann og sóknaraðili hafi aldrei verið í eiginlegri sambúð. Eftir að sóknaraðili hafi farið af heimili varnaraðilja hafi þess vegna ekki farið fram nein skipti á sameiginlegu búi, enda ekki um neitt slíkt bú að ræða hjá þeim. Þau hafi að vísu átt nokkra lausafjármuni, sem þau hafi fengið sameiginlega að gjöf, en um aðrar sameignir hafi ekki verið að ræða hjá þeim. Varnaraðili kveður aðilja hafa búið í íbúð að Einholti 4 í Reykjavík, en það sé húsvarðaríbúð, sem varnaraðili hafi haft til umráða leigulaust vegna húsvarðarstarfa sinna fyrir eiganda íbúðarinnar, Seðlabanka Íslands.

Varnaraðili heldur því fram að fjárhagur aðilja hafi verið aðgreindur og þau talið fram til skatts hvort í sínu lagi. Hann kveðst hafa staðið að mestu leyti fyrir rekstri heimilisins fjárhagslega. Sóknaraðili hafi varið sínum tekjum að langmestu leyti til eigin persónulegra þarfa, svo sem lúxusferðalaga til útlanda, sem varnaraðili hafi raunar einnig þurft að fjármagna að hluta.

Varnaraðili mótmælir sem röngum og óraunhæfum útlistunum sóknaraðilja um það, hver eignastaða málsaðilja hafi verið við upphaf „sambúðar" þeirra. Hann heldur því fram, að það sem hún hafi átt á þeim tíma hafi runnið til endurnýjunar á bifreiðaeign hennar sjálfrar.

Varnaraðili heldur því fram að það sé rangt hjá sóknaraðilja, að þau hafi fest kaup á fasteign að Reynihlíð 7 í Reykjavík. Um þetta segir í greinargerð varnaraðilja: „Það sem um er að ræða sbr. yfirlýsingu á dskj. 13, að umbj. minn ætlaði að festa sér kaup á lóðarréttindum. Sá aðili er tilgreindur er þar sem seljandi hafði þar ekkert til að selja með neinum rétti. Faðir umbj. míns tók síðan að sér þau viðskipti og fjármagnaði þau. Vísast hér til framlagðra skattframtala aðila málsins, svo og framl. skjala um kaup föður umbj. m., þ.e. tilgreinds Jakobs Sigurðssonar, þetta varðandi. Aðilar þessa máls höfðu ekki fjármagn til slíkra kaupa og framkvæmda, enda vörðu þau fjármunum sínum til annarra hluta. Yfirlýsingu á dskj. 46 er mótmælt sem rangri, óstaðfestri og óraunhæfri, sbr. hér t.a.m. dskj. 53. Sóknaraðili varð hér aldrei aðili umræddra viðskipta né lagði þar fram neitt fjármagn né vinnu. Mótmælt er staðhæfingum sóknaraðila í dskj. 35 um byggingaframkvæmdir aðila máls þessa."

Varnaraðili mótmælir kröfugerð sóknaraðilja varðandi bifreið þá, er

varnaraðili átti við lok sambúðar þeirra. Sú bifreið hafi verið séreign hans, enda keypt og fjármögnuð algerlega af honum sjálfum. Við slit samvista hafi hann verið í skuld vegna þessara bifreiðakaupa, en greitt þær skuldir eftir samvistaslitin.

Varnaraðili telur sóknaraðilja ekki hafa á nokkurn hátt sýnt fram á tilkall sitt til þeirra verðmæta, sem kröfur hennar lúta að. Jafnframt mótmælir varnaraðili mati fasteignasala um verðmæti umræddrar fasteignar sem þýðingarlausu. Þá sé ekki í kröfugerð sóknaraðilja tekið tillit til þeirra skulda, er stofnað hafi verið til vegna meintra byggingarframkvæmda eða kaupa á fasteign. Fjárkrafa sóknaraðilja sé því ekki rökstudd með nokkrum rétti. Ennfremur mótmælir varnaraðili vaxtakröfu sóknaraðilja sem of hárri.

Varnaraðili heldur því og fram að úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðinn 12. mars 1986 feli í sér lokaúrskurð um umrædd viðskipti aðilja. Hann telur að 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878, eins og þeirri lagagrein var breytt með lögum nr. 13/1986 hafi ekki afturvirk áhrif eða geti náð til réttarverkana varðandi það mál, sem hér er til úrlausnar. Þannig geti skiptarétturinn ekki nú tekið mál þetta til efnismeðferðar né kröfur sóknaraðilja til greina eins og þær séu framsettar og rökstuddar. Þá sé og fráleitt að draga sannanlega eign þriðja aðilja inn í svonefnd búskipti.

V.

Með lögum nr. 13/1986, sem tóku gildi hinn 1. janúar 1987, var sú breyting gerð á 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878, að eftirleiðis beri skiptarétti að taka til opinberra skipta eignir sambýlisfólks við slit óvígðrar sambúðar, sé þess krafist. Samkvæmt þessu lagaákvæði telst það óvígð sambúð í þessum skilningi, ef viðkomandi aðiljar hafa búið saman um tveggja ára skeið eða hafa átt barn saman eða konan er þunguð af völdum sambýlismannsins.

Ekki eru í búinu neinir fjármunir til að greiða neinn hluta þeirrar fjárkröfu, sem sóknaraðili gerir í aðalkröfu sinni. Sóknaraðili hefur ekki gert kröfu til að fá verðmæti eða andvirði þeirra eigna, sem hún telur eiga að falla til varnaraðilja við innbússkiptin, upp í slíka kröfu.

Aðalkrafa sóknaraðilja verður því ekki skilin á annan veg en þann, að krafist sé aðfararhæfs úrskurðar um fjárkröfur, sem hún eigi á hendur varnaraðilja vegna ráðstafana á eignum, sem þau hafi átt við lok sambúðar en voru ekki lengur fyrir hendi í umráðum aðilja, er skiptameðferð á eignum þeirra hófst. Þannig er krafan varðandi fasteignina Reynihlíð 7 í Reykjavík sett fram sem bótakrafa vegna ráðstöfunar varnaraðilja á ætluðum eignarhlut sóknaraðilja í þeirri eign, en aðrir hlutar kröfugerðarinnar varða fjárhagslegt uppgjör vegna ráðstafana aðilja varðandi bifreiðir, sem

þau áttu við lok sambúðar en hafa síðar ráðstafað hvort í sínu lagi. Kemur þá til skoðunar dómsvald skiptaréttar til að leysa úr slíkum kröfum.

Samkvæmt 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878, svo sem henni var breytt með lögum nr. 13/1986, skulu opinber skipti á eignum sambýlisfólks við slit óvígðrar sambúðar fara fram eftir þeim reglum, sem gilda um skipti dánarbúa með þeim breytingum sem leiða af eðli slíkra mála. Aðalkrafa sóknaraðilja er að stofni til endurgjaldskrafa, sem við skipti á dánarbúi annars hjóna mætti úrskurða um í skiptarétti samkvæmt VII. kafla laga nr. 20/1923, sbr. einkum ákvæði 52. - 55. gr. þeirra laga, með þeirri takmörkun þó, að í slíkum úrskurði væri óheimilt að kveða á um ríkari skyldu til endurgjalds en svo, að henni yrði fullnægt af efnum viðkomandi dánarbús, sbr. 55. gr. laganna. Það er því ekki ráðgert í þessum ákvæðum, að skiptaréttur úrskurði við slík skipti um annað en kröfur varðandi þær eignir, sem til skipta eru í búi. Er sú skýring í fullu samræmi við meginreglu 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878 um dómsvald skiptaréttar. Verður ekki talið án beinna lagafyrirmæla þar að lútandi að skiptaréttur sé bær að taka afstöðu til slíkra krafna, er hafðar verði uppi að loknum skiptum á búi, enda er ekki ráðgert í lögum nr. 13/1986, að dómsvald skiptaréttar verði við slík skipti að þessu leyti víðtækara en við skipti dánarbúa. Þar sem kröfur sóknaraðilja í máli þessu varða á engan hátt eignir, sem til skipta eru í búi hennar og varnaraðilja, verður ekki hjá því komist að hafna kröfum hennar af framangreindri ástæðu, án þess að tekin sé afstaða til hugsanlegs kröfuréttar hennar vegna umræddra atvika að öðru leyti.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor málsaðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu, Ágústu Sigurðardóttur, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 4. mars 1988.

Nr. 174/1986. **Verkfræðistofa Suðurlands hf.**
(Jón Þorsteinsson hrl.)
og Sigurður Guðmundsson
(Jón Magnússon hdl.)
og bæjarsjóður Mosfellsbæjar
(Þórunn Guðmundsdóttir hdl.)
gegn
Hjörvari Óla Björgvinssyni
(Kjartan Ragnars hrl.)

Skaðabætur. Ábyrgð á mannvirkjagerð. Byggingarfulltrúi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi, Verkfræðistofa Suðurlands hf., skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1986. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst hann þess, að honum verði einungis gert að greiða gagnáfrýjanda 214.000,00 krónur auk vaxta og málskostnaðar.

Aðaláfrýjandinn, Sigurður Guðmundsson, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 27. júní s.á. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Aðaláfrýjandinn, bæjarsjóður Mosfellsbæjar, skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 21. s.m. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 7. nóvember s.á. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjendum verði in solidum gert að greiða honum 1.070.000,00 krónur með dómvöxtum frá 17. desember 1985 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómi hefir ekki verið áfrýjað gagnvart stefnda í héraði, Sigmundi P. Lárussyni múrarameistara. Kemur hans þáttur því eigi til álita fyrir Hæstarétti.

I.

Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti lýsti lögmaður gagnáfrýjanda yfir því að hann reisti kröfur um bætur vegna skekkju á húsinu að Grundartanga 19 á því, að hún stafaði að mismunasigi á gólfplötu þess, sbr. yfirmatsgerð frá 17. desember 1985, en ekki vegna skakkrar vegglægju.

II.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi festi gagnáfrýjandi kaup á einingahúsi hjá aðaláfrýjanda, Sigurði Guðmundssyni, með verksamningi, dags. 29. mars 1980. Með í kaupum þessum fylgdu óstaðfærðar teikningar gerðar á vegum seljanda. Þar á meðal var teikning af grunni einingahúss, sem aðaláfrýjandi, Verkfræðistofa Suðurlands hf., hafi gert.

Í 1. gr. nefnds verksamnings segir m.a.: „Verkkaupi kostar grunn undir húsið...“

Samkvæmt þessu ákvæði sáu gagnáfrýjandi og menn á hans vegum um gerð grunnsins. Aðaláfrýjandi, Sigurður Guðmundsson, verður því eigi gerður ábyrgur fyrir þeim mistökum, er urðu við þá framkvæmd, sem var honum óviðkomandi. Þessi aðaláfrýjandi hlaut að mega treysta því, að gagnáfrýjandi sæi um að staðfæra „týputeikninguna“ og yrði sér úti um nauðsynlega sérfræðiþjónustu til þess að reisa mætti húsið á traustum grundvelli.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið verður þessi aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en rétt þykir að málskostnaður falli niður þeirra í milli, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

III.

Að ráði byggingarfulltrúa Mosfellshrepps fór gagnáfrýjandi þess á leit við aðaláfrýjandann, Verkfræðistofu Suðurlands hf., að stofan teiknaði burðarbita (sökkulbita) til viðbótar við „týputeikninguna". Þetta mun hafa verið eftir að uppgröftur, jarðvegsskipti og þjöppun hafði farið fram í grunninum. Gagnáfrýjandi óskaði hins vegar hvorki eftir verkfræðilegri ráðgjöf né eftirliti verkfræðistofunnar varðandi gerð á grunni undir húsið. Og þar sem ekki var nauðsyn að fara á vettvang til að teikna nefndan sökkulbita, ber einnig að sýkna aðaláfrýjandann, Verkfræðistofu Suðurlands hf., af kröfum gagnáfrýjanda. Rétt þykir að málskostnaður falli niður þeirra í milli bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

IV.

Í máli þessu er á það að líta að ákvæði byggingasamþykkta um eftirlit byggingarnefnda með því að fylgt sé fyrirmælum í löggjöf um styrkleika og burðarþol húsa við byggingu þeirra eru sett vegna almannahagsmuna og til að efla almennt öryggi. Samkvæmt grein 4.4. í byggingarreglugerð nr. 292/1979 bera iðnmeistarar ábyrgð á grunngrefti mannvirkja, fyllingu í grunn og þjöppun hennar og öðrum framkvæmdum eins og nánar segir í grein 4.4.2. í reglugerðinni. Ekki verður talið, að byggingafulltrúa hafi samkvæmt grein 7.1.3. í byggingarreglugerð verið skylt, að viðlagðri fébótaábyrgð bæjarsjóðs, að krefjast sérstakrar prófunar á fyllingunni. Þá er ósannað að byggingarnefnd hafi ákveðið byggingafulltrúanum víðtækara verksvið en sagt er fyrir um í byggingarreglugerðinni grein 2.5. og ekki er leitt í ljós að hann hafi í því starfi sínu bakað aðaláfrýjanda, Mosfellsbæ, skaðabótaskyldu með athöfnum sínum eða athafnaleysi.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna bæjarsjóð Mosfellsbæjar, en málskostnaður milli hans og gagnáfrýjanda falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Verkfræðistofa Suðurlands hf., Sigurður Guðmundsson og bæjarsjóður Mosfellsbæjar, eiga að vera

sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Hjörvars Óla Björgvinssonar, í máli þessu. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og Guðmundar Jónssonar.

Í héraðsdómi kemur fram að óforsvaranlegt hafi verið miðað við aðstæður að hafa grunn undir húsi gagnáfrýjanda með þeim hætti sem gert var og að til þess megi rekja orsök skemmda þeirra sem urðu á húsinu. Hefur þessu ekki verið hnekkt.

Gagnáfrýjandi hafði ráðið sér múrarameistara og trésmíðameistara til að standa fyrir framkvæmdum við húsið í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 292/1979, gr. 4.1. Samkvæmt gr. 4.4.2. ber múrarameistari meðal annars ábyrgð á grunngrefti, fyllingu í og við grunn og þjöppun hennar.

Gagnáfrýjandi tók að sér að standa sjálfur fyrir grunngrefti og fyllingu, án þess að kveðja til múrarameistara hússins. Með dómi héraðsdóms var múrarameistarinn sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda sem unir þeirri niðurstöðu. Ekki hefur komið fram að húsasmíðameistari hússins hafi tekið á sig ábyrgð á grefti grunnsins, fyllingu í hann og þjöppun svo sem heimild var til skv. gr. 4.4.1. Ber með vísan til þessa að fallast á að gagnáfrýjandi verði sjálfur að bera hluta af tjóni sínu.

Ekki er fram komið að gagnáfrýjandi hafi leitað ráða hjá aðaláfrýjendunum Sigurði og Verkfræðistofu Suðurlands hf. við gerð grunnsins. Þykir í því sambandi ekki skipta máli þótt verkfræðistofan teiknaði burðarbita undir húsið svo sem byggingafulltrúinn hafði krafist að gert yrði. Er ekki byggt á því af hálfu gagnáfrýjanda að við það verk hafi starfsmönnum verkfræðistofunnar orðið á mistök. Er ósannað að þessir aðilar eigi sök á því hvernig til tókst við gerð grunnsins. Verða þeir því sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda.

Telja verður fram komið svo sem rakið er í héraðsdómi að afskipti byggingafulltrúans hafi verið meiri en venjulegt eftirlit og veiting leyfa til smíði hússins. Er ósannað að sveitarstjórn Mosfellsbæjar hafi falið byggingafulltrúanum að inna starf sitt af hendi með

þeim hætti, að undir það féllu almennar leiðbeiningar á starfssviði iðnmeistara, sem tekið höfðu að sér að annast framkvæmdir við húsið. Voru slíkar leiðbeiningar því utan starfssviðs byggingafulltrúans og verður ábyrgð á mistökum á því sviði ekki felld á sveitarstjórnina. Hins vegar er ljóst að byggingafulltrúinn, sem fylgst hafði með gerð grunnsins og hlaut að gera sér grein fyrir ótryggu ástandi jarðvegs, lét farast fyrir að krefjast þess af gagnjáfrýjanda að sýnt væri fram á að fylling undir sökkla þyldi nauðsynlegt álag, sbr. gr. 7.1.3. í byggingarreglugerðinni. Þykir sveitarstjórn Mosfellsbæjar verða að bera ábyrgð á þeim mistökum.

Eftir öllum atvikum þykir gagnáfrýjandi eiga að bera helming tjóns síns sjálfur en sveitarstjórn Mosfellsbæjar bæti honum helming tjónsins.

Fjárhæð dómkröfu gagnáfrýjanda hefur ekki sætt tölulegum mótmælum. Teljum við því að dæma beri aðaláfrýjanda sveitarstjórn Mosfellsbæjar til að greiða gagnáfrýjanda 535.000,00 krónur ásamt vöxtum og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en eftir atvikum eigi málskostnaður gagnvart öðrum aðilum að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. mars 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. febrúar sl., hefur Hjörvar Óli Björgvinsson, nnr. 4236-0244, verkstjóri, Grundartanga 19, Mosfellssveit, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 17. maí 1984, 18. maí 1984, 21. maí 1984 og 25. maí 1984 á hendur Sigmundi P. Lárussyni, nnr. 7574-3769, múrarameistara, Langagerði 86, Reykjavík, Sigurði Guðmundssyni, nnr. 7860-4190, húsasmið, Smáratúni 15, Selfossi, Páli Guðjónssyni, nnr. 7006-6742, sveitarstjóra, Byggðarholti 5, Mosfellssveit, f.h. sveitarsjóðs Mosfellshrepps og Skúla Skúlasyni, nnr. 8183-5764, verkfræðingi, Sólbraut 14, Seltjarnarnesi, stjórnarformanni Verkfræðistofu Suðurlands hf. f.h. félagsins.

Dómkröfur stefnanda koma fram á dskj. 40 og eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 1.070.000,00 með dómvöxtum frá 17.12. 1985 til greiðsludags, auk málskostnaðar in solidum að skaðlausu.

Sótt er þing af hálfu stefnda Sigmundar P. Lárussonar og þær dómkröfur gerðar að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sótt er þing af hálfu stefnda Sigurðar Guðmundssonar og þær kröfur gerðar að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi skv. gjaldskrá LMFÍ. Til vara er þess krafist

að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður.

Af hálfu sveitarsjóðs Mosfellshrepps er sótt þing og þær dómkröfur gerðar að sveitarsjóðurinn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Af hálfu Verkfræðistofu Suðurlands hf. er sótt þing og þær kröfur gerðar að verkfræðistofan verði sýknuð af kröfum stefnanda í málinu og henni dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara er krafist stórfelldrar lækkunar stefnufjárhæðarinnar að mati dómsins og að málskostnaður verði felldur niður. Þá er því sérstaklega andmælt að verkfræðistofan verði gerð ábyrg fyrir mistökum annarra byggingaaðila.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Málavextir eru þeir að með verksamningi dags. 29.3. 1980 keypti stefnandi íbúðarhús úr timbri af stefnda Sigurði Guðmundssyni, svonefnd SG einingahús.

Samkvæmt verksamningi skyldi verkkaupi kosta grunn undir húsið en verksali afhenda húsið uppsett þann 30.5. 1980. Um efni samkomulagsins að öðru leyti má vísa til framlagðs verksamnings á dskj. nr. 3.

Grunnur undir húsið var tekinn og frá honum gengið vorið 1980 og voru járnateikningar unnar af Verkfræðistofu Suðurlands hf. Múrarameistari að grunninum var stefndi Sigmundur P. Lárusson og var verkið unnið undir eftirliti byggingafulltrúa Mosfellshrepps. Einingahúsinu var komið fyrir á lóð stefnanda að Grundartanga 19, Mosfellshreppi og var það fokhelt þann 30.5. 1980, sbr. dskj. nr. 14.

Stefnandi heldur því fram að fljótlega eftir að hann fékk húseignina afhenta hafi farið að koma í ljós missmíðar á eigninni, m.a. söðulbökun á þaki, og hafi hann kvartað undan þeim við verksalann, Sigurð Guðmundsson. Einhverjar lagfæringar hafi verið reyndar af hálfu verksala, en þar eð samkomulag hafi ekki náðst milli verkkaupa og verksala um fullar úrbætur að mati verkkaupa hafi hann með beiðni dags. 8.5. 1981 beðið Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að skoða eignina. Skýrslu Rannsóknastofnunarinnar er að finna á dskj. nr. 4. Í skýrslunni kemur m.a. fram, að hús stefnanda sé áberandi söðulbakað og einnig sé skekkja í grind hússins. Markmið skoðunarmanna var að meta hvort húsið hefði sigið eftir að það var reist, eða hvort um upprunalega hæðarskekkju í grunni væri að ræða. Meginniðurstöður skoðunarmanna voru þær að neðri vegglægja væri langt frá því að vera lárétt og hefði hún sennilega verið rangt sett í upphafi. Gólf væru ójöfn og engan veginn lárétt. Engin merki sigs væru þó sjáanleg. Þá virtist skoðunarmönnum að húsið fylgdi vegglægjunni.

Með matsbeiðni dags. 16.2. 1982, sbr. dskj. nr. 6, fór stefnandi fram á dómkvaðningu matsmanna til að meta meinta galla á húseign sinni.

Matsgerð er dags. 24.11. 1982, sbr. dskj. nr. 7, og ódagsetta viðbótarskýrslu er að finna á dskj. nr. 8. Matsgerðin staðfestir að verulegir gallar eru á húseigninni. Höfuðgallar telja matsmenn að gólf hússins séu fjarri því að vera lárétt. Ástæður þess rekja þeir til þriggja samverkandi meginþátta.

1. Að hönnun og skipulagning framkvæmda og opinbert eftirlit með þeim hafi ekki verið eins og vera skyldi. Þá hafi verkfræðileg hönnun burðarvirkja, einkum hvað varði gerð undirstöðu, verið slök og alls ekki fullnægjandi.

2. Þá hafi framkvæmd við gerð undirstöðu hússins ekki verið sem skyldi og þess m.a. ekki verið gætt að þjappa fyllingu undir undirstöðuveggi nægilega vel.

3. Þá sé uppsetning hússins illa framkvæmd og ekki hafi verið hirt um að gera nauðsynlegar ráðstafanir þar sem ljóst hafi verið að gólfplata hússins hafi verið mishæðótt.

6.-7. júní 1985 var málið tekið til aðalflutnings og var þá farið á vettvang og fyrir dóm komu aðilar málsins, Hjörvar Óli Björgvinsson, Sigmundur P. Lárusson, Sigurður Guðmundsson og Skúli Skúlason. Þá komu fyrir dóm vitnin Júlíus Sólnes matsmaður, Jón Sigurjónsson, starfsmaður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Sigurður Hermannsson og Ómar Garðarsson, nágrannar stefnanda, Ingvi Rafn Sigurðsson og Bragi Sverrisson, starfsmenn Sigurðar Guðmundssonar, Magnús Ólafsson, fyrrum byggingafulltrúi Mosfellshrepps, Ingólfur Hrólfsson og Sigurður Þórarinn Jakobsson, starfsmenn Verkfræðistofu Suðurlands hf., og Einar Pétursson, húsasmíðameistari að grunni hússins að Grundartanga 19, Mosfellshreppi.

Að gefnu tilefni af þessum framburðum, sérstaklega framburði matsmannsins Júlíusar Sólnes, þótti ekki annað fært en að endurupptaka málið eftir að til munnlegs flutnings var komið og gefa stefnanda kost á að afla yfirmats. Byggðist þetta á því að dómarar töldu að fá mætti skýrari gögn um hvort og hvenær húsið hefði sigið og hvort búast mætti við frekara sigi hússins.

Til að framkvæma yfirmatið voru dómkvaddir Ragnar Ingimarsson prófessor, Gunnar I. Birgisson verkfræðingur og Sæbjörn Kristjánsson tæknifræðingur.

Matsgerð þeirra, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, er dags. 17. desember 1985. Matsmenn vísa þar fyrst til undirmatsbeiðni frá 16. febrúar 1982 um verkefni sitt. Þar segir:

„A. að sannreyna hvaða ágallar eru á húsinu nr. 19 við Grundartanga í Mosfellssveit, miðað við það sem tilheyrir góðum vinnufrágangi og teikningum og hverju sé um að kenna.

B. að meta til fjár þær lagfæringar sem nauðsynlegar eru til að koma húsinu í lag. Göllum hússins lýsir eigandi svo:

1. Þak á húsi söðulbakað.
2. Gólf misjafnlega hátt í öllu húsinu.
3. Útidyr skakkar, svo og þvottahúsdyr.
4. Skyggni yfir verönd hallar.
5. Gluggi á gafli í svefnálmu lekur.
6. Titringur í vegg í eldhúsi það mikill að eldhúsinnrétting fer frá ef hvasst er.
7. Eldhúsinnrétting illa sett upp.
8. Veggur í svefnherbergi ekki hornréttur.
9. Vesturveggur í stofu illa klæddur.
10. Gat á vegg í forstofuherbergi.
11. Misjafnlega háar sperrur í stofu.
12. Gluggar á norðurhlið ekki í láréttri línu.
13. Fordyri skakkt.
14. Rennur á þaki að sunnanverðu ekki réttar.
15. Hol og bað um 10 cm minni en ætti að vera.“

Eftir að hafa skoðað húsið ásamt aðilum svara matsmenn þessum matsliðum á eftirfarandi hátt:

„1. Þak hússins er greinilega söðulbakað.

2. Frá því að undirmat fór fram hefur verið lagt í gólf stofu, eldhúss, þvottahúss og hols til að gera þau lárétt. Annars staðar t.d. í anddyri mátti greinilega sjá að gólfplata hafði hallast.

3. Aðaldyr eru örlítið skakkar í karmi en þvottahúsdyr eru verulega hornskakkar.

4. Greinilegt er hvernig þakbrún (og renna) hallast inn í kverk við garðhurð, bæði frá austri og suðri.

5. Ekki var unnt að sjá leka í þessum glugga. Hjörvar kvað margsinnis búið að lagfæra gluggann. Hann taldi þetta atriði ekki skipta miklu máli.

6.-7. Ekki var unnt að staðreyna titring á eldhúsvegg, en nokkurt bil er milli eldhúsborðs og útveggs. Bent var á meintan slælegan frágang eldhúsinnréttingar einkum það að eldhúsinnrétting hallast niður á við frá útvegg.

8. Bent var á meinta hornskekkju í svefnherbergi. Mælist síðar.

9. Bent var á misfellur í plötuklæðningu vesturveggs stofu.

10. Bent var á gat í forstofu, en matsbeiðandi taldi þetta atriði lítilfjörlegt.

11. Bent var á að þaksperrur í stofu væru misháar. Mælist síðar.

12. Sjá mátti að gluggar á norðurhlið eru misháir.

13. Bent var á að fordyri væri skakkt. Þessi liður er í reynd um sama efni og liður 15.

14. Sjá lið 4.

15. Svo virðist sem skekkja í uppslætti sökkla um 10 cm hafi leitt til minnkunar baðs og hols sem þessu nemur.“

Matsmenn gerðu síðan umtalsverðar mælingar á vettvangi til að varpa ljósi á það hvernig núverandi missmíði hússins hefði orðið. Létu þeir grafa niður með sökklum á þremur stöðum til að kanna dýpt þeirra og tóku sýnishorn af fyllingarefni því sem notað var og könnuðu kornadreifingu þess. Síðan lýsa þeir mæliniðurstöðum, m.a. hafi sökkull reynst 90 cm í stað 135 cm samkvæmt teikningu.

Að mæliniðustöðum athuguðum eru ályktanir matsmanna þessar:

„Matsmenn ganga út frá því, að þeir sem að byggingu hússins störfuðu hafi hver um sig unnið sitt starf af einlægni.

Með hliðsjón af því að mismunasig hefur orðið frá þeim tíma er mælingar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins fóru fram, er niðurstaða matsmanna að húsið hljóti einnig að hafa sigið fyrir þann tíma.

Hafi gólfplata verið lögð út lárétt má þykja víst að eitthvert mismunasig hafi átt sér stað áður en reisning hófst. Líklegt er að eitthvað hafi verið reynt að lagfæra mishæð eininga með fleygun.

Er reisningu var lokið, en áður en innveggir voru settir upp og klæddir (sérstaklega veggur milli stofu og eldhúss), þykir ljóst að mismunasig milli punkta 2 og 5 hafi a.m.k. verið orðið 6 cm. Telja matsmenn að plötuklæðning veggsins beri þessa merki. Með hliðsjón af núverandi halla eldhússkápa, svo og halla fyrrnefndrar láréttrar samskeytaraufar, verður að ætla að þetta mismunasig hafi þegar aukist um u.þ.b. 2 cm er Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gerði sína hallamælingu og síðan þá hefur það enn aukist um u.þ.b. 1 cm eins og vikið er að hér að framan og er þá orðið um 9 cm (milli punkta 2 og 5).“

Niðurstöður matsmanna verða síðan eftirfarandi:

„A. Matsmenn vísa til þess sem að framan er sagt um ágalla hússins. Við teljum frumorsök þessara ágalla liggja í gerð undirstöðu (tiltölulega djúpir og mjóir fylltir skurðir) og vali fyllingarefnis.

Við teljum alls óviðunandi að hafa fyllinguna svo mjóa sem lýst hefur verið, með hliðsjón af jarðveginum sem styður að henni. Jafnframt teljum við að óframkvæmanlegt hafi verið að þjappa umrætt fyllingarefni á fullnægjandi hátt undir jarðvatnsborði.

Matsmenn hafa kannað veðurfarsskýrslur frá þeim tíma er unnið var að gerð sökkla. Við teljum ekki að veðrátta (frost) hafi valdið vandræðum við grundun hússins.

Þá teljum við ekki að breyting á sökkuldýpt (90 cm í stað 135 cm) hafi haft nein umtalsverð áhrif á sig hússins.

Hversu mikill hæðarmismunur var kominn fram er veggeiningar og þak voru reist, verður ekki fullyrt, en með hliðsjón af mismunasigi frá árinu 1981 (sbr. punkta 6, 7 og 8, þar sem ekki hefur bæst við álag sbr. ílögn í stofuálmu), teljum við nær víst að einhver hæðarmismunur hafi þegar verið kominn fram. Hitt telja matsmenn fullljóst að verulegur hæðarmismunur var milli veggeininga við punkt 2 annarsvegar og punkt 5 hinsvegar, þá er frágangur fór fram innanhúss.

B. Matsmenn telja verulega hættu á að undirstaða umræddrar bygginga haldi áfram að síga. Bæði er að fyllingarefnið er að öllum líkindum illa þjappað neðst og kann að þjappast eitthvað saman vegna vatnsstöðubreytinga og titrings í framtíðinni og svo hitt að alls ekki er útilokað að efnið skríði eitthvað til hliðar í skurðunum, t.d. vegna útþornunar jarðvegsins í kring.

Af ofangreindum ástæðum teljum við nauðsynlegt að styrkja undirstöðuna. Við höfum gengið út frá því að staurum verði komið undir sökkla allt í kringum húsið. Við metum kostnað við þessa framkvæmd á kr. 670.000,00.

Matsmenn telja að sú skæling sem þegar er orðin á húsinu og kemur fram í hinum ýmsu atriðum sem upp eru talin á matsbeiðni verði ekki lagfærð nema að óverulegu leyti. Við teljum, að þessir gallar eins og þeir nú eru, rýri verðgildi eignarinnar um kr. 400.000,00.

Heildarupphæð þessa mats er samkvæmt ofanskráðu kr. 1.070.000,00."

Punktar þeir sem til er vísað í matsgerð koma fram á teikningum sem fylgja matsgerðinni.

Stefnandi reisir kröfur sínar einkum á eftirfarandi ástæðum.

Hann telur að eins og málsatvik liggi fyrir verði að álíta stefndu bera óskipta fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á öllum göllum er fram hafa komið á húseign hans og lýst sé í matsbeiðni og matsgjörðum. Ástæður vansmíða séu að áliti matsmanna margþættar og samofnar. Stefnandi bendir einkum á eftirfarandi atriði:

Sig í plötu megi rekja til ófullnægjandi hönnunar, framkvæmda og eftirlits af hálfu starfsmanna Verkfræðistofu Suðurlands hf., er önnuðust hönnun burðarvirkja, Sigmundar P. Lárussonar múrarameistara er m.a. hafi borið ábyrgð á allri steinsteypu, járnalögn og fyllingu í og við grunn og þjöppun hennar, og byggingafulltrúa Mosfellshrepps er hafa átti eftirlit með gerð húsgrunnsins, sökkla og plötu. Því er haldið fram að skekkja á vegglægju sé einkum á ábyrgð stefnda Sigmundar P. Lárussonar og að starfsmenn stefnda Sigurðar Guðmundssonar hafi gerst sekir um stórfellt

gáleysi með því að reisa húsið á þann hátt er þeir gerðu, á skakkri veggl ægju.

Þá séu ýmsar aðrar missmíðar á húsinu er rekja megi til mistaka og gáleysis af hálfu starfsmanna Sigurðar Guðmundssonar.

Hin sameiginlega og samofna bótaábyrgð stefndu leiði til óskiptrar ábyrgðar af þeirra hálfu.

Stefnandi heldur því fram að bótaábyrgð stefndu gagnvart honum hvíli á viðurkenndum skaðabótareglum og sjónarmiðum. Sé þar um að ræða saknæmisregluna og reglur um ábyrgð vinnuveitenda á saknæmri háttsemi starfsmanna.

Stefnufjárhæð máls þessa byggir stefnandi á niðurstöðum yfirmatsmanna. Í málskostnaðarkröfu felur hann m.a. kröfu fyrir ritun matsbeiðni, mót vegna dómkvaðningar matsmanna, þóknun til rannsóknar- og matsmanna.

Stefndi Sigmundur P. Lárusson byggir sýknukröfu sína á því að fram komnir gallar á húsinu nr. 19 við Grundartanga í Mosfellssveit verði ekki raktir til þeirra verkþátta er hann tók að sér og innti af hendi fyrir stefnanda. Hann hafi annast múrverk á grunni hússins. Samkvæmt þeim skýrslum sem fyrir liggja um galla á húsinu, þ.e.a.s. frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og dómkvöddum matsmönnum, séu helstu ástæður fyrir göllum á húsinu að sig hafi orðið á undirstöðum vegna ófullnægjandi þjöppunar fyllingarefnis, auk nokkurra annarra atriða sem séu á ábyrgð húsasmíðameistara og séu stefnda Sigmundi algjörlega óviðkomandi. Enginn af þeim göllum sem raktir séu í þessum málsgögnum verði raktir til þeirra verkþátta er stefndi Sigmundur innti af hendi. Þá mótmælir hann sérstaklega mati á verðrýrnun hússins sem ósundurliðuðu. Þá telur stefndi Sigmundur fráleitt að stefna byggingaraðilunum in solidum til greiðslu framkominna galla þar sem hver um sig hafi innt af hendi ákveðna afmarkaða verkþætti. Verði sýknukrafa hans ekki tekin til greina krefst hann þess að til skuldajafnaðar fjárhæð sem þannig á hann félli komi kr. 53.000,00, sbr. dómskj. 36, vegna vinnu og efnis sem hann hafi lagt fram til úrbóta meintum göllum.

Stefndi Sigurður Guðmundsson byggir sýknukröfu sína á því að framkomnir gallar á húsinu nr. 19 við Grundartanga verði ekki raktir til þeirra verkþátta er hann tók að sér og innti af hendi fyrir stefnanda. Hann hafi smíðað einingahús fyrir stefnanda og reist það á grunni sem hafi verið fullbúinn þegar hans verkþáttur hófst. Honum verði því ekki kennt um þau atriði er varða grunninn, frágang hans, þjöppun fyllingarefnis, vegglægju eða annars sem ekki tilheyri honum. Niðurstaða matsmanna sé sú að galla á húsinu að Grundartanga 19, Mosfellssveit, megi aðallega rekja til sigs á undirstöðum hússins. Ljóst sé að stefndi Sigurður beri enga ábyrgð á

þessum galla eða afleiðingum hans. Annað nefni undirmatsmenn einnig sem orsök gallanna, þ.e. að vegglæjga sé ekki nægilega rétt. Þetta atriði sé einnig stefnda Sigurði óviðkomandi. Þá nefni undirmatsmenn að á hafi skort um hönnun hússins og teikningar. Þetta atriði sé stefnda Sigurði einnig óviðkomandi. Af hálfu stefnda Sigurðar hefur hins vegar verið vitnað til dómskj. 12 um að hann viðurkenni ábyrgð á matsliðum 5, 6, 7 og 8 enda hafi hann margsinnis boðist til að lagfæra þá. Þá tekur stefndi Sigurður undir mótmæli stefnda Sigmundar varðandi mat á verðrýrnun hússins.

Stefndi sveitarsjóður Mosfellshrepps byggir sýknukröfur sínar á því að starfsmaður sjóðsins hafi á engan hátt vanrækt skyldu sína skv. byggingalögum og byggingareglugerð, enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á það í framlögðum gögnum, en á honum hvíli ótvírætt sönnunarbyrði um þetta atriði. Í þessu sambandi er bent á skyldur byggingafulltrúa skv. byggingalögum nr. 54/1978 og byggingareglugerð nr. 292/1979, gr. 2,5 og gr. 4,4.

Af hálfu stefnda Verkfræðistofu Suðurlands hf. er það tekið fram að húsið sem stefnandi byggði að Grundartanga 19, Mosfellssveit, hafi verið fjöldaframleiðsluhús. Húsgerð þessari hafi fylgt teikning að grunni (fjöldaframleiðslu- eða týputeikning) sem gerð hafi verið af stefndu Verkfræðistofu Suðurlands hf. fyrir framleiðandann. Þessi teikning dugi við venjulegar aðstæður, enda hafi hún verið notuð í tugum tilfella með góðum árangri. Það eina sem Verkfræðistofa Suðurlands hf. hafi gert að beiðni stefnanda og hafi fengið greitt beint frá honum hafi verið skólplagnateikningar og sökkulbitateikning, en síðargreinda teikningin hafi verið samin að ósk byggingafulltrúa er hafi viljað heimila stefnanda að losna við gröft og þjöppun undir innveggjasökkla. Á hinn bóginn hafi Verkfræðistofa Suðurlands hf. hvorki annast ráðgjöf né eftirlit á byggingarstað. Af hálfu Verkfræðistofu Suðurlands er því mótmælt að gallarnir sem fram hafa komið á húsinu verði raktir til teikninga þeirra. Það er tekið fram að þeim verði ekki kennt um slælega þjöppun, en þessa þjöppun hafi stefnandi sjálfur annast. Tekið er fram að á byggingatíma hússins hafi ekki tíðkast að setja fram á teikningum fræðilegar tölur um þjöppun. Byggingameistarar eigi að vita hvaða kröfur þurfi að gera til þjöppunar eftir aðstæðum á byggingastað, en í þessu tilviki hafi verið óvenju djúpt niður á fastan grunn. Þá er því sérstaklega mótmælt að þykkt gólfplötu hafi ekki verið eðlileg. Því er ennfremur haldið fram, að það sé fyrst og fremst verkframkvæmdin sem bregðist þegar húsið er byggt, og að dugandi fagmenn hafi auðveldlega getað lagt traustan grunn undir húsið skv. þeim teikningum sem Verkfræðistofa Suðurlands gerði. Af hálfu stofunnar er því mótmælt að verkfræðistofan beri ábyrgð á framlagi annarra byggingaraðila eða mistökum þeirra. Þá er því haldið fram að bótakrafa sé fyrnd sökum þess hversu

langt sé um liðið frá því að teikningar voru afhentar og ennfremur haldið fram að stefnandi hafi ekki skýrt stefnda frá því í tæka tíð að hann teldi teikningunum áfátt, sbr. 54. gr. laga nr. 39/1922.

Af hálfu stefnda Verkfræðistofu Suðurlands hf. er gerð varakrafa um stórfellda lækkun stefnufjárhæðar. Er því haldið fram að stefnandi eigi sjálfur nokkra sök á því hvernig fór og verði hann því að taka á sig hluta tjónsins. Jafnframt er því haldið fram að Verkfræðistofa Suðurlands hf. beri eingöngu ábyrgð á þeim hluta heildartjónsins sem beinlínis verði rakin til meintra mistaka verkfræðistofunnar og talist geti sennileg afleiðing mistakanna. Þá er á það bent að framlag stofunnar til byggingarinnar hafi verið smávægileg miðað við byggingarkostnaðinn í heild.

Álit dómsins:

Sannað þykir með yfirmatsgjörð og með stoð í undirmatsgjörð að rekja megi ágalla hússins að Grundartanga 19 í Mosfellssveit til mismunasigs. Samkvæmt yfirmatsgjörð liggur frumorsök þessa ágalla í gerð undirstöðu og vali fyllingarefnis. Fram þykir komið að frágangur fyllingar undir sökkla hafi verið ófullnægjandi, skurðir of mjóir miðað við dýpt og fyllingarefni ábótavant miðað við aðstæður. Af þessu hafi m.a. leitt að óframkvæmanlegt varð að þjappa fyllingarefnið á fullnægjandi hátt undir jarðvatnsborði.

Upplýst er að Hjörvar Óli Björgvinsson fékk með samningnum við Sigurð Guðmundsson um smíði hússins „typuteikningar" af einingahúsi, þ. á m. voru verkfræðiteikningar gerðar af Verkfræðistofu Suðurlands hf. Teikningar þessar koma fram á dskj. 22. Á bls. 2 í þessu dómskjali er teiknað snið í undirstöðuveggi og gólfplötu. Þar eru gefnar upp tvær útfærslur á sökkulteikningum eftir undirlagi. Fram er komið að af þeim var valin með samþykki byggingafulltrúa Mosfellshrepps lausn merkt 1. Þessi lausn gerir ráð fyrir að skurðir séu grafnir fyrir sökklum og þeir reistir á vel þjappaðri grús eða klöpp. Á teikningunni er ekki gefið upp hversu breiðir skurðir eigi að vera miðað við dýpt, og ekki eru þar gefnar nánar leiðbeiningar um val og þjöppun fyllingarefnis og engir fyrirvarar eru þar gerðir um aðstæður.

Magnús Ólafsson, þáverandi byggingafulltrúi Mosfellshrepps, hefur sagst hafa samþykkt þessa útfærslu að ósk húsbyggjanda eftir að búið var að veita leyfi fyrir henni á næsta húsi. Sigurður Hermannsson, sá er reisti það hús, hefur upplýst að þessi aðferð hafði aldrei áður verið viðhöfð í Mosfellssveit en hann hafi vitað að henni hafði verið beitt á Selfossi í tuttugu-þrjátíu ár áfallalaust. Stefnandi heldur því fram að Magnús byggingafulltrúi hafi lagt honum línurnar varðandi grunngröft, val fyllingarefnis og þjöppun. Stefnandi fékk sjálfur gröfu til að grafa fyrir húsinu og stóð

sjálfur fyrir þjöppuninni. Magnús Ólafsson segir í skýrslu sinni hér fyrir dómi, þegar honum er skýrt frá þessum framburði stefnanda, að hann hafi komið þarna nokkrum sinnum. Þarna hafi verið grafnar rásir fyrir undirstöðum. Þetta hafi verið framkvæmt þannig að nokkur kafli rásanna hafi verið grafinn í einu og síðan hafi grús verið fyllt í nokkurn veginn jafnóðum, því hefði verið beðið of lengi hefðu skurðirnir getað fallið saman. Hann kvaðst hafa brýnt fyrir þeim sem að þessu unnu að þjappa fyllingarefnið vel. Neðst í skurðinum hafi verið þjappað með gröfunni sjálfri þar sem ekki hafi verið þorandi vegna hættu á hruni að senda nokkurn þar niður. Þegar ofar dró í skurðina hafi verið þjappað með venjulegri sleðaþjöppu. Hann telur sennilegt að þetta hafi verið gert við efsta 1 - 1,5 metrann. Hann segir að sem fyllingarefni hafi verið notuð þvegin ármöl úr eyrum Leirvogsár. Þetta sé mjög gott fyllingarefni sem taki vel þjöppun. Hann segir að það hafi verið skilyrði af sinni hálfu að gott fyllingarefni yrði notað. Hann kvaðst hafa talið grunninn það vel þjappaðan að ekki hefði verið ástæða til að taka þjöppunarpróf af fyllingunni. Nánar aðspurður segist hann ekki alveg fyrirskipa aðferðina við grunninn. Það séu verkfræðiráðgjafarnir sem eigi að gera það.

Stefndi Sigmundur P. Lárusson var múrarameistari að grunninum og átti því að bera ábyrgð á grunngreftinum, sbr. lið 4.4.2. byggingareglugerðar nr. 292/1979.

Hann hefur þó upplýst að hann hafi ekkert komið nálægt grunninum fyrr en við úttekt hans undir sökkla. Stefnandi hefur sagt að sér vitanlega hafi ekkert samráð verið haft við Sigmund um fyllingu undir sökkla.

Það þykir sannað með matsgerðinni að gerð fyllingar undir sökkla hússins að Grundartanga 19 misheppnaðist með þeim afleiðingum að húsið hefur missigið og getur enn sigið. Þá þykir ljóst að val aðferðar við gerð grunnsins hafi verið óforsvaranlegt miðað við aðstæður og framkvæmdinni hafi auk þess verið ábótavant.

Í því sem Sigurður Guðmundsson húsasmíðameistari seldi stefnanda var „typuteikning" gerð af Verkfræðistofu Suðurlands hf. Þar kemur fram teikning af þeim frágangi undirstöðu sem valin var. Slíkum „typuteikningum" hlýtur að vera ætlað að eiga við á sem flestum stöðum við mismunandi aðstæður. Leiðbeiningar verða því að vera ítarlegar eða teknir fyrirvarar um ítarlegri teikningar eftir aðstæðum. Dóminum þykir á hafa skort um þetta og verði því einingahúsaframleiðandinn og verkfræðistofan í sameiningu að bera nokkra ábyrgð á tjóni stefnanda.

Hér byggist ábyrgð verkfræðistofunnar á almennu skaðabótareglunni og verður því ekki talin fyrnd.

Fram er komið að Magnús Ólafsson byggingafulltrúi, sem var stað-

kunnugur, samþykkti útfærslu undirstöðunnar, fylgdist með framkvæmdum, leiðbeindi við framkvæmdina og val fyllingarefnis, tók grunninn út undir reisningu sökkla og veitti undanþágu frá 7.1.3. gr. byggingarsamþykktar nr. 292/1979. Honum hlaut að vera ljóst að stefnandi, sem ekki var byggingafróður og sá sjálfur um framkvæmdina, byggði mjög á leiðbeiningum hans. Miðað við ríkjandi aðstæður var framkvæmdin mjög erfið. Fram er þannig komið að afskipti Magnúsar eru meiri en venjulegt eftirlit og leyfisveitingar. Samkvæmt lið 2.5. í byggingareglugerð nr. 292/1979, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1978 getur verksvið byggingafulltrúa verið mjög vítt, sbr. sérstaklega lið 2.5.15. og 2.5.16. Ósannað er að byggingafulltrúinn hafi farið út fyrir verksvið sitt. Af þessu leiðir að Mosfellshreppur þykir verða að bera hluta ábyrgðar á að val og gerð undirstöðunnar fór úr böndunum.

Stefndi Sigmundur P. Lárusson getur skv. lið 4.4.2. byggingareglugerðar nr. 292/1979 borið ábyrgð á grunngreftinum. Þar sem stefnandi hefur borið að stefndi Sigmundur hafi ekkert verið kallaður til við gerð grunnsins og ekkert samráð hafi verið við hann haft, og þess að fela má húsasmíðameistara þessi störf sbr. 4.4.1. byggingareglugerðar, þykir mega sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi, sem ekki er byggingafróður, tók að sér að standa sjálfur fyrir grunngrefti og fyllingu. Hér var vegna aðstæðna um vandasama aðgerð að ræða og ekki á færi nema fagmanna. Hann hefur lýst því að smiðir þeir er hann réð til að slá upp fyrir sökklum hafi átt þátt í því hver lausn var valin. Þessum smiðum hefur hann ekki stefnt og er þáttur þeirra annars óupplýstur. Hér í málinu ber hann sjálfur ábyrgð á ráðleggingum þeirra og störfum, þ. á m. á matslið 15. Af hér greindum ástæðum verður hann sjálfur að bera hluta ábyrgðar á tjóni sínu.

Þegar það er skoðað að þátttaka aðila í byggingunni, annarra en Sigurðar Guðmundssonar og Verkfræðistofu Suðurlands hf., er ekki samofin þykir verða að ákveða þátt hvers um sig sérstaklega.

Þegar þáttur hvers um sig er virtur þykja stefndu, Sigurður Guðmundsson og Verkfræðistofa Suðurlands hf., sameiginlega eiga að bera þriðja hluta tjónsins og sveitarsjóður Mosfellshrepps þriðja hluta þess og stefnandi sjálfur einn þriðja hluta.

Samkvæmt mati yfirmatsmanna nemur kostnaður við að styrkja undirstöðu hússins, en það telja þeir nauðsynlegt, nema kr. 670.000,00. Þetta hefur ekki verið hrakið og verður sú upphæð lögð til grundvallar.

Yfirmatsmenn meta að sú skæling sem þegar hefur orðið á húsinu verði ekki lagfærð nema að óverulegu leyti og meta verðrýrnun hússins þess vegna kr. 400.000,00.

Fjárhæð þessi hefur ekki verið hrakin og þykir því mega leggja hana til grundvallar.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða máls þessa sú að stefnandi skal bera sjálfur þriðja hluta tjóns síns eða kr. 356.666,00. Stefndu, Sigurður Guðmundsson og Verkfræðistofa Suðurlands hf., skulu sameiginlega bera þriðja hluta eða kr. 356.666,00 og stefndi, sveitarsjóður Mosfellshrepps, skal bera þriðja hluta tjóns stefnanda eða kr. 356.666,00.

Vaxtakröfu stefnanda er ekki mótmælt og er hún tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að dæmdir greiði stefnanda málskostnað að jöfnu. Málskostnaður þ.m.t. matskostnaður þykir hæfilega metinn á kr. 215.000,00. Sigmundur P. Lárusson skal bera málskostnað sinn sjálfur.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara og Stefáni Hermannssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi Sigmundur P. Lárusson skal sýkn af kröfum stefnanda, Hjörvars Óla Björgvinssonar, í máli þessu. Hann skal bera málskostnað sinn sjálfur.

Stefndu Sigurður Guðmundsson og Verkfræðistofa Suðurlands hf. greiði stefnanda, Hjörvari Óla Björgvinssyni, in solidum kr. 356.666,00 með dómvöxtum frá 17.12. 1985 til greiðsludags og kr. 107.500,00 í málskostnað.

Stefndi sveitarsjóður Mosfellshrepps greiði stefnanda, Hjörvari Óla Björgvinssyni, kr. 356.666,00 með dómvöxtum frá 17.12. 1985 til greiðsludags og kr. 107.500,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 8. mars 1988.

Nr. 245/1986. **Hreiðar Hallgeirsson**
Þorsteinn Bjarnason og
Gísli Grétar Magnússon
persónulega og
f.h. Vélgröfunnar sf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
þrotabúi Vörðufells hf.
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Gjaldþrotalög. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 sama dag. Þeir krefjast aðallega sýknu, en til vara að tildæmdar kröfur verði bundnar því skilyrði, að áfrýjendur komi kröfu sinni að við skipti á búi stefnda. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeim breytingum, að dæmdir verði dráttarvextir á mánuði þannig: 3,75% frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 13. apríl s.á. og síðan svo sem Seðlabanki Íslands ákveður þá. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi gekk bifreiðin X-4058 sem greiðsla upp í skuld stefnda við áfrýjendur. Fyrirtæki áfrýjenda og Vörðufell hf. lögðu bæði stund á verktakastarfsemi og stafaði umrædd skuld frá framkvæmdum þar sem áfrýjendur voru undirverktakar við verkefni Vörðufells hf. Ekki mun óalgengt að vinnutæki eða bifreiðar gangi kaupum og sölum milli slíkra fyrirtækja, og áfrýjendur virðast hafa viljað eignast bifreiðina X-4058 til eigin nota við starfsemi af ofangreindu tagi. Telja verður þó eins og hér stóð á, að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða og beri að rifta

greiðslunni samkvæmt 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Er þá haft í huga að ekki er fram komið, að á þennan veg hafi verið samið um greiðsluna, er til skuldarinnar var stofnað, og ekki er leitt í ljós að slíkar greiðslur hafi áður átt sér stað í viðskiptum málsaðila. Um verð bifreiðarinnar er ekki ágreiningur.

Með vísan til þessa ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, þó með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Í gögnum málsins og málflutningi stefnda hér fyrir dómi var lýst yfir því, að áfrýjendur fái að koma að kröfu þeirri, er mál þetta snýst um, við skipti á þrotabúi stefnda. Verður ekki séð að um það sé ágreiningur í málinu. Þykir ekki þörf á úrlausn um þetta atriði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Greiðslu þeirri er aðaláfrýjandinn, Vélgrafan sf., fékk með afsali þann 18. nóvember 1983 fyrir bifreiðinni X-4058 er rift.

Áfrýjendur, Hreiðar Hallgeirsson, Þorsteinn Bjarnason og Gísli Grétar Magnússon persónulega og f.h. Vélgröfunnar sf. greiði in solidum stefnda, þrotabúi Vörðufells hf., 250.000,00 krónur með 32% ársvöxtum frá 18. nóvember 1983 til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á. og síðan með dráttarvöxtum á mánuði þannig: 4% til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 13. apríl s.á., en með dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá 14. apríl 1987 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjendur greiði stefnda in solidum 65.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. febrúar sl., hefur Viðar Már Matthíasson hdl., nnr. 9184-3838, Borgartúni 24, Reykjavík, skiptastjóri í þrotabúi Vörðufells hf., nnr. 9342-9710, Hörðuvöllum 1, Selfossi, f.h. þrotabúsins höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Vélgröfunni sf., nnr. 9175-4762, Eyrarvegi 47, Selfossi, og eigendum sameignarfélagsins persónulega, þeim Hreiðari Hallgeirssyni, nnr. 4359-1622, Stekkholti 21, Selfossi, Þorsteini Bjarnasyni, nnr. 9730-8721, Hjarðarholti 7, Selfossi, og Gísla Grétari Magnússyni, nnr. 2680-7344, Stekkholti 18, Selfossi.

Kröfur stefnanda eru þessar:

1) Að rift verði greiðslu skuldar Vörðufells hf. við Vélgröfuna sf., sem fram fór þann 18. nóvember 1983 með afhendingu (sölu) á bifreiðinni X-4058 af gerðinni Toyota Hi-Lux pickup, árgerð 1980, í eigu Vörðufells hf., til stefnda Vélgröfunnar sf.

2) Að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda kr. 250.000,00 með 32% ársvöxtum frá 18. nóvember 1983 til 21. desember s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

3) Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ skv. málskostnaðarreikningi, auk kr. 1.830,00 vegna greiðslu til vitnis vegna rækslu vitnaskyldu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, eigi lægri en skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður málsástæður sínar vera þær, að Vörðufell hf. hafi með afsali dags. 29.12. 1982 frá Sigurði Jónssyni, Ásgerði, Hrunamannahreppi, eignast bifreiðina X-4058, af gerðinni Toyota, árgerð 1980. Tilkynning um söluna til bifreiðaskrár hafi hins vegar misfarist, og hafi því fyrri eigandi áfram verið skráður eigandi í bifreiðaskrá.

Á árunum 1982-1983 hafi Vörðufell hf. unnið stór verkefni við lagningu svonefndrar suðurlínu, sem sé hluti byggðalínu, er aftur sé ein af meginþáttum dreifikerfis raforku í landinu. Stefndi, Vélgrafan sf., hafi unnið á vegum Vörðufells hf. við suðurlínu. Vörðufell hf. hafi komist á árinu 1983 í mikla greiðsluerfiðleika, auk þess sem verkefnaskortur hafi hrjáð félagið. Félagið hafi ekki staðið í skilum við lánardrottna frá því fyrri hluta árs 1983, og með bréfi, mótteknu við embætti skiptaráðandans í Árnessýslu

þann 6. apríl 1984, hafi verið farið fram á greiðslustöðvunarheimild fyrir hlutafélagið, og hafi það verið veitt. Hafi greiðslustöðvun tekið gildi 13. apríl 1984 og lokið 13. september 1984 eftir að hafa verið framlengd einu sinni, en þann dag hafi félagið verið úrskurðað gjaldþrota.

Frestdagur í skilningi laga um gjaldþrotaskipti nr. 6/1978 sé að mati stefnanda þann 6. apríl 1984.

Vörðufell hf. hafi skuldað stefnda Vélgröfunni sf. umtalsverðar fjárhæðir vegna vinnu Vélgröfunnar sf. við suðurlínu, og hafi af hálfu fyrirsvarsmanna sameignarfélagsins verið þrýst mjög á um greiðslu skuldanna. Niðurstaðan hafi orðið sú að stefndi, Vélgrafan sf., hafi fengið greiddan hluta skuldanna með afhendingu, sölu, á bifreiðinni X-4058, og hafi verð bifreiðarinnar verið ákveðið kr. 250.000,00.

Ráðstöfun þessi sé brot á grundvallarreglunni um jafnræði kröfuhafa, og sé hún því riftanleg út frá hlutlægum forsendum einum saman. Jafnframt sé þó á því byggt að fyrirsvarsmönnum stefnda Vélgröfunnar sf. hafi verið kunnugt um fjárhagserfiðleika Vörðufells hf., og því hafi ráðstöfunin verið ótilhlýðileg og stefnda Vélgröfunni sf. til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa.

Samkomulag við stefnda um riftun hafi ekki tekist og því sé málshöfðun þessi nauðsynleg.

Samkomulag sé um að reka málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Umboð skiptastjóra til málshöfðunar byggir stefnandi á 1. tl. 91. gr. l. nr. 6/1978 sbr. og 112. gr. sömu laga, en á skiptafundi í þrotabúi Vörðufells hf. þann 8. febrúar 1985 hafi jafnframt verið samþykkt á ályktunarbærum fundi sbr. 2. tl. 97. gr. að fela honum heimild til málshöfðunar.

Kröfu um riftun á greiðslu skuldarinnar styður stefnandi við 1. mgr. 54. gr. l. nr. 6/1978, og einnig sjálfstætt við 61. gr. s.l.

Kröfu um vexti byggir stefnandi á 5. gr. l. nr. 58/1960 sbr. og 13. gr. l. nr. 10/1961, svo og auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um vaxtafót, og vísar stefnandi sérstaklega í auglýsingu bankans frá 18. febrúar 1985 um heimild til töku mánaðarlegra dráttarvaxta af kröfunni.

Málskostnaðarkröfuna styður stefnandi við 1. mgr. 177. gr. l. nr. 85/1936 sbr. og 184. gr. s.l.

Samkomulag sé um að varnarþing verði í Reykjavík, sbr. 1. mgr. 81. gr. l. nr. 85/1936.

Kröfufjárhæðin sé andvirði bifreiðarinnar X-4058 þann 18.11. 1983.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu lögmanns stefnanda að verði dómkröfur stefnanda í máli þessu teknar til greina muni stefndi geta lýst upphaflegri kröfu sinni í þrotabú Vörðufells hf., enda þótt auglýstur kröfulýsingarfrestur sé runninn út í samræmi við samþykkt sem gerð var á skiptafundi í þrotabúinu þann 8. febrúar 1985.

Stefndu kveða málavöxtum vera rétt lýst hvað horfi við stefnanda, en hins vegar halli nokkuð á stefnda hvað áhræri viðskipti hans við stefnanda. Vilji stefndi fyrst og fremst mótmæla því, sem fram komi á dskj. nr. 4 að hann hafi þrýst mjög á að fá greiðslur úr hendi stefnanda. Nægi þar að benda á dskj. nr. 10, kröfulýsingu stefnda. Þar komi fram að er viðskipti þau er mál þetta snýst um fóru fram 18.11. 1983 hafi viðskiptaskuld stefnanda við stefnda numið a.m.k. kr. 349.351,51 og hafi verið allar götur frá júní 1983. Það geti varla talist mikil eftirgangssemi af hálfu stefnda að taka við mikið notaðri þriggja ára bifreið upp í aðeins hluta þeirrar skuldar er stefndi átti hjá stefnanda. Þá sé því alfarið mótmælt sem röngu og órökstuddu, sem fram komi í málavaxtalýsingu stefnanda á dskj. nr. 4, að stefnda hafi verið fullkunnugt um fjárhagserfiðleika stefnanda og að viðskipti þeirra hafi verið ótilhlýðileg.

Málsástæður og lagarök stefndu séu þessi: Stefndu telji að hvorki 1. mgr. 54. gr. l. nr. 6/1978 né 61. gr. s.l. eigi við um viðskipti stefnda og stefnanda. Því sé að vísu ómótmælt að viðskipti þessi (þ.e. dskj. nr. 5) hafi átt sér stað tæpum fimm mánuðum fyrir frestdag. Hins vegar telji stefndu að með viðskiptum þessum hafi ekki verið greitt fyrr en eðlilegt var, sbr. sérstaklega dskj. nr. 10, né hafi sú fjárhæð er greidd var ráðið um greiðsluhæfni stefnanda. Um það, hvort um sé að ræða „óvenjulegan greiðslueyri" í skilningi 1. mgr. 54. gr. l. nr. 6/1978, vilji stefndi taka fram eftirfarandi:

Í fyrsta lagi sé litið til dskj. nr. 17, yfirlýsingar bókhaldara stefnda, komi fram að undanfarin a.m.k. níu ár hafi það mjög tíðkast að taka við greiðslum í formi annars en beinharðra peninga, og telji stefndi ekkert óvanalegt við það. Í öðru lagi sé hér um viðskipti tveggja verktaka að ræða. Á það sé að líta að slíkur rekstur sé ærið sveiflukenndur og árstíðabundinn. Stefndi telji því ekkert óvenjulegt við það að verktaki losi sig annað veifið við hluti á þann hátt er gert var skv. dskj. nr. 5. Þaðan af síður líti stefndi svo á að hann hafi á ótilhlýðilegan hátt komist að samningum við stefnanda sér til hagsbóta en öðrum kröfuhöfum til tjóns. Hvað varði vitneskju stefnda um yfirvofandi greiðslustöðvun stefnanda og eftirfarandi gjaldfrest sé rétt að vísa til þess að ríflega helmingur kröfugerðar hans á dskj. nr. 10 sé frá reikningi dags. 31.12. 1983 að fjárhæð kr. 573.421,90, þ.e. hugsanlega fyrir og ekki síður eftir ráðstöfun þá, er mál þetta snýst um. Heldur lítið virðist hér fara um „grandsemi" stefnda.

III.

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. l. nr. 6/1978 nægir það skilyrði eitt til þess að rifta megi greiðslu að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur, hafi greiðslan farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Beiðni Vörðufells hf. um greiðslustöðvun var lögð fram í skiptarétti 6.

apríl 1984, og telst sá dagur frestdagur í skilningi 1. mgr. 54. gr. l. nr. 6/1978, og er ekki ágreiningur um það í málinu að greiðslan var innt af hendi innan þess frests. Er einungis deilt um það í máli þessu, hvort greiðslan hafi verið „óvenjulegur greiðslueyrir" í skilningi ofangreinds lagaákvæðis.

Ekki liggur fyrir að samið hafi verið um að greiða stefnda með þeim hætti sem gert var, þegar til viðskiptanna var stofnað, og upplýsti stefndi Þorsteinn Bjarnason fyrir dómi að hann hefði frekar tekið við peningagreiðslu frá Vörðufelli hf. ef því hefði verið til að dreifa. Stefndu hafa lagt fram yfirlit á dskj. nr. 17 frá bókhaldara hins stefnda fyrirtækis um viðskipti þau sem stefndi hefur átt frá árinu 1976, þar sem fyrirtækið hefur tekið vélar og áhöld upp í vinnu. Hefur yfirliti þessu ekki verið andmælt sem röngu en mótmælt sem þýðingarlausu.

Af yfirlitinu kemur fram að frá árinu 1976 hefur hið stefnda fyrirtæki fimm sinnum tekið vélar eða áhöld upp í vinnu, þar af einu sinni frá Vörðufelli hf., þ.e. greiðslu þá, sem hér er deilt um.

Ekki verður dregin sú ályktun af yfirliti þessu að greiðsluháttur þessi geti talist venjulegur í viðskiptum aðilja.

Telja verður upplýst að greiðslan var innt af hendi í því skyni að greiða fjárkröfu stefnda á hendur Vörðufelli hf., og verður að telja, eins og atvikum var háttað og með hliðsjón af framburði aðila, að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða í viðskiptum aðila. Ber því skv. 1. tl. 54. gr. l. nr. 6/1978 að taka til greina kröfu stefnanda um riftun, en samkvæmt því ákvæði skiptir grandleysi stefndu ekki máli.

Samkvæmt 1. tl. 62. gr. s.l. ber að fallast á þá kröfu stefnanda að stefndu greiði honum in solidum kr. 250.000,00 sem er óumdeilt verðmæti greiðslunnar.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt sérstaklega og verður hún því tekin til greina með þeirri breytingu að frá 1. júní 1985 dæmast 3,5% vanskilavextir á mánuði til 1. september s.á., en 3,75% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 55.400,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Greiðslu þeirri er stefndi, Vélgrafan sf., fékk með afhendingu á bifreiðinni X-4058 þann 18. nóvember 1983, er rift.

Stefndu, Vélgrafan sf., Hreiðar Hallgeirsson, Þorsteinn Bjarnason og Gísli Grétar Magnússon, greiði in solidum stefnanda, Vörðufelli hf., kr. 250.000,00 með 32% ársvöxtum frá 18. nóvember 1983 til 21.

desember s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 3,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en með 3,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 55.400,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. mars 1988.

Nr. 59/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Árna Inga Sigurðssyni

Kærumál. Dómsátt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 112. gr. 6. mgr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 22. febrúar 1988, sem barst Hæstarétti 23. s.m. Krefst hann þess að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Varnaraðila var í sakadómi Akraness 26. s.m. tilkynnt um kæruna. Hann krefst þess að dómsáttin verði staðfest en óskar ekki eftir að skila greinargerð af sinni hendi.

Með hinni kærðu sátt samþykkti varnaraðili í sakadómi Akraness að greiða 10.000,00 króna sekt fyrir brot á 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá sáttardegi.

Ríkissaksóknari gerir svofellda grein fyrir kærunni: „Magn alkóhóls í blóðsýni úr kærða, sem tekið var í þágu rannsóknar málsins, reyndist 1.3‰. Með dómsáttinni var atferli kærða fært

undir 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. sbr. 80. gr. umferðarlaga og honum gert að sæta sviptingu ökuleyfis í 6 mánuði, auk greiðslu sektar og sakarkostnaðar. Með vísan til hæstaréttardóma LI:1378 og LIV:406 eru vikmörk mest 10%, ef þéttni alkóhóls í blóði er meira en 1‰. Því ber að færa brot kærða undir 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, sem samkvæmt 81. gr. þeirra laga leiðir til lengri sviptingartíma og, samkvæmt dómvenju, til hærri sektar. Niðurstaða sáttarinnar er því röng."

Í dómi Hæstaréttar 24. febrúar 1983 (LIV, bls. 406) er á bls. 407 vitnað til þess álits dr. Þorkels Jóhannessonar, sem um var rætt í dómi Hæstaréttar 20. júní 1980 (LI, bls. 1378), að „ef þéttni alkóhóls í blóði sé meiri en 1‰ séu vikmörk frá miðtölugildi mest 10%, en ef þéttni alkóhóls í blóði sé 1‰ eða minni sé venja að telja vikmörk frá miðtölugildi 0,10‰". Við prentun dómasafns fyrir 1983 hefur hluti af þessum tilvitnaða texta fallið niður, en sú villa hefur ekki komið að sök við ákvörðun um kæru í máli þessu, sem virðist tekin með hliðsjón af réttu orðalagi dómsins.

Í málum þeim, sem úr var leyst með ofangreindum dómum Hæstaréttar, var mæld þéttni alkóhóls í blóði minni en 1‰, gagnstætt því sem hér er um að ræða. Í síðari dóminum er það staðfest að miða beri vikmörk vegna ónákvæmni í mælingu alkóhólsmagns í blóði með þeirri aðferð, sem notuð var í máli þessu. Þykir rétt að fylgja því fordæmi, en þar sem vínandamagn í blóði varnaraðila reyndist meira en 1‰, verður stuðst við hlutfallsleg vikmörk. Þykir ekki ástæða til að miða við lægra frávik en það hámarkshlutfall, sem um ræðir í ofangreindri álitsgerð, eða 10%.

Miðað við 10% vikmörk frá miðtölugildinu 1,32‰ um alkóhól í blóði varnaraðila er ekki komin fram lögfull sönnun þess, að alkóhól í blóði hans hafi mælst 1,20‰ eða meira (1,32 - 0,13 = 1,19) og verður krafa ákæruvaldsins því ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt skal óröskuð.

Dómsátt sakadóms Akraness 16. febrúar 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 16/2 er dómþing sakadóms Akraness háð í skrifstofu dómsins að Suðurgötu 57 af Tryggva Bjarnasyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Kæra á hendur Árna Inga Sigurðssyni fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: Nr. 1 skjalaskrá lögr. ásamt fskj.

Kl. 10.05 kemur í dóminn kærði. Nafn: Árni Ingi Sigurðsson. Staða: Verkamaður. Heimili: Suðurgata 16, Akranesi. Nafnnúmer: 0534-6509. Fæðingardagur: 11.08. 1965. Fæðingarstaður: Akranes.

Kærða er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar að efni kærunnar sé rétt: að hafa þann 6/12 '87 ekið bíl J-2064 undir áhrifum áfengis um götur á Akranesi.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,32‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig að hann fallist á að greiða kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 6 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga en brot hans þykir efnislega varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umfl.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 1/4 '88 en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 8 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað kr. 7.088,00 fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst að ökuleyfissviptingin gildir frá 16/2 '88.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Miðvikudaginn 9. mars 1988.

Nr. 104/1987. **Borgarstjórinn í Reykjavík**
f.h. borgarsjóðs
(Magnús Óskarsson hrl.)
gegn
Hannesi Kr. Davíðssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áður en mál þetta verður dæmt þykir rétt að endurupptaka það skv. 120. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 og veita málsaðilum kost á að afla skoðunar- og matsgerða dómkvaddra sérfræðinga um eftirgreind atriði:

1. Rökstuddrar greinargerðar um hugsanlega kosti hinna fyrirhuguðu lofta umfram þau loft sem fyrir eru og þá einkum um mismunandi möguleika á notkun dagsbirtu til lýsingar á sýningarsölunum.

2. Hvort unnt sé að koma við fullnægjandi lýsingu án þess að raska núverandi loftvirkjum eða lýta þau og þá hvernig?

3. Kostnaðaráætlanir í hverju tilviki ásamt áætlunum um hugsanlegan fjárhagslegan ávinning áfrýjanda af breytingunum.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla framangreindra skýrslna.

Föstudaginn 11. mars 1988.

Nr. 20/1987. **Fiskiðjan Arctic hf.**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Aðalsteini Gíslasyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s.m. samkvæmt 20. gr. 2. mgr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi heldur því fram að hin umdeildu söltuðu grásleppuhrogn hafi verið haldin leyndum göllum og honum því verið heimilt að rifta kaupunum að þeim hluta, sbr. 43. gr. 1. mgr., 44. og 58. gr. laga nr. 39/1922. Fallast ber á að þessi lagaákvæði eigi hér við og tilkynning áfrýjanda til umboðssölumanns stefnda um að þessi hluti hrognanna yrði eigi greiddur hafi jafngilt tilkynningu um riftun.

Samkvæmt niðurstöðu fiskmatsstjóra í bréfi 19. september 1984 bendir ýmislegt til að orsaka skemmda í grásleppuhrognunum sé að leita í samspili tveggja atriða:

„1. Salt og þó einkum rotvarnarefni (benzoat) virðast í lægri mörkum. Þrátt fyrir það fundust engar skemmdir við skoðun, sem fram fór, áður en hrognin voru send til Akraness, né heldur við komu þeirra þangað.

2. Geymsla hrognanna í ca. einn mánuð var við óeðlilega hátt hitastig, sé miðað við afurðir, sem aðeins ættu að geymast í kæli. Hitastig í hrognunum mældist 13°C."

Áfrýjandi bar sjálfur ábyrgð á geymslu hrognanna og fram er komið að geymsla þeirra var í andstöðu við fyrirmæli 3. gr. 2. mgr.

reglugerðar nr. 38/1971 um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum til útflutnings.

Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, komst að þeirri niðurstöðu að hrognin hefðu ekki skemmst svo sem raun varð á, ef annars vegar gæði þeirra hefðu verið fullnægjandi, þegar þau fóru frá stefnda, og hins vegar áfrýjandi hefði geymt þau í kæli uns frekari vinnsla þeirra hófst. Þessari niðurstöðu hefur áfrýjandi ekki hnekkt og brestur hann sönnun um, að hrognin hafi verið gölluð í þeim mæli, að riftun skv. 43. gr. 1. mgr. laga nr. 39/1922 væri heimil. Krafa um afslátt hefur ekki verið höfð uppi eða rökstudd.

Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 40.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskiðjan Arctic hf., greiði stefnda, Aðalsteini Gíslasyni, 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 6. maí 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þ.m. (sic), hefur Aðalsteinn Gíslason, til heimilis að Bölum 19, Patreksfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. jan. sl., gegn Fiskiðjunni Arctic hf., Vesturgötu 119, Akranesi, til greiðslu kr. 106.400,00 auk 19% ársvaxta af kr. 84.000,00 frá 15. júlí 1984 til 15. ágúst s.á., en auk 19% ársvaxta frá þ.d. af kr. 106.400,00 til 31.12. 1984, en ásamt 30,8% ársvöxtum frá 1. jan. 1985 til 16. jan. s.á., en ásamt dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56 frá 1979 frá þ.d. til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að kveðið verði svo á í dómsorði að áfallnir vextir skuli leggjast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, á 12 mánaða fresti í fyrsta skipti 15. júlí 1985. Loks er krafist málskostnaðar alls úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og ennfremur að honum (sic) verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Málavextir.

Stefnandi stundar grásleppuveiðar frá því í apríl og fram í júlí ár hvert og verkar jafnframt grásleppuhrogn sín sjálfur. Umboðssölu f.h. stefnanda hefur fyrirtækið Steinavör hf. í Reykjavík. Fyrir þess milligöngu hefur stefnandi m.a. selt stefnda, Fiskiðjunni Arctic hf. á Akranesi, hrogn til frekari vinnslu. Í byrjun júlímánaðar 1984 seldi stefnandi með atbeina Steinavarar hf. stefnda 59 tunnur af hrognum. Hrogn þessi munu hafa verið veidd í júnímánuði. Ekki hefur komið fram í málinu að stefnandi hafi geymt hrogn sín í kæli, en það mun mjög fátítt meðal framleiðenda. Áður en hrognin voru send frá Patreksfirði fór fram mat á þeim 3. júlí 1984. Í stöðluðum texta matsvottorðs, undirrituðum af matsmanni, segir að hrognin hafi reynst „góð vara, og tunnurnar og merking þeirra í samræmi við gildandi reglugerð um útflutning á grásleppuhrognum". Ennfremur hefur matsmaður áritað á vottorðið að í eina tunnu hafi vantað 15 kg og að í tunnunum sé mikill pækill og hætta á undirvikt, og að tunnur séu á mörkum að teljast hæfar sakir ljóts útlits, því að gjarðir séu ryðgaðar. Í matsvottorðinu segir að tunnurnar lestist á bíl 4. júlí. Hrognin voru síðan flutt til Akraness, fyrst 40 tunnur föstudaginn 6. júlí og síðan 19 tunnur mánudaginn 8. júlí með bifreiðum frá Vöruflutningamiðstöðinni hf. Af hálfu stefnanda er haldið fram að fyrri hrognasendingin hafi verið geymd undir beru lofti þá um helgina, líklega í sólskini, en því er mótmælt sem ósönnuðu af hálfu stefnda.

Þegar hrognin komu til Akraness í geymslu stefnda voru þau einnig tekin út og virtust þá í lagi. Ekki voru neinar athugasemdir gerðar af hálfu stefnda við móttöku þeirra á Akranesi. Tunnurnar voru síðan geymdar innanhúss við hliðina á kæligeymslu hjá stefnda, en ekki í kæligeymslu sem var þar inni í húsinu. Í húsinu utan kæligeymslunnar er kælivél nokkra metra frá tunnustaflanum sem volgt loft streymdi frá eftir endilöngu húsinu. Yfir kælivélinni er loftop 30-40 cm í þvermál. Að áliti fyrirsvarsmanna stefnda mun lofthiti í húsinu vera ofurlítið hærri en utanhúss sakir kælivélarinnar.

Um 3-4 vikum eftir að stefndu tóku (sic) við hrognatunnunum frá Patreksfirði urðu starfsmenn stefnda varir við að skemmd var komin í nokkrar þeirra. Stefnda bar fram kvörtun við Steinavör hf. Í kvörtuninni kom fram það álit stefnda að 14 hrognatunnur frá stefnanda væru ónýtar. Stefnda lét svo um mælt að ekki yrði innt af hendi greiðsla fyrir þær tunnur. Þá þegar var hafist handa um að rannsaka hvað hefði valdið skemmdunum.

Er hér var komið sögu voru eftirlitsmenn Ríkismats sjávarafurða fengnir til að skoða hrognin og taka sýni úr hinum skemmdu hrognatunnum í geymslu stefnda. Það voru yfirmatsmennirnir Friðrik Stefánsson og Kristján Þorlaksson. Í vottorði þeirra, dags. 13. ágúst, segir að við úttekt á

hrognunum 10. ágúst hafi þeir fundið „talsvert af súrum og skemmdum hrognum". Pækilstyrkur reyndist frá 13 til 14,5 og hiti í hrognum 13 C. Tunnur virtust gamlar, því að á sumum tunnum sáust tvö hornmerki greinilega og gjarðir voru mjög ryðgaðar. Þá sagði í vottorðinu að skemmdu hrognin væru öll frá því í júní 1984, en einnig væru góð og óskemmd hrogn frá sömu dögum og framleiðendum.

Sýni þau sem eftirlitsmennirnir tóku voru send Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 23. ágúst 1984. Að því er eftirlitsmenn Ríkismats sjávarafurða tjáðu stofnuninni var ýlda í einu sýnanna. Í skýrslu Rannsóknastofnunarinnar, dags. 31. ágúst, segir að 7 sýni hafi verið rannsökuð úr nefndum hrognatunnum og hafi hrognin reynst „mjög gerlamenguð". Sex sýni af sjö dæmdust slæm vegna þessa. Í því sýni sem ýlda var í var gerlafjöldi hæstur (13,5 milljónir/g). Önnur sýni voru enn óskemmd.

Í skýrslu Rannsóknastofnunarinnar sagði ennfremur að helst hefðu áhrif á vöxt og viðgang örvera í söltuðum hrognum: (1) Upphaflegur gerlafjöldi og hreinlæti við söltun. (2) Saltmagn. (3) Bensóatmagn. (4) Hitastig. Þá sagði ennfremur í skýrslunni:

„Ekki er hægt að fullyrða um ástæður fyrir svo háum gerlafjölda í ofangreindum sýnum. Hins vegar má benda á eftirfarandi atriði:

(1) Ekkert er vitað um upphaflegan gerlafjölda og hreinlæti við söltun. Því geta þessi atriði ekki gefið skýringar á hinum mikla gerlafjölda.

(2) Saltmagn í hrognunum var í lægra lagi en þó ekki svo lágt að nægi til skýringar á gerlafjöldanum.

(3) Niðurstöður bensóatmælinga sýndu að óeðlilega lítið bensóat var til staðar (0,02-0,06%). Í tilraun, sem gerð var á R.F. 1980 (Grásleppuhrogn og söltun þeirra, Emilía Martinsd. Samtök grásleppuhrognaframleiðenda) mældist bensóat yfirleitt um og yfir 0,1% eftir u.þ.b. 2 mánuði frá söltun en 200 g af bensóati fóru í hverja tunnu.

(4) Sýnt hefur verið fram á að vaxtarhraði örvera í söltuðum grásleppuhrognum er mjög háður geymsluhita. Í tæknitíðindum nr. 149 er greint frá geymslutilraunum í hrognum við mismunandi hita (0,5 og 10 C). Þar kom m.a. fram að hrogn geymd við 10 C voru óhæf til neyzlu eftir 30-50 vikur, meðan hrogn við 0 C voru enn í lagi eftir 120 vikur. Sem áður segir mældist 13 C hiti í hrognunum. Öruggt er að vaxtarhraði örvera er töluvert meiri við 13 C en 10 C. Hins vegar hafa ekki verið gerðar tilraunir með geymslu hrogna við hærri hita en 10 C, svo að vitað sé.

Tvær líklegustu skýringarnar á háu gerlainnihaldi og þar af leiðandi skemmdum eru því a) lítið magn rotvarnarefnis, b) allt of hátt geymsluhitastig."

Þegar ljóst varð að stefda hugðist ekki greiða stefnanda andvirði þeirra 14 tunna grásleppuhrogna sem skemmdust, leitaði umboðsaðili stefnanda,

Steinavör hf., sátta með aðilum. Var þá m.a. leitað eftir enn frekara áliti Ríkismats sjávarafurða á því hvað hefði valdið skemmdunum á grásleppuhrognum nefndra 14 tunna. Af því tilefni reit Einar M. Jóhannsson fiskmatsstjóri f.h. stofnunarinnar Steinavör hf. bréf, dags. 19. sept. 1984. Þar bendir hann á að í skýrslu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins sé hvergi að finna neina eina ástæðu til skemmda þeirra sem fram komu í grásleppuhrognunum hjá stefnda. Ýmislegt bendi þó til að orsaka sé að leita í samspili tveggja atriða:

„1. Salt og þó einkum rotvarnarefni (benzoat) virðast í lægri mörkum. Þrátt fyrir það fundust engar skemmdir við skoðun sem fram fór áður en hrognin voru send til Akraness, né heldur við komu þeirra þangað.

2. Geymsla hrognanna í ca. einn mánuð var við óeðlilega hátt hitastig, sé miðað við afurðir sem aðeins ættu að geymast í kæli. Hitastig í hrognunum mældist 13 C.

Hrogn sem mældust með 0,02% benzoat reyndust mun verri en t.d. hrogn úr tunnu sem mældust 0,06% benzoat. Margar tunnur sem þarna voru utan kælis, reyndust við skynmat vera í lagi. Þetta lága benzoatinnihald hefur ekki verið skýrt.

Móttakanda hrognanna, sem starfað hefur að verkun grásleppuhrogna í mörg ár, á hins vegar að vera ljóst að sá geymslumáti sem þarna var viðhafður er alls ófullnægjandi."

Sáttatilraunir Steinavarar hf. báru ekki árangur. Og þegar greiðsla barst stefnanda ekki frá stefnda gerði hann reka að innheimtu kröfu sinnar og síðan höfðun máls þessa. Stefnandi reiknar kröfu sína út þannig að umsamið verð á tunnu sé kr. 7.600,00 og því samtals fyrir 14 tunnur 104.600,00. Hann kveður samkomulag hafa verið um, að kr. 6.000,00 skyldi greiða strax við afhendingu, en kr. 1.600,00 u.þ.b. mánuði síðar. Upphafsdag vaxta miðar hann við 15. júlí 1984.

Um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum gildir reglugerð nr. 38/1971, sbr. reglugerð nr. 44/1972. Þar segir m.a. að húsnæði, áhöld og hreinlætisútbúnaður við verkun grásleppuhrogna skuli vera í samræmi við ákvæði III. og IV. kafla í „Reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski o.fl." nr. 55/1970. Þar segir m.a. að vatn eða sjór sem notaður er til þvotta á fiski og þrifa á áhöldum og húsnæði skuli vera nægjanlegur og megi ekki vera í honum óheilnæm efni. Fjöldi coligerla má ekki vera meiri en 2 í hverjum 100 rúmcentimetrum (MPN), sbr. 1. mgr., 30. gr. Vatn eða sjó á að blanda klóri, svo að hann innihaldi 5-10 p.p.m. af óbundnu klóri (Cl2), sbr. 2. mgr., 30. gr. Hámarkshitastig vatns eða sjávar, sem notað er til fiskþvotta, skal ekki vera hærra en 7 C, sbr. 4. mgr. 30. gr. reglugerðar nr. 55/1970. Í reglugerðinni nr. 38/1971 segir að séu notuð rotvarnarefni til blöndunar við söltun hrognanna skuli notkun þeirra háð sam-

þykki gerladeildar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, sbr. 2. gr. Hrognin skal aðeins salta í nýjar, hreinar og þéttar trétunnur eða tunnur úr öðru efni, er kynni að vera æskilegt og viðurkennt, sbr. 1. mgr. 3. gr. Eftir söltun skal geyma hrognin á köldum stað (milli + 2 C og ÷ 4 C), en þau mega ekki frjósa, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 38/1971. Ekki er í reglugerðinni gerð krafa til notkunar rotvarnarefna, né er heldur kveðið á um hversu mikið salt skuli nota eða rotvarnarefni, ef það er notað.

Málsástæður kveður stefnandi vera að hann hafi selt stefnda vöru sem hafi verið í fullkomnu lagi við afhendingu. Kaupandi hafi hins vegar sýnt skeytingarleysi í meðferð hrognanna eftir að hann tók við þeim. Og kaupandi beri ábyrgð á vörunni eftir að hún sé komin í vörslur hans, sbr. 1. mgr. 17. og 44. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Verð vörunnar og greiðsluháttur hafi og verið umsaminn. Samningi aðila hafi ekki verið formlega rift né heldur hafi hin gallaða vara verið endursend, heldur hafi stefndi ráðstafað henni á sína ábyrgð. Því beri stefnda að standa skil á andvirði vörunnar.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því að um leyndan galla sé að ræða á þeim 14 tunnum af grásleppuhrognum, sem stefnandi seldi stefnda, sbr. 42. og 44. gr. laga nr. 39/1922. Skemmdir hljóti að hafa verið farnar að búa um sig þegar hrognin bárust stefnda í júlíbyrjun þótt ekki sæjust við mat. Við venjuleg skilyrði þurfi hrogn fimm til sex vikur eftir söltun í tunnur til að verkast í geymslu til frekari úrvinnslu. Hrognin hafi ekki þolað eðlilega geymslu heldur farið strax að skemmast, enda hafi verkendur notað of lítið salt og rotvarnarefni og tunnur verið gamlar. Geymsla utan kælis, eins og stefndi hafi viðhaft, sé alvanaleg aðferð er ekki hafi valdið hrognaskemmdum í fjöldamörg ár. Stefndi kaupi árlega mörg hundruð tunnur af grásleppuhrognum og geymi við sömu skilyrði og tunnur stefnanda, en ekki hafi skemmst hrogn fyrr en nú. Einungis hafi hrogn skemmst frá einum öðrum framleiðanda, Þórði Marteinssyni, sem standi að verkun með stefnanda. Þetta sanni óviðunandi vinnubrögð stefnanda. Þá heldur stefndi því fram að stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því að verkun hrognanna af hálfu hans hafi verið góð og gild og varan ekki falið í sér þá galla er síðar leiddu til þess að hún varð ónothæf, svo og að geymsla á vörunni hafi orsakað skemmdir hennar, á sama tíma og önnur hrogn, geymd á sama stað, skemmdust ekki. Loks er bent á að stefndi hafi, þegar hann varð var við skemmdirnar í hrognunum, hafi hann (sic) haft samband við umboðsaðila stefnanda og tilkynnt honum hvernig komið var, jafnframt því sem kostað hafi verið kapps um að skilja hin skemmdu hrogn frá en að vinna strax óskemmd hrogn frá stefnanda.

Álit réttarins.

Kaup á þeim 14 hrognatunnum sem deilt er um í máli þessu voru verslun-

arkaup í skilningi laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, sbr. 4. gr. laganna. Um meðferð málsaðila á hrognunum gilti og reglugerð nr. 38/1971 um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum, sbr. reglugerð nr. 44/1972. Skírskotunum málflytjenda til þessara réttarreglna er nokkuð áfátt, en að mati dómsins telst það ekki eiga að koma að sök, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936.

Stefnandi fór ekki eftir fyrirmælum 1. mgr. 3. gr. nefndrar reglugerðar um að nota nýjar tunnur undir hrogn sín. Hér athugast þó að enn mun algengt að gamlar tunnur séu notaðar við söltun grásleppuhrogna. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að tunnurnar hafi verið rækilega hreinsaðar fyrir notkunina. Hrognaskemmdirnar benda þó til að annaðhvort hafi tunnurnar eða verkfæri stefnanda við verkunina ekki verið laus við geril. Stefnandi veiddi grásleppu þá sem hrognin voru úr í júnímánuði, eða með öðrum orðum eftir að komin voru sumarhlýindi. Þrátt fyrir það notaði hann fremur lítið salt við verkunina og allt of lítið rotvarnarefni, miðað við aðstæður og þær leiðbeiningarreglur sem verkendur fara yfirleitt eftir. Að þessu athuguðu álítur rétturinn að gæði hrognanna hafi ekki verið sem skyldi, enda þótt opinberir matsmenn hafi hvorki getað merkt það fyrir brottflutning hrognanna frá stefnanda né við móttöku þeirra hjá stefnda. Rétturinn álítur að grásleppuhrogn hinna 14 tunna hafi verið haldin leyndum galla þegar þau komu í vörslur og ábyrgð stefnda, sbr. 14. og 42. gr. laga nr. 39/1922.

Þegar stefndi tók við umdeildum 14 tunnum grásleppuhrogna 6. og 8. júlí 1984 hlutu starfsmenn hans þó að veita því athygli að umbúðirnar voru gamlar, notaðar tunnur með ryðguðum gjörðum, sbr. og fyrirmæli 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 38/1971. Ekki var þó af hans hálfu kvartað undan því eða gerður fyrirvari um að gæði hrognanna kynnu af þeim sökum að vera minni en venjulegt væri, en slíka kvörtun eða fyrirvara bar honum að bera fram þegar í stað, sbr. 52. gr. laga nr. 39/1922. Góð verslunartíska heimtaði og af honum að hann rannsakaði gæði hrognanna sjálfur við móttöku þeirra, ekki síst sakir þess að hann hugðist, andstætt ákvæði 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 38/1971, geyma þau utan kælis í húsi sem hafði sama lofthita og umhverfið eða jafnvel ofurlítið hærri, sbr. m.a. 52. gr. laga nr. 39/1922. Stefndi hvorki riftaði kaupunum formlega né krafðist afsláttar af kaupverði að tiltölu við móttöku þeirra, sbr. 1. mgr. 42. gr. laganna.

Í byrjun ágúst 1984, þegar stefndi varð þess var að hrogn í 14 tunnum frá stefnanda voru skemmd, voru hrognin andstætt ákvæði reglugerðar búin að vera í vörslum hans og ábyrgð við sumarhita í um mánaðartíma. Stefndi hlaut að verulegu leyti að bera sjálfur ábyrgð á hvernig komið var gæðum hrognanna, þótt þá fyrst bæri hann fram kvörtun og lýsti því yfir

að ekki yrði innt af hendi greiðsla fyrir nefndar 14 tunnur, sbr. 14., 42. og 52. gr. laga nr. 39/1922.

Af hálfu stefnda var því haldið fram við munnlegan flutning málsins að í máli þessu yrði annaðhvort að taka kröfu stefnanda til greina að fullu eða að sýkna af henni af því að ekki hafi verið höfð uppi varakrafa í málinu. Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Ekki er af hálfu stefnda gerð athugasemd við útreikning stefnanda á vöxtum.

Álit réttarins er að hrognin hefðu ekki skemmst, svo sem raun varð á, ef annars vegar gæði þeirra hefðu verið fullnægjandi þegar þau fóru frá stefnanda og hins vegar ef stefndi hefði geymt þau í kæli uns frekari vinnsla þeirra hófst. Rétt þykir því að báðir málsaðila beri tjón það sem hlaust af skemmdum á hrognunum. Sanngjarnt og eðlilegt þykir að stefndi beri 65% af tjóninu en stefnandi 35%. Við þá skiptingu er m.a. litið til þess, að stefndi er í sterkari stöðu til að fara eftir lagafyrirmælum um meðferð og geymslu vörunnar, svo og að krefjast þess að saltendur grásleppuhrogna fullnægi einnig þeim kröfum.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins, að stefnda verður dæmd til að greiða stefnanda 65% hinnar umstefndu fjárhæðar, þ.e. kr. 69.160,00 auk 19% ársvaxta af kr. 54.600,00 frá 15. júlí 1984 til 15. ágúst s.á., auk 19% ársvaxta frá þ.d. af kr. 69.160,00 til 31. des. 1984, og auk 30,8% ársvaxta frá 1. jan. 1985 til 16. jan. s.á., og auk dómvaxta samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þ.d. til greiðsludags. Áfallnir vextir skulu leggjast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, á 12 mánaða fresti í fyrsta skipti 15. júlí 1985. Málskostnaður fellur niður.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Gizzurarson bæjarfógeti, Akranesi, ásamt meðdómendunum Jónasi Bjarnasyni efnaverkfræðingi og Páli Gunnari Pálssyni matvælafræðingi.

Dómsorð:

Stefnda, Fiskiðjan Arctic hf., greiði stefnanda, Aðalsteini Gíslasyni, kr. 69.160,00 auk 19% ársvaxta af kr. 54.600,00 frá 15. júlí 1984 til 15. ágúst s.á., auk 19% ársvaxta frá þ.d. af kr. 69.160,00 til 31. des. 1984, og auk 30,8% ársvaxta frá 1. jan. 1985 til 16. jan. s.á., og auk dómvaxta samkvæmt lögum nr. 55/1979 frá þ.d. til greiðsludags. Áfallnir vextir skulu leggjast við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 15. júlí 1985, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. mars 1988.

Nr. 226/1987. **Leasing Partners International**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
þrotabúi Hafskips
(Gestur Jónsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Sértökuréttur. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi þann 1. s.m., samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. og b-lið 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að viðurkennd verði krafa hans á hendur stefnda til greiðslu á 28.304,00 bandaríkjadölum utan skuldaraðar, auk 13,5% ársvaxta frá 1. júní 1985 til 21. júlí s.á., 13% ársvaxta frá þeim degi til 11. apríl 1986, 12,5% ársvaxta frá þeim degi til 21. maí s.á., en 12% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að viðurkennd verði krafa hans utan skuldaraðar á hendur stefnda til greiðslu sömu höfuðstólsfjárhæðar með áföllnum vöxtum þann 6. desember 1985, eða samtals 30.225,84 bandaríkjadala. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og greint er frá í hinum áfrýjaða dómi, þá hafði Hafskip hf. á leigu frá áfrýjanda frystigám þann, sem eyðilagðist hinn 20. mars 1985. Samkvæmt leigusamningi aðiljanna undirrituðum 12. nóvember og 27. desember 1984, bar leigutaka skv. kafla C2 að tryggja hina leigðu gáma og tekið er fram að greiðsla vátryggingarandvirðis skuli renna beint til leigusala, eiganda gámanna. Geta átti þessa sérstaklega í ákvæðum tryggingaskilmálanna. Þetta vanefndi leigutaki. Eftir upphaf skipta krafðist stefndi bóta fyrir gáminn frá Reykvískri endurtryggingu hf., sem Hafskip hf. hafði keypt trygg-

ingu hjá og talið að tekin væri vegna eigin hagsmuna. Vátryggingarfjárhæðin var greidd stefnda hinn 26. ágúst 1986, þótt áfrýjandi gerði einnig kröfu til hennar.

Þegar úr því er skorið, hvort áfrýjandi eigi rétt á að fá greiðsluna utan skuldaraðar, er þess fyrst að gæta, að hann hefði getað fengið frystigáminn úr vörslum stefnda, ef hann hefði ekki eyðilagst, sbr. 69. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Bæturnar fyrir gáminn voru viðbót við sjóð stefnda og fólu í sér auðgun búsins á þann hátt, að þær komu ekki í stað annarrar eignar þess heldur í stað eignar áfrýjanda. Ekkert var því til fyrirstöðu, að bótunum væri haldið sérgreindum frá sjóði stefnda, hvort sem svo var gert eða ekki. Ber þess vegna að telja fé eign áfrýjanda í skilningi 69. gr. laga nr. 6/1978 og taka til greina þá kröfu hans, að það sé greitt honum utan skuldaraðar.

Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, er rétt að dæma vexti utan skuldaraðar frá þeim degi, sem stefndi veitti fénu viðtöku, eins og nánar verður kveðið á um í dómsorði.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 200.000,00 krónur.

Dómsorð:

Viðurkennd er utan skuldaraðar krafa áfrýjanda, Leasing Partners International, á hendur stefndu, þrotabúi Hafskips hf., um greiðslu á 28.304,00 bandaríkjadölum með ársvöxtum sem hér segir: 12% frá 26. ágúst 1986 til 21. nóvember s.á., 11,5% frá þeim degi til 11. desember s.á., 11% frá þeim degi til 11. apríl 1987, 10,75% frá þeim degi til 1. maí 1987, en síðan 12% til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 200.000,00 krónur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 13. mars 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 27. febrúar 1987.

Sóknaraðili, Sigurður Sigurjónsson héraðsdómslögmaður fyrir hönd Leasing Partners International, Englandi, krefst þess aðallega að viðurkennd verði krafa hans utan skuldaraðar á hendur varnaraðila til greiðslu á 28.304,00 bandaríkjadölum (USD), auk 13,5% ársvaxta frá 1. júní 1985 til 21. júlí 1985, 13% ársvaxta frá þeim degi til 11. apríl 1986, 12,5% ársvaxta frá þeim degi til 21. maí 1986, en 12% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, „allt skv. vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands af gjaldeyrisreikningum í US $", eins og segir í greinargerð sóknaraðila. Til vara krefst sóknaraðili þess að viðurkennd verði krafa hans utan skuldaraðar á hendur varnaraðila til greiðslu sömu höfuðstólsfjárhæðar með áföllnum vöxtum þann 6. desember 1985, eða samtals USD 30.225,84. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., krefst þess að hafnað verði kröfum sóknaraðila um greiðslu framangreindrar fjárkröfu utan skuldaraðar, enda hafi varnaraðili viðurkennt kröfuna sem almenna kröfu á hendur sér að fjárhæð USD 30.225,84. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hrundið að því leyti að krafa hans um áfallna vexti eftir 6. desember 1985 verði talin hafa stöðu í skuldaröð samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878. Þá krefst varnaraðili þess að sóknaraðila verði gert að greiða sér málskostnað eftir gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu varnaraðila hefur ennfremur verið lýst yfir að við úthlutun greiðslu upp í viðurkennda kröfu sóknaraðila muni hann umreikna kröfufjárhæðina til innlends gjaldmiðils miðað við skráð gengi bandaríkjadals þann 20. júní 1986. Þessu viðhorfi varnaraðila hefur sóknaraðili mótmælt.

II.

Samkvæmt greinargerðum aðilja og framlögðum gögnum er aðdragandi að máli þessu sá, að með samningi við sóknaraðila þessa máls, undirrituðum 12. nóvember og 27. desember 1984, tók Hafskip hf., Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, á leigu frá 20 kæligáma til 5 ára (sic). Samkvæmt skilmálum þessa samnings bar leigutakanum að annast viðhald umræddra vörugáma og ábyrgðist gagnvart leigusala allt tjón, sem á gámum þessum yrði á leigutímanum. Kveðið var á um það ef einhver vörugámanna færist eða skemmdist með þeim hætti, að viðgerð svaraði ekki kostnaði, bæri leigutaka að greiða leigusala andvirði hans, sem ákveðið var í samningnum að næmi USD 29.000,00, að frádregnum mánaðarlegum afskriftum frá upphafstíma leigumálans, sem svöruðu til 0,4% hins umsamda andvirðis. Leigutakinn skuldbatt sig með samningnum til að vátryggja hina leigðu vörugáma, og eru skilmálar hans um það efni svohljóðandi:

„Lessee shall maintain the following minimum amounts of insurance issued by insurers approved by Lessor at Lessee's cost and expense. Applicable policies are to be endorsed with a loss payable clause in favour of Lessor as it pertains to Lessor's property:

1. All Risks Physical Damage Insurance in accordance with the Institute Container Clauses — Time All risks or similar cover ...".

Vátryggingarverð umræddra vörugáma skyldi vera hið sama og fyrrnefnt umsamið andvirði hvers þeirra, eða USD 29.000,00 að frádregnum áðurgreindum mánaðarlegum afskriftum, en eigin áhætta mátti ekki nema hærri fjárhæð en USD 400,00 fyrir hvern vörugám.

Hafskip hf. tók ekki sérstaka vátryggingu í tilefni af gerð umræddrs leigusamnings. Hins vegar var gildandi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, vátryggingarsamningur milli Hafskips hf. og Reykvíkrar endurtryggingar hf., sem tók til allra vörugáma í umráðum félagsins, jafnt eigin gáma þess sem leigðra. Um skilmála þessa samnings liggur fyrir í málinu vátryggingarstaðfesting Reykvíkrar endurtryggingar hf. sem dagsett er 5. júlí 1984 og er hún svohljóðandi:

„We are pleased to inform you that we have effected the following insurances for your account:

ASSURED: Hafskip Ltd.

PERIOD: 12 months at 12th June 1984.

TO COVER: The assureds fleet of containers as per schedule, all risk as per Institute Container Clause incl. Institute War and strikes Clause container.

LIMIT: As per schedule, but max. any one vessel USD 1.000.000.- max any one location USD 2.000.000.-

DEDUCTIBLE: USD 10.000.- any one loss and/or any one accident or series of accidents arising out of the same event. In the case of ITEL leased units the deductible is USD 5.000.- per event.

PREMIUM: 0,45% of the declared value.

INFORM: ITEL is named as an additional insured in respect of their interest in containers, which they lease to Hafskip, under two separate agreements. The no. of units on hire will reflect in the monthly report system by Hafskip Ltd."

Í framlögðu yfirliti Hafskips hf. til Reykvíkrar endurtryggingar hf. um þá vörugáma sem framangreindri vátryggingu var ætlað að taka til og dagsett er 1. apríl 1985 eru taldir 20 40 feta kæligámar í eigu sóknaraðila, samtals að andvirði USD 440.000,00.

Þann 20. mars 1985 varð árekstur úti fyrir ströndum Sambandslýðveldisins Þýskalands milli leiguskips á vegum Hafskips hf., m/s „Charlotta", og skipsins m/s „Tebostar". Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var óum-

deilt að eigendur og vátryggjendur m/s „Tebostar" hafi borið óskerta bótaábyrgð á því tjóni er af árekstrinum hlaust. Um borð í m/s „Charlotta" var einn þeirra vörugáma, sem Hafskip hf. hafði á leigu frá sóknaraðila, auðkenndur „LPIU 580161-6", sem skemmdist og var metinn óviðgerðarhæfur.

Með reikningi dagsettum 28. maí 1985 krafði sóknaraðili Hafskip hf. um greiðslu vegna altjóns á áðurnefndum vörugámi að fjárhæð USD 28.304,00. Kemur fram í reikningnum að við ákvörðun fjárhæðar þessarar hafi verið reiknaðar umsamdar mánaðarlegar afskriftir af andvirði hins leigða gáms fyrir tímabilið frá 14. desember 1984 til og með 13. júní 1985. Er og tekið fram að greiðslu megi inna af hendi með innborgun á tiltekinn bankareikning.

Í bréfi Hafskips hf. til Reykvískrar endurtryggingar hf., dagsettu 15. ágúst 1985, var greint frá altjóni á 12 vörugámum er varð við umræddan árekstur og tiltekið verðgildi hvers þeirra. Er þar meðal annars talinn áðurnefndur vörugámur í eigu sóknaraðila. Í bréfinu er tekið fram að kröfum hafi þegar verið beint að eiganda m/s „Tebostar" í þágu eigenda viðkomandi vörugáma og hafi þeim jafnframt verið lýst fyrir nafngreindum niðurjöfnunarmanni. Segir í niðurlagi bréfsins að óskað sé eftir að vátryggjandinn geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ráða máli þessu til lykta.

Í málinu liggja fyrir ljósrit tveggja símskeyta sóknaraðila til Reykvískrar endurtryggingar hf., dagsettra 20. ágúst og 26. september 1985, þar sem óskað er upplýsinga og viðræðna um uppgjör bóta vegna fyrrnefnds vörugáms. Verður ekki séð af fyrirliggjandi gögnum að orðsendingum þessum hafi verið svarað.

Hafskipi hf. var veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum 18. nóvember 1985. Samkvæmt beiðni stjórnar félagsins var bú þess síðan tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 6. desember 1985. Sama dag voru ráðnir þrír bústjórar til bráðabirgða að búinu, lögmennirnir Gestur Jónsson, Jóhann H. Níelsson og Viðar Már Matthíasson. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út þann 27. desember 1985, og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði sem út kom 15. janúar 1986. Var kröfulýsingarfrestur ákveðinn 4 mánuðir samkvæmt heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985, og lauk honum því þann 15. maí 1986.

Er hér var komið sögu hafði Reykvísk endurtrygging hf. ekki enn innt af hendi vátryggingarbætur vegna þess tjóns, er varð á vörugámum við umræddan árekstur. Liggja fyrir í málinu samrit bréfa lögmanns sóknaraðila til vátryggjandans frá því í desember 1985 og janúar 1986, þar sem krafist er greiðslu kröfufjárhæðar þessa máls. Svör af hendi vátryggjandans við tilmælum þessum hafa ekki verið lögð fram, en ljóst er af efni fyrrgreindra

bréfa sóknaraðila að fram hafi komið vafi hjá vátryggjandanum um það hverjum bæri með réttu að fá greiðslu umræddra bóta.

Með bréfi sem barst skiptaráðandanum í Reykjavík þann 15. maí 1986 lýsti sóknaraðili kröfu á hendur varnaraðila um greiðslu á USD 28.304,00 utan skuldaraðar, „ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 1. júní 1985 til greiðsludags auk innheimtu- og/eða málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ". Með bréfi dagsettu 6. júní 1986 tilkynntu bústjórar lögmanni sóknaraðila um afstöðu þeirra til viðurkenningar þessarar kröfu, en þar kemur fram að þeir telji að viðurkenna eigi kröfuna sem almenna kröfu að fjárhæð USD 28.304,00, en vaxtakröfu var hafnað sem vanreifaðri. Þá kemur fram í tilkynningu þessari að bústjórar telji kröfu um vexti eftir upphafsdag skipta, 6. desember 1985, og kröfu um lögmannskostnað til eftirstæðra krafna samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878. Þá var og getið um þá afstöðu bústjóra að umreikna ætti kröfur í erlendum gjaldmiðlum til íslenskra króna á skráðu gengi 20. júní 1986.

Í skrá um lýstar kröfur, sem bústjórar til bráðabirgða gerðu í samræmi við 1. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 og dagsett var 11. júní 1986, er afstöðu þeirra til viðurkenningar kröfu sóknaraðila lýst með sama hætti og greinir hér á undan. Á skiptafundi sem haldinn var í búinu þann 20. júní 1986, meðal annars til umfjöllunar um kröfuskrá, var þessari afstöðu bústjóra mótmælt af hálfu sóknaraðila. Samkvæmt 2. tl. 110. gr. áðurnefndra laga var fjallað á ný um kröfu sóknaraðila á skiptafundum sem haldnir voru 25. september og 24. október 1986. Kom þar fram af hálfu skiptastjóra í þrotabúinu, sem kjörnir voru á skiptafundi 20. júní 1986 og eru hinir sömu og áður gegndu hlutverki bústjóra til bráðabirgða, að þeir héldu fast við upphaflega afstöðu til viðurkenningar kröfunnar sem ekki var unað við af hálfu sóknaraðila. Var því ákveðinn rekstur þessa máls til úrlausnar um ágreiningsefnið og var það þingfest þann 20. nóvember 1986.

Þann 26. ágúst 1986 greiddi Reykvísk endurtrygging hf. varnaraðila bætur að fjárhæð USD 66.947,40 vegna skemmda, sem urðu á vörugámum við árekstur m/s „Charlotta" og m/s „Tebostar", og er óumdeilt að í þeirri fjárhæð hafi verið innifaldar bætur vegna skemmda á umræddum gámi í eigu sóknaraðila.

Við munnlegan flutning málsins þann 27. febrúar 1987 kom fram útreikningur vaxta af kröfu sóknaraðila fyrir tímabilið frá 1. júní til 6. desember 1985, sem hann kvað vera að fjárhæð USD 1.921,84. Var því lýst yfir af hálfu varnaraðila að með þessu hafi verið bætt úr þeirri vanreifun vaxtakröfu sem bústjórar töldu fyrir hendi í upphaflegri afstöðu til kröfu sóknaraðila, og gæti varnaraðili því viðurkennt kröfu sóknaraðila sem almenna kröfu á hendur sér að fjárhæð USD 30.225,84.

III.

Af hálfu sóknaraðila eru kröfur í máli þessu byggðar á því að kveðið sé á um það í leigusamningi hans við Hafskip hf. að félagið beri fulla ábyrgð á skemmdum á hinu leigða og skuldbindi sig til að vátryggja það til hagsbóta fyrir hann. Telur sóknaraðili þá vátryggingu sem Hafskip hf. tók hjá Reykvískri endurtryggingu hf. hafa verið tekna til að efna þessa samningsbundnu skyldu. Bendir sóknaraðili ennfremur á það að í reynd hefði greiðsla skaðabóta vegna umræddS tjóns einungis átt að vera uppgjörsatriði milli hans og vátryggjanda m/s „Tebostar", eftir atvikum með milligöngu Reykvískrar endurtryggingar hf. Af þeim sökum hafi varnaraðili ekki átt neitt tilkall til skaðabóta eða vátryggingarbóta, heldur hafi vátryggjandanum borið að greiða sóknaraðila bæturnar. Þar sem vátryggingarféð hafi hins vegar ranglega verið greitt varnaraðila telur sóknaraðili sig eiga tilkall til þess utan skuldaraðar í skjóli 69. gr. laga nr. 6/1978.

Sóknaraðili rökstyður nánar rétt sinn til umræddra vátryggingarbóta á þann veg að starfsmenn Hafskips hf. hafi í alla staði komið fram með þeim hætti að ljóst megi vera að þeir hafi talið vátrygginguna tekna til hagsbóta fyrir sóknaraðila, og hafi þeir gefið þetta berlega til kynna í samskiptum við sóknaraðila, Reykvíska endurtryggingu hf. og þá, sem hafi komið fram af hálfu eiganda og vátryggjanda m/s „Tebostar". Vátryggingarskilmálar hafi og verið með þeim hætti að skýra verði þá á þann veg að trygging hafi verið tekin til hagsbóta fyrir þriðja mann. Breyti hér engu þótt þar segi að Hafskip hf. teljist „assured", enda verði að taka tillit til þess að félagið hafði ekki sjálft hagsmuni af slíkri vátryggingu. Vátryggjandanum hafi og verið kunnugt um réttarsamband Hafskips hf. við sóknaraðila, þar sem tekið hafi verið fram í sérstökum skrám félagsins til vátryggjandans að hinir vátryggðu gámar væru að hluta í eigu sóknaraðila, og hafi félagið alltaf krafist bóta vegna umræddS tjóns fyrir eigendur þeirra. Telur sóknaraðili því sýnt að vátryggingin hafi ekki verið tekin til hagsbóta fyrir Hafskip hf. Verði því eftir reglu 54. gr. laga nr. 20/1954 að telja vátrygginguna hafa verið tekna til hagsbóta fyrir eiganda hins vátryggða, enda teljist rétt að beita þeirri reglu ef vafi leikur á um það hverjum vátrygging hafi verið tekin til hagsbóta.

Sóknaraðili hefur ennfremur bent á að ekki geti fengið staðist að varnaraðili eigi tilkall til vátryggingarbóta, þar sem ekkert hafi komið fram sem leiði í ljós að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna vátryggingaratburðarins. Sóknaraðili hafi einn orðið fyrir tjóni af þessum sökum, og telur hann andstætt meginreglum vátryggingarréttar að varnaraðili eigi að hljóta auðgun með viðtöku bótafjárins á kostnað hans. Sóknaraðili hefur og bent á að sá dráttur sem varð á greiðslu úr hendi Reykvískrar endurtryggingar hf. geti ekki veitt varnaraðila betri rétt en hann hefði notið ef bætur hefðu

verið greiddar Hafskipi hf. fyrir töku bús félagsins til gjaldþrotaskipta. Telur sóknaraðili ótvírætt að félagið hefði greitt honum bótaféð ef það hefði fengist fyrir upphaf skipta, enda hafi starfsmenn þess litið svo á að hann hafi einn átt rétt til bótafjárins.

Sóknaraðili hefur mótmælt því sérstaklega að fjárhæð kröfu hans verði umreiknuð til innlends gjaldmiðils miðað við skráð gengi þann 20. júní 1986 og honum ákvörðuð greiðsla samkvæmt því. Fjárins sé krafist í skjóli eignarréttar og hafi það aldrei átt að renna til varnaraðila, sem sóknaraðili telur leiða til þess að þetta atriði geti ekki verið háð ákvörðun skiptastjóra í þrotabúinu. Jafnvel þótt ekki yrði á þetta fallist telur sóknaraðili að viðhorf varnaraðila um umreikning þennan fái ekki staðist samkvæmt 3. tl. 31. gr. laga nr. 6/1978, þar sem ekki hafi verið fullnægt því skilyrði nefnds ákvæðis þann 20. júní 1986 að sóknaraðila hafi borist vitneskja um að hann ætti greiðslu í vændum frá varnaraðila. Kröfu sína um greiðslu vaxta eftir upphafsdag skipta hefur sóknaraðili stutt með vísan til þess að um eignarréttarlega kröfu sé að ræða sem lagareglur um skuldaröð taki ekki til.

Af hálfu varnaraðila er vísað til þess að leigusamningur sóknaraðila við Hafskip hf. hafi ráðið lögskiptum þeirra á milli, þar á meðal um réttarstöðu sóknaraðila, ef tjón yrði á hinu leigða. Í skjóli samningsins hafi sóknaraðili eignast kröfu á hendur Hafskipi hf. að fjárhæð USD 28.304,00, þegar er tjón varð á umræddum gámi, án tillits til þess að leigutakinn hafi enga sök átt á því. Þessa kröfu á hendur leigutakanum hafi sóknaraðili þegar getað sótt, hvort sem vátrygging hafi verið keypt fyrir þessari áhættu eða ekki. Samningsákvæði um bótarétt sóknaraðila á hendur leigutakanum vegna tjóns á hinu leigða hafi ekki veitt sóknaraðila tilkall til sérgreindra verðmæta í vörslum varnaraðila, sem hægt sé að sækja í skjóli 69. gr. laga nr. 6/1978.

Varnaraðili vísar til þess að umræddur leigusamningur hafi lagt þá skyldu á Hafskip hf. að vátryggja hið leigða, og komi fram í samningnum með hverjum skilmálum það hafi átt að gera. Vátryggingarskilmálar hafi átt að verða á þann veg að sóknaraðili yrði talinn vátryggður og hafi borið að kynna þá honum sérstaklega. Slík vátrygging hafi hins vegar aldrei verið tekin og hafi sóknaraðili heldur aldrei gengið eftir því að leigutakinn bætti úr þeirri vanefnd sinni. Hafskip hf. hafi hins vegar vátryggt sína eigin hagsmuni vegna þessa réttarsambands, en sú ráðstöfun hafi verið eðlileg í ljósi þess að sóknaraðili átti samningsbundinn bótarétt á hendur félaginu ef tjón yrði á hinu leigða. Sú vátrygging hafi á engan hátt verið tekin sóknaraðila til hagsbóta, eins og sóknaraðili haldi fram, sem varnaraðili telur sjást hvað gleggst á því að hún hafi verið hluti heildarvátryggingar á öllum hagsmunum félagsins í tengslum við vörugáma sem að stofni til hafi verið fengin

hálfu ári áður en leigusamningur félagsins við sóknaraðila var gerður. Þá vísar varnaraðili einnig til þess að samkvæmt vátryggingarstaðfestingu Reykvískrar endurtryggingar hf. hafi gámaleigjandinn „ITEL" sérstaklega verið tiltekinn sem vátryggður, en sóknaraðila hins vegar ekki getið. Hefur varnaraðili mótmælt því sérstaklega að sóknaraðili hafi nokkru sinni fengið tilkynningar af hálfu Hafskips hf. um að samningsbundin vátrygging hafi verið tekin, og liggi fyrir í framlagðri álitsgerð sem Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hafi gert um ágreiningsefni þetta fyrir vátryggjandann að Reykvískri endurtryggingu hf. hafi aldrei verið tilkynnt að sóknaraðili ætti að skoðast sem vátryggður í þessu sambandi.

Um tilvísun sóknaraðila til ákvæða 54. gr. laga nr. 20/1954 hefur varnaraðili haldið því fram að sú regla geti aðeins átt við ef ekki er tilgreint í vátryggingarskírteini hverjum trygging er til hagsbóta. Hún eigi hins vegar ekki við hér, þar sem vátryggingarstaðfesting Reykvískrar endurtryggingar hf. hljóðar á þann veg að Hafskip hf. teljist vátryggður. Samkvæmt hljóðan þeirrar yfirlýsingar teljist félagið „assured", en um merkingu þess hugtaks hefur varnaraðili sérstaklega skírskotað til framlagðrar álitsgerðar löggilts dómtúlks og skjalaþýðanda, sem kveður engan vafa leika á því að hugtak þetta merki hið sama og „vátryggður" í skilningi 2. gr. laga nr. 20/1954.

Varnaraðili hefur mótmælt því að sóknaraðili hafi nokkru sinni falið Hafskipi hf. að innheimta bætur fyrir sína hönd, hvort heldur úr hendi Reykvískrar endurtryggingar hf. eða eiganda og vátryggjanda m/s „Tebostar". Aðgerðir starfsmanna félagsins hafi heldur aldrei verið með þeim hætti að sóknaraðili hafi haft tilefni til að álíta að honum hafi verið framseldur bótaréttur félagsins gagnvart Reykvískri endurtryggingu hf.

Í ljósi framangreinds telur varnaraðili sýnt að sóknaraðili geti ekkert tilkall gert til þeirra vátryggingarbóta sem varnaraðili tók við úr hendi Reykvískrar endurtryggingar hf., enda hafi sú greiðsla komið til vegna vátryggingar sem hið gjaldþrota félag hafi tekið til eigin hagsbóta en ekki fyrir sóknaraðila. Telur varnaraðili því sóknaraðila skorta eignarréttartilkall sem veitt geti honum rétt til heimtu kröfu sinnar utan skuldaraðar samkvæmt 69. gr. laga nr. 6/1978, og geti sóknaraðili því ekki átt ríkari rétt en til viðurkenningar samningsbundinnar bótakröfu sem almenna kröfu við búskiptin.

Um kröfu sóknaraðila um greiðslu vaxta eftir upphafsdag gjaldþrotaskipta hefur varnaraðili haldið því fram að regla 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 taki jafnt til hennar, hvort sem krafa sóknaraðila yrði viðurkennd utan skuldaraðar eða sem almenn krafa. Í umræddu ákvæði sé aðeins gerð undantekning frá þargreindri rétthæð slíkra vaxtakrafna í tilvikum, þar sem aðalefni kröfu veitir henni stöðu í skuldaröð samkvæmt 82. gr. sömu laga.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið haldið fram að honum sé rétt að umreikna fjárhæð kröfu sóknaraðila jafnt sem annarra erlendra kröfuhafa til íslensks gjaldmiðils eftir skráðu gengi viðkomandi erlends gjaldmiðils þann 20. júní 1986 og leggja þá umreiknuðu fjárhæð til grundvallar við úthlutun úr búinu. Í 3. tl. 31. gr. laga nr. 6/1978 sé mælt svo fyrir að kröfum í erlendum gjaldmiðli skuli breyta í kröfur í íslenskum krónum samkvæmt gengi á þeim degi sem lánardrottinn fær vitneskju um að hann geti fengið greiðslu. Í þessu tilviki hafi því verið slegið föstu á skiptafundi, sem haldinn var fyrrnefndan dag, að efni þrotabúsins nægi til þess að greiðsla fáist upp í almennar kröfur og telur varnaraðili því að miða beri við skráð gengi þess dags. Telur varnaraðili að önnur niðurstaða yrði til þess að gengisbreytingar meðan á skiptum stendur geti orðið til þess að raska verulega jafnræði lánardrottna og innbyrðis réttarstöðu þeirra, sem brjóti í bága við grundvallarreglur um gjaldþrotaskipti.

IV.

Ágreiningur er ekki um það milli málsaðilja að sóknaraðili eigi rétt til bóta úr hendi varnaraðila vegna tjóns á vörugámi, að höfuðstólsfjárhæð USD 28.304,00. Er heldur ekki ágreiningur um að Hafskipi hf. hafi borið samkvæmt leigusamningi við sóknaraðila að vátryggja hina leigðu vörugáma, honum til hagsbóta. Ágreiningur stendur hins vegar um það hvort sú vátrygging sem Hafskip hf. tók hjá Reykvíkskri endurtryggingu hf. og gilti frá 12. júní 1984 til jafnlengdar á næsta ári hafi verið með skilmálum sem svarað geta til nefndrar samningsbundinnar skyldu félagsins í þeim efnum.

Óumdeilt er að Hafskip hf. tók ekki sérstaka vátryggingu vegna samnings við sóknaraðila um leigu vörugáma, heldur voru umræddir gámar færðir undir heildarvátryggingu félagsins hjá Reykvíkskri endurtryggingu hf. sem náði til „The assureds fleet of containers as per schedule", eins og segir í vátryggingarstaðfestingu. Vátrygging þessi tók jafnt til eigin gáma félagsins sem leigðra gáma, en félagið afhenti vátryggjandanum með reglubundnu millibili skrár yfir þá vörugáma sem óskað var að vátryggðir yrðu, og var getið áætlaðs verðmætis þeirra.

Í vátryggingarstaðfestingu Reykvíkskrar endurtryggingar hf. vegna gámatrygginga, sem dagsett er 5. júlí 1984, segir að Hafskip hf. teljist „assured" samkvæmt vátryggingarsamningi. Um merkingu hugtaksins „assured" í þessu sambandi hefur varnaraðili lagt fram álitsgerð Lúðvíks Emils Kaaber, héraðsdómslögmanns og löggilts dómtúlks og skjalaþýðanda, þar sem niðurstöður hljóða svo:

„Með hliðsjón af því sem rakið var, og vátryggingarstaðfestingunni sjálfri, tel ég engan vafa leika á því að orðið „assured" væri þar rétt þýtt

sem „vátryggður" í merkingu 2. gr. l. nr. 20/1954, þ.e. „þann, sem kröfu á um greiðslu bóta, er til hennar kemur ..."

Í vátryggingarstaðfestingu þessari er sérstaklega tekið fram í síðasta lið að „ITEL is named as an additional insured in respect of their interest in containers, which they lease to Hafskip, under two separate agreements". Í nefndri álitsgerð Lúðvíks Emils Kaaber er að finna þá skýringu á hugtakinu „insured", að það sé notað „um þann sem tryggður er gegn eignatjóni".

Þegar skýrð eru framangreind ákvæði vátryggingarstaðfestingar, verður að leggja til grundvallar þá álitsgerð löggilts dómtúlks og skjalaþýðanda að hugtakið „assured" merki þar hið sama og hugtakið „vátryggður" í skilningi 2. gr. laga nr. 20/1954, en samkvæmt því ákvæði telst sá vátryggður sem kröfu á um greiðslu bóta er til hennar kemur. Er því sýnt að samkvæmt orðanna hljóðan hefur vátrygging sú sem fjallað er um í máli þessu verið tekin Hafskipi hf. til hagsbóta. Sóknaraðili hefur hins vegar haldið því fram að skýra verði skilmála vátryggingarinnar allt að einu með þeim hætti að hún hafi í reynd verið tekin þriðja manni til hagsbóta, enda hafi Hafskip hf. ekki haft sjálfstæða hagsmuni af slíkri vátryggingu. Á það verður ekki fallist. Í vátryggingarstaðfestingu er sérstaklega tekið fram að tiltekið fyrirtæki, ITEL, teljist einnig vátryggt vegna hagsmuna sinna samkvæmt tveimur leigusamningum við Hafskip hf. um vörugáma. Þeirri sérstöku ákvörðun hefði bersýnilega verið ofaukið ef vátryggjandinn og vátryggingartakinn hefðu álitið vátrygginguna almennt taka til hagsmuna þriðja manns, gagnstætt orðalagi vátryggingarstaðfestingar. Hafskip hf. verður og að teljast hafa haft hagsmuni af vátryggingu sem þessari í eigin þágu, þar sem bótaskylda vegna skemmda á leigðum vörugámum gat fallið á félagið, auk þess að vátrygging þessi tók öðrum þræði til eigin vörugáma félagsins. Þær staðhæfingar sóknaraðila að starfsmenn Hafskips hf. hafi álitið hann eiga tilkall til vátryggingarbóta vegna umræddra tjóns geta heldur engu breytt í þessu sambandi, enda liggja ekki fyrir yfirlýsingar af hendi félagsins um framsal bótaréttar eða annars konar tilkynningar um slík efni til vátryggjandans, heldur eingöngu bréf og aðrar orðsendingar þar sem það segir að félagið hafi gert kröfur á hendur eiganda m/s „Tebostar" af hálfu sóknaraðila og annarra eigenda vörugáma sem tjón varð á í umrætt sinn. Verður ekki séð að slíkar yfirlýsingar feli í sér framsal bótaréttar úr hendi vátryggjanda.

Í ljósi þess sem nú hefur verið greint verður að leggja til grundvallar að umrædd vátrygging hafi verið tekin með þeim skilmálum að Hafskip hf. teljist vátryggður í skilningi 2. gr. laga nr. 20/1954 og þar með að Reykvísk endurtrygging hf. hafi réttilega greitt varnaraðila þær vátryggingarbætur, sem deilt er um í máli þessu. Geta ákvæði 1. mgr. 54. gr. sömu

laga engu breytt í þessu sambandi, enda segir í skýrum upphafsorðum þess ákvæðis að þargreind regla taki aðeins til þeirra aðstæðna að ekki hafi verið greint hverjum vátrygging skuli til hagsbóta, en um það er ekki að ræða í tilviki þessu. Er því ekki grundvöllur fyrir tilkalli af hendi sóknaraðila til greiðslu bótafjárhæðarinnar úr hendi varnaraðila í skjóli 69. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt framansögðu ber að viðurkenna bótakröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila sem almenna kröfu í skuldaröð samkvæmt 85. gr. laga nr. 3/1878. Varnaraðili hefur viðurkennt að fjárhæð hennar verði talin USD 30.225,84 þegar meðtaldir eru áfallnir vextir til þess dags, sem bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt 1. tl. 86. gr. nefndra laga kemur krafa sóknaraðila um vexti frá þeim tíma aðeins til álita sem eftirstæð krafa, en ágreiningur er ekki í málinu um útreikning þeirra vaxta, ef til þess kæmi að efni varnaraðila hrökkvi til greiðslu slíkra krafna.

Þótt hrundið hafi verið kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á stöðu fjárkröfu hans utan skuldaraðar, sýnist verða að skilja málflutning hans á þann veg að hann mótmæli allt að einu þeirri afstöðu varnaraðila að fjárhæð almennrar kröfu hans verði umreiknuð til íslensks gjaldmiðils miðað við skráð gengi bandaríkjadals þann 20. júní 1986. Samkvæmt málflutningi varnaraðila styðst sú afstaða hans við skýringu á ákvæði 3. tl. 31. gr. laga nr. 6/1978, sem er svohljóðandi:

„Kröfum í erlendum gjaldeyri skal breyta í kröfur í íslenskum krónum samkvæmt gengi á þeim degi, þegar lánardrottinn fékk vitneskju um, að hann gæti fengið greiðsluna."

Í upphaflegri mynd frumvarps, er varð að nefndum lögum, var ákvæði 3. tl. 31. gr. á þann veg að umreikna átti kröfur í erlendum gjaldeyri eftir gengi þess dags, sem gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp. Í athugasemdum um þetta ákvæði frumvarpsins sagði að reglan gæti valdið lánardrottni tjóni, en á móti komi að veruleg óvissa geti skapast, ef miða ætti við annan dag. Þessu ákvæði var breytt í meðförum Alþingis í það horf sem að framan greinir, en ekki verður ráðið af lögskýringargögnum hver ætlan löggjafans hafi nánar verið um skýringu þess.

Af þeirri breytingu sem gerð var á frumvarpi til gjaldþrotalaga við meðferð Alþingis og að framan greinir er ljóst að umreikningur erlendra krafna geti ekki átt sér stað á því gengi sem skráð hefur verið á upphafsdegi skipta. Sú viðmiðun ákvæðisins að beita eigi gengi á þeim degi þegar lánardrottinn fær vitneskju um að hann geti fengið greiðslu er hins vegar óljós. Með orðalagi þessu getur þó ekki verið átt við gengi þess dags sem frumvarp til úthlutunargerðar er gert, enda sýnist nærtækt að ráðgera að slíkt hefði berum orðum verið sagt í ákvæðinu ef sú hefði verið ætlunin. Enn síður kemur til álita að umreikningur sem þessi geti átt sér stað eftir gerð

frumvarps til úthlutunargerðar, enda yrði slíkt verklag til þess að ónýta grundvöll frumvarps. Ákvæði þetta gefur hins vegar ekki nánari bendingu um það hvenær umreikningur á að eiga sér stað á því tímabili sem líður frá upphafi gjaldþrotaskipta og fram til þess að undirbúningur úthlutunargerðar hefst með gerð frumvarps til hennar. Á því tímabili er þó veigamesti áfangi skipta fólginn í gerð kröfuskrár og fyrsta skiptafundi eftir lok kröfulýsingarfrests sem fjallað er um í ákvæðum 108.-110. gr. umræddra laga. Á þeim skiptafundi sem hér um ræðir geta fyrst komið fram heildstæðar upplýsingar um kröfur á hendur búi, og ræðst á þeim fundi hverjar kröfur teljist endanlega samþykktar, hverjum endanlega verði hafnað og um hverjar þeirra ágreiningur stendur, sem þarfnast nánari umfjöllunar og eftir atvikum dómsúrlausnar. Á þessum sama skiptafundi koma jafnan einnig fram þær upplýsingar um hag bús, sem fjallað er um í 93. gr. sömu laga. Má því ráðgera að á slíkum skiptafundi komi fram nægjanlegar upplýsingar til þess að lánardrottnum verði ljóst, hvort og að hverju marki þeir muni fá greiðslu krafna sinna, enda er ráðgert í 122. gr. laganna að greiða megi þegar að fundi þessum loknum viðurkenndar forgangskröfur og greiðslur upp í aðrar kröfur að tiltölu. Verður ekki séð að önnur tímamót verði við gjaldþrotaskipti á búi milli uppkvaðningar gjaldþrotaúrskurðar og gerð frumvarps til úthlutunargerðar, þar sem ráðgera má að staðaldri að lánardrottnar geti fengið vitneskju um þær greiðslur sem þeir kunna að eiga í vændum. Af þessum sökum þykir verða að skýra umrætt ákvæði 3. tl. 31. gr. laga nr. 6/1978 á þann veg að þargreindur umreikningur erlendra krafna verði að eiga sér stað á gengi þess dags sem skiptafundur er haldinn í búi og þar sem upplýst fæst hvort og að hverju marki vænta megi greiðslu upp í lýstar kröfur. Auk áðurgreindra atriða styðst sú skýring og við grundvallarviðhorf lagareglna um búskipti, þess efnis að jafnræðis sé gætt milli lánardrottna, en áfall gengismunar á kröfur í erlendum gjaldmiðli til lengri tíma yrði til þess að draga að tilefnislausu taum eigenda þeirra á kostnað innlendra kröfuhafa, sem sýnilega fæli í sér brýnt brot á jafnræði lánardrottna og stangast einnig á við forsendur reglu 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 um stöðvun vaxtaáfalls á lýstar kröfur miðað við upphafsdag skipta.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um að fram hafi komið upplýsingar á skiptafundi í þrotabúi Hafskips hf. þann 20. júní 1986 sem tóku af tvímæli um að almennir kröfuhafar muni fá greiðslur upp í kröfur sínar. Samkvæmt framangreindri skýringu orðalags 3. tl. 31. gr. laga nr. 6/1978 verður við það að miða að varnaraðila sé rétt að umreikna kröfu sóknaraðila til íslenskra króna miðað við það gengi sem Seðlabanki Íslands skráði á bandaríkjadal þann dag. Við flutning máls þessa hafa ekki komið fram upplýsingar um hvert umrætt gengi hafi verið, en ákvæði 5. tl. 193. gr.

laga nr. 85/1936 þykja ekki krefja að málsúrslit um þetta atriði verði afmörkuð frekar.

Niðurstaða máls þessa verður því á þann veg að viðurkennd verður almenn krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila sem að fjárhæð jafngildi 30.225,84 bandaríkjadölum, miðað við skráð gengi þess gjaldmiðils þann 20. júní 1986, og er hafnað kröfum sóknaraðila um tilkall til greiðslu þessarar utan skuldaraðar. Eftir þessum málsúrslitum þykir óhjákvæmilegt að gera sóknaraðila að greiða varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00.

Sóknaraðili máls þessa hefur í andstöðu við 1. mgr. 40. gr. laga nr. 85/1936 lagt fram fjölda málskjala á erlendu tungumáli, án þess að þeim hafi fylgt þýðing löggilts skjalaþýðanda. Er þessi háttur aðfinnsluverður, en vegna heimildar 2. mgr. ívitnaðs ákvæðis þykir ekki næg ástæða til að beita þeim viðurlögum, sem þar eru þó heimiluð af þessum ástæðum.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Leasing Partners International, á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., er viðurkennd sem almenn krafa í skuldaröð eftir 85. gr. laga nr. 3/1878 að fjárhæð 30.225,84 bandaríkjadalir. Er hafnað kröfu sóknaraðila um að viðurkennt verði að krafa þessi njóti stöðu utan skuldaraðar.

Viðurkennd er heimild varnaraðila til að umreikna fjárhæð kröfu sóknaraðila til íslenskra króna miðað við það gengi bandaríkjadals, sem Seðlabanki Íslands skráði þann 20. júní 1986.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 50.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. mars 1988.

Nr. 53/1987. **Y**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

X

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Einkarefsimál. Sönnun. Ærumeiðing. Nauðgun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1987. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda kærði áfrýjanda fyrir nauðgun vegna atburðar þess, sem átti sér stað fimmtudaginn 14. nóvember 1985. Er lýsing stefndu á því sem gerðist rakin í héraðsdómi. Áfrýjandi hefur ávallt neitað því að hafa beitt stefndu ofbeldi heldur hafi hún verið samförum samþykk. Embætti ríkissaksóknara tilkynnti stefndu hinn 22. apríl 1986, að af þess hálfu væri ekki krafist frekari aðgerða. Stefnda höfðaði síðan mál þetta með vísan til 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem heimilt er samkvæmt 3. tl. 242. gr. laganna.

Í stefnu eru tilgreindar sem málsástæður, að áfrýjandi hafi hinn 14. nóvember 1985 móðgað stefndu með broti á 194. gr. almennra hegningarlaga, svo og 217. gr. sömu laga, og viðhaft opinberlega aðdróttanir og móðganir. Var á því byggt í stefnu að áfrýjandi hafi með þessu brotið gegn ákvæðum 234. gr. almennra hegningarlaga, svo og 235. gr. og 1. mgr. 236. gr. laganna, en krafa stefndu um miskabætur væri byggð á 1. mgr. 264. gr. laganna. Fyrir Hæstarétti var haldið fast við það af hálfu stefndu, að atferli áfrýjanda félli undir verknaðarlýsingu 194. gr. almennra hegningarlaga.

Í máli þessu er í raun dæmt um það, hvort áfrýjandi hafi framið verknað, sem varði við ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga.

Í vottorði Arnars Haukssonar læknis, sem skoðaði stefndu samdægurs, segir m.a. svo: „X er rauð og þrútin í andliti, ekki bara um augun, heldur og kinnar og haka. Ekki er að sjá marbletti eða áverka á hálsi, né á fingrum eða úlnlið, en sjúklingur er aum við þreifingu á vinstri úlnlið. Engin sýnileg ytri meiðsl."

Telja verður ósannað, að atferli áfrýjanda hafi verið með þeim hætti, að það falli undir verknaðarlýsingu 194. gr. almennra hegningarlaga. Þá er og ósannað, að athafnir áfrýjanda að öðru leyti, á meðan þau dvöldust ein í íbúð stefndu, varði við önnur þau ákvæði almennra hegningarlaga, sem byggt er á. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í málinu. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fallir niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi Y á að vera sýkn af kröfum stefndu, X, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómara Guðmundar Skaftasonar og Hjartar Torfasonar setts hæstaréttaradómara.

Stefnda byggði þegar í héraðsdómsstefnu á því að meingerð áfrýjanda gagnvart sér varðaði við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hefur hún á því byggt síðan. Þegar litið er til efnisþátta hins ætlaða brots, annarsvegar hins líkamlega ofbeldis og hinsvegar til hins sálræna þáttar þess, þykir það, þótt eigi yrði komið fram áfellisdómi í málinu er reistur yrði á 194. gr. almennra hegningarlaga, ekki varna því að stefnda geti komið fram refsikröfu eftir áðurgreindri 234. gr. almennra hegningarlaga og skaðabótakröfu eftir 264. gr. sömu laga. Það athugast að í hinum áfrýjaða dómi eru rakin áverkavottorð stefndu og læknir átti sæti í dóminum. Áfrýjandi hefur játað að hafa reynt að hafa kynmök við stefndu er komið var heim til hennar. Telja verður í ljós leitt að deila hafi risið milli þeirra áður en stefnda fór úr íbúðinni. Áfrýjandi hefir engar skýringar á því gefið hvað valdið hafi þeirri misklíð. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísun til for-

sendna hans, þó svo að vararefsing sektar ákveðist 35 dagar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti 50.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. desember sl., hefur X höfðað með stefnu birtri 12. maí sl. á hendur Y.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til:

1) Þyngstu refsingar sem lög leyfa.

2) Greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 500.000,00 með dómvöxtum frá stefnubirtingu til greiðsludags.

3) Auk þess málskostnaðar að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hennar hendi skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Stefnandi höfðar mál þetta skv. 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og byggir málatilbúnað sinn endanlega á því að stefndi hafi meitt æru hennar með því að þröngva henni til holdlegs samræðis að þáverandi heimili hennar ... í Reykjavík þann 14. nóvember 1985. Þá krefst hún miskabóta skv. 1. mgr. 264. gr. sömu laga vegna sama atburðar.

Stefndi mótmælir harðlega ásökunum stefnanda.

Rannsókn þessa atburðar fór fram hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, og eru gögn þess máls lögð fram á dskj. nr. 3. Með bréfi dags. 10. febrúar 1986 sendi Rannsóknarlögregla ríkisins gögn málsins til ríkissaksóknara sem með bréfi 22. apríl 1986 tók fram að af ákæruvaldsins hálfu væri eftir atvikum eigi krafist frekari aðgerða í málinu.

Stefnandi lýsir aðdraganda og atburðinum sjálfum svo:

„Y, hinn ákærða í þessu tilfelli, þekkti ég vel fyrir u.þ.b. 10 árum. Við stóðum í ástarsambandi í u.þ.b. eitt og hálft ár en við fluttum aldrei saman, þar sem hann lifði nokkuð óreglulegu lífi. Ég gat aldrei sætt mig við þetta til fulls og þar sem ég sá að hann var ekki tilbúinn að búa með mér á reglulegan máta, eins og flest fólk, sleit ég loks sambandinu, þó svo að mér þætti samt vænt um hann áfram. Mér þótti leitt að sjá hvernig hann var að fara með líf sitt og vildi ekki láta hann hafa slík áhrif á mig.

Ég heyrði ekkert frá honum fyrr en ég kom frá Frakklandi eftir hálfs árs dvöl haustið 1979 og hafði ég þá samband við hann. Ég hóf nám í öldungadeild M.H. það haust og þar sem ég ákvað að taka tveggja ára nám á einum vetri hafði ég mikið að gera í náminu. Við hittumst nokkur

skipti þetta haust en fljótlega fór að bera á drykkju hans og þegar hann kom mjög drukkinn til að sækja mig úr skólanum eitt kvöldið gat ég ekki hugsað mér áframhald og sleit sambandinu endanlega.

Síðan heyrði ég ekkert meir af honum fyrr en ég heyrði lát móður hans í ágúst á síðasta ári 1985. Þar sem ég hafði kynnst henni áður sendi ég honum samúðarkort. Hann hafði svo samband við mig á afmælisdegi mínum, 7. sept. það ár, um kvöldið, og vildi fá að hitta mig. Var hann þá nýkominn úr ferð frá Grikklandi. Ég samþykkti það að lokum og hittumst við sama kvöld og var hann hjá mér um nóttina. En við vorum bæði sammála strax á eftir að halda þessu ekki áfram. Hann hafði hætt að drekka 4 árum áður og hafið sambúð með barnsmóður sinni sem hann hafði endurvakið kynnin við. Honum gekk nú vel og var ég ánægð hans vegna. En hann var samt byrjaður að drekka aftur og þótti honum sjálfum það mjög miður og vildi bæta það. Skildum við svo en áður talaði hann um að gefa mér matarstell frá Glit sem ég hafði lýst hrifningu minni af. Ég hvatti hann ekki né latti og eyddi því máli að ég hélt.

Ég heyrði ekki meir frá honum fyrr en hann hringir í vinnuna til mín í nóvember sama ár og vildi hitta mig í hádeginu. Var hann drukkinn og var ég ekki hrifin að hitta hann í slíku ástandi. Hann hefur mjög gott lag á fólki og getur talað margan til ef hann ætlar sér það, og verð ég að viðurkenna að honum tókst það með mig. Samþykkti ég að hitta hann í matartímanum mínum en þar sem ég var bíllaus ákvað hann að koma í leigubíl. Kom hann upp á skrifstofu til mín og þá fyrst sá ég hversu drukkinn hann var og taldi víst að hann hefði vakað eitthvað nóttina áður að einhverju sumbli. Ákvað ég að fara með hann heim og gefa honum kaffi, hressa hann við og koma honum svo heim til sín. Hann var mikið að tala um matarstellið og baðst afsökunar að hafa ekki staðið við loforð sitt.

Eyddi ég því aftur og fórum við í leigubílnum heim. Á leiðinni var hann að fá mig til að samþykkja samfarir þegar við kæmum heim en ég neitaði því og reyndi að tala um eitthvað annað. Þar sem ég hafði þekkt hann náið og hann hafði virt mig sem konu, hafði ég enga ástæðu til að ætla að hann myndi beita mig valdi ef ég neitaði honum. Ég borgaði bílinn, þar sem Y var auralaus, og fórum við upp til mín. Ég fór til að hella upp á könnuna en tókst ekki að kveikja á henni þar sem hann vildi fá mig í rúmið með sér og tók utan um mig. Ég fór að streitast á móti og benti honum á að ég hefði stuttan matartíma og yrði að vera komin ekki seinna en klukkan eitt aftur í vinnuna og gæti því ekki samþykkt þetta.

Fór hann að æsast upp og tók fastar á en ég streittist meir á móti. Hann tók undir olnbogana og hálfbar mig inn í herbergi og fór að reyna að klæða mig úr. Ég bað hann að gera þetta ekki og sagði að ég vildi þetta ekki. Talaði ég um sambýliskonu hans og minnti hann á samkomulag okkar sem

við hefðum gert síðast þegar við hittumst. En hann hlustaði ekki á það og hélt áfram að toga í fötin mín og fá mig til samfara. Ég var orðin reið og fór að streitast vel á móti og komst frá honum en hann reif í mig aftur og henti mér á rúmið. Ég bað hann sífellt að hætta þessu, að ég vildi þetta ekki, en hann lét sem hann heyrði það ekki. Þetta gerði hann enn ákveðnari að fá sínu framgengt og fór hann þá að snúa upp á vinstri hönd mína. Herti hann á þegar ég reyndi að losa mig. Var þetta sárt og fór ég að verða hrædd við hann. Hann náði að lyfta pilsinu mínu upp, en honum hafði ekki tekist að ná því niður þar sem bönd voru um axlirnar og hann náði ekki að losa um þau. Átökin héldu áfram en honum tókst að ná sokkabuxum og nærbuxum mínum niður og fara sjálfur úr buxum sínum. Blússan mín rifnaði við átökin. Ég hélt áfram að berjast við hann, biðja hann að hætta en hann fór að reyna að æsa mig upp með orðum og hóf samfarir. Ég var farin að gráta og vildi alls ekki trúa því að þetta væri að gerast. Hann var það drukkinn að hann varð að byrja fjórum sinnum samfarirnar því að honum tókst ekki að hafa sáðlát. Hann snéri miskunnarlaust upp á hendina ef ég reyndi að komast frá honum og ég var farin að gráta hástöfum og vonaðist að einhver heyrði í mér. Ég fór að finna til hjálparleysis míns og þegar hann tók kverkataki á mér og hótaði að herða að ef ég berðist svona áfram, gafst ég upp og hætti að berjast um þar til að hann sofnaði frá síðustu tilrauninni. Ég renndi mér undan honum og hljóp fram á baðherbergi. Ég var mjög hrædd og beið eftir að hann kæmi á eftir mér. Læsingin á hurðinni var biluð og beið ég því sem verða vildi. Beið ég þarna í einhverjar mínútur en þegar hann kom ekki fór ég fram og gægðist inn í herbergið í gegnum hengið. Sá ég að hann lá þar og svaf."

Stefnandi kveðst eftir þetta hafa flýtt sér að klæða sig og farið til kunningjakonu sinnar þar í fjölbýlishúsinu og fengið að hringja hjá henni. Hún hafi sagt henni lítillega frá atburðinum en hringt í vinkonu sína, A, sem hafi sagt henni að koma strax. Hún hafi síðan hringt í leigubíl og farið til A. Þaðan var hringt í lögreglu og í kunningja þeirra, B, og fóru B og A með stefnanda út í .... til að vera þar þegar lögreglan kæmi. Lögreglan hafi hins vegar ekki verið komin þegar þau komu að húsinu og hafi þau þá farið upp og athugað hvort Y væri þarna ennþá. Stefnandi kveðst hafa opnað hurðina inn í íbúðina og farið fyrst inn. Y hafi þá verið þar nakinn í sófanum og verið að tala í símann. Lögreglan hafi síðan komið. Þá hafi Y verið búinn að klæða sig í buxur. Hafi Y þá spurt hvað um væri að vera og talað eins og ekkert hefði í skorist. Þegar lögreglumennirnir tóku að yfirheyra hana í áheyrn Y, og honum hafði skilist að verið væri að kæra hann fyrir nauðgun, hafi hann orðið æstur mjög og tekið að hóta henni og neita atburðinum alfarið.

Að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins var Arnar Hauksson læknir (sér-

fræðingur í kvensjúkdómum) kvaddur til þess að skoða stefnanda. Vottorð hans liggur fyrir á skjali nr. 10, dskj. nr. 3.

Þá skoðaði Haukur Árnason, læknir á Slysavarðstofu, stefnanda þann 17. nóvember 1985. Vottorð hans kemur fram á skjali nr. 11, dskj. nr. 3.

Aðilar gáfu skýrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, stefnandi strax á vettvangi og síðar aftur daginn eftir, en stefndi fyrst daginn eftir atburðinn þar sem hann var talinn óviðræðuhæfur sakir ölvunar þegar hann var handtekinn. Stefndi var látinn sæta gæsluvarðhaldi skv. úrskurði sakadómaraembættisins í Reykjavík til miðvikudagsins 20. nóvember 1985, en þann dag eru aðilar yfirheyrðir á ný og samprófaðir.

Skýrslur gáfu fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem vitni, A, B, C, D og lögreglumennirnir Helgi Sævar Helgason og Viðar Waage.

Stefnandi byggir málssókn sína á skýrslum aðila og vitna gefnum fyrir lögreglu og áðurnefndum læknisvottorðum. Við aðalflutning málsins var á því byggt að stefndi hefði brotið gegn persónulegum réttindum stefnanda og frjálsræði. Meðferð stefnda á stefnanda hafi verið gróf og lítilsvirðandi og falli þannig undir ákvæði 234. gr. laga nr. 19/1940. Stefnandi hafi fundist hún niðurlægð og skítug af hans völdum. Stefndi hafi þannig ærumeitt hana í verki.

Af hálfu stefnda er því harðlega mótmælt að hann hafi nauðgað stefnanda og beitt hana ofbeldi. Hann heldur því fram að hún hafi verið samförunum samþykk og hafi hann greint það á því að hún hafi sjálf farið úr og lagst sjálf upp í rúm, án þess að hann beitti hana nokkrum líkamsþrýstingi. Um þetta efni er vísað nánar til framburðar stefnda fyrir lögreglu á dskj. nr. 3. Því er haldið fram að staðhæfingar stefnanda um þetta efni séu með öllu ósannaðar, enda hafi embætti ríkissaksóknara komist að þeirri niðurstöðu, sbr. dskj. nr. 5. Í raun bendi öll atvik málsins til þess að frásögn stefnda sé í þessu efni rétt. Í þessu sambandi er af hálfu stefnda vitnað til framangreindra læknisvottorða og því haldið fram að þau gögn bendi ekki til þess að átök hafi orðið á milli aðilanna. Þá er því haldið fram að ávirðingar þær sem stefnandi byggi málssókn sína á geti aldrei fallið undir 234. gr. almennra hegningarlaga. Þar sé fjallað um ærumeiðingar. Að vísu sé þar gert ráð fyrir að æra manna kunni að vera meidd með athöfnum í stað orða en það hljóti þó að vera hugtaksatriði að athöfninni sé einkum og dæmigert beint að ærunni. Það komi ekki til greina að teygja megi gildissvið 234. gr. út yfir hvers kyns refsibrot önnur með því að telja þau jafnan fela í sér ærumeiðingar.

Því er haldið fram að framangreind sjónarmið eigi að leiða til sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu. Ennfremur er því haldið fram að dæma beri stefnanda til greiðslu málskostnaðar skv. ákvæðum 177. gr. laga nr. 85/1936.

Í upphafi máls var því mótmælt af hálfu stefnda að stefnandi mætti í meiðyrðamáli þessu færa sönnur fyrir kæru sinni um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var þetta talið byggjast á lögjöfnun frá 238. gr. þeirra sömu laga. Stefndi hefur síðar fallið frá þessari málsástæðu.

Hér fyrir dóminn hafa komið stefnandi og vitnin A og B og staðfest frásagnir sínar sem fram koma í málinu. Skýrslum vitna fyrir rannsóknarlögreglu hefur ekki verið mótmælt sem óstaðfestum.

Í þinghaldi 10. nóvember sl. var einnig boðað að stefndi kæmi fyrir dóminn til skýrslugjafar en frá því var fallið.

Dómurinn hefur haft sakavottorð stefnda undir höndum.

Álit dómsins:

Stefnandi höfðar mál þetta með heimild í 3. tl. 242. gr. laga nr. 19/1940 sem einkarefsimál. Því er haldið fram að stefndi hafi brotið gegn ákvæði 234. gr. sömu laga, en þar segir: „Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að einu ári."

Í þessu máli verður ekki um það fjallað hvort stefndi hefur brotið gegn öðrum ákvæðum hegningarlaga.

Aðilar eru ein til frásagnar um það er á milli þeirra fór 14. nóvember 1985. Segir stefnandi að stefndi hafi haft samfarir við hana óviljuga. Um atburðarásina er vitnað nánar til skjals 5, dskj. nr. 3. Hann hafi haldið henni niðri er hún reyndi að rísa upp og ekki látið segjast þegar hún reyndi að telja um fyrir honum. Þá hafi hann kreist saman á henni höndina og fingurna inn í lófann og hafi hún orðið aum í vinstri hendinni. Hann hafi um eina og hálfa klukkustund haft mök við hana og þegar líða tók á tímann hafi hann verið farinn að ýta á andlit hennar með flötum lófa. Hann hafi tekið hana kverkataki og þrýst að.

Stefndi hafði verið að drekka frá því kvöldinu áður og hafði ekki sofið nema um tvær klukkustundir. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu, skjali 6, dskj. nr. 3, segir hann að honum hafi fundist stefnandi samþykkja að hafa við hann samfarir og að hún hafi klætt sig úr sjálf. Hann segir að sér hafi ekki tekist að hafa við hana samfarir. Hann harðneitar að hafa haft samfarir við hana óviljuga og að hafa beitt hana ofbeldi.

Læknisvottorð þykja styðja frásögn stefnanda um harkalega meðferð stefnda.

Í vottorði Arnars Haukssonar læknis, sem skoðaði stefnanda samdægurs, segir:

„Skoðun leiðir í ljós roða og þrota í andliti, eymsli í vinstra úlnlið, svo og yfir lífbeini svo og roða á börmum og í leggöngum."

Í vottorði Hauks Árnasonar læknis, sem skoðaði stefnanda 17. nóvember 1985, segir: „Hefur þreifieymsli yfir handarbaki III og IV miðhandarbeini, og óbein eymsli á því svæði við beygingu og réttingu í hnúum og úlnlið. Aum yfir beygisinum og utanvert yfir vi. olnboga, einnig eymsli yfir handarbaki. Eymsli hennar um handarbak og olnbogann aukast við fulla snúningshreyfingu í framhandleggnum í báðar áttir (fulla supinatio og pronatio).

Við skoðun á hálsi og andliti sést líka mar á kjálkabarði ...“

Frásögn allra vitnanna, sem sáu stefnanda rétt eftir fund þeirra stefnda, þykja einnig styðja framburð hennar. E, sem bjó í sama húsi og stefnandi og leyfði henni að hringja strax eftir að hún fór úr íbúðinni, segir að stefnandi hafi skolfið og sér hafi sýnst hún kjökrandi. Hún hafi litið undan og ekki látið sjá framan í sig. A, en til hennar hringdi stefnandi frá E og til hennar fór hún strax, segir hana hafa litið hræðilega út, hárið úfið, hún utan við sig, hálfgrátandi, rauðeygð og þrútin í framan.

B, sem kom heim til A að hennar beiðni til aðstoðar, segir stefnanda hafa greinilega verið mjög miður sín og hágrátandi. Lögreglumennirnir sem komu á vettvang eftir að stefnandi hafði kært stefnda sögðu að stefnandi hafi virst í mikilli geðshræringu. Frásögn vitnanna af lýsingu stefnanda á atburðinum er í flestum atriðum svipuð.

Dóra Hlín Ingólfsdóttir rannsóknarlögreglumaður, sem kölluð var á vettvang, segir í skýrslu sinni að sokkabuxur og nærbuxur hafi legið á gólfi fyrir framan rúmið, vafðar saman. Stefnandi hafi verið í pilsi og blússu hnepptri. Rifið hafi verið út úr einu hnappagatinu. Stefnandi hafi grátið mikið og verið miður sín.

Aðilar eru vel kunnug og höfðu staðið í ástarsambandi fyrir um það bil 10 árum og endurnýjað þessi kynni síðar, síðast í september 1985, en þá verið sammála um að stofna ekki til frekara sambands. Af því sem hér hefur sérstaklega verið tekið fram og öðrum gögnum málsins þykir nægilega fram komið að stefndi hafi með athöfnum sínum brotið gegn frelsi stefnanda og vanvirt hana kynferðislega. Athafnir hans þykja hafa verið til þess fallnar að skerða sjálfsímynd stefnanda og þykja þannig brýnt brot á ákvæði 234. gr. laga nr. 19/1940. Hann þykir því eiga að sæta refsingu sem þykir hæfilega ákveðin kr. 75.000,00 í sekt til ríkissjóðs. Samkvæmt 53. gr. laga nr. 19/1940, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 101/1976, ákveðst að 50 daga varðhald komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefnandi byggir miskabótakröfu sína á því að við atburðinn hafi hún orðið fyrir miklu andlegu álagi og hafi hún meðal annars átt erfitt með að vera heima fyrst eftir þetta og leitað því í Kvennaathvarfið. Þá hafi hún átt erfitt með vinnu fyrst á eftir þar sem hún hafi verið svo aum í

vinstri hendinni eftir stefnda. Hún segir að sér hafi fundist sjálfsvirðing sín niðurbrotin. Í aðilaskýrslu hennar hér fyrir dómi segir hún atburðinn hafi haft neikvæð áhrif á tengsl sín við karlmenn. Hún sé ákaflega viðkvæm gagnvart þeim og sífellt á varðbergi gegn því að vera niðurlægð eða særð. Hún hefur skipt um vinnu og íbúð. Ekki liggur fyrir vottorð læknis um núverandi andlegt ástand hennar.

Þar sem stefndi hefur þannig gerst sekur um refsiverða meingerð gegn stefnanda þykir rétt með heimild í 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 að dæma hann til að greiða henni miskabætur sem hæfilega þykja ákveðnar með tilliti til gagna málsins kr. 170.000,00 og hefur þá verið tekið tillit til vaxta og verðbreytinga til dómsuppsögu. Rétt þykir að taka vaxtakröfu stefnanda til greina frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að stefndi greiði stefnanda kr. 50.000,00 í málskostnað.

Það athugast að stefnu og greinargerð í máli þessu er mjög ábótavant. Í stefnu vantar nær alveg lýsingu málavaxta og greinargerð er ruglingsleg og illskiljanleg. Það varð þannig ekki fyrr en stefnandi hafði skipt um lögmann að lag komst á málatilbúnað hennar. Þar sem ítarleg lögreglurannsókn lá fyrir frá upphafi og þar sem lag komst á málatilbúnað stefnanda fyrir og við aðalflutning þykir upphaflegur málatilbúnaður ekki eiga að hafa réttarfarslegar afleiðingar fyrir hana.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jens A. Guðmundssyni lækni og Maríu Þorgeirsdóttur félagsráðgjafa.

Dómsorð:

Stefndi, Y, greiði kr. 75.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi 50 daga varðhald í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi, Y, greiði stefnanda, X, kr. 170.000,00 í miskabætur með dómvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá dómsuppsögu til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. mars 1988.

Nr. 38/1988. **Helga M. Thors**
Jóna Íris Thors og
Richard R. Thors
gegn
hreppsnefnd Eyjahrepps
hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps og
þinglýsingardómaranum
í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu
Jóhannesi Árnasyni sýslumanni

Kærumál. Synjun þinglýsingar staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Guðmundur Skaftason.

Jón S. Magnússon fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hefur verið þinglýsingardómari í máli þessu.

Sóknaraðilar kærðu 26. janúar 1988 með heimild í 3. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 synjun þinglýsingardómarans í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu á þinglýsingu á afsali sem sóknaraðilinn Helga M. Thors gaf út 14. september 1987 til sóknaraðilanna Jónu Íris Thors og Richards R. Thors. Synjunin kom fram í bréfi dómarans 15. janúar 1988. Sóknaraðilar krefjast þess, að synjunin verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir þinglýsingardómarann að þinglýsa afsalinu. Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar.

Þegar kæra þessi barst Hæstarétti 1. febrúar sl. voru ekki aðrir varnaraðilar en þinglýsingardómarinn. Í greinargerð Jóns S. Magnússonar til Hæstaréttar eru ekki gerðar kröfur en kærumálskostnaðarkröfu sóknaraðila sérstaklega mótmælt.

Hæstarétti hefur borist bréf Jóhanns H. Níelssonar hæsatréttarlögmanns vegna hreppsnefnda Eyjahrepps og Kolbeinsstaðahrepps í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Bréfið er dagsett 5. febrúar 1988. Í bréfi þessu er hvorki krafist aðildar að kærumálinu berum orðum né settar fram kröfur, en Hæstarétti er kynnt bréf frá lögmanninum til Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, lögmanns sóknaraðila. Segir þar, að dómsmál verði höfðað til ógild-

ingar á afsali því, sem hér er um fjallað. Skilja verður bréf Jóhanns H. Níelssonar hæstaréttarlögmanns til Hæstaréttar sem mótmæli gegn kröfu sóknaraðila um þinglýsingu og ber því að telja hreppsnefndirnar, sem eru umbjóðendur hans, varnaraðila hér fyrir dómi.

Hinn 14. september 1987 gaf sóknaraðilinn Helga M. Thors út afsal, þar sem meðal annars segir:

„Ég undirrituð, Helga M. Thors ... sem sit í óskiptu búi eftir eiginmann minn, Thor R. Thors, sel hér með og afsala systkinum Thors heitins, þeim Jónu Írisi Thors ... og Richard R. Thors ... neðangreindum eignum dánar- og félagsbúsins:

1. Jörðinni Höfða, Eyjahreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

2. Jörðinni Ytri-Rauðamel, Eyjahreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

3. Jörðinni Ölviskrossi, Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

4. Fjórðahluta — 25 hundruðustu — fasteignarinnar Haffjarðará, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, þ.m.t. hlutdeild í veiðihúsum á Geiteyri og við Kvörn svo og hlutdeild í Oddastaðavatni ásamt hólmum...

Kaupendur, sem eru systkin Thors R. Thors heitins, keyptu framangreindar eignir á grundvelli forkaupsréttar, sem stofnaður var þeim til handa af föður þeirra, Richard Thors, með yfirlýsingum um fyrirframgreiðslu arfs og dags. eru 28. jan. 1953 og 31. des. 1955, en á þeim tíma höfðu ekki tekið gildi lagaákvæði um forkaupsrétt sveitarstjórna við sölu jarða milli systkina, sbr. l. 40/1948, 1. mgr. 4. gr.“

Í málinu hafa verið lagðar fram yfirlýsingar Unnar Briem Thors og Þórðar Thors, systkina kaupenda, um að þau hafi afsalað sér forkaupsrétti.

Afsalið var sent til þinglýsingar til sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Hinn 15. janúar sendi Jón S. Magnússon lögmanni sóknaraðila bréf og sagði þar m.a.:

„Samkvæmt ákvæðum jarðalaga verður að líta svo á, að þinglýsing á skjali þessu geti ekki farið fram, nema fyrir liggi höfnun forkaupsréttar og samþykki jarðanefndar og sveitarstjórnar á sölunni,

sbr. 30. og 35. gr. (áður 21. og 26. gr.), sbr. og 6. gr. laga nr. 65/1976 sbr. lög nr. 90/1984.

Skjalið endursendist ásamt umboðum og tékka að fjárhæð kr. 570."

Í kæru sinni sem stíluð er til þinglýsingardómarans bendir lögmaður sóknaraðila m.a. á, að í heimildarskjölum sóknaraðila og systkina þeirra er þeim áskilinn forkaupsréttur, ef einhver úr þeirra hópi vill selja sinn hlut. Þá segir lögmaðurinn:

„Þegar þessi afsöl voru gefin höfðu ekki tekið gildi þau ákvæði jarðalaga nr. 65/1976, er þér nefnið í bréfi yðar. Í gildi voru lög nr. 40/1948 um kauprétt á jörðum. Í þeim lögum var að vísu í 2. gr. kveðið á um forkaupsrétt sveitarstjórna á þeim jörðum innan hrepps, sem gengju kaupum og sölum. Hins vegar var á það kveðið í 1. mgr. 4. gr. laganna, að forkaupsréttarákvæði þeirra skyldu ekki ná til þess, er jarðeigandi seldi jörð barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri.

Samkvæmt þessu er ljóst, að á tímum löggerninganna 1953 og 1955 var unnt að stofna til forkaupsréttar milli systkina sem gekk framar lögmæltum forkaupsrétti sveitarstjórnar. Var slíkur réttur því réttilega stofnaður systkinunum til handa með fyrrnefndum löggerningum föður þeirra.

Með jarðalögum nr. 65/1976 urðu efnislegar breytingar á lagaákvæðunum um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum. M.a. var réttur þessi gerður víðtækari við sölu eða afhendingu milli systkina. Var í 26. gr. laganna (nú 35. gr.) kveðið á, að ákvæðin um forkaupsrétt skyldu ekki koma til framkvæmda við afhendingu til systkinis, „enda taki viðtakandi jörðina til ábúðar og fullra nytja".

Þér virðist vera á þeirri skoðun að með þessum breytingum hafi bótalaust verið vikið til hliðar forkaupsréttindum, sem löglega höfðu verið stofnuð fyrir gildistöku laganna þannig að framar gengju forkaupsrétti sveitarfélaga. Þessu er harðlega mótmælt af umbj. mínum. Forkaupsréttur sá sem systkinin áttu hvert gagnvart öðru fyrir gildistöku jarðalaga var meðal verðmætra eignarréttinda þeirra. Er enginn vafi á, að þessi réttindi nutu (og njóta) verndar eignarnámsákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þau urðu því ekki felld niður eða skert nema gegn fullum bótum...

Tilvitnun yðar til 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976 fær hér ekki staðist,

þar sem um er að ræða lögmæta afhendingu milli systkina sbr. 1. tl. 4. mgr. 6. gr. Ákvæði 9. gr. laganna stendur því ekki í vegi fyrir þinglýsingunni...“

Í áðurnefndu bréfi lögmanns hreppsnefnda Kolbeinsstaðahrepps og Eyjahrepps frá 14. desember 1987 er sagt, að í dómsmáli því, sem höfðað verði, muni verða byggt á 33. gr. jarðalaga. Hafi þegar verið óskað eftir mati skv. 34. gr. laganna að fengnu leyfi jarðanefndar.

Afsal það, sem um ræðir í máli þessu, er um fasteignir, sem jarðalög nr. 65/1976 taka til. Eins og málið lá fyrir þinglýsingardómara, var honum ekki heimilt að þinglýsa afsalinu vegna ákvæðis 9. gr. laganna. Um ágreining þann um gildi ákvæðisins sem lýst er hér að framan, verður ekki skorið í þinglýsingarmáli. Ber að staðfesta synjun þinglýsingardómarans.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hin kærða úrlausn þinglýsingardómara í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu á að vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. mars 1988.

Nr. 17/1988. **Gísli J. Johnsen - skrifstofubúnaður sf.**
gegn
Eignabankanum hf. og Lind hf.

Þingsókn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 17. desember 1987 var kröfu áfrýjenda um fjárnám hjá stefnda Eignabankanum hf. í I.B.M. tölvu með hörðum diski, I.B.M. skjá, lyklaborði og prentara, Ergo tölvu með I.B.M. skjá og Epson prentara synjað, þar eð stefndi Lind hf. hefði sýnt fram á eignarrétt sinn að skrifstofubúnaði þessum.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1988 til þingfestingar 1. febrúar s.á. Þá var eigi sótt þing af hálfu stefndu. Er málið kom fyrir 2. mars sl. létu stefndu sækja þing og óskuðu að koma að vörnum. Því var mótmælt af hálfu áfrýjanda. Var málið tekið til úrskurðar um ágreininginn.

Af háflu stefndu er því haldið fram, að Eignabankinn hf. hafi þegar greitt fjárnámskröfuna alla og því hafi þeir talið að áfrýjandi myndi láta málið niður falla og af þeim sökum eigi látið sækja þing við þingfestingu. Þar sem áfrýjandi hyggist hins vegar halda málinu áfram, sé þeim nauðsyn að halda uppi vörnum, enda séu miklir hagsmunir stefndu í húfi, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973.

Þar sem telja verður mikla hagsmuni í húfi fyrir stefndu að halda uppi vörnum í máli þessu, þykir rétt, með vísan til 2. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973, að heimila þeim það enda skili þeir greinargerð fyrir 18. mars 1988.

Á l y k t a r o r ð:

Stefndu, Eignabankanum hf. og Lind hf., er heimilt að halda uppi vörnum í máli þessu enda skili þeir greinargerð fyrir 18. mars 1988.

Mánudaginn 14. mars 1988.

Nr. 112/1987. **Sverrir Stefánsson**
gegn
Þórði H. Ólafssyni og
gagnsök

Hafning máls. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Er mál þetta var tekið fyrir í Hæstarétti varð samkomulag með aðiljum um að hefja málið, en gagnáfrýjandi gerði kröfu til ómaksbóta.

Gagnáfrýjandi hefir sjö sinnum sótt þing í máli þessu.

Aðaláfrýjandi, Sverrir Stefánsson, greiði gagnáfrýjanda Þórði H. Ólafssyni, 12.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. mars 1988.

Nr. 242/1987. **Víðir Finnbogason hf.**
Teppaland
gegn
þrotabúi Veitingamannsins hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Víðir Finnbogason hf., Teppaland, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, þrotabúi Veitingamannsins hf., er sótt hefir þrisvar dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 7.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. mars 1988.

Nr. 288/1987. **Útgáfufélag Þjóðviljans**
Árni Bergmann og
Össur Skarphéðinsson
gegn
Guðmundi G. Þórarinssyni

Útivistardómar. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Útgáfufélag Þjóðviljans, Árni Bergmann og Össur Skarphéðinsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Guðmundi G. Þórarinssyni, sem tvívegis hefir sótt þing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. mars 1988.

Nr. 196/1986. **Dánarbú Ástu E. Fjeldsted**
(Eiríkur Tómasson hrl.)
gegn
Ísafjarðarkaupstað og
(Andri Árnason hdl.)
Kaupfélagi Ísfirðinga
(Skúli J. Pálmason hrl.)

Eignarréttur að fjöru- og hafnarsvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 30. maí sama ár, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjanda eru þessar:

1) Að viðurkenndur verði eignarréttur hans að landauka, sem myndast hefur eða myndast kann við að fyllt er upp í fjöruna og út í sjó fram undan eignarlóð hans, en hún er hluti af lóðinni nr. 11 við Hafnarstræti á Ísafirði. Þannig verði viðurkenndur eignarréttur áfrýjanda að landsvæði er afmarkast:

Að norðaustan að bólverki, sjávar megin á lóðinni, sbr. uppdrátt Bjarna Jenssonar frá 7. mars 1985 af lóðunum nr. 9 og 11 við Hafnarstræti.

Að suðvestan af mörkum fyrrgreindrar uppfyllingar og sjávar.

Að norðvestan af línu, sem liggur út frá endamörkum bólverksins og áfram til suðvesturs.

Að suðaustan af línu, sem liggur út frá göflum á milli eldri og yngri hluta hússins á lóðinni og áfram til suðvesturs, þannig að fjarlægð á milli tveggja síðastgreindra lína verði 9,10 m.

2) Að lýst verði ólögmæt sú ákvörðun stefnda, Ísafjarðarkaupstaðar, að úthluta meðstefnda, Kaupfélagi Ísfirðinga, lóð á greindri uppfyllingu.

3) Að stefndu verði dæmdir til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Ísafjarðarkaupstaður, krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda. Til vara gerir hann þá dómkröfu, ef kröfur áfrýjanda verði teknar til greina fyrir Hæstarétti, að áfrýjanda verði gert að greiða kostnað af gerð landaukans, 330.476,00 krónur með dómvöxtum frá 30. ágúst 1985 til 14. apríl 1987 en með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Kaupfélag Ísfirðinga, sótti þing við þingfestingu máls þessa fyrir Hæstarétti. Síðar féll þingsókn niður af hans hálfu án þess að hann gerði dómkröfur.

I.

Frú Ásta E. Fjeldsted lést hinn 21. mars 1986 og hefir dánarbú hennar tekið við rekstri málsins. Héraðsdóminum er eingöngu áfrýjað af hálfu dánarbúsins. Verður að telja það heimilt, þar sem það rýrir ekki rétt meðstefnenda frú Ástu í héraði, en hinn 27. janúar 1986 gerðu þessir aðiljar með sér samkomulag um skiptingu lóðarinnar nr. 11 við Hafnarstræti í Ísafjarðarkaupstað með framlengdum markalínum til suðvesturs yfir hinn umdeilda landauka. Norðvestur hluti landaukans kom í hlut frú Ástu samkvæmt samkomulaginu. Er stærð hans, samkvæmt útreikningum gerðum á vegum Tæknideildar Ísafjarðarkaupstaðar hinn 9. nóvember 1987, 9,10 m x 46,4 m eða 38,64% af uppfyllingunni. Er varakrafa stefnda Ísafjarðarkaupstaðar, 330.476,00 krónur, við þetta miðuð (þ.e. 38.64% af 855.270,00 krónum), enda þótt hann hafi andmælt skiptingunni og telji hana óheimila.

II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er áfrýjanda varðar.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er áfrýjanda, dánarbú Ástu E. Fjeldsted, varðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 31. ágúst 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 30. ágúst 1985, höfðuðu Ásta Eggertsdóttir Fjeldsted, nnr. 0759-7762, Hafnarstræti 11 á Ísafirði, Jónas Magnússon, nnr. 5261-4953, Sólgötu 1 á Ísafirði, og Vilberg Vilbergsson, nnr. 9260-4268, Hafnarstræti 11 á Ísafirði gegn Ísafjarðarkaupstað, nnr. 4818-3085, og Kaupfélagi Ísfirðinga á Ísafirði, nnr. 5579-3441, fyrir bæjarþingi Ísafjarðar með stefnu birtri 12. febrúar 1985.

Dómkröfur stefnenda eru:

1) Að viðurkenndur verði eignarréttur stefnenda að landauka sem myndast hefur eða myndast kann við það, að fyllt er upp í fjöruna og út í sjó fram undan eignarlóð þeirra nr. 11 við Hafnarstræti á Ísafirði.

Þannig verði viðurkenndur eignarréttur stefnenda að landsvæði er afmarkast:

Að norðaustan af bólverkum, sjávar megin á lóðinni, sbr. uppdrátt á dómskjali nr. 28.

Að suðvestan af mörkum fyrrgreindrar uppfyllingar og sjávar.

Að norðvestan og suðaustan af línum sem liggja út frá endamörkum bólverkanna og áfram til suðvesturs. Á uppdrætti á dómskjali nr. 9 eru línur þessar sýndar, þó þannig að fjarlægð milli línanna verði 22,8 metrar í stað 24,8 metra.

2) Að lýst verði ólögmæt sú ákvörðun stefnda Ísafjarðarkaupstaðar að úthluta meðstefnda Kaupfélagi Ísfirðinga lóð á greindri uppfyllingu.

Jafnframt krefjast stefnendur málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda Ísafjarðarkaupstaðar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Til vara gerir stefndi þá kröfu að verði fyrri krafa stefnenda tekin til greina verði þeir jafnframt dæmdir til að greiða stefnda allan kostnað af gerð landaukans samkvæmt reikningi sem fram er lagður, sbr. dómskjal nr. 41, að fjárhæð kr. 855.270,00 ásamt dómvöxtum frá 30. ágúts 1985 til greiðsludags.

Þá krefst stefndi þess að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað að mati réttarins.

Stefndi Kaupfélag Ísfirðinga hefur látið sækja þing, en þingsókn féll síðar niður. Frá þessum stefnda eru engar kröfur komnar. Verður málið að því er hann varðar dæmt eftir framlögðum skjölum.

Málavextir.

Óumdeilt er að sú lóð sem um er fjallað í málinu og er nr. 11 við Hafnarstræti á Ísafirði er eignarlóð stefnenda er hafi verið úthlutað fyrri eigendum

úr landi í eigu Ísafjarðarkaupstaðar. Um hana hefur nokkrum sinnum verið fjallað í byggingarnefnd kaupstaðarins, en gerðabækur hennar hafa legið frammi í málinu.

Hinn 25. ágúst 1898 var eftirfarandi bókað í byggingarnefnd: „Þá var framlagt erindi frá Þorláki Magnússyni, dags. 24. þ.m., þar sem hann biður um lóð til þess að byggja hús 14 x 10 ál pollmegin við Bótargötu sundamegin við svokallað „Félagshús". Lóð þessi hefur 1882 verið útmæld S. Holm til húsbyggingar og hefur jafnan verið borgað af henni lóðargjald síðan, lengst af af verzlun L. Tangs, sem hefur notað hana undir fiskireit (tréreiti) og fengið leyfi til þess hjá S. Holm. Byggingarnefndin frestaði fyrst um sinn að taka ákvörðun um beiðni þessa."

Hinn 7. september sama ár er þetta bókað í byggingarnefnd: „Þorláki Magnússyni var útmæld lóð, 5 ál fyrir ofan bræðsluhús Lenh. Tangsverzlunar pollmegin við götuna, 3,5 álnir upp með götunni 15 álnir á breidd og leyft að setja þar hús 14 x 10 ál paralellt við götuna, þannig að framhliðin sé í stefnu við bræðsluhúshliðina í norðausturhorn fundarhússins, og standi húsið ekki ofar en á móts við stakket S. Thorsteinsen." Þetta hús, 14 x 10 álnir, er núverandi hús stefnanda, frú Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted.

Hinn 22. ágúst 1903 er enn bókað í byggingarnefnd: „Þá var Þorláki snikkara Magnússyni leyft að byggja hús 14 ál. að lengd og 10 ál. að breidd, suður af íbúðarhúsi hans og áfast við það." Þetta hús er nú syðri hluti hússins nr. 11 við Hafnarstræti, eign stefnenda, Jónasar Magnússonar og Vilbergs Vilbergssonar.

Hinn 2. nóvember 1906 synjaði bygginarnefndin beiðni um breikkun sölubúðar Þorláks Magnússonar „um 2 álnir að sjó".

Hinn 19. febrúar 1908 var eftirfarandi bókað í byggingarnefnd: „Magnúsi Magnússyni leyft að hækka verzlunarhús sitt um eitt loft og byggja skúr við bakhliðina 3 x 3½ áln."

Hinn 18. apríl 1910 var bókað: „Beiðni Magnúsar Magnússonar um að mega afgirða suðurhluta lóðar sinnar út að Hafnarstræti og breikka bólverkið fyrir neðan lóð sína að Pollinum. Var þetta leyft og lagt til, að lóðin væri seld á 25 aura feralin. Lóðin reyndist 110 áln."

Hinn 9. júní 1911 hafnaði byggingarnefndin „beiðni Þorláks Magnússonar um útmælda lóð milli húss hans og hins svonefnda félagshúss við Hafnarstræti. Beiðni þessari var neitað vegna þess að byggingarnefndin áleit ekki rétt að loka þar sundi fyrir bátum sem kynnu að þurfa að lenda þar, enda áframhald af Pólgötu til sjávar."

Félagshúsið við Hafnarstræti, sem nefnt er í framangreindri bókun, var hið svonefnda Félagshús Djúpmanna sem stóð við Hafnarstræti 13 á Ísafirði og var tekið eignarnámi samkvæmt 24. gr. laga nr. 55/1921, vegna fyrirhugaðrar breikkunar á Hafnarstræti á árunum 1955 til 1956. Það var

metið til verðs af dómkvöddum matsmönnum 26. janúar 1956 og með yfirvirðingu 17. ágúst 1956, en yfirmatsmenn voru þeir Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari, Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari, og Jón Bergsteinsson múrarameistari.

Hinn 6. október 1911 var næst bókað í byggingarnefnd um Hafnarstræti 11: „O. G. Syri leyft að byggja bólverk fyrir framan hús sitt við Hafnarstræti 8 x 14 álnir og byggja þar á geymsluhús 7 x 12 álnir. Leggur nefndin til að hver feralin verði seld honum á 25 aura. Geymsluhús þetta var honum leyft að setja upp við norðurgafl íbúðarhúss hans en þaðan skal hann hafa tekið það eigi síðar en 15. júní næsta ár."

Hinn 13. maí 1916 var bókað: „Ennfremur var samþ. að leyfa M. Magnússyni kaupmanni að byggja skúr 5½ x 3 áln. bak við hús sitt í Hafnarstræti og sé eldvarnargafl að nágrannalóðinni."

Hinn 6. apríl 1929 var bókað: „Erindi Magnúsar Magnússonar dags. 19/3 þ.á. um að fá leyfi til þess að setja þak yfir nokkurn hluta af porti sínu á bakvið hús hans við Hafnarstræti 11. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að þetta verði leyft, enda flutt burt ef krafist er."

Hinn 29. apríl 1933 var bókað: „Erindi Steins Leós um leyfi til þess að hækka efri hæð á húsi sínu við Hafnarstræti 11 um 48 cm. og breyta gluggum á henni skv. meðf. uppdrætti. Nefndin vill leyfa þetta, enda auki það ekki verðgildi hússins ef bærinn þarf á því að halda vegna skipulagsins. Gætt sé réttar þriðja manns og brunamálalaga."

Og loks var hinn 16. apríl 1934 bókað í bygginarnefnd: „Kristján H. Jónsson sækir um leyfi til þess að setja þak yfir portið sem er sunnan við hús hans, Hafnarstræti 11 og nota þá hið lokaða port til vörugeymslu... Nefndin vill leyfa að þak verði sett á portið, en fyrirkomulag allt verði undir eftirliti Jóns H. Sigmundssonar."

Samkvæmt veðmálabókum Ísafjarðarkaupstaðar seldi Magnús Magnússon kaupmaður f.h. eiginkonu sinnar, Helgu Jónsdóttur, þeim Kristjáni Jónssyni stýrimanni og Steini Leós skrifstofumanni, lóðina ásamt tilheyrandi mannvirkjum hinn 1. júlí 1931. Árið 1935 var hluti eignarinnar, þ.e. norðurendi húseignarinnar, seldur firmanu Lárusi G. Lúðvígssyni á nauðungaruppboði, en firmað seldi eignarhlutann aftur Arngrími Fr. Bjarnasyni ritstjóra með afsali 5. júlí það ár. Við fráfall Arngríms kom eignarhluti þessi í hlut eftirlifandi eiginkonu hans, Ástu, sem er einn af stefnendum máls þessa. Með afsali dags. 19. febrúar 1943 seldi Gísli Indriðason heildsali þeim Harry Herlufsen rakarameistara, Jónasi Magnússyni kaupmanni, einum af stefnendum máls þessa, og Ásgeiri Jóhannessyni verzlunarmanni, hinn eignarhlutann, þ.e. syðri enda húseignarinnar. Harry seldi síðan hinn 9. júní 1959 Vilberg Vilbergssyni, einum af stefnendum máls þessa, ⅔ hluta

af eignarhlutanum, og Ásgeir seldi Jónasi sinn hluta 15. október 1974, þannig að Jónas eignaðist ⅓ hluta af eignarhlutanum.

Hinn 17. janúar 1961 bauð stefnandi Vilberg Vilbergsson bæjarsjóði Ísafjarðar lóð sína til kaups fyrir umsamið verð. Um þetta er svo bókað í bæjarráði þann sama dag: „Lagt fram bréf dags. 17. þ.m. frá Vilberg Vilbergssyni, Hafnarstræti 11. Í bréfinu segir að lóðin Hafnarstræti 11 losni úr veðböndum í júnímán. n.k. og er þess óskað að bærinn sjái sér þá fært að kaupa lóðina fyrir umsamið verð. Á bæjarráðsfundi 5. júní 1959 var það samkomulag gert við Vilberg Vilbergsson að hann gæfi bæjarsjóði kost á að kaupa lóð þessa fyrir kr. 330.00 pr. fermetra. Bæjarráð leggur til að lóðin verði keypt á framangreindu verði." Þetta var samþykkt á bæjarstjórnarfundi samhljóða sama dag, þ.e. 17. janúar 1961. Tilkynning um það var send í bréfi til Vilbergs Vilbergssonar 27. janúar 1961, þar sem segir: „Bæjarráð og bæjarstjórn hafa tekið fyrir erindi yðar frá 17. þ.m. varðandi lóðina Hafnarstræti 11. Samþykkt var að kaupa lóðina fyrir umsamið verð kr. 330.00 pr. fermetra."

Af þessum kaupum varð þó ekki, og hefur Jón Guðjónsson, þáverandi bæjarstjóri, skrifað hjá sér eftirfarandi athugasemd um afdrif málsins: „Kaup strönduðu á því: Í fyrsta lagi: Vegna sameigna á lóðinni reyndist ekki vera hægt að ákveða eða afmarka hvaða hluta af lóðinni bærinn kaupir. Í öðru lagi: Þá hafði Vilberg Vilbergsson ekki áhuga á að selja."

Í skýrslu um fasteignamat fyrir Ísafjarðarkaupstað, sem liggur frammi í málinu ódagsett en er sögð vera frá árinu 1935, er lóðin að Hafnarstræti 11 talin vera 299 m² að stærð. Samkvæmt fasteignamati 1983 er lóðin sögð nokkru stærri eða 323 m², þar af er hluti Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted talinn 162 m² en hluti Jónasar Magnússonar og Vilbergs Vilbergssonar 161 m². Í fasteignamatinu frá 1935 segir að ekki sé ágreiningur um lóðarmerki og sé lóð meðfram götu ca. 24 m. Þegar spurt er í matinu hvort nokkuð sérstakt sé er auki eða rýri verðmæti lóðarinnar er svarið: „Liggur vel til verzlunar en húsið má ekki endurbyggja vegna skipulagsins." Spurt er hvað lóðin gefi af sér, og svarið er: „Aðeins húsgrunnana."

Hinn 13. maí 1982 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðar nýtt aðalskipulag fyrir Ísafjarðarkaupstað, er gilda skyldi fyrir tímabilið 1981 - 2001. Aðalskipulagið var staðfest af félagsmálaráðherra 20. september 1982. Samkvæmt því var gert ráð fyrir uppfyllingu til vesturs fram undan Hafnarstræti. Skipulagið gerir jafnframt ráð fyrir breytingum, þar sem húsin við Hafnarstræti 11 standa. Í greinargerð lögmanns stefnda Ísafjarðarkaupstaðar kemur fram, að bærinn sé reiðubúinn „til þess að hefja nú þegar viðræður við eigendur um eignarnám (þ.e. kaup) á umræddri húseign og lóð".

Sama dag og aðalskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðar, 13. maí 1982, var gerður samningur milli bæjarstjórnar og Kaupfélags Ísfirðinga. Þar kemur m.a. fram, að Kaupfélaginu er úthlutað 3150 m² lóð á uppfyllingu sjávarmegin við lóðirnar Hafnarstræti 9 - 11, og er þar gert ráð fyrir byggingarreit ca. 38 x 45 m eða um 1710 m².

Með bréfi 25. maí 1982 til bæjarráðs Ísafjarðar mótmælir Ólafur Guðmundsson, Maríubakka 26 í Reykjavík, f.h. Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted tveimur atriðum í hinu nýja aðalskipulagi. Annar liður mótmælanna og sá er varðar Hafnarstræti 11 er svohljóðandi: „Umbj. minn býr í húsinu nr. 11 við Hafnarstræti á Ísafirði, en skv. skipulagi á Pólgata, er liggur þvert á Hafnarstræti, að liggja þétt að húsi umb. míns nr. 11 við Hafnarstræti á Ísafirði og niður fyrir það og beygja síðan til austurs. Umbj. minn vill mótmæla þessu skipulagi og krefjast þess að hún fái viðurkennda lóð fyrir vestan húsið, þannig að greiður aðgangur verði að húsinu og baklóð þess og verði sú lóð að minnsta kosti 5 m breið, en það er í samræmi við hefð þá er umbj. minn telur sig hafa unnið á aðkeyrslu og aðkomu að húsinu að vestan." Rétt er að geta þess að í bréfi til lögmanns Ísafjarðarkaupstaðar 25. janúar 1982 hafði Jón Ólafsson hrl. sett fram kröfu fyrir hönd Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted um framangreinda viðurkenningu lóðar vestan við húsið að Hafnarstræti 11, en henni mun hafa verið synjað. Hinn 6. júlí 1982 áréttaði Ólafur Guðmundsson mótmæli sín í bréfi til skipulagsstjóra ríkisins.

Hinn 8. febrúar 1984 ritaði lögmaður stefnenda bæjarstjóranum á Ísafirði bréf, þar sem hann mótmælti f.h. uppbjóðenda sinna umræddri lóðarúthlutun til Kaupfélags Ísfirðinga. Af gögnum málsins verður ekki séð, að önnur mótmæli hafi verið sett fram gegn þessari úthlutun.

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Stefnendur segja dómkröfur sínar byggðar á þeirri reglu, er frá fornu fari hafi gilt í íslenskum rétti, að eigendur landareignar sem liggi að sjó eigi eignarrétt yfir fjörunni fram af henni, þ.e. svæðinu milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls, svo og eignarrétt yfir svonefndum netlögum sem talin hafi verið ná 60 faðma eða 115 metra frá stórstraumsfjörumáli, sbr. 3. gr. veiðitilskipunar frá 30. júní 1849, 2. gr. laga nr. 39/1914 um beitutekju og 4. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. og til hliðsjónar 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Halda stefnendur því fram að réttur þessi sé fortakslaus og ótvíræður að íslenskum lögum. Þess sjáist ekki merki að löggjafinn ætlist til að önnur regla gildi um þetta efni í kaupstöðum eða kauptúnum, heldur virðist þvert á móti gert ráð fyrir fyrrgreindri meginreglu í fjölda lagaákvæða, þ. á m. í 1. gr. laga nr. 49/1913 um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar

á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju, sbr. lög nr. 44/1917. Samkvæmt þessu verði kaupstaðir, eins og önnur sveitarfélög, að taka land eignarnámi, þ.m.t. fjörur og netlög, til þess að svipta landeigendur lögmætum eignarráðum sínum. Óumdeilt sé að lóð sú sem sé í eigu stefnenda sé eignarlóð sem afsalað hafi verið af Ísafjarðarkaupstað um síðustu aldamót úr upphaflegu eignarlandi kaupstaðarins. Í munnlegum flutningi lýsti lögmaður stefnenda því yfir að óvíst væri hvort lóðin hafi frá upphafi legið að sjó, en taldi að eigendur hefðu að minnsta kosti eignast lóð að fjöru á árunum 1910 og 1911. Hvorki fjaran né netlög fram undan lóðinni hafi verið skilin frá henni, þannig að öðrum hafi verið fengin yfirráð fjörunnar eða netlaganna. Langalgengast sé, þegar hluta af landareign sé afsalað, að landamörk séu einungis tilgreind á þurru landi, en fjara og netlög fylgi sjálfkrafa. Fráleitt sé að álykta sem svo að fjara og netlög séu undanskilin þótt þess sé ekki sérstaklega getið í afsali. Þá sé ljóst að lóðin hafi ætíð verið talin stærri en grunnflötur þeirra mannvirkja sem á henni hafi staðið, svo sem upplýsingar um stærð lóðarinnar í fasteignamati beri með sér. Frá því Ísafjarðarkaupstaður afsalaði sér eignarrétti yfir lóðinni hafi kaupstaðurinn ekki eignast neinn hluta hennar, enda ekki leitað eftir því við lóðareigendur. Geti kaupstaðurinn því ekki gert tilkall til eignarréttar yfir lóðinni eða því sem henni fylgi lögum samkvæmt, nema hann færi sönnur á að einhver hluti lóðarinnar hafi verið undanskilinn þegar lóðinni hafi upphaflega verið afsalað. Allt frá upphafi hafi eigendur lóðarinnar haft virk yfirráð yfir fjörunni og netlögum fram undan henni, ýmist nýtt aðstöðuna sjálfir eða leyft öðrum að hafa afnot af henni. Styðji þessi staðreynd það að eignarréttur yfir fjörunni og netlögum hafi fylgt lóðinni. Verði ekki fallist á þá málsástæðu halda stefnendur því fram að þeir hafi öðlast eignarrétt yfir fjörunni og netlögum fyrir hefð samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1905.

Stefnendur halda því fram að það sé viðurkennd regla í íslenskum rétti að landeigandi eignist þann landauka sem myndast í fjöru og netlögum fyrir landi hans. Samkvæmt því líti stefnendur svo á að þeir hafi eignast landauka þann sem myndast hefur vegna uppfyllingarinnar. Uppfylling sú sem mál þetta snúist um sé ýmist í fjöru eða netlögum stefnenda. Þessu til stuðnings bendi þeir og á þá staðreynd að bæjaryfirvöld á Ísafirði hafi hvorki leitað heimildar þeirra til þess að gera uppfyllinguna né leitað eftir eignarnámi á landaukanum. Fráleitt sé að halda því fram, að stefnendur hafi glatað rétti sínum vegna tómlætis. Þvert á móti hafi þeir mótmælt aðalskipulagi Ísafjarðarkaupstaðar, þar sem m.a. sé gert ráð fyrir greindri uppfyilingu.

Stefnendur benda á að á uppdrætti Hallgríms Axelssonar verkfræðings á dskj. nr. 9 séu sýnd mörk á lóð þeirri sem stefnendur krefjist eignarréttar

að. Sé nánari skýringar á uppdrættinum að finna á dskj. nr. 8. Verði fyllt lengra út í sjó en gert sé ráð fyrir í aðalskipulagi og þar af leiðandi á greindum uppdrætti sé krafist eignarréttar yfir þeim landauka er þannig kunni að myndast. Stefnendur telja að vöruskemma sú er áður hafi staðið á lóðinni nr. 9 við Hafnarstræti hafi ekki skagað inn á lóð þá sem afmörkuð sé á uppdrættinum á dskj. nr. 9. Þetta sjáist ef loftljósmyndin á dskj. nr. 16 og teikning Jóns Víðis á dskj. nr. 13 séu skoðaðar. Stefnendur vekja sérstaklega athygli á því að vesturhorn skemmunnar, sem hafi vitað að lóðinni nr. 11 og sjó, hafi ekki verið 90°, eins og glöggt komi fram á dskj. nr. 13. Að öðru leyti sé aðaldómkrafa stefnenda byggð á greindum uppdrætti á dskj. nr. 9. Stefnendur segja að hugsanlegt sé, að dómurinn telji rétt að hliðra til mörkunum sem liggi frá norðaustri til suðvesturs, vegna legu nálægra mannvirkja eða annarra staðhátta. Þeir telja að slíkt ætti ekki að koma að sök vegna þess að stefndi Ísafjarðarkaupstaður muni vera eigandi að lóðunum beggja vegna við lóð þeirra, þ.e. lóðunum nr. 9 og 13 við Hafnarstræti. Stefnendur kveða síðari dómkröfu sína vera beina afleiðingu af fyrri dómkröfunni. Verði eignarréttur þeirra að greindum landauka viðurkenndur með dómi sé sú ákvörðun stefnda Ísafjarðarkaupstaðar að úthluta meðstefnda Kaupfélagi Ísfirðinga lóð á landi stefnenda án samþykkis þeirra augljóslega ólögmæt. Áskilji stefnendur sér rétt til að krefjast lögbanns við byggingarframkvæmdunum á lóðinni verði á þeim byrjað.

Málsástæður og lagarök stefnda Ísafjarðarkaupstaðar.

Stefndi Ísafjarðarkaupstaður byggir sýknukröfu sína á því að við útmælingu lóða í kaupstöðum og sjávarþorpum hafi aldrei fylgt netlög af nokkru tagi eða 60 faðmar eða 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði, enda standi engin lög til þess. Lóðirnar hafi verið mældar og afhentar og taldar í feráln um eða fermetrum, og hafi aldrei fylgt þeim nokkur eignarréttindi umfram það. Kaupverð hafi ekki verið greitt fyrir nema útmældar ferálnir er Magnúsi Magnýssyni árið 1910 og O. G. Syre árið 1911 hafi verið leyft að breikka bólverkið að Pollinum. Hvorki bæjarstjórninni á Ísafirði né Magnúsi Magnússyni eða O. G. Syre hafi til hugar komið árin 1910 og 1911, að hinni upprunalegu lóðarsölu árið 1898 að Hafnarstræti 11 fygldi eignarréttur til sjávar og út í Pollinn. Þvert á móti hafi allir þessir aðilar vitað að ekkert fylgdi hinni útmældu lóð, og því hafi þeim verið seldar spildur Pollmegin við húsin til þess að breikka bólverkin á 25 aura hverja feráln. Stefndi varpar fram þeirri spurningu hví þeir skyldu hafa keypt lóð eða fjöru eða netlög ef þeir hafi verið sjálfkrafa eigendur að slíku sjávarmegin við hina útmældu lóð.

Stefndi segir að það hafi alla tíð verið skilningur manna að útmældum

lóðum til byggingar íbúðar- og verslunarhúsa í kaupstöðum, eins og hér hafi verið, fylgdi ekki eignarréttur til sjávarins, hvorki netlögn né hafsbotn, heldur ætti viðkomandi kaupstaður allt slíkt, ekki síst ef um hafi verið að ræða afmarkað hafnarsvæði eins og sé í þessu máli. Þessi skilningur komi þegar fram í framlögðu nefndaráliti þeirra Halldórs K. Friðrikssonar, Ásgeirs Einarssonar á Þingeyrum og séra Benedikts Þórðarsonar í Selárdal, en á Alþingi í júlímánuði 1863 hafi þeir verið kosnir í nefnd til að skila áliti um bænaskrá Ísfirðinga um að fá kaupstaðarréttindi. Stefndi segir að það sé eftirtektarvert að í matsgerð og yfirvirðingargerð um Félagshúsið, þ.e. húsið nr. 13 við Hafnarstræti, hafi ekki verið minnst einu orði á eða gerð krafa um að bætur kæmu fyrir verðmæti vegna fjöruréttinda, netlaga eða nokkurs utan hinnar ákveðnu útmældu lóðar og húss. Stefndi telur það með ólíkindum að jafnglöggur lögmaður og Lárus heitinn Jóhannesson hefði ekki gert slíka kröfu ef nokkur minnsta von hafi verið til þess, að lóðinni nr. 13 við Hafnarstræti fylgdu slík verðmæti, en þá hafi verið að taka eignina eignarnámi. Til enn frekari áherslu um framgang þessa máls megi nærri víst telja að yfirvirðingarmenn með Gizur Bergsteinsson sem oddvita hefðu ekki gengið fram hjá „fjöruréttindum" í mati sínu, hafi nokkur dæmi verið um slíkt í kaupstöðum, þótt lögmanni matsþola eða matsþola sjálfum hafi ekki verið kunnugt um þessi réttindi sín sem meta ætti til fjár.

Stefndi leggur fram uppdrátt sem eigi að sýna, „til hverskonar endaleysis brenglunar eignarréttur yfir hafsbotni og netlögum myndi leiða ef hver þurrabúðarmaður eða tómthúseigandi við höfnina „ætti" sinn 115 metra geira út í höfnina". Stefndi segir að með byggingu bólverkanna, sem leyfð hafi verið 1910 og 1911, hafi lóðin Hafnarstræti 11 verið afmörkuð. Stefndi telur að réttindi lóðareigenda til fjörunnar séu engin og leiði það af sjálfu sér. Skúrar hafi staðið út á bólverk þessi þannig að aðeins ½ til 1 fet hafi verið fram á ytri brún. Börn og unglingar hafi gert sér að leik að ganga eftir þessari brún og breiða út handleggi, og hafi þetta þótt nokkurt áræði og jafnvægiskúnst, og hafi fall kostað það að detta í sjóinn. Af þessum bólverkum sé til góður uppdráttur frá 1922 - 1923 eftir Jón Víðis, og sé hann lagður fram í máli þessu. Stefndi segir að samkvæmt öllu framansögðu sé lóðin Hafnarstræti 11 afmörkuð að norðan og sunnan af göflum húsanna með venju helguðum gangvegi til inngöngu í þau. Til hliðanna afmarki lóðin af Hafnarstrætinu en Pollmegin af þessum bólverkum. Um frekari rétt sé ekki að ræða. Stefnendur hafi ekki lagt fram nokkur gögn eða annað er sanni eða geri líklegt að réttur þeirra sé víðtækari. Núverandi eigendur eigi ekki frekari rétt en þeir sem þeir leiði rétt sinn frá gegnum margar sölur til hinna upprunalegu eigenda.

Stefndi kveðst hafa leyft Kaupfélagi Ísfirðinga að gera uppfyllingu upp

undir lóðarmörk stefnenda Pollmegin, þ.e. upp að bólverkinu, að svo miklu leyti sem ekki hafi verið búið að fylla þar upp áður og gefið sama aðila fyrirheit um að byggja þar stórmarkað. Allt þetta sé samkvæmt lögformlega settu og samþykktu skipulagi sem í einu og öllu hafi verið farið með samkvæmt lögum og fyrirmælum. Í 1. mgr. 1. gr. samkomulags við Kaupfélag Ísfirðinga frá 13. maí 1982 sé K.Í. úthlutað 3150 m² lóð. Þar af sé gert ráð fyrir byggingarreit ca 38 x 45 m eða 1710 m² og sé þetta á uppfyllingu sjávarmegin við lóðirnar Hafnarstræti 9 - 11. Hið lögformlega samþykkta skipulag Ísafjarðarkaupstaðar, sem samþykkt hafi verið á fundi bæjarstjórnar hinn 13. maí 1982 til þess að gilda tímabilið 1981 - 2001, hafi verið staðfest að uppfylltum öllum ákvæðum laga nr. 19/1964 með síðari breytingum. Stefndi segir að engar athugasemdir hafi komið fram við skipulag þetta frá eigendum Hafnarstrætis 11 hvað varði eignarrétt þeirra sjávarmegin við bólverkin sem afmarki lóðina. Á hinn bóginn geri skipulag þetta ráð fyrir breytingu einmitt þar sem húsið eða húsin nr. 11 við Hafnarstræti standi nú. Lögmaður stefnda segir að Ísafjarðarbær sé reiðubúinn til þess að hefja nú þegar viðræður við eigendur um eignarnám (þ.e. kaup) á umræddri húseign og lóð.

Niðurstaða dómsins.

Ágreiningslaust er með málsaðilum að lóðin nr. 11 við Hafnarstræti sé eignarlóð stefnenda með þeim merkjum, sem nánar eru sýnd á dskj. nr. 28. Er lóðinni þar skipt í tvo reiti og er annar þeirra 9,10 x 15,15 m að stærð, en hinn 13,70 x 12,70 m. Er eignarlóð þessi utan máls þessa, sem fjallar eingöngu um eignarrétt að landi og landauka vegna uppfyllingar á 22,80 m breiðu svæði sjávarmegin við nefnda eignarlóð.

Þegar lóð sú sem í málinu greinir var mæld og afhent til húsbyggingar í upphafi var í gildi opið bréf frá 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði. Þar segir meðal annars í 3. gr., að byggingarnefnd skuli samkvæmt 5. gr. tilskipunar frá 17. nóvember 1786 taka til „húsastæði" til allra nýrra húsa, er byggja skuli. Síðan láti bæjarfógeti mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar og eigi þeir síðarnefndu að girða þær og nota innan tveggja ára, en ella falli þær aftur til kaupstaðarins.

Í 5. gr. tilvitnaðrar tilskipunar frá 17. nóvember 1786 um fríheit kaupstaðanna á Íslandi segir að byggingarstæðum skuli „gefins útskipta, á þann hátt, að þau séu eigi of náin hvert öðru, og að pláss nokkurt til lítils jurtagarðs geti, ef mögulegt er, fylgt sérhverju húsi".

Orðalag ofangreindra ákvæða bendir til þess að höfð sé í huga afhending lóða til sérstakra nota eingöngu, þ.e. húsbygginga. Verður ekki séð að síðari löggjöf um lóðamál á Ísafirði hafi að þessu leyti gert neina skýra breytingu á. Við úthlutun þeirra lóðarspildna sem um var að ræða var

stærð þeirra jafnan tiltekin og lega gefin til kynna. Engin ákvæði voru um, að fylgja ættu réttindi til fjöru eða netlaga. Umsókn Magnúsar Magnússonar og sú ákvörðun byggingarnefndar 18. apríl 1910 að heimila honum að breikka bólverkið fyrir neðan lóð sína að Pollinum, benda eindregið til þess, að gengið hafi verið út frá því að upprunalegri lóð hafi ekki fylgt nokkur réttur til fjörunnar. Hinu sama gegnir um þá ákvörðun byggingarnefndar 6. október 1911 að leyfa O. G. Syri að byggja bólverk fyrir framan hús sitt og selja honum spildu í því skyni. Þá kemur ekki til greina að þeim lóðarræmum sem þarna var úthlutað til viðbótar hafi út af fyrir sig fylgt slík réttindi.

Ennfremur er þess að gæta að um var að ræða úthlutun lóðar og lóðarspildna á hafnarsvæði þar sem gera mátti ráð fyrir uppfyllingu og öðrum mannvirkjum í fjöru og sjó fram. Var því ekki líklegt að það væri tilætlun bæjaryfirvalda að veita lóðarhöfum frekari réttindi en til afmarkaðra lóða.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á það með stefnendum að þeir aðilar sem þeir leiða rétt sinn frá hafi mátt gera ráð fyrir því að í lóðarúthlutun þeim til handa hafi fylgt þau réttindi sem um er deilt í máli þessu. Eigi hafa stefnendur heldur sýnt fram á nokkur þau not sem til hefðar geta leitt. Ber því að sýkna stefnda Ísafjarðarkaupstað af kröfum stefnenda í máli þessu.

Af framangreindum málsúrslitum gagnvart stefnda Ísafjarðarkaupstað leiðir að einnig ber að sýkna stefnda Kaupfélag Ísfirðinga af öllum kröfum stefnenda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm í máli þessu skipuðu Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti, og meðdómendurnir Garðar Gíslason borgardómari og dr. Gaukur Jörundsson prófessor.

Dómsorð:

Stefndu, Ísafjarðarkaupstaður og Kaupfélag Ísfirðinga, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnenda, Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted, Jónasar Magnússonar og Vilbergs Vilbergssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 15. mars 1988.

Nr. 61/1987. **Gunnbjörn Ólafsson**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Friðriki Má Jónssyni
(Ólafur Axelsson hrl.)

Kaup. Gallar. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1987. Hann krefst þess að stefnda verði dæmt að greiða honum 553.903,50 krónur með 15% ársvöxtum af 4.213,00 krónum frá 1. júní 1984 til 1. júlí 1984, af 9.142,95 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 1984 og af 14.782,95 krónum frá þeim degi til 1. september 1984, 17% ársvöxtum af 119.898,85 krónum frá þeim degi til 1. október 1984, af 217.770,45 krónum frá þeim degi til 1. nóvember 1984 og af 314.178,50 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1985 og af 553.903,50 krónum frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til birtingardags héraðsdómsstefnu í máli þessu þann 18. október 1985, dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en vöxtum jafnháum hæstu innlánsvöxtum lánastofnana eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi keypti bátinn m/b Kristján SI-18 með afsali 11. maí 1984. Hann hlutaðist ekki til um skoðun og mat dómkvaddra matsmanna á meintum göllum á honum fyrr en í aprílmánuði 1985 en þá hafði báturinn ekki verið í notkun frá því í ágúst 1984 og staðið uppi yfir veturinn. Að sögn matsmanna var hann í hirðuleysislegu ástandi, þegar þeir skoðuðu hann. Áfrýjandi hefur samkvæmt framansögðu ekki haldið meintum rétti sínum nægilega til haga. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til for-

sendna hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 60.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnbjörn Ólafsson, greiði stefnda, Friðriki Má Jónssyni, 60.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. janúar 1987.

Mál þetta sem dómtekið var 15. desember sl. höfðaði Gunnbjörn Ólafsson, nnr. 3403-5113, Túngötu 33, Tálknafirði, Vestur-Barðastrandarsýslu, gegn Friðriki Má Jónssyni, nnr. 2460-3067, Írabakka 28, áður til heimilis að Blöndubakka 11, Reykjavík, með stefnu birtri 18. október 1985.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 553.903,50 með 15% ársvöxtum af kr. 4.213,00 frá 1. júní 1984 til 1. júlí s.á., af kr. 9.142,95 frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af kr. 14.782,95 frá þeim degi til 1. september s.á., með 17% ársvöxtum af kr. 119.898,85 frá þeim degi til 1. október s.á., af kr. 217.770,45 frá þeim degi til 1. nóvember s.á., af kr. 314.178,50 frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. maí s.á., af kr. 553.903,50 frá þeim degi til 11. maí s.á., með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til birtingardags stefnu í málinu en síðan dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Hinn 11. maí 1984 undirrituðu aðilar máls þessa svohljóðandi afsal í Reykjavík:

„Ég undirritaður Friðrik Már Jónsson sel hér með og afsala bát minn, Kristján SI 18.

Á bátnum hvíla engar veðskuldir né önnur eignabönd, sem liggur frammi við afsal. Báturinn selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur þegar kynnt sér og sættir sig við að öllu leyti. Umsamið kaupverð er 350 þúsund krónur."

Vitundarvottar, þau Björn Z. Ásgrímsson og Sóley Ólafsdóttir, rita nöfn sín á afsalið.

Stefnandi telur bátinn hafa verið gallaðan þegar kaupin fóru fram og krefur stefnda um bætur vegna þeirra galla og eins vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna þess að ekki hafi verið hægt að halda bátnum til veiða vegna viðgerða sem þurft hafi að framkvæma á honum.

Stefnandi sundurliðar bótakröfur sínar þannig:

1.	Bætur samkvæmt mati	kr. 228.725,00
2.	Kostnaður vegna mats	kr. 11.000,00
3.	Kostnaður vegna bráðabirgðaviðg. 1984	kr. 19.354,85
4.	Rafgeymir	kr. 5.600,00
5.	Tapað aflaverðmæti ÷ áætlaður útgerðarkostnaður kr. 304.445,97 ÷ kr. 15.222,30	kr. 289.223,65
		kr. 553.903,50

Stefnandi lýsti því fyrir dómi að hann hefði ekki skoðað bátinn áður en hann festi kaup á honum. Ástæðan hefði verið sú að sér hefði fundist vera í of mikið ráðist að gera sér ferð til Siglufjarðar þar sem báturinn var. Báturinn hefði verið með gilt haffærisskírteini. Stefnandi kvaðst ekki vera það fróður um byggingu báta að hann hefði grætt mikið á skoðuninni. Stefnandi kvaðst áður hafa átt þrjá báta og stundað sjómennsku á bátum af öllum stærðum. Einnig hefði hann verið á togara. Við sjómennsku hefði hann fengist meira og minna frá 17 ára aldri.

Stefnandi kvaðst hafa leitað upplýsinga hjá stefnda um ástand bátsins. Stefndi hefði sagt sér frá aldri bátsins að hann hefði staðið uppi um veturinn, enga galla nefnt á bátnum og sagt að ekki þyrfti annað fyrir hann að gera en að mála. Þá hefði stefndi sagt sér að báturinn hefði verið í viðgerð í slippnum á Siglufirði sumarið áður að því er sig minnti.

Stefnandi kvaðst hafa gengið að því kaupverði sem stefndi hefði sett upp. Sér hefði fundist það nokkuð hátt, en það hefði verið kr. 100.000,00 yfir tryggingarverði bátsins. Stefnandi kvaðst hafa gengið að þessu verði eingöngu vegna þess að engir bátar hefðu verið á markaðnum.

Þegar báturinn kom til Tálknafjarðar með strandferðaskipi hafi hann verið rafmagnslaus og þá dreginn að bryggju. Rafgeymar hefðu verið hlaðnir, vélin gangsett, en þá hafi alternatorinn reynst fastur. Stefnandi kvaðst á þessum tíma ekkert athugavert hafa séð við bátinn, nema sér hafi ekki litist á rafmagnið. Stefnandi kvað útgerð bátsins hafa gengið sæmilega í júní og júlí nema ólag hefði verið á rafgeymum. Rafvirkjar hefðu ekki getað fundið neina lagfæringu og í ágúst hefði verið ógerlegt að gera út bátinn vegna ólags á rafmagni. Margt hefði að vísu þurft að lagfæra, en ekkert af því hefði hindrað útgerðina, það hefði ástand rafmagnsins fyrst og fremst gert. Á Tálknafirði væri yfirleitt róið á svona bátum fram í

september en þetta haust hefði lengur verið róið vegna þess að smokkur hefði gengið á miðin.

Stefnandi sagði að aflinn hjá sér í júní og júlí hefði verið á ellefta tonn í öðrum mánuðinum og tólfta í hinum og það megi teljast meðalafli. Hann hefði misst úr nokkra róðra vegna bilana, það hefði þó ekkert verið óeðlilegt að því er sér hefði fundist. Í ágústlok hefði hann ráðið sig á annan bát og verið á honum til loka vertíðarinnar. Það hefði gengið ágætlega, en tekjurnar hefðu orðið meiri ef hann hefði gert út eigin bát.

Stefnandi kvaðst ekki muna hvenær hann hefði fyrst kvartað við stefnda út af göllum á bátnum, það hefði verið mjög fljótlega eftir að gallarnir hefðu farið að koma fram. Annaðhvort hefði hann kvartað með þeim hætti að hringja í stefnda eða hann kvartað við stefnda þegar hann hefði hringt í sig.

Stefndi kvaðst hafa auglýst bátinn til sölu í Dagblaðinu og óskað eftir tilboðum í hann. Fjögur tilboð hefðu komið og tilboð stefnanda verið hæst. Stefnandi hefði komið til sín til viðræðna um kaupin. Sér hefði fundist skrýtið að stefnandi vildi ekki fara norður til þess að skoða bátinn, en hann hefði ítrekað við hann að skoða. Stefndi kvaðst hafa skýrt stefnanda frá aldri bátsins, að hann hefði gert hann út síðustu þrjú sumur, að báturinn hefði verið í góðu lagi þegar hann hefði verið tekinn upp í september og báturinn hefði staðið uppi í þrjá mánuði. Skipt hefði verið um rafgeyma í bátnum fyrsta sumarið sem hann hefði gert bátinn út, báturinn hefði reynst vel og verið hæstur á Siglufirði.

Stefndi kvaðst hafa átt bátinn ásamt öðrum fyrsta sumarið, en síðan keypt hlut meðeigandans. Þegar þau kaup voru gerð hefði verið tekinn saumur úr bátnum og ekki talin ástæða til að sauma hann upp. Þetta hefði hann sagt stefnanda. Báturinn hefði verið geymdur undir segli. Stefndi kvað stefnanda fyrst hafa kvartað þegar fyrsti víxillinn hefði fallið í gjalddaga, en þá kvaðst stefndi hafa hringt í stefnanda.

Hálfbróðir stefnda, Björn Zophanías Ásgrímsson, og sambýliskona Björns, Sóley Ólafsdóttir, voru vitundarvottar á afsali fyrir bátnum. Þau komu bæði fyrir dóminn og gáfu skýrslu. Skýrslur þeirra voru í öllum aðalatriðum svipaðs efnis og skýrsla stefnda. Ekki þykir ástæða til að rekja skýrslur þeirra hér.

Aðalskoðun Siglingamálastofnunar ríkisins fór fram á bátnum 1. nóvember 1984. Í skýrslu skoðunarmannsins kemur m.a. fram að rafbúnaður bátsins sé ekki samkvæmt reglum án þess þó að hann tilgreini hverju sé ábótavant. Hús yfir vél er ekki talið nægjanlega þétt, handrið og handföng, útsýni frá stýrisaðstöðu og úr vistarverum ekki fullnægjandi. Yfirbygging ekki í lagi. Þá er öryggisbúnaði talið áfátt í ýmsum greinum.

Að beiðni stefnanda voru dómkvaddir matsmenn hinn 15. apríl 1985 af

sýslumanninum í Barðastrandarsýslu til þess að láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hverjar voru orsakir galla sem fram komu á vél og rafmagni í bátnum sumarið 1984.
2. Hvað kostaði að gera við galla samkvæmt lið 1.
3. Hverjar voru orsakir galla sem fram komu við skoðun Siglingamálastofnunar ríkisins.
4. Hvað kostar að gera við galla samkvæmt lið 2.

Dómkvaddir voru sem hæfir og óvilhallir matsmenn Jónas Þór rafvirkjameistari og Ólafur D. Hansen húsasmíðameistari, báðir búsettir á Patreksfirði. Þeir áttu að tilkynna aðilum og lögmanni stefnda með hæfilegum fresti hvenær matið færi fram.

Matsgerðin er dagsett 30. apríl 1985 svohljóðandi:

„Samkvæmt dómkvaðningu sýslumanns Barðastrandarsýslu dags. 16. apríl 1985 um matsgerð á m.b. Kristjáni SI-18 eigandi Gunnbjörn Ólafsson, Túngötu 33, Tálknafirði.

Matsgerð var framkvæmd 25. apríl 1985 af undirrituðum og var fulltrúi matsbeiðanda viðstaddur en enginn mættur f.h. seljanda bátsins, Friðriks Más Jónssonar, sem þó var boðaður og hafði lögfræðingur hans samband símleiðis fyrir matið. Við skoðun kom í ljós:

I. Raflögn í bátnum er í engu samræmi við reglugerð Siglingamálastofnunar, s.s. ekki löglegt efni, brotnar tengidósir og rofar, þræðir tengdir saman með óvörðum tengjum. Orsakir bilana eru þær að hjá fyrri eiganda hefur sjór komist í startara og alternator og valdið útleiðslu á rafmagni vegna lélegra lagna og slæmrar umhirðu, einnig voru rafgeymar ónýtir. Þegar núverandi eigandi setur vélina í gang reyndist alternator fastur og startari ónýtur.

II. Kostnaður samkvæmt liði I í skipunarbréfi er kr. 63.725,00.

III. Orsök galla á stýrishúsi er fúi og má heita ónýtt (sic). Galli á saum í kjalsíðum og víða í byrðingi er vegna útleiðslu í rafmagni.

IV. Kostnaður vegna liðs III. er áætlaður kr. 165.000,00."

Matsmennirnir komu báðir fyrir dóm í aukadómþingi Barðastrandarsýslu hinn 7. október 1986, en þar var rekið vitnamál vegna þessa bæjarþingsmáls.

Matsmennirnir staðfestu báðir matsgerðina.

Báðir voru matsmennirnir þeirrar skoðunar að saumur geti tærst ótrúlega fljótt í bátum sé um útleiðslu rafmagns að ræða. Matsmaðurinn Ólafur D. Hansen sagði að saumur sá er þeir matsmenn hefðu skoðað hefði verið mjög misjafn. Tæring hefði verið í sumum nöglunum en öðrum ekki. Það benti til þess að sums staðar hefði verið skipt um saum. Um ellitæringu á saum hefði verið að ræða að sínum dómi.

Ólafur kvað fúa í stýrishúsi bátsins hafa verið hér og þar og hefði hann verið lengur en eitt ár að búa um sig. Hann taldi að við skoðun á þeim tíma sem báturinn var keyptur hefði mátt sjá fúann.

Ólafur kvaðst hafa hringt á lögfræðiskrifstofu Ólafs Axelssonar hrl., lögmanns stefnda, og hafi stúlka svarað í símann og tekið niður skilaboð um að meta ætti bátinn Kristján SI 18 eftir þrjá daga á Tálknafirði.

Jónas Þór taldi að auðvelt væri að sjá við skoðun hverrar gerðar raflagnir séu. Raflagnaefni eins og notað hafi verið í bátnum hafi ekki verið óalgengt, en sé nú óþekkt hér um slóðir.

Ekki þykir ástæða til að rekja skýrslur matsmannanna frekar en að framan er gert.

Erlendur Kristjánsson, rafvirkjameistari á Patreksfirði, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Hann kvaðst hafa framkvæmt bráðabirgðaviðgerð á rafkerfi bátsins vorið 1984. Rafkerfi bátsins hefði verið fremur nöturlegt, því hafi virst vera tjaslað saman og leiðslur lélegar. Skipt hafi verið um leiðslur. Alternatorinn hafi verið kolfastur og ankerið rústað út í „staftor", en hann hafi þurft að rífa í sundur. Alternatorinn hafi verið af góðri tegund annars hefði honum verið fleygt. Viðgerðin á honum hafi beinst að því að fá hann til að hlaða. Vitnið sagði að í flestum tilfellum hefði ástand alternatorsins ekki átt að vera eins og það var þótt báturinn hefði staðið úti í 8 mánuði, en gæti þó gerst, t.d. ef ekki væri hús yfir vél. Venja væri á Patreksfirði og þar um slóðir að taka alternator og startara úr bátum er stæðu uppi vetrarlangt.

Aðspurður um það hvort vitnið liti svo á að um bráðabirgðaviðgerð hefði verið að ræða sagði það að alltaf væri von um að viðgerð tækist þótt ástand væri eins og það var í bátnum. Þó gæti brugðið til beggja vona ef tæring væri orðin mikil.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að báturinn hafi að sögn stefnda verið í gallalausu ásigkomulagi þegar kaupin fóru fram. Einungis þyrfti að mála bátinn. Stefnandi hafi fengið upplýsingar um að báturinn væri smíðaður árið 1971 og einnig að hann hefði staðið uppi um veturinn, en bátar af þessari stærð standi yfirleitt uppi í 6-8 mánuði á ári hverju. Stefnandi hafi látið sér nægja lýsingu stefnda á bátnum og að skoða ljósmynd af honum. Hann hefði talið í of mikið ráðist að gera sér ferð til Siglufjarðar til að skoða.

Stefnandi hafi gengið að því verði sem stefndi hafi sett upp, eins og vitni beri, en verðið hafi verið nokkuð hátt eða kr. 100.000,00 yfir tryggingarverði bátsins. Ástæðan hafi verið sú að engir bátar hafi verið á markaðnum og eins að stefndi hafi talið bátinn vera í góðu lagi. Þann framburð stefnda að báturinn hafi verið í góðu lagi megi leggja til grundvallar, enda beri vitni sem tengd séu stefnda um það að stefndi hafi þannig lýst ásigkomulagi bátsins.

Þegar stefnandi hafi fengið bátinn í hendur hafi annað komið í ljós. Vitnið Erlendur Kristjánsson rafvirkjameistari segi að alternatorinn hafi verið kolfastur, rafkerfið illa útlítandi. Erlendur hafi framkvæmt viðgerð 22.-24. maí eða rúmri viku eftir að stefnandi hafi fengið bátinn. Hinn 20. júní hafi startari bilað. Viðgerðarreikningar sýni að útgerð bátsins hafi gengið slitrótt. Rafkerfi bátsins hafi verið í óforsvaranlegu ástandi, en með viðgerðum hafi verið hægt að nota það í tvo mánuði. Hefði strax verið farið í gagngera viðgerð og besti útgerðartíminn farið í hana.

Stefndi hafi upplýst að saumur í bátnum hefði verið skoðaður. Stefnda hafi mátt skilja þannig að það hefði verið sumarið áður en stefnandi keypti bátinn, en það hefði verið ári áður en kaupin fóru fram. Við skoðun hefði stefnandi ekki getað séð galla á saumnum, en samkvæmt upplýsingum matsmannsins Ólafs Anders Hansen Daníelssonar megi gera ráð fyrir að saumur í bátnum hafi verið endurnýjaður að einhverju leyti áður en kaupin fóru fram. Hins vegar hafi saumur verið tærður vegna útleiðslu sem stafað hafi af því að rafkerfi hafi verið óforsvaranlegt og ólöglegt og beri stefndi ábyrgð á þessum leynda galla.

Samkvæmt upplýsingum matsmanna hafi enginn vandi verið að sjá fúa í stýrishúsi bátsins, en það hafi verið grautfúið þegar stefnandi hafi fengið bátinn í hendur. Stefndi hljóti því að hafa vitað um þennan fúa en leynt stefnanda honum. Stefndi beri því ábyrgð á þessum galla.

Stefnandi hafi kvartað við stefnda út af göllum í síðasta lagi þegar fyrsti víxillinn sem nota átti til að greiða kaupverð bátsins gjaldféll en það hafi verið 18. júlí 1984. Þótt þarna hafi orðið um nokkurn drátt að ræða að kvörtunum væri komið til stefnda svipti það ekki stefnanda rétti til skaðabóta.

Þegar bætur til stefnanda séu metnar verði að hafa í huga að kaupverð bátsins hafi verið hátt.

Vegna þess að viðgerðir á bátnum hafi reynst nauðsynlegar hafi stefnandi orðið fyrir verulegu tapi vegna þess að hann hafi ekki getað gert bátinn út. Bótakrafa hans vegna þessa tjóns sé miðuð við verðmæti afla sem fengist hafi á bátum af svipaðri stærð fram á haustið 1984.

Af hálfu stefnda er á því byggt að báturinn hafi haft gilt haffærisskírteini til 8. ágúst 1984. Stefnandi hafi fengið upplýsingar frá stefnda um að báturinn hafi staðið uppi síðustu 8 mánuði áður en kaupin fóru fram og hann væri smíðaður árið 1971. Stefnandi hafi vanrækt þá skyldu sína að skoða bátinn sem stefndi hafi hvatt hann til að rækja. Skylda stefnanda hafi verið mjög rík því að hann hafi vitað að báturinn hafi staðið uppi í 8 mánuði. Stefnandi hafi því fengið bátinn í umsömdu ástandi, þ.e.a.s. í því ástandi sem hann hafi mátt ætla að báturinn væri í. Þá sé í afsali fyrir bátnum skráð að kaupandinn sætti sig við ástand hans að öllu leyti. Sönnunar-

byrðin um það að báturinn hafi verið gallaður hvíli á stefnanda. Stefnandi byggi sönnun sína á mati sem hann hafi beðið um og framkvæmt hafi verið ári eftir að kaupin fóru fram. Því sé mótmælt að matið sé lögfull sönnun fyrir þeim kröfum sem stefnandi setji fram á grundvelli þess.

Stefndi heldur því fram að ekki hafi verið farið að réttu réttarfari við dómkvaðningu matsmanna og framkvæmd matsins. Matsdómari hafi ekki gefið aðilum kost á því að vera viðstaddir þegar dómkvaðning matsmanna fór fram eins og gert sé ráð fyrir í 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936. Matsþola hafi ekki verið gefinn kostur á því að vera viðstaddur þegar matið fór fram eins og gert sé ráð fyrir samkvæmt 140. gr. sömu laga. Matsmenn hafi fengið allar upplýsingar sínar frá stefnanda. Af þessum sökum sé matið ónýtt.

Samkvæmt haffærisskírteini bátsins verði að ætla að rafkerfi hans hafi verið í lagi þegar kaupin fóru fram. Við skoðun bátsins 1. nóvember 1984 komi ekki fram að rafmagn sé í ólagi. Ekki sé komin fram lögfull sönnun fyrir því að rafmagnið hafi verið í ólagi þegar kaupin á bátnum fóru fram.

Bilanir á rafkerfinu stafi af því að stefnandi hafi ekki staðið rétt að gangsetningu bátsins þegar hann fékk hann í hendur. Það hafi verið gáleysi af hans hálfu að rjúka til og gangsetja bátinn án þess að athuga fyrst ásigkomulag rafkerfisins. Bilanirnar stafi af þessu.

Því sé mótmælt sem ósönnuðu að fúi hafi verið í bátnum þegar kaupin fóru fram og sömuleiðis að saumur hafi verið tærður. Sönnun á þessu hafi stefnanda ekki tekist.

Stefnda beri engin skylda til þess að bæta stefnanda meint aflatjón hans. Upplýsingar sem hann byggi þessa kröfu sína á séu ófullkomnar og óstaðfestar. Þar að auki sé kröfugerðin vanreifuð og einnig af þeim sökum sé ekki hægt að taka hana til greina.

Niðurstaða dómsins.

Eftir því sem best verður séð af málatilbúnaði stefnanda krefur hann stefnda um bætur vegna bráðabirgða- og fullnaðarviðgerðar á rafkerfi bátsins, viðgerðar eða endurnýjunar á stýrishúsi, endurnýjunar á saum í bátnum og missis hagnaðar af útgerð bátsins. Þá krefur stefnandi stefnda um kaupverð eins rafgeymis og matskostnað.

Upplýst er að stefnandi skoðaði ekki bátinn áður en hann festi kaup á honum. Einnig verður að telja upplýst að stefndi beindi tilmælum til stefnanda um að skoða bátinn. Stefnanda var ljóst að báturinn var 14 ára gamall og hafði staðið uppi um veturinn, eins og tíðkanlegt er um báta af þessu tagi.

Óvíst er að stefnandi hefði mátt sjá við venjulega skoðun að svokallaður alternator var fastur, en með gangsetningu hefði mátt komast að raun um

það. Hins vegar hefði hann átt að sjá ásigkomulag rafkerfisins, sem hann kveður hafa verið bágborið þegar hann fékk bátinn. Sömuleiðis hefði fúi í stýrishúsi átt að sjást við skoðun hafi honum verið til að dreifa, sem líklegt þykir.

Auk þessa þykir stefnandi hafa mátt búast við því að ástand raf- og gangsetningarkerfis bátsins væri þannig eftir veturinn að einhverra lagfæringa og endurnýjunar væri þörf, svipaðra þeim sem stefnandi lét framkvæma áður en hann hóf útgerð bátsins, sem hann kveður hafa gengið sæmilega fyrstu tvo mánuðina. Samkvæmt framansögðu þykir hér vera um að ræða galla sem stefnandi mátti sjá við skoðun sem hann ekki framkvæmdi án gildra ástæðna, þrátt fyrir tilmæli stefnda sbr. 47. gr. laga nr. 39/1922 og sömuleiðis ástand sem hann mátti búast við að báturinn væri í eftir veturinn. Stefnandi þykir því ekki eiga rétt á bótum úr hendi stefnda af þessum sökum.

Gegn mótmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa sannað að saumur í bátnum hafi verið tærður þegar kaupin fóru fram og þegar af þeirri ástæðu þykir stefnandi ekki eiga rétt á bótum vegna endurnýjunar á honum.

Framangreindar niðurstöður leiða þegar af sjálfu sér til þess að stefnandi á ekki rétt á bótum fyrir missi hagnaðar af útgerð bátsins.

Samkvæmt því sem að framan er rakið verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Málskostnaður sem stefnandi greiði stefnda þykir hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, Sverrir Gunnarsson skipasmiður og Þorsteinn Jónsson vélstjóri.

Uppsaga dómsins hefur dregist nokkuð vegna réttarhlés.

Dómsorð:

Stefndi, Friðrik Már Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnbjarnar Ólafssonar.

Stefnandi greiði stefnda kr. 35.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. mars 1988.

Nr. 115/1987. **Sjóvátryggingarfélag Íslands hf.**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Birni Þór Árnasyni
(Ásmundur S. Jóhannsson hrl.)

Bifreiðar. Húftrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1987. Félagið krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og til vara lækkunar bóta. Það krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann um annað en vexti frá 14. apríl 1987, en þá tóku vaxtalög nr. 25/1987 gildi. Af hálfu áfrýjanda var upphafstíma vaxta ekki mótmælt og því ekki heldur að dómvextir yrðu dæmdir. Fer um vexti sem í dómsorði segir.

Rétt er að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 60.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, þó þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags skulu vextir vera hæstu innlánsvextir á hverjum tíma.

Áfrýjandi, Sjóvátryggingarfélag Íslands hf., greiði stefnda, Birni Þór Árnasyni, 60.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. mars 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. febrúar sl., hefur Björn Þór Árnason sjómaður, nnr. 1317-2048, Dalsbraut 13, Dalvík, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 27. október 1986, á hendur Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf., Reykjavík.

Eru dómkröfur stefnanda þær að stefnt félag verði dæmt til að greiða honum kr. 238.637,00 með 15,5% ársvöxtum frá 25. ágúst 1986 til þingfestingardags 6. nóvember 1986, en með dómvöxtum samkv. lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að því verði aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Þá krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málsatvik eru þau að 22. ágúst 1986 ók Víkingur Árnason, bróðir stefnanda, bifreiðinni A-3906, sem er eign stefnanda, út af Ólafsfjarðarvegi við bæinn Hól norðan Dalvíkurkaupstaðar og velti henni. Halldór Gunnlaugsson, lögregluvarðstjóri á Dalvík, kom á staðinn og skýrir hann svo frá í lögregluskýrslu:

„Þegar undirritaður kom á staðinn stóð bifreiðin A-3906 á hjólunum um 10 metra vestan vegarins, en 35 metrum norðan grindahliðs, sem þarna er á veginum. Var þá búið að velta bifreiðinni á hjólin, en þarna hafði hún legið á þakinu eftir slysið. Þarna er vegurinn harðtroðinn malarvegur og lítil laus möl á vegarbrúnum. Um 75 metrum sunnan við nefnt grindahlið tekur við bundið slitlag. Þarna var vegurinn þurr, aðeins ryklaus eftir regn, en þurrviðri var er slysið varð. Grindahliðið er á hæð og er nokkuð í fangið að sækja norður að því og má segja að þarna sé um blindhæð að ræða. Bæði að vestan og að austan við grindahliðið er girðing og liggur hún þvert á veginn. Þarna má segja að vegurinn sé beinn, en þar sem hinu bundna slitlagi sleppir og þar til suðurs er mjúk vinstri beygja fyrir þá, sem aka til norðurs (A-3906). Á enda hins bundna slitlags á 5 metra kafla var greinilegt hemla- eða skriðfar, austarlega, og hélst það eftir austurkanti malarvegarins nokkurn spöl þangað til tvö skriðför tóku að liggja vestur yfir veginn og gleikkaði bilið á milli þeirra og spölkorn sunnan við girðinguna lágu þau vestur af veginum, en þarna er sama og enginn kantur og mun bifreiðin hafa verið komin alveg þversum er hún rann í gegnum girðinguna vestan hliðsins, en þaðan mun hún eitthvað hafa snúist á leið sinni þangað til hún valt á þakið. Þegar undirritaður kom á staðinn lá kýr um 15 metra norðan við girðinguna, rétt vestan við leið bifreiðarinnar og sperrti hún út alla fætur og var sýnilega mjög þjáð. Allt útlit er fyrir það að kýrin hafi verið norðan við girðinguna, sem liggur vestur frá hliðinu, og orðið þar fyrir bæði girðingunni og bifreiðinni er bifreiðin rann þar í gegn.“

Kýrin reyndist hryggbrotin og var henni slátrað. Þá segir ennfremur í skýrslu lögregluvarðstjórans:

„Það skal tekið fram að hægra framhjól bifreiðarinnar var vindlaust er undirritaður kom á staðinn, en felgan mikið beygluð. Farið var með það á bílaverkstæði Dalvíkur til athugunar, en þar gat verkstjórinn, Óskar Jónsson, ekki úrskurðað hvort „sprungið hafi á bifreiðinni" á venjulegan hátt eða að vindur hafi farið úr vegna skemmdanna á felgunni. Þetta var slöngulaus barði."

Miklar skemmdir urðu á bifreiðinni við veltuna og var viðgerðarkostnaður metinn af trúnaðarmanni stefnda á Dalvík kr. 264.637,00. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna framangreinds tjóns, að frádreginni sjálfsábyrgð eiganda kr. 26.000,00, en bifreið stefnanda var húftryggð hjá stefnda.

Rökstyður stefnandi kröfu sína með því að húftryggingin nái til framangreinds tjóns. Samkvæmt skírteini nr. 832571 hafi stefndi tekið að sér að bæta skemmdir sem hlytust af m.a. árekstri og veltu. Í þessu tilfelli sé hvoru tveggja til að dreifa og sé greiðsluskylda félagsins skýr samkvæmt skilmálum vátryggingarsamningalaga.

Stefnda rökstyður sýknukröfu sína með því að samkvæmt 1. tl. 3. gr. vátryggingarskilmála þeirra er giltu um húftryggingu stefnanda nái vátryggingarverndin ekki til tjóns er verður þegar vátryggingaratburðurinn verður rakinn til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis ökumanns eða vátryggðs. Sé ákvæði þetta í samræmi við 2. mgr. 18. gr. l. nr. 20, 8. mars 1954 um vátryggingarsamninga. Telur stefnda ljóst af öllum atvikum að útafkeyrsla ökumanns A-3906 verði eingöngu og alfarið rakin til vítaverðs aksturs hans og augljóst að hann hafi ekið allt of hratt bæði miðað við leyfðan ökuhraða og aðstæður. Falli aksturslag ökumannsins því undir nefnt ákvæði. Telur stefnda að hér skipti ekki máli hvort vindur hafi farið úr hægra framhjólbarða þegar ökumaðurinn missti stjórn á bifreiðinni því að slíkt hefði ekki skipt máli á eðlilegri ferð. Þar fyrir utan sé ósannað að vindur hafi farið úr hjólbarðanum fyrr en eftir að bifreiðinni var ekið út af. Sönnunarbyrði um það hvíli á stefnanda. Beri af þessum sökum að sýkna. Verði ekki fallist á sýknu er því af hálfu stefnda haldið fram að stefnda beri einungis að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, sbr. 2. mgr. 18. gr. vátryggingarsamningalaganna.

Stefnandi heldur því fram að sök ökumanns A-3906 skipti hér engu máli þar sem ákvæði þess efnis í vátryggingarskilmálum sé í andstöðu við 18. gr. vátryggingarsamningalaganna sem einungis geri ráð fyrir því að ásetningur eða stórkostlegt gáleysi hins vátryggða geti valdið því að bótaskylda tryggingarfélagsins falli niður. Séu ákvæði í tryggingarskilmálum sem útvíkki þetta yfir á þriðja mann ógild. Verði eigi svo litið á beri allt að

einu að taka kröfu hans til greina þar sem ökumaður A-3906 hafi ekki sýnt af sér það vítaverða gáleysi sem 18. gr. vátryggingarsamningalaganna geri ráð fyrir.

Dómarinn lítur svo á að 2. mgr. 18. gr. vátryggingarsamningalaganna sé eigi til fyrirstöðu framangreindu ákvæði í tryggingarskilmálunum sbr. 3. gr. laganna. Er þessi skoðun dómarans m.a. byggð á greinargerð með frumvarpi að framangreindum lögum. Í greinargerð með 3. gr. eru talin upp þau ákvæði laganna sem talin eru ófrávíkjanleg og er 18. greinin eigi þar á meðal. Þá segir í greinargerð með þeim kafla er 18. gr. er í: „Í þessum þætti frumvarpsins eru sett ákvæði um það hvaða áhrif það hafi um skuldbindingu félagsins að vátryggður eða annar maður sem honum ber að svara fyrir valda því að vátryggingaratburðurinn gerist." Verður krafa stefnanda því eigi á þessari málsástæðu reist.

Ökumaður bifreiðarinnar og farþegi er í bifreiðinni var hafa komið hér fyrir dóm og bæði borið að þau hafi litið á hraðamælinn skömmu áður en ekið var út af hinu bundna slitlagi og hafi hraðinn þá verið um 80 km á klst. Bæði hafa þau borið að bifreiðin hafi farið að ramba til er út á malarveginn kom. Ökumaður kveðst ekki geta gefið skýringu á hinni löngu vegalengd frá því er hann hóf að hemla og þar til bifreiðin valt aðra en þá að hann hafi hugsanlega stigið á bensín í stað bremsu einhvern tímann á leiðinni, en bifreiðin sé sjálfskipt. Eins og að framan er rakið reyndist vindur hafa farið úr hægra framhjólbarða, en ekki er ljóst hvort það gerðist áður en bifreiðinni var ekið út af eða hvort um afleiðingu af útafakstrinum var að ræða. Er því ekki útilokað að hjólbarðinn hafi sprungið við akstur á veginum. Fram er komið í málinu að lögleyfður hámarkshraði á þessum stað er 70 km á klst.

Að framangreindu virtu svo og öðrum gögnum málsins þykir eigi fram komin næg sönnun fyrir því að ökumaður A-3906 hafi sýnt af sér slíkt gáleysi við aksturinn sbr. 18. gr. vátryggingarsamningalaganna svo og 20. gr. sömu laga að fella beri niður eða lækka bætur til stefnanda þess vegna. Ber samkv. framanskráðu að taka kröfu stefnanda til greina að fullu, en ekki er tölulegur ágreiningur um hana. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 55.000,00.

Dómsorð:

Stefnda, Sjóvátryggingarfélag Íslands hf., greiði stefnanda, Birni Þór Árnasyni, kr. 238.637,00, ásamt 15% ársvöxtum frá 25. ágúst 1986 til 6. nóvember s.á., en dómvöxtum, samkv. l. 56/1979, frá þ.d. til greiðsludags og kr. 55.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. mars 1988.

Nr. 222/1987. **Stjórn verkamannabústaða í Kópavogi f.h. Kópavogskaupstaðar**
(Jón Þorsteinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Benediktssyni
(sjálfur)

Uppgjör. Byggingasamvinnufélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1987. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess að verða aðeins dæmdur til að greiða 290.863,00 krónur auk vaxta.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi skyldu kaup stefnda á íbúð þeirri, sem fjallað er um í málinu, fara eftir ákvæðum IV. kafla laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, en í þeim kafla eru ákvæði um Byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaði. Fallast ber á það með héraðsdómara að íbúðin hafi verið háð reglum um verðlagningu sem í gildi voru á hverjum tíma um verkamannabústaði þótt ekki væri þess gætt að kveða á um það sérstaklega í afsali til stefnda.

Ber því einnig að fallast á það með héraðsdómara að við ákvörðun söluverðs til áfrýjanda skuli beitt reglum 66. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 50/1983 um breyting á þeim lögum, þótt matsmenn lykju ekki mati og útreikningi á verði íbúðarinnar fyrr en 25. júlí 1984.

Í 2. mgr. 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 50/1983 segir m.a.:

„Frá greiðslu kaupverðs til seljanda skal draga ógjaldfallnar eftirstöðvar áhvílandi stofnlána úr Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins framreiknaðar að fullu samkvæmt byggingarvísitölu og er þá seljandi laus við greiðslu eftirstöðvanna. Seljandi skal

að nokkru leyti njóta reiknaðra verðbóta eftir byggingarvísitölu af óverðtryggðum eftirstöðvum fyrrnefndra stofnlána þannig að hann fái 4% af verðbótum fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, að hámarki fyrir 25 ár. ...“

Þessar sérstöku útreikningsreglur á eftirstöðvum lána, sem við sölu hvíla á félagslegum íbúðum, helgast af því að þeir, er þannig byggja, hafa notið allt annarra og betri lánskjara úr sameiginlegum byggingarsjóðum landsmanna en aðrir, hvað varðar upphæð lána og kjör. Af orðalagi ákvæðisins og tilgangi er ljóst að reikningsreglan er miðuð við venjuleg skil lánanna.

Stefndi greiddi eftirstöðvar lánsins við Byggingarsjóð ríkisins 28. september 1983 án þess að þær væru gjaldfallnar. Ber því þegar af ofangreindum ástæðum að hafna kröfum hans að því er þetta lán varðar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi hafði stefndi lent í vanskilum með greiðslur afborgana af láninu við Byggingarsjóð verkamanna og hafði verið beiðst nauðungaruppboðs á íbúð hans til lúkningar skuldinni 10. maí 1982 og sú beiðni ítrekuð 13. október 1982. Stefndi leit svo á að með því hefðu eftirstöðvar lánsins verið gjaldfelldar. Greiddi hann svo eftirstöðvar lánsins að fullu 10. nóvember 1982. Því var ómótmælt haldið fram af hálfu áfrýjanda fyrir Hæstarétti, að Veðdeild Landsbanka Íslands geri ekki aðrar og frekari kröfur í slíkum tilfellum en að láni sé komið í skil, þótt tekið sé við greiðslu að fullu sé hún fram boðin.

Stefndi heldur því fram að með gjaldfellingu og síðar greiðslu lánsins við Byggingarsjóð verkamanna sé brostinn grundvöllur fyrir útreikningi lánsins samkvæmt áður tilgreindu ákvæði 66. gr. laga nr. 51/1980, sbr. 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 50/1983.

Þegar orðalag ákvæðisins er skoðað og virtur tilgangur þess verður ekki á það fallist með stefnda að sá lánþegi, sem lendir í vanskilum, geti öðlast betri rétt en sá sem stendur í skilum. Stefndi hefur móttekið eftirstöðvar lánanna, sem hann greiddi, ásamt verðbótum frá því að hann greiddi hvort lán um sig til uppgjörsdags. Þegar litið er til þess með hvaða kjörum stefndi eignaðist íbúðina verður ekki fallist á að úrslit málsins byggð á framangreindum skýringum laga brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Niðurstaða máls þessa er því sú að sýkna ber áfrýjanda af öllum kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir með hliðsjón af málavöxtum að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Áfrýjandi, stjórn verkamannabústaða í Kópavogi f.h. Kópavogskaupstaðar, skal sýkn af öllum kröfum stefnda, Guðmundar Benediktssonar, í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Kópavogs 24. apríl 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 2. apríl sl., er höfðað af Guðmundi Benediktssyni lögfræðingi, nnr. 3046-4028, Álfhólsvegi 107, Kópavogi, með stefnu birtri 3. desember 1985 á hendur Lofti Þorsteinssyni, nnr. 6161-0324, Reynihvammi 16, Kópavogi, sem formanni stjórnar verkamannabústaða í Kópavogi f.h. Kópavogskaupstaðar, nnr. 8527-5119, til greiðslu skuldar vegna innlausnar á íbúð í verkamannabústöðum auk vaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 397.417,00 ásamt 15% ársvöxtum frá 25. júlí 1984 til 11. ágúst 1984, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. janúar 1985, en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum samkvæmt lögum 56 1979 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Þess er krafist að í dómsorði verði kveðið á um að vextir af dæmdri fjárhæð skuli lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 25. júlí 1985.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Hinn 30. ágúst 1975 keypti stefnandi 3ja herbergja íbúð í húsinu nr. 18 við Kjarrhólma í Kópavogi, sem byggð hafði verið af stjórn verkamannabústaða f.h. Kópavogskaupstaðar. Afsal var gefið út hinn 7. október 1976 og kom þar fram að kaupverð íbúðarinnar, kr. 41.375,00, væri að fullu greitt. Kaupverðið sundurliðaðist þannig:

a.	Útborgun (20% kaupverðs)	kr. 8.275,00
b.	Lán Byggingarsjóðs ríkisins (verðtryggt að 4/10)	kr. 10.600,00
c.	Lán Byggingarsjóðs verkamanna (óverðtryggt)	kr. 22.500,00
	Samtals	kr. 41.375,00

Ennfremur sagði í afsalinu að fara skuli eftir IV. kafla laga nr. 30 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins um kaup og sölu íbúðarinnar. Stefnandi tilkynnti bæjarráði Kópavogs bréflega hinn 25. september 1983 að hann hygðist selja íbúðina. Með bréfi, dagsettu 24. október 1983, var stefnanda tilkynnt að bæjarráð hygðist neyta forkaupsréttar síns og hafi falið stjórn verkamannabústaða í Kópavogi að ganga frá málinu við stefnanda. Á íbúð stefnanda hafði verið áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna sem lent hafði í vanskilum vegna fjárhagserfiðleika stefnanda og hafði það allt fallið í gjalddaga af þeim sökum. Greiddi stefnandi lánið upp hinn 10. nóvember 1982, en það voru afborganir fyrir tímabilið 1. september 1979 til 1. september 1982 auk eftirstöðva. Ennfremur hafði verið áhvílandi á íbúðinni lán úr Byggingarsjóði ríkisins sem að hluta var verðtryggt. Á árinu 1983 voru þessi lánakjör mjög óhagstæð að mati stefnanda vegna verðbólguþróunar og greiddi hann lánið upp að fullu hinn 28. september 1983.

Við sölu íbúðarinnar fór fram mat á innkaupsverði hennar, það er að segja endursöluverði hennar, og var hún metin á kr. 1.038.801,00. Við matið var beitt lögum nr. 51 1980, sbr. 3. gr. brl. nr. 50/1983. Matsgerðin er dagsett 25. júlí sem staðfest var fyrir dómi að hafi verið á árinu 1984. Samkvæmt mati var heildargreiðsla til seljanda kr. 519.125,00 og er þá miðað við eðlileg skil lána úr Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins. Voru stefnanda samkvæmt matsgerðinni endurgreiddar þær fjárhæðir með verðbótum samkvæmt byggingarvísitölu sem hann notaði til þess að greiða upp lánin frá þeim tíma sem greiðslur áttu sér stað, það er kr. 37.211,00 og kr. 85.048,00 eða samtals kr. 122.259,00. Þá var bætt við heildargreiðslu til seljanda kr. 236.545,00 aukaverðbótum vegna eignarhalds í 9 ár, það er 4% á ári. Þessar aukaverðbætur, 36% af kr. 657.070,00, reiknast af vísitöluhækkunum hinna óverðtryggðu lána, það er að segja alls lánsins úr Byggingarsjóði verkamanna og 6/10 hluta lánsins úr Byggingarsjóði ríkisins. Stefnandi undirritaði yfirlitið um útreikninginn á innkaupsverði íbúðarinnar með þeim fyrirvara að hann sætti sig ekki við framreiknaðan útreikning á eftirstöðvum lána, sem engar voru, til frádráttar kostnaðarverði.

Málsástæður.

Stefnandi heldur því fram að lagastoð skorti með öllu fyrir þeim hætti sem viðhafður var við uppgjörið. Hann hafi verið búinn að greiða áhvílandi

skuldir að fullu þegar til uppgjörs kom og ætti því að fá fyrir íbúð sína innkaupsverð hennar að upphæð kr. 1.038.801,00. Við uppgjör vegna kaupa stefnda á íbúðinni voru einungis greiddar kr. 641.384,00 og nemur skuldin því kr. 397.417,00. Á því er byggt af hálfu stefnanda að þegar hann fékk í hendur afsal fyrir íbúðinni, hinn 7. október 1976, þá hafi gilt ákvæði 26. gr. laga 30 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins um söluverð íbúðarinnar, en þar segir að söluverð íbúðarinnar megi ekki vera hærra en kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur þegar forkaupsréttar er neytt. Þá sé greint frá reglum um aukaverðbætur eftir 10 og 20 ára eignarhald. Á því er byggt að lánið hafi verið að fullu greitt þegar forkaupsréttar var neytt og hafi því engar eftirstöðvar verið til staðar til framreiknings. Ennfremur sé ekki að finna í 26. gr. laga nr. 30 1970 heimild til að framreikna eftirstöðvar lánsins úr Byggingarsjóði ríkisins, sem þó hafi verið gert, en það hafi einnig verið að fullu greitt. Stefnandi heldur því fram að með gagnályktun verði komist að þeirri niðurstöðu að eigandi íbúðarinnar eigi að njóta að öllu leyti verðhækkunar á kostnaðarverði íbúðarinnar, sé ekki um neinar eftirstöðvar að ræða þegar sala fer fram. Fyrst 26. gr. taki einungis til framreiknings eftirstöðva lánsins úr Byggingarsjóði verkamanna gildi almennar reglur í fasteignaviðskiptum um lánið úr Byggingarsjóði ríkisins og framreikningur eftirstöðva þess því óheimill, þó þær væru fyrir hendi.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda að vafasamt sé að verðlagningarreglur 66. gr. laga nr. 51 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins eigi við um íbúðina, því í afsalinu hafi ekki verið tekið fram að íbúðin sé háð IV. kafla laga nr. 30 1970, eins og þau séu á hverjum tíma, sem þó beri að taka fram, sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 30 1970. Ef litið verði á þetta ákvæði sem ófrávíkjanlegt og að það gildi, ber að hafa í huga að yngri lög gildi aðeins um íbúðina sem ekki séu íþyngjandi. Önnur túlkun væri andstæð þeirri meginreglu að íþyngjandi lög megi ekki verka aftur fyrir sig. Á þeirri forsendu er því mótmælt að ákvæði 66. gr. i.f. laga nr. 51 1980, sbr. brl. nr. 50 1983, taki til útreiknings á innkaupsverði íbúðar stefnanda, þar sem segir að ef á íbúðinni hvíli lán úr Byggingarsjóði ríkisins, þá skuli eftirstöðvar þess framreiknaðar.

Ennfremur er á því byggt af hálfu stefnanda að skýr lagaheimild þurfi að liggja til grundvallar framreikningi að fullu á ímynduðum eftirstöðvum að fullu greiddra lána til lækkunar á framreiknuðu kostnaðarverði. Þegar bæjarráð Kópavogskaupstaðar ákvað að neyta forkaupsréttar síns hinn 20. október 1983 voru í gildi bráðabirgðalög nr. 50 1983 um breytingar á lögum nr. 50 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í 3. gr. þeirra laga koma fram

breytingar á verðlagningarreglum 66. gr. laganna og kemur nú 4% eignarhaldsreglan inn í stað eignarhaldsreglna eftir 10 og 20 ár. Í 2. mgr. greinarinnar er orðalagi breytt hvað varðar eftirstöðvar lána og segir að frá greiðslu kaupverðs skuli draga ógjaldfallnar eftirstöðvar áhvílandi stofnlána úr Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins, framreiknaðar að fullu samkvæmt byggingarvísitölu. Eftirstöðvar ofangreindra stofnlána hafi engar verið þegar útreikningur var gerður. Útreikningur sem byggir á venju sé vafasöm heimild þar sem hún getur hafa verið ólögmæt frá upphafi.

Viðurkennt er af stefnanda að sérstakar reglur og um margt önnur sjónarmið gildi um íbúðir sem byggðar eru á félagslegum grunni. M.a. hvíli sú kvöð á slíkum íbúðum að ekki megi selja þær á frjálsum markaði nema viðkomandi bæjaryfirvöld falli frá forkaupsrétti. Hins vegar er því haldið fram að þegar bæjaryfirvöld hyggist neyta forkaupsréttar síns, þá megi söluverð íbúðarinnar ekki vera hærra en framreiknað kostnaðarverð.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að einu gildi hvort miðað sé við lögin sem giltu þegar stefnandi bað um sölu á íbúð sinni, þ.e. bráðabirgðalögin nr. 50 1983, eða gildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60 1984 þegar salan fór fram. Í hvorugu tilfelli á stefnandi rétt á verðbótum fyrir níu ára tímabil á fjárhæðir þær, sem hann notaði til að borga upp lánin á árunum 1982 og 1983. Matsmennirnir lögðu til grundvallar ákvæði gildandi laga þegar stefnandi bað um sölu, þ.e. ákvæði 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 50 1983 (66. gr. laga nr. 51 1980), við ákvörðun á kaupverði íbúðarinnar og greiðslum til seljanda. Samkvæmt 3. gr. bráðabirgðalaga, sem fól í sér breytingar á verðlagningarreglum laga nr. 51 1980, skal greiðslan til seljanda miðast við ógjaldfallnar eftirstöðvar lána úr Byggingarsjóði verkamanna og einnig úr Byggingarsjóði ríkisins. Með ógjaldföllnum eftirstöðvum er sýnilega átt við eftirstöðvar lánanna miðað við eðlileg skil þeirra, en ekki eftirstöðvar í afbrigðilegum tilvikum og allra síst má skilja þetta svo að menn séu verðlaunaðir fyrir að hafa stofnað til vanskila. Ákvæði 3. gr. bráðabirgðalaganna um 4% aukaverðbætur fyrir hvert ár eignarhaldstímans staðfesta þennan skilning, en þessi regla leysti af hólmi ákvæði eldri laga um aukaverðbætur eftir 10 ára og 20 ára eignarhald. Af hálfu stefnda er viðurkennt að umdeilanleg sé sú niðurstaða matsmanna að leggja til grundvallar þær verðlagningarreglur sem í gildi voru þegar matsbeiðni barst. Verðlagningarreglur bráðabirgðalaga nr. 50 1983 féllu úr gildi við þingslit hinn 22. maí 1984. Ný heildarlög um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 1984, gengu í gildi 1. júlí 1984. Þegar salan fór fram, en afsal var undirritað hinn 29. ágúst 1984, giltu lög nr. 60 1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. þeirra laga fær seljandi endurgreidda útborgunarfjárhæðina með vöxtum og verðbótum og að auki fær hann endurgreiðslu eftir lánshlut-

föllum einnig með vöxtum og verðbótum. Ljóst er af greininni að seljandi nýtur alls ekki verðbótahagnaðar af uppgreiðslu lána.

Þá er á því byggt af hálfu stefnda að í 3. mgr. 26. gr. laga nr. 30 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem var í gildi þegar stefnandi eignaðist íbúðina, sé að finna glöggar reglur um verðlagningu íbúðarinnar. Í ofangreindu ákvæði er verðlagningin miðuð við eðlileg skil á láni Byggingarsjóðs verkamanna því ella væri heimildin til að greiða hálft lánið upp eftir 10 ár og allt lánið eftir 20 ár algerlega út í hött. Á hinn bóginn hafi gilt þær reglur um lán úr Byggingarsjóði ríkisins að það skuli verðbætt að fullu hvort sem það hafi verið greitt upp eða ekki, að svo miklu leyti sem það sé ekki verðtryggt.

Þá er ennfremur á því byggt að í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 30 1970 hafi sú grundvallarregla verið staðfest að eigandi íbúðar í verkamannabústað verði að sæta því að ný lög breyti þeim kvöðum er á íbúðinni hvíli, enda væri annað bæði óeðlilegt og jafnvel óframkvæmanlegt. Það varði engu þó láðst hafi að geta þessa sérstaklega í afsalinu, enda sé þar sérstaklega tekið fram að um kaup og sölu á íbúðinni skuli fara eftir ákvæðum IV. kafla laga nr. 30 1970.

Álit dómsins.

Þegar stefnandi kaupir íbúð sína í húsinu nr. 18 við Kjarrhólma í Kópavogi á 2. hæð merkta A voru í gildi lög nr. 30 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Tekið er fram í afsalinu að um kaup og sölu og framleigu á íbúðinni fari eftir ákvæðum IV. kafla laga nr. 30 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Láðst hafði að taka það sérstaklega fram í afsalinu, sem þó var skylt samkvæmt 3. mgr. 25. gr. laga nr. 30 1970, að íbúðin sé háð ákvæðum þessa kafla um verkamannabústaði eins og þau eru á hverjum tíma. Gegn mótmælum stefnda verður ekki á það fallist með stefnanda að sú vanræksla leiði til þess að verðlagningarreglur nýrri laga eigi ekki við um íbúðina, enda óumdeilt að stefnanda var ljóst að íbúð hans var háð þeim takmörkunum sem fram koma í IV. kafla laga nr. 30 1970.

Hinn 1. júlí 1980 öðluðust gildi lög nr. 51 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Jafnframt féllu úr gildi lög nr. 30 1970, nema V. kafli laganna, sbr. lög nr. 59 1973. Í 66. gr. þeirra laga var að finna ákvæði um útreikning kaupverðs íbúða sem breyttu ákvæðum 26. gr. laga nr. 30 1970. Þegar stefnandi ákvað að selja íbúðina þann 25. september 1983 og stefndi ákvað að neyta forkaupsréttar síns og fól stjórn verkamannabústaða í Kópavogi að ganga frá málinu við aðila þann 20. október 1983 voru í gildi bráðabirgðalög nr. 50 1983 um breyting á lögum nr. 51 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Verðlagningarreglum 66. gr. laga nr. 51 1980 var breytt með 3. gr. laga nr. 50 1983. Samkvæmt 3. gr. bráðabirgðalaganna skyldi kaup-

verð félagslegra íbúða samkvæmt 65. gr. vera kostnaðarverð eða síðasta kaupverð að viðbættri hækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, þegar forkaupsréttar er neytt, og að viðbættu virðingarverði endurbóta sem á eigninni hafa verið gerðar, en að frádreginni fyrningu 0,5% - 1% á ári af framreiknuðu kaupverði. Frá greiðslu kaupverðs til seljanda skal draga ógjaldfallnar eftirstöðvar áhvílandi stofnlána úr Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins framreiknaðar að fullu samkvæmt byggingarvísitölu og er þá seljandi laus við greiðslu eftirstöðvanna. Seljandi skal að nokkru njóta reiknaðra verðbóta eftir byggingarvísitölu af óverðtryggðum eftirstöðvum fyrrnefndra stofnlána þannig að hann fái 4% af verðbótum fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, að hámarki fyrir 25 ár. Þessar verðbætur reiknast þó ekki á eignarhaldstíma eftir 31. desember 1985. Frá greiðslu kaupverðs til seljanda skal einnig draga uppfærðar eftirstöðvar skuldabréfa vegna annarra lána sem veitt kunna að hafa verið síðar úr Byggingarsjóði ríkisins umfram áðurnefnd stofnlán.

Ómótmælt er að kaupverð ásamt greiðslum til seljanda var ákveðið með matsgerð, dagsettri 25. júlí 1984. Matsgerðin grundvallaðist á verðlagningarreglum bráðabirgðalaga nr. 50 1983, sem reyndar voru ekki staðfest, þar sem samþykkt voru ný stofnlög á þinginu, lög nr. 60 1984, sem tóku gildi 1. júlí 1984. Fólu þau lög í sér breytingar á verðlagningarreglum á notuðum íbúðum. Bráðabirgðalögin féllu því úr gildi við þinglausnir hinn 22. maí 1984.

Hvorugur málsaðili byggir á því að leggja beri til grundvallar ákvæði gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60 1984 þegar matsgerð var dagsett hinn 25. júlí 1984 eða afsal gefið út hinn 29. ágúst 1984. Matsgerðin ber það með sér að vera reiknuð á gildandi verðlagi í júlí 1984. Í gögnum málsins kemur fram að mat á íbúðinni fór fram hinn 20. júní 1984 en þá hafði íbúðin verið rýmd. Hér kemur því til skoðunar hvenær telja beri að yfirfærsla á eignarrétti yfir íbúðinni hafi átt sér stað. Almennt hefur ekki verið talið að afhending fasteignar fæli í sér yfirfærslu eignarréttar og hin almenna skoðun er sú að eignarréttur stofnist við kaupsamning þótt hann sé skilorðsbundinn allt þar til afsal hefur verið veitt. Í því tilviki sem hér um ræðir er ekki um formlegan kaupsamning að ræða og ekki fyllilega ljóst, hvenær kaupsamningur telst hafa verið kominn á. Stefnandi tilkynnti stefnda að hann hygðist selja íbúð sína í september 1983 og stefnandi ákvað í október 1983 að neyta forkaupsréttar síns og fór fram mat á íbúðinni í júní 1984. Telja verður eins og máli þessu er háttað rétt að ákvæði 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 50 1983 verði lögð til grundvallar verðlagningu íbúðarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50 1983 skyldi draga frá greiðslu kaup-

verðs til seljanda ógjaldfallnar eftirstöðvar áhvílandi stofnlána úr Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins framreiknaðar að fullu samkvæmt byggingarvísitölu og er þá seljandi laus við greiðslu eftirstöðva. Lán stefnanda úr Byggingarsjóði verkamanna lenti í vanskilum og féll allt í gjalddaga samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins, útgefins 11. febrúar 1977. Bæjarfógetanum í Kópavogi hafði borist beiðni um nauðungaruppboð á eigninni til greiðslu á eftirstöðvum skuldarinnar kr. 21.457,11 auk vísitöluálags og vaxta frá 1. september 1980. Greiddi stefnandi afborganir fyrir tímabilið 1. september 1979 til 1. september 1982 hinn 10. nóvember 1982 auk eftirstöðvanna. Var lánið því greitt allt upp þann dag.

Dómurinn lítur svo á, hvað varðar greiðslur stefnanda á láni úr Byggingarsjóði verkamanna, að stefnda var í sjálfsvald sett hvort hann óskaði eftir gjaldfellingu á allri skuldinni vegna vanskila stefnanda á afborgunum eða hvort hann innheimti einungis gjaldfallnar afborganir skuldabréfsins. Þar sem stefndi valdi þann kostinn að gjaldfella allt bréfið, sem honum var óskylt, og með því að veita viðtöku greiðslu á eftirstöðvum bréfsins auk gjaldfallinna afborgana, þá hafi hann þar með afsalað sér rétti til hlutbundinna réttinda í íbúðinni, samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50 1983.

Þá lítur dómurinn svo á hvað varðar greiðslur stefnanda á láni úr Byggingarsjóði ríkisins að þegar stefndi veitti viðtöku á greiðslum ógjaldfallinna eftirstöðva kr. 72.723,95 hinn 28. september 1983, þá hafi hann samþykkt að breyta lánsskilmálum skuldabréfsins, útgefins 11. febrúar 1977, og eigi þar með engin hlutbundin réttindi í nefndri íbúð þar sem lánið er að fullu greitt.

Samkvæmt þessu skal stefndi greiða stefnanda kr. 397.417,00 með þeim vöxtum sem greinir í dómsorði og er ómótmælt af hálfu stefnda, en rétt þykir að neyta heimildar 178. gr. laga nr. 85 1986 til að fella niður málskostnað.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn verkamannabústaða í Kópavogi f.h. Kópavogskaupstaðar, greiði stefnanda, Guðmundi Benediktssyni, kr. 397.417,00 ásamt 15% ársvöxtum frá 25. júlí 1984 til 11. ágúst s.á., en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. janúar 1985, en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 12. desember 1985 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 25. júlí 1985.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 15. mars 1988.

Nr. 325/1987. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Helga Heiðari Georgssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Líkamsmeiðingar. Skaðabætur. Ákvörðun refsingar frestað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1987 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins, sem krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig að refsing verði þyngd. Jafnframt er krafist staðfestingar á ákvæðum hins áfrýjaða dóms um skaðabætur.

Verjandi krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og skaðabótakröfu vísað frá dómi.

Ákærða er gefið að sök að hafa undir miðnætti föstudagskvöldið 14. maí 1982 slegið Sigurjón Hjálmarsson hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann skrámaðist og bólgnaði í andliti og gervitennur brotnuðu. Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa slegið Sigurjón einu sinni eða tvisvar með krepptum hnefa á hægri kjálka. Hann leggur hins vegar áherslu á, að Sigurjón hafi verið mjög ölvaður og reynt í því ástandi að ryðjast í algjöru heimildarleysi inn á heimili einstæðrar móður, sem ákærði var gestkomandi hjá og hann nú er kvæntur. Sjálfur kvaðst Sigurjón hafa verið töluvert ölvaður og því ekki hafa viljað gefast upp og bankað aftur á útidyrahurðina, og vildi enda ekki trúa því að húsráðandi væri sofnaður. Kvaðst hann hafa átt orðaskipti við ákærða og þeir rifist. Læknir sá sem Sigurjón leitaði til upp úr miðnætti segir hann hafa verið talsvert drukkinn.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 217. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, og verður ekki litið á viðbrögð hans við ásókn Sigurjóns sem neyðarvörn, sbr.

12. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar hafði ákærði ástæðu til að bægja Sigurjóni frá heimilinu. Samkvæmt 218. gr. a, lokaákvæði 3. mgr., almennra hegningarlaga sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981 þykir eftir atvikum rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og að hún falli niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, enda hefur ákærði ekki sætt kæru fyrir önnur hegningarlagabrot.

Skaðabótakrafa Sigurjóns Hjálmarssonar á stoð í áverkavottorði heilsugæslulæknisins á Fáskrúðsfirði og þykir með vísan til þess og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms rétt að staðfesta niðurstöðu hans um skaðabótaskyldu ákærða og fjárhæð skaðabóta en með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 30.000,00 krónur.

Mál þetta lá niðri frá 15. maí 1982 til 23. desember 1983, er ákærði var yfirheyrður í sakadómi Vestmannaeyja, og frá 9. janúar 1985 til 15. janúar 1986. Dómur var kveðinn upp 22. júlí 1986 en ekki birtur fyrr en 12. júní 1987. Þessi hlé á málsmeðferð verða ekki að fullu skýrð með þeirri ástæðu, er greinir í forsendum hins áfrýjaða dóms eða af búferlaflutningum ákærða og sjómannsstarfi hans, og eru ámælisverð.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Helga Heiðars Georgssonar, skal fresta og hún falla niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Sigurjóni Hjálmarssyni 10.800,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 4. júlí 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar

1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 9. janúar s.á., með dómvöxtum skv. lögum 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 22. júlí 1986.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. febrúar 1986, endurupptekið 22. júlí 1986 og tekið til dóms sama dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali dagsettu 19. júlí 1984 á hendur Helga Heiðari Georgssyni stýrimanni, Heimagötu 28, Vestmannaeyjum, fæddum 8. mars 1959 í Vestmannaeyjum „fyrir líkamsárás með því að hafa undir miðnætti 14. maí 1982 að Skólavegi 52, Búðum, Fáskrúðsfirði, slegið Sigurjón Hjálmarsson, fæddan 9. júlí 1943, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann skrámaðist og bólgnaði í andliti og gervitennur (efri og neðri gómur) brotnuðu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Kærði er sakhæfur. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1979 9/6 í Vestmannaeyjum: Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1979 17/6 í Vestmannaeyjum: Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1980 5/12 í Vestmannaeyjum: Sátt: 150.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 05.12. 1980.
1981 16/4 í Vestmannaeyjum: Sátt: 100 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1982 11/6 í Vestmannaeyjum: Sátt: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 16.06. 1982.
1985 2/7 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

Málavextir:

Laugardaginn 15.05. 1982, kl. 13:00 mætti Sigurjón Hjálmarsson, Hlíðargötu 55, Búðum, fæddur 09.07. 1943, á lögreglustöðina að Búðum, Suður-Múlasýslu.

Mætti kvaðst hafa um miðnætti kvöldið áður knúið á dyr hjá Erlu Oddsdóttur, vinkonu sinni, að Skólavegi 52, Búðum, Fáskrúðsfirði, en til dyra hafi komið maður sem mætti kvaðst vita að héti Helgi, sem er ákærði í máli þessu. Er mætti spurði eftir Erlu hafi Helgi sagt að hún væri farin að sofa og eftir einhver orðaskipti skellt hurðinni. Mætti kveðst ekki hafa viljað trúa honum og knúið á dyr aftur. Þá hafi Helgi svipt upp hurðinni á ný og kveðst mætti ekki muna „hvort hurðinni var svipt upp og mér gefið á kjaftinn mjög snögglega eða hvort maðurinn réðst á mig". Afleiðingar þessarar árásar kveður mætti hafa verið að falskar tennur í neðri og efri góm hafi brotnað og eyðilagst. Hann kveðst hafa borið hendur fyrir sig, en ákærði hafi haldið áfram að slá sig, en hann hafi komist undan skömmu síðar og síðan farið til læknis sem gerði áverkavottorð. Mætti kveður að hann hafi auk áðurnefnds tjóns fengið áverka á höfði og hægra auga og einnig hafi blússa, er hann hafi verið í, rifnað.

Ákærði, Helgi Heiðar Georgsson, gaf skýrslu hjá lögreglunni í Suður-Múlasýslu þann 15.05. 1982, eða daginn eftir umræddan atburð. Ákærði kvaðst hafa verið heima hjá Erlu Oddsdóttur, Skólavegi 25, Búðum, Fáskrúðsfirði, föstudagskvöldið 14. maí 1982 ásamt Báru Traustadóttur og hafi þau setið að rauðvínsdrykkju. Um kl. 24:00 kveður ákærði að bankað hafi verið og hann farið til dyra. Ákærði sagði að úti fyrir hafi verið áberandi ölvaður maður, þ.e. Sigurjón Hjálmarsson, sem hann kvaðst ekkert kannast við. Hafi maður þessi spurt eftir Erlu, en ákærði kvaðst hafa sagt honum að hún væri farin að sofa. Maður þessi hafi þá byrjað að troða sér inn um dyrnar, en hann kveðst hafa staðið fastur fyrir og ekki hleypt honum inn og bent honum á að koma á morgun til að tala við Erlu. Síðan kveðst ákærði hafa bent Sigurjóni á gangstíginn og beðið hann að fara burt. Hafi Sigurjón þá hörfað úr dyragættinni og ákærði lokað. Skömmu síðar kvað ákærði að bankað hafi verið á ný, heldur fast. Kveðst ákærði hafa farið til dyra á ný og þá hafi sami maður staðið fyrir utan dyrnar og var þá töluvert hávær með uppsteyt og frekju og heimtaði að fá að tala við Erlu. Kveður ákærði að því næst hafi upphafist orðahnippingar sem hafi endað á því að Sigurjón hafi sparkað í hurðina og reynt að slá ákærða, sem hafi komið sér undan högginu en slegið til Sigurjóns til baka og hent honum út. Síðan segir ákærði orðrétt: „Maðurinn gerði aðra tilraun til að slá mig, en ég sló til hans rétt á eftir. Síðan settist ég ofan á manninn meðan mestur móðurinn rann af honum, en hann fór skömmu seinna í burtu."

Ákærði staðfesti skýrslu sína fyrir dómi er honum var kynnt bótakrafan og neitaði hann alfarið að greiða umkrafðar bætur og kvað kæranda hafa átt alla sök á því, hvernig farið hefði, með háttalagi sínu. Auk framangreinds kvaðst ákærði, eftir að hafa komið Sigurjóni út úr dyragættinni í síðara skiptið er hann vildi hafa tal af húsráðanda, „slegið kæranda með krepptum hnefa einu sinni eða tvisvar á hægri kjálka. Kærandi hafði riðað til falls og kveðst kærði hafa varið hann falli og fylgt honum niður heimreiðina niður á götu."

Ákærða var einnig kynnt lögregluskýrsla sú sem tekin var af kæranda Sigurjóni 15.05. 1982 og kvað hann þá skýrslu í meginatriðum ranga.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1982 (sic) var tekin framburðarskýrsla af Sigurjóni á ný af lögreglunni í Suður-Múlasýslu. Staðfesti hann fyrri framburð sinn frá 15.05. 1982, en kvað framburð Helga alrangan og uppspuna frá rótum.

Auk þess er að framan greinir sagði Sigurjón síðan að hann minntist þess ekki að hafa bankað frekjulega né harkalega á dyrnar. Hann kvað hurðinni hafa verið svipt upp „og Helgi hafi slegið sig umyrðalaust beint í andlitið". Hann hafi „hrasað við höggið og fallið út á grasið og hafi Helgi þá fylgt eftir og lagst ofan á mætta þar sem mætti lá í grasinu og mætti kveður Helga hafa látið höggin ríða á sig". Kvaðst Sigurjón hafa reynt að bera hendur fyrir andlit sitt til að hljóta ekki frekari meiðsl, en síðan komist undan Helga og sloppið í burtu. Síðan segist Sigurjón „aldrei á meðan á þessu stóð reynt að slá til Helga þarna í dyrunum, né heldur hafi hann sýnt neinn ruddaskap er hann knúði dyra".

Framangreindar skýrslur staðfesti kærandinn Sigurjón Hjálmarsson fyrir dómi 9. janúar 1985 og krafðist jafnframt hæstu lögleyfðra vaxta á bótakröfu sína frá 04.07. 1982 til greiðsludags.

Erla Oddsdóttir húsmóðir, Heimagötu 28, Vestmannaeyjum, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja 26. mars 1984. Kvaðst Erla fús að gefa skýrslu þrátt fyrir að hún væri eiginkona ákærða. Er umræddur atburður átti sér stað var hún húsráðandi að Skólavegi 52, Búðum, Fáskrúðsfirði.

Erla skýrði svo frá að hún hafi heyrt er Sigurjón knúði á dyr í bæði skiptin með hálf- til eins tíma millibili. Í hvorugt skiptið hafi hún orðið vör við neitt óvenjulegt né vitað hvað gerðist við dyrnar, en ákærði hafi síðar sagt sér það. Erla sagði einnig að sér væri kunnugt um að Sigurjón Hjálmarsson hefði tvívegis áður en umræddur atburður átti sér stað reynt að komast inn í hús sitt að næturlagi.

Bára Traustadóttir, f. 07.02. 1956, til heimilis að Gaukshólum 2, Reykjavík, mætti hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 9. apríl 1984 til að gefa skýrslu.

Bára kvaðst hafa verið gestkomandi hjá Erlu umrætt kvöld. Er hún hafði dvalið þar stutta stund hafi verið knúið á dyr og hafi ákærði farið til dyra og komið til baka eftir stutta stund. „Helgi sagði þá að Sigurjón Hjálmars-

son hefði viljað komast inn í íbúðina, þar sem Sigurjón hélt að þarna væri einhver gleðskapur, en hann hefði varnað honum inngöngu. Mætta kveðst að öðru leyti lítið geta tjáð sig um málið, ... Helgi hafi jú sagt, þegar hann kom inn aftur, að hann hefði gefið Sigurjóni vel á kjaftinn og sagt honum að hypja sig frá húsinu." Annað kvaðst Bára ekki vita um málið.

Í vottorði Einars Guðmundssonar heilsugæslulæknis, dags. 1. júní 1982, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir: „Þann 15.05.82 kom Sigurjón Hjálmarsson, Hlíðargötu 45, Búðum, nno. 7959-3907, ásamt konu sinni í Læknisbústaðinn. Kom hann upp úr miðnætti og kvaðst hafa verið beittur ofbeldi. Sigurjón var talsvert drukkinn en þó ekki neitt rugl á honum. Sagðist hann hafa verið að heimsækja vinkonu sína, en hjá henni mun hafa verið staddur maður sem líkaði ekki framferði Sigurjóns og réðst á hann og sló hann nokkrum sinnum í andlitið. Við skoðun kom í ljós að hæ. auga var rautt og rispa á hæ. efra augnloki eins og gjarnan sést við högg. Nokkurt hematom var á vi. gagnauga en arcus ygomaticus virtist óbrotinn. Einnig var smásárlfeiður innan á neðri vör vi. megin.

Maðurinn hafi haft gervitennur og voru bæði efri og neðri gómur brotnir í mola.

Finnst mér lýsing Sigurjóns á áverkum koma heim og saman við það sem ég finn við skoðun."

Telja verður sannað að tjónþoli, sem var ölvaður, hafi brugðist illa við þeirri ósk ákærða um að hann hyrfi á brott frá Skólavegi 52, Búðum, Fáskrúðsfirði, eftir að hafa knúið þar á dyr tvisvar með stuttu millibili og þá sýnt mótþróa sem leitt hafi til þess að til handalögmála hafi komið með þeim. Þó verður að telja ósannað að tjónþoli hafi slegið til ákærða. Ákærði hefur viðurkennt að hann hafi „slegið kæranda með krepptum hnefa einu sinni eða tvisvar á hægri kjálka". Einnig hefur ákærði borið að hafa lagst ofan á Sigurjón, en ósannað verður að telja að hann hafi látið hnefahögg ríða á Sigurjóni meðan á því stóð.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram að aðgerðir ákærða gagnvart Sigurjóni í umrætt sinn væru „varnaraðgerðir til að koma í veg fyrir að hann, ölvaður brytist inn til unnustu ákærða um miðja nótt" og væru því refsilausar samkvæmt 12. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að vísu verður að telja upplýst að tjónþoli hafi átt nokkurn þátt í að viðureign þeirra hófst, en samkvæmt gögnum málsins þykir valdbeiting ákærða hafa gengið framar en efni stóðu til.

Það er einnig fullyrt af hálfu ákærða að gervitennur Sigurjóns hafi ekki getað mölbrotnað af völdum ákærða og því haldið fram „að ekki sé hægt að hugsa sér að þær hafi mölbrotnað með öðrum hætti en kærandi hefði misst þær út úr sér og stigið ofan á þær". Ákærði hefur þó ekki bent á nein sérgreind atvik önnur sem gætu verið orsök þess að gervitennur í

efri og neðri góm brotnuðu eins og í ákæru greinir. Dómurinn lítur svo á að telja verði nægilega sannað samkvæmt gögnum málsins, sérstaklega áverkavottorði og vætti ákærða sjálfs um að hann hafi gefið tjónþola eitt eða tvö hnefahögg í andlitið, sem telja má líklegt að hafi leitt til þess að gervitennurnar brotnuðu og hann hafi hlotið þá áverka sem í ákæru greinir og varðar háttsemi ákærða við 217. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þá hefur því verið haldið fram af hálfu ákærða að sök sé fyrnd. Mál þetta hefur dregist, en telst þó ekki fyrnt þar sem ákærði kom fyrir dóm, áður en 2 ár voru liðin frá því verknaður var framinn.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið um háttsemi tjónþola, að hann hafi átt nokkurn þátt í því að til handalögmála kom, og þar sem ákærði hefur eigi áður gerst sekur um hegningarlagabrot, þykir mega ákveða að refsing skuli vera 15 daga varðhald, en fullnustu refsingar skuli fresta og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Tjónþoli hefur krafist bóta úr hendi ákærða.

Bótakrafan sundurliðast þannig:

1.	Gervitennur	kr.	7.400,00
2.	Ferðakostnaður v/tannlæknis (7 ferðir)	kr.	6.153,00
3.	Vinnutap (7 dagar)	kr.	3.805,00
4.	Miskabætur	kr.	5.000,00
		Samtals kr.	22.358,00

Af hálfu ákærða hefur bótakröfunni verið mótmælt fyrir dómi 09.01. 1985.

Þá krafðist tjónþoli fyrir dómi 09.01. 1985 hæstu lögleyfðra vaxta á kröfuna frá 4. júlí 1982 til greiðsludags.

Um 1. Frammi liggur í málinu reikningur í samræmi við þennan kröfulið. Verður hann tekinn til greina.

Um 2. Engir reikningar liggja fyrir um að kærandi hafi tekið leigubíl til Egilsstaða til tannlæknis. Hins vegar þykir rétt að taka tillit til ferðakostnaðar þangað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000,00.

Um 3. Ekki hefur verið lagt fram vottorð atvinnurekanda um vinnutap tjónþola, né heldur hefur verið sýnt fram á það með öðrum hætti.

Um 4. Þessum kröfulið þykir í hóf stillt. Verður hann því tekinn að fullu til greina.

Þegar allt er virt þykja heildarbætur því hæfilega ákveðnar kr. 14.400,00. Vegna eigin sakar tjónþola þykir hann eiga að bera ¼ hluta tjónsins eða kr. 3.600,00. Verður ákærða því gert að greiða bótakrefjanda ¾ eða kr.

10.800,00 með vöxtum, jafnháum vöxtum af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, frá 4. júlí 1982 til greiðsludags, enda hefur vaxtakröfunni ekki verið mótmælt af hálfu ákærða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Töluverður dráttur hefur orðið á rekstri málsins sökum mikilla anna við embættið.

Dómari sá sem dæmir málið fékk það til meðferðar í júlí 1986.

Jóhann Pétursson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Heiðar Georgsson, sæti varðhaldi í 15 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði Sigurjóni Hjálmarssyni kr. 10.800,00 með vöxtum, jafnháum vöxtum af almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, frá 4. júlí 1982 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. mars 1988.

Nr. 63/1988. **Guðbrandur Jónsson**
gegn
samgönguráðherra,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og Flugleiðum hf.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1988, er hingað barst 1. þ.m. Hann krefst þess, *„að* frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið og *að* héraðsdómarinn verði úrskurðaður/dæmdur til að taka við greinargerð vegna dómkröfu að loknum vitnaleiðslum og áður en efnisdómur fellur í málinu og *að* dómarinn verði ávítaður fyrir að vanrækja skyldur sínar lögum samkvæmt, hlutdrægni og rangar tilvitnanir í munnlegan málflutning stefnanda þann 18. janúar 1988, og *að* staðfest verði niðurfelling málskostnaðar og *að* sér „verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður"".

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Í máli þessu sækir sóknaraðili varnaraðila um skaðabætur að fjárhæð 788.000.000,00 krónur auk vaxta, verðbóta og málskostnaðar. Varnaraðilar kröfðust þess, að málinu væri vísað frá dómi, en auk þess kröfðust þeir sýknu af kröfum sóknaraðila. Ástæður frávísunarkröfu koma fram í forsendum hins kærða dóms.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdómara, að stefna máls þessa sé þannig úr garði gerð, að erfitt sé að koma auga á hverjar séu þær málsástæður, er sóknaraðili byggir kröfur sínar á, og margt þar að finna sem ekki virðist varða skaðabótakröfu hans. Þá er lagagrundvöllur kröfugerðar einnig óljós. Engin tilraun hafði verið gerð til að sýna fram á, hvernig fjárhæð skaðabótakröfunnar væri

fundin. Þessi málatilbúnaður er ekki í samræmi við 88. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981.

Í greinargerð kæru sinnar til Hæstaréttar hefur sóknaraðili ekki úr þessu bætt en sundurliðar að vísu skaðabótakröfu sína sem hér segir:

„Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur samkvæmt almennum skaðabótareglum fyrir fjártjón sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna ólögmæts saknæms atferlis stefndu og hafa stefndu með saknæmum hætti stöðvað mögulegan atvinnurekstur stefnanda í flutningi á pósti og vörum með loftförum á milli Íslands og annarra landa og hefur þetta athæfi stefndu komið í veg fyrir að stefnandi eignaðist þrjú loftför á átta ára kaupleigusamningi og var ætlað kaupverð loftfaranna sem hentuðu til verkefnisins 240 milljónir ísl. króna og kref ég stefndu um tjónabætur fyrir þennan þátt fjártjónsins, *ísl. kr. 240 milljónir.*

Einnig hefur ólögmæt atferli stefndu orðið til þess að koma í veg fyrir eðlilegan arð stefnanda af atvinnurekstri loftfara í átta ár og fyrir þennan þátt fjártjónsins kref ég stefndu um tjónabætur, *ísl. kr. 240 milljónir.*

Einnig hefur ólögmæt atferli stefndu komið í veg fyrir tekjur stefnanda af sölu og flutningi á ferskum fiski með loftförum til Evrópu í átta ár og fyrir þennan þátt fjártjónsins kref ég stefndu um tjónabætur, *ísl. kr. 238 milljónir.*

Einnig hefur ólögmæt atferli stefndu gert stefnanda atvinnulausan sem framkvæmdastjóri, flugstjóri, tæknistjóri og flugrekstrarstjóri næstu átta árin og fyrir þennan þátt fjártjónsins kref ég stefndu um tjónabætur, *ísl. kr. 20 milljónir.*

Einnig hefur ólögmæt atferli stefndu orðið til þess að lögleg, vernduð atvinnuflugmannsréttindi stefnanda til atvinnuflugs loftfara eru að verða ógild vegna atvinnuleysis stefnanda sem flugmaður í flugrekstri. Mismunur launatekna stefnanda sem óbreyttur launþegi og þeirra tekjumöguleika sem stefnandi ætlar að hann hefði aflað sér út á lögvernduð atvinnuflugmannsréttindi útgefnum af stefnda samgönguráðherra, til þess dags sem stefnandi verður að hætta að fljúga sem atvinnuflugmaður samkvæmt reglum stefnda samgönguráðherra, eru ætluð tjón stefnanda og fyrir þennan þátt

fjártjónsins kref ég stefndu um tjónabætur, *ísl. kr. 50 milljónir.*

Heildar dómkrafa stefnanda um skaðabætur úr hendi stefndu er því 788 milljónir ísl. króna eins og fram kemur í stefnu auk vaxta og verðbóta og vísa ég til stefnu og greinargerðar stefnanda."

Þrátt fyrir þetta skortir enn verulega á að fullnægt sé fyrirmælum laga nr. 85/1936 um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. einkum 88. gr., 105. gr. 1. mgr. og 114. gr., sbr. lög nr. 28/1981 og ber því að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Sóknaraðili telur leiðbeiningum tveggja þeirra dómara, er fóru með mál hans í héraði, hafa verið áfátt og í þinghöldum 18. nóvember 1987 og 18. janúar 1988 takmarkast við eina setningu: „Sá fyrri: „Dómari gætti leiðbeiningarskyldu", og sá síðari „Stefnandi, sem er ólöglærður er leiðbeint lögum samkvæmt". Aðrar leiðbeiningar lögum samkvæmt komu ekki fram hjá téðum tveimur dómurum bæjarþings Reykjavíkur."

Með heimild í 27. gr. laga nr. 75/1973 gerir yfirborgardómarinn í Reykjavík svofellda athugasemd: „Áður en munnlegur málflutningur hófst um frávísunarkröfu stefndu skýrði ég rækilega fyrir stefnanda þau atriði sem ég taldi nauðsynlegt að hann hefði í huga við flutninginn, m.a. mun á flutningi máls um form þess annars vegar og efni hins vegar. Á meðan stefnandi flutti mál sitt sá ég a.m.k. tvívegis ástæðu til þess að ítreka leiðbeiningar mínar og gera stefnanda grein fyrir því að honum væri nauðsyn á að svara fyrir sitt leyti þeim málsástæðum sem lögmenn stefndu færðu fram fyrir frávísunarkröfu sinni og skýra út fyrir dómaranum hversvegna hann teldi að málinu ætti ekki að vísa frá dómi. Stefnandi tók þessum leiðbeiningum."

Með vísan til þessa standa ekki efni til að sinna kröfu sóknaraðila um ávítur við héraðsdómara.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðbrandur Jónsson, greiði varnaraðilum, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 10.000,00 krónur og Flugleiðum hf. 10.000,00 krónur í kærumálskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 18. janúar sl. að loknum munnlegum flutningi um frávísunarkröfu stefndu, höfðaði Guðbrandur Jónsson flugstjóri, nnr. 2862-2465, Efstasundi 56, Reykjavík, gegn samgönguráðherra, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Flugleiðum hf., Reykjavíkurflugvelli með stefnu birtri 2. júní 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 788.000.000,00 með 2,5% vöxtum og verðbótum frá 31. janúar 1987 og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefndu, samgönguráðherra og fjármálaráðherra, eru samhljóða. Þeir krefjast aðallega að málinu verði vísað frá dómi og að fá tildæmdan málskostnað úr hendi stefnanda að mati dómsins. Til vara að þeir verði sýknaðir og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til þrautavara að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Af hálfu stefnda, Flugleiða hf., er þess krafist aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara að stefndi verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Til þrautavara að kröfugerð stefnanda verði verulega lækkuð. Þá krefst stefndi þess að fá tildæmdan málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 10% vegna söluskatts af tildæmdum málskostnaði.

Stefnandi, sem er flugstjóri, sótti um flugrekstrarleyfi til samgönguráðuneytisins með bréfi dags. 6. ágúst 1986. Með umsókn dags. 6. júlí 1986 sótti stefnandi einnig um leyfi til loftferðastarfsemi til samgönguráðuneytisins. Umsókn stefnanda um leyfi til loftferðastarfsemi sendi samgönguráðuneytið til umsagnar Flugráðs, og Flugráð til umsagnar Loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar með bréfi dags. 18. ágúst 1986.

Loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar taldi sig ekki geta gefið tæmandi umsögn um umsókn stefnanda vegna skorts á upplýsingum og telur upp í bréfi dags. 15. september 1986 hvað á skorti. Flugráð taldi sig þá ekki geta mælt með veitingu flugrekstrarleyfis á grundvelli umsagnarinnar, að svo komnu máli.

Stefnandi sótti um leyfi til loftferðastarfsemi á nýjan leik með bréfi dags. 18. september 1986. Í því bréfi mótmælir hann athugasemdum Loftferðaeftirlitsins í ýmsum greinum.

Umsókn þessari var vísað til umsagnar Flugráðs. Loftferðaeftirlitið gaf umsögn ódagsetta og taldi enn skorta á upplýsingar frá stefnanda. Á fundi Flugráðs 21. október 1986 var samþykkt að fresta málinu þar til umsækjandi hefði lagt fram fullnægjandi upplýsingar varðandi loftferðastarfsemina.

Í þriðja sinn sótti stefnandi um leyfi til loftferðastarfsemi til samgönguráðuneytisins og er umsókn hans dags. 24. nóvember 1986.

Síðasta umsóknin er í nafni fyrirtækisins Flugstjórinn, sem virðist vera einkafyrirtæki stefnanda.

Loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar fékk umsóknina til umsagnar og skilar umsögn dags. 1. desember 1986 og telur að þörf sé á að fá ákveðnar upplýsingar til þess að unnt sé að veita tæknilega/flugöryggislega umsögn um fyrirhugaða flugstarfsemi stefnanda.

Á fundi Flugráðs 2. desember 1986 er bókað að Flugráð telji sér ekki fært að mæla með umsókn stefnanda fyrr en fyrir liggi upplýsingar um það hvaða loftför eigi að nota í rekstrinum, hvar og hverjir eigi að skoða loftförin, hvar þau eigi að geyma. Þá hafi flugrekstrarhandbók og viðhaldshandbók ekki verið lagðar fram.

Samgönguráðherra ritar stefnanda bréf dags. 30. desember 1986. Þar kemur fram m.a. eftirfarandi:

„Á grundvelli umsagnar Flugráðs telur ráðuneytið að hafna verði umsóknum yðar um flugrekstrarleyfi en tekið skal fram að það er reiðubúið að taka erindi yðar að nýju til afgreiðslu, berist ráðuneytinu umsókn studd þeim gögnum sem lög og reglugerðir ákvarða."

Eins og fyrr greinir gerir stefnandi kröfu á hendur stefndu um greiðslu skaðabóta.

Lýsing stefnanda á bótagrundvelli virðist einna helst koma fram í eftirfarandi setningu í stefnu málsins:

„Stefnandi telur að stefndu hafi af stórfelldum ásetningi og í samsæri margra manna ætlað að koma í veg fyrir að stefnandi fengi atvinnuleyfi til flugrekstrar og komi stefndu þannig eða þar með í veg fyrir mögulega samkeppni við stefnda Flugleiði h.f., og notuðu stefndu til þess skaðlegan atvinnuróg í garð fagmanns á öllum erindum stefnanda og hafi athæfi stefnda þjónað hagsmunum stefndu Flugleiðum h.f., og telur stefnandi þessi athæfi stefndu stórfenglegt skaðaverk á fyrirtæki í rekstri verktaka og atvinnumöguleikum stefnanda í framtíðinni."

Eins og fyrr getur var málið flutt munnlega um frávísunarkröfu stefndu 18. janúar sl.

Af hálfu stefndu, fjármálaráðherra og samgönguráðherra, er því haldið fram að framsetning málsástæðna stefnanda annars vegar og málavaxta hins vegar sé með þeim hætti að illmögulegt sé að greina þar á milli, eða að sjá á hverju kröfur stefnanda séu reistar. Stefnandi geri enga tilraun til þess að upplýsa hvernig stefnukrafan sé fundin. Engin tengsl séu á milli málsreifunar og stefnufjárhæðar og engin gögn í málinu um ætlað tjón hans. Þá hafi stefnandi lagt fram ýmis skjöl sem ekki verði séð að eigi nokkurt erindi í þessu máli. Framlagning málsskjala sé afar óaðgengileg fyrir gagnaðila og dóminn.

Þegar málatilbúnaður stefnanda sé virtur í heild sinni sé vafalaust að

hann brjóti í verulegum atriðum gegn meginreglu 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936 um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. 114. gr. sömu laga. Því beri skv. 116. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi.

Af hálfu stefnda, Flugleiða hf., voru færðar fram röksemdir fyrir frávísunarkröfu.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram að málatilbúnaður hans fullnægi ákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar geti dómurinn lagt dóm á kröfur stefnanda. Rökstuðningur fyrir fjárhæð skaðabótakröfu myndi koma fram í framburði vitna og síðar yrði lögð fram greinargerð um dómkröfu, eftir að vitnaleiðslur hefðu farið fram. Málatilbúnaðurinn væri að öllu leyti í samræmi við reglur einkamálalaga, og því ætti ekki að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi gerði þá kröfu að stefndu yrðu dæmdir til að greiða honum málskostnað í þessum þætti málsins.

Niðurstaða dómsins.

Stefna málsins er þannig úr garði gerð að erfitt er að koma auga á hverjar eru þær málsástæður sem stefnandi byggir kröfur sínar á, en margt þar að finna sem ekki verður séð að varðað gæti skaðabótakröfu stefnanda.

Þá er einnig óljóst hver sá lagagrundvöllur er sem kröfugerðin kann að byggjast á.

Stefnandi gerir enga tilraun til þess að sýna fram á hvernig fjárhæð umkrafinna skaðabóta, kr. 788.000.000,00, er fundin.

Hér er um slíka vanreifun að ræða og óskýran málatilbúnað að máli þessu ber að vísa frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 81/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Anthony Lee Bellere

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 kært mál þetta til Hæstaréttar hinn 11. mars sl. Verður að skilja kæruna svo að varnaraðili hafi kært úrskurðinn í því skyni að hann verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á úrskurðinum.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísun til forsendna hans.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. mars 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 10. mars er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Anthony Lee Bellere, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna síbrota allt til miðvikudagsins 8. júní n.k. kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi viðurkennt að hafa sl. nótt brotist inn í Miðbæjarradíó, Hverfisgötu 18 og stolið þaðan sjónvarpstæki og ýmsum hljómburðartækjum.

Brotaferill kærða er langur og samfelldur. Frá 1977 hefur kærði 152 sinnum komið við sögu hjá RLR, aðallega vegna þjófnaðarbrota. Árið 1982 hlaut kærði skilorðsbundna ákærufrestun og frá 1983 til 1988 hefur kærði 8 sinnum hlotið dóma fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, síðast 6 mánaða fangelsi þann 5. febrúar sl., en þeim dómi hefur kærði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Þá hefur kærði margoft sætt gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þeirra mála sem hann hefur tengst. Þá eru nú til meðferðar hjá RLR 20 mál á hendur kærða vegna innbrota, þjófnaða og fleira.

Þar sem augljóst er af framangreindri upptalningu að kærði er síbrota-

maður og því veruleg hætta á að hann haldi áfram brotum með óskertu frelsi, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. júní n.k. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Anthony Lee Bellere, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. júní 1988 kl. 17:00.

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 60/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Róbert Emanúel Glad

Kærumál. Húsleit. Rannsóknargögn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr. 1. tl. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. febrúar 1988, er barst Hæstarétti 25. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur hæfilegur kærumálskostnaður. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Greinargerð frá varnaraðila barst Hæstarétti 4. þ.m. Styður hann kæru sína þeim rökum, að hinn kærði úrskurður sé „órökstuddur og reistur á tilbúnum og ósönnum rökum". Ennfremur kvartaði hann yfir því að hafa ekki fengið öll málsskjöl í hendur í endurriti dómsgerða. Gerði hann af þessum sökum áskilnað um viðbótargreinargerð af sinni hendi og kvaðst bréflega hafa óskað eftir skjölum þessum við héraðsdómarann. Þessi krafa var tekin fyrir í saka-

dómi í ávana- og fíkniefnamálum samdægurs og hún barst dóminum 8. þ.m. og kveðinn upp úrskurður, þar sem hafnað var kröfu varnaraðila um að fá afhent endurrit bókunar um þann hluta lokaðs þinghalds í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 23. febrúar 1988, sem fram fór fyrir luktum dyrum. Endurrit bókunar um aðra hluta sama þinghalds, svo og fylgiskýrslur, voru hins vegar afhent honum 11. þ.m. Hinn 14. þ.m. barst Hæstarétti framhaldsgreinargerð frá varnaraðila, sem andmælir úrskurðinum frá 8. þ.m. og óskar enn eftir endurriti bókunar um hið lokaða þinghald. Kveðst hann vænta þess, að Hæstiréttur hlutist til um, að héraðsdómari verði við þeim tilmælum.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 8. þ.m. varðar kynningu sakargagna og verður ekki kærður til Hæstaréttar, sbr. 170. gr. 4. tl. laga nr. 74/1974. Samkvæmt 78. gr. sömu laga kynnir dómari sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberu máli, þegar er honum þykir það mega verða án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði notuð til þess að torvelda eða seinka rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar. Eins og hér stendur á eru ekki efni til að láta varnaraðila í té endurrit bókunar um lokað þinghald í máli hans fyrrnefndan dag.

Varnaraðila var veitt uppreist æru 10. júlí 1987. Sama dag fundust í fórum hans 2,7 g af hassi. Var það mál afgreitt með dómsátt 2. september sl. Í greinargerð sinni til Hæstaréttar kveðst hann síðan 1980 ekki hafa gerst sekur um fíkniefnabrot að framangreindu máli undanteknu, auk þess að yfir standi rannsókn á máli frá því í desember sl., þar sem fyrir liggi sala hans „á örfáum grömmum af amfetamíni skv. fram komnum lögregluskýrslum". Í skýrslu um húsleit þá, sem framkvæmd var samkvæmt hinum kærða úrskurði, segir m.a.: „Á staðinn kom Þórður Þórðarson með fíkniefnaleitarhundinn Kol. Kolur vísaði strax á hassplötu, sem var klemmd í hefilbekk. Þá vísaði Robert á hassmola, sem var falinn í einangrun við útihurð. Lagt var hald á mortél með hassleifum, sem Robert sagðist hafa notað við blöndun á hassi. Robert var viðstaddur leitina.

Fyrir héraðsdómara lá að taka ákvörðun um húsleit á grundvelli eindreginnar frásagnar lögreglumanna um vitnisburð um fíkniefnasölu varnaraðila og meta, hvort þessar upplýsingar gætu talist

sönnunargögn gegn honum við þessa ákvörðun. Ekkert er fram komið, er hnekki mati héraðsdómara á þeirri stundu, og varðar ekki ómerkingu úrskurðarins að í byrjun varð brestur á afhendingu kærumálsgagna til varnaraðila. Í framhaldsgreinargerð sinni fullyrðir varnaraðili að framburður sá, er um getur í forsendum hins kærða úrskurðar, að ónafngreindur aðili hafi á þessu ári fengið frá honum um 300 g hassefnis og ætti von á 50 g til viðbótar síðar um kvöldið sé rangur. Um sannleiksgildi þessa verður ekki dæmt nú, en andmæli þessi nægja ekki til að hnekkja hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal óraskaður.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Skýrsla sú, er varnaraðili hefur ekki fengið afhenta, er dómskýrsla tekin af héraðsdómara í lokuðu þinghaldi samkvæmt 16. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála vegna kröfu um heimild til húsleitar. Í 174. gr. sömu laga segir að við kæru slíkra mála til æðra dóms megi koma fram ný gögn og ný málsatvik. Síðan segir: „Jafnskjótt sem kæru hefur verið lýst, skal dómari gera ágrip af því, er kærumálið varðar. Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en ríkissaksóknara, sökunaut eða verjanda hans eitt eintak hverjum...“ Héraðsdómari hefur afhent dómsgerðir af málinu að því undanteknu að varnaraðili hefur ekki fengið dómskýrslu þá er áður var getið. Samkvæmt framangreindum orðum 174. gr. laga um meðferð opinberra mála þykir varnaraðili eiga ótvíræðan rétt á að fá hina umdeildu dómsskýrslu afhenta og breytir 16. gr. sömu laga engu þar um, en hún tekur til lokunarþinghalds fyrir almenningi.

Vegna þessa ágalla þykir eiga að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 23. febrúar 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 23. febr. var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik:

Lögreglunni í Reykjavík hafa að undanförnu borist ítrekaðar upplýsingar um ætlaða hass- og amfetamínsölu Róberts E. Glad og hann talinn hafa stundað slíkt allt frá því er hann gekk laus úr gæsluvarðhaldi 22. desember sl.

Samkvæmt gögnum hér við embætti hefur nefndur Róbert Glad margítrekað undanfarin ár orðið uppvís að fíkniefnamisferli.

Lögregla handtók fyrr í dag aðila, eftir að í hans vörslum fundust um 40 gr af ætluðum hassefnum.

Tveir lögreglumenn staðfestu fyrir stundu í lokuðu þinghaldi hver þessi aðili væri og að hann hefði lýst yfir að hann hafi frá sl. áramótum samtals móttekið frá Róbert Glad um 300 g af hassefnum og frá honum átt von á 50 g til viðbótar síðar í kvöld.

Lögreglumenn sögðu þennan aðila af hræðslu við Róbert Glad þó hafa veigrað sér við að staðfesta þennan framburð formlega með nafnritun.

Niðurstöður:

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 16, 1916.

Sérhvert sannað brot gegn nefndum ákvæðum mundi varða þyngri refsingu en um getur í 48. gr. laga nr. 74, 1974.

Með vísan til ofanritaðs þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu og ákveða að leit skuli gera að fíkniefnum og sönnunargögnum hugsanlega tengdum þeim að Bárugötu 4 og að Laugavegi 24 hér í borg í vistarverum Róberts Emanúel Glad.

Einnig að heimild nái til leitar í læstum hirslum svo og geymslurými á ofangreindum stöðum sem sérstaklega má telja á vegum ofangreinds Róberts E. Glad.

Úrskurðarorð:

Leit skal gera að fíkniefnum og sönnunargögnum hugsanlega tengdum þeim í vistarverum Róberts Emanúel Glad f. 29.10. 1954, að Bárugötu 4 Reykjavík og að Laugavegi 24 Reykjavík.

Heimild nær og til leitar í læstum hirslum svo og geymslurými, sem á nefndum stöðum má telja sérstaklega á vegum Róberts Emanúel Glad.

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 166/1987. **Elías Rúnar Sveinsson**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík
f.h. borgarsjóðs
(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabótamál. Íþróttaiðkun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. apríl s.á., samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.568.951,00 krónu með 42% ársvöxtum frá 29. nóvember 1982 til 20. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 12. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 8. mars 1988, en með dráttarvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara að sér verði aðeins gert að

bæta tjón áfrýjanda að hluta og verði þá málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur áfrýjandi lagt fram örorkutjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 8. þ.m. þar sem honum reiknast að á slysdegi nemi höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps áfrýjanda vegna tímabundinnar örorku 95.700,00 krónum og 1.613.100,00 krónum vegna varanlegrar örorku.

Áfrýjandi hefur sundurliðað dómkröfur sínar fyrir Hæstarétti þannig:

Bætur vegna tímabundinnar örorku	kr.	95.700,00
Bætur vegna varanlegrar örorku	kr.	1.613.100,00
	kr.	1.708.800,00
Frá þeirri fjárhæð dregur áfrýjandi vegna skattfrelsis 4,57% og vegna hagræðis af eingreiðslu 8%	kr.	214.797,00
	kr.	1.494.003,00
Miskabætur	kr.	250.000,00
	kr.	1.744.003,00
Frá þeirri fjárhæð dregur áfrýjandi greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins o.fl.	kr.	175.052,00
Fjárhæð dómkröfu	kr.	1.568.951,00

II.

Reykjavíkurborg lét útbúa umrætt húsnæði til æfinga frjálsra íþrótta og leigði það íþróttafélögum til afnota fyrir félagsmenn þeirra. Samkvæmt því sem upplýst er í málinu virðist umsjón með húsnæðinu og afnotum þess hafa verið í höndum starfsmanna borgarinnar á staðnum. Húsnæðið hefur einkum verið ætlað fyrir frjálsíþróttamenn, sem stunda keppni á opinberum mótum, til æfinga inni við eftir að völlum hefur verið lokað á haustin. Hafði áfrýjandi lengi staðið framarlega í hópi þeirra manna, þegar slysið

varð. Er því ekki haldið fram af hálfu stefnda, að völ hafi verið á öðru hentugu húsnæði til þeirra æfinga, sem hér var um að ræða.

Ágreiningslaust er með aðilum að um langan tíma hafi gætt leka úr lofti salarins þegar úrkoma var eða þíða eftir frost eða snjókomu. Verður að telja að hætta hafi verið samfara því að stunda æfingar þarna þegar bleyta var á gólfinu, jafnvel þótt íþróttamenn hafi notað gaddaskó svo sem áfrýjandi gerði er slysið varð. Var brýn ástæða fyrir starfsmenn stefnda að vara íþróttamenn við þegar lak úr loftinu og koma í veg fyrir að bleyta væri á gólfinu þegar íþróttamenn stunduðu æfingar. Starfsmaður stefnda sá er var við gæslu á þessum tíma kveðst hafa verið búinn að þurrka upp vatn sem lekið hafði á gólfið áður en æfing hófst og skilið eftir gólfklút á bleytustaðnum. Ekki kveðst hann hafa varað áfrýjanda og þá sem með honum voru sérstaklega við bleytunni. Hafa þeir neitað að hafa orðið varir við fötu eða gólfklút þarna. Verður að telja ósannað að starfsmaður stefnda hafi gert nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slys hlytist af bleytu á gólfi salarins í umrætt sinn. Fallast má á það með áfrýjanda að rekja megi slysið til bleytunnar. Þykir stefndi því verða að bera fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda af völdum slyssins.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hafði áfrýjandi stundað æfingar í húsnæði þessu um árabil og kvað hann allan þann tíma hafa borið á leka, og hafi ekki þurft rigningu til. Hann hafi þó ekki orðið var við bleytu í umrætt sinn fyrr en slysið varð, né heldur fyrr á því hausti. Þeir tveir íþróttamenn sem með áfrýjanda voru þarna við æfingar kveðast báðir hafa orðið varir við bleytu er þeir komu í salinn og annar þeirra, þjálfari hinna tveggja, kveðst hafa þurrkað upp bleytu af gólfinu. Verður samkvæmt þessu að telja að áfrýjandi hafi mátt verða var við bleytu á gólfinu og hafi honum því borið að sýna sérstaka aðgæslu við æfingar sínar. Þykir hann ekki hafa sýnt af sér þá aðgát sem af honum mátti krefjast í umrætt sinn og verði því að bera tjón sitt að nokkru leyti sjálfur.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir hæfilegt að stefndi bæti áfrýjanda helming tjónsins, en sjálfur beri hann tjón sitt að hálfu.

Þegar tekið er tillit til skattfrelsis bóta, hagræðis af eingreiðslu og greiðslna sem áfrýjandi hefur fengið þykir örorkutjón áfrýjanda

hæfilega metið 1.000.000,00 krónur og miski 100.000,00 krónur. Verður stefnda því gert að greiða áfrýjanda 550.000,00 krónur með vöxtum eins og í dómsorði segir, enda tóku vaxtalög nr. 25/1987 gildi eftir uppsögu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 130.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði, á að vera óraskað. Stefndi greiði 161.634,00 krónur í málskostnað í héraði er renni til ríkissjóðs.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur, greiði áfrýjanda, Elíasi Rúnari Sveinssyni, 550.000,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 29. nóvember 1982 til 20. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 12. ágúst s.á., 17% ársvöxutm frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 8. mars 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., vaxtalaga nr. 25/1987 eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað.

Stefndi greiði 161.634,00 krónur í málskostnað í héraði er renni í ríkissjóð.

Stefndi greiði áfrýjanda 130.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel ekki skipta máli um bótaábyrgð stefnda hvort íþróttamenn, sem æfingar stunduðu í æfingasalnum, gerðu það til undirbúnings keppni á opinberum mótum, né heldur hversu góðum árangri áfrýjandi hafði náð í íþróttagreinum þeim sem hann æfði.

Með þessari athugasemd er ég sammála niðurstöðu meirihluta dómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1986.

Mál þetta, sem var dómtekið 12. september sl., hefur Elías Rúnar Sveinsson, 1938-9324, Þórufelli 16 Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 7. nóvember 1985 á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f.h. borgarsjóðs til greiðslu skaðabóta vegna slyss er hann varð fyrir við íþróttaæfingu í húsakynnum stefnda í Laugardal.

Stefnandi er fæddur 10. janúar 1952, húsasmiður að atvinnu.

Þann 29. nóvember 1982 var hann að æfa grindahlaup í æfingasal undir áhorfendastúku í Laugardal sem mun vera nefndur Baldurshagi. Klukkan 19:00 hrasaði hann í bleytu á hlaupabraut þannig að vinstri fótur hans snerist. Gert var samdægurs að meiðslum hans á slysadeild Borgarsjúkrahússins, og var hann þar til 4. desember 1982. Hann var talinn óvinnufær til 12. júní 1983. Liðbönd og vöðvar í fætinum reyndust slitin og liðþófar rifnir. Vegna taugaskemmda lamaðist hann þannig að hann verður að nota sérstakan spelkubúnað við vinstri ökklalið. Áður en hann slasaðist hafði hann lengi stundað íþróttir og m.a. níu sinnum orðið Íslandsmeistari í tugþraut. Samkvæmt mati Björns Önundarsonar læknis hlaut stefnandi 100% örorku í 6½ mánuð, eftir það 65% í 3 mánuði og varanlega 35%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hefur þann 9. þ.m. metið höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps stefnanda miðað við slysdag, og reyndist tímabundin örorka að fjárhæð kr. 95.700,00 en varanleg 1.127.600,00 eða samtals kr. 1.223.300,00.

Þann 3. janúar 1985 veitti dóms- og kirkjumálaráðuneytið stefnanda gjafsókn.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 3.000.000,00 með 42% ársvöxtum frá slysdegi 29.11. 1982 til 20.9. 1983, með 35% ársvöxtum frá 21.9. 1983 til 20.10. 1983, með 32% ársvöxtum frá 21.10. 1983 til 20.11. 1983, með 27% ársvöxtum frá 21.11. 1983 til 20.12. 1983, með 21,5% ársvöxtum frá 21.12. 1983 til 20.1. 1984, með 15% ársvöxtum frá 21.1. 1984 til 12.8. 1984, með 17% ársvöxtum frá 13.8. 1984 til 31.12. 1984, með 24% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 10.5. 1985, með 22% ársvöxtum frá 11.5. 1985 til 28.2. 1986, með 12% ársvöxtum frá 1.3. 1986 til 31.3. 1986, með 9% ársvöxtum frá 1.4. 1986 til 9.9. 1986, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, þ.m.t. alls gagnaöflunarkostnaðar, allt skv. framlögðum málskostnaðarreikningi eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

Skaðabætur	kr.	2.750.000,00
Miskabætur	kr.	250.000,00
	kr.	3.000.000,00

Stefnandi viðurkennir að kröfur sínar eigi að lækka um kr. 175.052,00 vegna greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins o.fl.

Af stefnda hálfu er aðallega krafist sýknu og málskostnaðar, en til vara að sök verði skipt, stefnukröfur stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Óumdeilt er að bleyta sem var á hlaupabrautinni stafaði af þakleka. Stefnandi reisir kröfur sínar á því að orsakir slyssins verði einungis raktar til vanbúnaðar íþróttabyggingarinnar og gáleysis umsjónarmanns stefnda. Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á almennu skaðabótareglunni og reglum um húsbóndaábyrgð.

Aðalkrafa stefnda er á því byggð að hann beri enga ábyrgð á slysi stefnanda, hvorki samkvæmt almennu skaðabótareglunni né öðrum bótareglum. Því er sérstaklega andmælt að búnaður íþróttahússins hafi verið stefnda saknæmur eða starfsmenn og forráðamenn stefnda sýnt af sér saknæma vanrækslu sem valdið hafi slysinu. Jafnframt er aðalkrafan þeim rökum studd að stefnandi hafi firrt sig hugsanlegum bótarétti með því að taka á sig áhættu af slysinu, en hann hafi æft grindahlaup í íþróttahúsinu vitandi um bleytu á gólfinu og hættu á bleytumyndun á hlaupabrautunum. Stefndi telur að ekki sé hægt að sakast við umsjónarmann hússins, þar sem hann hafi þurrkað af gólfinu áður en stefnandi og félagar hans hófu æfingar. Stefndi bendir sérstaklega á að úrbætur hafi verið reyndar án árangurs

þannig að borgaryfirvöld hafi gert allt sem ætlast mátti til af þeim til að stöðva lekann. Hann telur ósaknæmt að leyfa fullorðnum og reyndum íþróttamönnum, sem var kunnugt um lekann, að æfa sig í húsinu. Varakrafan er byggð á því að stefnandi verði að bera meginhluta tjónssins sjálfur vegna eigin gáleysis og áhættutöku. Stefnufjárhæðum er andmælt sem allt of háum og órökstuddum.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og vitni hafa verið leidd. Í skýrslu stefnanda kom fram að hann hefði stundað æfingar í húsinu frá árinu 1970 og að allan þann tíma hefði borið á leka, einkum í vætutíð. Svo virðist sem æfingar hafi einungis farið fram innanhúss á vetrum og tilraunir verið gerðar til að stöðva lekann á sumrum. Æfingar innanhúss voru nýhafnar þegar slysið varð og telur stefnandi sig ekki hafa vitað til að læki þá um haustið eftir viðgerðir sem reyndar höfðu verið um sumarið. Æfingarnar fóru fram á vegum Knattspyrnufélags Reykjavíkur sem greiddi stefnda fyrir afnot af húsinu. Tími K.R. hófst kl. 17:00 þennan dag, en stefnandi og félagar hans tveir virðast hafa hafið æfingar eitthvað seinna. Umsjónarmaðurinn telur sig hafa þurrkað af gólfinu áður en æfingarnar hófust. Hann segir fötu hafa verið undir lekastað á hlaupabraut við hlið þeirrar brautar sem stefnandi var á er slysið varð, og kveðst hafa sett þar tvær þurrkur til að þurrka af gólfinu og taka við bleytu. Tveir íþróttamenn voru við æfingarnar með stefnanda. Kannast hvorki þeir né stefnandi við að gólfklútar eða fata hafi verið við lekastaðinn þegar þeir hófu æfingar. Stefnandi telur sig ekki hafa orðið varan við bleytu eða leka við upphaf æfinganna og segist einskis hafa orðið var í því efni fyrr en hann hrasaði. Umsjónarmaðurinn varaði íþróttamennina ekki sérstaklega við og engin aðvörunarskilti voru höfð uppi. Íþróttamennirnir sem með stefnanda voru kveðast báðir hafa orðið varir við bleytu er þeir komu í salinn, og annar þeirra, þjálfari hinna tveggja, kveðst hafa þurrkað upp bleytu.

Dómarinn hefur gengið á vettvang með umboðsmönnum aðila og athugað aðstæður. Salurinn sem æft var í er undir áhorfendastúku íþróttavallarins. Undir hallandi gólfi stúkunnar er mikið rými án útveggja og myndar gólfplata þess loft æfingasalarins. Þegar rignir inn undir stúkuna eða snjór bráðnar þar vill vatn leita gegnum plötuna þar sem lát er á henni og drýpur það þá niður á gólf æfingasalarins. Samkvæmt gögnum málsins þykir mega byggja á því að salurinn hafi verið notaður til íþróttaæfinga á vetrum allt frá árinu 1962 og allan tímann lekið meira og minna. Hin ýmsu íþróttafélög borgarinnar hafa fengið tíma í salnum og greitt gjald fyrir. Árið 1975 var sett sérstakt gúmmíefni á salargólfið. Efni þetta er nú orðið yfirleitt ekki notað utanhúss, þar sem það er talið heldur hált í bleytu, en hægt er að nota gaddaskó með allt að 6-7 mm göddum við æfingar á því. Þegar veður var viðsjárvert virðist umsjónarmaður jafnan hafa farið yfir salargólfið og

þurrkað upp bleytu áður en íþróttaæfingar hófust og sömuleiðis virðast íþróttamennirnir sjálfir og einkum þjálfarar þeirra hafa hugað að bleytu við slíkar aðstæður og annaðhvort þurrkað sjálfir upp af gólfinu eða kallað á umsjónarmann. Síðan urðu menn að gæta vel að sér ef búast mátti við að læki meðan á æfingu stóð. Töluvert virðist hafa verið gert til að stöðva leka eða draga úr honum með því að leggja vatnsþétt efni yfir verstu lekastaðina, en til að komast örugglega fyrir meinið mun þurfa að leggja sérstakt rakaþétt lag yfir plötuna og steypa síðan yfir með sérstakri steinsteypu. Þessi aðgerð er álitin munu kosta margar milljónir króna, og nægileg fjárframlög hafa enn ekki fengist til þess verks.

Alkunna er að íþróttamenn eru jafnan háðir veðurskilyrðum við æfingar og keppni utanhúss, og þótt íþróttasvæði séu undir þaki er engin trygging fyrir að þau séu laus við bleytu og leka. Þannig getur eðlilegur loftraki t.d. þést á gleri í gluggum og loftum og leitað niður á gólf. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að íþróttaaðstaðan í Baldurshaga hafi verið haldin þeim annmörkum vegna þakleka að óverjandi sé að láta íþróttamönnum hana í té til æfinga eða keppni. Fyrirsvarsmenn íþróttafélaganna hafa þegið að nota þessa aðstöðu vitandi um annmarkana, og íþróttamennirnir verða að laga sig að þeim aðstæðum sem þar eru, enda verður ekki talið að hægt sé að bæta úr því sem áfátt er öðruvísi en að leggja í mjög mikinn kostnað sem ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að borgaryfirvöld leggi í að viðlagðri skaðabótaskyldu gagnvart íþróttamönnunum ef illa fer. Telja verður með öllu ósannað að umsjónarmaður hússins hafi brugðist öðruvísi við en venja var til og ætlast mátti til af honum þegar hann varð bleytunnar var. Félagar stefnanda urðu báðir varir við bleytuna og það hefði stefnandi einnig átt að gera. Álitaefni er hvort stefndi hefði ekki átt að sjá til að greinileg skilti væru uppi í salnum um þá hættu sem stafaði af þaklekanum, en að því er stefnanda snertir verður ekki talið að hugsanleg vanræksla í því efni skipti máli þar sem hann var þaulkunnugur öllum aðstæðum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að slys stefnanda verði rakið til annars en vangæslu hans sjálfs eða óhappatilviljunar og þykir því verða að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi kveður útlagðan málskostnað sinn nema kr. 11.634,00 og er sú tala ágreiningslaus. Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Elíasar Rúnars Sveinssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður, þ.m.t. gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Arnmundar Backman hrl., kr. 150.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 216/1987. **Sýslusjóður Mýrasýslu**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Óðni Sigþórssyni
og gagnsök
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Lax- og silungsveiði. Bætur. Matsgerð. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara að kröfur gagnáfrýjanda verði færðar niður til verulegra muna. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. sama mánaðar.

Hann gerir þessar dómkröfur:

„1.1. *Aðallega* að aðaláfrýjandi Sýslusjóður Mýrasýslu verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.129.968,- með 5% ársvöxtum af kr. 244.526,- frá 1. desember 1982 til 1. desember 1983, en af kr. 499.391,- frá þeim degi til 1. desember 1984, en af kr. 811.650,- frá þeim degi til 1. desember 1985, en af kr. 1.129.968,- frá þeim degi til dómtökudags í héraði 8. desember 1986, en með

dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan áfram hæstu innlánsvöxtum til greiðsludags. Verði tekið fram um vextina eftir 8. desember 1986 að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 8. desember 1987.

1.2. *Til vara* að aðaláfrýjandi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 683.066,- með 45% ársvöxtum af kr. 74.690,- frá 1. desember 1982 til 21. september 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1983, en með 32% ársvöxtum af kr. 212.866,- frá þeim degi til 21. desember 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1984, en með 19% ársvöxtum af kr. 407.066,- frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, en með 45% ársvöxtum af kr. 683.066,- frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Verði tekið fram um vextina að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar 1983, og síðan árlega 1. janúar ár hvert, en til vara í fyrsta sinn 1. desember 1983 og síðan árlega 1. desember ár hvert.

2. Að aðaláfrýjandi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til greiðslu skuldar vegna málskostnaðar í matsmáli að fjárhæð kr. 80.000,- með 27% ársvöxtum frá 1. ágúst 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að aðaláfrýjandi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir héraðsdómi skv. gjaldskrá LMFÍ og beri málskostnaðarfjárhæð 27% ársvexti frá dómtökudegi

í héraði 8. desember 1986 til 1. mars 1987, en 30% ársvexti frá þeim degi til 14. apríl 1987, en dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Um vexti á málskostnaðinn verði tekið fram, að þeir skuli bætast við þann málskostnaðarhöfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 8. desember 1987.

4. Að aðaláfrýjandi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti skv. gjaldskrá LMFÍ. Beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá *aðallega* dómtökudegi en *til vara* þeim degi er dómur verður aðfararhæfur og til greiðsludags."

I.

Við flutning máls þessa fyrir Hæstarétti benti lögmaður gagnáfrýjanda á þrjú atriði, sem hann taldi ágalla á áfrýjun af hálfu aðaláfrýjanda. Ekki gerði hann þó kröfu um frávísun aðalsakarinnar. Þessi atriði voru að áfrýjunarleyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 30. júní 1987 væri gefið út til Guðmundar Péturssonar, Austurstræti 6 í Reykjavík, en ekki sýslusjóðs Mýrasýslu. Þá ætti heimilisfangið ekki við lögmann aðaláfrýjanda, sem hefði starfsstöð við Aðalstræti. Loks væri áfrýjunarleyfisins ekki skilmerkilega getið í áfrýjunarstefnu, þótt svo eigi að vera eftir 20. gr. 2. mgr. laga nr. 75/1973. Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður, Aðalstræti 6, er og hefur verið lögmaður aðaláfrýjanda og kom fram af hans hálfu, þegar áfrýjað var. Þau atriði, sem rakin voru, eru bersýnilega skekkjur, sem ekki leiða til ónýtingar aðalsakar, sbr. meginregluna í 195. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 þessu til stuðnings.

II.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um bætur fyrir veiðimissi í Hvítá fyrir jörðinni Einarsnesi í Borgarhreppi árin 1982-1985 að báðum meðtöldum. Hann byggir á gerðardómi frá 1959 um það, að bótaréttur sé til staðar. Síðan byggir hann á matsgerð frá 1986 um tvennt. Í fyrsta lagi það, að hann geti krafið aðaláfrýjanda um bætur eftir 1. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, og í öðru lagi um það, hve háar þær skuli vera.

Af hálfu aðaláfrýjanda er því haldið fram, að gerðardómurinn frá 1959 sé úr gildi fallinn vegna ákvæða laga nr. 76/1970. Standi 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 því í vegi, að aðaláfrýjanda sé skylt að hlíta lagaákvæðum um að hann greiði gagnáfrýjanda þær bætur, sem hér er um fjallað. Þó að svo yrði litið á að þetta stjórnarskrárákvæði ætti ekki við, færi um bætur til gagnáfrýjanda eftir 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, en þar sé bótaábyrgðin lögð á aðra aðila en aðaláfrýjanda. Loks er því haldið fram af hálfu aðaláfrýjanda til vara að hann beri, hvernig sem málið fer að öðru leyti, að sýkna af kröfu um bætur vegna áranna 1984 og 1985.

III.

Af hálfu aðaláfrýjanda er sýknukrafan rökstudd með því einum þræði sem fyrr segir að andstætt sé ákvæðum stjórnarskrár að almenn lög mæli fyrir um það að skaðabætur vegna lögmæltra eignaskerðinga — í því tilviki sem hér er um fjallað vegna takmarkana á lax- og silungsveiði — skuli greiddar úr sýslusjóði ef eignaskerðingin sé ekki í þágu sýslufélagsins. Byggir aðaláfrýjandi einkum á 67. gr. stjórnarskrárinnar þessu til stuðnings.

Í þessu sambandi þarf ekki sérstaklega um það að fjalla hvort veiðitakmarkanir þær sem lögmæltar eru í 35. gr. laga nr. 53/1957 hafi verið þess eðlis að þær hafi einungis mátt gera gegn greiðslu bóta. Ætla má að þessar takmarkanir hafi verið reistar á því viðhorfi að þó að þær yrðu nokkrum veiðiréttareigendum til tjóns mundu þær stuðla að aukinni veiði hjá til muna fleiri veiðieigendum sem veiðirétt ættu ofar á vatnasvæði og væri þetta sýslufélagi óbeint til hagsbóta. En hvað sem því líður skjóta hin tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrárinnar ekki loku fyrir, eins og hér stóð á, að almenni löggjafinn mælti fyrir um hlutdeild sýslusjóða í þeim skaðabótagreiðslum sem um var að tefla. Þá er og á það að líta að sýsluyfirvöld Mýrasýslu féllust í verki á greiðsluskyldu sína með því fyrst að semja um að gerðardómur ákvæði skaðabótafjárhæð samkvæmt áðurnefndri 35. grein og síðan að greiða gagnáfrýjanda bætur samkvæmt úrskurði gerðardómsins allt til ársins 1969. Greiðslur eftir það sýnast hafa verið inntar af hendi með þeim fyrirvara að greiðsluskyldu væri eigi fyrir að fara.

Samkvæmt þessu verður Sýslusjóður Mýrasýslu ekki sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda af þeirri ástæðu sem hér er um fjallað.

IV.

Þær skorður sem reistar eru í 35. gr. laga nr. 76/1970 við lax- og silungsveiði með föstum veiðivélum og takmarka möguleika gagnáfrýjanda til veiði fyrir landi sínu, eru öldungis hinar sömu og lögleiddar höfðu verið með 35. gr. laga nr. 53/1957. Einungis var hið sérstæða bótaákvæði í 35. gr. hinna eldri laga fellt niður með 15. gr. laga nr. 38/1970. Síðast greind lög voru samkvæmt heimild í 64. gr. þeirra felld inn í lög nr. 53/1957 og þau endurútgefin sem lög nr. 76/1970.

Þegar lög nr. 38/1970 tóku gildi höfðu gagnáfrýjanda verið ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi hans, þann er leiddi af lögtöku 35. greinar laga nr. 53/1957. Voru þær bætur ákveðnar eftir fyrirmælum nefnds ákvæðis, en með nokkrum afbrigðum. Þannig voru bæturnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við aðaláfrýjanda ákvarðaðar af yfirmatsmönnum samkvæmt 3. tl. 107. gr. laga nr. 53/1957 sem gerðardómsmönnum. Í gerð sinni viku þeir og frá ákvæðum 35. gr. um ákvörðun skaðabótanna. Var það gert til að samrýma bótaákvæði þetta þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar 67. gr. stjórnarskrárinnar svo og meginreglum laga að því er í úrskurði þeirra segir. Er þetta allt gjörla rakið í hinum áfrýjaða dómi, sem og það að úrskurði þessum hlíttu bæði aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi meðan lög nr. 53/1957 héldust óbreytt í gildi.

V.

Í lögum nr. 76/1970 er ekkert ákvæði, sem ótvírætt mælir fyrir um að þeir menn, sem fengið höfðu sér ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957, en ekki fengið þær greiddar við gildistöku hinna nýju laga, ættu að missa tilkall sitt til þeirra bóta, en þess í stað hlíta því að ógreiddar bætur yrðu ákveðnar að nýju eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 76/1970. Verður ekki litið svo á að breyting sú er gerð var 1970 á lögum nr. 53/1957 standi því í vegi ein sér að gagnáfrýjandi megi krefja aðaláfrýjanda um skaðabætur fyrir veiðimissi 1970 og síðar á grundvelli þess úrskurðar sem gerðardómsmenn kváðu upp hinn 29.

september 1959, svo sem hann gerir í máli þessu um að bótaréttur sé til staðar.

VI.

Sem fyrr segir hélt lögmaður aðaláfrýjanda því fram þegar mál þetta var munnlega flutt fyrir Hæstarétti, að ekki gæti komið til bótagreiðslu vegna áranna 1984 og 1985, hver sem úrslit málsins ella yrðu, þar sem í gerðardóminum frá 1959 væri aðeins mælt um bætur í 25 ár.

Lögmaður gagnáfrýjanda ítrekaði kröfu sína og studdi það bæði efnisrökum og réttarfarsrökum. Taldi hann í fyrsta lagi að hér væri um nýja málsástæðu að ræða, sem hvorki hefði komið fram í héraði, í áfrýjunarstefnu eða greinargerð fyrir Hæstarétti. Ætti hún því ekki að koma til álita skv. 45. gr. laga nr. 75/1973. Væri og ljóst að aðaláfrýjandi hefði til þessa jafnan á því byggt að gerðardómurinn frá 1959 hefði ekki þýðingu eftir gildistöku laga nr. 76/1970. Í gerðardóminum væri og ljóslega út frá því gengið að bæturnar skyldi greiða ótímabundið. Hið sama kæmi beinlínis fram í matsgerðinni 1986.

Lögmaður aðaláfrýjanda hafði þau andsvör, að hann hefði jafnan krafist sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og rökstutt þá kröfu með því að um greiðsluskyldu væri ekki að ræða. Í greinargerð hans í héraði segði, að það væri „ótæk niðurstaða að greiða bætur á hverju ári, árum saman. Þær hljóta nú að vera að fullu greiddar, hafi þá einhverntíma verið lögskylt að greiða þær.“ Sama sjónarmið hefði komið fram í skjali frá oddvita sýslunefndar, sem lagt hefði verið fram í héraði, svo og í greinargerð í matsmálinu sem lauk 1986. Hefði þess vegna komið nægilega fram, að á þessu sjónarmiði væri byggt til rökstuðnings sýknukröfunni. Lögmaðurinn kvað sýknukröfuna að sönnu aðallega rökstudda með því, að aðaláfrýjanda væri óskylt að greiða bætur eftir 1. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970. Færi svo mót von sinni að kröfur gagnáfrýjanda yrðu teknar til greina og byggt á gerðardómnum frá 1959 og matsgerðinni frá 1986 hlyti að mega koma að þeim rökum að eftir gerðardómnum væri greiðsluskyldan takmörkuð við 25 ár.

Skerðing sú, sem varð á veiðiheimildum gagnáfrýjanda, var vegna laga nr. 53/1957 og kom til framkvæmda við gildistöku þeirra. Gerðardómur gekk um bótaskyldu og bætur 1959. Í honum var ekki

ljóslega sagt, hvort bætur skyldi greiða í 25 ár eða lengur. Skýringargögn skera ekki heldur úr.

Úrslitum ræður, að í 35. gr. laga nr. 53/1957 segir að greiðsla bótanna skiptist á 25 ár. Um þau atriði, sem gerðardómurinn er ekki afdráttarlaus, verður að fara eftir lögunum. Er hin efnislega niðurstaða því sú að aðaláfrýjanda sé ekki, hvað sem líður bótaskyldu hans að öðru leyti, skylt að greiða bætur fyrir árin 1984 og 1985, enda er ekkert í lögum nr. 76/1970, sem leiðir til annarrar niðurstöðu og yfirmatsgerðin 1986 eða fyrri yfirmatsgerðir geta ekki breytt því réttarsambandi, sem kveðið var á um árið 1959.

Þarf þá að skera úr því, hvort réttarfarsástæður valdi því að dæma beri aðaláfrýjanda til greiðslu bóta fyrir árin 1984 og 1985 í þessu máli hvað sem efnisrétti líður. Í þeim gögnum, sem liggja fyrir Hæstarétti, kemur ekki fram að af hálfu aðaláfrýjanda hafi þess verið ljóslega krafist, eða það rökstutt fyrr en í munnlegum flutningi hér fyrir dómi, að sýkna beri af kröfunni um bætur fyrir árin 1984 og 1985, hvernig sem fer um bætur fyrir árin 1982 og 1983. Hér er þó þess að gæta, að aðaláfrýjandi hefur jafnan krafist sýknu og að atvikalýsing í málinu felur í sér frásögn af samskiptum aðila allt frá 1957. Þess er ennfremur að gæta að í yfirlýsingum aðaláfrýjanda og lögmanns hans felst engin viðurkenning á því að um bætur fyrir árin 1984 og 1985 skuli fara með sama hætti og fyrri ár. Aðalþáttur ágreinings aðila um þetta er lagalegs eðlis, en varðar ekki atvik, sem viðbótargögn þarf um. Eftir meginreglu 45. gr. laga nr. 75/1973 verður því að hafna því, að réttarfarsástæður standi því í vegi að dómur gangi um efnisrök þau, sem fram hafa komið frá aðaláfrýjanda hér fyrir dómi og lýst var.

Samkvæmt framanskráðu verður aðaláfrýjandi sýknaður af bótakröfum gagnáfrýjanda vegna áranna 1984 og 1985.

VII.

Með gerðardómsúrskurðinum 29. september 1959 sem aðaláfrýjandi er bundinn af gagnvart gagnáfrýjanda á þann veg sem fyrr greinir, voru bætur til gagnáfrýjanda ákveðnar sem tiltekið árgjald sem aðiljum var þó heimilað að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 til breytingar ef aðstæður breyttust, eftir því sem nánar sagði í úrskurðinum.

Það leiddi af gerðardómsúrskurðinum að þegar lög nr. 76/1970 höfðu leyst lög nr. 53/1957 af hólmi bar ákvörðun um breytingu á árgjaldinu eftirleiðis undir matsmenn samkvæmt hinum nýju lögum.

Í flutningi málsins fyrir Hæstarétti kom fram að af hálfu aðaláfrýjanda er ekki mótmælt niðurstöðu þeirri, sem yfirmatsmenn komust að 25. júní 1986 varðandi tjón gagnáfrýjanda árin 1982 og 1983, ef til bóta á að koma. Verður niðurstaða þeirra lögð til grundvallar um bótafjárhæð.

Gerðardómurinn frá árinu 1959 er grundvöllur réttar gagnáfrýjanda til bóta. Eftir gerðardómnum skyldi aðaláfrýjandi greiða fjórðung bótanna, sbr. 35. gr. 3. mgr. laga nr. 53/1957. Í lögum nr. 76/1970 er ekki sagt að 95. gr. þeirra leiði til breytinga á réttarsambandi, sem stofnað var til í gildistíð laga nr. 53/1957 þannig að skyldur aðaláfrýjanda aukist að því er hlutdeild í bótum varðar. Verður því að telja að hlutur sýslusjóðsins skuli vera óbreyttur eftir gildistöku laganna frá 1970. Fá yfirmatsgerðir þær, sem fyrir liggja, fyrst frá 1973 og síðast frá 1986, ekki breytt þeirri niðurstöðu, sem byggð er á lögum. Aðaláfrýjandi krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda en þess til vara að fjárhæðir verði lækkaðar. Byggja verður á því að greiðslur aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda fyrir árin 1970-1981 hafi verið inntar af hendi með þeim fyrirvara að ekki væri um greiðsluskyldu að ræða. Verður honum því gert að greiða gagnáfrýjanda fjórðung tjóns hans á árunum 1982 og 1983.

VIII.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda fjórðung af tjóni hins síðarnefnda á árunum 1982 og 1983. Eftir matinu, sem fyrr er nefnt, var helmingur tjónsins talinn

1982	74.690 krónur
1983	138.176 krónur
alls	212.866 krónur

en fjórðungur tjónsins er þá 106.433,00 krónur.

Af hálfu gagnáfrýjanda er þess krafist í aðalkröfu að við skaðabæturnar bætist verðbætur til jafns við breytingar á lánskjaravísitölu, en vextir verði síðan 5% á ári. Er þessari kröfu lýst í héraðs-

dómi. Ber að fallast á það, sem þar segir um þessa verðbótakröfu. Verða gagnáfrýjanda dæmdir vextir eftir varakröfu hans í 1. kröfulið, svo sem nánar greinir í dómsorði. Þess er að gæta að í varakröfu gagnáfrýjanda um vexti felst ekki krafa um dómvexti. Verða honum dæmdir vaxtavextir frá 1. febrúar 1985, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands 18. janúar 1985, þannig að vöxtum sem á falla eftir nefndan dag skal bæta við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986, og vextir síðan reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Gagnáfrýjandi krefst sérstaklega málskostnaðar í matsmáli því, sem rekið var til að fá mat yfirmatsmanna, sem starfa skv. 94. gr. 3. mgr. laga nr. 76/1970. Gekk ágreiningurinn beint til þeirra eins og heimilað er í 4. mgr. lagagreinarinnar. Matsgerðin er dagsett 25. júní 1986. Kröfur þær, sem gagnáfrýjandi setti fram og matsmenn fjölluðu um, eru teknar orðrétt upp í hinn áfrýjaða dóm. Málið er nú dæmt á þann veg að matið nýtist aðeins að hluta. Verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda þriðjung þessa kostnaðar sem hluta málskostnaðar.

Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti með vöxtum. Úrslit málsins hér fyrir dómi eru ekki hin sömu og í héraði og er því eigi unnt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Er rétt að dæma gagnáfrýjanda málskostnað í einu lagi úr hendi aðaláfrýjanda. Þykir hann hæfilega ákveðinn 100.000,00 krónur samtals fyrir báðum dómum. Ekki er unnt að taka til greina kröfu um vexti af málskostnaði. Er það fordæmisregla í íslenskum rétti að slíka vexti skuli eigi dæma, sbr. til dæmis hæstaréttardóm 29. febrúar sl. í hæstaréttarmáli nr. 24/1987.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sýslusjóður Mýrasýslu, greiði gagnáfrýjanda, Óðni Sigþórssyni, 106.433,00 krónur með ársvöxtum sem hér segir: af 37.345,00 krónum: 45% frá 1. desember 1982 til 21. september 1983, síðan 37% til 21. október s.á., síðan 36% til 21. nóvember s.á., síðan 32% til 1. desember s.á.; af 106.433,00 krónum: 32% frá 1. desember 1983 til 21. s.m., síðan 25% til 21. janúar 1984, síðan 19% til 1. janúar 1985,

síðan 32% til 1. febrúar s.á., síðan 39% til 1. mars s.á., síðan 48% til 1. júní s.á., síðan 42% til 1. september s.á., síðan 45% til 1. mars 1986, síðan 33% til 1. apríl s.á., síðan 27% til 1. mars 1987, síðan 30% til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum eftir III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá síðastgreindum degi til greiðsludags. Vöxtum sem falla á höfuðstól kröfunnar frá 1. febrúar 1985 skal bætt við hann á 12 mánaða fresti frá þeim degi, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986, og vextir síðan reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. desember 1986.

Mál þetta sem dómtekið var 8. desember 1986 höfðaði Sigríður Guðmundsdóttir, nnr. 7620-1064, Einarsnesi, Borgarhreppi, Mýrasýslu, f.h. óskipts félagsbús hennar og Sigþórs Þórarinssonar og dánarbús hans gegn sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. Sýslusjóðs Mýrasýslu, nnr. 6584-4354, Borgarnesi, með þingfestingu málsins 12. janúar 1984.

Hinn 1. janúar 1984 eignaðist Óðinn Sigþórsson jörðina Einarsnes, en mál þetta snýst um réttindi tengd jörðinni. Í þinghaldi 2. maí 1984 var dóminum tilkynnt að Óðinn hefði tekið við sóknaraðild málsins.

Hinn 10. september 1986 höfðaði stefnandi framhaldssök með framlagningu framhaldsstefnu í dóminum, en af hálfu stefnda hafði verið samþykkt að framhaldssök yrði höfðuð án stefnubirtingar.

Mál þetta var endurupptekið til frekari gagnaöflunar 22. þ.m., flutt á nýjan leik og dómtekið sama dag.

Með úrskurði uppkveðnum 12. janúar 1984 vék hinn reglulegi dómari, Rúnar Guðjónsson sýslumaður, sæti í málinu. Með bréfi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 17. febr. 1984 var Friðgeir Björnsson borgardómari skipaður setudómari í málinu.

Dómkröfur stefnanda í frumsök og framhaldssök eru þessar:

1.1. *Aðallega* að stefndi Sýslusjóður Mýrasýslu verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.129.968,00 með 5% ársvöxtum af kr. 244.526,00 frá 1. desember 1982 til 1. desember 1983, en af kr. 499.391,00 frá þeim degi til 1. desember 1983, en af kr. 811.650,00 frá þeim degi til 1. desember 1984, en af kr. 1.129.968,00 frá þeim degi til dómtökudags 8. desember 1986, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Verði

tekið fram um vextina að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar næstan á eftir dómtökudeginum, en *til vara* í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir dómtökudaginn.

1.2. *Til vara* að stefndi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 683.066,00 með 45% ársvöxtum af kr. 74.690,00 frá 1. desember 1982 til 21. september 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1983, en með 32% ársvöxtum af kr. 212.866,00 frá þeim degi til 21. desember 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1984, en með 19% ársvöxtum af kr. 407.066,00 frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, en með 45% ársvöxtum af kr. 683.066,00 frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Verði tekið fram um vextina að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar 1983, og síðan árlega 1. janúar ár hvert, en *til vara* í fyrsta sinn 1. desember 1983 og síðan árlega 1. desmber ár hvert.

2. Að stefndi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til greiðslu skuldar vegna málskostnaðar í matsmáli að fjárhæð kr. 80.000,00 með 27% ársvöxtum frá 1. ágúst 1986 til greiðsludags.

3. Að stefndi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað í máli þessu skv. gjaldskrá LMFÍ og beri málskostnaðarfjárhæð 27% ársvexti frá *aðallega* dómtökudegi, en *til vara* þeim degi er dómur verður aðfararhæfur. Um vexti á málskostnaðinn verði tekið fram að þeir skuli bætast við þann málskostnaðarhöfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar næstan á eftir upphafstíma vaxtanna en *til vara* í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafstímann.

Dómkröfur stefnda í báðum sökum eru þær aðallega að hann verði algerlega sýknaður en til vara að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar.

Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu í báðum sökum.

Málavextir, málsástæður og lagarök:

Eins og að framan greinir er stefnandi eigandi jarðarinnar Einarsness, og í máli þessu krefur hann stefnda um bætur fyrir skerðingu veiðiréttinda

jarðarinnar í Hvítá í Borgarfirði. Stefnandi krefur um bætur vegna áranna 1982 - 1985 að báðum meðtöldum. Stefnandi hefur lagt fram sundurliðun á kröfu sinni sem miðuð er við hvert ár fyrir sig, bæði með og án þeirra verðbóta sem hann krefst að stefndi greiði sér.

Sundurliðunin er sem hér segir:

1982:

kr. 74.690,00 x $\frac{1542}{471}$ = kr. 244.526,00

1983:

kr. 138.176,00 x $\frac{1542}{836}$ = kr. 254.865,00

1984:

kr. 194.200,00 x $\frac{1542}{959}$ = kr. 312.259,00

1985:

kr. 276.000,00 x $\frac{1542}{1337}$ = kr. 318.318,00

kr. 1.129.968,00

Krafa stefnanda án verðbóta nemur kr. 683.066,00.

Samkvæmt ákvæðum 35. gr. laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði skertust veiðiréttindi Einarsness í Hvítá. Með eiganda jarðarinnar, Sigþóri Þórarinssyni, og þeim sem krafðir voru um bætur vegna skerðingar á veiði, Sýslusjóði Mýrasýslu og ríkissjóði, varð samkomulag um að yfirmatsmenn skv. XVI. kafla laga nr. 53/1957 skipuðu gerðardóm.

Fleiri jarðeigendur við Hvítá en eigandi Einarsness voru aðilar að gerðardómssamningnum og gerðardómsmálinu.

Að því er best verður af gerðardóminum séð þá var réttur eiganda Einarsness til bóta óumdeildur, en deilt um bótafjárhæð og fyrirkomulag greiðslu. Þá segir í gerðardóminum að fallist hafi verið á, af hálfu ríkissjóðs, að yfirmatsmennirnir dæmi sem gerðardómur um stjórnskipulegt gildi 3. tl. 35. gr. laga nr. 53/1957. Ekki kemur glöggt fram í gerðardóminum hver gerði þá kröfu sem ríkissjóður féllst á.

Hvernig sem því var varið, þá varð niðurstaða gerðardómsins m.a. sú að ákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957 um greiðslu bóta fyrir veiðiskerðingu á 25 árum leiddu til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu þar sem gera mætti ráð fyrir að verðgildi peninga breyttist í framtíðinni. Ennfremur að ákvörð-

un skaðabóta í eitt skipti fyrir öll samkvæmt 35. gr. og greiðsla þeirra á 25 árum leiddu til ótækrar niðurstöðu er yrði í algeru ósamræmi við meginreglur laga.

Í framhaldi af þessu segir orðrétt í gerðardóminum:

„Samkvæmt þessu telja gerðardómendur eigi aðra leið færa en að kveða á árlegt gjald sem greiðist að loknum veiðitíma hvers árs. Aðiljum, veiðieiganda, ríkissjóði eða sýslusjóði, skal hins vegar vera rétt að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 árgjald það sem í gerðardómi þessum er ákveðið, þá er breyting verður á rennsli Hvítár, verð á laxi breytist eða aðrar breytingar verða á aðstæðum, er meginmáli skipta."

Þá benda gerðardómendur á að hægt sé að skilja ákvæði 3. tl. 35. gr. á mismunandi vegu, en á hvern veginn sem það verði skilið geti það haft í för með sér slíka mismunun veiðieigenda að eigi fái samrýmst sjónarmiðum þeim sem liggi til grundvallar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar telja gerðardómendur rétt að hafa hliðsjón af vilja löggjafans til að takmarka bótagreiðslur vegna ákvæðis laganna um lengd fastra veiðivéla þannig að einstökum veiðieigendum sé eigi mismunað.

Gerðardómendur dæma eiganda Einarsness bætur fyrir veiðiskerðingu árin 1958 og 1959.

Á grundvelli framangreinds gerðardóms voru eiganda Einarsness ákvarðaðar bætur allt til ársins 1969, en gerðardómsmennirnir munu hafa metið tjónið í gerðardómi árin 1961, 1964, 1967 og 1970.

Með lögum nr. 38/1970 voru gerðar breytingar á lögum nr. 53/1957 og þau lög svo breytt gefin út að nýju sem lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Reglum laganna um greiðslu bóta fyrir veiðiskerðingu var breytt.

Í 35. gr. laga nr. 53/1957 sagði m.a. eftirfarandi: „Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis. Þá skal þeim, er í missir, bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er fram yfir 30%. Skaðabætur greiðast að ¾ úr ríkissjóði og að ¼ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi héraða, og skal greiðslan skiptast á 25 ár."

95. gr. laga nr. 76/1970 er svohljóðandi:

„1. Nú hefur veiðieigandi er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana að mestu eða öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 94. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sjóði sýslu þeirrar eða sýslna, sem í hluta eiga.

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur

veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu."

Hinn 4. ágúst 1972 ritaði eigandi Einarsness gerðardómsmönnunum bréf og krafðist þess að sér yrðu úrskurðaðar bætur fyrir árið 1970 vegna skerðingar á veiði í Hvítá fyrir landi jarðarinnar. Gerðardómsmennirnir höfðu þá verið skipaðir yfirmatsmenn skv. 3. tl. 94. gr. laga nr. 76/1970.

Af hálfu eiganda Einarsness og ríkissjóðs var talið rétt að yfirmatsmennirnir úrskurðuðu bætur sem gerðardómendur, en því var mótmælt af hálfu stefnda, Sýslusjóðs Mýrasýslu. Stefndi taldi gerðardómssamning aðila niður fallinn vegna þess að bótaákvæðum lax- og silungsveiðilaganna hefði verið gjörbreytt með lögum nr. 76/1970. Stefndi mótmælti því að honum bæri skylda til að greiða eiganda Einarsness bætur. Stefndi féllst hins vegar á það að matið yrði endanlegt og bindandi hvað fjárhæðir snerti og sömuleiðis að ganga framhjá undirmati. Gerðardóms- og yfirmatsmennirnir taka fram í úrskurði sínum frá 23. maí 1973 að þeir ákveði bætur til eiganda Einarsness með sama hætti hvort sem þeir teljist gerðardómendur eða yfirmatsmenn skv. 3. tl. 94. gr. laga nr. 76/1970, en í ákvörðun þeirra segir m.a. svo:

„Samkvæmt gögnum þeim er fyrir liggja og athugun á vettvangi telja undirritaðir að tjónbætur til sækjanda máls þessa beri að ákveða samkvæmt 1. og 2. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970. Gætt hefur verið fyrirmæla 2. töluliðs 95. gr. laganna.

Að athuguðum öllum gögnum og aðstæðum eru bætur til sóknaraðila, Sigþórs Þórarinssonar, fyrir árið 1970 ákveðnar kr. 300.000,00 auk 7% ársvaxta frá 4. ágúst 1972.

Framangreindar bætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði Mýrasýslu, svo og kr. 20.000,00, málflutningslaun Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns."

Gerðardóms- og yfirmatsmennirnir ákveða eiganda Einarsness síðan bætur 18. júní 1974 og þá fyrir árin 1971 - 1973, 3. maí 1976 ákveða þeir eigandanum bætur væntalega fyrir árin 1974 og 1975, en ákvörðunin frá 3. maí hefur ekki verið lögð fram í málinu. Loks hinn 13. júní 1977 ákvarða gerðardóms- og yfirmatsmennirnir eiganda Einarsness bætur fyrir árið 1976. Úrskurðirnir frá 1974, 1976 og 1977 eru nánast samhljóða úrskurðinum frá 1973 að öðru leyti en um bótafjárhæð.

Árið 1977 varð að samkomulagi milli eiganda Einarsness, stefnda og ríkissjóðs að bótafjárhæðin fyrir árið 1976 yrði framreiknuð samkvæmt almennum verðlagsbreytingum og með hliðsjón af laxveiði og hækkun búvöruverðs til bænda og bætur greiddar samkvæmt þeim framreikningi. Fór

svo fram um bætur fyrir árin frá 1977 til 1981. Stefndi greiddi helming og ríkissjóður helming.

Haustið 1982 mun eigandi Einarsness hafa óskað eftir greiðslu bóta vegna ársins 1982 á sama grundvelli. Bótafjárhæð framreiknuð fyrir árið 1982 nam kr. 149.380,00. Ríkissjóður greiddi helming þeirrar fjárhæðar. Af hálfu stefnda var kröfu eiganda Einarsness um greiðslu bóta formlega hafnað með bréfi sýslumanns dags. 14. mars 1983.

Í frumsök í málinu krafði stefnandi stefnda um bætur vegna veiðiskerðingar árin 1982 og 1983 og byggði kröfu sína á því að stefnda bæri að greiða helming bóta fyrir hvort ár. Bótafjárhæðin var fundin með sama framreikningi á bótum fyrir árið 1976 og tíðkast hafði til ársins 1981. Ríkissjóður hafði greitt helming bótafjárhæðarinnar fyrir bæði árin.

Í þinghaldi í máli þessu 24. apríl 1985 er eftirfarandi bókað:

„Dómarinn beinir þeim tilmælum til lögmanna aðila að láta framkvæma mat á því hvort veiðiskerðing fyrir landi Einarsness sé fyrir hendi, og ef sú verði niðurstaðan hvort hún sé meiri háttar, sbr. 1. og 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 og hvert tjón eiganda Einarsness af veiðiskerðingu árin 1982 og 1983 hafi þá verið. Fyrra atriðið þykir snerta málatilbúnað stefnda, en síðara atriðið málatilbúnað stefnanda."

Aðilar málsins urðu sammála um að ganga framhjá undirmati og snúa sér beint til yfirmatsmanna samkvæmt heimild í 4. mgr. 94. gr. laga nr. 76/1970, sem þeir gerðu með matsbeiðni dags. 29. apríl 1985.

Yfirmatsgerðin er dags. 25. júní 1986. Í matsgerðinni koma fram kröfur aðila fyrir yfirmatsmönnum. Segir þar svo:

„Eigandi Einarsness hefir gert eftirfarandi kröfur fyrir yfirmatsnefndinni:

1. Að matsnefndin staðfesti að fyrir liggi bindandi úrlausn í eitt skipti fyrir öll um að skerðing sú sem varð á Einarsnesveiðum við setningu 35. gr. laga nr. 53/1957, sbr. nú 35. gr. laga nr. 76/1970 sé þess háttar skerðing sem 1. mgr. sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 fjallar um. Staðfesting þessi verði veitt með frávísun á kröfu Sýslunefndar Mýrasýslu um að skerðing þessi verði talin falla undir 3. mgr. 95. gr. eða með beinni viðurkenningu yfirmatsnefndarinnar eftir því hvorn háttinn hún telur réttan.

2. Verði ekki orðið við kröfunni skv. 1. tl. er þess krafist að yfirmatsnefndin úrskurði að þar greind skerðing á Einarsnesveiðum falli undir 1. mgr. sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970.

3. Þá er þess krafist að metnar verði hæfilegar bætur úr hendi matsbeiðandans Sýslunefndar Mýrasýslu til handa eiganda Einarsness vegna fyrrgreindrar veiðiskerðingar árin 1982 til og með 1985 (þ.e. hæfileg helmingshlutdeild sýslusjóðs skv. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970), jafnháar bætur og ríkissjóður hefur greitt nefnd ár, en þær hafa numið:

Árið 1982 kr. 74.690,00
Árið 1983 kr. 138.176,00
Árið 1984 kr. 194.200,00
Árið 1985 kr. 276.000,00

Þá krefst eigandi Einarsness hæfilegs matskostnaðar fyrir yfirmatsnefndinni úr hendi Sýslunefndar Mýrasýslu.

Sýslunefnd Mýrasýslu hefir gert þær kröfur að yfirmatsnefndin synji eiganda Einarsness um allar frekari bætur úr hendi Sýslusjóðs Mýrasýslu á því tjóni sem jarðeigandinn telur sig hafa beðið við setningu 35. gr. laga nr. 53/1957, sbr. nú 35. gr. laga nr. 76/1970.

Líti yfirmatsnefndin hins vegar svo á að um bótagrundvöll sé að ræða verði fjárhæðir færðar niður til verulegra muna frá þeim tölum sem jarðeigandi byggir á og greiðsluskylda þá lögð á eigendur veiðiréttar í fiskihverfinu skv. 3. tl. 95. gr.

Sýslunefndin gerir ekki sjálfstæða kröfu um málskostnað í matsmálinu úr hendi gagnaðila, þar eð væntanleg yfirmatsgjörð sé hugsuð sem málsskjal til framlagningar í dómsmáli því sem eigandi Einarsness hefur höfðað fyrir aukadómþingi Mýrasýslu. Verði þá væntanlega tekin afstaða til málskostnaðargreiðslu í því máli."

Síðar segir áfram í matsgerðinni:

„Lögmenn aðilja hafa lagt fram margvísleg gögn fyrir yfirmatsnefndina, þar á meðal skýrslur um laxveiði á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði árin 1946 - 1985 og um laxveiði fyrir landi Einarsness árin 1947 - 1985. Þá hafa lögmenn aðilja lagt fram greinargerðir og flutt málið munnlega fyrir yfirmatsnefndinni.

Með bréfi, dags. 23. apríl 1986, leitaði yfirmatsnefnd umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar í málinu, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Umsögn nefndra aðilja er dagsett 22. maí 1986. Í henni kemur fram, að þeir eru sammála um það álit, að túlka beri orðin „að mestu eða öllu" í 1. mgr. 95. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 svo, að veiði eiganda beri bætur samkvæmt téðu lagaákvæði ef hann hefur misst 60% eða meira af veiði vegna þess að lögin fyrirmuni honum að nota þá veiðiaðferð er hann áður mátti einni viðkoma.

Sýslusjóður Mýrasýslu byggir kröfur sínar í málinu m.a. á því að skerðing á laxveiðimöguleikum Einarsness séu, a.m.k. frá árinu 1982, ekki svo mikil að réttmætt sé að heimfæra hana undir l. sbr. 2. mgr. 95. gr. laxveiðilaganna. Frekar beri að heimfæra hugsanlegt tjón veiðieiganda undir 3. mgr. fyrrgreindrar 95. gr.

Einnig er því haldið fram sem sjálfstæðri sýknuástæðu að laxveiði í Einarsnesi hafi á nýjan leik stóraukist og veiðimöguleikar batnað svo, að

óvíst sé að jörðin eigi nokkurn rétt til bóta, þegar borið er saman við veiði annarra jarða, sem engar bætur hafa hlotið.

Af hálfu sýslunefndarinnar hefur því og verið haldið fram og á því byggðar sýknukröfur, að verulegar breytingar hafi orðið á rennsli Hvítár eftir að brú var gerð yfir Borgarfjörð sem valdi því að skaðabótaskylda sýslunnar sé hugsanlega ekki lengur til staðar eða að minnsta kosti að tjónið sé ekki svo verulegt að það verði heimfært undir 1. tölul. 95. gr. laxveiðilaganna, heldur þá öllu frekar undir 3. mgr. hennar.

Þá er af hálfu sýslunefndarinnar vakin athygli á því að ós Hvítár hafi verið færður til muna neðar og við það skapast nýir veiðimöguleikar fyrir landi Einarsness.

Lögmaður sýslunefndarinnar heldur því fram að leggja beri kostnað af yfirmati þessu á ríkissjóð.

Samkvæmt útreikningum byggðum á tölum um heildarlaxveiði á vatnasvæði Hvítár annars vegar og tölum um veiði fyrir landi Einarsness hins vegar eru yfirmatsmenn á einu máli um það að veiðieigandi hafi öll árin 1982 - 1985 misst veiði „að mestu" í skilningi 1. mgr. 95. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Hann á því rétt á skaðabótum skv. 2. mgr. 95. gr. nefndra laga. Ber Sýslusjóði Mýrasýslu að greiða þær bætur að hálfu samkvæmt téðu lagaákvæði. Þótt ós Hvítár hafi með yfirmatsgerð 6. desember 1977 verið færður neðar og við það hafi skapast nýir veiðimöguleikar fyrir landi Einarsness, þá er það óviðkomandi hinu svonefnda bakkaákvæði 35. gr. margnefndra laga og á því ekki að skerða bótarétt eiganda Einarsness.

Samkvæmt þessu hefir yfirmatsnefnd orðið sammála um að meta eiganda Einarsness sömu skaðabætur úr hendi Sýslusjóðs Mýrasýslu fyrir árin 1982 - 1985 og hann hefur fengið greiddar úr ríkissjóði.

Bæturnar eru miðaðar við verðlag hvers árs.

Sýslusjóði Mýrasýslu er og gert að greiða eiganda Einarsness lögmannskostnað fyrir yfirmatsnefndinni, kr. 80.000,00.

Sýslusjóður Mýrasýslu á að greiða þóknun til yfirmatsmanna, enda er eigi unnt að leggja þann kostnað á ríkissjóð, þar sem hann er ekki aðili að matsmáli þessu, og hefir þar að auki reglulega greitt eiganda Einarsness sinn helming skaðabótanna...

Matsorð:

Sýslusjóður Mýrasýslu greiði eiganda Einarsness skaðabætur samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði fyrir árin 1982 - 1985 sem hér segir:

Fyrir árið 1982 kr. 74.690,00

Fyrir árið 1983 kr. 138.176,00

Fyrir árið 1984 kr. 194.200,00
Fyrir árið 1985 kr. 276.000,00
Bæturnar eru miðaðar við verðlag hvers ár.

Sýslusjóðurinn greiði eiganda Einarsness lögmannskostnað fyrir yfirmatsnefndinni, kr. 80.000,00, svo og þóknun til yfirmatsmanna."

Í framhaldssök gerði stefnandi þær kröfur á hendur stefnda að stefndi greiddi honum bætur fyrir veiðiskerðingu árin 1984 og 1985, sömu fjárhæðir og greinir í matsorði yfirmatsmanna.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að um greiðsluskyldu stefnda fari eftir 1. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970. Matsmenn skv. 94. gr. sömu laga eigi úrskurðarvald um það hvort um bótagreiðslu fari eftir 1. og 2. mgr. eða 3. mgr. 95. gr. laganna. Um þetta atriði hafi matsmenn úrskurðað á sama veg allt frá árinu 1973, síðast 25. júní 1986. Stefndi hafi mótmælt því að um bætur eigi að fara eftir 1. og 2. mgr. Matsmenn hafi tekið afstöðu til þeirra mótmæla og hafnað þeim.

Sú niðurstaða að sýslusjóður og ríkissjóður beri bótaskyldu gagnvart stefnanda breytist ekki á milli ára, hún færist ekki til annarra aðila þótt bótafjárhæðin breytist. Bótaskyldan hafi verið ákveðin í eitt skipti fyrir öll af gerðardómi, þótt bótafjárhæðin hafi ekki verið ákveðin með sama hætti. Yfirmatsmenn hefðu nú getað ákveðið bótafjárhæðina í eitt skipti fyrir öll en það hafi þeir ekki gert, heldur tiltekið bætur fyrir hvert ár frá 1982 til 1984, en krafist sé að stefndi greiði þær fjárhæðir. Stefndi sé bundinn af mati yfirmatsmanna um það að bótaskyldan fari eftir 1. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970. Stefndi hafi aldrei gert ágreining um valdsvið yfirmatsmanna, en niðurstaða þeirra sé bindandi fyrir aðila og verði ekki borin undir dómstóla. Verði ekki á þá skoðun fallist sé þó ljóst að stefndi beri sönnunarbyrðina um það að bótskylda stefnda sé ekki fyrir hendi.

Engu máli skipti um bótaskyldu stefnda að nýir veiðimöguleikar hafi skapast fyrir landi Einarsness með nýrri ákvörðun um ós Hvítár og smíði brúar yfir Borgarfjörð, eins og skýrt komi fram í mati yfirmatsmanna.

Bótaskylda samkvæmt 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 eigi við þegar um sé að ræða friðunaraðgerðir veiðifélaga sem skerði veiðimöguleika einstakra eigenda veiðiréttinda öðrum fremur.

Miðað sé við að bætur fyrir hvert ár gjaldfalli 1. desember, enda sé þá hæfilegur tími liðinn frá lokum veiðitímabils.

Stefnda beri að greiða verðbætur frá þeim tíma til greiðsludags á þær fjárhæðir sem ákveðnar hafi verið í bætur hvert ár fyrir sig. Sú skylda byggist á þeirri meginreglu í bótarétti að sá sem vanefni skuldbindingu sína við annan mann á ólögmætan hátt sé honum skaðabótaskyldur fyrir öllu því tjóni sem eigi rót sína að rekja til hinnar ólögmætu vanefndar. Dráttarvextir séu lögmæltar skaðabætur vegna vanefnda á skyldu til peninga-

greiðslu. Sanni kröfuhafi að vanefnd hafi valdið sér meira tjóni en dráttarvöxtunum nemi geti hann samkvæmt meginreglunni um fullar bætur fengið allt tjón sitt bætt, standi það í því orsakasambandi við vanefndina að bæta beri og eins að fjárhæð tjóns sé nægilega sönnuð.

Ljóst sé að nafnverð peningakröfu rýrni að raunvirði í verðbólgunni sé krafan ekki greidd. Tjón vegna verðrýrnunar sem verði eftir að ólögmæt vanefnd sé hafin beri skuldara að bæta.

Sönnun um verðrýrnun sé háð vandkvæðum því að verðrýrnun gjaldmiðils verði aldrei mæld af fullkominni nákvæmni. Sönnunarvandkvæðin geti þó ekki leitt til þess að hafna beri bótum. Hljóti að mega miða við að lánskjaravísitala ákveðin af Seðlabanka Íslands sé haldbesti mælikvarðinn á verðrýrnunina sem völ sé á.

Við þetta bætist að í málinu sé krafist eignarnámsbóta og skilyrðum stjórnarskrárinnar um fullt verð sé ekki fullnægt nema bætur miðist við verðlag á greiðsludegi. Fullar bætur fáist því ekki ef eignarnámsþoli þurfi sjálfur að bera það tjón sem verði vegna verðrýrnunar bótafjárhæðar frá þeim degi að eignaskerðing verði til greiðsludags. Þetta atriði eitt út af fyrir sig eigi að nægja til þess að aðalkröfuna beri að taka til greina.

Samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o.fl. skuli dráttarvextir vera 5% ársvextir þegar verðtrygging haldist á gjaldfallinni upphæð, en þessar ákvarðanir gildi utan innlánsstofnana. Krafa sé gerð til að þessir vextir verði dæmdir á verðbætta stefnufjárhæðina fram til dómtökudags en dómvextir frá þeim degi.

Þá sé þess krafist að áföllnum vöxtum sé bætt við höfuðstól um hver áramót, en slíkt sé nauðsynlegt til þess að þeir verði jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þetta sé orðað í 1. gr. laga nr. 56/1979.

Varakrafa stefnanda styðjist við sömu skýringar á vöxtum og að framan greini.

Þá sé sérstaklega krafist málskostnaðar stefnanda vegna mats yfirmatsmanna að fjárhæð kr. 80.000,00 auk 27% ársvaxta frá 1. ágúst 1986 til greiðsludags.

Vaxta sé krafist af málskostnaði í máli þessu en engin efni séu til að telja að sú krafa beri ekki dráttarvexti eins og hver önnur gjaldfallin peningakrafa.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að stefnandi hafi ekkert tjón beðið þau ár sem krafist er bóta fyrir. Með mati á ós Hvítár hinn 6. desember 1977 hafi ósinn verið færður marga kílómetra neðar í ána. Þá hafi brúargerðin yfir Borgarfjörð gert það að verkum að nýir veiðimöguleikar hafi komið til fyrir landi Einarsness, og hafi þeir verið nýttir. Þá beri þess að gæta að ýmsar friðunarráðstafanir hafi komið til sögunnar sem ekki hafi verið í gildi áður. Ekki verði séð að stefnandi hafi orðið fyrir neinu tjóni.

Þá er því haldið fram af stefnda að ákvæði þau í lax- og silungsveiðilögum er takmarki rétt manna til veiða séu almenn friðunarákvæði sem menn verði að sætta sig við bótalaust.

Þótt litið yrði svo á að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem bótaskylt sé eigi stefndi ekki að greiða þær bætur.

Fyrsta og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 kveði á um að sá sem misst hafi veiði að mestu eða öllu eigi rétt til bóta úr hendi sýslusjóðs og ríkissjóðs. Upplýsingar um veiði fyrir landi Einarsness sýni að veiði hafi ekki tapast að mestu eða öllu. Þótt miðað sé við það mark að 60% skerðing á veiði þýði að tapa veiði að mestu eða öllu, þá hafi ekki farið svo fyrir eiganda Einarsness. Þetta mark sé þó út í bláinn sett og eigi ekki við nein rök að styðjast. Skerðingin sé mun minni en 60%. Í þessu sambandi verði að hafa í huga að um skerðingu verði að miða við skert aflamagn en ekki arð af veiði.

Um deilu aðila fari eftir lax- og silungsveiðilögunum nr. 76/1970, en ekki lögunum nr. 53/1957. Gerðardómssamningur aðila frá árinu 1959 sé því niður fallinn.

Stefndi heldur því fram að 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 hafi ekki stjórnskipulegt gildi. Það brjóti gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar að leggja á sýslusjóð skyldu til að greiða bætur vegna skerðingar á eignarréttindum, en skerðingar þessar komi einungis fáum þegnum sýslufélagsins til góða. Einungis 102 jarðir í Mýrasýslu njóti góðs af friðun þeirri sem skerðingin hafi í för með sér. Þótt löggjafinn hafi heimild til þess að leggja bótaskyldu á ríkissjóð sé engan veginn víst að hann hafi heimild til þess að leggja bótaskyldu á sýslusjóð og því haldið fram að svo sé ekki.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að eigi stefnandi rétt á bótum þá fari um bótaskylduna eftir 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970. Mat yfirmatsmanna á því undir hvaða ákvæði 95. greinarinnar veiðiskerðing falli sé hvorki bindandi né endanlegt.

Stefndi hafi ekki eftir setningu laganna nr. 76/1970 fallist á það að yfirmatsmenn störfuðu sem gerðardómsmenn og sé ekki né hafi verið bundinn af niðurstöðum þeirra. Hins vegar hafi hann samkvæmt samkomulagi greitt stefnanda bætur vegna veiðiskerðingar fyrir árin 1970 til 1981.

Engin heimild sé fyrir hendi hvorki að lögum né dómvenju, að dæma verðbætur á skaðabótakröfur, og sé þeirri kröfu stefnanda alfarið mótmælt. Þá sé og mótmælt að vaxtavextir verði dæmdir af kröfu stefnanda, en þess verði að gæta að yfirmatsmenn hafi ákveðið bótafjárhæðir miðað við verðlag hvers árs. Þá sé því mótmælt að vexti eigi að dæma af málskostnaði fyrir yfirmatsmönnum, en um sé að ræða hluta af málskostnaði í þessu máli og sömuleiðis beri málskostnaður ekki vexti.

Við ákvörðun málskostnaðar til handa stefnda eigi að taka tillit til þess

að hann hafi greitt yfirmatsmönnum þóknun kr. 109,550,00 og kr. 3.800,00 í kostnað.

Niðurstaða dómsins.

Í máli þessu er deilt um það hvort stefnandi, Óðinn Sigþórsson, núverandi eigandi jarðarinnar Einarsness í Mýrasýslu, og fyrri eigendur jarðarinnar, hafi orðið fyrir tjóni vegna skerðingar á veiðiréttindum fyrir landi jarðarinnar í Hvítá í Borgarfirði árin 1982 - 1985 og ef svo er, hvert tjónið sé, hvort tjónið sé bótaskylt að lögum og hvort stefnda beri að greiða þær bætur.

Þá er deilt um það hvort dæma beri verðbætur á umkrafðar skaðabætur, hvort dæma beri vaxtavexti og hvernig skuli fara með málskostnað.

Því er ekki haldið fram af aðilum að gerðardómur sá sem kveðinn var upp 29. september 1959 hafi réttarverkanir í deilu aðila í þessu máli að öðru leyti en því að stefnandi heldur því fram að með honum hafi verið ákveðið í eitt skipti fyrir öll að stefndi væri bótaskyldur gagnvart eiganda Einarsness fyrir skerðingu á veiðiréttindum hans í Hvíta. Þvert á móti er því haldið fram af hálfu stefnda að gerðardómssamningur aðila frá árinu 1959 hafi fallið niður þegar lög nr. 76/1970 tóku gildi og hafi yfirmatsmenn samkvæmt 94. gr. laganna ekki haft frá árinu 1970 heimild til þess að ákveða bætur fyrir veiðiskerðingu sem gerðardómsmenn.

Því var ekki haldið fram af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins að stefnda bæri að greiða stefnanda bætur fyrir skerðingu á veiðiréttindum á grundvelli samkomulags stefnda og eiganda Einarsness um að bætur sem metnar voru árið 1976 skyldu framreiknaðar til verðlags hvers árs sem bóta er krafist fyrir og fjárhæð þannig fundin greidd sem bætur. Stefnandi byggir nú bótakröfur sínar á mati yfirmatsmanna frá 25. júní 1986.

Báðir aðilar halda því fram að réttarsamband þeirra fari eftir lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði en ekki eftir lögum nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði sem felld voru úr gildi með lögum nr. 76/1970.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að sú skerðing sem orðið hafi á veiðum fyrir landi Einarsness vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957, nú 35. gr. laga nr. 76/1970 hafi haldist óbreytt frá upphafi til þessa dags.

Þótt svo sé tekið til orða í 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 að hafi veiði-eigandi er veiði átti áður en lögin komu til framkvæmda misst hana að mestu eða öllu fyrir þá sök að lögin fyrirmuni honum að nota þá veiðiaðferð er hann áður mátti einni við koma, eigi hann rétt á skaðabótum eftir mati sbr. 94. gr. laganna, þó verður að líta svo á að sá bótaréttur sem mælt er fyrir um nái einnig til þeirrar skerðingar sem varð þegar við setningu laga nr. 53/1957 og enn stendur, hafi bætur eigi verið

greiddar að fullu, nema hlutaðeigandi hafi um annað samið svo gilt sé að lögum.

Eftir að lög nr. 76/1970 tóku gildi hefur í fimm skipti farið fram mat á tjóni eiganda Einarsness vegna veiðiskerðingar. Tjón var talið vera fyrir hendi, um bótaskyldu færi eftir 1. og 2. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 og bætur greiddar í samræmi við 2. tl., þ.e. stefndi greiddi helming bóta og ríkissjóður helming, en um er að ræða bætur fyrir árin 1970 til 1981.

Samkvæmt því sem að framan er rakið þykja lög nr. 76/1970 eiga við um þá bótakröfu sem stefnandi hefur gert á hendur stefnda í þessu máli.

Stefndi heldur því fram að hann beri að sýkna af þeim ástæðum að greiðsluskylda sú sem honum sé lögð á herðar í 2. tl. sbr. 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar og hafi því ekki stjórnskipulegt gildi.

Telja verður að afskipti löggjafarvaldsins af málefnum sýslusjóðs geti verið þess eðlis að þau séu ekki samrýmanleg ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Það mun að vísu rétt að einungis hluti sýslubúa nýtur beint góðs af þeirri veiðifriðun sem ætla má að veiðiskerðing sú sem sýslusjóði er ætlað að bæta að hluta hafi í för með sér. Engu að síður verður að telja sýslusjóð þess konar aðila og þá kvöð sem löggjafinn hefur með framangreindum lagaákvæðum lagt á þennan sameiginlega sjóð sýslubúa allra þess efnis að hún brjóti ekki í bága við þann rétt sem tryggður er með 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Í greinargerð í framhaldssök var því haldið fram af hálfu stefnda að bætur til stefnanda bæri að ákvarða í eitt skipti fyrir öll, væri bótaskylda á annað borð fyrir hendi, og sett fram krafa um að svo yrði gert í máli þessu. Til frádráttar þeirri bótafjárhæð ættu að koma bætur þær sem stefnandi hefur fengið greiddar frá upphafi.

Stefndi hélt því og fram í greinargerð í framahldssök að um greiðslu bóta færi eftir lögunum um framkvæmd eignarnáms nr. 61/1917 yrði hann dæmdur bótaskyldur gagnvart stefnanda. Samkvæmt þeim lögum sé óheimilt að ákveða bótagreiðslu sem árlegar greiðslur.

Þessari kröfugerð var að vísu ekki haldið uppi við munnlegan flutning málsins, en engu að síður þykir rétt að dómurinn taki afstöðu til hennar.

Þessari kröfu stefnda verður að hafna þegar af þeirri ástæðu að nær allur málatilbúnaður er þess eðlis að krafan verður ekki á honum reist. Krafan er ódómhæf í þessu máli af þeim sökum.

Eins og fyrr greinir varð sú niðurstaða í gerðardóminum frá 29. september 1959, en eigandi Einarsness og stefndi áttu báðir aðild að gerðardómsmálinu, að ótækt væri að dæma þeim sem orðið höfðu fyrir bótaskyldri skerðingu á veiðiréttindum bætur í eitt skipti fyrir öll eins og lög nr. 53/

1957 gerðu ráð fyrir, en þess í stað kveðið á um greiðslu árlegs gjalds til tjónþola. Þessi niðurstaða gerðardómsins leiddi til þess að eigandi Einarsness fékk greiddar árlegar bætur fyrir veiðiskerðingu frá árinu 1958 til ársins 1981.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu að því er varðar fyrirkomulag á greiðslu bóta á því að yfirmatsmenn hafi enn ákveðið bætur sem árlegar greiðslur, og eftir þeirri ákvörðun beri að fara. Eins og mál þetta liggur hér fyrir dóminum verður að fallast á þessa málsástæðu stefnanda.

Eins og fyrr er rakið er niðurstaða yfirmatsmanna samkvæmt matsgerð þeirra frá 25. júní 1986 sú að eigandi Einarsness hafi öll árin 1982 til 1985 misst veiði fyrir landi jarðarinnar að mestu eða öllu í skilningi 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Þá niðurstöðu byggja yfirmatsmennirnir á útreikningum á heildarlaxveiði á vatnasvæði Hvítár annars vegar og veiði fyrir landi Einarsness hins vegar.

Yfirmatsmenn telja að nýir veiðimöguleikar sem skapast hafi vegna þess að ós Hvítár var færður neðar með mati yfirmatsmanna frá 6. desember 1977 eigi ekki að hafa áhrif á rétt eiganda Einarsness til bóta.

Þá meta yfirmatsmenn eiganda Einarsness bætur fyrir hvert áranna fjögurra miðað við verðlag hvers árs.

Á það ber að fallast með stefnda að mat yfirmatsmanna sé ekki endanlegt um þau atriði sem meta skal samkvæmt lögum nr. 76/1970, en lögin verða ekki skilin svo að þau ætli yfirmatsmönnum endanlegt úrskurðarvald. Það sem metið hefur verið verður því lagt undir úrskurð dómara. Hins vegar er mat yfirmatsmanna þýðingarmikið sönnunargagn um þau atriði sem metin hafa verið og verður þá sá sem ekki unir niðurstöðum að hnekkja þeim með einhverjum hætti.

Dómurinn telur að nýir veiðimöguleikar sem skapast hafa við tilfærslu á ósi Hvítár og brúargerð yfir Borgarfjörð og þar með aukin veiði fyrir eiganda Einarsness eigi ekki að hafa áhrif á rétt hans til bóta þeirra sem um er deilt í máli þessu. Líta verður svo á, enda ekki annað leitt í ljós, að hinir nýju möguleikar hefðu aukið veiði jafnmikið þótt veiðin hefði ekki skerst vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957 sbr. nú 35. gr. laga nr. 76/1970. Aukin veiði vegna nýrra veiðimöguleika verður því ekki notuð til þess að jafna skerðinguna. Eigandi Einarsness á rétt á að njóta einn þess hagræðis og þeirra tekna sem nýir veiðimöguleikar hafa í för með sér.

Í málinu hafa verið lagðar fram upplýsingar um veiði í net í Hvítá fyrir landi Einarsness árin 1947 til 1985 að fjórum árum frátöldum, en sú ein veiðiaðferð mun þar tíðkast. Ennfremur hafa verið lagðar fram upplýsingar um það hvernig veiði á árunum 1978 til 1985 fyrir landi Einarsness skiptist á milli hinna nýju veiðistaða sem urðu til þegar ós Hvítár var færður neðar árið 1977 og þeirra sem áður voru fyrir hendi. Þá hafa verið lagðar fram

upplýsingar um heildarveiði á vatnasvæði Hvítár ofan óss hennar árin 1946 til 1984 og skiptingu hennar í netaveiði og stangaveiði. Á þessum upplýsingum verður að byggja enda ekki öðrum betri til að dreifa.

Þegar upplýsingarnar eru skoðaðar og þá sérstaklega hlutfall veiði fyrir landi Einarsness af heildarveiði á vatnasvæði Hvítár annars vegar, áður en lög nr. 53/1957 tóku gildi og hins vegar árin 1982 til 1984 á eldri veiðistöðunum svo og veiði þar árið 1985, þykir mega fallst á það með yfirmatsmönnum að skerðing veiði árin 1982 - 1985 sé svo mikil að hún falli undir 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 og stefnandi eigi því rétt á bótum samkvæmt 2. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt þessu verður heldur ekki fallist á þá málsástæðu stefnda að stefnandi hafi ekkert tjón beðið vegna veiðiskerðingar.

Ekki verður heldur fallist á þá málsástæðu stefnda að skerðing sú sem hefur orðið á veiði fyrir landi Einarsness verði að teljast almennar friðunaraðgerðir sem eiganda jarðarinnar beri að þola bótalaust.

Yfirmatsmenn hafa komist að ákveðinni niðurstöðu um það hvert tjón eiganda Einarsness hafi verið árin 1982 til 1985. Þær fjárhæðir munu að vísu vera hinar sömu og framreiknaðar bætur eiganda Einarsness árið 1976 samkvæmt mati frá 13. júní 1977 til hvers árs fyrir sig nema, en niðurstöður yfirmatsmanna þurfa ekki að vera ótrúverðugar fyrir þá sök. Þar sem ekkert hefur verið leitt í ljós um það að hér sé ekki um að ræða réttar bótafjárhæðir, eftir því sem næst verður komist, þykir óhætt að byggja á þeim niðurstöðum í þessu máli. Kröfur stefnanda verða því að þessu leyti teknar til greina.

Stefnandi hefur gert kröfu til þess að stefndi verði dæmdur til að greiða álag á skaðabæturnar til jafns við hækkun á lánskjaravísitölu eins og hún hefur orðið á hverjum tíma. Stefnandi rökstyður þessa kröfur sína m.a. með því að sá dráttur sem hafi orðið á greiðslu stefnda hafi vegna verðrýrnunar krónunnar bakað sér meira tjón en lögmæltir dráttarvextir fái bætt, en hann eigi samkvæmt meginreglu skaðabótaréttarins um fullar bætur tjóns að fá verðrýrnunina að fullu bætta auk lögmæltra vaxta af gjaldföllnum verðtryggðum kröfum. Til sömu niðurstöðu leiði ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um fullar bætur, þar sem hér sé um eignarnámsbætur að ræða.

Aðilar máls þessa hafi ekki samið um að bætur sem stefndi greiði stefnanda skuli verðtryggðar. Stefnandi á ekki að lögum rétt á frekari bótum fyrir verðrýrnun en þeim sem felast í lögmæltum dráttarvöxtum.

Þótt svo kunni að vera að bæturnar skoðist sem eignarnámsbætur í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar þykir það ekki breyta því, eins og hér er háttað málum, að stefnandi er á sama hátt og stefndi ennþá bundinn af því fyrirkomulagi sem upp var tekið um árlegt gjald sem bætur í stað eingreiðslu bóta, og þykir því verða að sætta sig við að miðað sé við það

gjald sem endanlega er ákveðið fyrir ár hvert, án tillits til þess hvenær það er greitt.

Krafa stefnanda um greiðslu álags til jafns við hækkun á lánskjaravísitölu verður því ekki tekin til greina.

Stefndi hefur ekki mótmælt varakröfu stefnanda um vexti af bótakröfunni að því er varðar vaxtafót og upphafstíma vaxta, en mótmælir því að vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Taka ber til greina varakröfu stefnanda um greiðslu vaxta þó þannig að einungis vöxtum sem falla á höfuðstól kröfunnar frá 1. febrúar 1985 skal bætt við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti frá þeim degi að telja, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986, og vextir síðan reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands dags. 18. janúar 1985 um breytingu á auglýsingu um vexti og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. frá 20. desember 1984 með áorðnum breytingum.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.000,00 þar með talinn kostnaður stefnanda af mati yfirmatsmanna. Eigi dæmast vextir af þessari fjárhæð.

Friðgeir Björnsson, skipaður setudómari, kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Sýslusjóður Mýrasýslu, greiði stefnanda, Óðni Sigþórssyni, kr. 683.066,00 með 45% ársvöxtum af kr. 74.690,00 frá 1. desember 1982 til 21. september 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1983, en með 32% ársvöxtum af kr. 212.866,00 frá þeim degi til 21. desember 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1984, en með 19% ársvöxtum af kr. 407.066,00 frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, en með 45% ársvöxtum af kr. 683.066,00 frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986 en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000,00 í málskostnað.

Vöxtum sem falla á höfuðstól kröfunnar frá 1. febrúar 1985, skal bætt við hann á 12 mánaða fresti frá þeim degi, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986, og vextir síðan reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 34/1987. **Jón Karlsson**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Ragnheiði Guðmundsdóttur
(Guðmundur Markússon hrl.)

Hjón. Búskipti. Krafa um ógildingu skilnaðarsamnings tekin til greina.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s.m., samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og honum dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara gerir hún þá kröfu, að samningur um skilnaðarkjör, dagsettur 8. febrúar 1983, verði lýstur ógildur og óskuldbindandi að því er tekur til ákvæða samningsins um eignaskipti, þ.e. 3., 4., 5., 6. og 8. gr. skilnaðarsamningsins. Í báðum tilvikum krefst stefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk 12% söluskatts af málflutningsþóknun.

Aðilar máls þessa hófu sambúð haustið 1977 og gengu í hjúskap 16. júní 1978. Haustið 1982 slitu þau samvistum, og var lögskilnaðarleyfi gefið út 6. apríl 1983. Hinn 8. febrúar 1983 undirrituðu aðilar samning þann um skilnaðarkjör, sem um er deilt í máli þessu. Í samningi þessum var kveðið á um fjárskipti aðila, svo og forsjá barna þeirra og umgengnisrétt við þau. Samning um forsjá barna og umgengnisrétt er ekki unnt að ógilda með stoð í 54. gr. laga nr. 60/1972. Sú lagagrein á eingöngu við um samninga fjárhagslegs eðlis. Verður því aðalkrafa stefndu ekki tekin til greina.

Að því er varðar varakröfu stefndu um ógildingu á þeim ákvæðum samningsins, sem lúta að fjárskiptum aðila, þá er ljóst, að áfrýj-

andi fékk mun meira í sinn hlut af eignum búsins en stefnda. Hann fékk báðar íbúðir búsins í sinn hlut svo og bifreið, en stefnda fékk verðtryggt veðskuldabréf, að fjárhæð 400.000,00 krónur, til fjögurra ára, sem bera skyldi hæstu vexti. Í samningnum er tekið fram, að innbúi og peningum hafi þegar verið skipt og skuldir, þ. á m. við Lánasjóð íslenskra námsmanna, skiptust nokkurn veginn jafnt á aðila. Áfrýjandi heldur því fram, að samningur þessi kveði á um helmingaskipti milli aðila, ef frá er talin 2ja herbergja íbúð í húsinu nr. 74 við Vesturberg í Reykjavík, en sú íbúð hafi ekki verið hans eign heldur eign foreldra hans, og hafi verið samkomulag milli aðila um það að halda henni utan skipta. Íbúð þessi var þinglýst eign áfrýjanda og talin fram sem hans eign á skattskýrslum. Jafnframt var íbúðin talin meðal eigna búsins í skilnaðarsamningnum. Telja verður ósannað, að ofangreind íbúð hafi verið eign foreldra áfrýjanda. Einnig er það ósannað, að stefnda hafi samþykkt að halda íbúðinni utan skipta, og eftir almennum reglum um búskipti á stefnda rétt á því að íbúðin verði dregin undir skiptin.

Í skilnaðarsamningnum eru eignirnar ekki metnar til fjár og ekki er í ljós leitt, að glöggar upplýsingar hafi legið fyrir um verðmæti þeirra við undirritun samningsins. Samningurinn var saminn á vegum áfrýjanda með aðstoð lögfræðings hans, en ósannað er að stefnda hafi notið aðstoðar lögfræðings við fjárskiptin, og telja verður að hún hafi ekki haft samninginn undir höndum fyrr en við undirskrift hans. Þegar samningurinn var gerður, var afrýjandi í vel launuðu starfi en stefnda var við nám. Ekki er upplýst, að stefnda hafi notið fjárstuðnings frá áfrýjanda frá því að samvistir þeirra slitnuðu haustið 1982 og þar til lögskilnaðarleyfi var gefið út 6. apríl 1983, að öðru leyti en því, að áfrýjandi lét henni eftir barnabætur með báðum börnunum í eitt ár, en hann hafði forsjá annars barnsins. Þegar allt þetta er virt, verður að líta svo á, að samningur aðila um fjárskipti hafi verið bersýnilega ósanngjarn, þegar til hans var stofnað. Ber því að taka varakröfu stefndu til greina og lýsa samning aðila um fjárskiptin óskuldbindandi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 85.000,00 krónur, að meðtöldum 12% söluskatti í ríkissjóð.

Dómsorð:

Samningur áfrýjanda, Jóns Karlssonar, og stefndu, Ragnheiðar Guðmundsdóttur, um skilnaðarkjör, sem undirritaður var í Gautaborg 8. febrúar 1983, er lýstur óskuldbindandi að því er varðar greinar nr. 3, 4, 5, 6 og 8.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu 85.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, þar með talinn 12% söluskatt af málflutningsþóknun.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ.m., er höfðað með stefnu, sem þingfest var 7. febrúar 1984 af Ragnheiði Guðmundsdóttur, nnr. 7201-0884, með lögheimili að Kjalarlandi 7, Reykjavík, á hendur Jóni Karlssyni, nnr. 5159-1534, með lögheimili að Borgarvík 12, Borgarnesi, en dvalarstað á Hallonvagen 15, Floda, Svíþjóð, til riftunar skilnaðarsamnings er þau gerðu um skilnaðarkjör vegna lögskilnaðar hinn 8. febrúar 1983, sbr. 54. gr. l. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að „samningur um skilnaðarkjör" dags. 8. febrúar 1983 milli stefnanda, Ragnheiðar, og stefnda, Jóns Karlssonar, sem gerður var við lögskilnað þeirra sem hjóna, verði með dómi lýstur ógildur og óskuldbindandi fyrir stefnanda.

Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. taxta LMFÍ.

Stefndi hefur krafist sýknu af dómkröfu stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda.

Málavextir.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum þannig lýst að hinn 16. júní 1978 hafi stefnandi og stefndi verið gefin saman í hjónaband. Stefndi hafi lokið kandidatsprófi í læknisfræði vorið 1978 og stefnandi hafi á sama tíma lokið B.Sc. í eðlisfræði, bæði frá Háskóla Íslands. Fyrir hjúskap hafi stefndi átt 2ja herbergja íbúð í húsinu nr. 74 við Vesturberg í Reykjavík en enginn kaupmáli hafi verið gerður um nefnda íbúð fyrir eða á meðan á hjúskap stóð. Haustið 1978 hafi aðilar fest kaup á 3ja herbergja íbúð í húsinu nr. 8 við Hamraborg í Kópavogi. Tekjur aðila hafi runnið til sameiginlegra

nota frá stofnun hjúskapar 1978. Stefndi hafi starfað við læknisstörf á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, á Egilsstöðum, svo og í Svíþjóð. Stefnandi hafi starfað sem kennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð, ýmist í fullu starfi eða sem hlutastarf, auk þess sem hún hafi stundað nám og unnið heimilisstörf.

Stefndi og stefnandi hafi fest kaup á bifreið í upphafi sambúðar, fyrst Skodabifreið, síðan í stað hennar Datsun Cherry, þá í stað hennar Mazda 626, í stað hennar Volvo station sem seld hafi verið haustið 1981 og þá keypt Volvo 343, árg. 1980, sem hafi verið eign félagsbús aðila við skilnað.

Hinn 8. febrúar 1983 hafi verið gerður samningur um skilnaðarkjör vegna væntanlegs lögskilnaðar hjónanna, aðila þessa máls.

Samkvæmt þeim samningi hafi eignir búsins verið þessar:

A. Tveggja herbergja íbúð í húsinu nr. 74 við Vesturberg í Reykjavík.

B. Þriggja herbergja íbúð í húsinu nr. 8 við Hamraborg í Kópavogi.

C. Innbú og persónulegir munir.

D. Bifreiðin ERH-341, Volvo 343, árg. 1980.

Stefnandi telur ekkert óvilhallt mat hafa legið fyrir um verðmæti eigna við gerð skilnaðarsamningsins né hafi þess verið getið í samningnum hvers virði hinar tvær íbúðir hafi verið á þeim tíma er samningurinn tekur til.

Stefnandi heldur því fram að almennt söluverð íbúðarinnar í húsinu nr. 74 við Vesturberg í Reykjavík hafi verið í febrúar 1983 kr. 850.000,00 og að verðmæti eignarinnar í húsinu nr. 8 við Hamraborg í Kópavogi hafi verið kr. 1.250.000,00. Ekkert verðmat hafi verið á innbúi né á bifreiðinni Volvo 343, árg. 1980.

Samkvæmt samningnum voru skuldir búsins þessar:

A. Áhvílandi á Hamraborg 8, Kópavogi samtals að fjárhæð kr. 64.323,87.

B. Áhvílandi á Vesturbergi 74, Reykjavík við Veðdeild Landsbanka Íslands	kr.	4.410,00.
C. Skuld Jóns Karlssonar við LÍN		
Verðtryggð lán	kr.	6.785,00
Óverðtryggð lán	kr.	5.159,00
	kr.	11.944,00
D. Skuld Ragnheiðar Guðmundsdóttur við LÍN		
Verðtryggð lán	kr.	112.973,00
Óverðtryggð lán	kr.	1.522,00
	kr.	114.495,00

E. Opinber gjöld á Íslandi:

1. Skattskuld Jóns Karlssonar pr. 30.11. 1982 kr. 60.447,00
2. Útsvarsskuld Jóns Karlssonar pr. 30.11. 1982, kr. 19.938,00

3. Skattskuld Ragnheiðar Guðmundsdóttur kr. 0.
4. Útsvarsskuld Ragnheiðar Guðmundsdóttur kr. 0.

Samkvæmt ofangreindu nema eignir búsins (án innbús, peninga og bifreiðar) samtals kr. 2.075.000,00. Til frádráttar koma áhvílandi veðskuldir, alls kr. 68.739,87 og nema eignir (nettó) að þessu leyti kr. 2.006.260,20.

Búshelmingur stefnanda hafi því átt að nema kr. 1.003.130,10. Til jöfnunar eignaliða samningsins greiðir stefndi stefnanda kr. 400.000,00 með skuldabréfi til fjögurra ára með gjalddaga 1.6. og 1.12. ár hvert, í fyrsta sinn 1.6. 1983. Skuldabréfið skyldi verðtryggt m.v. lánskjaravísitölu í des. 1982 og bera hæstu vexti (sic). Skuldabréfið sé tryggt með veði í fasteigninni Hamraborg 8, Kópavogi.

Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi látið einhliða semja „samninginn" og hafi stefnandi ekki haft áhrif á skilnaðarskilmálana. Lögmaður stefnda hafi samið samninginn skv. beiðni stefnda, sem hafi fengið hann sendan til Svíþjóðar og haft hann undir höndum í um það bil 3 mánuði áður en stefnandi hafi fengið samninginn í hendur til undirskriftar þann 8.2. 1983. Hafi samningurinn verið í einu eintaki og hafi stefnandi ekki fengið afrit af samningnum.

Stefnandi kveðst einkum byggja kröfur sínar á eftirfarandi atriðum:

A. Verulega skorti á að hún hafi fengið búshluta sinn af verðmæti íbúðanna að Vesturbergi 74 og Hamraborg 8.

B. Samkvæmt samningnum fær konan hluta innbús skv. „þegar gerðri skiptingu" en aðstaðan hafi verið sú að nánast allt innbú búsins hafi verið í höndum stefnda við undirritun „samnings um skilnaðarkjör" og engin skipting hafi farið fram. Sé innbúið nú á heimili stefnda í Svíþjóð, og kveðst stefnandi munu eftir föngum upplýsa um magn (verðmæti) þess undir rekstri málsins.

C. Samkvæmt „samningi um skilnaðarkjör" fái stefndi hluta af „peningum sem þegar hafi verið skipt". Ekki sé tiltekið í samningnum hve há sú fjárhæð sé, en stefnandi kveðst ekki kannast við að hafa fengið neina peninga skv. þeirri skiptingu. Á það er bent að fljótlega eftir undirritun „samnings um skilnaðarkjör" hafi stefndi fest kaup á einbýlishúsi í Gautaborg fyrir sig og fjölskyldu sína.

Í þessu sambandi er bent á að leigutekjur stefnda af íbúðunum tveimur fari langt með að greiða afborganir, verðbætur og vexti af skuldabréfi sem átti að jafna eignahlið smaningsins.

D. Samkvæmt „samningi um skilnaðarkjör" hafi bifreiðin Volvo 343, árg. 1980, verið talin sem eignaliður. Af samningnum sé ekki ljóst í hlut hvors aðila umrædd bifreið komi, en stefndi virðist telja að bifreiðin komi í sinn hlut, enda hafi hann haft afnot (umráð) bifreiðarinnar.

Stefnandi kveðst byggja dómkröfur sínar á því að skipting eigna skv.

„samningi um skilnaðarkjör" sé bersýnilega ósanngjörn á þeim tíma er samningurinn var gerður sbr. 4. gr. l. 60/1972. Hafi samningurinn verið einhliða saminn af stefnda eða umboðsmönnum hans. Er þess krafist að samningurinn verði dæmdur ógildur og óskuldbindandi fyrir stefnanda.

Af hálfu stefnda er málsatvikum þannig lýst: Telur hann að raunverulegt hjónaband aðila hafi staðið í 4 ár. Áður en til þess hafi verið stofnað hafi fjárhagsstaða aðila verið mjög ólík. Hafi konan verið nærfellt eignalaus, en eignir mannsins hafi verið töluverðar. Maðurinn hafi verið skráður fyrir tveggja herbergja íbúð við Vesturberg í Reykjavík, hafi hann átt nokkurt innbú og töluverða peningaeign. Skuldir hafi ekki verið aðrar en við Lánasjóð námsmanna og veðlán á íbúðinni. Íbúð þessi hafi þó í reynd verið í sameign stefnda og foreldra hans, þó svo að hún sé skráð hans eign. Kaupverð hennar hafi stefndi og foreldrar hans greitt sameiginlega, en vegna hins nána sambands foreldra og sonar hafi ekki verið talin ástæða til þess að geta sameignarinnar á heimildarskjölum um eignina né á skattframtölum.

Systir stefnda hafi lengst af haft afnot íbúðarinnar án þess að aðilar málsins hafi notið arðs af þeirri ráðstöfun eignarinnar. Ekki hafi verið gerður kaupmáli með aðilum.

Við slit hjónabandsins höfðu eignir aðila aukist þannig að bæst hafi við þriggja herbergja íbúð við Hamraborg í Kópavogi sem aðilar töldu vera að verðmæti 800 - 900 þúsund haustið 1982, bifreið af tegundinni Volvo 343, árg. 1980 og nokkuð af innbúi. Skuldir búsins séu rétt tilgreindar á dskj. nr. 1 og 3. Hjónabandinu hafi lokið með lögskilnaði án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng skv. kröfu mannsins vegna hjúskaparbrots konunnar. Aðilar hafi skipt með sér forræði dætra sinna tveggja þannig að hvort fékk forræði annarrar.

Í ljósi þess að hjónaband aðila hafi staðið stuttan tíma, þ.e. aðeins 4 ár, og með tilliti til þess hversu mjög staða aðila var mismunandi eignalega þegar til hjúskaparins var stofnað, hafi aðilar gert með sér samkomulag það sem er á dskj. nr. 3. Þar sé augljóslega ekki um jöfn skipti að ræða, enda hafi það ekki verið samkomulag aðila. Samkomulag þeirra hafi verið að skipta með sér sem mest að jöfnu þeim verðmætum sem þau höfðu eignast í hjónabandi sínu, þ.e. að maðurinn fengi að óskiptu með sér þau verðmæti er hann tók með sér í hjónabandið, en að öðru yrði skipt.

Við mat á skiptum telur stefndi að hafa þurfi eftirfarandi í huga:

1. Stefndi hafi tekið að sér allar þekktar skuldir aðila, aðrar en námslán stefnanda.

2. Hvor aðili skyldi greiða eigin skatta vegna tekna áranna 1982 til 1983 skv. 8. gr. samningsins. Hér hafi verið um mun meiri fjárhæð að ræða

fyrir manninn en konuna, þar sem hann hafði aflað sem næst allra tekna heimilisins á þessum tíma.

3. Skuld við Lánasjóð námsmanna verði ekki talin sambærileg venjulegum skuldum við lánastofnanir þar sem endurgreiðsla sé skilyrt og falli niður eftir tiltekinn tíma.

4. Markaðsverð íbúðarinnar við Hamraborg hafi aðilar talið 800 - 900 þúsund haustið 1982. Hafi þá verið miðað við venjuleg óverðtryggð viðskiptakjör, eins og þá hafi verið venjuleg á fasteignamarkaðnum, þ.e. vaxtalausa útborgun á ca. 12 mánuðum á 75% fjárhæðarinnar og eftirstöðva sem yfirtekin lán og skuldabréf til fjögurra til fimm ára með 18 - 20% vöxtum. Greiðsla stefnda hafi verið að fullu verðtryggð og með hæstu vöxtum sem heimilaðir séu af verðtryggðum skuldabréfum. Ljóst sé að samanburður á tvöföldu nafnverði bréfsins og „markaðsverði" íbúðarinnar miðað við venjuleg sölukjör gefi ekki rétta mynd af raunverulegum verðmætum.

5. Skilnaður aðila hafi ekki verið skyndiákvörðun. Sambúð hafi slitnað sumarið 1982 en samningur um skilnaðarkjör hafi ekki verið undirritaður fyrr en í febrúar 1983. Verði því að ætla að stefnanda hafi gefist gott tóm til þess að gera upp hug sinn. Það sé ranglega fullyrt í sóknarskjölum að stefndi hafi einhliða „samið samninginn" og að stefnandi hafi ekki haft áhrif á skilnaðarskilmála.

6. Skipting innbús og peningaeignar hafi farið fram við undirritun skilnaðarsamnings, enda höfðu aðilar slitið samvistum mörgum mánuðum áður.

7. Samkvæmt samkomulagi aðila hafði maðurinn fengið aðrar eignir búsins en hluta innbús og peningaeignar í sinn hlut. Í skilnaðarsamningnum sé bifreiðin talin til eigna búsins, en ekki sé hún sérstaklega talin meðal þeirra eigna er komi í hlut mannsins. Sú hafi þó ljóslega verið ætlun aðila, enda hafi maðurinn haft og hafi umráð bifreiðarinnar án athugasemda frá stefnanda þar til á síðastliðnu hausti, sbr. dskj. nr. 7.

8. Að gefnu tilefni sé mótmælt því verðmati sem stefnandi setji fram um Vesturbergsíbúðina og er það talið vera 600 - 650 þúsund haustið 1982.

Stefndi bendir á að stefnandi byggi kröfu sína á 54. gr. laga 60/1972. Í lagagreininni sé forsenda þess að unnt sé að lýsa samninginn óskuldbindandi sú að samningurinn sé „bersýnilega ósanngjarn" á þeim tíma er til hans var stofnað. Vegna þessa sé rétt að vekja athygli á og undirstrika að ekki hafi verið gerð krafa um að skiptin skuli vera jöfn, heldur einungis að þau séu ekki bersýnilega ósanngjörn.

Samkomulag aðila hafi tekið mið af þeirri staðreynd að maðurinn hafi flutt verulegar eignir inn í búið við hjúskapinn meðan konan hafi verið eignalaus. Í skiptunum sé leitast við að skipta þeirri viðbótareign sem

myndast hafði í hjúskapnum. Sé fráleitt að telja að slíkt sé ósanngjarnt, enda beinlínis í samræmi við sérreglu 57. gr. l. 60/1972.

Álit dómsins:

Mál þetta er höfðað innan þess frests sem tilskilinn er í 54. gr. laga 60/1972. Sættir voru ítrekað reyndar en án árangurs. Þótt meginefni samnings aðila hafi þegar verið rakið þykir rétt að birta hann hér í heild og er hann svohljóðandi:

„Við undirrituð hjón, Ragnheiður Guðmundsdóttir, húsmóðir, nnr. 7201-0884, f. 9. maí 1954, með lögheimili að Borgarvík 12, Borgarnesi, nú um stundarsakir búsett í Dr. Haymans Gata 7, Gautaborg, Svíþjóð og Jón Karlsson, læknir, nnr. 5159-1534, f. 2. febrúar 1953, með lögheimili að Borgarvík 12, Borgarnesi, en nú um stundarsakir búsettur í Studiegangen 17 - 308, Gautaborg, Svíþjóð, sem gefin vorum saman í hjónaband af Kristjönu Jónsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara í Reykjavík, þann 16. júní 1978, og áttum síðast sameiginlegt heimilisfang í Studiegangen 17 - 308, Gautaborg, Svíþjóð, höfum komið okkur saman um að slíta sambúð okkar með lögskilnaði skv. kröfu mannsins vegna hjúskaparbrots konunnar, sem hún viðurkennir.

Í sambandi við lögskilnað okkar gerum við með okkur eftirfarandi skilnaðarsamning:

1. gr.

Konan fær forræði dótturinnar Birgittu Sifjar, f. 13. mars 1981, en maðurinn forræði dótturinnar Áslaugar Láru, f. 18. apríl 1978. Ekki verður um meðlagsgreiðslur að ræða, sbr. þó 7. gr.

2. gr.

Börnin skulu eiga umgengnisrétt við það foreldri sem ekki hefur forræði þeirra. Um fyrirkomulag þessa umgengnisréttar fer eftir samkomulagi aðila og reglum 40. gr. barnalaga.

3. gr.

Eignir búsins eru:

A. 2ja herbergja íbúð í húsinu nr. 74 við Vesturberg í Reykjavík.
B. 3ja herbergja íbúð í húsinu nr. 8 við Hamraborg í Kópavogi.
C. Innbú og persónulegir munir.
D. Bifreiðin ERH 341, sem er af gerðinni Volvo 343, árg. 1980.

4. gr.

Skuldir búsins eru:

A. Áhvílandi á Hamraborg 8:

1. Verðtryggt veðdeildarlán að höfuðstól kr. 10.600,00 (F2-4. 629,26X6.151 - 28.474,57 F4-4. 800, 53X6.222 - 29.868,90) að eftirstöðvum 1.12. 1982 kr. 58.343,67.

2. Eftirstöðvar skuldabréfs sem útg. var 1979, þá kr. 29.931,00 nú að eftirstöðvum kr. 5.986,20.

B. Áhvílandi á Vesturbergi 74:

1. (Veðdeild-E-13 2.154,12, Veðdeild E-15 2.255,42).
Skuld við Veðdeild kr. 4.410,00.

C. Skuld Jóns Karlssonar við Lánasjóð ísl. námsmanna:

1. Verðtryggð lán kr. 6.785,00 (vt. 6813)
2. Óverðtryggð lán kr. 5.159,00.

D. Skuld Ragnheiðar við Lánasjóð ísl. námsmanna:

1. Verðtryggð lán kr. 112.973,00 (vt. 6813).
2. Óverðtryggð lán kr. 1.522,00.

E. Opinber gjöld á Íslandi:

1. Skattskuld J. K. per. 30.1. 1982 kr. 60.447,00.
2. Útsvarsskuld J. K. pr. 30.11. 1982 kr. 19.938,00
3. Skattskuld R. G. 0.
4. Útsvarsskuld R. G. 0.

5. gr.

Eignirnar skiptast þannig:

A. Maðurinn fær báðar íbúðirnar og hluta af innbúi og peningum, sem þegar hefur verið skipt, auk sinna persónulegu muna.

B. Konan fær hluta innbús og peninga skv. þegar gerðri skiptingu, auk persónulegra muna.

C. Maðurinn greiði konunni kr. 400.000,00 með skuldabréfi til fjögurra ára með gjalddögum 1.6. og 1.12. ár hvert, í fyrsta sinn 1.6. 1983. Skuldabréfið sé verðtryggt m.v. lánskjaravísitölu í des. 1982 og beri hæstu vexti. Skuldabréfið sé tryggt með veði í íbúðinni í Hamraborg.

6. gr.

Skuldirnar skiptast þannig:

Maðurinn tekur að sér greiðslu allra skulda annarra en námslána konunnar.

7. gr.

Lendi konan í fjárhagslegum erfiðleikum með eigin framfærslu og dótturinnar Birgittu Sifjar, skal henni heimilt að krefja manninn um meðalmeðlag eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins hverju sinni, með dótturinni.

Meðlagsskyldan hefst næstu mánaðamót eftir að slík réttmæt krafa er sett fram, og henni lýkur jafnskjótt og hinum fjárhagslegu örðugleikum konunnar lýkur.

8. gr.

Hvort hjónanna greiðir opinber gjöld af eigin tekjum ársins 1982 og 1983.

9. gr.

Mál út af samningi þessum má reka fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur.

Gautaborg, 8. febrúar 1983.

Ragnheiður Guðmundsdóttir (sign) — *Jón Karlsson (sign)*
Ragnheiður Guðmundsdóttir — Jón Karlsson

Árni Jón Geirsson 0514-0188 (sign)
Fanný Friðbjörnsdóttir 2289-4501 (sign)

Aðilar hafa komið fyrir dóminn og foreldrar beggja sem vitni. Ber aðilum mjög á milli í framburði sínum og þykir því rétt að rekja hann að nokkru.

Stefnandi kom fyrir dóminn 20. desember 1984 og skýrði svo frá að hún hefði ekki séð samning um skilnaðarkjör á dskj. nr. 3 fyrr en stefndi hafi komið með hann til undirritunar og efni hans hafi ekki verið borið undir hana áður. Kvað hún stefnda að vísu hafa nefnt einhverjar tölur en hún hafi tjáð honum að hún gæti ekki dæmt um þær þar sem hún hefði engar tölur varðandi eignirnar. Að öðru leyti hefði ekki verið rætt um eignaskiptin utan að hún hefði tjáð stefnda að hún yrði að fá sinn hluta af eignunum. Hún kveðst hafa farið fram á að hafa samninginn að minnsta kosti yfir nóttina, svo hún gæti ráðfært sig við föður sinn eða aðra á Íslandi, en stefndi hefði ekki fallist á það. Hún kvað engin vitni hafa verið að undirritun samningsins. Hún kvaðst ekki hafa óskað eftir því að Hallgrímur B. Geirsson hdl. færi með umboð til að ganga frá þessu skilnaðarsamkomulagi fyrir sig, en er hún hefði undirritað saminginn hefði stefndi sagt: „Og svo er hér eitt skjal til sem þú þarft að skrifa undir" og tjáð henni að þetta væri nauðsynlegt til þess að hún gæti fengið plögg sem á þyrfti að halda.

Við yfirheyrsluna kom í ljós að stefnandi var á þessum tíma að hefja doktorsnám í fræðilegri eðlisfræði við Gautaborgarháskóla. Kvaðst hún hafa verið undir miklu álagi og illa stödd fjárhagslega, stefndi hafi verið síhótandi og notað barnið sem var hjá honum, t.d. með því að hóta því að hún fengi ekki að fá það til sín. Hún kveðst alltaf hafa verið hrædd við hann en viljað reyna að ná sáttum með því að gera eins og hann vildi.

Stefnandi hafði áður verið í hjónabandi. Hún upplýsti að fyrri eiginmaður hennar og stefndi hefðu verið kunningjar og að þeir hefðu verið svipað settir fjárhagslega þegar hún stofnaði til sambúðar við stefnda. Báðir hafi þeir átt tveggja herbergja íbúð. Kvaðst hún hafa gengið eignalaus úr búi í fyrra hjúskap. Hefði hún ekki talið rétt að flytja hluta af eignum fyrrverandi eiginmanns yfir í bú til kunningja hans.

Varðandi íbúð að Vesturbergi 74 í Reykjavík kvað stefnandi sér kunnugt um að foreldrar stefnda hafi talið sig eiga einhver ítök í íbúðinni vegna þess að móðir hans hefði látið hann fá lífeyrissjóðslán sem hún hafi átt rétt til, en kveður hann síðan hafa endurgreitt það. Hún telur að einhverjar greiðslur hafi verið eftir er þau gengu í hjúskap, en lánið hafi verið hagstætt. Hún telur ekki hafa verið rætt um að Jón fengi íbúð þessa óskipta út úr skilnaði, enda hafi ekki verið búist við skilnaði og gerð kaupmála hafi ekki verið rædd.

Varðandi afnot íbúðarinnar kvað hún systur stefnda lengst af hafa búið í íbúðinni án endurgjalds og kvaðst hún telja að hér hafi verið um að ræða að stefndi hefði viljað hjálpa henni eins og foreldrar hans höfðu hjálpað honum, þ.e.a.s. gagnkvæma hjálpsemi innan fjölskyldu.

Hún kvaðst hafa tekið með sér fáeina hluti er hún fór af heimilinu og stefndi hafi skilið eftir hjá henni kr. 1.000,00 sænskar áður en hann fór til Íslands skömmu áður en hún flutti af heimilinu, en það hafi þá verið fyrirsjáanlegt að hún myndi flytja á meðan hann væri á Íslandi. Aðra skiptingu á innbúi og peningum kvað hún ekki hafa átt sér stað og hún kvað sér hafa verið ókunnugt um peningaeign búsins. Einhvern hluta innbús kvað hún vera á Íslandi í vörslu stefnda.

Varðandi bifreiðaeign kvað hún þau hafa átt bifreið, Mazda 626, sem hafi verið keypt ný hér á Íslandi en síðan seld áður en þau fóru út til Svíþjóðar. Í Svíþjóð hafi þau keypt aðra bifreið. Aðspurð kvað hún aldrei hafa verið rætt um það að stefndi fengi alfarið þessa bifreið í sinn hlut.

Varðandi skuldir sagði stefnandi að þær hefðu litlar verið utan skattskuldir og námslán og hefði stefndi verið mjög gætinn varðandi fjármál. Kvað hún þau hafa átt tiltölulega skuldlausa íbúðina í Hamraborginni. Einhver skuld kunni að hafa verið á þeim bíl sem þau áttu er þau slitu samvistum.

Í aðilaskýrslu kom fram að stefnandi hefði þurft á pappírum að halda um skilnað að borði og sæng til þess að geta fengið húsnæðisstyrk og að hún hefði haft samband við lögfræðing í Svíþjóð og beðið um skilnað að borði og sæng en stefndi hefði viljað ganga frá skilnaðinum á Íslandi.

Stefndi kom fyrir dóminn 17. júlí 1985. Hann kvað samninginn undirritaðan heima hjá Ragnheiði en útbúinn á Íslandi. Kvað hann hann hafa verið saminn sameiginlega af aðilum en settan upp á lögfræðilegan hátt af lögmanni stefnda.

Varðandi aðdraganda skilnaðarins kvað hann það rétt að stefnandi hefði fyrst leitað til sænskrar lögmannsskrifstofu vegna skilnaðar, en samkomulag hefði orðið með aðilum um að sækja um skilnað á Íslandi. Stefndi taldi að stefnandi hefði farið fram á það í september að eignum yrði skipt en þau hefðu áður verið búin að ganga frá því hvernig forræði barnanna yrði háttað.

Hann kveðst hafa komið aftur til Svíþjóðar í byrjun október og hafi stefnandi þá stöðugt verið að ýta á að áfram yrði haldið við skilnaðinn en hann hefði viljað fara hægt í sakirnar.

Stefndi kveður þau í sameiningu hafa gert uppkast að samningi um skilnaðarkjör sem sent hafi verið lögmanni stefnda, og hafi lögmaðurinn síðan endursent samningsdrög að samningi um skilnaðarkjör í nóvember til stefnda. Kvað stefndi þau síðan hafa rætt þessi drög í nóvember, desember og janúar, og endursent þau síðan lögmanninum sem hafi útbúið endanlegan samning og endursent. Þetta skjal hafi síðan verið undirritað 8. febrúar. Hann kvað þau oft hafa rætt einstök atriði samingsins æsingalaust. Auk þessa kvað hann stefnanda hafa haft samninginn í viku til tíu daga til íhugunar áður en hann var undirritaður, og að hún hafi ekki rætt orð um það frekar við hann þegar þau skrifuðu undir samninginn. Undirritun samningsins kvað hann hafa borið þannig að að hann og eldri dóttir þeirra hefðu verið boðin í kvöldmat til stefnanda. Þau hafi rætt saman og hún sagt að hún væri búin að hafa samninginn hjá sér þennan tíma og að hún sæi ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram við þetta, og hún væri ákveðin í því að skilja. Síðan hafi þau skrifað undir samninginn bæði tvö. Hann hafi skilið eftir eitt eintak af honum hjá henni, en farið með samninginn til undirritunar vottanna sem ekki hafi verið viðstaddir. Hann hafnaði því að hafa beitt stefnanda pressu eða þvingun af neinu tagi.

Varðandi eignir sagði stefndi um íbúðina að Vesturbergi 74 að hún væri í raun eign foreldra hans, þó hann sé þinglýstur eigandi. Kvaðst hann hafa aðstoðað foreldra sína við formsatriði við kaup íbúðarinnar, en þau hefðu fjármagnað hana að fullu. Hann kvaðst aldrei hafa hlotið arð af íbúðinni. Hann kvaðst ekki hafa borgað af neinum lánum vegna íbúðarinnar. Hann kvað stefnanda hafa verið fullkunnugt um að íbúðin væri ekki hans eign og kvað hana í upphafi sambúðar þeirra hafa stungið upp á því að hann flytti hana af sínu nafni, en vegna framtaksleysis hefði ekki orðið úr því. Hann kvað foreldra sína hafa greitt opinber gjöld af íbúðinni.

Varðandi íbúð aðila í Hamraborg kvað hann verðmat hafa verið fengið með því að þau, aðilarnir, hafi haft samband við nokkra fasteignasala á Íslandi sem hafi verið beðnir um að meta hversu mikils virði íbúðin væri. Þau hafi verið sammála að skipta þesari eign. Stefndi hafi tekið að sér að greiða af henni skuldirnar, þannig að það hafi komið til frádráttar

verðmati íbúðarinnar. Að öðru leyti hafi þau skipt verðmati íbúðarinnar í tvennt. Verðmatið kvað hann hafa farið fram seint á árinu 1982 og væri greiðsla á veðskuldabréfi því er hann greiddi með hlut stefnanda miðuð við lánskjaravísitölu í desember 1982.

Hann kvað bifreið þá er þau áttu er skilnaður varð hafa verið Volvo 343 af árgerðinni 1980. Hafi hann verið keyptur haustið 1981 á sænskar krónur 32.000,00. Við skilnaðinn hafi verið á honum sænskar kr. 9.000,00 skuld. Bifreiðin hafi verið seld í janúar 1985 á sænskar kr. 24.000,00. Hann kvað andvirði bifreiðarinnar ekki hafa verið skipt, þar sem bifreiðin hafi átt að koma í hans hlut samkvæmt samningsuppkastinu, en sá partur hafi fallið niður í lokasamningi og ekkert þeirra hafi tekið eftir því. Bifreiðin hafi verið á hans nafni og í hans vörslum, en stefnandi hafi haft hana til afnota.

Varðandi innbú kvað hann þau hafa leigt íbúð með húsgögnum og ekki átt sérlega mikið. Hafi stefnandi tekið föt sín og bækur og hljómplötur, flest er varði eldhúsmuni, ryksugu, kaffikönnu, útvarp, segulband, reiðhjól sem hafi verið nýtt. Skilið eftir plötuspilara og sjónvarp, en hann hafi síðan um veturinn hjálpað henni til að kaupa sér sjónvarpstæki. Taldi hann að stefnandi hefði fyllilega fengið sinn hluta af innbúi og meira en það.

Stefndi taldi peningaeign hafa verið um það bil kr. 3.000,00 til 4.000,00 sænskar inni á bankabók og hafi skipti farið þannig fram að stefnandi hafi verið búinn að taka talsverðan hluta af því út, en síðan skilið eftir bankabókina hjá honum. Kvaðst hann ekki muna nákvæmar tölur í þessu sambandi.

Varðandi fjárhagsaðstoð til stefnanda kvaðst hann hafa eftirlátið stefnanda barnabætur með báðum börnunum í eitt ár, þó hann hefði forræði annars barnsins. Þá hafi hann þennan vetur t.d. hjálpað henni til að kaupa sjónvarp, og síðan hafi hann látið hana hafa peninga eftir sinni getu, ef hún hafi tjáð sér að hún væri peningalítil. Það hafi ekki verið neinar ákveðnar greiðslur og engar kvittanir farið á milli. Taldi hann að samtals hefði þetta verið einhvers staðar á milli kr. 5.000,00 og 10.000,00 sænskar þennan vetur, nær kr. 10.000,00 að hann taldi.

Hann kvaðst ekki kannast við að skilnaður hefði áhrif á húsaleigustyrk og kvað stefnanda ekki hafa verið að skilja við sig vegna þess.

Varðandi skuldir kvaðst hann hafa tekið að sér eftirstöðvar af bifreiðinni, skuldir af íbúðinni í Hamraborginni, allháa skattaskuld og einhverjar lausaskuldir.

Hann taldi að útgafa umboðs til handa Hallgrími B. Geirssyni hefði verið formsatriði, og að stefnanda hefði verið fullkomlega ljóst hvað hún var að gera er hún skrifaði undir það. Hann kvað stefnanda ekki hafa verið undir andlegri pressu frá sér á neinn hátt. Hann kvaðst ekki hafa viljað

skilnað og viljað gera gott úr hjónabandinu, en stefnandi hefði verið fullkomlega ákveðin í að skilja við sig. Hún hafi fullkomlega vitað hvað hún var að gera með skilnaðinum, samningnum, umboðinu og þessu öllu saman. Hann kvað andlegt ástand hennar hafa verið fullkomlega eðlilegt þegar hún undirritaði samninginn. Því til stuðnings bendir hann á að stefnandi hafi verið í skóla þennan vetur og staðist þar allar kröfur.

Hinn 1. apríl 1986 komu fyrir dóminn sem vitni foreldrar stefnda, Karl Magnús Jónsson og Lára Benediktsdóttir. Studdi framburður þeirra framburð stefnda varðandi þau atriði sem þau höfðu vitneskju um, en fram kom að eitthvað úr innbúi aðila væri í vörslu fjölskyldunnar.

Hinn 15. apríl s.á. komu fyrir dóminn foreldrar stefnanda, Guðmundur Sigvaldason og Áslaug Brynjólfsdóttir. Framburður þeirra styður að öllu leyti framburð stefnanda. Við yfirheyrsluna kom jafnframt fram að vorið eftir að skilnaðarsamkomulagið var gert hafi aðilar bæði verið á Íslandi og hafi þá verið haldinn fjölskyldufundur með foreldrum beggja aðila og föðurömmu stefnda. Kváðu þau þar hafa verið rætt um skilnaðarsamkomulagið og að samstaða hefði náðst um að samningurinn væri ekki réttlátur og að reynt yrði að leiðrétta hann að einhverju leyti. Ákveðið hafi verið að stefndi og faðir stefnanda myndu hittast til að ræða þessi mál frekar. Bar faðir stefnanda að þeir hefðu hist stuttu síðar og hefðu ætlað að hittast aftur, en fáum dögum síðar hefði hann frétt að stefndi væri farinn úr landi, og hann kvaðst ekki hafa heyrt frá honum síðan. Hann kvaðst ekki hafa heyrt neitt um skilnaðarsamkomulagið og engin efnisatriði þess hefðu verið borin undir hann fyrr en eftir að það var undirritað. Hann kvaðst ekki hafa séð sjálft skjalið fyrr en mörgum mánuðum síðar, þar sem Ragnheiður hefði ekki fengið afrit af því þegar hún hafi verið neydd (sic) til að skrifa undir. Það hefði ekki fengist frá Jóni og það hefði orðið að leita til lögfræðinganna til að fá það.

Með bréfi dags. 20. febrúar 1986 ritaði lögmaður stefnanda til fasteignamats ríkisins og óskaði eftir upplýsingum um söluverð á íbúðarhúsnæði í Hamraborg 8, Kópavogi janúar til mars 1983, nánar tiltekið 3ja herbergja íbúð. Óskaði lögmaðurinn eftir upplýsingum um meðalverð á m^2 í samskonar húsnæði og staðgreiðsluverð sams konar eigna. Í svarbréfi fasteignamats ríkisins, sem dagsett er 10. mars 1986, er upplýst að fimm 3ja herbergja íbúðir hafi verið seldar í Hamraborginni í Kópavogi á fyrsta ársfjórðungi ársins 1983, og hafi nafnverð á m^2 í þeim sölum verið kr. 12.798,00 en það hafi verið 90,9% af verði í sams konar íbúðum á sama tímabili í Reykjavík. Jafnframt kemur fram að verð íbúða í Hamraborg í Kópavogi hafi verið óvenjulega lágt á þessu tímabili og meðalverð sambærilegra íbúða á tímabilinu frá fyrsta ársfjórðungi 1983 til þriðja ársfjórðungs 1985 hafi verið 100% af verði sams konar húsnæðis í Reykjavík. Jafn-

framt er upplýst í þessu bréfi að staðgreiðsluverð megi áætla 85 - 92% af nafnverði með tilliti til hefðbundinnar útborgunar, lánskjara, ávöxtunarkröfu af lánum og verðbólgu.

Með bréfi dags. 1. apríl 1986 óskaði lögmaðurinn eftir sams konar upplýsingum varðandi tímabilið síðasta ársfjórðung ársins 1982. Í svari fasteignamats ríkisins, sem dagsett er 10. apríl 1986, kemur fram að nafnverð á m^2 á því tímabili hafi verið kr. 13.800,00 á 3ja herbergja íbúð í Hamraborg, og að áætla megi að staðgreiðsluverð hafi verið 85 - 92% af nafnverði þegar tekið er tillit til sömu þátta og að ofan greinir. Upplýst var við málflutning að stærð þessarar íbúðar er 71,6 m^2. Samkvæmt þessu hefur nafnverð íbúðarinnar í sölu á fyrsta ársfjórðungi ársins 1983 verið 916.337,00 en á síðasta ársfjórðungi ársins 1982 kr. 988.080,00.

Samkvæmt skattframtali 1983 var fasteignamat íbúðarinnar að Hamraborg hinn 1. desember 1982 kr. 412.000,00 og lóð tilheyrandi kr. 21.000,00.

Lögmenn hafa upplýst að tölur í skilnaðarsamkomulagi aðila byggist á fjárhagsgrundvelli síðasta ársfjórðungs ársins 1982, þegar samningurinn var útbúinn af lögmönnum, en ekki við þann tíma er hann er undirritaður. Íbúð að Hamraborg 8 síðar 18, Kópavogi er í samningnum verðlögð á kr. 800.000,00, en á þeim tíma var markaðsverð íbúðarinnar kr. 988.080,00.

Af gögnum málsins kemur ennfremur fram að stefnandi hefur verið þinglýstur eigandi þessarar íbúðar þar til er skilnaðaryfirlýsingu er þinglýst þann 3. maí 1984.

Vegna fasteignarinnar að Vesturbergi 74, Reykjavík hefur verið lagt fram endurrit úr þinglýsingabók er sýnir að Jón Karlsson er þinglýstur eigandi íbúðarinnar sem er tvegja herbergja íbúð á þriðju hæð. Þá er einnig lagt fram afsal á téðri eign til handa Jóni Karlssyni. Einnig ljósrit af aflýstu veðskuldabréfi, útgefnu 15. september 1975 af Jóni Karlssyni vegna láns að fjárhæð kr. 321.188,00 sem tryggt er með veði í íbúð hans að Vesturbergi 74 í Reykjavík og er dagsetning sú hin sama og á afsali. Þá hafa verið lögð fram staðfest ljósrit skattframtala áranna 1978, 1979, 1980, 1981, 1982 og 1983. Hið fyrsta er framtal stefnda eins en hin síðari framtöl aðila beggja. Á öllum þessum skattframtölum er íbúðin að Vesturbergi 74 talin til eigna. Einnig eru á öllum skýrslunum taldar skuldir sem augljóslega eru vegna þessarar íbúðar svo sem skuld við seljanda íbúðarinnar og Veðdeild Landsbanka Íslands. Fasteignamat íbúðarinnar að Vesturbergi er samkvæmt skattframtali aðila ár 1983 hærra en mat íbúðarinnar í Hamraborg. Fullyrðing stefnda og foreldra hans um að íbúðin að Vesturbergi 74, Reykjavík, sé raunverulega eign hinna síðarnefndu þykir ósönnuð. Enginn kaupmáli var gerður um þessa íbúð og ekki verður séð að stefndi hafi við skiptin gert rökstudda kröfu til íbúðarinnar að Vesturbergi 74 með tilvísun til 57. gr. laga nr. 60/1972.

Veðskuldabréf það er stefnandi fékk í sinn hlut er útgefið af stefnda í Reykjavík 18. apríl 1983 að fjárhæð kr. 400.000,00 bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 471, sem mun vera vísitala desembermánaðar 1982. Skyldi lán þetta greitt með 8 afborgunum á 6 mánaða fresti í fyrsta skipti 1. júní 1983.

Stefndi fékk í sinn hlut báðar íbúðirnar. Upplýst er að innbúi hefur ekki verið skipt að fullu og að hluti þess er í vörslu fjölskyldu stefnda á Íslandi. Upplýst er að bifreið kom óskipt í hlut stefnda en þessa er ekki getið í skilnaðarsamningi. Í samningnum er talað um skipti á peningum. Ekki hefur tekist að upplýsa hér fyrir dómi hvernig þeirri eign var háttað. Ekkert verðmat liggur fyrir á innbúi og bifreið. Ljóst er að skuldir búsins hafa verið litlar miðað við eignir og að aðilar hafa skipt skuldum nokkuð jafnt.

Sambúðartími aðila mun hafa verið fimm og hálft ár, en tvo mánuði vantað upp á að hjónabandið stæði í fimm ár, ef miðað er við útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar. Aðilar eru bæði langskólagengin. Á sambúðartímanum eignast þau tvö börn. Heimilishald og eignamyndun var sameiginleg. Af framlögðum skattframtölum má sjá að stefndi, sem er læknir, hafði mun hærri tekjur en stefnandi á sambúðartímanum.

Stefnandi flytur af heimilinu við þær aðstæður, að ekki er samkomulag með aðilum um að slíta hjúskap. Annað barnið verður eftir hjá stefnda. Upplýst þykir að stefnandi hafi verið illa sett fjárhagslega eftir að hún flutti af heimilinu. Einnig þykja hafa verið nægilegar líkur að því leiddar að samskiptaerfiðleikar hafi verið á milli aðila á þessu tímabili. Stefndi naut sérstakrar lögfræðilegrar aðstoðar og var auk þess sjálfur vanur að fara með fjármál heimilisins. Stefnandi naut engrar sjálfstæðrar lögfræðilegrar aðstoðar og ekkert beint samband var á milli hennar og lögmanns stefnda, sem sá um að útbúa skilnaðarsamkomulagið og ganga frá skilnaðinum. Stefnandi kveðst ekki hafa áttað sig á mikilvægi þess að hún skrifaði undir umboð til handa Hallgrími B. Geirssyni hdl., er var samstarfsmaður lögmanns stefnda, til að ganga frá skilnaðinum fyrir sína hönd. Var umboðið undirritað um leið og skilnaðarsamkomulagið.

Framburður aðila stangast mjög á um það hver aðdragandi var að gerð samningsins. Stefnandi kveðst ekki hafa séð hann fyrr en við undirritun og kveðst ekki hafa fengið samþykki stefnda til að íhuga hann nánar. Stefndi fullyrðir að aðilar hafi gert drög hans í sameiningu og ítrekað rætt þau efnislega og að stefnandi hafi haft skjalið undir höndum í viku til tíu daga fyrir undirritun. Upplýst er að vottar voru ekki viðstaddir undirritun skjalsins og eru nöfn þeirra rituð síðar.

Þegar litið er til alls þessa er hér hefur verið rakið verður að telja upplýst að staða stefnanda við samningsgerðina hafi verið mun veikari, einkum vegna þess að stefnandi hefur ekki notið óháðrar lögfræðilegrar aðstoðar

við gerð samningsins og slit hjúskaparins og vegna fjárhagsstöðu hennar. Gengið er frá samningi aðila um skilnaðarkjör af lögmanni stefnda, samningurinn er sendur til stefnda og það er hann sem kemur honum á framfæri við stefnanda. Og það er lögmaður stefnda og samstarfsmaður hans sem ganga frá skilnaðinum hér á landi, en aðilar sjálfir eru erlendis á þeim tíma. Þar sem um veruleg frávik er að ræða frá þeirri meginreglu í fjárskiptum hjóna að eignum sé skipt til helminga, er eðlilegt að það komi skýrt fram að sú skipan sé vilji beggja. Fullyrðing stefnda um að samkomulag hafi verið um að skipta eignum ekki jafnt þykir vera ósönnuð.

Með vísan ofanritaðs og til 54. gr. laga nr. 60/1972 verður að telja að samningur aðila um skilnaðarkjör hafi verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað og þykir sú niðurstaða eiga sér stoð í grunnrökum 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986 um breytingu á þeim lögum. Niðurstaða dómsins er því sú að taka skuli kröfu stefnanda til greina og er samningur aðila um skilnaðarkjör, sem undirritaður er í Gautaborg 8. febrúar 1983, lýstur óskuldbindandi.

Rétt þykir að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Lýstur er óskuldbindandi samningur stefnanda, Ragnheiðar Guðmundsdóttur, og stefnda, Jóns Karlssonar, um skilnaðarkjör, sem undirritaður er í Gautaborg 8. febrúar 1983.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 22. mars 1988.

Nr. 338/1987. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Sæmundssyni
(Gísli G. Ísleifsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1987 til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar refsingu.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi ók ákærði aðfaranótt sunnudagsins 11. maí 1986 bifreiðinni G-7146 undir áhrifum áfengis stuttan spöl frá félagsheimilinu Lýsuhóli í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Áfengismagn í blóði ákærða mældist 1,21‰. Þegar tekið er tillit til skekkjumarka við mælingu, telst það varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, en nú við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, er dæma ber eftir samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hæfilega ákveðin 20 daga varðhald. Þá ber samkvæmt 3. mgr. 102. gr. síðast nefndra laga, þar sem um ítrekað brot er að ræða, að svipta ákærða ökuleyfi í 2 ár og 6 mánuði frá 18. febrúar 1987 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

II.

Ákærði sagði rangt til nafns í framburði sínum hjá varðstjóra framangreinda nótt. Gaf hann upp nafn, nafnnúmer, fæðingardag og heimilisfang á manni, sem ekki er til hér á landi. Varðstjóraskýrslan var lesin upp fyrir ákærða, er undirritaði hana, með hinu tilbúna nafni, sem rétta.

Varðstjórskýrsla þessi telst ekki, eins og hér stendur á, falsað skjal „til þess að blekkja með því í lögskiptum“ í skilningi 155. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 ákveðst að ákærði greiði ⅓ hluta af sakarkostnaði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 40.000,00 krónur, og saksóknarlaun fyrir Hæstarétti 25.000,00 krónur. Tveir þriðju hlutar alls sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Það athugast, að í héraðsdómi er sakavottorð ákærða ranglega tilgreint. Þar sem skýrt er frá sátt 7. janúar 1974 á að standa 1972, þar sem segir frá sátt 16. júlí 1980 á að standa 6.000,00 krónur fyrir brot gegn 19. gr. umferðarlaga. Sátt sú er þar greinir var hins vegar gerð 8. nóvember 1982.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Sæmundsson, sæti varðhaldi í 20 daga og er sviptur ökuleyfi í 2 ár og 6 mánuði frá 18. febrúar 1987 að telja.

Ákærði greiði ⅓ hluta alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 40.000,00 krónur fyrir báðum dómum og 25.000,00 krónur í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Tveir þriðju hlutar alls sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 29. september 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 29. sept. er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði af Júlíusi Magnússyni, uppkveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 3682/86: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Sæmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. september sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dags. 6. mars 1987 á hendur Jóhanni Sæmundssyni, Smyrlahrauni 47, Hafnarfirði, fyrir að aka:

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 11. maí 1986 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G-7146 stuttan spöl við félagsheimilið Lýsuhól í Staðarsveit á Snæfellsnesi, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

II.

Fyrir skjalafals með því að hafa undirritað varðstjóraskýrslu hjá varðstjóra sömu nótt vegna áðurgreinds brots með nafninu Jóhann Sveinsson.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir:

Sunnudaginn 11. maí 1986 kl. 02:45 stöðvuðu lögreglumenn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu bifreiðina G-7146 sem ekið var að félagsheimilinu á Lýsuhóli í Staðarsveit og höfðu þeir tal af ökumanni bifreiðarinnar sem var ákærði í máli þessu Jóhann Sæmundsson, Smyrlahrauni 47, Hafnarfirði. Þar sem lögreglumenn fundu áfengisþef frá vitum ákærða tóku þeir af honum öndunarsýni sem sýndi III. stig. Síðan færðu lögreglumenn ákærða í heilsugæslustöðina í Ólafsvík þar sem læknir tók honum blóð til rannsóknar á alkóhólinnihaldi. Rannsókn á blóðsýni þessu gaf til kynna að í blóði ákærða væri 1,21‰ alkóhóls. Í framhaldi af blóðsýnistökunni var ákærði færður á lögreglustöðina í Ólafsvík þar sem varðstjóri tók af honum skýrslu. Við skýrslutöku þessa hjá varðstjóra gaf ákærði upp annað nafn en sitt eigið. Kvaðst hann heita Jóhann Sveinsson og búa að Smyrlahrauni 41 í Hafnarfirði. Þá kvaðst hann vera fæddur 21. maí 1956, en réttur fæðingardagur hans og ár er 21. júní 1955. Ennfremur gaf ákærði upp annað nafnnúmer en hann hafði. Ákærði játaði að hafa verið að aka bifreið. Hann kvaðst hafa verið að aka að Hamraendum í Breiðuvík og vera að koma frá félagsheimilinu að Lýsuhóli. Hann kvaðst hafa lagt af stað skömmu áður en lögreglan stöðvaði bifreið hans. Hann játaði að hafa verið að drekka áfengi. Kvað hann það hafa verið vodka. Kvaðst hann hafa drukkið ca. eitt glas af blönduðu áfengi, og hefði hann gert það að Lýsuhóli á tímabilinu frá 02:00 - 02:30. Ákærði neitaði að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Hann kvaðst hafa sofið nóttina áður u.þ.b. fimm klukkustundir. Ekki kvaðst hann hafa drukkið áfengi eftir að hann ók. Skýrslu þessa undirritaði ákærði síðan með nafninu Jóhann Sveinsson.

Samkvæmt skýrslu varðstjórans var áfengisþefur af andardrætti ákærða

lítilsháttar, andlit hans eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu voru sögð vot, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Lögreglan í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sendi bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði mál þetta til meðferðar með bréfi dagsettu 4. des. 1986. Mánudaginn 6. janúar 1987 boðaði rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði ákærða Jóhann Sæmundsson til yfirheyrslu. Hafði rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði þá kannað nafn, heimilisfang og nafnnúmer það sem ákærði hafði gefið upp því að enginn fannst með því nafni, fæðingardegi og nafnnúmeri sem ákærði hafði gefið upp. Var honum tjáð í yfirheyrslu er hófst kl. 16:15 fyrrgreindan dag að hann væri grunaður um að hafa gefið upp rangt nafn hjá lögreglunni í Ólafsvík 11. maí 1986. Ákærði neitaði í fyrstu að hafa verið þarna á ferð og kvaðst ekkert við málið kannast. Hann játaði að hafa verið að Hamraendum á Snæfellsnesi þá um sumarið. Hann kvaðst hafa farið þangað í byrjun maí og verið þar við sjóróðra með Haraldi Þorgeirssyni og búið þá heima hjá Sverri Jónssyni að Hamraendum. Aðspurður í þessari skýrslutöku neitaði ákærði að hafa farið á ball að Lýsuhóli sumarið 1986. Rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði lét ákærða gefa rithandarsýni þar sem hann ritaði nafnið Jóhann Sveinsson, og líkist rithönd hans á því mjög þeirri undirritun er var á varðstjóraskýrslunni sem áður er getið.

Lögreglan tók í framhaldi af fyrrgreindri skýrslutöku af ákærða, skýrslu af Sverri Jónssyni, fæddum 10. apríl 1959, til heimilis að Mávahrauni 1 í Hafnarfirði. Vitni þetta gaf skýrslu sem er mjög óljós og bar við ölvun og minnisleysi. Kvaðst vitnið hafa verið farþegi í umræddri bifreið sem getið er hér að framan frá heimili sínu að Hamraendum og á ball að Lýsuhóli. Sagði vitnið að frá Hamraendum að Lysuhóli hefði ekið bifreiðinni Kristján Gunnlaugsson, Ökrum II, ennfremur hefðu verið auk hans í bifreiðinni tveir kunningjar Kristjáns þessa sem vitnið kvaðst ekki vita hvað hétu. Síðan sagðist vitnið hafa byrjað að drekka áfengi áður en það fór að heiman og hafa haldið því áfram á ballinu. Kvaðst vitnið hafa verið orðið útúrdrukkið og ekki muna hvernig það hefði komist heim, en kvaðst reikna með að það hafi farið heim í bifreiðinni. Vitnið kvaðst aðspurt ekki vita hver hefði ekið bifreiðinni, en kvaðst vera þó visst um að Kristján hefði ekki ekið.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði síðar þennan dag eða kl. 19:00, skýrði ákærði svo frá að hann vildi breyta framburði sínum frá því fyrr um daginn. Hann viðurkenndi nú að hafa verið ökumaður bifreiðinnar G-7146 í umrætt sinn. Ákærði sagði að hann hefði farið ásamt Haraldi Þorgeirssyni og Sverri Jónssyni á ball á Lýsuhóli umrætt sinn. Hann kvaðst ekki hafa drukkið neitt áfengi að ráði á ballinu, en þó eitthvað

lítils háttar. Hann sagði þá hafa verið á ballinu til um kl. 02:00 og þá farið til baka aftur áleiðis að Hamraendum og kvaðst þá hafa ekið. Ekki kvaðst hann hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann játaði síðan að hafa verið stöðvaður af lögreglu á þessari leið. Hann kvaðst hafa sagt rangt til um föðurnafn sitt, nafnnúmer, fæðingardag og heimilisfang hjá lögreglunni. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að aka aðeins stutta leið er hann var stöðvaður.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1974 7/1 í Hafnarfirði. Sátt: 1.500 kr. sekt fyrir brot á 1. sbr. 91. gr. lsþ. Hafn. nr. 80/1928.

1974 3/9 í Hafnarfirði. Sátt: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 4., 5., 19. og 26. gr. umfl. og 21. gr. áfl.

1975 13/11 í Hafnarfirði. Sátt: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 19., 48. og 51. sbr. 65. og 80. gr. umfl. og 21. gr. sbr. 44. gr. áfl.

1979 5/12 í Hafnarfirði. Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. umfl.

1980 16/7 í Hafnarfirði. Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot á 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 29/10 1982.

— — —

Niðurstöður:

Brot ákærða gegn ákvæðum 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. l. nr. 40, 1968, telst sannað með skýrslum lögreglu, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn tilvitnuðum lagagreinum.

Sú háttsemi ákærða að rita annað nafn en sitt undir varðstjóraskýrslu, eins og rakið er hér að framan, telst ekki varða við 1. mgr. 155. gr. l. nr. 19, 1940, og ber að taka til greina kröfu verjanda ákærða um sýknu af þessum lið ákæru.

Refsing ákærða, sem ákveðst skv. 80. gr. l. nr. 40, 1968 sbr. l. nr. 54/1976, telst hæfilega ákveðin kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs er greiðast skal inna 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en ella komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar.

Þá ber með skírskotun til 81. gr. l. nr. 40, 1968 og þess að um ítrekað brot ákærða er að ræða, að svipta hann ökuleyfi ævilangt frá 18. febrúar 1987 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Dæma ber ákærða til greiðslu á helmingi sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 14.000,00 en rétt þykir með vísan til 2. mgr. 141. gr. l. nr. 74, 1974 að helmingur sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Sæmundsson, greiði kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga í stað sektarinnar.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 18. febrúar 1987 að telja.

Sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gísla Ísleifssonar hrl., kr. 14.000,00, greiði ákærði að hálfu en ríkissjóður að hálfu.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. mars 1988.

Nr. 16/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Þorvaldi Guðmundssyni
(Jón G. Briem hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1987 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar refsingu en staðfestingar um sviptingu ökuleyfis.

Engin vitni eru að því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni Ö-5179 frá Túngötu 21 í Grindavík að heimili sínu á Sjónarhóli þar í bæ aðfaranótt sunnudagsins 27. nóvember 1983. Þegar rannsókn hófst eftir hádegi sama dag vegna kæru um að ekið hefði verið á bifreiðina A-2147 í Túngötu þá um nóttina, stóð bifreiðin Ö-5179 á Túngötu skammt undan. Skemmdir á henni þóttu benda til að hún hefði rekist á A-2147 og beindist grunur að ákærða. Eins og fram kemur í forsendum héraðsdóms sagði ákærði við yfirheyrslu hjá lögreglu

sama dag, að hann hefði um nóttina ekið bifreiðinni heim til sín. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa orðið var við að hafa ekið á A-2147 en taldi það hugsanlegt, þar sem hann hefði fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Fyrir dómi féll hann frá þessum framburði og hefur síðan haldið fast við, að hann hafi ekki ekið bifreiðinni um nóttina.

Hinn 15. þ.m. voru nokkur vitni yfirheyrð vegna þessa máls í sakadómi Grindavíkur, auk þess að ákærði kom aftur fyrir dóm. Mágkona ákærða, sem býr að Túngötu 21, kveður hann oft hafa skilið bifreiðina eftir í innkeyrslunni við húsið og þar sá vitnið hana standa kvöldið áður en þessi atvik gerðust. Vitnið segist svo hafa vaknað um kl. 5 - 6 við það að bifreið virtist vera ræst og ekið brott. Vitnið gáði ekki hverjir væru þar á ferð. Faðir ákærða og skráður eigandi bifreiðarinnar kvaðst ekki hafa ekið henni þessa nótt. Að henni voru tvennir lyklar til. Aðra hafði hann sjálfur en hina ákærði. Vitnið Jóhann Sigurbjörn Ólafsson bar á sínum tíma fyrir lögreglu, að það hefði ekið bifreiðinni fyrir ákærða í sjoppuferð fyrr um kvöldið og síðan lagt henni í Túngötu, öfugt miðað við aksturssteínu. Þeir hafi síðan farið inn í Túngötu 21 og skömmu síðar í annað hús, þar sem þeir þreyttu drykkju. Um miðnætti hefðu þeir farið að samkomuhúsinu Festi smástund, þar sem ákærði hefði orðið eftir, enda orðinn of ölvaður. Hafi vitnið ekki séð ákærða aftur þetta kvöld, en á leiðinni heim um kl. 3 hafi það tekið eftir því að bifreiðin væri komin upp í innkeyrsluna við Túngötu 21. Þetta vitni kom ekki fyrir dóm við meðferð málsins í héraði en hvarf nú frá þessum framburði og hélt fast við, að það hefði sjálft lagt bifreiðinni í innkeyrsluna en ekki úti á götu, og væri fyrri framburður þess rangur. Vitnið kvaðst muna að það hefði ekki haft lykla bifreiðarinnar á sér, er það kom heim til sín um nóttina og telur líklegt að það hafi skilið þá eftir á Túngögu 21. Er það kom heim til sín hafi það verið lyklalaust, hafði týnt lyklum sínum, en faðir þess leitað í vösum þess og enga lykla fundið. Vitnið fullyrti að framburður ákærða þess efnis, að það hafi fyrst afhent honum lyklana um hádegisbil daginn eftir, sé rangur. Ákærði hélt fast við að Jóhann hefði fyrst afhent sér lyklana daginn eftir en kvaðst nú ekki muna hvar bifreiðinni hefði verið lagt eftir sjoppuferðina kvöldið áður. Fyrir þá ferð hefði hún hins vegar staðið öfugt miðað við

akstursstefnu við grindverk Túngötu 21. Hann kvaðst ekki kannast við undirskrift sína á skýrslu um yfirheyrslu yfir sér, en taldi þó ekki útilokað að þar væri sín skrift. Hann mundi eftir að hafa verið yfirheyrður og kvaðst hafa beðið um að tekið væri úr sér blóðsýni en því verið hafnað.

Í héraðsdómi er rakið, að tveir lögreglumenn hafi fyrir dómi staðfest efni lögregluskýrslunnar um framburð ákærða og undirskrift hans. Í annarri lögregluskýrslu kemur fram, að ákærði hafi við þessa yfirheyrslu sagst hafa komið á bifreiðinni frá Sjónarhóli um kl. 13 umræddan sunnudag og lagt henni á Túngötu, þar sem lögreglumenn sáu hana eins og að framan greinir. Efni þessarar skýrslu hefur ákærði staðfest fyrir dómi. Þegar þetta er virt og það sem fram kom við framhaldsrannsókn málsins og að framan er rakið, þykir nægilega sannað að upphafleg frásögn ákærða sé rétt og hann hafi ekið bifreiðinni Ö-5179 frá Túngötu að Sjónarhóli umrædda nótt eins og í ákæru greinir.

Ákærði var handtekinn vegna ölvunar 50 mínútum eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins og færður í fangageymslu en síðan fluttur heim til sín kl. 04:20. Til marks um ölvun hans eru auk þessa frásögn hans sjálfs og framangreinds vitnis. Verður þannig að telja sannað, að ákærði hafi enn verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni heim til sín skömmu síðar.

Brot ákærða er ítrekað og varðaði við 25. gr. 2. mgr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, en varðar nú við 45. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987, er tóku gildi 1. mars 1988 og dæma ber eftir samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir samkvæmt 100. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987 hæfilega ákveðin fimmtán daga varðhald. Samkvæmt 102. gr. 3. mgr. sömu laga ber að svipta ákærða ökuleyfi í tvö ár frá birtingu héraðsdóms 26. febúar 1987 að telja.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns G. Briem héraðsdómslögmanns, 30.000,00 krónur.

Héraðsdómur var eigi birtur fyrr en 26. febrúar 1987. Áfrýjunarstefna var gefin út 10. mars s.á. en ekki birt fyrr en 16. desember

s.á. Þessi dráttur hefur ekki verið réttlættur, auk þess að málið dróst óhæfilega lengi í héraði, eins og í héraðsdómi greinir. Ber að ávelja þetta.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Guðmundsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 26. febrúar 1987 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns G. Briem héraðsdómslögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Grindavíkur 25. apríl 1986.

Ár 1986, föstudaginn 25. apríl, er í sakadómi Grindavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík af Símoni Ólasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 278/1984: Ákæruvaldið gegn Þorvaldi Guðmundssyni.

Mál þetta, sem var dómtekið 14. febrúar 1986 hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dóminum með ákæru dags. 7. júní 1984 á hendur „Þorvaldi Guðmundssyni verkamanni, Sjónarhóli Grindavík, fæddum 29. júní 1959 þar í bæ, fyrir að aka, sunnudaginn 27. nóvember 1983, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Ö-5179 frá Túngötu 22, Grindavík, að heimili sínu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Sunnudaginn 27.11. 1983 hringdi Þorsteinn Guðmundsson, til heimilis að Túngötu 22, Grindavík, heim til Sigurðar M. Ágústssonar lögreglumanns í Grindavík, og sagði að ekið hefði verið á bifreiðina A-2147, þar sem hún hafi verið kyrrstæð við húsið nr. 21 við Túngötu í Grindavík og að tjónvaldur hefði ekið af vettvangi. Í lögregluskýrslum er talað um húsið Túngötu 22 en átt mun vera við húsið nr. 21 við Túngötu eins og fram kemur í öðrum gögnum málsins. Lögreglumenn fóru á staðinn og beindist grunur þeirra að bifreiðinni Ö-5179, sem að sögn íbúa hússins að Túngötu 21 í Grindavík hafi verið kyrrstæð í innkeyrslu hússins nóttina áður. Sú

bifreið er í eigu Guðmundar Þorsteinssonar, til heimilis að Sjónarhól, Grindavík, föður ákærða í máli þessu, en ákærði hafði að sögn verið umráðamaður bifreiðarinnar það kvöld.

Sunnudaginn 27.11. 1983 kl. 00:50 handtók lögreglan í Grindavík ákærða við félagsheimilið Festi í Grindavík vegna ölvunar og færði hann í fangaklefa í Grindavík. Kl. 04:20 þann dag var ákærða hleypt úr fangaklefanum og honum ekið heim til sín. Ákærði var tekinn til yfirheyrslu hjá lögreglunni í Grindavík vegna hins meinta ölvunaraksturs þennan dag kl. 15:30. Þá viðurkenndi ákærði að hafa farið heiman frá sér stuttu eftir að lögreglan hafði ekið honum heim og hafa gengið að Túngötu 21 í Grindavík til að sækja bifreiðina Ö-5179 sem hann hafði skilið þar eftir. Ökumaður fyrr um kvöldið hafi verið Jóhann Ólafsson, til heimilis að Görðum í Grindavík. Mætti kveðst hafa komið að bifreið sinni um kl. 04:40 - 05:00 og hafi hann farið beint inn í hana og sett í gang og ekið afturábak út úr innkeyrslu hússins og þaðan heim til sín að Sjónarhól. Ekki kveðst mætti hafa orðið var við að hafa ekið utan í bifreiðina A-2147 við þetta tækifæri. Ákærði viðurkenndi að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Í yfirheyrslum hér fyrir dómi hefur ákærði dregið þann framburð sinn til baka að hann hafi ekið bifreiðinni Ö-5179 undir áhrifum áfengis í nefnt sinn. Honum var sýnd skýrsla lögreglu frá 27.11. 1983 og kvaðst hann aðspurður kannast við undirskrift sína á henni, nema hvað hann kannaðist ekki við stafinn G í föðurnafni sínu. Hann kvaðst aldrei hafa játað fyrir rannsóknarlögreglu að hann hafi ekið undir áhrifum áfengis í nefnt sinn. Vitnið Sveinbjörn Ægir Ágústsson lögreglumaður, sem var viðstaddur skýrslutökuna hjá lögreglu, hefur hér fyrir dómi lýst því yfir að hann hafi verið viðstaddur undirskrift Þorvalds á skýrsluna og að hún hafi verið lesin fyrir hann. Sigurður Ágústsson lögreglumaður í Grindavík, sem tók skýrsluna af ákærða, hefur bæði fyrir rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi staðfest að Þorvaldur hafi gengist við akstri sínum í nefnt sinn. Ekki voru nein vitni að akstri ákærða svo vitað sé.

Telja verður sannað að ákærði hafi fyrir rannsóknarlögreglu viðurkennt akstur bifreiðarinnar Ö-5179 undir áhrifum áfengis frá Túngötu 21, Grindavík að heimili sínu, Sjónarhóli, Grindavík. Síðari framburður hans hér fyrir dómi þykir engu þar um breyta.

Með framburði ákærða fyrir rannsóknarlögreglu og í samræmi við önnur gögn málsins telst sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem greinir í ákæru og varðar hún við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sbr. lög nr. 54/1976.

Samkvæmt sakavottorði hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

„1982 8/11 í Keflavík. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 6 mán. frá 8/11 1982."

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 18.000,00 kr. sekt í ríkissjóð sem greiðist innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa en ella sæti ákærði 15 daga varðhaldi í hennar stað.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, þ.m.t. ítrekunaráhrif (sic), skal ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns G. Briem hdl., kr. 11.000,00.

Rekstur máls þessa hefur dregist óhæfilega bæði hjá lögreglu og dómara og stafar það að nokkru af miklum önnum dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Guðmundsson, greiði sekt kr. 18.000,00 í ríkissjóð, sem greiðist innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði 15 daga varðhaldi í hennar stað.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Jóns G. Briem hdl. kr. 11.000,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. mars 1988.

Nr. 78/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Skaptasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. þ.m. er hingað barst 14. þ.m. og krefst hann niðurfellingar hans. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Í sendingu þeirri er barst til Bókaútgáfunnar Arnar og Örlygs hf. voru meira en 12 kg af hassefni en varnaraðili er starfsmaður hennar. Skriftarfræðingur álítur rithönd hans á fylgibréfum með sendingunni. Vísað var á hassefni á heimili hans.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. mars 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 10. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115 í Reykjavík af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þriðjudaginn 8. þ.m. um kl. 17.40 hringdi til lögreglunnar í Reykjavík nafngreindur starfsmaður bókaútgáfu Arnar og Örlygs að Síðumúla 11 hér í borg og óskaði eftir að rannsakað yrði nánar innihald tveggja kassa er opnaðir höfðu verið þarna stuttu áður og grunur léki á að hefðu að geyma fíkniefni.

Lögregluathugun staðfesti að í kössunum voru ætluð kannabisefni í 12 plötum, hverri um sig 47x23.5 cm að ummáli og að þyngd frá 1.002,1 gr til 1.058,9 gr hver. Samtals 12.319,6 grömm.

Samkvæmt stimplum á fylgiskjali virðast nefndir kassar hafa verið póst-

lagðir í Amsterdam 10. f.m., móttökustimplaðir í Reykjavík 23. f.m. og tilkynning um komu þeirra send ofangreindu útgáfufyrirtæki skömmu síðar.

Skrifstofustjóri þess fyrirtækis kvaðst hafa vitjað sendingar í pósthús milli kl. 14 og 15 þriðjudaginn 8. þ.m. en sölustjóri opnað skömmu síðar og þá tilkynnt forstjóra um grunsamlegt innihald og sá síðastnefndi hlutast til um að haft var samband við lögreglu kl. 17.40 sama dag sem áður er nefnt.

Við frumathugun í margnefndu fyrirtæki fundu lögreglumenn í skrifstofu Jóns Skaptasonar f. 7.6. 1951 reykjarpípuhreinsara með tóbakstjöru sem greinilega gaf jákvæða svörun við litarpróf fyrir kannabisefni.

Lögreglumönnum var tjáð að Jón Skaptason áðurnefndur notaði einn starfsmanna fyrirtækisins reykpípu, einnig að Jón þessi hefði fyrr á þessu ári farið utan á vegum ofangreinds útgáfufyrirtækis.

Lögreglumenn öfluðu fylgiskjala með áðurnefndri póstsendingu og eru þau merkt sem nr. 18-21 að báðum meðtöldum, einnig vegabréfsumsóknar Jóns Skaptasonar dags. 15. janúar 1988 sem nú er merkt sem nr. 17.

Gögnin voru fengin í hendur Maríu Bergmann skriftarfræðingi sem í álitsgerð dags. 9. þ.m. nú merktri nr. 11, komst að svofelldri niðurstöðu:

„Að lokinni rannsókn á ofannefndum sýnum er álit mitt svohljóðandi: Ritunin á ofannefndum vafasýnum og ritunin á ofannefndu sönnuðu sýni, sýna rithönd sömu persónu."

Áðurnefndur skriftarfræðingur staðfesti greinda álitsgerð hér í dómi fyrir stundu.

Samkvæmt kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík var í gær kl. 16.35 heimiluð með dómsúrskurði leit að fíkniefnum og sönnunargögnum hugsanlega tengdum þeim að Granaskjóli 5 hér í borg í vistarverum Jóns Skaptasonar.

Sá síðastnefndi var handtekinn að Ármúla 44 hér í borg kl. 16.43 í gær og yfirheyrður hjá lögreglu í beinu framhaldi þar af. Hann neitaði þá að hafa notað hass eða önnur fíkniefni en kvaðst hafa haldið til Kaupmannahafnar 17. janúar sl. á vegum ofangreindrar bókaútgáfu og dvalið þar til 21. janúar en þá haldið á eigin vegum til London en aftur til Kaupmannahafnar 24. janúar og hingað til lands 26. janúar. Hann kvaðst ekki hafa átt neinn hlut að ofangreindu fíkniefnasmygli og neitaði að hafa útfyllt fylgibréf áðurnefndrar póstsendingar þótt honum væri kynnt álitsgerð skriftarfræðings þar um.

Samkvæmt skýrslu lögreglu hélt Jón Skaptason kl. 20.10 í gær að Granaskjóli 5, þar sem lögreglumenn framkvæmdu áðurnefnda húsleit.

Þar var fyrir Svava Einarsdóttir eiginkona Jóns Skaptasonar og vísaði hún aðspurð á stóran hassmola. Þess utan fundust við leitina þrjár hass-

pípur og filmubox með tveim litlum hassmolum og annað filmubox með ætluðum hassleifum.

Stærsti molinn ofangreindur var að mati lögreglu mjög líkur í útliti efni því sem samkvæmt áður sögðu fannst í bókaforlaginu.

Samkvæmt skýrslu Hákonar Sigurjónssonar rannsóknarlögreglumanns í tæknideild lögreglu er um þetta atriði skráð svo:

„Gerð hefur verið athugun á kannabisefnum, er fundust í pakkasendingu til bókaforlagsins Arnar og Örlygs, frá Hollandi, merkt A og kannabisefni, er fannst á heimili Jóns Skaptasonar, merkt B og kom eftirfarandi í ljós:

A:

1) Hassefni er hefur verið mótað í 7 mm þykka plötu.
2) Efnið er mjög lint og sveigjanlegt.
3) Efnið er dökkbrúnt á yfirborðinu en ljósara í kjarnanum.
4) Efnið gefur mjög sterka jákvæða svörun fyrir kannabis.
5) Efnið uppleyst í ethanol og skoðað í smásjá sýnir einkenni kannabisjurtarinnar.

B:

1) Hassefnið er hluti af mótuðu kannabisefni, mótuðu úr plötu 7 mm þykkri, sbr. A 1.
2) Sama og í A 2.
3) Sama og í A 3.
4) Sama og í A 4.
5) Sama og í A 5 og hefur sömu einkenni."

Fyrr í dag var Jón Skaptason hjá lögreglu spurður um ofangreind efni er fundust við leit á heimili hans. Þar um var bókað svo:

„Hann er beðinn að gera grein fyrir því hassi sem fannst á heimili hans við húsleit í gærkvöldi, og áhöldum til neyslu þess. Hann kveðst ekki reykja hass að staðaldri. Hann kveðst mjög sjaldan reykja það og síðast hafi það verið er hann keypti það efni, sem var heima hjá honum eða um síðustu helgi. Þá kveðst hann hafa reykt með eiginkonu sinni heima hjá sér. Hann kveðst síðan ekkert hafa reykt hass. Mætti kveðst ekki vilja gefa upp hvaðan þetta efni er en kveðst vilja segja að honum hafi verið gefið efnið og hann vilji ekki gera þeim manni óleik með því að ljóstra því upp. Mætta er tjáð að efni það sem tekið var í umræddri sendingu og það sem var heima hjá honum virðist eins, skv. athugun tæknideildar lögreglunnar. Hann kveðst enga skýringu geta gefið á því."

Fyrr í dag og hér fyrir dómi er um sama atriði eftir Jóni Skaptasyni bókað svo:

„Mætti kveðst kannast við að lögregla hafi í gær við leit á heimili mætta fundið hassmola, er gæti verið nálægt 3 gr. Þetta kveðst mætti hafa útvegað sér hérlendis fyrir um þrem vikum en eftir það aðeins tvívegis lítillega

af notað. Nánar spurður hvert efnismagnið hafi verið í upphafi kveðst mætti ekki vita það en þegið molann óvigtaðan frá mjög nánum kunningja og ekki vilja draga hann inn í málið frekar.

Mætti segir því vel geta verið, að molinn hafi upphaflega verið um 10 grömm, en ítrekar að hann skorist undan að nafngreina þann, er efnin lét af hendi."

Svava Einarsdóttir ofangreind bar enn um sama atriði hjá lögreglu fyrr í dag:

„Varðandi það hass, sem lögreglan lagði hald á heima hjá mér í gærkvöldi þá vil ég taka fram að Jón maður minn keypti 15 gr. af þessu efni laust eftir síðustu mánaðamót, þ.e. febrúar-mars. Ég veit ekki um það, en tel hann hafa keypt efnið fyrir 1.000 kr. pr. gramm. Ég tel að það hafi verið um 12 gr. eftir af efni þessu er lögreglan lagði hald á það en við tvö höfum notað af því það sem búið er og að jafnaði fengið okkur eina til tvær pípur á dag frá því það var keypt. Ég fór að nota hassefni árið 1976 og hef reykt hass síðan."

Jón Skaptason hefur staðfastlega og ítrekað bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi neitað að hafa með nokkrum hætti staðið að útvegun eða smygli hinna ætluðu hassefna er fundust sl. þriðjudag samkvæmt ofanskráðu í húsakynnum bókaútgáfu.

Af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík hefur verið fram sett rökstudd krafa um að Jón Skaptason verði í þágu rannsóknarhagsmuna úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að miðvikudegi 30. þ.m. kl. 12.00.

Réttargæslumaðurinn Othar Örn Petersen hrl. hefur mótmælt að þessi krafa nái fram að ganga og talið greinargerð lögregluyfirvalda óvandaða svo að útiloki beitingu gæsluvarðhalds.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 16, 1986.

Telja verður að rannsókn málsins sé á frumstigi en geti orðið umfangsmikil svo sem nú horfir.

Brot gegn ofangreindum ákvæðum gætu í því samhengi, sem hér er til rannsóknar varðað Jón Skaptason fangelsisrefsingu.

Sá síðastnefndi hefur eindregið og ítrekað bæði hjá lögreglu og fyrir dómi neitað að hafa með nokkrum hætti staðið að þeim brotaþáttum sem hér skipta mestu.

Framburðir hans hafa verið breytilegir um uppruna og magn þeirra ætluðu hassefna er fundust við leit í vistarverum hans í gær.

Rannsókn þessa atriðis virðist brýn og þýðingarmikil þegar virt er í samhengi við þá frumniðurstöðu tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík að

óvenjuleg líkindi séu milli þeirra efna, sem annars vegar fundust í vistarverum Jóns Skaptasonar og hins vegar í margnefndri bókaútgáfu við Síðumúla.

Þyngst þykir þó vega og reyndar úrslitum ráða varðandi niðurstöðu úrskurðar þessa áðurnefnd álitsgerð Maríu Bergmann skriftarfræðings, sem staðfest hefur verið hér fyrir dómi.

Ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 þykja því ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs, svo og 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir í þágu brýnna rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluyfirvalds í Reykjavík og ákvarða að Jón Skaptason f. 7.6. 1951 til heimilis að Granaskjóli 5 Reykjavík skuli sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 16.50 að telja fimmtudaginn 10. mars 1988 og allt að miðvikudegi 30. mars n.k. kl. 12.00 á hádegi.

Úrskurðarorð:

Jón Skaptason, f. 7.6. 1951, til heimilis að Granaskjóli 5, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 16.50 þann 10. mars 1988 að telja og allt að 30. mars n.k. kl. 12.00 á hádegi.

Þriðjudaginn 22. mars 1988.

Nr. 229/1987. **Þrotabú Bláskóga hf.**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
og gagnsök
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Lögtak. Vörslusvipting. Gjaldþrotalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 25. júní s.á. Hann krefst hins umdeilda uppboðsandvirðis og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 12. október 1987. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður í máli þessu var kveðinn upp 28. apríl 1987 og aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu 22. júlí s.á. Voru því liðnar meira en fjórar vikur frá því aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar og almennur áfrýjunarfrestur löngu liðinn þegar gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu 12. október 1987, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Gagnáfrýjandi aflaði sér ekki áfrýjunarleyfis þótt áfrýjunarfrestir væru liðnir, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 og eigi kemur fram hvenær áfrýjunarstefna var birt honum, sbr. 3. mgr. sömu laga. Ber því af þessari ástæðu að vísa gagnsök í máli þessu frá Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Eftir orðum sínum tekur 2. mgr. 50. gr. aðfararlaga nr. 19/1887 til fjárnáms en eigi lögtaks. Ástæða reglunnar um þörf uppboðs eða vörslusviptingar innan 12 vikna var talin sú, að koma í veg fyrir að farið yrði í kringum fyrirmæli laga um sjálfsvörsluveð í lausafé, enda er fjárnámið hin almenna réttarfarsleið til að knýja fram fullnustu fyrir kröfum, þar sem lögtak er aðeins heimilað í sérstökum

lögleyfðum tilvikum. Samkvæmt 47. gr. aðfararlaganna á gerðarbeiðandi að jafnaði rétt á því að fá vörslur fjárnuminna muna og er það eigi skilyrði að vörslusvipting fari fram með sérstakri aðför. Í 7. gr. lögtakslaga er svo fyrir mælt að lögtaksbeiðandi þurfi ekki að vera viðstaddur lögtaksgerðina, en þá skuli þeim er lögtak framkvæmir skylt að ákveða, hvort hinir lögteknu munir skuli eftir sem áður vera í vörslum skuldunauts. Að þessu athuguðu þykir ekki mega jafna lögtaki svo til fjárnáms að 2. mgr. 50. gr. aðfararlaga taki til þess.

Samkvæmt þessu var vörslusviptingin 20. febrúar 1986 ekki tryggingaráðstöfun „sem nauðsynleg er til að betri réttur fáist ekki með réttargerð". Á því 60. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 ekki við hér. Eigi skiptir heldur máli hvort vörslusviptingin féll niður af sjálfu sér vegna ákvæðis 58. gr. sömu laga, þar sem gagnáfrýjandi átti hvort eð var rétt til uppboðsandvirðis lyftarans samkvæmt 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. l. nr. 32/1974 3. gr. enda því eigi haldið fram, að andvirði hans hafi átt að ganga til greiðslu á kröfum samkvæmt 82. gr. skiptalaganna eða til annarra er dómveð áttu í tækinu.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Með því að veruleg vafaatriði eru í máli þessu þykir með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar setts hæstaréttardómara.

Niðurlagsákvæði 2. mgr. 7. gr. lögtakslaga nr. 29/1885 ber ekki að skilja svo, að lögtaksbeiðandi eigi minni rétt til þess en gerðarbeiðandi við fjárnám að krefjast vörslusviptingar á lögteknu lausafé, ef hann er við gerðina staddur, en hins vegar segir það ekki skýrum stöfum, hvort honum sé sama nauðsyn og fjárnámsbeiðanda að framkvæma þá tryggingarráðstöfun fyrir veðrétti sínum.

Um þetta ræður úrslitum, að meginrökin fyrir ákvæðum 2. mgr. 50. gr. aðfararlaga um nauðsyn og gildi vörslusviptingar eiga ekki við um lögtak með sama hætti og fjárnám, eins og fram kemur í atkvæði meirihluta dómenda. Lögtak er aðeins heimilað fyrir sérstaklega tilgreindum kröfum, sem flestar eru þess eðlis, að ekki er almennt tíðkað að setja samningsveð fyrir þeim, auk þess sem lögtaksrétturinn ber það með sér, að æskilegt þyki að stuðla að skilvirkri heimtu þeirra.

Vörslusvipting gagnvart gerðarþola á fjárnumdu eða lögteknu lausafé, sbr. 47. gr. og 50. gr. aðfararlaga og 1. og 2. mgr. 7. gr. lögtakslaga er ekki sjálfstæð aðfaragerð, heldur aðgerð eða ráðstöfun, sem gerðarbeiðanda er heimilt að framkvæma til að treysta veðrétt sinn yfir aðfararandlaginu og byggist á aðfararheimildinni sjálfri. Er hún einungis nauðsynleg að því marki, sem 2. mgr. 50. gr. aðfararlaga segir til um, þ.e. til að tryggja, að réttur gerðarbeiðanda þurfi ekki að víkja fyrir síðari aðför einstakra kröfuhafa eða rétti lánardrottna í þrotabúi gerðarþola. Enda þótt ráðstöfunin geti þannig orðið þáttur í aðförinni er hún það ekki í þeim skilningi, að aðför í lausafé teljist ekki lokið fyrr en vörslusvipting hafi verið framkvæmd, þar sem markmið aðfarar fyrir fjárkröfu er ekki að ná vörslum yfir hinu lögtekna eða fjárnumda, heldur að koma því í verð til greiðslu á kröfunni. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þótt vörslusvipting fari gjarna fram með endurupptöku aðfaragerðar, eins og var í máli þessu, eða með nýrri aðför, eins og orðað er í 2. mgr. 50. gr. aðfararlaga.

Samkvæmt þessu er hin umdeilda vörslusvipting frá 20. febrúar 1986 ekki fullnustugerð, er 58. gr. gjaldþrotalaga taki til, enda hefur enga þýðingu að ónýta hana eina sér gagnvart þrotabúi gerðarþola. Hún markar ekki heldur lok lögtaksgerðarinnar frá 4. október 1982, sem var fullframkvæmd fyrir þann tíma, er máli skiptir samkvæmt 58. gr. gjaldþrotalaga, eins og réttilega segir í hinum áfrýjaða úrskurði.

Með vísan til þess sem að ofan segir um lögtak var umrædd vörslusvipting ekki nauðsynleg tryggingarráðstöfun eftir því sem um ræðir í 60. gr. gjaldþrotalaga, en auk þess verður að telja það álitamál, hvort 60. gr. taki yfirleitt til umráðaskipta við aðför í lausafé, eins og aðdraganda hennar og tilgangi er háttað.

Með þessum athugasemdum er ég sammála atkvæði meirihluta dómenda um að staðfesta beri hinn áfrýjaða úrskurð.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 28. apríl 1987.

Sóknaraðili, þrotabú Bláskóga hf., hefur gert þær réttarkröfur að uppboðsandvirði vörulyftara er seldur var á nauðungaruppboði þann 5. júní 1986 verði látið ganga til þrotabúsins. Jafnframt er þess krafist að Gjaldheimtan í Reykjavík verði úrskurðuð til að greiða sóknaraðila málskostnað.

Gjaldheimtan í Reykjavík hefur krafist þess að sér verði úrskurðað uppboðsandvirðið og að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi sem fór fram þann 8. þ. mán.

Þann 4. október 1982 var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur að gera lögtak hjá Bláskógum hf., sem rak starfsemi í Ármúla 8 hér í borg, til tryggingar opinberum gjöldum, skv. gjaldheimtuseðli 1982, kr. 210.103,00 að meðreiknuðum kostnaði. Tekinn var lögtaki 1 lyftari. — Aftur var gert lögtak hjá hlutafélaginu þann 11. október 1984, og þá gert lögtak í nokkrum lausafjármunum, þ. á m. 1 vörulyftara. Sýnt þykir að um sé að ræða sama tækið og tekið var lögtaki 1982 og áður er lýst.

Lögtaksgerðum þessum hefur ekki verið áfrýjað.

Þann 26. júní 1985 var loks tekin fyrir í fógetaréttinum beiðni Gjaldheimtunnar dags. 11. sama mánaðar, um að hinn lögtekni lyftari yrði tekinn úr umráðum Bláskóga hf. á grundvelli lögtaksins 4. október 1982. Eftir nokkur réttarhöld kom svo að lyftarinn, af tegund „Ameise", áður nefndur „Amilco" eða „Amrice", var þann 20. febrúar 1986 tekinn úr umráðum hlutafélagsins og fluttur á svæði Björgunarfélagsins Vöku hf. til geymslu f.h. Gjaldheimtunnar.

Uppboðsbeiðni Gjaldheimtunnar varðandi lyftara þennan var dagsett 21. október 1982, skv. fyrra lögtakinu, en aftur var send uppboðsbeiðni þann 6. desember 1984 skv. hinu síðara.

Náði uppboð fram að ganga þann 5. júní 1986. Söluverð var kr. 67.000,00, en að frádregnum kostnaði ýmiskonar koma kr. 41.372,00 til úthlutunar.

Ekki hafa komið fram nokkrar athugasemdir við undirbúning eða framkvæmd uppboðsins, né heldur hefur því verið áfrýjað.

Bláskógar hf. var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 22. maí 1986. Bústjórn hefur krafist þess að ofannefnd fjárhæð, sem fékkst við uppboðið, verði látin ganga til þrotabúsins og byggist sú krafa á eftirfarandi rökum:

Lög nr. 29/1885 um lögtak segja í 7. gr. að reglur aðfararlaga gildi um lögtak að því leyti sem fyrrnefnd lög hafi ekki sérreglur fram að færa. Þannig eigi m.a. ákvæði 50. gr. 2. mgr. aðfararlaga beint við og þar eð Gjaldheimtan hafi ekki gætt þess að koma hinum lögtekna lyftara úr fórum Bláskóga hf. innan 12 vikna frá lögtaksdegi eigi réttur þrotabúsins að ganga framar. Umráðasvipting sú er Gjaldheimtan lét loks framkvæma ríflega 3 mánuðum fyrir frestdag, bindi búið á engan hátt, sbr. 1. tl. 58. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrot.

Gjaldheimtan færir fram til rökstuðnings forgangsrétti sínum til hins umdeilda uppboðsandvirðis að lögtakið hafi farið fram á þeim tíma sem 58. gr. 1. tl. gjaldþrotalaga nái ekki til. Þessi grein komi ekki til athugunar hafi nauðungaruppboð náð fram að ganga og réttur aðfararhafa standi óhaggaður, sbr. 24. gr. 2. tl. gjaldþrotalga. Þar eð 58. gr. gangi aðeins út á fullnustugerðir skipti umráðasvipting sú er tekin var fyrir þann 26. júní 1985 engu máli sem tímamark. 50. gr. 2. mgr. aðfararlaga eigi ekki við, þegar af þeirri ástæðu að enginn hafi gert aðför í lyftaranum, né heldur hafi Bláskógar hf. orðið gjaldþrota fyrr en umráðasviptingin var um garð gengin, en auk þess sé almennt mikið álitamál hvort þessi málsgrein geti orðið rétti lögtakshafa til hnekkis á svipaðan hátt og fjárnámi.

Lögtak það er fram fór hjá Bláskógum hf. var fullnustugerð sem var bindandi milli aðila þess, skv. 50. gr. 1. mgr. aðfararlaga nr. 19/1887, sbr. 7. gr. lögtakslaga nr. 29/1885. Gjaldheimtan var búin að koma hinum lögtekna lyftara úr umráðum Bláskóga hf. áður en gjaldþrot hlutafélagsins bar að. Þegar af þeirri ástæðu er ekki um það að ræða að Gjaldheimtan hafi misst rétt sinn vegna ákvæða 50. gr. 2. mgr. aðfararlaga.

Að því er við kemur ákvæðum laga nr. 6/1978 um gjaldþrot er þegar ljóst að þrotabúið getur ekki byggt rétt á 58. gr. 1. tl. einum sér. Naumast gæti búið heldur neytt ákvæðis 60. gr. gjaldþrotalaga, sem færir tímamörk fram til þess dags er rétthafi framkvæmir tyrggingaráðstafanir rétti sínum til handa til verndar gegn athöfnum 3ja manns. Orða hljóðan 60. gr. á ekki við um sjálfkrafa ógildi skv. 58. gr. 1. tl. heldur skilyrði til riftunar með sérstakri málsókn.

Ekki hefur verið höfðað sérstakt dómsmál til riftunar lögtaki því sem í máli þessu greinir.

Samkvæmt því sem hér að framan greinir þykir verða að úrskurða að hið umdeilda uppboðsandvirði gangi til Gjaldheimtunnar í Reykjavík upp í lögtakskröfuna. Með tilliti til vafaatriða sem eru í málinu þykir rétt að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hið umdeilda uppboðsandvirði greiðist Gjaldheimtunni í Reykjavík. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. mars 1988.

Nr. 57/1988. **Leo E. Löve**
gegn
skattstjóranum í Reykjanesumdæmi

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með kæru 15. febrúar sl., sem barst Hæstarétti 22. s.m., skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar samkvæmt b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar fyrir báðum dómum.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar.

Staðfesta ber frávísunardóm héraðsdómara með vísun til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 4. desember 1987.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 30. nóvember sl. að afloknum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda, hefur Leó E. Löve, nnr. 6076-8013, áður til heimilis að Breiðvangi 34, Hafnarfirði, nú til heimilis að Laufásvegi 25, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 13. maí 1987 á hendur skattstjóranum í Reykjanesumdæmi, nnr. 8164-4403, hr. Sigmundi Stefánssyni, Suðurgötu 14, Hafnarfirði, með kröfu um að hann víki sæti við umfjöllun um tiltekið skattamál stefnanda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að víkja sæti við umfjöllun um skattalega meðferð á kr. 721.000,-, söluhagnaði stefnanda af bifreiðinni R-42195 á árinu 1985.

Þá er einnig krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu stefnda, var þess og krafist að frávísunarkröfu stefnda yrði hafnað, og að tekið yrði tillit til þess málflutnings, er dómur yrði uppkveðinn um efnishlið málsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, *aðallega* að málinu verði vísað frá dómi og *til vara* að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Sáttatilraunir dómara hafa eigi borið árangur.

II.

Með bréfi dagsettu 25. júlí 1986 tilkynnti stefndi, skattstjórinn í Reykjanesumdæmi, stefnanda, að með vísan til 95. gr. laga nr. 75, 1981, um tekju- og eignaskatt, hefðu þær breytingar verið gerðar á skattframtali stefnanda árið 1986, að hagnaður af sölu bifreiðarinnar R-42195, kr. 721.000,- hefði verið færður til tekna í reit 76 á skattframtali stefnanda, sbr. 1. mgr. 15. gr. l. nr. 75/1981. Jafnframt var stefnanda tilkynnt að athugasemdir við þessa ákvörðun þyrftu að berast skattstjóra fyrir lok auglýsts kærufrests og yrðu þær teknar sem skattbærar.

Með bréfi stefnanda samdægurs mótmælti stefnandi málsmeðferð stefnda og ákvörðun hans og krafðist þess að skattframtal sitt yrði látið óbreytt standa.

Með úrskurði 12. sept. 1986 kvað skattstjóri upp úrskurð vegna kæru stefnanda og felldi fyrri ákvörðun úr gildi þar sem um formannmarka hafi verið að ræða.

Með bréfi dagsettu 19. sept. 1986 óskar stefndi eftir greinargerð stefnanda varðandi kaup og sölu bifreiðarinnar R-42195. Stefnandi svarar með bréfi dags. 1. okt. 1986.

Stefndi skrifar stefnanda bréf dagsett 15. okt. 1986 og tilkynnir honum að fyrirhugað sé að endurákvarða opinber gjöld stefnanda gjaldárið 1986 og færa til tekna á reit 76 á skattframtali 1986 áðurgreindan söluhagnað vegna bifreiðarinnar R-42195 kr. 721.000,- og er stefnanda veittur 12 daga frestur til að gera athugasemdir.

Með bréfi stefnanda dagsettu 27. október 1986 krefst hann þess að skattstjóri víki sæti, þar sem hann sé vanhæfur til hlutlægs mats í málinu.

Með bréfi dagsettu 5. nóv. 1986 hafnar stefndi kröfu stefnanda um að víkja sæti.

Með bréfi dagsettu 14. nóvember 1986 til stefnda kærði stefnandi þá ákvörðun stefnda að neita að víkja sæti til æðra stjórnvalds.

Með úrskurði 14. nóvember 1986 hækkaði stefndi skattstofna stefnanda gjaldárið 1986, sem nam söluhagnaði vegna bifreiðarinnar R-42195.

Með bréfi stefnanda dagsettu 20. nóv. 1986 endursendir hann stefnda úrskurðinn frá 14. nóv. 1986 og kemur fram í bréfinu sú hugmynd stefn-

anda að stefndi afturkalli úrskurðinn ella muni stefnandi kæra úrskurðinn af formsástæðum.

Með bréfi stefnda til stefnanda dagsettu 11. des. 1986 er stefnanda veittur frestur til 30. des. s.á. til að koma að röksemdum varðandi efnisatriði málsins, en af stefnda hálfu er litið á bréf stefnanda frá 20. nóv. 1986 sem skattkæru, er úrskurða bæri skv. 99. gr. l. nr. 75/1981.

Með bréfi dagsettu 20. des. 1986 óskar stefnandi staðfestingar á því að stefndi hafi framsent kæru stefnanda til æðra stjórnvalds. Með bréfi stefnda dagsettu 22. janúar 1987 er stefnanda tilkynnt að úrskurður stefnda frá 14. nóv. 1986 um skattskyldu söluhagnaðarins hafi verið felldur úr gildi, þar sem eigi þykir rétt að úrskurða um skattskyldu umræddS söluhagnaðar, fyrr en æðra stjórnvald hafi úrskurðað kæru stefnanda vegna synjunar stefnda um að víkja sæti. Jafnframt var stefnanda tilkynnt í bréfi þessu að kæra hans hefði verið framsend fjármálaráðuneytinu. Stefndi sendi fjármálaráðuneyti bréf stefnanda 22. jan. 1987. Í bréfi fjármálaráðuneytisins til stefnda dagsettu 4. febrúar 1987 segir m.a.:

„Með hliðsjón af því sem að framan greinir telur ráðuneytið að skattstjóri hafi brugðist rétt við þegar hann hafnaði kröfu Leós Löve að víkja sæti. Jafnframt vill ráðuneytið taka fram að það telur að eðlilegra hefði verið að skattstjóri hefði haldið sig við þá málsmeðferð sem kemur fram í bréfi skattstjóra dags. 11. desember sl. og úrskurðað samkvæmt 99. gr. laga nr. 75/1981. Með því hefði Leó Löve gefist kostur á því að kæra slíkan úrskurð til ríkisskattanefndar.

Með vísan til framanritaðs felur ráðuneytið yður, hr. skattstjóri, að taka málið upp aftur til meðferðar í samræmi við það sem lög nr. 735/1981 um tekjuskatt og eignarskatt kveða á um."

Stefndi sendir stefnanda bréf fjármálaráðuneytis þann 13. febrúar 1987 og veitir stefnanda 12 daga frest til að svara því, sem um var spurt í bréfi stefnda dags. 19. sept. 1986. Ella sé fyrirhugað að færa stefnanda til tekna söluhagnað vegna bifreiðarinnar R-42195. Með bréfi dagsettu 20. febrúar 1987 tilkynnir stefnandi stefnda að hann muni á næstu dögum höfða mál fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar um að stefnda beri að víkja sæti. Þar kemur og fram sú afstaða stefnanda, að honum beri að reka skattamál sitt með venjulegum hætti.

Með bréfi dagsettu 12. mars 1987 gerir stefnandi stefnda grein fyrir efnislegri afstöðu sinni til skattamálsins. Í niðurlagi bréfsins segir: „Vegna forsögu málsins hef ég ástæðu til að álykta um hver niðurstaða málsins verður hjá yður. Verði málsmeðferð yðar ekki hnekkt af dómstólum er það ríkisskattanefnd, sem kveða mun upp marktækan úrskurð. Fyrir hana mun ég e.t.v. leggja frekari röksemdir, en yður mun ég að sjálfsögðu svara þeim atriðum, sem þér kunnið að spyrja um."

Með bréfi stefnda dagsettu 6. apríl 1987 er stefnanda boðuð skattlagning áðurnefnds hagnaðar og gerð grein fyrir forsendum hinnar bókuðu skattlagningar og stefnanda gefinn 12 daga frestur til að koma að skriflegum andmælum.

Með bréfi dagsettu 11. apríl 1987 svarar stefnandi bréfinu frá 6. apríl en fjallar ekki um fyrirhugaða endurálagningu.

Stefndi svarar þessu bréfi stefnanda með bréfi dags. 24. apríl 1987.

Með úrskurði stefnda 24. apríl 1987 er áðurnefndur söluhagnaður stefnanda skattlagður og kærufrestur tilkynntur 30 dagar frá og með póstlagningardegi. Með bréfi stefnanda dags. 22. maí 1987 kærir hann úrskurðinn og segir í lokaorðum bréfsins:

„Þar sem ég get mér til um niðurstöðu yðar nú sem fyrr, mun ég kæra staðfestingu yðar til ríkisskattanefndar og áskil mér rétt til að leggja þar fyrir gögn í málinu."

Með úrskurði dagsettum 19. júní 1987 staðfesti stefndi fyrri úrskurð sinn frá 24. apríl 1987.

Sú lýsing málavaxta, sem hér að framan er rakin, styðst við framlögð málsskjöl.

Í greinargerð stefnda er frá því greint að með bréfi dagsettu þann 16. júlí 1987 hafi stefnandi kært til ríkisskattanefndar úrskurð stefnda frá 19. júlí 1987. Afrit þess bréfs hefur ekki verið lagt fram í réttinum, en staðfest af lögmanni stefnanda, að stefndi fari þarna með rétt mál.

III.

Stefnandi reisir málssókn sína á því að stefndi hafi þegar í upphafi máls þessa tekið ákvörðun um skattlagningu söluhagnaðar stefnanda af bifreiðinni R-42195. Þetta hafi stefndi gert án þess að sinna skilyrðislausum andmælarétti stefnanda. Tvisvar sinnum hafi stefndi síðan tekið afstöðu í máli þessu án þess að fylgja réttum málsmeðferðarreglum og hafi hann nú tekið málið upp í þriðja sinn. Afstaða stefnda hljóti því að vera orðin lituð af fyrri ákvörðun og því geti stefndi ekki litið hlutlaust á mál þetta. En í 103. gr. laga nr. 75, 1981 sé kveðið á um að beita skuli sömu hæfisskilyrðum um skattyfirvöld og héraðsdómara. Þá vitnar stefnandi í 7. tl. 36. gr. laga nr. 85, 1936, sem hann telur eiga við þetta mál, en þar segir m.a: „eða annars er hætta á að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu".

Er mál þetta var þingfest á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 19. maí sl. var staða skattamáls stefnanda ekki með þeim hætti er síðar varð og fram kemur í greinargerð stefnda og stefndi reisir frávísunarkröfu sína á.

Í munnlegum málflutningi mótmælti stefnandi frávísunarkröfu stefnda og taldi hann stefnda hafa lögvarða hagsmuni af því að fá efnisdóm um dómkröfur sínar. Lokaúrskurður stjórnvalds sem hæfi stefnda til að fara

með skattamál stefnanda hafi legið fyrir í febrúar 1987 og hafi honum því verið nauðugur einn kostur að leita til almennra dómstóla. Yrði stefndi dæmdur vanhæfur til að fara með skattamál stefnanda, þá væri unnt í sérstöku máli að fá alla málsmeðferð stefnda ómerka.

Af hálfu stefnda er frávísunarkrafa hans reist á eftirfarandi: Dómkröfur og málatilbúnaður stefnanda er byggður á skattalegri stöðu málsins eins og hún var 13. febrúar sl., eins og fram kemur í stefnu og greinargerð stefnanda og þegar framlögðum gögnum hans í málinu. Hins vegar sést af málavaxtalýsingu stefnda hér að framan og framlögðum gögnum hans að skattamálið hefur þróast með ákveðnum hætti eftir 13. febrúar. Hér er átt við að 24. apríl úrskurðaði stefndi í máli stefnanda, stefnandi höfðar mál þetta tæpum þrem vikum síðar með stefnu birtri 13. maí, málið er *þingfest 19. maí og þann 22. maí* kærir stefnandi úrskurð skattstjóra frá 24. apríl. 19. júní sl. úrskurðaði stefndi síðan kæru stefnanda frá 22. maí. Stefnandi hefur nú skotið málinu til ríkisskattanefndar. Í því sambandi skal bent á 1. mgr. og 11. mgr. 100. gr. sbr. 1. ml. 2. mgr. 89. gr. laga 75/1981. Þegar þessi staða málsins, framangreindar tímasetningar annars vegar og dómkröfur og málatilbúnaður stefnanda hins vegar er skoðaður hlýtur að vera fullljóst að dómkröfur og málatilbúnaður stefnanda fær ekki staðist þar sem verið er að krefjast þess að stefndi víki sæti í máli sem hann hefur þegar lokið umfjöllunum um og úrskurðað og er ekki lengur í skattalegri hagsmuni til að fá dóm um kröfu sína."

Sýknukröfu sína styður stefndi eftirfarandi rökum:

„Varakrafan byggist á því, að stefnandi hafi í reynd fallið frá kröfu sinni um að skattstjóri víki sæti í skattamáli hans eins og fram kemur af dómskjölum nr. 20 til 22 þar sem stefnandi rekur mál sitt fyrir skattstjóra án þess að hafa uppi kröfu um að skattamálið bíði úrlausnar dómstólsins um hæfi stefnda til að fjalla um málið.

Í öðru lagi verður ekki á það fallist með stefnanda að stefndi geti ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu og er því hafnað að 103. gr. laga 75/1981 sbr. 7. tl. 36. gr. laga 85/1936 eigi við í máli þessu og því verði stefnda eigi vikið úr sæti.

Allar athafnir stefnda í málinu hafa verið með óhlutdrægum hætti og er ekkert fram komið sem bendir til annars en að stefndi hafi farið með málið eins og lög gera ráð fyrir. Málsmeðferð stefnda hefur verið með öllu málefnaleg, enda bendir stefnandi ekki á neitt er þýðingu hefur um málsmeðferð stefnda sem leitt getur til þess að hann geti ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu. Málsástæðum stefnanda er hafnað og því mótmælt að stefndi hafi ekki gætt andmælaréttar stefnda. Sjónarmið stefnanda hafa fengið að komast að í málinu. Þrátt fyrir formgalla á málsmeðferð er ekkert sem bendir til að stefndi fái ekki litið óhlutdrægt á efnishlið málsins og byggt

afstöðu sína á framkomnum gögnum í málinu. Málsmeðferð stefnda hefur fremur verið með þeim hætti að tryggja efnislega rétta niðurstöðu.

Það fæst ekki staðfest að fyrri afskipti stefnda af málinu leiði til þess að hann þurfi að víkja sæti í því. Lög nr. 75/1981 gera beinlínis ráð fyrir því að skattstjórar taki upp mál sbr. t.d. 94. - 97. gr laganna og er málsmeðferð stefnda í samræmi við lögin.

Ef skilningur stefnanda réði þá yrði skattlagningarmeðferð skattstjóra almennt torvelduð, þar sem minnstu afskipti af máli gætu valdið vanhæfi hans. Jafnvel gæti skattaaðili vísvitandi stofnað til vanhæfis skattstjóra til að tefja skattameðferð. Framangreint fær ekki staðist og er ekki í samræmi við skattalöggjöfina.

Þá skal bent á að skv. 105. gr. laga nr. 75/1981 hefur fjármálaráðuneytið eftirlit með því að skattstjórar ræki skyldur sínar. Ráðuneytið hefur þegar látið uppi þá afstöðu að stefnda beri ekki að víkja sæti og halda málinu áfram, sem sýnir að málsmeðferð stefnda hefur verið með eðlilegum hætti og lögum samkvæm.

Þá er ennfremur til þess að líta að mörg fordæmi eru fyrir því að Hæstiréttur Íslands vísi málum er héraðsdómarar hafa úrskurðað aftur í hérað til nýrrar meðferðar, oft til annarrar meðferðar en úrskurður héraðsdómara hefur hljóðað upp á. Þar fær dómari því mál til endurskoðunar sem hann hefur þegar kveðið upp úrskurð í. Ætla mætti eftir rökstuðningi stefnanda að það myndi valda því að héraðsdómari gæti ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu og þyrfti því að víkja sæti í málinu, en í tilvikum sem þessum hefur Hæstiréttur ekki talið 7. tl. 36. gr. eml. slíkri meðferð til fyrirstöðu. Með hliðsjón af þessu á ákvæði 7. tl. 36. gr. þeim mun síður við í þessu máli."

Álit dómsins.

Með úrskurði stefnda 19. júní 1987 skv. 99. gr. laga nr. 75, 1981 og kæru stefnanda á þeim úrskurði til ríkisskattanefndar 16. júlí 1987 skv. 1. mgr. 100 gr. sömu laga var skattamál stefnanda eigi lengur til meðferðar hjá stefnda, eins og verið hafði er mál þetta var höfðað af hálfu stefnanda.

Þessi framvinda skattamálsins átti sér stað fyrir tilverknað beggja málsaðila.

Af hálfu málsaðila hefur ekki verið upplýst á hvaða stigi skattamálið er fyrir ríkisskattanefnd.

Þar sem stefndi hefur skattamál stefnanda eigi lengur til meðferðar, og eins og dómkröfum stefnanda er varið, en þess er einvörðungu krafist að stefndi víki sæti, þykir öll lagaskilyrði skorta til að fjalla efnislega um kröfu stefnanda, þar sem slík niðurstaða fæli í sér álit um lögfræðileg efni, sem væri í andstöðu við 67. gr. laga nr. 85, 1936. Lögvarðir hagsmunir stefnanda á því að fá dóm um kröfu sína eru m.ö.o. eigi lengur til staðar.

Samkvæmt framanskráðu verður frávísunarkrafa stefnda tekin til greina. Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. mars 1988.

Nr. 153/1987. **Örn Bragason**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
þrotabúi Hafskips hf.
(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsagnarfrestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Guðmundur Skaftason hæstaréttardómari og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. apríl s.á. samkvæmt b-lið 2. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 3. mgr. 96. gr. laga nr. 3/1878. Hann krefst þess að honum verði greiddar úr þrotabúi Hafskips hf. sem vangreidd forgangskrafa aðallega 237.883,00 krónur og til vara 165.270,00 krónur, en til þrautavara 101.415,00 krónur, í hverju tilviki að frádregnum 80.978,00 krónum. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Eru efniskröfur hans hinar sömu og hafðar voru uppi í héraði að því frátöldu, að fallið er frá kröfu um greiðslu þóknunar vegna kröfulýsingar í þrotabúið, 1.140,00 króna.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Kröfur áfrýjanda eru til komnar vegna slita á ráðningarsamningi hans við Hafskip hf. á grundvelli uppsagnar af hálfu hins síðarnefnda, sem aðilar eru sammála um að tekið hafi gildi 6. desember 1985, sama dag og bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta. Eru þær raktar sundurliðaðar í hinum áfrýjaða úrskurði. Ágreiningur aðila fyrir Hæstarétti beinist aðeins að þremur þáttum krafnanna, en stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu.

I.

Í kjarasamningi þeim, sem í gildi var við uppsögn á starfi áfrýjanda, var svo ákveðið að uppsagnarfrestur skyldi fara eftir lögum, nánar tiltekið 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Er ágreiningslaust, að sú tilvísun eigi hér við 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, er tóku gildi í júlí 1985. Fallast ber á það með héraðsdómara, að lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla hafi ekki verið ætlað að koma fram breytingu á sjómannalögum, og breytingar á þágildandi sjómannalögum, er gerðar voru í tilefni af þeim með lögum nr. 49/1980, tóku ekki til áðurnefndrar 13. gr. um uppsagnarfrest. Ber með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar að staðfesta þá niðurstöðu, að uppsagnarfresti gagnvart áfrýjanda og ráðningartíma hans hafi lokið hinn 6. mars 1986.

II.

Framangreind ráðningarslit voru í samræmi við 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. og kjarasamning Stýrimannafélags Íslands við Hafskip hf. o.fl., grein 4.2.1. Ráðningarsamningi áfrýjanda var þannig löglega sagt upp af hálfu Hafskips hf.

Í 27. gr. sjómannalaga er svo mælt að skipverji taki kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skipti þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður. Ber áfrýjanda þannig til og með 6. mars 1986 allt það kaup sem fylgdi stöðu hans sem annars stýrimanns, enda mátti hann vænta þess að halda óskertum ráðningarkjörum eins og þau eru ákveðin í framangreindum kjarasamningi, þótt hann hætti störfum áður en uppsagnarfrestur var úti.

Biðkaup það, sem gert er ráð fyrir í 7. kafla kjarasamnings aðila og nánar er skilgreint í grein 7.1.1., er sett með þá sérstöku hagsmuni starfsmanns og atvinnurekanda í huga, sem á reynir þegar hlé verður á verkefnum, og eru gagnkvæmir að því leyti sem þeir horfa til að styrkja áframhaldandi vinnusamband þeirra á milli. Það er því annars eðlis en kaup sem atvinnurekanda ber að greiða á uppsagnarfresti skv. 27. gr. og verður ekki við það miðað í þessu máli. Þá þykja ákvæði 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga um laun í veikindaforföllum ekki eiga við um áfrýjanda.

Ber samkvæmt framansögðu að taka kröfu áfrýjanda til greina eins og síðar verður rakið.

III.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir eftir atvikum mega staðfesta niðurstöðu hans um skuldajöfnuð gagnvart kröfum áfrýjanda í máli þessu á kröfu stefnda vegna kaupa hans á hlutabréfum í hinu gjaldþrota félagi.

IV.

Kröfur sínar um greiðslu kaups á uppsagnarfresti hefur áfrýjandi miðað við 87 yfirvinnutíma á mánuði, og telur það byggt á reynslu um yfirvinnu stýrimanna á farskipum Hafskips hf. Hefur sá tímafjöldi ekki sætt tölulegum mótmælum, og er ekki ástæða til eftir atvikum að leita annarrar viðmiðunar. Þá þykir áfrýjandi eiga rétt á fæðispeningum í orlofi samkvæmt grein 12.1.3. í kjarasamningi.

Samkvæmt því og með vísan til framanritaðs verða kröfur áfrýjanda teknar til greina með þessum hætti, miðað við tímabilið 1. janúar - 6.mars 1986 og við laun 2. stýrimanns, og viðurkenndar sem forgangskröfur í þrotabú stefnda:

Dæmt í héraði	kr.	10.222,60
Yfirvinna, 188 tímar á kr. 266,59	kr.	50.118,90
Sama, orlofsfé 10,17%	kr.	5.097,10
Fæðispeningar í orlofi, 5,2 dagar	kr.	1.106,00
Samtals	kr.	66.544,60

Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti er ekki ágreiningur um það, að tildæmda greiðslu til áfrýjanda beri að viðurkenna sem forgangs-

kröfu á grundvelli 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979, og er sú niðurstaða héraðsdómara staðfest.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma áfrýjanda málskostnað úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst 75.000,00 krónur.

Dómsorð:

Viðurkennd er vangreidd forgangskrafa áfrýjanda, Arnar Bragasonar, á hendur stefnda, þrotabúi Hafskips hf., að fjárhæð 66.544,60 krónur.

Stefndi greiði áfrýjanda 75.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar, setts hæstaréttardómara.

Í 2. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 sagði að skipverji tæki kaup til þess tíma er starfa hans lyki á skipi eða til afskráningardags. Var eðlilegt að skilja það svo, að laun til skipverja eftir þetta tímamark, sem hann kynni að eiga rétt til samkvæmt lögunum eða ákvæðum ráðningar- eða kjarasamnings. yrðu greidd eftir þeim heimildum án sérstaks stuðnings í þessu ákvæði. Með lögum nr. 49/1980 var nefndri 2. mgr. 18. gr. breytt í það horf, sem nú er á fyrri málslið 2. mgr. 27. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þegar litið er til skýringa með frumvarpi til breytingarlaganna og orðalags hins nýja ákvæðis virðist breytingunni hafa verið ætlað að girða fyrir, að rétti til kaups eftir brottför af skipi eða afskráningu yrði raskað vegna misskilnings eða misbeitingar á fyrra orðalagi og því tímamarki, sem það var bundið við. Jafnframt má líta á breytinguna sem viðbrögð við því, hve algengt er að ráða menn til útgerðar fremur en á tiltekið skip. Á hinn bóginn er ekki ljóst að ætlunin hafi verið að breyta því, að laun eða launaígildi vegna uppsagnarfrests eða hluta af honum, sem ekki er lokið þegar skipverji fer í land eða lætur af vinnu, geti þurft að meta með eigin hætti.

Efnislega er um það deilt í þessum þætti málsins, hvort reikna skuli með yfirvinnu við ákvörðun launa eða launaígildis til áfrýjanda á uppsagnarfresti hans eftir 1. janúar 1986. Upplýst er að greiðslur fyrir yfirvinnu voru verulegur og venjulegur þáttur í

launum stýrimanna á farskipum Hafskips hf., og þykir ekki varhugavert að taka tilliti til þeirra eftir þeim tímafjölda, sem tilgreindur er í kröfugerð áfrýjanda.

Um það er ekki deilt í málinu, hvort taka þurfi tillit til annarra atvinnutekna áfrýjanda á því tímabili, sem laun til hans vegna uppsagnarfrests eru við miðuð.

Með þessum athugasemdum er ég sammála atkvæði meirihluta dómenda um kaup á uppsagnarfresti, sem og forsendum þeirra og niðurstöðum að öðru leyti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 26. janúar 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 16. janúar 1987.

Sóknaraðili, Örn Bragason, nafnnúmer 9909-9038, Vesturbergi 78, Reykjavík, krefst þess að viðurkennd verði forgangskrafa hans á hendur varnaraðila, aðallega að fjárhæð kr. 239.023,00, til vara að fjárhæð kr. 166.410,00, en til þrautavara að fjárhæð kr. 102.555,00, í öllum tilvikum að frádregnum kr. 80.978,00. Sóknaraðili hefur ennfremur krafist þess að skuldajafnaðarkröfum varnaraðila, sem síðar er getið, verði hafnað. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila, en til vara krefst hann þess að málskostnaður verði felldur niður í máli þessu.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað að teknu tilliti til þess að þegar hafi verið viðurkennd forgangskrafa sóknaraðila á hendur varnaraðila að fjárhæð kr. 84.167,00, sem sóknaraðili hafi fengið greiddar kr. 80.978,00 af. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila sem ákveðinn verði í samræmi við gjaldskrá LMFÍ.

II.

Aðdragandi að máli þessu er sá að bú Hafskips hf., Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum þann 6. desember 1985. Sama dag voru ráðnir þrír bústjórar til bráðabirgða að búinu, lögmennirnir Gestur Jónsson, Jóhann H. Níelsson og Viðar Már Matthíasson. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út þann 27. desember 1985 og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði sem út kom 15. janúar 1986. Var kröfulýsingarfrestur ákveðinn 4 mánuðir samkvæmt heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985, og lauk honum því þann 15. maí 1986.

Ágreiningur er ekki með málsaðiljum um málavexti, en fram hefur komið í málinu að sóknaraðili hafi starfað hjá Hafskipi hf. frá 14. nóvember 1978 og var sagt upp störfum með ábyrgðarbréfi, sem dagsett var 29. nóvember 1985. Ekki liggur fyrir hvenær bréf þetta barst sóknaraðila, en aðiljar eru sammála um að miða við það í máli þessu að sóknaraðila hafi orðið kunnugt um uppsögn ráðningarsamningsins sama dag og bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta, 6. desember 1985. Við uppsögn gegndi sóknaraðili starfi stýrimanns á farskipi í eigu hins gjaldþrota félags. Fékk hann greidd laun til enda desembermánaðar 1985 frá varnaraðila.

Ágreiningsefni þessa máls varða tilkall sóknaraðila til greiðslna úr hendi varnaraðila vegna uppsagnar ráðningarsamnings fyrir tímabilið frá 1. janúar 1986 að telja, en jafnframt er deilt um það hvort varnaraðila sé heimilt að greiða hluta viðurkenndra krafna sóknaraðila með skuldajöfnuði við ógreiddar eftirstöðvar hlutafjárloforðs sóknaraðila til hins gjaldþrota félags með vöxtum eins og síðar verður lýst.

Með bréfi dagsettu 26. febrúar 1986 lýsti lögmaður sóknaraðila kröfum hans af áðurnefndu tilefni í þrotabú Hafskips hf., sem hann krafðist viðurkenningar forgangsréttar fyrir. Samkvæmt kröfulýsingu og fylgigögnum hennar voru þær svofelldar:

Aðalkrafa:		
Vangreitt frá fyrra ári: Orlof:	kr. 4.257,00	
Fæðispeningar í 31 dag á kr. 212,68	kr. 6.593,00	kr. 10.850,00
Laun í uppsagnarfresti:		
Samtals vegna janúar og mars 1986, miðað við laun 2. stýrimanns:		
Dagvinna í 44 daga á kr. 1.625,92:	kr. 71.540,00	
Yfirvinna í 174 stundir á kr. 266,59:	kr. 46.386,00	
2 neyslufrídagar á kr. 1.625,92:	kr. 3.252,00	
Fæðispeningar í 62 daga á kr. 212,68:	kr. 13.186,00	
Fæðispeningar í orlofi, 5.2 dagar á sömu fjárhæð:	kr. 1.106,00	
Orlof:	kr. 13.386,00	kr. 148.856,00

Vegna febrúar 1986, miðað við laun 1. stýrimanns:		
Dagvinna í 20 daga á kr. 1.831,18:	kr. 36.624,00	
Yfirvinna í 87 stundir á kr. 300,24:	kr. 26.121,00	
1 neyslufrídagur:	kr. 1.831,00	
Fæðispeningar í 28 daga á kr. 212,68:	kr. 5.955,00	
Fæðispeningar í orlofi, 2.5 dagar á sömu fjárhæð:	kr. 532,00	
Orlof:	kr. 7.114,00	kr. 78.177,00
		kr. 237.883,00
Við bætist þóknun vegna kröfulýsingar:	kr. 1.140,00	
Samtals:	kr. 239.023,00	
Varakrafa:		
Vangreitt frá fyrra ári, sundurliðað með sama hætti og í aðalkröfu:		kr. 10.850,00
Laun í uppsagnarfresti:		
Vegna janúar 1986, miðað við laun 2. stýrimanns:		
Dagvinna í 23 daga á kr. 1.625,92:	kr. 37.396,00	
Yfirvinna í 87 stundir á kr. 266,59:	kr. 23.193,00	
1 neyslufrídagur:	kr. 1.626,00	
Fæðispeningar í 31 dag á kr. 212,68:	kr. 6.593,00	
Fæðispeningar í orlofi, 2.6 dagar á sömu fjárhæð:	kr. 553,00	
Orlof:	kr. 6.882,00	kr. 76.243,00
Vegna febrúar 1986, sundurliðað með sama hætti og í aðalkröfu:		kr. 78.177,00
		kr. 165.270,00

Við bætist þóknun vegna kröfulýsingar:		kr. 1.140,00
Samtals:		kr. 166.410,00

Þrautavarakrafa:

Vangreitt frá fyrra ári, sundurliðað með sama hætti og í aðalkröfu:		kr. 10.850,00
Laun í uppsagnarfresti:		
Samtals fyrir janúar og febrúar 1986, miðað við laun 2. stýrimanns:		
Dagvinna í 43 daga á kr. 1.625,92:	kr. 69.914,00	
Fæðispeningar í 59 daga á kr. 212,68:	kr. 12.548,00	
Orlof:	kr. 8.103,00	kr. 90.565,00
		kr. 101.415,00
Við bætist þóknun vegna kröfulýsingar:		kr. 1.140,00
Samtals:		kr. 102.555,00

Þann 25. apríl 1986 tilkynntu bústjórar til bráðabirgða í þrotabúinu lögmanni sóknaraðila um afstöðu þeirra til viðurkenningar kröfunnar. Reyndist vera reiknivilla í tilkynningu þessari, sem leiðrétt var eftir ábendingu viðtakanda hennar, og var hin leiðrétta afstaða til kröfunnar eftirfarandi:

Viðurkennt sem forgangskrafa:		
Ógreitt sumarleyfi í árslok 1985:		kr. 4.257,00
Laun í uppsagnarfresti fyrir tímabilið 1/1 til 6/3 1986:		
Dagvinna í 47 daga á kr. 1.625,92:	kr. 76.418,24	
Orlof, 11.59% af ofangreindu:	kr. 8.856,86	kr. 85.275,10
		kr. 89.532,10

Frádráttur:		
Vegna lífeyrissjóðsiðgjalda:	kr. 2.362,06	
Vegna félagsgjalda:	kr. 826,72	<kr. 3.188,78>
Samtals viðurkennt sem forgangskrafa:		kr. 86.343,32
Viðurkennt sem almenn krafa:		
Fæðispeningar fyrir tímabilið 1/1 til 6/3 1986, 65 dagar á kr. 212,70:		kr. 13.825,50
Ógreiddir fæðispeningar í árslok 1985:		kr. 6.593,00
Samtals viðurkennt sem almenn krafa:		kr. 20.418,50
Frá viðurkenndum fjárhæðum var dregin gagnkrafa á hendur sóknaraðila:		
Ógreiddar eftirstöðvar hlutafjárloforðs:	kr. 18.750,00	
Vextir af sama:	kr. 7.033,15	kr. 25.783,15
Með gagnkröfunni taldist viðurkennd almenn krafa sóknaraðila að fullu greidd, en eftirstöðvar hennar látnar koma til frádráttar viðurkenndri forgangskröfu á eftirfarandi hátt:		
Viðurkennd forgangskrafa:		kr. 86.343,32
Eftirstöðvar gagnkröfu; 25.783,15 - 20.418,50:		<kr. 5.364,65>
Eftirstöðvar forgangskröfu:		kr. 80.978,67

Þá var þeirri afstöðu lýst til kröfu sóknaraðila um þóknun fyrir ritun kröfulýsingar að viðurkenna ætti þann kröfulið sem eftirstæða kröfu.

Í skrá um lýstar kröfur í þrotabúið, sem bústjórar gerðu samkvæmt 1. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 og dagsett er þann 11. júní 1986, lýstu þeir afstöðu sinni til viðurkenningar kröfu sóknaraðila á þann hátt, að þeir teldu að viðurkenna ætti hana með kr. 80.978,00 sem forgangskröfu.

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var þann 20. júní 1986 til umfjöllunar um lýstar kröfur, var framangreindri afstöðu bústjóra til kröfu sóknaraðila mótmælt af hans hálfu. Samkvæmt fyrirmælum 2. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978 var á ný fjallað um kröfu þessa á skiptafundi sem haldinn var 3. júlí 1986. Kom þar fram af hálfu skiptastjóra í þrotabúinu, sem þá höfðu verið kjörnir hinir sömu og áður gegndu hlutverki bústjóra til bráðabirgða, að þeir héldu fast við fyrri afstöðu til kröfu sóknaraðila, sem hann felldi sig ekki við. Var því ákveðinn rekstur þessa máls til úrlausnar um ágreining þeirra, og var það þingfest 12. september 1986.

Lögmaður sóknaraðila fékk þann 26. júní 1986 kr. 80.978,00 frá varnaraðila til greiðslu þess hluta upphaflegrar kröfu hans, sem viðurkenndur hafði verið sem forgangskrafa. Var við þeirri greiðslu tekið með áskilnaði um þær kröfur sem hafðar eru uppi í máli þessu.

Varnaraðili hefur í greinargerð sinni í máli þessu viðurkennt forgangsrétt sóknaraðila til greiðslu á kr. 3.189,00 umfram það, sem áður hafði verið viðurkennt, en þar er um að ræða þá fjárhæð, sem varnaraðili taldi í upphafi að ætti að draga frá forgangskröfu sóknaraðila vegna lífeyrissjóðsiðgjalda og stéttarfélagsgjalda.

IV.

Ágreiningur milli aðilja máls þessa felst í eftirfarandi fimm atriðum:

1) Hvort uppsagnarfresti sóknaraðila hafi lokið 6. mars 1986 eða þann 31. sama mánaðar. Stendur ágreiningur þessi um það, hvort uppsögn miðist við mánaðamót, eins og sóknaraðili heldur fram, eða almanaksdag, eins og varnaraðili heldur fram.

2) Hver fjárhæð uppsagnarlauna skuli vera, nánar tiltekið hvort miða eigi við svokölluð „staðgengilslaun" eða „biðlaun". Varnaraðili hefur ennfremur mótmælt að kröfur sóknaraðila vegna febrúarmánaðar 1986 verði miðaðar við laun 1. stýrimanns, auk þess að hann telur þann yfirvinnustundafjölda órökstuddan, sem sóknaraðili krefst greiðslu fyrir á öllu uppsagnartímabilinu. Að öðru leyti er ekki ágreiningur um að aðal- og varakröfur sóknaraðila séu réttilega fram settar, ef hann telst eiga tilkall til svonefndra staðgengilslauna í uppsagnarfresti.

3) Hvort kröfur sóknaraðila um fæðispeninga eigi að telja til forgangskrafna eða almennra krafna við búskiptin.

4) Hvort varnaraðila sé heimilt að skuldajafna ógreiddu hlutafjárloforði sóknaraðila til hins gjaldþrota félags við kröfur hans og hvort reikna megi vexti af höfuðstól þeirrar skuldar.

5) Hvort krafa sóknaraðila um þóknun fyrir ritun kröfulýsingar fylgi kröfum hans að öðru leyti í skuldaröð, eða hvort sá liður kröfunnar teljist eftirstæð krafa við búskiptin samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

Verður nú gerð grein fyrir málsástæðum og lagarökum málsaðilja varðandi hvert ofangreindra ágreiningsefna, í sömu röð og þau hafa nú verið talin.

1) Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að uppsögn hans úr starfi beri að miða við mánaðamót. Með því að málsaðiljar hafi orðið samdóma um að miða við að uppsögn hafi sannanlega verið komin til sóknaraðila þann 6. desember 1985, telur sóknaraðili að þriggja mánaða uppsagnarfrestur hans byrji fyrst að líða um næstu mánaðamót þar á eftir, og eigi hann því rétt til greiðslna í uppsagnarfresti til 31. mars 1986.

Byggir sóknaraðili í þessu sambandi á því, að það sé föst venja á vinnumarkaði og meginregla í vinnurétti að uppsögn fastráðinna starfsmanna eigi að miða við mánaðamót. Eigi þetta sérstaklega við um þá sem taki mánaðarlaun, eins og sóknaraðili gerði. Telur sóknaraðili að annar háttur yrði til að skapa ringulreið á vinnumarkaði og yrði til þess að óviðunandi óöryggi hlytist af fyrir launþega. Tilgangur uppsagnarfrests sé að gefa launþega tækifæri til að leita sér nýrrar atvinnu. Vegna venja á vinnumarkaði sé almennt ekki að fá nýja atvinnu nema frá mánaðamótum, sem sóknaraðili telur styðja enn frekar þessi viðhorf sín.

Vísar sóknaraðili til þess að umrædd meginregla komi fram í 6. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979, auk þess að á henni sé oftast byggt í kjarasamningum. Í kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands við hið gjaldþrota félag hafi ákvæði sem þetta að vísu ekki verið tekið upp, heldur vitnað til ákvæða sjómannalaga um þetta atriði. Skýrir sóknaraðili þessa tilvísun á þann veg að báðir aðiljar kjarasamningsins hafi eflaust talið reglur sjómannalaga fela í sér að uppsögn bæri að miða við mánaðamót. Telur hann það styðja þessa skýringu að forráðamenn Hafskips hf. hafi sýnilega leitast við að koma uppsögnum á framfæri fyrir mánaðamót nóvember og desember 1985, þótt það hafi ekki tekist. Þá hefur af hálfu sóknaraðila sérstaklega verið bent á að ekki megi leggja að jöfnu ráðningarkjör fiskimanna við kjör farmanna í þessu sambandi, þar sem ráðningartími hinna fyrrnefndu sé oft ákveðinn með öðrum hætti en hjá farmönnum, sem taki mánaðarlaun. Telur sóknaraðili af þeim sökum ótækt að byggja úrlausn þessa máls á dómafordæmum, sem varða uppsagnarfrest fiskimanna.

Af hálfu varnaraðila er byggt á því að uppsögn ráðningarsamnings sé ákvöð, sem leggi byrðar á viðtakanda hennar frá því hún kemur til hans. Af þessu leiði að þriggja mánaða uppsagnarfrestur sóknaraðila hafi byrjað að líða þegar þann 6. desember 1985. Ef önnur regla ætti að gilda, þyrfti hún að sækja stoð til sérlaga eða samninga, en varnaraðili telur slíkar heimildir ekki til staðar í tilviki þessu.

Varnaraðili vísar til þess að sjómannalög hafi verið ein fyrsta löggjöfin sem fjallað hafi um réttindi launþega. Í nokkrum sérlögum öðrum sé einnig

að finna reglur um þau efni. Hvergi sé í slíkum lögum vikið að því að uppsagnarfrestur skuli miðast við heilan mánuð, nema í 6. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979, þar sem er að finna undantekningarreglu sem mælir fyrir um frávik frá almennum reglum um áhrif ákvæða varðandi uppsagnarfrest handa verkafólki. Þau lög taki hins vegar ekki til annarra starfsstétta og feli ekki í sér almenna reglu eða staðfestingu á tilvist venju í þeim efnum. Samsvarandi regla og þar kemur fram um upphaf áhrifa uppsagnar finnist hvorki í sjómannalögum né í kjarasamningi þeim sem tekur til ráðningarkjara sóknaraðila. Mótmælir varnaraðili því sérstaklega að það geti haft þýðingu í máli þessu þótt aðiljar að þeim kjarasamningi hafi staðið í þeirri trú að tilvísun hans til ákvæða sjómannalaga um uppsagnarfrest hafi átt að leiða til annarrar niðurstöðu. Telur varnaraðili það heldur ekki hafa þýðingu fyrir niðurstöðu þessa máls þótt sóknaraðili hafi tekið mánaðarlaun. Þá hefur af hálfu varnaraðila verið vísað til þess að dómaframkvæmd hafi samfellt verið með þeim hætti að byggt sé á að uppsagnarfrestur sjómanna miðist við almanaksdag, ekki heilan mánuð. Telur varnaraðili þau sjónarmið sóknaraðila röng að mismunandi reglur gildi um farmenn og fiskimenn í þessu tilliti.

2. Sóknaraðili miðar aðalkröfu sína við að honum beri full laun í uppsagnarfresti. Byggir hann á því að uppsagnarlaun eigi að miða við þau laun sem að jafnaði séu greidd í viðkomandi starfi, enda megi launþegi jafnan gera ráð fyrir að halda starfi sínu og starfskjörum til enda uppsagnarfrests. Bendir sóknaraðili á að ef Hafskip hf. hefði vikið honum fyrirvaralaust og án sakar úr starfi og félagið hefði haldið starfsemi sinni áfram eftir það, hefði hann átt tilkall til svonefndra staðgengilslauna, en með þeim sé átt við þau laun sem eftirmanni hans í starfi hefðu verið tryggð. Í þessu tilviki séu aðstæður hins vegar þær að bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta og starfsemi hans hætt, þannig að ekki verður miðað við laun viðtakanda starfa sóknaraðila. Þess í stað megi meta tjón sóknaraðila með þeim hætti að taka tillit til þess hver kjör hans hafi áður verið hjá félaginu, sem hann kveður gert í þessum kröfulið hans, enda hefði hann mátt vænta óbreyttra kjara ef um áframhald starfa hefði verið að ræða.

Sóknaraðili telur þá niðurstöðu ótæka að ákvarða honum aðeins svonefnt biðkaup í uppsagnarfresti, eins og varnaraðili vilji gera. Um biðkaup sé að finna ákvæði í 7. kafla kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands, en sú regla taki aðeins til þeirra tilvika þegar stýrimaður hafi látið af störfum á einu skipi en bíði ráðningar á annað skip sömu útgerðar. Telur sóknaraðili að þessi regla komi ekki til álita við aðrar aðstæður, enda ljóst af fjölmörgum dómafordæmum að sjómönnum beri óskert laun í uppsagnarfresti. Yrði heldur ekki um það að ræða að hann fengi fullar bætur á tjóni sínu vegna ráðningarslitanna með þessum hætti.

Af hálfu sóknaraðila hefur því viðhorfi varnaraðila verið mótmælt að hann hefði getað efnt ráðningarsamning við sóknaraðila með því að greiða honum biðkaup til enda uppsagnarfrests. Fyrir liggi í málinu að skip hins gjaldþrota félags hafi verið seld 6. janúar 1986. Sú regla sé ótvíræð, að yfirmenn á skipi verði ekki gegn vilja sínum færðir á annað skip útgerðar eða knúnir til að taka við landvinnu. Við sölu skipa varnaraðila hafi því orðið ráðningarslit af hans hendi sem sóknaraðila beri bætur fyrir.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt varðandi þennan þátt ágreinings að sóknaraðili hafi átt rétt til biðkaups samkvæmt 7. kafla kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands í uppsagnarfresti. Sóknaraðili hafi sinnt störfum fyrir varnaraðila í desembermánuði 1985 og fengið greidd laun fyrir. Hins vegar hafi sóknaraðili ekki verið krafinn um vinnuframlag frá 1. janúar 1986, en varnaraðili telur að sér hefði þó verið heimilt með stoð í fyrrnefndum kafla kjarasamnings að halda uppi ráðningarsamningnum á sóknaraðila og getað efnt hann af sinni hendi með greiðslu biðkaups. Telur varnaraðili sóknaraðila því þegar hafa fengið fullnaðargreiðslur vegna ráðningarslitanna með viðurkenningu kröfu sem svari til biðkaups fyrir tímabilið frá 1. janúar til 6. mars 1986.

Varnaraðili hefur sérstaklega mótmælt sjónarmiðum sóknaraðila um að hann geti átt tilkall til bóta vegna ráðningarslita. Telur varnaraðili að sjómenn, að frátöldum skipstjórum, eigi ekki rétt til bóta vegna ráðningarslita, heldur til greiðslu á kaupi til enda ráðningartímans, eins og hann telur verða leitt af 1. mgr. 25. gr. laga nr. 35/1985. Réttarstaða sjómanna sé að þessu leyti frábrugðin því sem gildir um aðra launþega, enda þurfa þeir ekki að takmarka tjón sitt með því að reyna að afla tekna annars staðar, og þurfa heldur ekki að sæta frádrætti vegna launa sem þeim tekst að afla á uppsagnarfresti. Telur varnaraðili að með kaupi sé í þessu sambandi átt við biðkaup, eins og sóknaraðili hafi þegar fengið greitt til loka uppsagnarfrests.

Þá hefur varnaraðili haldið því fram að jafnvel þótt litið yrði svo á að sóknaraðili ætti rétt á bótum vegna ráðningarslita, sé ósannað að hann hafi orðið fyrir meira tjóni en hann hafi þegar fengið greiðslu fyrir.

Í aðal- og varakröfu hefur sóknaraðili reiknað umkrafin laun í uppsagnarfresti með þeim hætti að kröfur hans miðast við laun 2. stýrimanns, nema krafa vegna febrúarmánaðar 1986, sem hann miðar við laun 1. stýrimanns. Sérstakur rökstuðningur fyrir þessu hefur ekki komið fram af hálfu sóknaraðila utan framlagðrar yfirlýsingar Stýrimannafélags Íslands, sem dagsett er 5. desember 1986. Er í yfirlýsingu þessari gerð nokkur grein fyrir útreikningsgrundvelli krafna félagsmanna á hendur varnaraðila, og segir eftirfarandi um það atriði sem hér á undan er nefnt:

„Að þeir sem voru fastir aðrir stýrimenn leystu 1. stýrimann af ⅓ af

tímanum. Þess ber að geta í þessu sambandi að ráðnir 1. stýrimenn hjá fyrirtækinu þegar það var tekið til gjaldþrotaskipta voru óeðlilega margir miðað við skipafjölda, þar sem Hafskip hf. hafði fækkað skipum á árinu 1985, en ekki sagt þeim upp stöðu sinni.

Voru þeim því reiknuð 1. stýrimannslaun þó þeir mundu hafa gengt (sic) stöðu 2. stýrimanns samkv. framanskráðu."

Af hálfu varnaraðila er því ekki mótmælt að kröfur sóknaraðila séu réttilega reiknaðar að gefnum þessum forsendum, en því hefur hins vegar verið andmælt að krafa á þessum grundvelli fái staðist.

Þá hefur sóknaraðili byggt á því í aðal- og varakröfu, að hann eigi tilkall til greiðslu fyrir 87 yfirvinnustundir hvern mánuð uppsagnarfrests. Skýringar á því hvernig sá stundafjöldi er fundinn koma aðeins fram í áðurívitnaðri yfirlýsingu Stýrimannafélags Íslands, þar sem segir eftirfarandi um þetta:

„Eftir því sem næst verður komist var yfirvinna hverrar *stýrimannsstöðu* meðan Hafskip hf. var í rekstri (2 stm. á hverju skipi) 130 klst. á mánuði.

Af þessum tímafjölda fékk hver stýrimaður 87 tíma eða ⅔ heildartímafjöldans, þ.e. að hver maður væri í fríi einn mánuð en lögskráður 2 mánuði."

Af hálfu varnaraðila hefur því verið mótmælt sem ósönnuðu að sóknaraðili eigi tilkall til þessa fjölda yfirvinnustunda, ef niðurstaða í máli þessu yrði sú að honum beri að fá svokölluð staðgengilslaun í uppsagnarfresti.

3) Kröfu sína um að fæðispeningar verði metnir forgangskrafa styður sóknaraðili þeim rökum, að þessi liður hafi verið hluti heildarlaunakjara hans hjá hinu gjaldþrota félagi, svo sem ljóst sé af kjarasamningi starfsstéttar hans. Fæðispeninga telur sóknaraðili sérstakan kaupauka, sem greiða ber þegar skip er í heimahöfn eða starfsmaður er í orlofi. Ætlunin með greiðslum þessum sé að bæta skipverja upp þá tekjuskerðingu, sem hann verður fyrir þegar hann nýtur ekki fæðis án endurgjalds um borð í skipi, og telur sóknaraðili að hér sé um hreinan launalið að ræða af þeim sökum. Bendir sóknaraðili sérstaklega á að heildarlaun starfsstéttar hans samanstandi af fjölda liða, sem meðal annars komi til greiðslu í formi hlunninda. Fæðispeningar séu þessu marki brenndir, enda metnir til tekna við skattlagningu á viðtakanda þeirra. Telur sóknaraðili því sýnt að hér sé um kröfu að ræða, sem falli undir skilgreiningu 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 á forgangskröfum.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt að fæðispeningar verði taldir forgangskrafa í þrotabúi í skjóli 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Telur varnaraðili ljóst af grein 9.1.1. í kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands að fæðispeningar séu endurgreiðsla á útlögðum kostnaði sem launþeginn verði fyrir ef hann nýtur ekki fæðis um borð í skipi. Í áðurívitnuðu ákvæði laga nr.

3/1878 sé mælt svo fyrir að laun njóti forgangsréttar við úthlutun úr búi, og telur varnaraðili að skýra verði þá reglu þröngt. Með launum sé átt við endurgjald fyrir vinnu, en ekki endurgreiðslu útlagðs fæðiskostnaðar. Þann grundvallarmun á þessu tvennu telur varnaraðili berlega koma fram í skattalegri meðferð fæðispeninga, og vísar í þeim efnum til 7. gr., liðar A.1., og 30. gr., liðar A.4., í lögum nr. 75/1981.

4) Varnaraðili hefur gert þá grein fyrir skuldajafnaðarkröfu sinni, að sóknaraðili hafi gefið hinu gjaldþrota félagi hlutafjárloforð við hlutafjáraukningu, sem átti sér stað í kjölfar samþykktar hluthafafundar þann 9. febrúar 1985. Sóknaraðili hafi efnt það loforð þann 26. apríl 1985 með kaupum hlutafjár fyrir kr. 30.000,00, en umsamið hafi verið að fjárhæð þessi yrði dregin af launum sóknaraðila með jöfnum greiðslum á næstu 24 mánuðum, að fjárhæð kr. 1.250,00 hverju sinni. Hefur varnaraðili lagt fram ljósrit kvittunar hins gjaldþrota félags til sóknaraðila, sem gefin var áðurnefndan dag, en þar er greiðsluskilmála þessara getið. Varnarðaðili kveður kr. 11.250,00 hafa verið dregnar af launum sóknaraðila samkvæmt umsömdum greiðslukjörum við 9 launaútborganir á tímabilinu frá maí 1985 til janúar 1986, og þá staðið eftir kr. 18.750,00 af skuldbindingu sóknaraðila. Varnaraðili segir sóknaraðila ekki hafa innt af hendi eða boðið fram umsamdar afborganir af skuldbindingunni eftir síðustu launaútborgun, og hafi varnaraðili því rift samningi þeirra um afborgunarkjör vegna vanefnda sóknaraðila og dregið eftirstöðvar skuldarinnar að fullu frá viðurkenndum kröfum hans á hendur þrotabúinu.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að sóknaraðili hafi samþykkt þá greiðslutilhögun á skuldbindingunni að afborganir yrðu dregnar af launum með áðurnefndum hætti, og telur ekki skipta máli þótt sóknaraðili hafi ekki áritað áðurnefnda kvittun um samþykki sitt. Þótt ekki teldist sannað að sóknaraðili hafi berum orðum veitt samþykki fyrir þessu telur varnaraðili liggja fyrir með óyggjandi hætti í málinu að afborganir hafi í reynd verið dregnar af launum sóknaraðila, og hann engum athugasemdum hreyft af því tilefni. Slíkar athugasemdir séu nú of seint fram komnar. Heldur varnaraðili því fram að gjaldþrot Hafskips hf. hafi engin áhrif haft á samninga félagsins við sóknaraðila um þessi efni, hvorki á sjálft hlutafjárloforð sóknaraðila né samþykki hans fyrir því að skuldbinding hans yrði greidd með launafrádrætti. Telur varnaraðili þannig fullnægt skilyrðum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28/1930 til skuldajafnaðar milli eftirstöðva hlutafjárloforðs sóknaraðila og krafna hans um laun í uppsagnarfresti.

Kröfu sína um vexti af eftirstöðvum hlutafjárloforðs sóknaraðila hefur varnaraðili skýrt á þann veg að á hluthafafundi sem samþykkti hlutafjáraukningu og áður er getið, hafi verið ákveðið að nýtt hlutafé yrði greitt með vaxtalausum en verðtryggðum skuldabréfum til 5 ára. Fyrir liggi í mál-

inu að grunnvísitölu þeirra bréfa hafi átt að miða við lánskjaravísitölu febrúarmánaðar 1985. Telur varnaraðili ljóst af þessu að gjalddagi hlutafjárloforða í merkingu 1. mgr. 14. gr. laga nr. 32/1978 hafi verið sá dagur, sem hlutafjárútboð var samþykkt, eða 9. febrúar 1985. Eigi þetta jafnt við, hvort sem þátttakendur í hlutafjárútboðinu hafi greitt skuldbindingar sínar með skuldabréfum eða í öðru formi, eins og gerst hafi í þessu tilviki. Í ívitnuðu lagaákvæði sé mælt fyrir um skyldu hluthafa til að greiða almenna sparisjóðsvexti af hlutafjárloforði, ef ekki er greitt á gjalddaga þess. Telur varnaraðili tilgang þeirrar reglu öðru fremur þann að ná jöfnuði milli einstakra þátttakenda í hlutafjárútboði, og að þeim tilgangi verði ekki náð, ef sóknaraðili kemst hjá greiðslu vaxta af hlutafjárloforði sínu. Umkrafða vaxtafjárhæð kveðst varnaraðili hafa reiknað sem almenna sparisjóðsvexti af ógreiddum höfuðstól skuldar sóknaraðila, eins og hann hafi staðið hverju sinni frá 1. mars 1985 til 25. apríl 1986, þegar skuldin hafi greiðst með yfirlýsingu varnaraðila um skuldajöfnuð.

Af hálfu sóknaraðila hefur því ekki verið haldið fram að hlutafjárloforð hans sé ógilt eða niður fallið vegna gjaldþrots Hafskips hf. Því hefur hins vegar verið mótmælt að varnaraðila sé heimilt að taka sér greiðslu kröfunnar með skuldajöfnuði. Telur sóknaraðili ekkert liggja fyrir um að hann hafi samþykkt að afborganir af skuldbindingunni kæmu til greiðslu með launafrádrætti, enda hafi varnaraðili aðeins lagt fram einhliða kvittun hins gjaldþrota félags til stuðnings staðhæfingum sínum í þeim efnum. Þótt talið yrði að aðgerðarleysi sóknaraðila gagnvart launafrádrætti af þessum sökum hafi jafngilt samþykki, telur hann líkt samningsígildi hafa rofnað með sama hætti og vinnusamningur hans við hið gjaldþrota félag, og sé því óheimilt samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28/1930 að beita skuldajöfnuði í þessu tilviki. Þá hefur sóknaraðili jafnframt bent á að hin sérstaka skuldajafnaðarregla 32. gr. laga nr. 6/1978 taki aðeins til heimildar lánardrottins til skuldajafnaðar, en ekki heimildar þrotabús í þeim efnum. Gildi þannig almennar reglur um heimild þrotabús til skuldajafnaðar við kröfu lánardrottins. Krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila sé ekki samrætt kröfu sóknaraðila um laun í uppsagnarfresti, og telur hann þannig ekki fullnægt skilyrðum til skuldajafnaðar.

Af hálfu sóknaraðila hefur vaxtakröfu varnaraðila verið mótmælt. Hefur sóknaraðili vísað til þess að ekkert bendi til að hið gjaldþrota félag hafi ætlað að áskilja sér vexti af skuldbindingu hans, en gefið tilefni hafi verið til að slíkt kæmi fram þegar við ákvörðun greiðsluskilmála, ef félagið hefði talið efni standa til þess. Ef talið verður að varnaraðila sé heimilt að áskilja vexti af skuld þessari, hefur sóknaraðili sérstaklega mótmælt því að þeim vöxtum megi skuldajafna við kröfur hans, og hefur bent á að ekkert samþykki eða jafngildi þess hafi komið fram af hans hendi fyrir skuldajöfnuði þeirrar kröfu.

5) Ágreiningur málsaðilja um stöðu kröfu sóknaraðila um þóknun fyrir ritun kröfulýsingar í skuldaröð hefur ekki verið sérstaklega reifaður af þeirra hendi við rekstur málsins á annan veg en þann, að hvor þeirra hefur fyrir sitt leyti haldið fast við upphaflegar kröfur um það atriði.

V.

Verður nú leyst úr einstökum ágreiningsefnum málsaðilja í sömu röð og þau hafa áður verið rakin.

1) Upphaf uppsagnarfrests:

Sóknaraðili byggir kröfur sínar í þessum þætti málsins á því, að föst venja sé á vinnumarkaði að uppsagnarfrest beri að miða við mánaðamót, auk þess að reglu þess efnis verði að telja meginreglu í vinnurétti, sem meðal annars komi fram í 6. mgr. 1. gr. nr. 19/1979.

Í lögum er ekki að finna almenna reglu um það, með hverjum hætti marka á upphaf uppsagnarfrests við slit ráðningarsamnings. Fyrirmæli 6. mgr. 1. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum ofl., nr. 19/1979, sem sóknaraðili hefur vitnað til og kveða á um að uppsagnarfrest skuli miða við mánðamót, taka samkvæmt orðanna hljóðan aðeins til „verkafólks", en það hugtak er ekki nánar skilgreint í þeim lögum. Eftir málvenju verður þó engan veginn séð að hugtak þetta geti tekið til sóknaraðila máls þessa, enda gilda lög nr. 35/1985 sérstaklega um lögákveðin réttindi hans. Þá verður að telja því slegið föstu, meðal annars með dómum Félagsdóms, uppkveðnum 7. ágúst 1980 og 21. desember 1984, að lög nr. 19/1979 feli ekki í sér almennar reglur um lögkjör annarra launþega en þeirra, sem þau taka beinlínis til eftir orðanna hljóðan. Reglu, sama efnis og 6. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979, er ekki að finna í öðrum lögum um réttindi einstakra starfsstétta. Verður því ekki fallist á það með sóknaraðila að gildandi sé almenn lagaregla sem leiði til að uppsögn ráðningarsamnings hans hafi borið að miða við mánaðamót.

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 35/1985 segir það eitt um uppsögn skiprúmssamnings yfirmanna að sé ekki annað ákveðið í samningi skuli uppsagnarfrestur vera 3 mánuðir. Er ekki kveðið á um að uppsögn beri að miða við mánaðamót eða önnur tímamörk. Framlagður kjarasamningur Stýrimannafélags Íslands við viðsemjendur félagsins hefur aðeins að geyma tilvísun til ákvæða sjómannalaga varðandi réttindi við uppsögn ráðningarsamnings. Slík tilvísun þykir ekki verða skýrð á annan veg en þann, að um þetta atriði fari alfarið eftir réttri skýringu ívitnaðra laga. Því hefur ekki verið haldið fram í málinu að sérsamningar hafi verið milli sóknaraðila og hins gjaldþrota félags um frávik frá almennum reglum laga og kjarasamnings um réttindi hans varðandi uppsögn ráðningarsamnings. Af þeim ástæðum verður ekki litið svo á að vikið hafi verið með samningi

frá almennri reglu 2. mgr. 9. gr. laga nr. 35/1985 um uppsagnarréttindi sóknaraðila.

Af hálfu sóknaraðila hefur verið staðhæft að sú almenna venja ríki á vinnumarkaði að uppsögn ráðningarsamnings eigi að miða við mánaðamót. Þessari staðhæfingu hefur verið mótmælt af hálfu varnaraðila. Sóknaraðili hefur engin gögn lagt fram til stuðnings þessari staðhæfingu, og verður ekki talinn hafa sýnt fram á tilvist venju í þessum efnum gegn andmælum varnaraðila.

Fallast ber á þau viðhorf varnaraðila að uppsögn ráðningarsamnings sé ákvöð sem hefur réttaráhrif frá því hún berst viðtakanda, ef upphaf réttaráhrifa hennar miðast ekki við önnur tímamörk samkvæmt lögum eða samningi. Samkvæmt því sem hér að framan hefur verið rakið þykja hvorki lög, samningar né venjur leiða til að frá þessari meginreglu hafi verið vikið varðandi rétt sóknaraðila til uppsagnarfrests. Af þeim ástæðum ber að líta svo á að uppsögn ráðningarsamnings hans miðist við 6. desember 1985, og að uppsagnarfresti hafi lokið að liðnum þremur mánuðum frá þeim degi að telja.

2) Fjárhæð uppsagnarlauna:

Ekki er ágreiningur með málsaðiljum um það að varnaraðili hafi vikið sóknaraðila úr starfi áður en ráðningartími hans var á enda, og að sóknaraðila beri greiðslur úr hendi varnaraðila af þeim sökum. Er jafnframt ágreiningslaust að sóknaraðili hafi þegar fengið fullnaðargreiðslu launa frá varnaraðila fyrir tímabilið frá 6. desember 1985 til loka þess árs. Ágreiningur er hins vegar uppi um það, til hverra greiðslna sóknaraðili verður talinn eiga tilkall vegna eftirstöðva ráðningartímabilsins, sem samkvæmt niðurstöðu næsta þáttar hér á undan teljast tímabilið frá 1. janúar til 6. mars 1986.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 35/1985 eiga yfirmenn á skipum, aðrir en skipstjóri, rétt á kaupi til enda ráðningartíma, þegar svo stendur á sem í máli þessu. Ágreiningur málsaðilja í þessum þætti málsins snýr einkum að því, hvernig skýra beri hugtakið „kaup" í nefndu lagaákvæði.

Af hálfu sóknaraðila er aðalkrafa hans í þessum efnum byggð á þeim rökum, að með „kaupi" sé átt við þau laun, sem að jafnaði séu greidd í viðkomandi starfi, enda hafi hann mátt ráðgera að halda óskertum ráðningarkjörum til loka uppsagnarfrests. Telur sóknaraðili sig því eiga rétt til svonefndra „staðgengilslauna" til loka ráðningartímans. Af hálfu varnaraðila er því hins vegar haldið fram að sóknaraðila beri aðeins svonefnd „biðlaun", sem hann kveður vera þau laun, sem honum hefði nægt að greiða sóknaraðila til loka ráðningartímans til fullra efnda ráðningarsamnings þeirra af sinni hálfu.

Um biðlaun eða biðkaup eru reglur í 7. kafla framlagðs kjarasamnings

Stýrimannafélags Íslands, sem tekur til ráðningarkjara sóknaraðila, og eru þær svohljóðandi, að því leyti sem þær þykja varða ágreiningsefni þessa máls:

„7.1.1. Sé stýrimaður ráðinn af einu skipi útgerðarinnar á annað, skal hann halda launum .... og fæðispeningum í biðtímanum. Sé stýrimaður utan heimilis síns, greiðist einnig húsnæði hans.

.....

7.1.5. Þegar stýrimaður er á biðkaupi er honum skylt, ef útgerð óskar þess, að taka að sér nám eða störf í landi hjá útgerðinni, sem eðlileg geta talist með tilliti til menntunar hans og reynslu."

Í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 35/1985 er mælt svo fyrir að skipverji eigi við óréttmæt ráðningarslit „rétt á kaupi" til enda ráðningartímans. Í 1. mgr. 36. gr. sömu laga er hins vegar að finna fyrirmæli um laun skipverja í veikindaforföllum, og er þar tekið svo til orða, að hann skuli „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd". Af samanburði þessara ákvæða má ljóst vera, að hugtakið „kaup" í 1. mgr. 25. gr. nefndra laga samsvarar ekki þeirri viðmiðun sem á er byggt í 1. mgr. 36. gr. þeirra, og ráðgerir sýnilega að við ákvörðun launa beri að telja með allar þær viðbætur og álagsgreiðslur sem fjarverandi skipverji hefði unnið til með óskertu starfi. Þessi viðmiðun í 1. mgr. 36. gr. laganna sýnist í alla staði vera sú sem nefnd hefur verið í máli þessu „staðgengilslaun".

Í áðurívitnuðum ákvæðum kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands um „biðkaup" er á því byggt að með greiðslum samkvæmt ákvæðinu teljist launþegi „halda launum". Virðist og verða að skýra grein 7.1.5. í kjarasamningnum á þann veg, að útgerð geti innan tiltekinna marka krafið launþegann um að inna af hendi landvinnu gegn greiðslu „biðkaups" án þess að til komi hinar ýmsu álags- og aukagreiðslur sem launþeginn gæti aflað sér með vinnu til sjós. Þykir samkvæmt þessu verða að leggja til grundvallar að laun, ákveðin eftir 7. kafla umrædds kjarasamnings, svari til þess „kaups", sem 1. mgr. 25. gr. laga nr. 35/1985 mælir fyrir um að skipverji eigi tilkall til við óréttmæt ráðningarslit.

Af framangreindu leiðir að sóknaraðili telst eiga rétt til launa úr hendi varnaraðila til enda uppsagnarfrests sem reiknuð eru sem svonefnt „biðkaup". Er ágreiningslaust í málinu að slík laun séu réttilega reiknuð sem dagvinnulaun, fæðispeningar og orlof. Kemur því ekki til frekari álita ágreiningur málsaðilja um þann yfirvinnustundafjölda, sem sóknaraðili kynni að hafa átt tilkall til ef honum bæru svonefnd staðgengilslaun í uppsagnarfresti. Hins vegar verður að leysa úr því hér hvort sóknaraðili geti gegn andmælum varnaraðila talist eiga rétt til að dagvinnulaun hans í uppsagnarfresti fyrir febrúarmánuð 1986 verði miðuð við laun 1. stýrimanns, eins og hann hefur krafist.

Hér áður hefur verið rakið efni framlagðrar yfirlýsingar Stýrimannafélags Íslands, þar sem gerð er grein fyrir ástæðum þess að sóknaraðili telur sig eiga tilkall til launa 1. stýrimanns í uppsagnarfresti fyrir febrúarmánuð 1986. Leggja verður hér til grundvallar að sóknaraðili hafi verið ráðinn til að gegna stöðu 2. stýrimanns við störf sín hjá hinu gjaldþrota félagi, þótt hann hafi tímabundið leyst af yfirmann sinn í orlofi eða forföllum. Af áðurnefndri yfirlýsingu verður ekki ráðið að slíkar afleysingar sóknaraðila hafi verið samningsbundnar eða reglulegar, og hafa engin gögn verið lögð fram af hans hendi því til stuðnings. Verður heldur ekki séð að ákvæði kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands um biðkaup verði skýrð á annan veg en þann að félagsmaður á slíku kaupi fái aðeins greiðslur í samræmi við þá stöðu sem hann hefur verið ráðinn til. Af þessum ástæðum verður að ákvarða sóknaraðila biðkaup samkvæmt launakjörum 2. stýrimanns á uppsagnarfrestinum.

Samkvæmt áðurgreindum niðurstöðum verður biðkaup sóknaraðila í uppsagnarfresti því ákvarðað með eftirfarandi hætti:

Dagvinnulaun fyrir tímabilið 1. janúar til 6. mars 1986, samtals fyrir 47 daga á kr. 1.625,92:	kr.	76.418,24
Orlofsfé, 11,59% af ofangreindu:	kr.	8.856,86
Samtals:	kr.	85.275,10

Um þann þátt biðkaups sem sóknaraðili telst samkvæmt þessu eiga tilkall til á uppsagnarfresti og stafar af fæðispeningum á umræddu tímabili er sérstaklega fjallað í næsta þætti hér á eftir.

3) Staða fæðispeninga í skuldaröð:

Ágreiningur er milli málsaðilja um það hvort fæðispeningar verði taldir til forgangskrafna við úthlutun úr þrotabúi Hafskips hf. á grundvelli 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Ágreiningur þessi varðar annars vegar fæðispeninga sem sóknaraðili hefur öðlast rétt til á uppsagnarfresti sem þátt í biðlaunum, en varnaraðili hefur viðurkennt að sóknaraðila beri fæðispeningar á því tímabili vegna samtals 65 daga á kr. 212,70 hvern, eða alls kr. 13.825,50. Hins vegar er um að ræða eldri inneign sóknaraðila vegna fæðispeninga, að fjárhæð kr. 6.593,00.

Ekki kemur fram í gögnum málsins frá hverjum tíma inneign sóknaraðila vegna ógreiddra fæðispeninga utan uppsagnarfrests stafar, en eins og málið liggur fyrir þykir verða að byggja á því að inneign þessi sé komin til á síðustu 18 mánuðum fyrir töku bús Hafskips hf. til gjaldþrotaskipta.

Svo sem fram hefur komið hér á undan er við úrlausn málsins byggt á því að skýra verði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 35/1985 á þann veg að með

hugtakinu „kaup“ í ákvæðinu sé átt við laun, og að þau laun svari til „biðkaups“ samkvæmt kafla 7.1. í kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands. Forgangsréttur launa sóknaraðila í uppsagnarfresti byggist því á fyrirmælum 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, en ekki 2. tl. sama ákvæðis, sem fjallar um forgangsrétt fyrir bótum vegna slita ráðningarsamnings. Í ívitnuðu ákvæði kjarasamnings er komist svo að orði að launþegi skuli undir þeim kringumstæðum sem ákvæðið tekur til „halda launum ... og fæðispeningum“. Er þannig greinarmunur gerður á launum annars vegar og fæðispeningum hins vegar, og verður því ekki talið að fæðispeningar njóti sjálfkrafa jafnrar stöðu við laun í skuldaröð. Af þeim ástæðum þykir verða að líta svo á að forgangsréttur fyrir fæðispeningum sóknaraðila sé háður því hvort þeir teljist „annað endurgjald fyrir vinnu“ í skilningi 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, og á það jafnt við um fæðispeninga á uppsagnarfresti sem eldri inneign sóknaraðila.

Um fæðispeninga er svofellt ákvæði í grein 9.1.1. í framlögðum kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands:

„Fæðispeningar skulu vera Kr. 63.97 á dag, þegar greiða skal fæði í heimahöfn skipa og endurskoðist tvisvar á ári, 1. maí og 1. nóvember ef vísitala matvöru hefur hækkað um 2% eða meira frá því síðasta endurskoðun fór fram.“

Ekki er ágreiningur um það í máli þessu að fæðispeningar fyrir hvern dag hafi vegna verðlagsbreytinga verið orðnir sú fjárhæð á uppsagnarfresti sóknaraðila sem byggt er á í máli þessu.

Þótt ákvæði þess kjarasamnings sem ráðið hefur kjörum sóknaraðila séu nokkuð óljóst um það, undir hverjum kringumstæðum komið geti til greiðslu fæðispeninga, þykir verða að leggja þann skilning í málflutning af hálfu aðilja að tilkall til þeirra komi til á þeim tímabilum á ráðningartíma sem stýrimaður nýtur ekki endurgjaldslausrar fæðu um borð í skipum samkvæmt fyrirmælum kafla 9.2. í kjarasamningnum. Verður því að telja að endurgjaldslaust fæði hafi verið hluti ráðningarkjara sóknaraðila sem hann hefur ýmist fengið efndir á með aðgangi að máltíðum eða með peningagreiðslu í þess stað. Þykir því verða að fallast á það með sóknaraðila að fæðispeningar teljist til annars endurgjalds fyrir vinnu í skilningi 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, og njóti því forgangsréttar við úthlutun úr búinu.

Samkvæmt þessu verður viðurkenndur forgangsréttur fyrir kröfum sóknaraðila um fæðispeninga að fjárhæð kr. 20.418,50.

4) Skuldajafnaðarkröfur varnaraðila:

Ágreiningur er ekki um það í málinu að sóknaraðili hafi í aprílmánuði 1985 fest kaup á hlutafé í hinu gjaldþrota félagi fyrir kr. 30.000,00, og að kr. 18.750,00 hafi staðið ógreiddar af kaupverðinu eftir launaútborgun varnaraðila til sóknaraðila í byrjun janúar 1986. Af hálfu sóknaraðila hefur

því ekki verið mótmælt að hann hafi staðið í skuld nefndrar fjárhæðar við varnaraðila og hefur því ekki verið haldið fram af hans hálfu að gildi þeirrar skuldbindingar hafi raskast vegna gjaldþrots Hafskips hf. eða af öðrum ástæðum. Varðandi höfuðstól skuldarinnar er því einungis ágreiningur um hvort varnaraðila hafi verið heimilt að taka sér greiðslu hans með skuldajöfnuði við viðurkenndar kröfur sóknaraðila um laun í uppsagnarfresti.

Í 1. mgr. 1. gr. laga um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 er mælt svo fyrir að ekki megi greiða kaup með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið. Telja verður reglu þessa ákvæðis hafa gilt um vinnusamband sóknaraðila og hins gjaldþrota félags, þótt skipverja á farskipum sé ekki berum orðum getið í umræddu ákvæði við talningu þeirra, sem það tekur til.

Um tilvist samnings um skuldajöfnuð samkvæmt nefndu lagaákvæði hefur varnaraðili skírskotað til framlagðs ljósrits kvittunar Hafskips hf. til sóknaraðila, sem dagsett er 26. apríl 1985. Kvittun þessi ber með sér að hún hafi verið gefin vegna efnda ódagsetts hlutafjárloforðs sóknaraðila fyrir kr. 30.000,00, en í kvittuninni segir: „dragist af launum kr. 1250,- pr. mánuð í 24 mánuði". Sóknaraðili hefur ekki áritað kvittun þessa um samþykki sitt. Af hálfu sóknaraðila hefur þeirri staðhæfingu varnaraðila hins vegar ekki verið mótmælt að greiðslur í samræmi við kvittun þessa hafi verið dregnar af öllum launaútborgunum til hans eftir útgáfu hennar og að það hafi gerst án athugasemda af hans hálfu. Verður ekki séð að þessi atvik geti stutt þær staðhæfingar sóknaraðila að samningur hafi ekki komist á um greiðslu skuldbindingar hans með launafrádrætti, enda verður að telja ósennilegt að annar samningsaðilja hafi getað tekið upp hjá sjálfum sér að ákveða slík greiðslukjör og framfylgja þeim án þess að nokkur mótmæli kæmu fram af hendi gagnaðila. Af þessum ástæðum þykir verða að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að samningur hafi komist á milli sóknaraðila og hins gjaldþrota félags um að skuldajafna mætti greiðslum af skuld hans við vinnulaun. Sóknaraðila eru með úrskurði þessum ákvörðuð laun í uppsagnarfresti úr hendi varnaraðila, en ekki bætur vegna slita á ráðningarsamningi. Um slík laun þykir verða að beita reglum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28/1930 sem standa því ekki í vegi að þau verði greidd með samningsbundnum skuldajöfnuði.

Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðili hafi, líkt og nokkur fjöldi annarra starfsmanna hins gjaldþrota félags, tekið þátt í umræddu hlutafjárútboði í félaginu snemma árs 1985. Við efndir hlutafjárloforðs naut sóknaraðili með sama hætti og aðrir starfsmenn sérstakra ívilnana um greiðslur sem ekki voru í samræmi við samþykkta skilmála á hluthafafundi. Má ljóst vera að meginforsenda þessara ívilnana hafi verið störf sóknaraðila hjá félaginu

og það hagræði sem möguleiki til launafrádráttar veitti hinu gjaldþrota félagi til að tryggja efndir kaupverðs hlutafjárins. Með slitum vinnusambands sóknaraðila og félagsins hafa hins vegar þessar forsendur greiðsluskilmála brostið. Verður þegar af þeirri ástæðu að telja varnaraðila hafa verið heimilt að eindaga eftirstöðvar skuldbindingar sóknaraðila, er sá fyrir enda vinnusambandsins. Ekki verður talið að uppsögn ráðningarsamnings sóknaraðila af hálfu hins gjaldþrota félags hafi þegar í stað orðið til þess að samningsbundin heimild til skuldajafnaðar afborgana af skuld sóknaraðila við vinnulaun hans hafi fallið niður, enda hefur sú uppsögn ekki raskað þeim skyldum beggja samningsaðilja að efna skilmála ráðningarsamningsins til loka uppsagnarfrests. Verður því að fallast á það með varnaraðila að honum hafi verið heimilt að greiða sóknaraðila hluta launa í uppsagnarfresti með skuldajöfnuði við eftirstöðvar höfuðstóls skuldar hans.

Eftir málatilbúnaði aðilja og fyrirliggjandi gögnum er ljóst að hið gjaldþrota félag áskildi sér ekki vexti úr hendi sóknaraðila af skuld hans vegna hlutafjárkaupa, þótt veitt hafi verið afborgunarkjör á kaupverðinu. Þótt slíkt vaxtaleysi skuldarinnar kunni að stríða gegn grunnrökum 14. gr. laga nr. 32/1978, heimilar það ekki varnaraðila síðar að raska efni upphaflegs samnings um það atriði. Þegar af þeirri ástæðu verður að hafna því að umkrafðir vextir varnaraðila geti komið til skuldajafnaðar við viðurkenndar kröfur sóknaraðila.

Samkvæmt þessu verður það niðurstaðan um þennan þátt ágreinings málsaðilja að krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila, að fjárhæð kr. 18.750,00, komi til lækkunar á kröfum sóknaraðila með skuldajöfnuði.

5) Krafa sóknaraðila um þóknun fyrir ritun kröfulýsingar:

Af hálfu sóknaraðila hefur þess verið krafist að viðurkennt verði að krafa hans um þóknun fyrir ritun kröfulýsingar á hendur varnaraðila, að fjárhæð kr. 1.140,00, njóti forgangsréttar í skuldaröð samhliða kröfum hans að öðru leyti.

Um stöðu innheimtukostnaðar skuldareiganda í skuldaröð við skipti þrotabúa er ekki fjallað sérstaklega í 8. kapítula laga nr. 3/1878. Í 1. tl. 86. gr. laganna er hins vegar sett sú regla að vextir af kröfu, áfallnir eftir upphafsdag skipta, komi fyrst til greiðslu að fullgreiddum höfuðstól lýstra krafna og áður áföllnum vöxtum af þeim. Af lögskýringargögnum er ljóst að sú regla hefur verið sett til þess að jafnræðis gæti milli lánardrottna á þann hátt að úthlutun upp í kröfur við lok gjaldþrotaskipta reiknist af stöðu krafna við upphafsdag skipta, þannig að síðaráfallandi vextir hafi ekki áhrif á innbyrðis stöðu lánardrottna við úthlutun, nema eignir hrökkvi til greiðslu upp í eftirstæðar kröfur. Regla þessi girðir þannig fyrir að áhrifa gæti af hækkun krafna vegna vaxtaáfalls eftir upphafsdag skipta, sem eðli

málsins samkvæmt getur orðið mismikil hjá hverjum lánardrottni. Sömu rök og búa að baki þessari reglu standa sýnilega til að innheimtukostnaður af kröfum fylgi því aðeins höfuðstól þeirra í skuldaröð að því leyti sem hann hefur verið áfallinn við upphaf skipta, en síðaráfallinn kostnaður verði metinn sem eftirstæð krafa, sbr. 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878. Hefur því ákvæði og verið beitt í framkvæmd með lögjöfnun um innheimtukostnað, þannig að slíkur kostnaður, sem fyrst fellur til eftir upphafsdag gjaldþrotaskipta, telst til eftirstæðra krafna.

Í máli þessu er kröfulýsing sóknaraðila dagsett þann 26. febrúar 1986 og verður að líta svo á að þann dag hafi krafa um þóknun fyrir ritun hennar fyrst getað orðið til. Bú Hafskips hf. var hins vegar tekið til gjaldþrotaskipta þann 6. desember 1985. Með vísan til framangreindra raka ber að telja kröfu sóknaraðila um þóknun af þessu tilefni, að fjárhæð kr. 1.140,00, til eftirstæðra krafna við gjaldþrotaskipti á búi Hafskips hf. samkvæmt lögjöfnun frá 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

Niðurstöður:

Samkvæmt framangreindu verða forgangskröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila viðurkenndar með eftirfarandi hætti:

Orlofsinneign frá fyrra ári:	kr.	4.257,00
Dagvinnulaun í uppsagnarfresti frá 1. janúar til 6. mars 1986:	kr.	76.418,24
11,59% orlofsfé af þeirri fjárhæð:	kr.	8.856,86
Fæðispeningar í uppsagnarfresti:	kr.	13.825,50
Vangoldnir eldri fæðispeningar:	kr.	6.593,00
	kr.	109.950,60
Frá dregst viðurkennd gagnkrafa varnaraðila vegna eftirstöðva kaupverðs hlutafjár:	<kr.	18.750,00>
	kr.	91.200,60
Af þeirri fjárhæð hefur sóknaraðili þegar fengið greiddar:	<kr.	80.978,00>
Telst ógreidd forgangskrafa sóknaraðila því að fjárhæð	kr.	10.222,60

Eins og áður greinir er hafnað kröfu varnaraðila um að viðurkennd verði heimild hans til greiðslu hluta fjárhæðar þessarar með skuldajöfnuði á vöxtum af höfuðstól skuldar sóknaraðila við hann.

Í ljósi þessara niðurstaðna og með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936, þykir rétt að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Viðurkennd er vangreidd forgangskrafa sóknaraðila, Arnar Bragasonar, á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., að fjárhæð kr. 10.222,60.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. mars 1988.

Nr. 88/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

A

Kærumál. Gæsluvarðhald. Krafa um sjúkrahúsvistun. Úrskurður úr gildi felldur og kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins vísað frá sakadómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 17. þ.m. er hingað barst 18. þ.m.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að fallist verði á þá kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, að varnaraðili „verði vistuð á sjúkrahúsi allt til miðvikudagsins 1. júní 1988 kl. 17:00 en til vara að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til".

Varnaraðili krefst þess að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi en lýsir því jafnframt yfir, að hún hafi ekki uppi mótmæli við aðalkröfu um vistun sína á sjúkrahúsi.

Sakarefni er lýst í hinum kærða úrskurði.

Ríkissaksóknari telur verulega hættu á, að varnaraðili „haldi uppteknum hætti ef hún er látin vera laus meðan máli hennar er eigi lokið" og jafnframt brýna „nauðsyn á varðhaldi til að verja aðra fyrir árásum hennar og heitingum". Telur hann því full efni til að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi og vísar í því efni til 67. gr. 1. mgr., 5. og 6. tl., og 2. mgr. sömu greinar laga nr. 74/1974, svo og 66. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af læknisfræðilegum gögnum um heilsufar hennar telur hann hins vegar „einsýnt, að rétt sé að úrskurða hana til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu hennar sé borgið", sbr. 69. gr. 4. tl. laga nr. 74/1974.

Þegar mál þetta var lagt fyrir sakadóm Reykjavíkur 16. þ.m. samþykkti varnaraðili aðalkröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um tímabundna vistun á sjúkrahúsi og kvaðst „í sjálfu sér samþykk því að verða vistuð á Landspítalanum en ekki Borgarspítalanum, ef það mætti verða liður í að komast í sambýli, svo sem hún hefur verið að óska eftir og læknarnir að benda henni á". Við þær aðstæður voru eigi efni til að taka málið til úrskurðar og var héraðsdómara rétt að fresta málinu og gefa rannsóknarlögreglu ríkisins færi á að hlutast til um vistun varnaraðila á sjúkrahúsi á grundvelli kröfu sinnar og samþykkis varnaraðila fyrir dómi. Ef tilraunir í þá átt báru ekki árangur var efni til að halda málinu áfram og þá eftir atvikum í öðrum farvegi. Í þessu sambandi er þess og að gæta, að varnaraðili óskaði sjálf læknishjálpar og óvíst hvort sakargiftir gegn henni leiða til opinberrar málssóknar. Ekki var A þörf gæsluvarðhalds vegna rannsóknar þeirra og vandséð, hvaða rök stóðu til að fresta því, að varnaraðili fengi notið læknishjálpar, og andstætt grundvallarreglu 1. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.

Í niðurstöðum skýrslu um geðheilbrigðisrannsókn á varnaraðila 12.-23. febrúar sl. segir m.a.:

„Einkenni A ... og hegðunarmynstur, benda sterklega til þess að hún sé haldin persónuleikatruflun af þeirri gerð sem kallast *„Borderline personality disorder"*, sjúkdómsnúmer 301.9. Þeir einstaklingar sem eru haldnir þessari persónuleikatruflun eru oft og tíðum mjög erfiðir í meðferð og meðferðarárangur oft og tíðum óviss.

Í geðheilbrigðisathugun þessari kemur ekkert fram sem gefur til

kynna að A ... sé ekki fyllilega ábyrg gerða sinna. Álit undirritaðs er að A ... sé því sakhæf.

A ... hefur um langt skeið átt við að stríða alvarlegar persónuleikatruflanir. Uppvaxtarárin hafa verið henni mjög erfið og greinilegt að þau ár hafa sett sitt mark á hana. Meðferð hefur fram til þessa verið erfið og verður það að líkindum áfram. A ... óskar eftir aðstoð við að komast í sambýli. Hún hefur núna ekki mikla trú á þeirri hjálp sem geðlæknar geta veitt. Þegar dómsyfirvöld hafa lokið umfjöllun sinni um þær kærur sem hafa verið lagðar fram á hendur A ..., þyrfti að fá geðlækni til að taka að sér framhaldsmeðferð. Undirritaður mælir gegn flutningi á geðdeild á þessu stigi málsins."

Hér kemur greinilega fram, að geðlæknirinn telur varnaraðila haldinn sjúkdómi og þarfnast læknismeðferðar. Er hann lauk geðheilbrigðisathugun sinni 23. febrúar sl. mælti hann „gegn flutningi á geðdeild á þessu stigi málsins" og virtist telja óhætt að bíða þar til lokið væri umfjöllun „um þær kærur sem lagðar hafa verið fram á hendur" henni.

Daginn eftir var varnaraðili látin laus úr gæsluvarðhaldi og gerðust nú þau atvik, sem í héraðsdómi eru rakin og leiddu til handtöku hennar á ný og þeirrar kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, sem hér er til meðferðar. Í ljósi þessara atvika og eins og kröfugerð er háttað var brýn þörf að afla álits geðlæknisins um það, hvort skoðun hans á nauðsyn sjúkrahúsvistar væri óbreytt. Þetta gerði héraðsdómari ekki og byggði niðurstöðu sína á áliti geðlæknisins frá 23. febrúar sl.

Samkvæmt þessu þykir verða að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins að svo stöddu frá sakadómi, en rétt er að leggja málið fyrir á ný, ef sjúkrahúsvistun samkvæmt framansögðu tekst ekki.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að málsvarnarlaun réttargæslumanns varnaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins vísað frá sakadómi.

Málsvarnarlaun réttargæslumanns varnaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. mars 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 17. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess að A verði vistuð á sjúkrahúsi sbr. 4. tl. 69. gr. laga nr. 74, 1974, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 1. júní 1988 kl. 16.00.

Verði eigi talin efni á að verða við ofangreindri kröfu um vistun á sjúkrahúsi, er gerð sú krafa til vara, að kærðu verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. apríl 1988 kl. 17.00 með vísan til 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærða hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni. Kærða hefur hins vegar sagt að hún samþykki að verða vistuð á Landspítalanum en ekki Borgarspítalanum, ef það mætti verða liður í að komast í verndað sambýli.

Málavextir eru þessir:

Þann 6. febrúar sl. var kærða úrskurðuð í sakadómi Reykjavíkur til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. febrúar sl. Kærðu var gert á gæsluvarðhaldstímanum að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 17. febrúar sl. var gæsluvarðhaldsvist yfir kærðu framlengd allt til miðvikudagsins 24. febrúar 1988.

Í forsendum þessa úrskurðar kemur m.a. fram, að þrjár kærur bárust til Rannsóknarlögreglu ríkisins þar sem kærða er sökuð um að hafa hótað Ingvari Kristjánssyni geðlækni lífláti og ráðist á hann. Einnig bárust rannsóknarlögreglunni kærur vegna hótana kærðu í garð Jónasar Jóns Hallssonar, aðalvarðstjóra í Reykjavíkurlögreglunni. Þá var kærða sökuð um að hafa unnið skemmdarverk á eignum í lækningastofu Ingvars og eignum Jónasar.

Vegna þessa alls hefur lögregla oftlega verið kölluð til.

Á gæsluvarðhaldstímanum rannsakaði Tómas Zoëga geðlæknir geðheilbrigði kærðu. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að kærða sé haldin persónuleikatruflun af þeirri gerð sem kallast „Borderline personality disorder". Þar segir einnig, að ekkert hafi komið fram í rannsókninni, sem gefi til kynna að kærða sé ekki fyllilega ábyrg gerða sinna og er það álit læknisins að kærða sé sakhæf. Þá mælir hann gegn því að kærða sé flutt á geðdeild.

Síðan kærða var látin laus úr gæslu hinn 24. febrúar sl., hafa rannsóknarlögreglunni borist þrjú erindi vegna meintra hótana og ónæðis kærðu í garð ýmissa aðila.

Þann 3. mars sl. barst lögreglunni kæra Stefaníu Helgadóttur, eiginkonu áðurnefnds Jónasar J. Hallssonar, þess efnis að síðan kærða losnaði úr varðhaldi þann 23. febrúar sl. hafi hún margítrekað hringt í Stefaníu og hótað henni og fjölskyldu hennar illu.

Þann 7. mars sl. þurfti lögreglan að vakta heimili Björgvins Bjarnasonar læknis vegna meintra hótana kærðu í garð eiginkonu læknisins, m.a. líflátshótana.

Hinn 14. mars sl. skýrði áðurnefndur Ingvar lögreglu frá því að kærða hefði oftlega hringt í starfsstöð Ingvars og verið með hótanir. Í skýrslu, sem símastúlka Ingvars hefur gefið hjá lögreglu staðfestir hún þetta.

Kærða var vegna þessa boðuð til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglu, en sinnti því engu og var handtekin á heimili sínu og færð til yfirheyrslu að undangengnum úrskurði sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 15. mars sl.

Kærða hefur í yfirheyrslu fyrir dómi viðurkennt að hafa hringt í Björgvin og konu hans, en kveðst þó ekki muna hvort hún hótaði þeim.

Þá kveðst kærða ekki heldur muna hvort hún hótaði að gera Jónasi, Stefaníu eða börnum þeirra mein, en kveður það hins vegar sinn stíl að hóta fólki.

Í yfirheyrslu fyrir dómi hefur kærða viðurkennt að hafa haldið áfram hótunum við Ingvar á þá lund er áður greinir.

Kærða hefur við yfirheyrslur sagt að henni sé engin alvara með hótunum sínum, heldur sé hún sjúk kona í leit að aðstoð.

Í 69. gr. laga nr. 74, 1974 kemur fram hvenær gæsluvarðhaldi megi ekki beita og til hverra úrræða verði gripið í stað þess. 4. tl. greinarinnar tekur m.a. til sjúklinga, sem eftir læknisráði skal úrskurða til geymslu á spítala eða öðrum viðeigandi stað. Í niðurstöðum geðheilbrigðisrannsóknar læknisins Tómasar Zoëga, sem undirrituð er 23. febrúar 1988, kemur fram að óhentugt væri að kærða verði flutt á geðdeild „á þessu stigi málsins," eins og komist er að orði. Þá kemur einnig fram, að þó kærða sé haldin persónuleikatruflunum telji læknirinn hana sakhæfa.

Verður því að ályktа, þrátt fyrir að líta megi svo á að kærða fallist á kröfu rannsóknarlögreglunnar um vistun á sjúkrahúsi, að skilyrðum 4. tl. 69. gr. sé ekki fullnægt.

Samkvæmt gögnum málsins hefur framferði kærðu valdið verulegum óþægindum hjá því fólki sem í hlut á. Bendir hegðun kærðu síðustu daga ekki til þess að hún hafi í hyggju að láta af hótunum sínum. Brot kærðu geta varðað við 106. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þegar litið er til þess sem að framan er rakið verður að úrskurða kærðu í gæsluvarðhald, sbr. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. apríl 1988 kl. 17.00.

Úrskurðarorð:

Kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um að kærða, A, verði vistuð á sjúkrahúsi, er synjað.

Varakrafa Rannsóknarlögreglu ríkisins er tekin til greina og skal kærða, A, sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. apríl 1988 kl. 17.00.

Föstudaginn 25. mars 1988.

Nr. 284/1987. **Ákæruvaldið**
gegn
Kristjáni Erni Elíassyni og
Báru Helgu Bjarnadóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Höfundaréttur. Bifreiðar. Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1987 af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu og ökuleyfissviptingu að því er ákærða Kristján Örn varðar, en til sakfellingar og ákvörðunar refsingar að því er snertir ákærðu Báru Helgu. Ákærði Kristján Örn hafði óskað áfrýjunar fyrir sitt leyti.

I.

Samkvæmt gögnum málsins fyrir Hæstarétti var samningur milli CIC Video annars vegar og Háskólabíós og Laugarásbíós hins vegar, sem um ræðir í héraðsdómi, síðast framlengdur með bréfum

dags. 1. og 2. febrúar 1985, og þá um ótiltekinn tíma með uppsagnarrétti. Þykir ljóst að þeim rétti hafi ekki verið beitt fyrir þann tíma, sem hér skiptir máli. Hin umdeildu myndbönd eru auðkennd með nöfnum höfundarréttarhafa að hinni upphaflegu kvikmynd og að útgáfu hennar á myndbandi, eins og á er byggt í héraðsdómi, og gefa nægilega til kynna, að þau falli undir samninginn.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að beiðni um opinbera málshöfðun frá rétthöfum hafi verið nægilega fram komin. Með vísan til þess og annarra atvika þykja ekki efni til að vísa I. kafla ákæru frá dómi, svo sem ákærðu hafa krafist.

Með skírskotun til forsendna í héraðsdómi ber að staðfesta ákvæði hans um sakfellingu og heimfærslu brota ákærða Kristjáns Arnar samkvæmt I. kafla ákæru til refsiákvæða.

Samkvæmt sameignarfélagssamningi, er frammi liggur í málinu, áttu ákærðu að hálfu hvort Nýju Videóleiguna sf. Ákærða Bára Helga var þannig eigandi að fyrirtækinu og starfaði þar við útleigu myndbanda, en annaðist ekki útvegun þeirra til útleigustarfseminnar. Þótt ákærðu kæmu sér saman um slíka verkaskiptingu sín á milli í fyrirtækinu þykir það ekki firra ákærðu refsiábyrgð, eins og starfseminni var háttað. Gat henni ekki dulist, að hætta væri á brotum gegn einkarétti sem þeim er mál þetta tekur til. Ber því að sakfella hana með heimfærslu brota til sömu refsiákvæða og við eiga um brot ákærða Kristjáns Arnar.

II.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um umferðarlagabrot ákærða Kristjáns Arnar með þeirri athugasemd að brot hans varðar nú við 36. gr. 1. mgr. og 2. mgr. a. og 37. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem gildi tóku 1. mars sl. og dæma ber eftir í máli þessu, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Refsing ákærða Kristjáns Arnar fyrir þau brot, sem hann er sakfelldur fyrir í máli þessu, þykir hæfilega ákveðin 50.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, er gjaldist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en verði ella afplánuð með varðhaldi 25 daga.

Ákærði Kristján Örn þykir samkvæmt 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hafa unnið til sviptingar ökuleyfis 6 mánuði. Með héraðsdómi var hann sviptur ökuleyfi 4 mánuði og hefur nú öðlast ökuleyfið á ný. Ber því að ákveða að ákærði verði sviptur ökuleyfinu 2 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærðu Báru Helgu fyrir brot hennar samkvæmt framansögðu þykir hæfilega ákveðin 10.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, er gjaldist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en verði ella afplánuð með varðhaldi 5 daga.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um ónýtingu myndbanda og myndbandahylkja og þykir krafa um hana nægilega tilgreind í ákæruskjali.

Um sakarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Örn Elíasson, greiði 50.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 25 daga. Hann sæti sviptingu ökuleyfis í 6 mánuði samtals, þ.e. í 2 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða, Bára Helga Bjarnadóttir, greiði 10.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 5 daga.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku myndbanda og myndbandahylkja eru staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest með þeirri breytingu að ákærða Bára Helga Bjarnadóttir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns eins og þau þar eru ákveðin og óskipt með ákærða Kristjáni Erni helming annars sakarkostnaðar en málsvarnarlaun hans. Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur, óskipt að 2/3 hlutum en ákærði Kristján Örn Elíasson einn að 1/3 hluta.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1987.

Ár 1987, föstudaginn 19. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 375-377/1987: Ákæruvaldið gegn Báru Helgu Bjarnadóttur, X og Kristjáni Erni Elíassyni, sem tekið var til dóms 3. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 15. júlí 1986, á hendur ákærðu, ,,Báru Helgu Bjarnadóttur, Skjólbraut 1, Kópavogi, fæddri 27. janúar (sic) í Reykjavík, X, ..., Reykjavík, ..., og Kristjáni Erni Elíassyni, Erluhólum 5, Reykjavík, fæddum 13. desember 1958 þar í borg, fyrir eftirgreind brot:

I.

Gegn ákærðu Báru Helgu og Kristjáni Erni fyrir að hafa á fyrri helmingi ársins 1985 sem eigendur Nýju Vídeóleigunnar sf., Grensásvegi 5, Reykjavík, ákærði Kristján Örn sem framkvæmdastjóri myndbandaleigunnar og ákærða Bára Helga sem starfsmaður hennar, haft til útleigu og leigt út úr myndbandaleigunni í heimildarleysi rétthafa og CIC-VIDEO eftirgreindar 48 kvikmyndir á 51 myndbandi, svo sem hér er nánar rakið:

Nr.	*Titill*	*Fjöldi*
1	STAYING ALIVE	1
2	PSYCHO	1
3	PSYCHO II	1
4	TRADING PLACES	1
5	All Night Long	1
6	THE GREEK TYCOON	1
7	PARADISE ALLEY	1
8	SNOKEY AND THE BANDIT II	2
9	SNOKEY AND THE BANDIT 3	1
10	AIRWOLF	1
11	SHENANDOAH	1
12	1941	1
13	Breakfast at Tiffany's	1
14	GUNFIGHT AT THE O.K.CORRAL	1
15	THE ELECTRIC HORSEMAN	1
16	DEAD MEN DON'T WEAR PLAID	1
17	ROMEO & JULIET	1
18	THE ANTAGONISTS	1
19	THE BIRDS	1
20	FOOTLOOSE	2
21	Silence of the North	1

Nr.	*Titill*	*Fjöldi*
22	Going Berserk	1
23	GREASE 2	1
24	THE BORDER	1
25	AIRPLANE	1
26	THE DAY OF THE JACKAL	2
27	Private School	1
28	PARTNERS	1
29	Xanadu	1
30	THE BEST LITTLE WHOREHOUSE IN TEXAS	1
31	AN OFFICER AND A GENTLEMAN	1
32	SUGARLAND EXPRESS	1
33	VIDEODROME	2
34	Villa Rides	kápa án spólu
35	EDDIE MACON'S RUN	1
36	Terms of Endearment	1
37	HUSTLE	1
38	FRENZY	1
39	The Great Waldo Pepper	1
40	THE GREAT GATSBY	1
41	THE EIGER SANCTION	1
42	UNCOMMON VALOUR	1
43	THE SEDUCTION OF JOE TYNAN	1
44	THE BRIDGES AT TOKO-RI	1
45	THE RED LIGHT STING	1
46	STREETS OF FIRE	1
47	Gangster Wars	1
48	PLAZA SUITE	1

Telst þetta varða við 3. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. tl. 2. mgr. 54. gr. höfundalaga nr. 73, 1972, sbr. lög nr. 78, 1984, sbr. 1. og 2. tl. 4. gr. fylgiskjals nr. I með auglýsingu nr. 110, 1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74, 1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið og auglýsingu nr. 82, 1956 um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt, sbr. 27. gr. laga nr. 13, 1905 um rithöfundarétt og prentrétt.

II.

Gegn ákærða Kristjáni Erni fyrir að aka miðvikudaginn 26. júní 1985 bifreiðinni R-67546 vestur Ártúnsbrekku og Miklubraut í Reykjavík með

yfir 130 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla frá Nesti við Ártúnsbrekku að Skeiðarvogi.

Telst þetta varða við 1. og 3. mgr., stafliði a og b, 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977, sbr. samþykkt nr. 318, 1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2, 1930.

III.

Gegn ákærðu X og Kristjáni Erni fyrir tékkalagabrot með því að hafa, í júlí 1985, í sameiningu staðið að útgáfu og notkun tveggja eftirgreindra innistæðulausra tékka á tékkareikning nr. 8998 við Iðnaðarbanka Íslands hf., Lækjargötu 12, Reykjavík, með neðangreindum hætti:

1. Gegn ákærðu X fyrir að hafa gefið út tékka nr. 1728381 og 1728382 og afhent þá síðan meðákærða Kristjáni Erni án þess að fjárhæð þeirra væri tilgreind og þar með án þess að tryggja það að heildarfjárhæð tékkanna yrði ekki meiri en innistæða tékkareikningsins.

2. Gegn ákærða Kristjáni Erni fyrir að útfylla tékkana á tékkareikning nr. 8998 og að öðru leyti svo sem rakið verður og nota þá síðan til greiðslu skulda:

Nr. 1728381, kr. 22.607, dagsettur 1. júlí 1985, stílaður á og notaður til greiðslu skuldar við Þorfinn Egilsson hdl.

Nr. 1728382, kr. 43.180, dagsettur 8. júlí 1985, stílaður á og notaður til greiðslu skuldar við Bjarna Stefánsson hf.

Telst þetta varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

IV.

Dómkröfur:

Þess er krafist að:

1. Ákærðu verði dæmd til refsingar.

2. Ákærði Kristján Örn verði dæmdur til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.

3. Ákærðu Bára Helga og Kristján Örn verði dæmd til að þola fyrir hönd Nýju Vídeóleigunnar sf. upptöku eða ónýtingu 51 myndbands og myndbandahylkis nr. 1-33 og 35-48 og myndbandahylkis nr. 34, sbr. lið I hér að framan, samkvæmt 55. gr. höfundalaga og/eða 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

4. Ákærðu verði dæmd til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

I. kafli ákæru.

Með bréfi, dagsettu 19. júní 1985, kærði Björgvin Þorsteinsson hrl. eigendur Nýju Vídeóleigunnar, Grensásvegi 5, Reykjavík, ákærðu Báru Helgu Bjarnadóttur og Kristján Örn Elíasson, vegna ætlaðra brota þeirra á ákvæðum höfundalaga nr. 73, 1972 sbr. lög nr. 78, 1984. Setti lögmaðurinn fram kæru þessa f.h. Laugarásbíós og Háskólabíós, sem hann kvað hafa einkarétt til framleiðslu og dreifingar á öllu myndefni frá CIC-Video, 138-139, Picadilly, London, Englandi, samkvæmt samningi, dagsettum 11. desember 1981, sem framlengdur hafi verið árlega, síðast 2. febrúar 1985. Með kærunni fylgdu gögn þessu til stuðnings. Kvaðst lögmaðurinn hafa farið nýverið á ofangreinda myndbandaleigu ásamt mönnum frá framangreindum kvikmyndahúsum og skoðað það myndefni sem var á boðstólum á myndbandaleigunni, og þá komið í ljós að til útleigu hafi verið þar myndbönd með 50 kvikmyndum útgefnum af CIC-Video. Þessu til stuðnings fylgdi með kærunni listi yfir greindar kvikmyndir. Kvað lögmaðurinn eigendur myndbandaleigunnar ekki hafa öðlast rétt til að leigja þessar myndir út, þar eð þarna væri um að ræða myndir sem framleiddar væru og útgefnar af Háskólabíói og Laugarásbíói, enda myndirnar allar án íslensks texta og því fluttar inn frá Englandi af eigendum fyrirtækisins.

Í samningi milli CIC-Video annars vegar og Háskólabíós og Laugarásbíós hins vegar, dagsettum 11. desember 1981, segir svo í 1. gr. hans í þýðingu Hersteins Pálssonar, löggilts skjalaþýðanda:

„Við (CIC Video, innskot dómsins) veitum yður (Háskólabíói og Laugarásbíói, innskot dómsins) hér með óskoraðan einkarétt á að kaupa af okkur fyrir fram áteknar myndbandssnældur með kvikmyndum, sem eru eign eða beint eða óbeint háðar umsjón bandarískra kvikmyndavera Paramounts og Universals („myndbandasnældurnar") og hafa verið framleiddar og seldar af okkur í Hinu sameinaða konungsríki."

2. gr. samningsins er svohljóðandi:

„Á því tímabili sem hefst við dagsetningu móttöku okkar á undirrituðu eintaki þessa bréfsamnings og lýkur 31. desember 1982 („tímabil") hafið þér óskoraðan einkarétt á að leigja myndbandssnældurnar almenningi til heimanotkunar í landinu Íslandi einu."

Samkvæmt 4. gr. samningsins fallast Háskólabíó og Laugarásbíó síðan á að beita öllum nauðsynlegum úrræðum til að hindra óheimila fjölföldun, sölu, leigu og/eða opinberan flutning, útsendingu eða sýningu á Íslandi á áteknum myndbandssnældum, sem hafa inni að halda kvikmyndir frá Paramount og Universal á gildistíma samningsins.

Samningur þessi hefur svo verið framlengdur árlega og samkvæmt gögnum málsins síðast 2. febrúar 1985.

Samkvæmt ljósriti af tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur, dagsettri 6. janúar 1984, var félagið Nýja Vídeóleigan sf. stofnað þann dag og eigendur með ótakmarkaðri ábyrgð ákærðu í máli þessu. Samkvæmt tilkynningunni rita bæði ákærðu firmað og hafa prókúruumboð fyrir það.

Þá hefur verið lagður fram í málinu sameignarfélagssamningur milli ákærðu, þar sem fram kemur m.a. að bæði ákærðu eiga jafnan hlut og bera jafna ábyrgð í félaginu.

Með úrskurði þann 16. júlí 1985 heimilaði sakadómur Reykjavíkur samkvæmt kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins húsleit í húsakynnum Nýju Vídeóleigunnar og að leggja mætti hald á myndbönd frá CIC Video, nema fyrirsvarsmenn myndbandaleigunnar gætu sýnt fram á í formi samnings að þeir ættu útleigurétt hér á landi á myndböndunum.

Lagði rannsóknarlögreglan hald á 51 myndband, en í eina kápu sem lögreglan lagði hald á vantaði myndbandið. Var þarna um að ræða þær 48 kvikmyndir sem taldar eru upp í ákæruskjali.

Ákærði Kristján Örn var yfirheyrður um málið hjá rannsóknarlögreglunni hinn 18. júlí 1985. Ákærði kvaðst vera framkvæmdastjóri fyrrgreindrar myndbandaleigu og sjá um fjármál og allar útréttingar fyrir hana, þ. á m. útvegun efnis. Kvað ákærði meðákærðu, móður sína, einungis sjá um afgreiðslu ásamt öðru starfsfólki. Borinn var undir ákærða listi yfir þau myndbönd sem greinir á ákæruskjali, og kvað ákærði hann vera réttan, enda hafi hann verið viðstaddur húsleitina og fylgst með hvaða myndbönd voru tekin. Ákærði kvaðst hafa farið sjálfur til Englands og keypt þessi myndbönd aðallega í þremur verslunum í London. Ákærði kvaðst hafa komið með myndböndin til Íslands í ferðatöskum. Kvaðst ákærði hafa farið nokkrar ferðir og framvísað nótum eða látið tollyfirvöld á Keflavíkurflugvelli fá töskurnar til að tollafgreiða. Ákærði kvaðst svo hafa fengið töskurnar með myndunum afgreiddar í tollbúðinni við Tryggvagötu þegar hann greiddi toll af þeim samkvæmt ákvörðun tollyfirvalda hvert skipti.

Ákærði taldi sér heimilt að leigja framangreind myndbönd út og merkt voru framleiðandanum CIC Video. Kvaðst ákærði ekki hafa haldið því leyndu fyrir þeim sem hann keypti myndböndin af í Englandi að hann ætlaði að nota myndirnar á myndbandaleigu sinni á Íslandi. Kvað ákærði að sér hafi ekki verið kunnugt um að einhver hefði rétt til dreifingar á myndum frá CIC Video á Íslandi, enda hefði hann ekki séð neina auglýsingu um það. Ákærði kvað ekki vera sérstakar merkingar á myndböndum þeim frá CIC Video, sem hann keypti í Englandi, í þá átt að þau megi ekki leigja út, og standi ekki annað á myndböndunum en að þau megi ekki sýna á opinberum stöðum, í kapalkerfum o.s.frv.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa sem annar eigandi og framkvæmdastjóri umræddrar myndbandaleigu haft til útleigu á fyrri hluta árs-

ins 1985 þær 48 kvikmyndir á 51 myndbandi frá CIC Video sem taldar eru upp í ákæruskjali. Að öðru leyti vísaði ákærði til framburðar síns hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og taldi sér hafa verið heimilt að leigja kvikmyndirnar út.

Ákærða Bára Helga Bjarnadóttir skýrði svo frá við rannsókn málsins að hún hafi aðeins afgreitt myndbönd á myndbandaleigu sinni, en meðákærði Kristján Örn hafi algerlega séð um reksturinn. Kvaðst ákærða ekki hafa komið nálægt bókhaldi eða útvegun efnis. Ákærða kvaðst ekki hafa vitað hvaðan það efni sem til útleigu var á myndbandaleigunni hafi komið og þá ekki hvort eitthvað efni væri frá CIC Video. Ákærða kvað kvikmyndir hafa verið leigðar á því tímabili sem hér er um að ræða fyrir 120 krónur miðað við sólarhring.

Við meðferð málsins kvaðst ákærða kannast við að vera annar eigandi Nýju Vídeóleigunnar sf. hér í borg og kvað fyrirtækið hafa tekið til starfa einhvern tíma í nóvember 1984. Ákærða kvaðst hafa verið starfsmaður myndbandaleigunnar og haft með höndum almenn afgreiðslustörf, en ekki séð að neinu leyti um útvegun myndbanda. Ákærða kvaðst kannast við sumar af þeim myndum sem taldar eru upp í ákæruskjali og taldi líklegt að þær hefðu verið leigðar út á fyrri hluta ársins 1985.

Verjandi ákærðu hefur krafist þess aðallega að ákærukafla þessum verði vísað frá dómi, en til vara að ákærðu verði sýknuð af kröfum ákæruvaldsins. Þá krefst hann þess einnig aðallega að upptökukröfu ákæruvaldsins verði vísað frá dómi, en til vara að ákærðu verði sýknuð af henni.

Í fyrsta lagi rökstyður verjandinn aðalkröfu sína með því að ætlaðir réttarhafar í máli þessu hafi ekki krafist formlega opinberrar málshöfðunar samkvæmt 1. mgr. 59. gr. höfundalaga nr. 73, 1972, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 78, 1984. Þá telur verjandinn að mörg þau lagaákvæði sem vitnað sé til í ákæru séu úr gildi fallin. Að lokum hefur verjandinn bent á að ekki liggi fyrir í málinu heimild CIC Video um framsal á höfundarétti til annarra frá Universal og Paramount, en samkvæmt 2. mgr. 28. gr. höfundalaganna sé framsalshafa ekki heimilt að framselja höfundaréttinn án samþykkis höfundar.

Þá telur verjandinn að ákæruvaldið geti eigi krafist annaðhvort upptöku eða ónýtingar. Sé sú krafa ákæruvaldsins svo óljós að henni beri að vísa frá dómi.

Það er álit dómsins að skilja verði framangreinda kæru Björgvins Þorsteinssonar hrl. f.h. Háskólabíós og Laugarásbíós, sem að framan getur, sem kröfu um opinbera málshöfðun. Það sé síðan ákæruvaldsins að meta hvort mál verði höfðað eður ei. Varðandi það að tilvitnuð lagaákvæði í ákærukaflanum séu úr gildi fallin er það rétt að með 64. gr. höfundalaganna frá 1972 voru lög nr. 13, 1905 um rithöfundarétt og prentrétt og

lög nr. 11, 1956 um breyting á þeim lögum felld úr gildi, en önnur tilvitnuð lagaákvæði eru í gildi. Að lokum er það mat dómsins að nægjanlegt sé til úrlausnar í máli þessu að leggja fram samning þann milli kærenda og CIC Video sem að framan getur, enda telst höfundur verks sá er nafngreindur er á eintökum þess með venjulegum hætti uns annað reynist, sbr. 1. mgr. 8. gr. höfundalaganna.

Samkvæmt framansögðu er frávísunarkröfu verjandans hafnað.

Krafa ákæruvaldsins um upptöku eða ónýtingu þykir heldur eigi haldin neinum þeim annmörkum að frávísun varði, og er þeirri kröfu verjandans einnig hafnað.

Í máli þessu hefur verið lagður fram samningur milli CIC Video, 138-139, Picadilly, London, Englandi, annars vegar og Háskólabíós og Laugarásbíós hins vegar, dagsettur 11. desember 1981, sem framlengdur hefur verið árlega eftir það og samkvæmt gögnum málsins síðast 2. febrúar 1985, þar sem fram kemur að Háskólabíó og Lauarásbíó hafi einkarétt hérlendis til framleiðslu og dreifingar á öllu myndefni frá CIC Video. Upplýst er í málinu að ákærði Kristján Örn keypti þau myndbönd sem mál þetta varða í London, Englandi, en þau bera það öll með sér að vera framleidd af CIC Video, að þau séu eingöngu ætluð til einkanotkunar og að hvers konar dreifing, þar með talin útleiga, sé stranglega bönnuð. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. höfundalaga nr. 73, 1972 telst höfundur verks sá, uns annað reynist, sem nafngreindur er á eintökum þess með venjulegum hætti, og gildir þetta einnig um framleiðanda kvikmynda.

Samkvæmt fylgiskjali nr. II með auglýsingu nr. 110, 1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74, 1947 um sama efni, er Bretland eitt þeirra ríkja sem er aðili að Bernarsáttmálanum, en samkvæmt 1. tl. 4. gr. fylgiskjals nr. I með sáttmálanum, skulu höfundar hvers sambandslands að upprunalandi verksins undanskildu njóta þess réttar sem nú er eða síðar kann að verða heimilaður innlendum höfundum í lögum, og í 2. tl. sömu greinar er kveðið svo á að höfundar skuli njóta ofangreindra réttinda án nokkurra formskilyrða, hvort sem um vernd er að ræða í upprunalandi verkanna eða ekki.

Ákærða Bára Helga hefur alfarið neitað að hafa komið nálægt rekstri Nýju Vídeóleigunnar sf. að öðru leyti en því að hún kveðst hafa annast almenn afgreiðslustörf í fyrirtækinu, þ.m.t. útleigu myndbanda. Kveðst hún ekki hafa haft hugmynd um, hvar efnis var aflað og hvort það var frá CIC Video eða einhverjum öðrum. Kvað hún meðákærða Kristján Örn hafa alfarið séð um rekstur fyrirtækisins og þar á meðal útvegun efnis. Fær þessi framburður ákærðu fulla stoð í framburði meðákærða Kristjáns Arnar. Það er álit dómsins að eigi sé grundvöllur, eins og hér stendur á, til að sakfella ákærðu Báru Helgu samkvæmt ákærukafla þessum, þar sem

telja verði að huglæg refsiskilyrði skorti til þess. Hlutlæg refsiábyrgð kemur hér heldur eigi til greina. Samkvæmt framansögðu er ákærða Bára Helga Bjarnadóttir sýknuð af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Kristján Örn hefur viðurkennt að hafa keypt myndbönd þau er mál þetta varða í Englandi og að hafa flutt þau til landsins og haft til útleigu á Nýju Vídeóleigunni á fyrri hluta ársins 1985. Þykir ákærði ekki hafa sýnt fram á að hann hafi haft rétt til að leigja kvikmyndir á myndböndum þessum út hérlendis, enda í ljós leitt að Háskólabíó og Laugarásbíó hafi haft einkarétt til dreifingar á öllu myndefni frá CIC Video hér á landi frá 11. desember 1981. Þykir ákærði því með háttsemi sinni hafa brotið gegn 3. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. höfundalaga, nr. 73, 1972, sbr. 1. og 2. tl. 4. gr. fylgiskjals nr. I með auglýsingu nr. 110, 1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74, 1947 um sama efni og auglýsingu nr. 82, 1956 um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt.

Eftir framangreindum úrslitum þykir rétt að dæma ákærðu Báru Helgu Bjarnadóttur og Kristján Örn Elíasson til að þola fyrir hönd Nýju Vídeóleigunnar sf. samkvæmt 2. mgr. 55. gr. höfundalaga ónýtingu 51 myndbands og myndbandahylkis nr. 1-33 og 35-48 og myndbandahylkis nr. 34, sem talin eru upp í ákærukafla þessum.

II. kafli ákæru.

Kl. 22.15 að kvöldi miðvikudagsins 26. júní 1985 veittu lögreglumennirnir Sigurður Steingrímsson, Smári Jónsson og Svavar Kristinsson, sem voru í lögreglubifreiðinni R-20024, athygli bifreiðinni R-67546 þar sem henni var ekið suður Höfðabakka og beygt vestur Vesturlandsveg. Samkvæmt skýrslu Smára Jónssonar lögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, mætti nefnd bifreið lögreglubifreiðinni R-20014 sem ekið var austur Vesturlandsveg, skammt austan við Nesti á Ártúnshöfða. Eftir að bifreiðarnar höfðu mæst var hraði bifreiðarinnar R-67546 aukinn verulega og henni ekið á ofsahraða vestur Ártúnsbrekku og Miklubraut að gatnamótum Skeiðarvogs. Var lögreglubifreiðinni R-20024 ekið á eftir bifreiðinni, og á vegarkafla í Ártúnsbrekku og vestur Miklubraut var lögreglubifreiðinni ekið með 130 km hraða miðað við klukkustund, en þá dró sjáanlega í sundur með bifreiðunum. Við eftirförina voru notuð rauð aðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar. Við gatnamót Skeiðarvogs og Miklubrautar var bifreiðinni R-67546 beygt norður Skeiðarvog og síðan ekið vestur Suðurlandsbraut, beygt norður Álfheima og stöðvuð við Álfheimamarkaðinn. Er haft var tal af ákærða, sem var ökumaður bifreiðarinnar R-67546, kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni með 50 km hraða miðað við klukkustund umrædda leið. Farþegi í bifreiðinni, Baldur Þór Baldursson, kvaðst hafa fylgst með hraðamæli hennar og hafi hann sýnt 50 km miðað við klukkustund. Er aksturinn

átti sér stað var samkvæmt lögregluskýrslunni rigning og akbraut blaut og hál.

Ákærði var yfirheyrður um málið hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 29. október 1985. Ákærði kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni R-67546 ofangreinda leið umrætt sinn. Ákærði kvaðst aldrei hafa ekið bifreiðinni hraðar en 50 km miðað við klukkustund. Taldi ákærði lögreglumennina hafa tekið ranga bifreið og neitaði öllum sakargiftum.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa ekið bifreiðinni R-67546 þá leið sem greinir í ákæruskjali umrætt sinn. Kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni á um 50 km hraða miðað við klukkustund á vegarkaflanum frá Nesti við Ártúnsbrekku að Skeiðarvogi.

Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra vitna, sem yfirheyrð hafa verið vegna máls þessa.

Smári Jónsson, fyrrverandi lögreglumaður, skýrði svo frá við rannsókn málsins að hann hefði verið í lögreglubifreiðinni R-20024 greint sinn, ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum, á leið vestur Vesturlandsveg. Var ein bifreið á milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðarinnar R-67546 og hraði í alla staði eðlilegur. Er bifreiðarnar voru á móts við Nesti, sem er að sunnanverðu við Vesturlandsveginn, kom lögreglubifreiðin R-20014 á móti, en er hún var farin framhjá, tók bifreiðin R-67546 mikið viðbragð og jók hraðann mikið. Veittu lögreglumennirnir bifreiðinni eftirför og óku henni á 130 km hraða miðað við klukkustund með rauðum aðvörunarljósum frá Ártúnsbrekku og langleiðina að Skeiðarvogi, en þá dró heldur í sundur með bifreiðunum. Var bifreiðinni R-67546 beygt norður Skeiðarvog og síðan vestur Suðurlandsbraut og inn í Álfheima, þar sem ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, stöðvaði bireiðina. Er haft var tal af ákærða hélt hann því fram að hafa ekki orðið var við lögreglubifreiðina og kvaðst ekki hafa ekið hraðar en 50 km miðað við klukkustund þá leið sem mæling var framkvæmd á. Vitnið kvað að rigning hafi verið er aksturinn fór fram og gatan því blaut.

Vitnið kom fyrir dóm 11. mars sl. og staðfesti ofangreindan framburð sinn en mundi óglöggt eftir málavöxtum.

Sigurður Skagfjörð Steingrímsson lögreglumaður kvaðst hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar R-20024 greint sinn. Kvaðst vitnið hafa fylgst vel með hraðamæli lögreglubifreiðarinnar. Sýndi hraðamælirinn 130 km hraða miðað við klukkustund á vegarkafla vestur Vesturlandsveg og Miklubraut að Skeiðarvogi, en þá hafi dregið í sundur með lögreglubifreiðinni og bifreiðinni R-67546. Beygði ökumaður síðarnefndu bifreiðarinnar henni norður Skeiðarvog. Kvað vitnið að bifreiðin hafi ekki verið stöðvuð við stöðvunarskyldumerki á gatnamótum Skeiðarvogs og Suðurlandsbrautar. Hafi lögreglumennirnir síðan náð tali af ökumanninum, ákærða í málinu,

við kvöldsölu sem er í Álfheimum við Langholtsveg. Hafi komið fram í viðræðum við ákærða að hann hafi ekki vitað af lögreglubifreiðinni fyrir aftan, en vitnið gat þess að rauð aðvörunarljós hafi verið á lögreglubifreiðinni við eftirförina. Hélt ákærði því staðfastlega fram að hann hafi ekið nefnda leið með 50 km hraða miðað við klukkustund. Kvað vitnið rigningu hafa verið greint sinn og akbraut hafi verið blaut og hál.

Vitnið kom fyrir dóm út af málinu 11. mars sl. og staðfesti þennan framburð sinn. Vitnið kvaðst muna óglöggt eftir málinu. Vitnið mundi ekki hver hraði bifreiðar ákærða var greint sinn, en mundi þó að hann var verulegur og að lögreglubifreiðin hafi átt fullt í fangi með að halda í við hana. Kvað vitnið að engin bifreið hafi hindrað eftirför lögreglubifreiðarinnar mældan vegarkafla.

Svavar Kristinsson lögreglumaður skýrði svo frá við rannsókn máls þessa að hann hefði umrætt sinn verið í lögreglubifreiðinni R-20024 ásamt framangreindum lögreglumönnum, og hefði lögreglubifreiðin verið á Höfðabakka á móts við fyrirtækið Bílvang, er vitnið veitti athygli bifreiðinni R-67546 sem ekið var suður Höfðabakka og vestur Vesturlandsveg, og var bifreiðinni ekki ekið neitt óeðlilega hratt. Er bifreiðin var á móts við Nesti, sem er að sunnanverðu við Vesturlandsveg, var hraði hennar nokkuð mikill. Síðan var hraðinn aukinn jafnt og þétt. Tendruðu lögreglumennirnir rauð ljós á lögreglubifreiðinni og veittu bifreiðinni eftirför. Var lögreglubifreiðinni ekið á 130 km hraða miðað við klukkustund á eftir nefndri bifreið, en í sundur dró með bifreiðunum. Kvað vitnið að bifreiðinni R-67546 hafi verið ekið með þessum hraða allt frá Ártúnshöfða eftir Miklubraut og að Skeiðarvogi, en þar hafi henni verið beygt norður þá götu og síðan vestur Suðurlandsbraut. Náðu lögreglumennirnir ekki tali af ökumanni bifreiðarinnar, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, fyrr en hann stöðvaði hana við söluturn í Álfheimum rétt við Langholtsveg. Kvaðst ákærði ekki hafa orðið var við lögreglubifreiðina, en kvaðst hafa ekið alla fyrrgreinda leið á 50 km hraða miðað við klukkustund. Var einn farþegi í bifreiðinni og staðfesti hann einnig að henni hefði aldrei verið ekið hraðar en 50 km miðað við klukkustund. Vitnið kvað að rigning hefði verið er aksturinn átti sér stað og akbraut blaut.

Er vitnið kom fyrir dóm út af málinu 11. mars sl. kvað það sig ráma í mál þetta, en treysti sér ekki til að skýra sjálfstætt frá atburðum. Vitnið staðfesti ofangreindan framburð sinn.

Baldur Þór Baldursson, Kleifarseli 6, Reykjavík, skýrði svo frá við rannsókn málsins að hann hefði verið farþegi í bifreið ákærða greint sinn. Hafi vitnið og ákærði verið að koma frá Ártúnshöfða og ekið Vesturlandsveg, Miklubraut, Skeiðarvog, Suðurlandsbraut og Álfheima að „sjoppu", sem þar er. Voru þeir aðeins tveir í bifreiðinni, enda væri hún ekki nema tveggja

manna. Taldi vitnið að hraði bifreiðarinnar greinda leið hefði aldrei farið yfir 50 km miðað við klukkustund, og kvaðst vitnið hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar.

Er vitnið kom fyrir dóm út af málinu 11. mars sl., kvaðst það visst um að hraði bifreiðar ákærða umrætt sinn hefði verið 50 km miðað við klukkustund vestur Ártúnsbrekkuna og Miklubraut að Skeiðarvogi. Kvaðst vitnið hafa verið komið inn í „sjoppuna" í Álfheimum er lögreglan kom þangað, og giskaði vitnið á að liðið hafi 10-15 sekúndur eða allt upp í hálfa mínútu frá því bifreið ákærða kom þangað þar til lögreglan kom.

Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða af lögreglustjóranum í Reykjavík hinn 29. október 1985 vegna máls þessa. Hinn 13. nóvember s.á. var honum boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, en því boði hafnaði hann. Sama dag var bráðabirgðaökuleyfissviptingin felld úr gildi með vísan til 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Vegna rannsóknar máls þessa var hraðamælir lögreglubifreiðarinnar R-20024 prófaður hinn 19. nóvember 1985 á flugbraut á Reykjavíkurflugvelli. Fór prófunin þannig fram að lögreglumaðurinn Karl Gíslason ók lögreglubifreiðinni, en Sigurjón Bjarnason bifreiðaeftirlitsmaður las af hraðamæli hennar. Tveir lögreglumenn mældu síðan hraða bifreiðarinnar með ratsjá. Fyrst var bifreiðinni ekið með 80 km hraða og sýndi þá ratsjáin 80 km. Síðan var bifreiðinni ekið með 130 km hraða og sýndi ratsjáin þá 128 km. Prófun þessa hafa framangreindir Karl Gíslason og Sigurjón Bjarnason staðfest fyrir dómi.

Svo sem að framan er rakið gætir verulegs ósamræmis milli annars vegar framburðar þriggja lögreglumanna og framburðar ákærða og vitnisins Baldurs Þórs Baldurssonar hins vegar um hver hraði bifreiðarinnar R-67546 hafi verið á vegarkaflanum frá Nesti í Ártúnsbrekku að Skeiðarvogi greint sinn. Hafa lögreglumennirnir Smári Jónsson, Sigurður Skagfjörð Steingrímsson og Svavar Kristinsson staðfastlega haldið því fram að þeir hafi ekið á eftir bifreið ákærða í lögreglubifreiðinni R-20024 greinda leið og hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 130 km hraða miðað við klukkustund, en í sundur hafi dregið með bifreiðunum. Tókst lögreglumönnunum síðan ekki að ná tali af ákærða fyrr en við Álfheimamarkaðinn þrátt fyrir að höfð hafi verið uppi rauð aðvörunarljós á lögreglubifreiðinni. Ákærði og vitnið Baldur Þór Baldursson hafa á hinn bóginn eindregið haldið því fram að ákærði hafi ekið bifreiðinni greinda vegalengd með 50 km hraða miðað við klukkustund.

Eðli málsins samkvæmt getur hraðamæling sem framkvæmd er með þeim hætti sem hér um ræðir aldrei verið alveg nákvæm. Það er hins vegar mat dómsins að leggja beri framburð lögreglumannanna þriggja til grundvallar í máli þessu og telja með skírskotun til vættis þeirra sannað að ákærði

hafi greint sinn ekið bifreiðinni R-67546 með allt að 130 km hraða miðað við klukkustund umrædda vegalengd. Er framburði ákærða og vitnisins Baldurs Þórs Baldurssonar þar af leiðandi hafnað. Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að hraðamælir lögreglubifreiðarinnar hafi ekki verið í lagi er hraðamælingin var framkvæmd, og svo sem áður er frá greint var hann prófaður nokkru seinna og reyndist þá í lagi.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. og 3. mgr., staflið a 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968. Svo sem ákærulýsingu er háttað verður ákærði ekki sakfelldur fyrir brot gegn staflið b 3. mgr. 49. gr. sömu laga, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

III. kafli ákæru.

Með bréfi, dagsettu 22. ágúst 1985, kærði Þorfinnur Egilsson hdl. ákærðu X og Kristján Örn Elíasson fyrir ávísanamisferli. Kvaðst kærandi hafa þann 1. júlí 1985 móttekið ávísun að fjárhæð kr. 22.607,00 sem greiðslu á málskostnaði vegna innheimtu á skuld ákærða Kristjáns Arnar við Bjarna Stefánsson hf. Hafi ávísunin verið innistæðulaus og kærandi þurft að leysa hana til sín 19. næsta mánaðar. Hinn 8. júlí 1985 kvaðst kærandi svo hafa móttekið aðra ávísun að fjárhæð kr. 43.180,00 sem greiðslu á skuld ákærða Kristjáns Arnar við Bjarna Stefánsson hf. Hafi ávísun þessi einnig verið innistæðulaus og umbjóðandi kæranda, Bjarni Stefánsson hf., þurft að innleysa hana 16. sama mánaðar.

Kærandi kvað ávísanirnar gefnar út á ávísanareikning nr. 8998 í Iðnaðarbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, og eiganda reikningsins vera ákærðu X. Hafi ákærði Kristján Örn útfyllt ávísanirnar á skrifstofu kæranda en meðákærða X ekki verið viðstödd. Kvaðst kærandi nokkrum sinnum hafa óskað símleiðis eftir því við ákærðu að þau greiddu ofangreindar ávísanir, en það hafi ekki borið árangur þrátt fyrir gefin loforð.

Samkvæmt gögnum málsins var ávísun sú sem fyrr getur, nr. 1728381, sýnd í Iðnaðarbankanum 1. júlí 1985, en innstæða þá ekki talin næg. Hin ávísunin, nr. 1728382, var sýnd í bankanum 8. júlí 1985 og innstæða þá ekki talin fyrir hendi á umræddum ávísanareikningi.

Við rannsókn málsins kannaðist ákærða X við að hafa verið handhafi ávísanareiknings nr. 8998 við Iðnaðarbanka, aðalbanka, þar til 16. júlí 1985 að honum var lokað vegna misnotkunar. Kannaðist ákærða við að hafa undirritað ofangreindar ávísanir en kvað eiginmann sinn, ákærða Kristján Örn, hafa fyllt þær út að öðru leyti. Kvað ákærða að sér hafi ekki verið kunnugt um fyrr en síðar að meðákærði hefði gefið út ávísanir á fyrrgreindar fjárhæðir.

Fyrir dómi kannaðist ákærða við að hafa gefið út ávísanir þær sem

greinir í ákærukafla þessum á ávísanareikning sinn nr. 8998 við Iðnaðarbanka Íslands án þess að fjárhæðir ávísananna væru tilgreindar. Kvaðst ákærða hafa haldið að innstæða væri á reikningnum, en ekki hafa athugað hve há hún var.

Ákærði Kristján Örn kannaðist við rannsókn málsins við að hafa fyllt út ofangreindar ávísanir að öðru leyti en því að eiginkona hans, meðákærða í málinu, hafi undirritað þær, enda hafi hún verið eigandi ávísanareikningsins. Kvaðst ákærði hafa afhent kæranda ávísanirnar báðar sama daginn, en ekki með viku millibili eins og fram komi í kærubréfinu.

Ákærði kvað að er ávísanirnar voru ritaðar hefði verið í gildi yfirdráttarheimild milli eiganda ávísanareikningsins og Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 500.000,00. Kvað ákærði að með hliðsjón af því hefði átt að vera hægt að innleysa tékkana. Kvað ákærði að samið hefði verið skriflega milli bankans og meðákærðu um yfirdráttarheimild að fjárhæð kr. 200.000,00 og munnlega um 300.000,00 krónur til viðbótar.

Við meðferð málsins kannaðist ákærði við að hafa útfyllt ávísanir þær sem um ræðir í ákærukafla þessum og notað þær á þann hátt sem í ákæruunni greinir. Kvað ákærði dagsetningum og fjárhæðum ávísananna rétt lýst í ákæruskjali. Ákærði kvað að ávísanareikningurinn sem meðákærða X var með hjá Iðnaðarbankanum hefði verið með skriflega yfirdráttarheimild upp á 200.000,00 krónur og sams konar munnlega heimild upp á 300.000,00 krónur til viðbótar, er hann innti nefndar greiðslur af hendi með ávísununum.

Með bréfi, dagsettu 17. febrúar 1986, fór rannsóknarlögregla ríkisins þess á leit við Iðnaðarbanka Íslands að bankinn upplýsti hvort yfirdráttarheimild hefði verið á ávísanareikningi ákærðu X, nr. 8998, í júlímánuði 1985.

Bréfi þessu svaraði bankinn með óundirrituðu bréfi, dagsettu 4. mars sama ár. Í svari bankans kemur fram að ofangreindur reikningur hafi ekki verið með yfirdráttarheimild í júlímánuði 1985.

Við meðferð málsins var af hálfu ákærða Kristjáns Arnar lagt fram ljósrit af bráðabirgðaheimild meðákærðu X til yfirdráttar á hlaupareikningi nr. 8998 við Iðnaðarbankann allt að kr. 200.000,00. Heimild þessi er gefin út 1. júlí 1985 og í gildi til 8. júlí sama ár.

Í tilefni af þessu var Helgi Elíasson, útibússtjóri við Iðnaðarbankann, kvaddur fyrir dóminn sem vitni og kannaðist vitnið við að hafa gefið ofangreinda bráðabirgðaheimild út.

Í bréfi Iðnaðarbankans, dagsettu 26. f.m., kemur m.a. fram að upplýsingar þær sem sendar voru rannsóknarlögreglu ríkisins um að ávísanareikningi ákærðu X hafi verið lokað 6. júlí 1985 hafi verið rangar og að reikningnum hafi ekki verið lokað fyrr en 16. júlí 1985.

Er fyrri ávísunin er mál þetta varðar, nr. 1728381, að fjárhæð kr. 22.606,00, var gefin út 1. júlí 1985 var innstæða á margnefndum ávísanareikningi ákærðu X samkvæmt reikningsyfirliti neikvæð um 28.482,45 krónur, en er síðari ávísunin, nr. 1728382, var gefin út 8. júlí sama ár var innstæða á reikningnum jákvæð um 192.371,75 krónur.

Svo sem fram er komið í málinu var í gildi skrifleg bráðabirgðaheimild til yfirdráttar á ávísanareikningi ákærðu X að fjárhæð kr. 200.000,00 frá 1. til 8. júlí 1985.

Verður því að telja af gögnum málsins að útgáfa hinna tveggja ávísana sem mál þetta varða hafi verið heimil.

Samkvæmt framansögðu eru ákærðu sýknuð af ákæru um brot gegn 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933.

Ákærða Bára Helga Bjarnadóttir hefur samkvæmt sakavottorði eigi sætt refsingu og ákærða X hefur einu sinni sæst á sektargreiðslu vegna umferðarlagabrots en eigi sætt refsingu að öðru leyti.

Ákærði Kristján Örn Elíasson hefur sætt refsingum sem hér segir:

1976 2/7 Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54, 1976.

1976 6/12 Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

1978 2/10 Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. og 50. gr. umferðarlaga.

1980 30/7 Reykjavík: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

1983 23/11 Reykjavík: Dómur: 16.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr., 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 1 ár frá 15.12. 1982.

1985 30/7 Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 73. gr. laga nr. 94, 1933.

Ákærði Kristján Örn Elíasson hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 54. gr. höfundalaga nr. 73, 1972, sbr. 5. gr. laga nr. 78, 1984 og 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976. Verður refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og þykir hún hæfilega ákveðin 25.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem gjaldist í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en afplánist ella með varðhaldi 15 daga.

Þá þykir ákærði hafa unnið sér til ökuleyfissviptingar vegna þeirrar háttsemi hans sem fjallað er um í II. kafla ákæru þessarar, sbr. 81. gr. umferðarlaga. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuleyfi 4 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Rétt þykir, samkvæmt heimild í 3. mgr. 81. gr. um-

ferðarlaganna, að sá tími sem ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða vegna máls þessa, þ.e. frá 29. október til 13. nóvember 1985, komi til frádráttar sviptingunni. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga, sbr. 178. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála frestar áfrýjun eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Um upptöku- eða ónýtingarkröfu ákæruvaldsins samkvæmt I. kafla ákærunnar hefur verið fjallað hér að framan.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 ber að leggja sakarkostnað vegna ákærðu Báru Helgu Bjarnadóttur og X á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðra verjenda þeirra, Hilmars Ingimundarsonar hrl. og Gústafs Þórs Tryggvasonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 12.000,00 krónur til hins fyrrnefnda en 10.000,00 krónur til hins síðarnefnda.

Samkvæmt 2. mgr. 141. gr. sömu laga þykir rétt að dæma ákærða Kristján Örn Elíasson til greiðslu 2/3 hluta sakarkostnaðar í máli þessu, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 20.000,00 krónur, en ríkissjóð til greiðslu 1/3 hluta kostnaðarins.

Dómarinn getur þess, að hann tók við rekstri máls þessa 1. desember sl., en hefur engin afskipti haft af því fyrir þann tíma.

Dómsorð:

Ákærða X á að vera sýkn af ákæru í máli þessu.

Ákærða Bára Helga Bjarnadóttir er sýknuð af refsikröfu í máli þessu.

Ákærði Kristján Örn Elíasson greiði 25.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 15 daga.

Ákærðu Bára Helga Bjarnadóttir og Kristján Örn Elíasson sæti fyrir hönd Nýju Vídeóleigunnar sf., Grensásvegi 5, Reykjavík, ónýtingu 51 myndbands og myndbandahylkis nr. 1-33 og 35-48 og myndbandahylkis nr. 34, sbr. I. kafla ákæru þessarar.

Ákærði Kristján Örn Elíasson er sviptur ökuleyfi 4 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja, en bráðabirgðaökuleyfissvipting ákærða frá 29. október til 13. nóvember 1985 komi til frádráttar réttindasviptingunni. Áfrýjun frestar eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Sakarkostnaður ákærðu Báru Helgu Bjarnadóttur, þ.m.t. málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 12.000,00, og ákærðu X, þ.m.t. málsvarnarlaun Gústafs Þórs Tryggvasonar hdl., kr. 10.000,00, greiðist úr ríkissjóði. Sakarkostnaður ákærða Kristjáns Arnar Elíassonar, þ.m.t. málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 20.000,00, greiðist að 2/3 af ákærða, en að 1/3 úr ríkissjóði.

Mánudaginn 11. apríl 1988.

Nr. 47/1988. **Sjúkrastöðin Von hf. og Líknarfélagið Von**
gegn
Fönn hf. o.fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Sjúkrastöðin Von hf. og Líknarfélagið Von, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 1.080 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá málið tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 11. apríl 1988.

Nr. 49/1988. **Sigríður Jóhannesdóttir f.h. ólögráða sonar síns Þorsteins**
gegn
Hjálmari Nielssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigríður Jóhannesdóttir f.h. ólögráða sonar síns, Þorsteins, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 11. apríl 1988.

Nr. 50/1988. **Sigríður Jóhannesdóttir**
f.h. ólögráða sonar síns Þorsteins
gegn
Hjálmari Nielssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigríður Jóhannesdóttir f.h. ólögráða sonar síns, Þorsteins, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 11. apríl 1988.

Nr. 51/1988. **Sigríður Jóhannesdóttir**
f.h. ólögráða sonar síns Þorsteins
gegn
Hjálmari Nielssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigríður Jóhannesdóttir f.h. ólögráða sonar síns, Þorsteins, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 12. apríl 1988.

Nr. 368/1987. **Ólína Ingibjörg Leósdóttir og Samvinnutryggingar g.t.**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Aðalgeiri Axelssyni
(Gunnar Sólnes hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1987. Þeir gera þær dómkröfur að þeim verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefnda í málinu og að hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bifreið áfrýjanda Ólínu Ingibjargar var ekið til austurs eftir Þingvallastræti á Akureyri og hugðist ökumaður beygja af götunni til hægri inn á bifreiðastæði við Iðnskólann og kveðst hafa gefið það til kynna með stefnuljósum. Bifreið stefnda var ekið á eftir bifreið áfrýjanda og hugðist ökumaðurinn aka fram með bifreið hennar hægra megin, en það taldi hann lag og kveðst ekki hafa tekið eftir stefnuljósum.

Samkvæmt uppdrætti lögreglunnar var bifreið stefnda alveg við hægri brún götunnar og rákust saman hægra framhorn bifreiðar áfrýjanda og vinstra framhorn bifreiðar stefnda. Þarna eru hvorki gatnamót né akreinar, en ómótmælt er að rétt austar taki við akreinar og gatnamót. Giltu því ekki sérreglur 5. og 6. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 um ökumann bifreiðar stefnda. Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar mátti hann ekki aka hægra megin fram úr. Þar sem hann gætti ekki þessarar reglu verður að telja að hann beri höfuðsök á árekstrinum.

Ökumaður bifreiðar áfrýjanda hélt bifreiðinni svo innarlega á götunni að rúm var til að aka fram úr hægra megin. Með því braut hann gegn 1. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1968 og villti um fyrir ökumanni bifreiðarinnar, sem á eftir kom, þannig að hann taldi að ökumaður bifreiðar áfrýjanda ætlaði sér að beygja til vinstri norður Þórunnarstræti. Með aksturslagi sínu braut hann þannig gegn 1. mgr. 46. gr. laga nr. 40/1968 og verður hann því að bera ⅓ hluta tjóns stefnda.

Hvorki er tölulegur ágreiningur með aðilum né ágreiningur um vexti. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber áfrýjendum að greiða stefnda 5.875,00 krónur með vöxtum eins og krafist er.

Rétt þykir að áfrýjendur greiði stefnda samtals 35.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Ólína Ingibjörg Leósdóttir og Samvinnutryggingar g.t., greiði óskipt stefnda, Aðalgeiri Axelssyni, 5.875,00 krónur með 22% ársvöxtum frá 6. október 1985 til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 26. febrúar sama ár, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. maí sama ár, en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og samtals 35.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 6. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. október sl., hefur Aðalgeir Axelsson, nnr. 0026-5055, Munkaþverárstræti 34, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 16. febrúar 1987, á hendur Ólínu Ingibjörgu Leósdóttur, nnr. 6847-8154, Langanesvegi 6, Þórshöfn, og Samvinnutryggingum g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík.

Eru dómkröfur stefnanda þær að stefndu verði dæmd til að greiða honum in solidum kr. 17.626,00 með 22% ársvöxtum frá 6. október 1985 til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þ.d. til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þ.d. til 26. febrúar s.á., 11%

ársvöxtum frá þ.d. til 14. maí s.á., en vanskilavöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987 frá þ.d. til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Málsatvik eru þau að nokkru eftir miðnætti 6. október 1985 varð árekstur með bifreiðunum A-339 og Þ-209 á Þingvallastræti á Akureyri við Iðnskólann. Ökumaður og eigandi A-339 var stefnandi máls þessa, en eigandi Þ-209 var stefnda, Ólína Ingibjörg, en ökumaður bifreiðarinnar var Kristján Ásgeirsson, Langanesvegi 6, Þórshöfn, en tryggingafélag Þ-209 var stefnda Samvinnutryggingar g.t. Áreksturinn varð með þeim hætti að báðum bifreiðunum var ekið austur Þingvallastræti. Var bifreiðin Þ-209 á undan og var henni ekið við miðlínu vegar, en bifreiðinni A-339 var ekið á eftir við hægri brún götunnar miðað við aksturssstefnu bifreiðanna. Er bifreiðarnar nálguðust Iðnskólann, sem er hægra megin götunnar, hugðist stefnandi aka bifreiðinni A-339 framúr Þ-209 hægra megin, en skammt austan innkeyrslu að Iðnskóla skiptist Þingvallastræti í 2 akreinar. Ökumaður Þ-209 sveigði þá til hægri og hugðist aka inn á bifreiðastæði Iðnskólans. Ökumaður A-339 náði ekki að stöðva bifreiðina og rakst vinstra framhorn bifreiðarinnar framarlega í hægri hlið Þ-209.

Skemmdust báðar bifreiðarnar nokkuð og hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna skemmda á bifreiðinni A-339. Byggir hann kröfu sína á því að ökumaður Þ-209 eigi alla sök á árekstri þessum. Hann hafi ekið bifreiðinni nálægt miðlínu og stefnandi því talið að hann ætlaði að beygja til vinstri norður Þórunnarstræti í samræmi við akreinaskiptingu á Þórunnarstræti, sem var skammt framundan. Hafi stefnandi því talið óhætt að aka framúr Þ-209 þar sem hann ætlaði að taka hægri akrein og halda áfram austur Þingvallastræti. Með því að beygja í veg fyrir sig til hægri hafi ökumaður Þ-209 sýnt mikla óaðgæslu og brotið umferðarlög. Vísar stefnandi einkum til 2. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi einn átt sök á árekstrinum með ólögmætum og gálauslegum akstri með því að ætla hægra megin framúr Þ-209, sem hafi verið brot á 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga. Þetta tiltæki stefnanda hafi verið afbrigðilegt og hættulegt og ekki von til þess að bifreiðarstjóri Þ-209 varaðist það. Þá hafi stefnandi hvorki gefið hljóðmerki né skeytt um stefnuljós á Þ-209.

Í málinu hefur verið lagður fram uppdráttur af vettvangi. Þá hefur dómari kannað aðstæður á vettvangi.

Við yfirheyrslu kvaðst ökumaður Þ-209 hafa ekið austur Þingvallastræti með fyrirhugaðan akstur inn á bifreiðastæði við Iðnskólann. Bar honum því að halda sig við hægri brún akbrautar í hæfilegri fjarlægð frá innakstr-

inum að Iðnskólanum. Samkvæmt því þykir akstursmáti ökumanns Þ- 209 ekki hafa verið í samræmi við 4. mgr. 45. gr., 1., 2. og 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga.

Eins og að framan er rakið var götunni ekki skipt í akreinar á þeim stað, sem áreksturinn varð. Fór stefnandi því ekki að fyrirmælum 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga er hann hugðist aka framúr Þ-209.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið þykja báðir ökumenn eiga sök á árekstri þessum. M.a. með hliðsjón af aðstæðum á vettvangi þykir eiga að skipta sök þannig að ökumaður Þ-209 beri ⅔ hluta hennar, en stefnandi sjálfur ⅓. Ber samkvæmt því að dæma stefndu til að greiða stefnanda ⅔ hluta tjóns hans.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig: 1. Viðgerðarkostnaður kr. 13.546,00. 2. Afnotamissir kr. 680,00 á dag í 6 daga kr. 4.080,00. Samtals kr. 17.626,00.

Í greinargerð mótmæltu stefndu lið nr. 2 sem of háum, en við munnlegan málflutning var fallið frá þeim mótmælum og er ekki tölulegur ágreiningur um kröfur stefnanda. Verða stefndu því dæmd til að greiða stefnanda ⅔ hluta hinnar umkröfðu fjárhæðar eða kr. 11.751,00 ásamt vöxtum eins og krafist er.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 24.500,00.

Dómsorð:

Stefndu, Ólína Ingibjörg Leósdóttir og Samvinnutryggingar g.t., greiði stefnanda, Aðalgeir Axelssyni, in solidum, kr. 11.751,00 ásamt 22% ársvöxtum frá 6. október 1985 til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þ.d. til 21. jan. 1987, 10% ársvöxtum frá þ.d. til 26. febr. s.á., 11% ársvöxtum frá þ.d. til 14. maí s.á., en dráttarvöxtum samkv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 24.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. apríl 1988.

Nr. 332/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Grétari Pétri Sigurðssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. október 1987 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að staðfesta hann.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Grétar Pétur Sigurðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. október 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 15. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 582/1987: Ákæruvaldið gegn Grétari Pétri Sigurðssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 7. þ.m. á hendur ákærða Grétari Pétri Sigurðssyni, áður að Goðheimum 18 í Reykjavík, nú að Miðstræti 22 í Vestmannaeyjum, fæddum 19. maí 1959 í Reykjavík.

Í ákærunni segir að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir þjófnað

með því að hafa þriðjudaginn 18. ágúst 1987 stolið myndsegulbandi af gerðinni Sharp og myndlykli á heimili Sigurðar Jónssonar, Vesturvegi 25, Vestmannaeyjum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Ákærði Grétar Pétur Sigurðsson kom að heimili Sigurðar Jónssonar að Vesturvegi 25b í Vestmannaeyjum síðla kvölds þriðjudaginn 18. ágúst sl. í fylgd með Hólmsteini Þorsteinssyni, sem þá dvaldi að Miðstræti 22 í Vestmannaeyjum. Voru báðir töluvert ölvaðir að sögn ákærða. Hús Sigurðar reyndist ólæst og fóru þeir félagar inn og biðu Sigurðar. Eftir stutta viðdvöl hélt ákærði á brott og tók um leið með sér myndbandstæki af gerðinni Sharp og myndlykil af gerðinni Philips. Hélt ákærði með þetta að Miðstræti 22. Þegar Sigurður kom heim saknaði hann tækjanna og tilkynnti lögreglunni, að þeim hefði verið stolið.

Hólmsteinn varð eftir í íbúð Sigurðar þegar ákærði fór þaðan og var þar einn sofandi þegar þrír menn komu að spyrja eftir Sigurði. Hélt hann þá á brott. Sögðu mennirnir Sigurði frá veru Hólmsteins í íbúðinni og leiddi það til þess að lögreglumenn héldu að Miðstræti 22 og fundu tækin þar undir sófa í stofu. Ákærði var staddur hjá Hólmsteini þegar lögreglumennirnir komu þangað. Ákærði hefur við meðferð málsins játað brot sitt.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði nam á brott áðurgreinda hluti og hefur með því framið þjófnað, sem varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða.

— — —

[Sakavottorð tilgreinir 8 dóma frá árunum 1978 - 1986, hinn síðasta frá 8. des. 1986, 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, ennfremur 6 sáttir um greiðslu sekta fyrir ýmis brot.]

Refsing.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans, en hann hefur nokkrum sinnum áður verið dæmdur fyrir þjófnaði. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Grétar Pétur Sigurðsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 14. mars 1988.

Nr. 96/1988. **Anna Þorgrímsdóttir**

gegn

Ingibjörgu Haraldsdóttur

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp hinn kærða úrskurð á bæjarþingi Reykjavíkur 25. mars sl. í vitnamáli, sem þar var þingfest sama dag eftir beiðni varnaraðila dags. 15. s.m. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Vitnastefnanda er veittur umbeðinn frestur til að leiða greind vitni til 22. apríl 1988 kl. 10.00."

Sóknaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, með yfirlýsingu við uppkvaðningu hans. Í greinargerð 28. mars sl., er barst Hæstarétti ásamt skjölum málsins 30. s.m., gerir hann þær dómkröfur, að úrskurðinum verði hrundið og varnaraðila synjað um frekari frest. Hann krefst og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Afstöðu varnaraðila til úrskurðarins er að nokkru lýst í bréfi til

Hæstaréttar 29. mars sl., en frekari greinargerð frá honum hefur ekki borist.

Vitnamál þetta var ætlað til öflunar gagna í þágu hæstaréttarmálsins nr. 188/1987: Ingibjörg Haraldsdóttir gegn Önnu Þorgrímsdóttur og gagnsök. Í þinghaldi 25. f.m. voru yfirheyrð þrjú vitni að frumkvæði lögmanns varnaraðila, sem síðan óskaði eftir fresti til 22. þ.m. til að leiða tvö vitni til viðbótar. Staðfest er að annað þeirra var þá vistað á sjúkrahúsi. Lögmaður sóknaraðila mótmælti frestbeiðninni, en úrskurður féll eins og áður greinir.

Hæstaréttarmálið nr. 188/1987 var hinn 11. þ.m. tekið fyrir í Hæstarétti og þá frestað til maímánaðar, með samþykki sóknaraðila. Hefur lögmaður varnaraðila, sem þar er aðaláfrýjandi, verið fjarverandi frá 29. f.m. vegna ferðar í erindum tengdum atvinnu sinni, og hafði hann áður tilkynnt Hæstarétti um forföll sín af þeim sökum.

Fallast má á það með sóknaraðila, að vitnamálið sé óþarflega seint höfðað, en ekki þykir horfa honum til réttarspjalla, þótt hinn umbeðni frestur sé veittur eins og hér stendur á. Ber því eftir atvikum að staðfesta hinn kærða úrskurð og hafna kröfu sóknaraðila um kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. apríl 1988.

Nr. 86/1988. **Þórunn Guðbjörnsdóttir**
gegn
Dvalarheimilinu Lundi

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Með kæru 10. mars 1988, er barst 17. s.m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 frávísunardóm aukadómþings Rangárvallasýslu 26. febrúar 1988 í máli sóknaraðila gegn varnaraðila. Krefst sóknaraðili þess að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili sækir í héraði kaupkröfu, sem reist er á kjarasamningi Alþýðusambands Suðurlands um kaup og kjör starfsfólks á sjúkrahúsum og dvalarheimilum frá 21. júlí 1986. Telja verður almennum dómstólum rétt að meta öll atriði er kaupkröfuna varða og skýra að því leyti ákvæði greinds samnings. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu til héraðsdóms til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 26. febrúar 1988.

Mál þetta sem tekið var til dóms eða úrskurðar 11. febrúar sl. er höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu af Þórunni Guðjónsdóttur, Framnesi, Ásahreppi, nnr. 9777-6474 á hendur Jóni Þorgilssyni, Heiðvangi 22, Hellu, nnr. 5204-2763, stjórnarformanni f.h. Dvalarheimilisins Lundar, Hellu nnr. 1644-8222, til greiðslu vangoldinna vinnulauna fyrir mánuðina desember

1986 til og með apríl 1987 að fjárhæð kr. 9.130,- auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru þær að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 9.130,- með 27% ársvöxtum af kr. 1.812,- frá 1.1. 1987 til 1.2. s.á. og af kr. 3.624,- frá þeim degi til 1.3. s.á., 30% ársvöxtum af kr. 5.436,- frá þeim degi til 1.4. s.á., af kr. 7.283,- frá þeim degi til 1.5. s.á. og af kr. 9.130,- frá þeim degi til 1.6. s.á. en 33,6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.7. s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8. s.á. og 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Jafnframt er þess krafist að dæmt verði að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 1. janúar 1988.

Stefndi hefur krafist þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og ennfremur er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Til vara er krafist sýknu auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum þannig lýst að hann kveðst vera starfsmaður stefnda og hina umstefndu fjárhæð mismun mánaðarlauna skv. 5. þrepi 43. flokks í samningi Alþýðusambands Suðurlands um kaup og kjör starfsfóks á sjúkrahúsum og dvalarheimilum sem hún hafi fengið greitt eftir og 6. þrepi 44. flokks sem stefnda hafi borið að greiða henni eftir. Hún kveður starfsaldur sinn hafa verið vanreiknaðan um eitt þrep þ.e. sem 5 ára starfsaldur í stað 7 ára og því til viðbótar hafi átt að skipa henni í 44. flokk í stað 43. flokks, eftir 1. desember 1986, en frá þeim tíma tók gildi ákvæði samkomulags Alþýðusambands Suðurlands og vinnuveitenda um flokkahækkun starfsmanna sem annist lyfjagjöf.

Stefnandi kveður tilraunir stéttarfélags síns til að fá starfskjör hennar leiðrétt engan árangur hafa borið og sé því mál þetta höfðað.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að hann eigi gjaldfallna en ógreidda vinnulaunakröfu á hendur stefnda og varðandi lagarök er vísað til 1. gr. laga nr. 55/1980.

Stefndi gerir aðalkröfu um frávísun málsins frá héraðsdómi og var málið flutt munnlega um frávísunarkröfuna hinn 14. febrúar sl. og kemur hún ein hér til álita.

Stefndi byggir kröfu sína á því að mál þetta fjalli um ágreining um túlkun á nefndum kjarasamningi og sé ágreiningurinn varðandi grein 1.2. þar sem

talað er um 42. launaflokk, starfsmenn sem annast lyfjagjöf og grein 1.4.2. um túlkun á heimilisstörfum. Félagsdómur sé sérdómstóll sem dæmi í málum varðandi ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga. nr. 80/1938 um stéttafélög og vinnudeilur.

Lögmaður stefnanda mótmælti frávísunarkröfu stefnda og krafðist þess að henni væri hrundið. Hann benti m.a. á að það væri hin almenna regla, að öll mál mætti leggja undir hinn almenna dómstól og undantekningar frá þeirri reglu bæri að skýra þröngt. Jafnframt vísaði hann til dómvenju í þessu sambandi.

Niðurstaða.

Ljóst er að mál þetta fjallar um ágreining um túlkun á kjarasamningi starfsfólks á sjúkrahúsum og dvalarheimilum milli Alþýðusambands og atvinnurekanda. Ágreiningurinn er um túlkun á grein 1.2. þ.e. hverjir séu starfsmenn sem annist lyfjagjöf og grein 1.4.2. þ.e. túlkun á heimilisstörfum. Verkefni dómstólsins er þannig að skera úr um hvernig skilja eigi eða túlka viðkomandi ákvæði kjarasamningsins. Sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, er það verkefni Félagsdóms m.a. að dæma í málum er rísa út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans. Skv. 47. gr. sömu laga skulu mál ekki flutt fyrir almennum dómstólum er reka má fyrir Félagsdómi. Ennfremur segir í 68. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði að telji dómari að sakarefni eigi að sæta úrlausn annars dómstóls skuli hann vísa máli frá dómi.

Þrátt fyrir að viðurkennd sé dómvenja um túlkun almennra dómstóla á ákvæðum kjarasamninga við úrlausn launamála verður með vísan til þeirra ákvæða laga er að ofan greinir sem og þess að í máli þessu er gerð sérstaklega krafa um frávísun að vísa máli þessu frá dómi.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. apríl 1988.

Nr. 94/1986. **Vilhelm Ingólfsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Unu Sveinsdóttur
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningar. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1986. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess að kröfur stefndu verði lækkaðar verulega og málskostnaður í héraði felldur niður. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst aðallega greiðslu á 107.746,00 krónum með dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð þannig: 3,75% af 23.234,00 krónum frá 10. febrúar 1985 til 10. mars s.á., 4% af 47.756,00 krónum frá þeim degi til 10. apríl s.á., 4% af 74.002,00 krónum frá þeim degi til 10. maí s.á., 4% af 100.728,00 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% af sömu fjárhæð til 10. s.m., 3,5% af 107.746,00 krónum frá þeim degi til 1. september s.á. og 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 6. maí 1987, en síðan með ársvöxtum þannig: 30% til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á. og 43,2% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti og staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Til vara krefst stefnda greiðslu á 47.756,00 krónum með dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð þannig: 3,75% af 23.234,00 krónum frá 10. febrúar 1985 til 10. mars s.á., 4% af krónum 47.756,00 frá þeim degi til 1. júní s.á., og síðan verði vextir reiknaðir með sama vaxtafæti og á þann hátt er segir í aðalkröfu. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsaðila greinir ekki á um þann tíma er kröfur stefndu taka til né heldur er tölulegur ágreiningur um þær að öðru leyti. Áfrýjandi hefur mótmælt kröfu um dráttarvexti. Á þau mótmæli verður ekki fallist, en vextir verða tilteknir sem árlegir dráttarvextir eins og í dómsorði greinir. Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að öðru leyti að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir bera að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti 40.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vilhelm Ingólfsson, greiði stefndu, Unu Sveinsdóttur, 107.746,00 krónur með 45% ársvöxtum af 23.234,00 krónum frá 15. febrúar 1985 til 10. mars s.á., 48% ársvöxtum af 47.756,00 krónum frá þeim degi til 10. apríl s.á., 48% ársvöxtum af 74.002,00 krónum frá þeim degi til 10. maí s.á., 48% ársvöxtum af 100.728,00 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á. og 42% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 10. júní s.á. og síðan með ársvöxtum af 107.746,00 krónum þannig: 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á. og 43,2% frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti 40.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 23. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs með stefnu birtri 15. maí sl. af Unu Sveinsdóttur hárskerasveini, nnr. 8984-5912, Valshólum 2, Reykjavík, á hendur Vilhelm Ingólfssyni hárskerameistara, nnr. 9290-3540, Engihjalla 25, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru:

Aðalkrafa: Að stefndi, Vilhelm Ingólfsson, verði dæmdur til að greiða stefnanda, Unu Sveinsdóttur, skaðabætur að fjárhæð 107.746,00 kr. með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 23.234,00 kr. frá 10. febrúar 1985 til 10. mars 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 47.756,00 kr. til 10. apríl 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 74.002,00 kr. til 10. maí 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 100.728,00 kr. til 1. júní 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af sömu fjárhæð til 10. júní 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 107.746,00 kr. til 1. september 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 107.746,00 kr. til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning, dskj. nr. 13.

Varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 47.756,00 kr. með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 23.234,00 kr. frá 10. febrúar 1985 til 10. mars 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 47.756,00 kr. til 1. júní 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af sömu fjárhæð til 1. september 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning.

Dómkröfur stefnda eru:

Aðallega að stefndi verði alfarið sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Til vara er krafist að stefnufjárhæðin verði lækkuð mjög verulega og að dæmt verði að hvor aðilinn skuli bera sinn hluta af málskostnaði.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi hóf störf hjá stefnda hinn 17. september 1984 sem hárskerasveinn. Stefndi sagði stefnanda fyrirvaralaust upp starfi hinn 5. janúar 1985. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að uppsögnin hafi verið tilefnislaus og ólögmæt. Hin raunverulega ástæða uppsagnarinnar hafi verið sú að stefnandi gekk með barni og átti von á sér hinn 22. maí 1985. Af hálfu stefnda er því mótmælt að uppsögnin hafi verið ólögmæt. Á því er byggt að stefnandi hafi ítrekað brotið fyrirmæli um vinnutilhögun og starfsskyldur. Stefndi hafi ítrekað áminnt stefnanda, en hún hafi ekki sinnt áminningum og leiðbeiningum.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur reistar á þeirri málsástæðu að uppsögnin hafi verið ólögmæt og baki því stefnda skaðabótaskyldu. Engar ástæður hafi verið fyrir hendi sem réttlættu fyrirvaralausa uppsögn.

Aðalkrafa stefnanda er á því byggð að þar eð stefnandi hafi verið barnshafandi hafi verið óheimilt að segja henni upp störfum nema gildar og knýjandi ástæður hafi verið fyrir hendi, skv. 9. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 97/1980. Með gildistöku laga nr. 97/1980 hafi barnshafandi konu verið veittur meiri réttur á vinnumarkaði en öðru launafólki hvað varðar uppsögn. Með knýjandi ástæðum er hér átt við lokun fyrirtækis, flutning þess í annað byggðarlag eða gjaldþrot. Slíkum ástæðum hafi ekki verið til að dreifa í máli þessu og sé því stefnda skylt að greiða stefnanda skaðabætur er nemi þeim launum sem hún missti frá þeim tíma að uppsögnin tók gildi til þess tíma að hún eignaðist rétt á töku á fæðingarorlofsgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins, skv. 16. gr. laga nr. 67/1971.

Varakrafan er studd þeim rökum að það sé meginregla í íslenskum vinnurétti að starfsmanni verði ekki sagt upp störfum nema með lögmætum uppsagnarfresti. Reglur um uppsagnarfrest hjá almennu launafólki sé að finna í lögum nr. 19/1979 og í kjarasamningum. Í þessu máli beri að leggja samning Félags hárgreiðslu- og hárskerasveina við Meistarafélag hárskera til grundvallar í lögskiptum aðila. Þeirri málsástæðu hafi ekki verið hreyft af stefnda að þegar uppsögn átti sér stað hafi samningurinn verið laus, enda hafi hann verið í gildi þegar stefndi réð stefnanda til starfa.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt að forsendur hafi verið til þess að rifta ráðningarsamningnum. Undir vissum kringumstæðum getur fyrirvaralaus uppsögn úr starfi talist lögmæt. En til þess að svo megi verða þá þurfa sakir starfsmanns að vera miklar og viðkomandi starfsmaður verður að hafa fengið aðvörun um að tiltekin háttsemi geti leitt til brottrekstrar úr starfi. Skilyrðum þessum hafi ekki verið fullnægt. Stefnandi telur sig hvorki ítrekað hafa brotið starfsfyrirmæli né fengið ítrekaðar áminningar. Af því leiðir að verði ekki fallist á aðalkröfuna þá telur stefnandi að henni beri skaðabætur sem samsvari launum tímabilið 6. janúar 1985 til febrúarloka 1985, en stefnandi hafði áunnið sér eins mánaðar uppsagnarfrest frá og með 1. febrúar 1985.

Við aðilayfirheyrslu hélt stefnandi því fram að hún hefði aldrei fengið starfsfyrirmæli. Hún mótmælti því að henni hefði verið bannað að klippa menn með hártoppa. Hún kvaðst aðeins einu sinni hafa sætt aðfinnslum frá stefnda, 7. desember 1984. Hefði stefndi fundið að því hversu mikið hún notaði síma og væri fjarverandi. Stefnandi kvaðst hafa fengið frí hluta úr tveim dögum þar áður. Stefndi hafi beðist afsökunar á framkomu sinni símleiðis kvöldið 8. desember 1984. Síðan hafi ekki verið minnst á þetta. Stefnandi kvaðst fyrst hafa heyrt um kvartanir viðskiptavina vegna starfa

hennar og fjárútláta stefnda af sömu ástæðu hinn 5. janúar 1985 þegar hann sagði henni upp störfum.

Stefnandi kvaðst ekki hafa ráðið sig í annað starf eftir að hún lét af störfum hjá stefnda. Stefnandi kvaðst hafa fylgst með auglýsingum í blöðum, en lítið sé að gera í þessari starfsgrein í janúarmánuði. Eftir þann tíma hafi hún talið útilokað að nokkur vildi ráða hana í vinnu þar sem hún var langt gengin með barnið. Stefnandi ól barnið 27. maí 1985.

Í málflutningi krafðist stefnandi málflutningsþóknunar, skv. 5. gr. C-lið gjaldskrár LMFÍ. Stefnandi studdi kröfu sína þeim rökum að úrlausn þessa máls hefði fordæmisgildi og ekki hefði áður reynt á þetta lagaákvæði.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan studd þeim rökum að sannað sé að stefnandi hafi ítrekað brotið starfsfyrirmæli. Stefndi hafi ítrekað alvarlega áminnt stefnanda og látið að því liggja að ráðningarsamningi yrði rift ef svo héldi áfram. Riftun hafi því verið réttmæt og brottvikningin 5. janúar 1985 lögmæt.

Af hálfu stefnda er aðalkröfu stefnanda mótmælt, þ.e. að óheimilt sé að segja barnshafandi konu upp starfi. Á því er byggt að skilja beri ákvæði 9. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga sbr. lög nr. 97/1980 á þá leið að hún leggi þá skyldu á herðar atvinnuveitanda að tilgreina ástæður uppsagnar gagnvart barnshafandi konu. Hér sé um það frávik frá meginreglunni að ræða að atvinnuveitanda sé óskylt að tilgreina ástæður uppsagnar. Honum beri einungis að virða lögboðinn eða samningsbundinn uppsagnarfrest. Ákvæði 9. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga veiti ekki barnshafandi konu lengri uppsagnarfrest en almennt gerist á vinnumarkaðnum.

Þá er því mótmælt að ástæður brottvikningarinnar megi rekja til þess að stefnandi hafi verið barnshafandi, enda hafi ekkert komið fram í málflutningi stefnanda er renni stoðum undir þá fullyrðingu.

Varakröfu stefnanda er mótmælt og á því byggt að lögmætar forsendur hafi legið til grundvallar fyrirvaralausrar uppsagnar. Stefnandi hafi gerst sekur um alvarlegar ávirðingar í starfi sem ollu stefnda fjárhagslegu tjóni.

Stefndi hafi ítrekað fundið að störfum stefnanda og tilkynnt henni að ráðningarsamningnum yrði rift fyrirvaralaust ef svo héldi áfram.

Verði eigi fallist á að skilyrði hafi verið til fyrirvaralausrar brottvikningar úr starfi þá er á því byggt að lögmætar ástæður hafi verið til uppsagnar. Bótakrafa stefnanda geti aldrei orðið hærri en nemi þeim launum sem hún hefði fengið frá 6. janúar 1985 til febrúarloka sama ár. Viðurkennt er að varakrafa stefnanda sé í samræmi við gildandi rétt. Þá er krafist lækkunar á bótakröfum á þeirri forsendu að stefnandi gerði ekkert til þess að takmarka tjón sitt, sem henni sé þó skylt.

Í aðilayfirheyrslu hélt stefndi því fram að hann hefði áminnt stefnanda

vegna misnotkunar á síma 20. nóvember 1984. Aftur í byrjun desember vegna þess sama og þá í viðurvist votta. Ennfremur kvaðst hann hafa áminnt stefnanda vegna þess að hún væri þaulsetin á kaffistofunni. Að lokum kvaðst stefndi hafa sagt stefnanda frá kvörtunum viðskiptavina tvisvar í desember sem hún á að hafa klippt. Hafi hann þá áminnt hana og ítrekað að henni væri óheimilt að klippa menn með hártoppa. Þegar þriðji viðskiptavinur hafi kvartað, föstudaginn 4. janúar sl., vegna klippingar og eyðileggingar á hártoppi, sem stefndi heldur fram að rekja megi til verka stefnanda, þá taldi hann forsendur brostnar fyrir ráðningarsamningi við stefnanda, einkum þegar viðbrögð hennar hafi verið þau, laugardaginn 5. janúar sl., að sjálfsagt væri að hún fengi enn eitt tækifæri til þess að bæta sitt ráð.

Ávirðingar stefnanda í starfi hafi verið forsenda uppsagnarinnar, en ekki sú staðreynd að hún hafi verið barnshafandi.

Að tilstuðlan stefnda komu eftirtalin vitni fyrir dóm: Anna Guðrún Jónsdóttir hárgreiðslukona, Lilja Guðmundsdóttir rakaranemi og Ágústa Katrín Jónsdóttir hárgreiðslunemi. Vitnin störfuðu á stofu stefnda á þeim tíma þegar stefnanda var sagt upp störfum. Framburði vitnanna bar saman um það að stefnandi hafi rækt störf sín vel. Vitnin staðfestu ekki framburð stefnda að stefnandi hafi setið lengur í kaffistofu en henni var heimilt eða hafi notað síma stofunnar meira en góðu hófi gegndi. Að mati vitnanna var hegðun stefnanda ekki frábrugðin hegðun annarra starfsmanna stofunnar. Á hinn bóginn staðfestu vitnin þá fullyrðingu stefnanda að í fyrstu viku af desember 1984 hafi framkoma stefnda í garð stefnanda breyst. Hann hafi orðið kuldalegur og aðfinnslusamur í garð stefnanda og henni hafi ekki leyfst það sem öðru starfsfólki leyfðist. Vitnið Anna Guðrún Jónsdóttir skýrði frá því að stefndi hafi sagt sér í desember að hann hefði í hyggju að fækka um einn starfsmann hjá sér. Vitnið Ágústa Katrín Jónsdóttir skýrði frá því að of margt starfsfólk hefði verið á stofunni að þess mati og rétt hefði verið að fækka því sökum verkefnaleysis.

Vitnið Lilja Guðmundsdóttir starfaði með stefnanda sem rakaranemi. Vitnið mótmælti þeim framburði stefnda að því og stefnanda hafi verið stranglega bannað að klippa menn með hártoppa. Vitnið segir stefnda jafnvel hafa hrósað þeim fyrir dugnaðinn þegar þær sögðu honum frá því að þær hefðu klippt menn með hártoppa.

Af hálfu stefnda var málskostnaðarreikningi stefnanda mótmælt. Stefndi hélt því fram í málflutningi að óheimilt væri að reikna málskostnað af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta. Ennfremur var því mótmælt að grunngjald málflutningsþóknunar fari eftir C-lið 5. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands.

Niðurstaða.

Um það er ekki deilt að samningur Félags hárgreiðslu- og hárskerasveina við Meistarafélag hárskera verði lagður til grundvallar í lögskiptum aðila. Samkvæmt 12.1 grein samningsins á stefnandi rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Samkvæmt 7.5 grein samningsins skal fæðingarorlof fara eftir lögum nr. 97 frá 29.12. 1980, sem fela í sér breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum. Samkvæmt 9. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971 sbr. 1. gr. laga nr. 97/1980 segir að óheimilt sé að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi.

Fallist verður á það með stefnanda að með gildistöku 1. gr. laga nr. 97/1980 var réttur vinnuveitanda til þess að segja þungaðri konu upp starfi þrengdur.

Til þess að uppsögn geti talist lögmæt gagnvart þungaðri konu þurfa gildar og knýjandi ástæður að vera fyrir hendi. Ákvæði 9. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1980, þykja þó eigi koma í veg fyrir að unnt sé að víkja þungaðri konu fyrirvaralaust úr starfi að fullnægðum lögmæltum skilyrðum.

Stefnda hefur ekki, gegn mótmælum stefnanda, tekist að sanna nein tiltekin atvik í sambandi við starf hennar hjá honum í nóvember og desember 1984 og þar til hann vék henni fyrirvaralaust úr starfi 5. janúar 1985, sem beri það með sér að hún hafi gert sig seka um vítaverð brot á starfsfyrirmælum með þeim afleiðingum að stefndi hafi orðið fyrir alvarlegu tjóni. Stefndi hefur heldur ekki sannað gegn mótmælum stefnanda að hann hafi á þeim tíma fundið að við hana og hótað henni brottrekstri ef hún bætti ekki ráð sitt, að einu skipti undanteknu, þ.e. 7. desember 1984. Þá fann stefndi að því að stefnandi notaði síma stofunnar meira en góðu hófi gegndi. Ennfremur fann stefndi að því við stefnanda að hún væri mikið fjarverandi, en hún hafði fengið frí hluta úr tveimur dögum þar áður. Því er haldið fram af stefnanda að stefndi hafi beðist afsökunar á framkomu sinni næsta dag.

Af þessu leiðir að ekki þykja skilyrði til riftunar á ráðningarsamningi stefnanda hjá stefnda.

Þá þykir stefndi ekki hafa sannað að forsendur uppsagnar stefnanda úr starfi hafi verið gildar og knýjandi. Þegar svo stendur á og þar sem stefnandi var barnshafandi og stefnda var kunnugt um það þegar hann sagði stefnanda upp starfi þykir stefndi ekki hafa gætt ákvæða 9. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 97/1980, við uppsögn stefnanda úr starfi.

Af því leiðir að stefnandi þykir eiga rétt á bótum úr hendi stefnda vegna ólögmætrar uppsagnar úr starfi frá þeim tíma er henni var sagt upp starfi fram til þess tíma að hún eignaðist rétt á töku fæðingarorlofs.

Reikningur stefnanda sem aðalkrafa hennar byggist á, dskj. nr. 1 sbr. dskj. nr. 12, hefur ekki sætt tölulegum andmælum. Eðli málsins samkvæmt þykir ekki unnt að gera jafn strangar kröfur til barnshafandi kvenna og annarra starfsmanna um að þær takmarki tjón sitt með því að ráða sig á ný til starfa. Þykir því rétt að stefndi greiði stefnanda hina umstefndu fjárhæð, kr. 107.746,00, með þeim vöxtum sem greinir í dskj. nr. 12.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað er eftir öllum atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vilhelm Ingólfsson, greiði stefnanda, Unu Sveinsdóttur, kr. 107.746,00 með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 23.234,00 kr. frá 10. febrúar 1985 til 10. mars 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 47.756,00 kr. til 10. apríl 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 74.002,00 kr. til 10. maí 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 100.728,00 kr. til 1. júní 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af sömu fjárhæð til 10. júní 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 107.746,00 kr. til 1. september, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 107.746,00 kr. til greiðsludags og 30.000,00 kr. í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. apríl 1988.

Nr. 152/1987. **Ákæruvaldið**
gegn
Einari Sverri Einarssyni og
Páli Konráð Konráðssyni Þormar
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ákæruvaldið skaut máli þessu til Hæstaréttar til þyngingar með áfrýjunarstefnu 4. mars 1987 og jafnframt að ósk ákærðu, og að því er þá eina varðar, en meðákærði þeirra í héraði vildi hlíta héraðsdómi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar ákærða Pál Konráð, en refsing hans þyngd, að ákærði Einar Sverrir verði sakfelldur samkvæmt báðum ákærum og refsing hans þyngd frá því sem kveðið var á í héraðsdómi, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um greiðslu bóta og sakarkostnað, og loks að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Verjandi krefst þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað í heild sinni eða að hluta til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann þess að ákærðu verði sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins og til þrautavara að refsing ákærðu samkvæmt héraðsdómi verði lækkuð. Þá krefst hann þess að bótakröfu Svans Kristjánssonar verði vísað frá dómi og loks krefst hann málsvarnarlauna.

Fyrri ákæra í máli þessu á hendur ákærða Einari Sverri, dagsett 4. júlí 1986, var ásamt rannsóknargögnum lögð fram í sakadómi Reykjavíkur 30. júlí 1986, án þess að ákæra væri birt, samkvæmt niðurlagsákvæði 115. gr. laga nr. 74/1974, og án þess að ákærði væri viðstaddur. Dómsrannsókn hófst síðan næsta dag, einnig án nærveru ákærða. Í því þinghaldi gáfu skýrslu fjögur vitni. Ákæran var birt ákærða í þinghaldi 1. ágúst og óskaði hann eftir því að sér yrði skipaður ákveðinn verjandi. Það virðist ekki hafa verið gert

fyrr en með bréfi sakadómara 28. ágúst. Þá hafði enn verið þingað í málinu fjórum sinnum, 11., 12., 15. og 25. ágúst, þar sem níu vitni gáfu skýrslur. Ekki verður séð að ákærða hafi verið gefinn kostur á að vera viðstaddur þær yfirheyrslur. Verjandi er síðan viðstaddur eitt þinghald 15. september, þar sem eitt vitni er yfirheyrt. Seinni ákæran, dagsett 8. september 1986, á hendur ákærðu Einari Sverri og Páli Konráði, var ásamt rannsóknargögnum lögð fram í þinghaldi 18. september. Hún var birt ákærða Einari Sverri í þinghaldi 22. september að verjanda fjarstöddum, en ákærða Páli Konráði í þinghaldi 23. september að verjanda viðstöddum. Eftir það var þingað í málinu tvisvar, 30. september og 18. nóvember, þar sem 9 vitni voru yfirheyrð. Verður ekki séð að ákærðu eða verjanda þeirra hafi verið gefinn kostur á að vera viðstaddir þær vitnaleiðslur. Er málsmeðferð þessi ekki í samræmi við réttarfarslög og í beinni andstöðu við 1. mgr. 121. gr. laga nr. 74/1974.

Verjandi flutti munnlega vörn í sakadómi 1. desember 1986 og lagði málið í dóm. Eftir það aflaði dómarinn tveggja skjala að eigin frumkvæði, sem lögð voru fram í þinghaldi 8. desember, án þess að séð verði að verjanda eða ákærðu hafi verið gefinn kostur á að kynna sér þessi gögn. Er þetta brot gegn grundvallarreglum réttarfarslaga, sbr. 78. gr., 1. mgr. 87. gr. og 2. mgr. 125 gr. laga nr. 74/1974.

Í skýrslum margra vitna fyrir dómi í máli þessu kemur fram að þau voru látin staðfesta framburð sinn fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins, án þess að séð verði að dómari hafi spurt þau sjálfstætt um sakarefnið. Er slík vitnaleiðsla í andstöðu við 2. mgr. 102. gr. laga nr. 74/1974.

Það sem að framan er rakið er slíkur galli á málsmeðferð að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, að því er varðar ákærðu Einar Sverri og Pál Konráð.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eru ómerkt að því er varðar ákærðu Einar Sverri Einarsson og Pál Konráð

Konráðsson Þormar, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju að því er þá varðar.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. desember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 8. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 635-637/1986: Ákæruvaldið gegn Einari Sverri Einarssyni, Grétari Pétri Sigurðssyni og Páli Konráði Konráðssyni Þormar, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með tveim ákæruskjölum ríkissaksóknara, hinu fyrra dagsettu 4. júlí 1986 á hendur ákærða Einari Sverri Einarssyni, Safamýri 65 í Reykjavík, fæddum 11. ágúst 1944 í Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum:

1.

Fyrir tékkafals, með því að nota í viðskiptum í Reykjavík um mánaðamótin júlí/ágúst 1985 eftirgreinda 2 tékka sem hann falsaði á tékkaeyðublöð frá Samvinnubankanum á Egilsstöðum með útgefandanafnrituninni Ari Már Pálsson. Ákærði ritaði sama framseljandanafn á tékkana en ritaði reikningsnúmer af handahófi:

Tékki nr. 4601313, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 29. júlí 1985, gefinn út til handhafa. Ákærði fékk Sigurð Sigurðsson, Yrsufelli 5, Reykjavík, til að selja fyrir sig tékkann í Grill- og brauðhúsinu, Völvufelli 17.

Tékki nr. 4601315, að fjárhæð kr. 65.331, dagsettur 2. ágúst 1985, gefinn út til ÁTVR. Notaður til kaupa á tóbaksvörum í afgreiðslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Borgartúni 17.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Fyrir þjófnað, með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 17. janúar 1986 brotist inn í bifreiðina M-664 við Hvannhólma 10 í Kópavogi og stolið úr henni útvarpstæki, segulbandstæki, 2 hátölurum og 8 tónsnældum.

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þá er málið höfðað með ákæruskjali, dagsettu 8. september 1986, á hendur ákærðu Einari Sverri, X, Reykjavík, og Páli Konráði Konráðssyni Þormar, Rauðarárstíg 28 í Reykjavík, fæddum 2. júlí 1953 í Reykjavík, ,,fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 17. mars 1986 brotist inn í söluskála Skeljungs h.f. við Óseyrarbraut í Þorlákshöfn og stolið tóbaksvörum að verðmæti allt að 130.000 krónum, ljósmyndafilmum að verðmæti um 25.900 krónur, rakáhöldum að verðmæti um 17.400 krónur, kveikjurum að verðmæti um 5.000 krónur og um 85.900 krónum í reiðufé og tékkum úr peningaskáp sem þeir brutu upp.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

— — —

Dómsorð:

Ákærði Einar Sverrir Einarsson sæti fangelsi í 6 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 11.30, 7. mars 1985 til kl. 11.25, 14. sama mánaðar, frá kl. 22.35, 17. janúar 1986 til kl. 17.00, 22. sama mánaðar og frá kl. 17.50, 18. apríl 1986 til kl. 17.00, 30. sama mánaðar.

Ákærði Páll Konráð Konráðsson Þormar sæti fangelsi í 8 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 15.20, 28. mars 1986 til kl. 17.00, 30. apríl 1986.

Ákærði X sæti fangelsi í 3 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 16.10, 28. mars 1986 til kl. 12.30, 23. apríl 1986.

Ákærði Einar Sverrir greiði Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 65.331,00 krónu ásamt dómvöxtum frá 6. ágúst 1985 til greiðsludags.

Ákærðu Páll Konráð og X greiði Svani Kristjánssyni 12.351,00 krónu ásamt dómvöxtum frá 17. mars 1986 til greiðsludags.

Ákærðu Einar Sverrir og Páll Konráð greiði óskipt skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 15.000,00 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 10.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði annan sakarkostnað óskipt.

Föstudaginn 22. apríl 1988.

Nr. 113/1987. **Skiptaráðandi í Reykjavík f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Jóni Einari Jakobssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1987. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Að framkominni frávísunarkröfu stefnda verði hrundið.

2. Að rift verði með dómi greiðslu á skuld Árna Björgvinssonar við stefnda, sem fram fór með samningi dags. 10. júlí 1984 að fjárhæð 1.162.872,00 krónur.

3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda 1.162.872,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 10. júlí 1984 til 31. desember s.á., 32% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 31. s.m., með mánaðarvöxtum sem hér segir: 3,75% frá 1. febrúar 1985 til 28. s.m., 4% frá 1. mars s.á. til 31. maí s.á., 3,5% frá 1. júní s.á. til 31. ágúst s.á., 3,75% frá 1. september s.á. til 28. febrúar 1986, 2,75% frá 1. mars s.á. til 31. s.m., 2,25% frá 1. apríl s.á. til 28. febrúar 1987, 2,5% frá 1. mars s.á. til 13. apríl s.á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga 25/1987 frá 14. apríl 1987 til greiðsludags.

4. Þá er þess krafist að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að bæta vöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 18. janúar 1985, í fyrsta sinn þann 18. janúar 1986.

5. Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Aðallega: Að málinu verði vísað frá héraðsdómi og að áfrýj-

anda verði gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

2. Til vara: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

3. Til þrautavara: Að stefnukrafan verði lækkuð í 770.878,00 krónur og málskostnaður látinn falla niður.

I.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því að málshöfðunarfrestur eftir 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi verið liðinn þegar málið var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnubirtingu 5. september 1985. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram að fresturinn hafi ekki verið liðinn.

Fyrir bæjarþingi gerði stefndi kröfu um frávísun, sem rökstudd var með sama hætti og frávísunarkrafan fyrir Hæstarétti. Um fyrri kröfuna gekk úrskurður á bæjarþinginu 8. apríl 1986. Var kröfunni hafnað. Úrskurði þessum var ekki skotið til Hæstaréttar í sambandi við áfrýjun málsins og kemur hann því ekki til sérstakrar skoðunar. Verður þá álitaefnið það, hvort málinu beri að vísa án kröfu frá bæjarþinginu.

Fram er komið að úrskurður um að bú Árna Björgvinssonar skyldi tekið til gjaldþrotaskipta var kveðinn upp 11. desember 1984. Fyrri innköllun var birt í Lögbirtingablaði 10. janúar 1985. Á dómþingi skiptaréttar 1. febrúar það ár fór fram uppskrift á búinu og gaf þá þrotamaður skýrslu. Hann sagði m.a. frá viðskiptum sínum við stefnda og tók jafnframt fram að bókhaldsgögn sín væru hjá endurskoðanda þeim, sem fyrir hann hefði starfað. Lofaði hann að koma þeim til skiptaráðanda 4. s.m. Þau gögn voru sótt til endurskoðandans 3. apríl 1985. Höfðu þá verið haldnir skiptafundir í búinu 25. mars og 2. apríl.

Kröfulýsingarfresti lauk 10. mars 1985. Hvað sem öðru líður verður upphaf þess frests, sem um ræðir í 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, ekki talið vera fyrr en þann dag. Segir í lagaákvæði þessu að dómsmál til að koma fram riftun eftir gjaldþrotalögum skuli höfða innan 6 mánaða „frá því að sá, sem með skipti fer, átti þess kost að gera riftunarkröfuna". Málið var sem fyrr segir höfðað 5. september 1985, 5 dögum áður en misseri var frá lokum kröfulýsingarfrestsins.

Samkvæmt því er nú var sagt verður máli þessu eigi vísað frá héraðsdómi.

II.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Rétt er að málskostnaður falli niður í héraði en áfrýjandi greiði stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að málskostnaður í héraði fellur niður. Áfrýjandi, skiptaráðandi í Reykjavík f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar, greiði stefnda, Jóni Einari Jakobssyni, 100.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 21. janúar 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. janúar 1987, hefur Viðar Már Matthíasson hdl., nnr. 9184-3838, Borgartúni 24, Reykjavík, fyrir hönd þrotabús Árna Björgvinssonar, nnr. 0505-9860, sem er til gjaldþrotaskiptameðferðar hjá skiptaráðandanum í Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 5. september 1985 á hendur Jóni Einari Jakobssyni, kaupmanni og lögmanni, nnr. 5152-3431, Hegranesi 35, Garðakaupstað.

Stefnandi lýsir dómkröfum sínum svo:

1. Að rift verði með dómi greiðslu á skuld Árna Björgvinssonar við stefnda, sem fram fór með samningi dags. 10. júlí 1984, að fjárhæð kr. 1.495.988,00.

2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 1.495.988,00 með 19% ársvöxtum frá 10.07.1984 til 31.12.1984, en með 32% ársvöxtum frá 01.01.1985 til 31.01.1985, en með 3,75% vöxtum á mánuði frá 01.02.1985 til 28.02.1985, en með 4% vöxtum á mánuði frá 01.03.1985 til 31.05.1985, en með 3,5% vöxtum á mánuði frá 1.6.1985 til 31.8.1985, en með 3,75% vöxtum á mánuði frá 1.9.1985 til 28.2.1986, en með 2,75% vöxtum á mánuði frá 1.3.1986 til 31.3.1986, en með 2,25% vöxtum á mánuði frá 1.4.1986 til greiðsludags.

3. Þá er þess krafist að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að bæta vöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í 1. sinn þann 10.07.1985.

4. Þá er krafist málskostnaðar á hendur stefnda samkv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi að fjárhæð kr. 203.138,08.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þessar:

I. Aðalkrafa: að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum, stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

II. Varakrafa: að stefnufjárhæðin lækki í kr. 745.878,00 og að málskostnaður verði felldur niður.

III. Þrautavarakrafa: að stefnukrafan lækki í kr. 1.162.872,00 og málskostnaður felldur niður.

Upphaflega var af hálfu stefnda aðallega krafist frávísunar málsins frá dómi og sú krafa byggð á því að 6 mánaða málshöfðunarfrestur samkvæmt 68. gr. laga nr. 6/1978 hafi runnið út hinn 1. ágúst 1985, þ.e. fyrir þingfestingu málsins. Með úrskurði uppkveðnum 8. apríl 1986 var þeirri kröfu hrundið og er rök fyrir þeirri niðurstöðu dómarans að finna í bókun hans í þinghaldi því þegar úrskurðurinn var kveðinn upp.

II.

Þrotamaður Árni Björgvinsson rak húsgagnaverslun að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi undir nafninu Húsgagnaverslunin Skeifan.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 8. ágúst 1984, krafðist Útvegsbanki Íslands gjaldþrotaskipta á búi hans og er bréfið áritað um móttöku sama dag. Er krafan um gjaldþrotaskiptin studd við árangurslausa löghaldsgerð frá deginum áður. Með úrskurði uppkveðnum 11. desember 1984 var bú Árna tekið til gjaldþrotaskipta.

Hinn 1. apríl 1984 yfirtók stefndi Jón Einar Jakobsson rekstur húsgagnaverslunar stefnanda. Fór þá fram vörutalning og var niðurstaða hennar kr. 1.162.872,00. Verslunin var í leiguhúsnæði og hafði stefndi hinn 16. mars 1984 greitt leigusalanum með skuldabréfi kr. 422.066,00 upp í gjaldfallna skuld Árna við leigusalann Skeifuna hf. og hinn 19. mars innistæðulausa ávísun að fjárhæð kr. 32.199,00. Eftir 1. apríl greiddi stefndi síðan ýmsar skuldir stefnanda er námu ásamt framtöldum greiðslum rúmlega andvirði lagersins, svo sem síðar verður rakið.

Ekki var gengið frá skriflegum kaupsamningi hinn 1. apríl, en eftir þann tíma greiddi stefndi Jón Einar í eigin nafni húsaleigu til leigusalans, rafmagn og annan rekstrarkostnað. Árni vann hjá stefnda Jóni Einari í apríl sem launþegi.

Hinn 10. júlí 1984 er síðan gengið frá skriflegum kaupsamningi og greiðsluuppgjöri. Áritar leigusalinn kaupsamninginn um samþykki við framsali húsaleigusamnings er miðist við 1. apríl 1984.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það hvort kaup stefnda á lagernum eigi að telja hafa farið fram hinn 1. apríl 1984 eða 10. júlí sama ár.

Kjarni málsástæðna stefnanda er því sá að stefndi hafi með samningi dags. 10.7. 1984 fengið greiddar kröfur sínar á Árna Björgvinsson með vörulager og öðrum verðmætum, sem verði að telja óvenjulegan greiðslueyri, enda hafi verðmæti þessi verið einu eignir Árna Björgvinssonar á þessum tíma og greiðslan engan veginn eðlileg eins og á stóð.

Þá er byggt sjálfstætt á því að stefndi hafi vitað að Árni var með öllu eignalaus en skuldaði verulegar fjárhæðir og því hafi greiðslan á kröfum stefnda verið ótilhlýðileg mismunun stefnda í hag á kostnað annarra kröfuhafa.

Stefnukrafan er í aðalatriðum þannig sundurliðuð að stefndi hafi tekið við vörulager að fjárhæð kr. 1.162.872,00 frá Árna Björgvinssyni og einnig áður greiddum peningum kr. 120.000,00 og kr. 102.233,80 og öðrum greiðsluliðum, sem metnir hafi verið að fjárhæð samtals kr. 110.883,00, eða í heild kr. 1.495.988,80. Fjárhæð þessi hafi gengið upp í skuld sem Árni hafi verið kominn í við stefnda vegna greiðslna stefnda á skuldum vegna verslunarrekstrarins.

Kröfuna um riftun kveður stefnandi styðjast við 54. gr. laga nr. 6/1978. Jafnframt sé byggt sjálfstætt á 61. gr. sömu laga.

Endurgreiðslukrafan styðst við 62. gr. laga nr. 6/1978 og við 63. gr. sömu laga ef riftun yrði byggð á 61. gr. laganna.

Vaxtakrafan byggist á 5. gr. laga nr. 57/1960 svo og á auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um vaxtafót.

Málskostnaðarkrafan byggist á 1. mgr. 117. gr. laga 85/1936, sbr. og 184. gr. sömu laga, þar sem málskostnaðarreikningur hefur verið lagður fram.

III.

Viðskipti þau er mál þetta snýst um áttu sér nokkurn aðdraganda. Stefndi Jón Einar átti og rak umboðs- og heildverslun, einkum með húsgögn, einkafirma undir nafninu Bústofn. Jafnframt sinnti hann að einhverju marki lögmannsstörfum, en hann hafði áður en viðskiptastarfsemi hans jókst haft opna lögmannsskrifstofu.

Stefndi hafði selt Árna til Húsgagnaverslunarinnar Skeifunnar húsgögn í töluverðum mæli.

Í febrúar og mars 1984 fóru þeir síðan að ræða með sér um að stefndi Jón gengi inn í rekstur húsgagnaverslunar Árna og jafnframt að stefndi sem lögmaður aðstoðaði Árna við uppgjör við kröfuhafa og samninga við þá, en vanskil Árna voru þá orðin veruleg. Fyrst ræddu þeir um að stefndi Jón Einar framleigði helming, þ.e. austurenda, af húsnæðinu að Smiðjuvegi 6 af Árna, frá 1. apríl 1984. Gerðu þeir með sér skriflegan samning þar um, dagsettan og undirritaðan 2. mars 1984. Áður en til þess kæmi

að húseigandinn áritaði þennan samning um samþykki gerðu aðilar með sér hinn 16. mars 1984 nýjan skriflegan samning sem báðir undirrituðu og húseigandinn áritaði um samþykki sitt. Hljóðaði samningur þessi svo:

„1) Árni Björgvinsson og Jón Einar Jakobsson hafa ákveðið að mynda með sér félag um rekstur húsnæðisins að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi. Mun það félag með samþykki Skeifunnar h.f. yfirtaka öll réttindi og skyldur samkvæmt húsaleigusamningi Árna Björgvinssonar og Skeifunnar h.f. frá 22. júlí 1983 svo og kaupsamningi um verslunarrekstur s.d. enda ábyrgjast þeir Árni og Jón Einar persónulega efndir samninganna gagnvart Skeifunni h.f.

Skeifan h.f. veitir þeim Árna og Jóni Einari heimild til þess að nefna fyrirhugað félag sitt: „Húsgagnaverslunin Skeifan s.f." og mun Skeifan h.f. tilkynna firmaskrárritara um samþykki þess.

Skeifan h.f. heimilar framleigu hins leigða húsnæðis til firmans BÚSTOFN, sem er einkafyrirtæki Jóns Einars, á leigutímanum.

2) Verði ágreiningur með aðilum vegna samkomulags þessa, sem undirritað er af aðilum í votta viðurvist, fer um hann svo sem fyrir er mælt í ofangreindum húsaleigu- og kaupsamningum."

Þennan sama dag, hinn 16. mars 1984, gefur Jón Einar út til Skeifunnar hf. (Búnaðarbanka Íslands vegna Skeifunnar hf.) skuldabréf að fjárhæð kr. 422.066,00.

Líða nú aðeins fjórir dagar þar til stefndi Jón Einar leggur fyrir Árna drög að nýjum samningi, þar sem gert er ráð fyrir að hann yfirtaki algerlega verslunarrekstur Árna. Hljóðar þetta samningsuppkast svo:

„Jón Einar tekur að sér rekstur Húsgagnaverzlunarinnar Skeifunnar að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi frá 1. apríl 1984 að telja. Jón Einar tekur yfir réttindi og skyldur samkvæmt samningi Árna og Magnúsar Jóhannssonar v/Skeifunnar h.f. um leigu á húsnæðinu Smiðjuvegi 6 í Kópavogi dags. 22. júlí 1983 og kaup á verslunarrekstrinum dags. í júní 1983 milli sömu aðila, sbr. og samkomulag með nefndum þremur aðilum frá 16. mars 1984.

Jafnframt leysir samningur þessi Árna undan skyldum sínum samkv. sömu samningum, — allt frá 1. apríl 84 að telja.

Jón Einar skuldbindur sig til að kaupa og Árni til að selja vörulager verslunarinnar samkv. meðfylgjandi lista á kr. 1.126.386,00, sem greiðast með því að Jón Einar tekur að sér að greiða jafnstóran hluta af skuldabréfum, sem Árni gaf út vegna lagerkaupa af Magnúsi, en þó að frádregnum skuldum Árna við Bústofn og að frádregnu því sem Jón Einar hefur þegar greitt vegna Árna eða kann að greiða á annan hátt. Veðskuldabréf þau sem Magnús Jóhannsson hefur undir höndum vegna nefndra lagerkaupa Árna skulu vera sem veð og trygging fyrir skuldbindingum sem Jón

Einar hefur tekið á sig vegna Árna unz slíkar skuldir eru að fullu greiddar af Árna.

Kópavogi, 20. marz 1984"

Samningsuppkast þetta var aldrei undirritað. Eftir því var farið m.a. að því leyti að Jón Einar yfirtók bæði húsnæðið og lagerinn hinn 1. apríl. Árni gerðist launþegi hjá honum aprílmánuð. Ný vörutalning fór fram hinn 1. apríl og er óumdeilt að niðurstaða hennar varð kr. 1.162.872,00, sú fjárhæð sem greind er sem kaupverð lagersins í lokaskjalinu hinn 10.7. 1984. Jón Einar greiddi frá 1. apríl húsaleigu fyrir allt húsnæðið til leigusala Skeifunnar hf. Tók hann síðan að greiða skuldir Árna og er framlagt greiðsluyfirlit hans sem hér segir:

Andvirði vörulagers, gr. af Bústofni, Garðabæ, 1.4. 1984			kr. 1.162.872,00
16.3. Sveinn Snorrason hrl.	kr.	422.066,00	
19.3. Innst.l. áv. Útvb. og Har. Blöndal hrl.	kr.	32.199,00	
9.4. Innst.l. áv. Tollv.g.	kr.	17.725,75	
13.4. Innst.l. áv. Tollstj.	kr.	725,20	
24.4. Innst.l. áv. Töggur	kr.	27.374,00	
7.5. Innst.l. áv. Bf. Kóp.	kr.	2.117,00	
7.5. Innst.l. áv. Byko	kr.	862,20	
4. Sendibílastöðin	kr.	2.110,00	
18.4. + 14.9. Innst.l. áv. Bæjarsj.	kr.	65.751,20	
10.5. Póstur & sími, Kóp.	kr.	9.883,35	
8.5. Lb. Ísl. v/skbr.	kr.	121.033,70	
15.5. Innst.l. áv. Eikin	kr.	7.800,00	
30.8. Víxlar, DUX, Lb. Ísl.	kr.	96.600,00	
18.5. Laun v/ræst. mars	kr.	4.560,00	
28.5. Tollv.geymsla	kr.	30.948,00	
2.6. Víxlar DUX	kr.	53.560,00	
5.6. Tollv.geymsla	kr.	7.997,00	
14.6. Sendibílast. Þr.	kr.	1.445,00	
25.6. Póstur & sími, Kóp.	kr.	1.116,75	
21.8. Lb. Ísl. v/skbr. (5.6.)	kr.	100.236,00	
10.9. og 13.12. Gestur Jónss. hrl. v/skbr.	kr.	62.328,00	
23.8. Ragnar Magnúss. Útvb. v/víxla o. fl.	kr.	59.579,00	

25.5. Íþróttafél. v/augl.	kr. 7.500,00	
9. Bóndinn v/augl.	kr. 25.000,00	
Samtals	Kr. 1.160.516,95	Kr. 1.162.872,00
Mismunur	kr. 2.355,05	
	Kr. 1.162.872,00	Kr. 1.162.872,00

Jafnframt hefur Jón Einar lagt fram viðskiptayfirlit sem hann telur sýna reikningsviðskipti aðila síðari hluta árs 1983 og fyrstu 3 mánuði ársins 1984:

1983:		
Innl. vanskilavíxlar		
pr. 15.11.83	kr. 17.452,00	
pr. 22.11.83	kr. 8.880,40	
pr. 30.10.83	kr. 52.863,80	
pr. 01.11.83	kr. 114.846,32	
pr. 31.12.83	kr. 12.979,90	
Reikn. 3361 30.11.83	kr. 21.450,00	
inngr. 07.12.83		kr. 120.000,00
inngr. 31.12.83		kr. 51.916,00
Skuld Skeifunnar 31.12.83		kr. 56.556,62
Samtals:	kr. 228.472,62	kr. 228.472,62
1984:		
Flutt frá f. ári	kr. 56.556,62	
Bankakostn. útl. stgj.	kr. 9.015,00	
umboðssala marz	kr. 59.000,00	
skilað húsgögn (Formbólstrun)		kr. 46.200,00
vörusala	kr. 23.434,00	
Kredit v/skilaðrar vöru febr.-mars		kr. 12.767,00
vextir '83 og '84	kr. 36.487,00	
Inngr. 13.04.84		kr. 102.233,80
skuld 31.03.84		kr. 23.291,82
Samtals	kr. 184.492,62	kr. 184.492,62
Skuld 01.04.84	kr. 23.292,82	

Þessar kr. 23.292,82 kveður stefndi Jón Einar ennþá ógreiddar nema þá sem nemur þeim kr. 2.255,05 sem hann telur eftirstöðvar úr söluuppgjöri lagersins.

IV.

Stefndi Jón Einar kveðst ekki hafa vitað betur en Árni Björgvinsson ætti fyrir skuldum þegar þeir gerðu framangreinda samninga. Sér hafi verið kunnugt um að hann átti einbýlishús að Reynihvammi 5 í Kópavogi (það var raunar selt skv. kaupsamningi dags. 8. nóvember 1984 á kr. 5.200.000,00, þar sem fram kemur að áhvílandi veð hinn 1.4.1984 eru öll eldri en frá 1976 og hafa samtals numið einungis kr. 23.400,00 að upphaflegu nafnverði að líkindum allt óverðtryggt. Fyrsta fjárnáminu er þinglýst 27.4.1984).

Fram hefur verið lagður í málinu eignaskiptasamningur Árna Björgvinssonar og konu hans, dags. 28.5.1984. Meginefni hans er að konan fær fasteignina að Reynihvammi 5 með áhvílandi veðskuldum sem þá voru að nafnverði kr. 491.159,00 (þrjár aðfarargerðir höfðu farið fram í eigninni í apríl og maí), en „fyrirtæki hjónanna „Húsgagnaverslunin Skeifan", Smiðjuvegi 6, Kópavogi, með öllum vörubirgðum og viðskiptavild verður eign mannsins, enda ábyrgist hann allar skuldbindingar vegna rekstrarins", eins og segir í samningnum. Konan fær allt innbú og helming söluandvirðis bifreiðar búsins, BMW árgerð 1982. Stefndi telur augljóst að það sé með þessum skilnaðarsamningi, sem gerður hafi verið eftir kaupin um lagerinn, sem maðurinn hafi gert sig eignalausan. Húseignin að Reynihvammi 5 hafi verið hjúskapareign mannsins. Stefndi tekur fram að hann hafi ekkert komið nálægt þessari samningsgerð, þekktur og virtur nafngreindur hæstaréttarlögmaður í Reykjavík hafi annast hana.

Fram hefur verið lagður í málinu listi er Árni Björgvinsson tók saman eða lét taka saman yfir skuldir sínar hinn 6. maí 1984 og er niðurstöðutalan kr. 4.351.122,00 að viðbættum kr. 93.522,00 vegna rafmagns og hita og kr. 67.000,00 áætlaðri skuld við bæjarsjóð Kópavogs eða samtals kr. 4.511.644,00.

V.

Samningur sá frá 10.7.1984 sem liggur til grundvallar málssókn þessari hljóðar svo:

„Undirritaðir aðilar, Árni Björgvinsson kaupmaður, nnr. 0505-9860, Laugarnesvegi 39, Reykjavík, og Jón Einar Jakobsson hdl., nnr. 5152-3431, Hegranesi 35, Görðum, höfðu í hyggju að stofna með sér félag um rekstur húsnæðis þess að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi er Árni hefur á leigu frá Skeifunni hf. skv. húsaleigusamningi dags. 22. júlí 1983. Gerðu aðilar með sér samkomulag, dags. 16. mars sl., um að vinna að félagsstofnun í þessu skyni og var það samkomulag samþykkt af Skeifunni hf. vegna þeirra atriða er að hlutafélaginu laut.

Aðilar hafa að athuguðu máli fallið frá því ráði að stofna áminnst félag

og fella hér með samninginn frá 16. mars úr gildi en gera í hans stað svofelldan

samning:

1. Jón Einar mun yfirtaka öll réttindi og skyldur Árna skv. húsaleigusamningi hans við Skeifuna hf., dagsett (sic) 22. júlí 1983 um leigu á verslunarhúsnæði á neðri hæð húseignarinnar nr. 6 við Smiðjuveg í Kópavogi, svo sem nánar er greint í þeim samningi, og húsbúnað og áhöld er með fylgdu skv. sérstakri fylgiskrá. Yfirtaka samningsins miðast við 1. apríl 1984 og er að sjálfsögðu háð samþykki Skeifunnar hf.

2. Að fengnu samþykki Skeifunnar hf. fyrir yfirtöku húsaleigusamningsins, sbr. a.o., mun Jón Einar kaupa af Árna allar vörubirgðir verslunarinnar Skeifunnar, sem Árni á og hefur rekið í ofannefndu húsnæði. Létu aðilar framkvæma vörutalningu 1. apríl 1984 og voru þeir báðir viðstaddir og hafa samþykkt hana rétta. Kaupverð er kr. 1.162.872,00 og er þannig reiknað: Útsöluverð á talningardegi, kr. 1.914.856,00, að frádregnum söluskatti (nú 19.028% af útsöluverði), og að frádregnum 25% — tuttuguogfimm af hundraði —.

Kaupandi hefur þegar greitt meginhluta kaupverðs en eftirstöðvar greiðast skv. sérstöku samkomulagi. Skulu aðilar hið fyrsta gera reikningslegt uppgjör vegna kaupanna og skoðast það sem hluti samnings þessa.

Árni samþykkir að veð þau er hann setti Skeifunni hf. fyrir kaupum hans á lager Skeifunnar hf. sbr. kaupsamning þeirra dags. í júní 1983 skuli áfram standa til tryggingar skuldabréfum þeim er hann gaf út til Skeifunnar hf. við þau kaup.

Samkomulag þetta er bréfleg staðfesting á samkomulagi aðila frá 1. apríl 1984 og er undirritað í viðurvist votta.

Garðabæ 10. júlí 1984.

Árni Björgvinsson.

Jón Einar Jakobsson.

Vottar að dags., undirritun og lögræði aðila:
Garðar Garðarsson hdl.
Þór Jónsson.

Skeifan h.f. samþykkir hér framsal ofannefnds húsaleigusamnings frá 22. júlí 1983 til Jóns E. Jakobssonar vegna Bústofns frá og með 1. apríl 1984 og yfirtekur því nefndur Jón öll réttindi og allar skyldur Árna Björgvinssonar gagnvart Skeifunni h.f. eftir þessum húsaleigusamningi. Jafnframt fella aðilar úr gildi samkomulag frá 16. mars 1984 í þeim greinum er að þeim lúta.

Reykjavík, 13. júlí 1984.

pr. pr. Skeifan h/f.
Magnús Jóhannsson.
Jón Einar Jakobsson.

Vottar:
Sveinn Snorrason hrl.
Garðar Garðarsson hdl."

Garðar Garðarsson, hæstaréttarlögmaður í Keflavík, sem kom fyrir dóminn sem vitni, kvaðst hafa skráð samning þennan að beiðni aðila eftir lauslegar viðræður við þá báða og eftir að hafa fengið fyrri samningsgögn í hendur. Kvaðst hann hafa litið á þessa skjalagerð sína sem svo að þarna væri verið að ganga endanlega frá því sem áður var búið að semja um, auk þess sem verið væri að framkvæma söluuppgjör.

Umrætt uppgjör, sem dagsett er sama dag og samningurinn og undirritað af aðilum, en á þessu uppgjöri eru dómkröfur stefnanda byggðar, hljóðar svo:

,,Vörulager (kaupverð)		1.162.872,00
víxill	17.452,00	
víxill	8.880,60	
víxill	52.863,80	
reikn. nr. 3361	21.450,00	
víxill	114.846,32	
víxill	12.979,90	
vextir af víxlum	36.487,00	
8.12.'83 innb. pen.		120.000,00
Stimpilgjald	9.015,00	
innst.laus áv.	32.199,00	
innst.laus áv.	725,20	
innst.laus áv.	17.725,75	
Tollvörugeymslan	30.948,00	
innst.l. áv.	27.374,00	
innst.l. áv.	2.117,00	
innst.l. áv.	862,20	
Símareikn.	9.883,35	
Eikin	7.800,00	
Afb. af skuldabr. pr. 5.5.'84	121.033,70	
Sendibílar	2.110,00	
húsaleiga í mars	7.997,00	
Karolína ræsting í mars	4.560,00	
Víxlar	53.560,00	
sími 44117	1.116,75	

Sendibíll	1.445,00	
Innb. 4 skuldabr.		102.233,80
Eldhúsg. (Möbelhús)	23.434,00	
Sófasett	59.000,00	
Skilað vörum		12.767,00
Vörukaup Bahus (gr. m/vörum)		51.916,00
Gr. m/skuldabr. 2.1. Magn. Jóhanns.	422.066,00	
Landsb. Ísl. v/M. Jóhn. pr. 5/6	100.236,00	
v/Sigurbjörns Ragnarss. (Gestur Jóns)	62.328,00	
Formbólstrun		46.200,00
Bóndinn (augl.)	25.000,00	
Íþróttaf. Kópavogs 1/2	7.500,00	
Ragnar Magnússon (bólstr.)	59.579,00	
Tékki v/bæjarsj. Kóp.	65.751,20	
Víxlar, Dux	96.600,00	
	1.516.925,77	1.495.988,80
Mismunur, ofgr.		20.937,00
	1.516.925,77	1.516.925,77

Ofangreint uppgjör samþykkt og mér afhentir víxlar og kvittanir skv. ofangreindu.

Uppgjör skv. samn. dags. 10/7 1984 hefur því farið fram og er mér að fullu greitt.

10.7. 1984

Árni Björgvinsson.

Samþykkur:

Jón E. Jakobsson."

Álit réttarins.

Líta verður svo á að kaup stefnda Jóns Einars Jakobssonar á vörulager Árna Björgvinssonar hafi farið fram hinn 1. apríl 1984. Þann dag fór afhending lagersins fram og umsamið kaupverð hans var endanlega ákvarðað með vörutalningu er fram fór þann dag. Frá og með þeim degi tók stefndi við leigusamningi um umrætt verslunarhúsnæði á grundvelli samnings er aðilar höfðu gert hinn 16. mars 1984 við leigusalann Skeifuna hf. og samkvæmt munnlegu viðbótarsamkomulagi um að stefndi yrði beinn leigutaki frá 1. apríl. Þetta síðastgreinda munnlega samkomulag, um framsal í stað framleigu, hefur framkvæmdastjóri Skeifunnar hf., Magnús Jóhannsson, staðfest hér fyrir dómi, og texti kvittana hans f.h. Skeifunnar hf., sem eru frá 1.4.1984 stílaðar á „Jón E. Jakobsson/Bústofn", svo og texti áritunar

hans f.h. Skeifunnar hf. á samninginn frá 10.7.1984, eru einnig til staðfestingar því.

Það atriði að hið skriflega samningsuppkast um kaup stefnanda á lagernum frá 20. mars 1984 var framkvæmt í raun styður það að kaupin hafi verið frágengin hinn 1. apríl sama ár.

Ákvæði samningsins frá 10.7.1984 um „að fella samninginn frá 16. mars 1984 úr gildi" lýtur augljóslega að ákvæðum hans um félagsstofnun og framleigu, en ekki að síðar gerðum munnlegum samningi á grundvelli uppkastsins frá 20. mars 1984.

Að sönnu eru greiðslur vegna fyrri viðskipta annars vegar og greiðslur vegna vörulagersins hins vegar ekki aðgreindar eða dagsettar í uppgjörinu sem er fylgiskjal með samningnum frá 10. júlí 1984. Á hinn bóginn hefur stefndi með framlagningu sundurliðaðs yfirlits undir rekstri máls þessa, þar sem greiðslur eru dagsettar og nokkurn veginn studdar fylgiskjölum, sýnt nægilega fram á að umræddar greiðslur voru ýmist fyrirframgreiðslur upp í lagerinn (skuldabréfið frá 16. mars, innstæðulaus ávísun greidd 19. mars) eða greiðslur eftir að kaup á lagernum fóru fram.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda í máli þessu.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda hluta málskostnaðar hans eða kr. 100.000,00. Er þá tekið tillit til þess til lækkunar í fyrsta lagi að ólíklegt er að til málshöfðunar þessarar hefði komið ef vandvirkni hefði verið gætt við skjalagerð og uppgjör hinn 10.7.1984, en stefndi útvegaði lögmann þann er gekk frá plöggunum og er sjálfur lögmaður, og í öðru lagi að stefndi tapaði þeim þætti málsins er úrskurður gekk um hinn 8. apríl 1986 að undangengnum munnlegum málflutningi.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Einar Jakobsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Árna Björgvinssonar, í máli þessu.

Stefnandi, þrotabú Árna Björgvinssonar, greiði stefnda, Jóni Einari Jakobssyni, kr. 100.000,00 í málskostnað.

Mánudaginn 25. apríl 1988.

Nr. 312/1986. **Gylfi S. Guðmundsson**
(Haraldur Blöndal)
gegn
Ölmu Hansen
(Gestur Jónsson hrl.)

Fasteignakaup. Riftun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Skaftason og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1986. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu í héraði, en til vara þess að kröfurnar verði lækkaðar. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í héraðsdómi var það að ósk stefndu og bróðir hennar, að kaup aðila um fasteignina Bárugötu 11 í Reykjavík gengu til baka og má fallast á þá niðurstöðu, að áfrýjandi hafi ekki fallið frá rétti til bóta vegna tjóns, sem af því leiddi fyrir hann. Ekki þykir sannað að hann eigi tilkall til frekari bóta en honum voru ákveðnar í héraðsdómi vegna afnota stefndu af eigninni og annarra atriða, en málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað.

Áfrýjandi keypti fasteignina Granaskjól 20 í Reykjavík skömmu eftir kaupin um Bárugötu 11 og seldi hana aftur fyrir svipað verð nokkru áður en sala fór fram á eigninni að Bárugötu til Líknarfélagsins Vonar. Svo virðist sem kaup áfrýjanda á eigninni að Granaskjóli hafi komið til framkvæmda fyrr en dagsetning kaupsamnings gefur til kynna, en eigi að síður þykir hann ekki hafa sýnt fram á að stefndu beri að bæta honum þau sölulaun, sem hann telur sig hafa greitt við endursölu eignarinnar.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Rétt er eftir atvikum að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. október 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október sl., höfðaði Gestur Jónsson hrl., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, f.h. Ölmu E. Hansen, nafnnúmer 0263-0699, tónlistarkennara, Garðaflöt 7, Garðabæ, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. maí 1985, gegn Gylfa S. Guðmundssyni veitingamanni, nafnnúmer 2642-5964, Bárugötu 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndi verði dæmdur til þess að greiða kr. 375.000,00 með 19% ársvöxtum frá 28. september 1984 til 1. janúar 1985, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, en 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist greiðslu á kr. 275.000,00 með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru aðallega krafa um sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að stefndi verði einungis dæmdur til þess að greiða hluta dómkröfu stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir að hinn 28. september 1984 keyptu stefnandi og bróðir hennar Gunnlaugur Hansen fasteignina nr. 11 við Bárugötu í Reykjavík af stefnda. Kaupsamningurinn er dagsettur 28. september 1985 en aðilar eru sammála um að hann hafi verið gerður 28. september 1984. Umsamið kaupverð var kr. 10.000.000,00, þar af skyldu kr. 500.000,00 greiðast við samning en heildarútborgun skyldi vera kr. 6.000.000,00. Í október afhentu kaupendur tvær ávísanir samtals að fjárhæð kr. 500.000,00, en þær reyndust innstæðulausar nema að því er varðaði kr. 500,00. Seinna greiddu kaupendur kr. 375.000,00 af þessum kr. 500.000,00 sem skyldu greiðast við samningsgerð. Einnig afhentu kaupendur stefnda 11 víxla fyrir samtals kr. 5.500.000,00. Víxlar þessir skyldu greiðast á tímabilinu 1. nóvember 1984 til 1. nóvember 1985.

Samkvæmt kaupsamningi skyldi húsnæðið afhent í áföngum og var hluti kjallarans afhentur um miðjan eða 10. október 1984.

Fljótlega kom í ljós að stefnandi gat ekki staðið við sinn hluta samningsins, t.d. greiddi stefnandi ekki eftirstöðvar útborgunarinnar sem skyldi greiðast við samningsgerð. Hinn 9. nóvember 1984 óskuðu kaupendur eftir því að kaupin gengju til baka og samþykkti stefndi það. Í síðari hluta desember 1984 rýmdu kaupendur þann hluta hússins sem þau höfðu fengið til afnota. Með bréfi, dags. 25. janúar 1985, viðurkenndi lögmaður stefnanda að hafa móttekið frá lögmanni stefnda víxla samtals að fjárhæð kr. 5.900.000,00. Í sama bréfi var þess krafist að stefndi endurgreiddi stefnanda kr. 375.000,00, sem greiddar hafi verið í peningum að frádreginni hæfilegri fjárhæð til stefnda fyrir þau óþægindi sem hann kunni að hafa haft af því að kaupin gengu til baka. Tekið var fram að hver sú fjárhæð eigi að vera sé matsatriði en stefnandi sé reiðubúin að greiða kr. 100.000,00 í því skyni. Óskað var eftir svari fyrir 1. febrúar 1985.

Með kaupsamningi, dags. 13. maí 1985, seldi stefndi Líknarfélaginu Von fasteignina Bárugötu 11.

Hinn 14. maí 1985 framseldi Gunnlaugur Hansen stefnanda allan rétt sinn samkvæmt kaupsamningnum við stefnda.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að stefndi hafi fallist á að láta kaupin ganga til baka. Hvorki hafi stefndi áskilið sér sérstakar bætur af þeim sökum né samþykkt tilboð stefnanda um greiðslu á kr. 100.000,00 í því skyni. Sé tilboð stefnanda því fallið niður.

Hafi stefndi selt húsið nýjum aðila hafi hann sjálfur rift samningi sínum við stefnanda og fallið frá hugsanlegum kröfurétti sínum gagnvart stefnanda.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að fyrir 9. nóvember 1984 hafi stefnda verið orðið það ljóst að stefnandi gat ekki staðið við kaupin og þess vegna hafi það líka verið hagsmunir stefnda að kaupin gengju til baka. Þá er samkomulag varð með aðilum um að kaupin gengju til baka hafi stefndi engan áskilnað gert um að fá að halda þeim peningum sem hann hafði tekið við. Þess vegna eigi stefndi að skila þeim peningum eins og stefnandi hafi skilað húseigninni. Ef ekki verði á þetta fallist þá eigi stefnandi a.m.k. að fá til baka þá peninga sem eftir séu að frádregnu því tjóni sem stefndi hafi sannanlega orðið fyrir.

Kröfur stefnda um kr. 140.000,00 vegna leigutekjumissis var sérstaklega mótmælt og tekið fram að samkvæmt kaupsamningi hafi afhending á 1. hæð ekki átt að fara fram fyrr en 1. janúar 1985. Ekki sé óeðlilegt að stefnandi greiði leigu fyrir kjallarann í þann tíma sem stefnandi hafi haft afnot hans eða í tvo og hálfan mánuð.

Sölulaun kr. 150.000,00 vegna síðari sölu á Bárugötu 11 eigi stefnandi

ekki að greiða. Það sé óeðlilegt að stefndi þurfi ekkert að greiða fyrir sölu fasteignar sinnar.

Kröfu stefnda vegna kostnaðar við sölu á fasteigninni Granaskjóli 20 er mótmælt sem óviðkomandi stefnanda.

Engin gögn séu yfir húsaleigu, þrif og rafmagn vegna kjallarans þann tíma sem stefnandi hafði afnot kjallarans og var kröfum stefnda vegna þessa mótmælt.

IV.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að þegar ljóst hafi verið að stefnandi og bróðir hennar gátu á engan hátt staðið við skuldbindingar sínar hafi þau óskað eftir því að fá sig leyst undan samningum. Stefndi hafi fallist á það og að afhenda víxla sem gefnir höfðu verið út, en jafnframt hafi hann áskilið sér rétt til þess að halda eftir af útborgun skaðabótum vegna kaupanna. Það hafi verið samþykkt af hálfu kaupenda.

Stefndi telur tjón sitt vegna kaupanna eftirfarandi:

1. Stefnandi hafi fengið kjallara hússins Bárugötu 11 til umráða 10. október 1985. Kjallarinn hafi áður verið í leigu og jafnframt hafi 1. hæð hússins verið í leigu. Leigjendum hafi verið sagt upp til þess að rýma húsið og hafi stefndi misst leigutekjur vegna þessa. Ætlaður leigutekjumissir sé kr. 140.000,00 fyrir 7 mánuði.

2. Stefndi hafi ekki greitt neinum sölulaun vegna kaupsamningsins við stefnanda og bróður hennar. Er stefndi hafi selt Bárugötu 11 í síðara sinnið hafi hann þurft að greiða full sölulaun og nemi þau kr. 200.000,00. Þá fjárhæð gerir stefndi kröfu til þess að fá greidda úr hendi stefnanda.

3. Stefndi hafi orðið að selja Granaskjól 20 vegna vanefnda stefnanda og hafi hann orðið að greiða sölulaun vegna þessa kr. 100.000,00. Það sé stefnanda að bæta stefnda það tjón.

4. Stefnanda beri að greiða húsaleigu, þrif og rafmagn vegna kjallarans fyrir þann tíma sem hann var þar og telur stefndi að hæfilegar bætur fyrir það séu kr. 20.000,00.

Því er sérstaklega mótmælt að stefndi hafi með því að selja húsið nýjum aðila rift samningi sínum við stefnanda og fallið frá hugsanlegum kröfurétti. Þvert á móti hafi samningnum verið rift vegna óska stefnanda en stefndi hafi strax lýst því yfir að hann myndi halda eftir því sem þegar hafði verið greitt vegna skaðabóta.

V.

Niðurstaða.

Við aðalflutning málsins gaf stefndi skýrslu fyrir dóminum. Aðrir hafa ekki verið yfirheyrðir vegna máls þessa.

Það var að ósk kaupenda, stefnanda og bróður hennar, að samkomulag

var gert um það í nóvember 1984 að kaup samkvæmt kaupsamningnum um Bárugötu 11 frá 28. september 1984 skyldu ganga til baka þar sem kaupendurnir gátu ekki staðið við sinn hluta samningsins. Á stefndi því rétt á bótum vegna þess tjóns sem hann sannanlega varð fyrir vegna þess að kaupin voru látin ganga til baka, enda verður því, að stefndi áskildi sér ekki rétt til bóta, ekki jafnað til þess að hann hafi afsalað sér bótarétti.

Gegn andmælum stefnanda þykir stefndi hvorki hafa sannað að hann hafi vegna sölunnar til stefnanda og bróður hennar verið án leigutekna vegna Bárugötu 11 í 7 mánuði né að fyrir söluna hafi hann haft kr. 20.000,00 í leigu á mánuði fyrir þann hluta hússins sem hann venjulega leigði út. En viðurkennt er að stefnandi hafi fengið til afnota hluta kjallara hússins um miðjan október 1984 og haft þau afnot þar til seinni hlutann í desember s.á. Fyrir þessi afnot ber stefnanda að greiða. Jafnframt þykir stefndi eiga rétt á bótum vegna þess að hann hafi ekki getað leigt kjallarann aftur þar sem hann var að reyna að selja húsið að nýju. Eftir atvikum þykir leiga fyrir afnot stefnanda af húsnæðinu og tapaðar leigutekjur fyrir kjallarann hæfilega áætlaðar kr. 70.000,00.

Við sölu á fasteigninni Bárugötu 11 til Líknarfélagsins Vonar í maí 1985 greiddi stefndi í sölulaun kr. 150.000,00. Þetta eru útgjöld sem stefndi varð fyrir vegna þess að kaup stefnanda og bróður hennar voru látin ganga til baka og ber stefnanda að bæta stefnda þetta tjón.

Gegn andmælum stefnanda verður ekki á það fallist að það hafi verið fyrir vanefndir stefnanda að stefndi varð að selja fasteignina Granaskjól 20 og greiða vegna þessa kr. 100.000,00 í sölulaun, enda er kaupsamningur stefnda um kaup hans á Granaskjóli 20 dags. 23. desember 1984.

Stefndi hefur engin gögn lagt fram vegna kostnaðar við þrif og rafmagn í kjallaranum að Bárugötu 11 á þeim tíma sem stefnandi hafði afnot af kjallaranum, en hér að framan hefur verið tekin afstaða til kröfu stefnda um húsaleigu vegna kjallarans.

Niðurstaða málsins verður því sú að stefndi verður dæmdur til þess að endurgreiða stefnanda kr. 155.000,00 (kr. 375.000,00 ÷ 220.000,00) með vöxtum eins og segir í dómsorði.

Málskostnaður ákveðst kr. 40.000,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gylfi S. Guðmundsson, greiði stefnanda, Ölmu Hansen, kr. 155.000,00 með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 11. maí 1985, en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 4. júní 1985 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000,00 í málskostnað.

Mánudaginn 25. apríl 1988.

Nr. 103/1988. **Lífeyrissjóður verkalýðsfélaganna á Norðurlandi vestra**
gegn
Jóni Ísberg sýslumanni í Húnavatnssýslu

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 28. mars sl., sem barst dóminum 15. þ.m. Hann gerir þessar dómkröfur:

„Að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og lagt verði fyrir uppboðshaldara að taka ágreiningsefnið fyrir að nýju í uppboðsréttinum.

Að kæranda verði gefinn kostur á að leggja fram greinargerð máli sínu til stuðnings.

Að aðilum málsins til sóknar og varnar verði tilkynnt um fyrirtöku málsins með hæfilegum fyrirvara."

Af hálfu varnaraðila hefur ekki komið fram formleg greinargerð, en bréflega hefur hann látið þess getið að um kæruna sjálfa segði hann ekkert, en hefði talið greinargerð í héraði óþarfa og viljað flýta málinu.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði var fasteignin Blöndubyggð nr. 3 á Blönduósi slegin sóknaraðila á nauðungaruppboði 21. desember 1987. Hann krafðist útlagningar á eigninni sem ófullnægður veðhafi. Ennfremur lét hann á uppboðsþingi bóka eftirfarandi: „Lífeyrissjóður Verkalýðsfél. á Norðurl. vestra áskilur sér rétt til þess, að koma að mótmælum gegn fjárnámskröfum vegna Halldórs Ármannssonar." Með bréfi 7. mars sl. mótmælir lögmaður sóknaraðila kröfum tveggja kröfuhafa í uppboðsandvirði eignarinnar. Í bréfinu segir svo: „Mótmælin eru á því byggð að þann 5.6. 1985 kaupir Bentína Jónsdóttir ofangreinda eign af Páli Skúlasyni, sbr. kaupsamning ds. þann dag. Fjárnámin eru gerð skv.

dómum á eiginmann Bentínu Halldór Ármannsson persónulega. Þó Halldór sé eiginmaður Bentínu standa hjúskapareignir Bentínu ekki til fullnustu skuldum Halldórs, er um það vísað til 25. gr. laga nr. 20/1923. Þess er krafist að úrskurðað verði að ofangreindir aðilar Póstur og sími og Skuldaskil hf. eigi ekki kröfu í uppboðsandvirði ofangreindrar eignar. Þess er krafist að umbjóðandi minn Lv.Nv. fái að leggja fram greinargerð máli sínu til stuðnings. Þá er þess krafist að úrskurðurinn verði með forsendum."

Að svo komnu tók uppboðshaldari málið til úrskurðar og kvað upp í því hinn kærða úrskurð.

Auk ofangreindra röksemda byggir sóknaraðili í kærumáli þessu á því að honum hafi eigi verið gefinn kostur á því að leggja fram greinargerð og tala máli sínu. Sé það t.d. andstætt ákvæðum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Sjá má af gögnum málsins að ekki liggur fyrir frumvarp að úthlutunargerð samkvæmt 34. gr. uppboðslaga. Það þykir þó ekki standa því í vegi, eins og hér háttar til, að rekin verði sérstök uppboðsréttarmál um ágreiningsefni. Að framkomnu bréfi sóknaraðila bar uppboðshaldara sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 og 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936 að taka kröfur hans fyrir í uppboðsrétti og ef sátt yrði ekki að reka málið eftir ákvæðum IX. kafla laga um meðferð einkamála í héraði. Réttarfarsafbrigði þessi eru það veruleg, að eigi verður hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu til uppboðsréttarins til löglegrar meðferðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Úrskurður uppboðsréttar Húnavatnssýslu 10. mars 1988.

Kaupandi húseignarinnar Blöndubyggðar 3, Blönduósi, en hann fékk eignina sér útlagða sem ófullnægður veðhafi á uppboði 21. des. sl., telur sér ekki skylt að greiða veðskuld framar í veðröðinni, fjárnámskröfu, vegna þess að sú krafa sé á nafni eiginmanns eiganda eignarinnar og vitnar í því sambandi í 25. gr. laga nr. 20, 1923 um réttindi og skyldur hjóna.

Grundvallarákvæði þeirra laga um fjármál hjóna er að finna í 17. gr.

og taka þau af öll tvímæli um að við giftingu fær hvort hjóna um sig fulla hlutdeild í eða hjúskaparrétt yfir eignum maka síns, nema um séreign sé að ræða. Nú er því ekki til að dreifa. Enginn kaupmáli var til á milli hjónanna og enginn gerður. Þess vegna mátti leita fullnustu skuldar skráðrar á nafn mannsins í húseigninni, þótt hún væri skráð á nafn eiginkonunnar.

Ákvæði 25. gr. styrkja einmitt þennan skýlausa vilja löggjafans um jafnan eignarrétt hjónanna þar sem þar er tekið fram, að hvort hjónanna um sig beri ekki aðeins ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað er til fyrir hjúskap með séreign sinni heldur einnig hjúskapareign sinni, þ.e. helming sameiginlegra eigna hjónanna.

Þess vegna verður að líta svo á að heimilt hafi verið að gera fjárnám til tryggingar skuldar á nafni eiginmannsins í húseigninni, þótt hún hafi verið skráð á nafn konunnar.

Á l y k t u n a r o r ð:

Veðréttur Skuldaskila hf. vegna fjárnámskröfu er viðurkenndur í Blöndubyggð 3 á Blönduósi og ber kaupanda eignarinnar að greiða fjárnámskröfuna, sem veðrétturinn tryggir, ásamt með áföllnum kostnaði.

Fimmtudaginn 28. apríl 1988.

Nr. 91/1988. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steinunni Ásmundsdóttur
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Máli þessu hefur af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. febrúar 1988 til sakfellingar og refsiákvörðunar og sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi eða ökuleyfissviptingar.

Í ákæruskjali, sem rakið er í héraðsdómi, er ákærðu gefið að sök, auk þess að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis, að hafa ekið svipt ökuréttindum. Skilja ber ákæruskjalið svo, að ákært sé vegna aksturs uns lögreglan stöðvaði ákærðu á Kirkjubraut á Akranesi. Héraðsdómari hefur einungis dæmt um fyrra ákæruatriðið en víkur ekki að hinu síðara. Vegna þessa galla á málsmeðferðinni verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar í héraði að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. febrúar 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 11. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveð-

inn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 93/1988: Ákæruvaldið gegn Steinunni Ásmundsdóttur, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. febrúar 1988 á hendur ákærðu, Steinunni Ásmundsdóttur nema, Hagamel 10 í Reykjavík, fæddri 31. desember 1962, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 8. nóvember 1987 undir áhrifum áfengis og svipt ökuréttindum bifreiðinni R-65786 frá sumarbústað í landi Jarðlangsstaða í Borgarhreppi í Mýrasýslu til Borgarness og þaðan til Akraness, en þar stöðvaði lögreglan akstur hennar á Kirkjubraut.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Ákærða hefur skýrt frá því að hún hafi verið með þremur stöllum sínum í sumarbústað í landi Jarðlangsstaða í Borgarhreppi laugardaginn 7. nóvember sl. Hún hafi drukkið hvítvín með kvöldmatnum og um kvöldið hafi hún drukkið tvo bjóra. Hún hafi svo ekið að hótelinu í Borgarnesi, þar sem hún hafi drukkið eitt glas af líkjör. Þar hafi þær staðið við í 1/2-1 klukkustund og síðan hafi hún ekið til Akraness, þar sem þær stöllurnar fóru á dansleik. Á dansleiknum kveðst ákærða hafa drukkið ginblöndu. Að dansleiknum loknum hafi hún ekið af stað og ferðinni verið heitið í sumarbústaðinn aftur. Á Kirkjubraut hafi lögreglan stöðvað aksturinn.

Í skýrslu hjá lögreglunni á Akranesi kvaðst ákærða hafa fundið til áfengisáhrifa eftir að hafa drukkið líkjörinn í Borgarnesi, en hér í dóminum hefur hún sagt að það væri rangt eftir sér haft. Aftur á móti hafi hún fundið fyrir áhrifum áfengis eftir dansleikinn á Akranesi.

Vitnin Valgerður Geirsdóttir, Sigrún Matthea Sigvaldadóttir og Sólveig Eiríksdóttir hafa borið á sömu lund og ákærða, en hafa þó sagt að þær hafi ekki merkt áfengisáhrif á ákærðu við akstur hennar, en þær voru farþegar allan tímann.

Enda þótt nokkrar líkur séu til þess að ákærða hafi fundið til áfengisáhrifa á leiðinni frá sumarbústaðnum til Akraness er ekki unnt gegn neitun hennar og vegna framburðar vitnanna að telja það sannað, en eins og ákæru í málinu er háttað er ekki unnt að fjalla um aksturinn eftir dansleikinn á Akranesi í þessu máli. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru í málinu og leggja kostnaðinn af því á ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærða, Steinunn Ásmundsdóttir, er sýkn af ákæru í máli þessu. Sakarkostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 11. maí 1988.

Nr. 143 og
259/1987. **Sigurbjörn Eiríksson**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Ásgeiri Ásgeirssyni
f.h. Hestamannsins
(Skúli Pálsson hrl.)

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Áskorunarmál. Varnarþing. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þessi dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málunum til Hæstaréttar með stefnum 28. apríl 1987 og 15. september s.á. Hann krefst þess aðallega að hin áfrýjaða áritun verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi og hið áfrýjaða fjárnám fellt úr gildi. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda í héraði og að hið áfrýjaða fjárnám verði fellt úr gildi. Þá krefst hann í báðum tilvikum málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hin áfrýjaða áritun og hið áfrýjaða fjárnám verði hvorutveggja staðfest. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gaf út 11. mars 1987 áskorunarstefnu á hendur áfrýjanda. Hann krafðist greiðslu á 50.940,00 krónum ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 30. júní 1986 og til greiðsludags. Um málsatvik og málsástæður segir svo í stefnunni: „Skuld þessi er tilkomin vegna úttekta stefnda á vörum hjá stefnanda í júní '86 og eru viðskiptin skráð á reikning merktum stefnanda og stíluðum á stefnda, ds. 30.6.'86 að fjárhæð kr. 50.940,00, kvittuðum af starfsmanni stefnda."

Málið var þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu 31. mars 1987 og afgreitt næsta dag með svofelldri áritun: „Stefnukröfur máls þessa ásamt málskostnaði að fjárhæð kr. 11.100 verða aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dags. áritunar þessarar." Úttekt sú er um ræðir fór fram í verslun stefnda í Reykjavík.

Lögð hafa verið fyrir Hæstarétt ýmis ný gögn, svo sem aðilja- og vitnaskýrslur, sem teknar voru eftir áfrýjun málanna. Lagður hefur verið fram útdráttur úr jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins, en þar segir að fardagaárið 1986-1987 hafi áfrýjandi verið eigandi að og ábúandi á jörðinni Álfsnesi í Kjalarneshreppi. Ennfremur vottorð frá Búnaðarfélagi Íslands um að þar hafi samkvæmt forðagæsluskýrslum í árslok 1986 verið skráðir 50 hestar og hryssur 4 vetra og eldri. Þá liggur fyrir vottorð þjóðskrár Hagstofu Íslands 29. september 1987 þess efnis að áfrýjandi hafi frá 15. október 1985 átt lögheimili að Hraunbæ 60 í Reykjavík.

Áskorunarstefnan var birt fyrir dóttur áfrýjanda að Álfsnesi. Viðurkennt er að hann fékk vitneskju um stefnubirtinguna, en ósannað er að hann hafi fengið eftirrit stefnunnar eða vitneskju um að málið ætti að reka fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu í Hafnarfirði. Kveðst hann hafa talið að málið yrði þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur og látið mæta þar. Hann telur málið höfðað á röngu varnarþingi og því hafi héraðsdómara borið að vísa því frá dómi.

Stefndi byggir á því að rétt hafi verið að birta stefnuna að Álfsnesi, enda sé áfrýjandi eigandi jarðarinnar og hafi haft ábúð á henni og eigi þar heimili.

Svo sem áður greinir er áfrýjandi samkvæmt þjóðskrá talinn eiga lögheimili að Hraunbæ 60 í Reykjavík á þeim tíma er hér skiptir máli. Þótt áfrýjandi sé eigandi jarðarinnar og hafi haft hana til ábúðar til hrossaræktar þykir heimilisfesti hans þar eigi svo sönnuð að heimilt hafi verið að stefna máli þessu til aukadómþings Kjósarsýslu á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Á reikningi yfir úttektina, er lá fyrir héraðsdómara, var að vísu prentað nafn Hestamannsins, en hann var ekki undirritaður af eiganda firmans. Reikningurinn var stílaður á „Sigurbjörn/Klúbburinn" og móttökukvittun á honum ólæsileg. Í áskorunarstefnu segir hins vegar að reikningur sé stílaður „á stefnda" og kvittaður af „starfsmanni" hans. Lýsing málsatvika er að þessu leyti ófullkomin og í ósamræmi við skjöl málsins og engin grein er gerð fyrir tengslum stefnda við nafnritunina „Sigurbjörn/Klúbburinn" né deili sögð á umræddum starfsmanni. Er aðild áfrýjanda að málinu, eins og það lá fyrir héraðsdómara, eigi nægilega sönnuð

til að reka mætti málið sem áskorunarmál sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 97/1978.

Vegna framangreindra ástæðna beggja saman og hvorrar um sig verður ekki hjá því komist að ómerkja hina áfrýjuðu áritun og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun er felld úr gildi ásamt eftirfarandi fjárnámi.

Stefndi, Ásgeir Ásgeirsson f.h. Hestamannsins, greiði áfrýjanda, Sigurbirni Eiríkssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kjósarsýslu 29. júní 1987.

Ár 1987, mánudaginn 29.6. er fógetaréttur Kjósarsýslu settur að Álfsnesi, Kjalarneshr., með undirrituðum vottum, af Rúnari S. Gíslasyni ftr. Fyrir er tekið fógetamálið: Hestamaðurinn gegn Sigurbirni Eiríkssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 áskorunarstefnu áritaða um aðfararhæfi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Steingrímur Þormóðsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 50.940,00 með 2,25% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 30.6. 1986 til 1.4. 1987, þá með 2,5% mánv. frá þ.d. til greiðsludags, kr. 1.360,00 fyrir gerðarbeiðni, kr. 11.100,00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Þormóður Sigurjónsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola jörð og fasteignir að Álfsnesi, Kjalarneshreppi. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 11. maí 1988.

Nr. 105/1988. **Magnús Jónsson**
gegn
sýslumanninum í Húnavatnssýslu

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með vísan til 3. tl. 1. mgr. og til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. mars sl., sem barst Hæstarétti 19. apríl sl. Þar og í greinargerð 24. apríl sl. gerir hann þær kröfur að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að taka lögbannsbeiðni sóknaraðila fyrir að nýju til efnisúrlausnar og að tilkynna honum um þá fyrirtekt með hæfilegum fyrirvara, þannig að honum gefist kostur á að leggja fram greinargerð beiðninni til stuðnings. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði synjaði fógeti sóknaraðila að taka kröfu hans um lögbannið til greina, án þess að gefa honum kost á að koma að frekari gögnum og greinargerð, sem hann

hafði óskað eftir. Sóknaraðili hefur ekki skýrt hvaða gögn þetta væru eða hvers vegna þau fylgdu ekki beiðninni, sem hafði að geyma rök fyrir máli hans og lýsingu á helstu málavöxtum.

Eigi verður talið að fógeti hafi með þessari meðferð málsins gert á hlut sóknaraðila í dómarastarfi þannig að lokamálsgrein 21. gr. laga nr. 75/1973 taki til þess. Að öðru leyti sýnist kröfugerð sóknaraðila miða að því að fá lögbannskröfunni framgengt, en úrlausn þess máls sætir ekki kæru til Hæstaréttar sbr. a-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt þessu brast sóknaraðila heimild til kæru þessarar og er málinu vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 2. mars 1988.

Lögmaður eiganda bifreiðarinnar H-2954 hefur krafist lögbanns við því að klippa númer af bifreiðinni vegna þungaskattsskuldar. Það er upplýst í málinu að skuld vegna H-2954 er nú kr. 1.817.377,00 þar af tilfallið á árinu 1987 án dráttarvaxta kr. 740.074,00. Ekkert hefur verið greitt inn á þessa skuld á sl. ári né nú á nýbyrjuðu ári. Lögmaðurinn hóf afskipti af þessu máli í apríl á sl. ári. Hann hefur því haft nægan tíma til þess að kynna sér allar málsástæður og er því engin nauðsyn að grípa til lögbanns til að koma í veg fyrir verknað, sem löglegt er að beita gagnvart þeim, sem ekki greiða þungaskatt.

Fógetarétturinn synjar því um framgang gerðarinnar.

Ályktunarorð:

Umræddri lögmannsgjörð er synjað.

Föstudaginn 17. maí 1988.

Nr. 125/1988. **Alma Hansen**
gegn
Gylfa S. Guðmundssyni,
Guðrúnu Skarphéðinsdóttur og
yfirborgarfógetanum í Reykjavík

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Helgu Jónu Benediktsdóttur, fulltrúa yfirborgarfógeta, 29. apríl 1988.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar 29. apríl sl., en kærugögn bárust dóminum 4. þ.m. Skilja verður kæruna svo að þess sé krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna fjárnám. Á hendur yfirborgarfógeta er höfð uppi sú kröfugerð að hann verði dæmdur solidariskt með varnaraðilum til greiðslu kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hefur ekki borist greinargerð.

Sóknaraðili beinir fjárnámskröfunni að félagsbúi stefndu, Gylfa og Guðrúnar, en fjárnámsheimildin er dómur á hendur Gylfa einum. Sóknaraðili telur því ekki hafa verið andmælt í héraði að kröfunni var stefnt gegn félagsbúi þeirra hjóna. Hann krafðist fjárnáms í hluta húseignarinnar nr. 27 við Freyjugötu í Reykjavík, en stefnda Guðrún fékk afsal fyrir eign þessari 6. maí 1987 og var hún gerð séreign hennar með kaupmála 31. júlí s.á. Fógeti kvað upp úrskurð án forsendna, sem hljóðar svo: „Krafa gerðarbeiðanda, Ölmu Hansen um að fjárnám verði gert í Freyjugötu 27, er ekki tekin til greina."

Hinn kærði úrskurður verður ekki borinn undir Hæstarétt með kæru sbr. a-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. maí 1988.

Nr. 227/1987. **Sverrir Kristjánsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Glóbus hf.
(Pétur Guðmundarson hrl.)
Hákoni H. Kristjónssyni
Malbikunarstöð Reykjavíkur
Kjörbúðinni Hólagarði hf.
Búnaðarbanka Íslands
innheimtumanni ríkissjóðs í Mosfellsbæ og
Axel Ström Óskarssyni

Þinglýsing. Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari, Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1987 og sakaukastefnu 18. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi dagsettu 17. september 1987. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081, framlagt í uppboðsrétti 3. mars 1987, verði breytt þannig að af uppboðsandvirði, sem koma á til úthlutunar, 409.250,00 krónur, verði 269.611,22 krónum úthlutað upp í kröfur áfrýjanda samkvæmt fjárnámi gerðu 23. nóvember 1984 og þinglýstu þann 3. desember 1984, framar rétti Glóbus hf. og annarra veðhafa, en að greiddum kröfum innheimtumanns ríkissjóðs í Mosfellsbæ, 87.411,00 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi Glóbus hf. í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfur stefnda Glóbus hf. eru þær að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Sakaukastefndu Hákon H. Kristjónsson, Malbikunarstöð Reykjavíkur, Kjörbúðin Hólagarður hf., Búnaðarbanki Íslands, inn-

heimtumaður ríkissjóðs í Mosfellsbæ og Axel Ström Óskarsson hafa engar kröfur gert fyrir dóminum.

Samkvæmt 4. mgr. 43. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978, sbr. 1. mgr. 48. gr. sömu laga, hafði Glóbus hf. fjórar vikur til þinglýsingar veðskjala þeirra, sem um getur í málinu, frá útgáfudegi þeirra 21. september 1984 að telja. Verkfall Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hófst 4. október 1984 og hafði veðskjölum þá ekki verið þinglýst. Verkfallið stóð til 30. október sama ár. Óumdeilt er að skjölin voru síðan móttekin til þinglýsingar 8. nóvember 1984, þ.e. á sjöunda vinnudegi eftir lok verkfallsins. Samkvæmt vottorði embættis bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumanns í Kjósarsýslu var ekki tekið á móti skjölum til þinglýsingar í verkfalli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Af hálfu stefnda Glóbus hf. var skjölunum þinglýst innan hæfilegs tíma frá lokum verkfallsins. Þegar af þeirri ástæðu þykir mega staðfesta úrskurð héraðsdóms að niðurstöðu til.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda Glóbus hf. 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þrátt fyrir ofangreint vottorð sýna gögn málsins að hjá embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumanns Kjósarsýslu var tekið á móti skjölum til þinglýsingar í verkfalli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hefur þetta misræmi ekki verið skýrt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sverrir Kristjánsson, skal greiða stefnda, Glóbus hf., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 24. júní 1987.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 3. júní sl. eftir munnlegan málflutning, hefur sóknaraðili í máli þessu Björn Ólafur Hallgrímsson hdl. f.h. Sverris Kristjánssonar, nnr. 8789-0600, Miðleiti 6, Reykjavík, krafðist þess að breyting verði gerð á frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081, sem seld var á uppboði 14. febrúar 1987 (sic).

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru þær að Sverri Kristjánssyni verði úthlutað sem forgangsveðhafa kr. 269.611,22 af uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081. Þá krefst sóknaraðili kr. 62.329,68 í málskostnað.

Af hálfu varnaraðila Péturs Guðmundarsonar hrl. f.h. Glóbusar hf. eru gerðar þær dómkröfur að staðfest verði óbreytt frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Tekið skal fram að sú breyting hefur orðið á frumvarpinu að lögveðskrafa innheimtu ríkissjóðs vegna bifreiðaskatts hefur lækkað um kr. 60.235,00 og er krafan nú kr. 80.411,00. Hækkar því uppboðsandvirði til næsta úthlutunarhafa skv. frumvarpinu um fjárhæð þessa. Þess skal getið að breyting þessi hefur einungis áhrif á kröfur þeirra aðila sem mótmælt hafa frumvarpinu en þeir hafa hins vegar lýst því yfir að þeir geri ekki athugasemdir við breytingu þessa.

II.

Hinn 14. febrúar 1987 var bifreiðin G-8081, Citroën CX árgerð 1984, að kröfu nokkurra lögmanna seld á opinberu uppboði í Hafnarfirði. Var bifreiðin slegin hæstbjóðanda Glóbusi hf. á kr. 480.000,00.

Hinn 3. mars 1987 var uppboðsbeiðendum, veðhöfum og gerðarþola sent frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirðinu og þeim gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við frumvarpið í síðasta lagi 13. mars 1987.

Samkvæmt frumvarpinu komu til úthlutunar kr. 409.250,00 eftir að uppboðskostnaður var frádreginn og var gert ráð fyrir að uppboðsandvirðið skiptist þannig:

1. Til innheimtu ríkissjóðs v/bifreiðaskatts skv. lögveði	kr. 147.646,00
2. Til Glóbusar hf. skv. veðbréfum á 1. og 2. veðrétti	kr. 261.604,00

Hinn 11. mars sl. bárust uppboðsréttinum mótmæli frá sóknaraðila og með bréfi dags. 30. mars eru mótmælin ítrekuð og kröfulýsing gerð í uppboðsandvirðið. Aðilar málsins voru síðan boðaðir til að mæta í uppboðsrétt hinn 30.3. 1987 og þar lagði lögmaður sóknaraðila fram greinargerð sína.

III.

Málavextir eru þeir að í september 1984 seldi Glóbus hf. umrædda bifreið og var kaupverðið greitt að hluta til með víxlum og skuldabréfi og var hvort tveggja tryggt með veði í bifreiðinni. Tryggingarbréfið með víxlunum og

skuldabréfið voru útgefin 21. september 1984 og áritað um móttöku til þinglýsingar hinn 8. nóvember 1984.

Hinn 4. október 1984 skall á verkfall BSRB sem stóð til 30. október s.á. Hinn 23. nóvember 1984 er gert fjárnám í fyrrnefndri bifreið og var fjárnámsgerðinni síðan þinglýst 3. desember s.á.

Mál þetta snýst um þá kröfu sóknaraðila að veðsetning bifreiðarinnar G-8081 til Glóbusar hf. verði metin ógild og að viðurkenndur verði forgangsréttur aðfararveðs í bifreiðinni.

IV.

Í bréfi sóknaraðila til uppboðsréttar, dags. 20. mars 1987, og vitnað er í í greinargerð segir m.a.:

„Skv. þinglýsingarlögum nr. 39 frá 1978, einkum 3. og 4. mgr. 43. gr., sbr. 1. mgr. 48. gr., ber að afhenda skjöl sem þessi til þinglýsingar innan fjögurra vikna hið lengsta frá útgáfudegi talið, til að þau haldi gildi gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda veðsins og gagnvart skuldheimtumönnum. Skv. skýru ákvæði 3. mgr., sbr. 2. mgr. 48. gr. hefur veðbréf ekki gildi gagnvart nefndum aðilum ef þinglýsing fer ekki fram innan nefnds frests skv. 1. mgr. greinarinnar. Skv. greinargerð með frumvarpi að lögunum hefur það verið ætlun löggjafans að viðhalda og taka upp í þinglýsingarlög eldri ákvæði veðlaga (18/1887) svipaðs efnis.

Veðbréf Globusar h.f. uppfylla hvorugt tilfærð skilyrði þinglýsingarlaga og halda því eigi gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ber því umbj. mínum úthlutun framar Globusi h.f. þrátt fyrir þinglýsingarröð.“ Þá segir sóknaraðili í greinargerð „að verði ekki fallist á að 2. og 3. mgr. 48. gr. eigi beint við um skráðar bifreiðar, beri að beita lögjöfnum“.

Að lokum segir sóknaraðili að í verkfalli BSRB hafi veðskjöl verið móttekin til þinglýsingar og vitnar í þinglýsingarbækur því til stuðnings.

Í greinargerð varnaraðila segir m.a.:

„Í 48. gr. eru ákvæði um að skjöl sem veita sjálfsvörsluveð í lausafé skulu afhent til þinglýsingar innan fjögurra vikna frá útgáfudegi. Ákvæði þetta á skv. orðanna hljóðan einungis við lausafé sem ekki er skráningarskylt eða skráð. Jafnframt vitna sóknaraðilar til 43. gr. þinglýsingarlaga þar sem fjallað er meðal annars um skrásettar bifreiðar, en í 5. mgr. þeirrar greinar segir að veðbréf skuli afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. 43. gr. vitnar hins vegar ekki til 2. mgr. 48. gr. þar sem segir hvernig með skuli fara ef veðbréfum er ekki þinglýst innan þess frests sem sú grein getur. Tel ég því að ákvæði 2. mgr. 48. gr. eigi ekki við um veðskuldabréf sem tryggð eru með veði í skrásettum bifreiðum og beri því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum sóknaraðila.“

Þá segir í greinargerð varnaraðila að „útilokað hafi verið fyrir umbj.

minn að fá umræddum veðbréfum þinglýst hjá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði frá 4. október 1984 til 30. október 1984, en svo sem áður hefur fram komið eru bæði veðbréfin dags. 21. september 1984. Verði að líta svo á að frestur sá sem gefinn er til þinglýsingar lengist um þann tíma sem útilokað var að afhenda bréfin til þinglýsingar hjá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði. Það að bréfin voru ekki afhent til þinglýsingar áður en verkfall BSRB skall á getur ekki talist umbj. mínum til réttarspjalla. Þinglýsingarlögin kveða á um fjögurra vikna frest til afhendingar þeirra til þinglýsingar. Það sama gildir um það að bréfin voru ekki afhent til þinglýsingar sama daginn og fógetaskrifstofan opnaði, en þau voru afhent fimmtudaginn 8. nóvember 1984, eða sex vinnudögum eftir að fógetaskrifstofan opnaði að nýju. Bréfin höfðu því legið hjá umbj. mínum samtals sex vinnudaga fyrir verkfall og sex daga eftir verkfall, eða samtals tólf vinnudaga, þar til þau voru afhent til þinglýsingar, eða innan við helming þess frests sem þinglýsingarlögin veita mönnum til að afhenda slík skjöl til þinglýsingar."

Álit réttarins.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að veðbréf Glóbusar hf. uppfylli ekki ákvæði 48. gr. um fresti, þar sem þau hafi verið útgefin 21. september 1984 en ekki móttekin til þinglýsingar fyrr en 8. nóvember 1984 og þinglýst sama dag. Því skuli fjárnámsgjörð frá 23. nóvember 1984 og móttekin var til þinglýsingar 3. desember 1984 hafa forgangsrétt til uppboðsandvirðisins.

Eignaheimild fyrir lausafé þarf yfirleitt ekki að þinglýsa. Eigendaskipti eru tíð og því hefur löggjafinn sett strangari reglur um veðsetningu á lausafé og lagt áherslu á mikilvægi þess að veðskjölum sé þinglýst sem fyrst eftir útgáfu þeirra.

Í 1. mgr. 48. gr. þinglýsingarlaganna segir m.a. um veðbréf sem veita sjálfsvörsluveð í lausafé sem ekki er skráningarskylt eða skráð að það skuli afhendast til þinglýsingar innan fjögurra vikna hið lengsta og í 43. gr., þar sem fjallað er um þinglýsingar um skrásettar bifreiðar, segir í 4. mgr. að „veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. ..."

Hér kemur fram að sömu frestir gilda um skrásett og óskrásett lausafé hvað varðar afhendingu veðskjala til þinglýsingar.

Í máli þessu er um það deilt hvaða réttaráhrif það hafi ef menn láta undir höfuð leggjast að afhenda veðskjöl innan þessara fresta. Hvað varðar veðbréf sem veita sjálfsvörsluveð í lausafé, þá er það ljóst skv. 1.-3. mgr. 48. gr. að afhenda ber veðskjöl innan fjögurra vikna hið lengsta til þinglýsingar, eigi þau að hafa gildi gagnvart grandlausum viðsemjendum og gagnvart skuldheimtumönnum.

Í 7. gr. veðlaganna nr. 18 frá 1887 var það skilyrði fyrir gildi sjálfsvörsluveðs í lausafé að veðinu hafi verið þinglýst. Þetta ákvæði veðlaganna var fellt úr gildi við gildistöku þinglýsingarlaganna frá 1979. Ákvæðið er að hluta til tekið inn í VII. kafla þinglýsingarlaganna sem fjallar um þinglýsingu á lausafé sem ekki er skrásett eða skráningarskylt. Þar segir í 2. mgr. 48. gr. að þinglýsa verði veðbréfum til þess að þau haldi gildi m.a. gagnvart skuldheimtumönnum eiganda veðsins en í 3. mgr. sömu greinar segir hins vegar að fari þinglýsing ekki fram innan þess frests „er grein þessi tekur til, hefur veðbréfið ekki gildi gagnvart aðiljum þeim, sem getur í 2. málsgrein".

Af þessu verður ráðið að löggjafinn hafi þrengt ákvæði gömlu veðlaganna og bundið réttindamissinn einungis við óskráð og óskrásett lausafé ef veðskjöl eru ekki afhent til þinglýsingar innan þeirra fresta sem 1. mgr. 48. gr. getur um. Engu að síður er gert ráð fyrir að veðskjölum með veði í skrásettu lausafé sé þinglýst innan fjögurra vikna hið lengsta. Á tímabilinu frá 4. október 1984 til 30. október 1984, þegar verkfall BSRB stóð yfir, var ekki almenn móttaka á skjölum til þinglýsingar hjá sýslumanns- og bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði og verður því að telja þennan tíma utan þess frests sem ákvæði 48. gr. geta um.

Að þessu athuguðu verða kröfur sóknaraðila ekki teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Guðmundur Sophusson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Dómkröfur sóknaraðila, Sverris Kristjánssonar, um að honum verði úthlutað sem forgangsveðhafa af uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081, eru eigi teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. maí 1988.

Nr. 228/1987. **Hákon H. Kristjónsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Glóbus hf.
(Pétur Guðmundarson hrl.)
Sverri Kristjánssyni
Malbikunarstöð Reykjavíkur
Kjörbúðinni Hólagarði hf.
Búnaðarbanka Íslands
innheimtumanni ríkissjóðs í Mosfellsbæ og
Axel Ström Óskarssyni

Þinglýsing. Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari, Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1987 og sakaukastefnu 18. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi dagsettu 17. september 1987. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081, framlagt í uppboðsrétti 3. mars 1987, verði breytt þannig að af uppboðsandvirði, sem koma á til úthlutunar, 409.250,00 krónur, verði 47.590,00 krónum úthlutað upp í kröfur áfrýjanda samkvæmt fjárnámi gerðu 27. júní 1985 og þinglýstu þann 18. júlí 1985, framar rétti Glóbus hf. og annarra veðhafa, en að greiddum kröfum innheimtumanns ríkissjóðs í Mosfellsbæ, 87.411,00 krónur og Sverris Kristjánssonar, 269.611,22 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi Glóbus hf. í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfur stefnda Glóbus hf. eru þær að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Sakaukastefndu Sverrir Kristjánsson, Malbikunarstöð Reykjavíkur, Kjörbúðin Hólagarður hf., Búnaðarbanki Íslands, inn-

heimtumaður ríkissjóðs í Mosfellsbæ og Axel Ström Óskarsson hafa engar kröfur gert fyrir dóminum.

Samkvæmt 4. mgr. 43. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978, sbr. 1. mgr. 48. gr. sömu laga, hafði Glóbus hf. fjórar vikur til þinglýsingar veðskjala þeirra, sem um getur í málinu, frá útgáfudegi þeirra 21. september 1984 að telja. Verkfall Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hófst 4. október 1984 og hafði veðskjölum þá ekki verið þinglýst. Verkfallið stóð til 30. október sama ár. Óumdeilt er að skjölin voru síðan móttekin til þinglýsingar 8. nóvember 1984, þ.e. á sjöunda vinnudegi eftir lok verkfallsins. Samkvæmt vottorði embættis bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumanns Kjósarsýslu var ekki tekið á móti skjölum til þinglýsingar í verkfalli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Af hálfu stefnda Glóbus hf. var skjölunum þinglýst innan hæfilegs tíma frá lokum verkfallsins. Þegar af þeirri ástæðu þykir mega staðfesta úrskurð héraðsdóms að niðurstöðu til.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda Glóbus hf. 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þrátt fyrir ofangreint vottorð sýna gögn málsins að hjá embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumanns Kjósarsýslu var tekið á móti skjölum til þinglýsingar í verkfalli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hefur þetta misræmi ekki verið skýrt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hákon H. Kristjónsson, skal greiða stefnda, Glóbus hf., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 24. júní 1987.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 3. júní sl. eftir munnlegan málflutning, hefur sóknaraðili í máli þessu Björn Ólafur Hallgrímsson hdl. f.h. Hákonar H. Kristjónssonar, nnr. 3530-0872, Goðheimum 10, Reykjavík, krafðist þess að breyting verði gerð á frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081, sem seld var á uppboði 14. febrúar 1987 (sic).

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru þær að Hákoni H. Kristjónssyni verði úthlutað kr. 47.590,00 af uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081. Þá krefst sóknaraðili kr. 62.329,68 í málskostnað.

Af hálfu varnaraðila Péturs Guðmundarsonar hrl. f.h. Glóbusar hf. eru gerðar þær dómkröfur að staðfest verði óbreytt frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Tekið skal fram að sú breyting hefur orðið á frumvarpinu að lögveðskrafa innheimtu ríkissjóðs vegna bifreiðaskatts hefur lækkað um kr. 60.235,00 og er krafan nú kr. 80.411,00. Hækkar því uppboðsandvirði til næsta úthlutunarhafa skv. frumvarpinu um fjárhæð þessa. Þess skal getið að breyting þessi hefur einungis áhrif á kröfur þeirra aðila, sem mótmælt hafa frumvarpinu en þeir hafa hins vegar lýst því yfir að þeir geri ekki athugasemdir við breytingu þessa.

II.

Hinn 14. febrúar 1987 var bifreiðin G-8081, Citroën CX árgerð 1984, að kröfu nokkurra lögmanna seld á opinberu uppboði í Hafnarfirði. Var bifreiðin slegin hæstbjóðanda Glóbusi hf. á kr. 480.000,00.

Hinn 3. mars 1987 var uppboðsbeiðendum, veðhöfum og gerðarþola sent frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirðinu og þeim gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við frumvarpið í síðasta lagi 13. mars 1987.

Samkvæmt frumvarpinu komu til úthlutunar kr. 409.250,00 eftir að uppboðskostnaður var frádreginn og var gert ráð fyrir að uppboðsandvirðið skiptist þannig:

1. Til innheimtu ríkissjóðs v/bifreiðaskatts skv. lögveði	kr. 147.646,00
2. Til Glóbusar hf. skv. veðbréfum á 1. og 2. veðrétti	kr. 261.604,00

Hinn 11. mars sl. bárust uppboðsréttinum mótmæli frá sóknaraðila og með bréfi dags. 30. mars eru mótmælin ítrekuð og kröfulýsing gerð í uppboðsandvirðið. Aðilar málsins voru síðan boðaðir til að mæta í uppboðsrétt hinn 30.3. 1987 og þar lagði lögmaður sóknaraðila fram greinargerð sína.

III.

Málavextir eru þeir að í september 1984 seldi Glóbus hf. umrædda bifreið og var kaupverðið greitt að hluta til með víxlum og skuldabréfi og var hvort tveggja tryggt með veði í bifreiðinni. Tryggingarbréfið með víxlunum og

skuldabréfið voru útgefin 21. september 1984 og áritað um móttöku til þinglýsingar hinn 8. nóvember 1984.

Hinn 4. október 1984 skall á verkfall BSRB sem stóð til 30. október s.á. Hinn 27. júní 1985 er gert fjárnám í fyrrnefndri bifreið og var fjárnámsgerðinni síðan þinglýst 19. júlí s.á.

Mál þetta snýst um þá kröfu sóknaraðila að veðsetning bifreiðarinnar G-8081 til Glóbusar hf. verði metin ógild og að viðurkenndur verði forgangsréttur aðfararveðs í bifreiðinni.

IV.

Í bréfi sóknaraðila til uppboðsréttar, dags. 20. mars 1987, og vitnað er í í greinargerð segir m.a.:

„Skv. þinglýsingarlögum nr. 39 frá 1978, einkum 3. og 4. mgr. 43. gr., sbr. 1. mgr. 48. gr., ber að afhenda skjöl sem þessi til þinglýsingar innan fjögurra vikna hið lengsta, frá útgáfudegi talið, til að þau haldi gildi gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda veðsins og gagnvart skuldheimtumönnum. Skv. skýru ákvæði 3. mgr., sbr. 2. mgr. 48. gr., hefur veðbréf ekki gildi gagnvart nefndum aðilum, ef þinglýsing fer ekki fram innan nefnds frests skv. 1. mgr. greinarinnar. Skv. greinargerð með frumvarpi að lögunum hefur það verið ætlun löggjafans að viðhalda og taka upp í þinglýsingarlög eldri ákvæði veðlaga (18/1887) svipaðs efnis.

Veðbréf Globusar h.f. uppfylla hvorugt tilfærð skilyrði þinglýsingarlaga og halda því eigi gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ber því umbj. mínum úthlutun framar Globusi h.f. þrátt fyrir þinglýsingarröð." Þá segir sóknaraðili í greinargerð „að verði ekki fallist á að 2. og 3. mgr. 48. gr. eigi beint við um skráðar bifreiðar, beri að beita lögjöfnum".

Að lokum segir sóknaraðili að í verkfalli BSRB hafi veðskjöl verið móttekin til þinglýsingar og vitnar í þinglýsingarbækur því til stuðnings.

Í greinargerð varnaraðila segir m.a.:

„Í 48. gr. eru ákvæði um að skjöl sem veita sjálfsvörsluveð í lausafé skulu afhent til þinglýsingar innan fjögurra vikna frá útgáfudegi. Ákvæði þetta á skv. orðanna hljóðan einungis við lausafé sem ekki er skráningarskylt eða skráð. Jafnframt vitna sóknaraðilar til 43. gr. þinglýsingarlaga þar sem fjallað er meðal annars um skrásettar bifreiðar, en í 5. mgr. þeirrar greinar segir að veðbréf skuli afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. 43. gr. vitnar hins vegar ekki til 2. mgr. 48. gr. þar sem segir hvernig með skuli fara ef veðbréfum er ekki þinglýst innan þess frests sem sú grein getur. Tel ég því að ákvæði 2. mgr. 48. gr. eigi ekki við um veðskuldabréf sem tryggð eru með veði í skrásettum bifreiðum og beri því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum sóknaraðila."

Þá segir í greinargerð varnaraðila að „útilokað hafi verið fyrir umbj.

minn að fá umræddum veðbréfum þinglýst hjá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði frá 4. október 1984 til 30. október 1984, en svo sem áður hefur fram komið eru bæði veðbréfin dags. 21. september 1984. Verði að líta svo á, að frestur sá sem gefinn er til þinglýsingar lengist um þann tíma sem útilokað var að afhenda bréfin til þinglýsingar hjá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði. Það, að bréfin voru ekki afhent til þinglýsingar áður en verkfall BSRB skall á getur ekki talist umbj. mínum til réttarspjalla. Þinglýsingarlögin kveða á um fjögurra vikna frest til afhendingar þeirra til þinglýsingar. Það sama gildir um það, að bréfin voru ekki afhent til þinglýsingar sama daginn og fógetaskrifstofan opnaði, en þau voru afhent fimmtudaginn 8. nóvember 1984, eða sex vinnudögum eftir að fógetaskrifstofan opnaði að nýju. Bréfin höfðu því legið hjá umbj. mínum samtals sex vinnudaga fyrir verkfall og sex daga eftir verkfall, eða samtals tólf vinnudaga, þar til þau voru afhent til þinglýsingar, eða innan við helming þess frests sem þinglýsingarlögin veita mönnum til að afhenda slík skjöl til þinglýsingar."

Álit réttarins.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að veðbréf Glóbusar hf. uppfylli ekki ákvæði 48. gr. um fresti, þar sem þau hafi verið útgefin 21. september 1984 en ekki móttekin til þinglýsingar fyrr en 8. nóvember 1984 og þinglýst sama dag. Því skuli fjárnámsgjörð frá 27. júní 1985 og móttekin var til þinglýsingar 19. júlí 1985 hafa forgangsrétt til uppboðsandvirðisins.

Eignaheimild fyrir lausafé þarf yfirleitt ekki að þinglýsa. Eigendaskipti eru tíð og því hefur löggjafinn sett strangari reglur um veðsetningu á lausafé og lagt áherslu á mikilvægi þess að veðskjölum sé þinglýst sem fyrst eftir útgáfu þeirra.

Í 1. mgr. 48. gr. þinglýsingarlaganna segir m.a. um veðbréf, sem veita sjálfsvörsluveð í lausafé sem ekki er skráningarskylt eða skráð, að það skuli afhendast til þinglýsingar innan fjögurra vikna hið lengsta og í 43. gr., þar sem fjallað er um þinglýsingar um skrásettar bifreiðar, segir í 4. mgr. að „veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. ..."

Hér kemur fram að sömu frestir gilda um skrásett og óskrásett lausafé hvað varðar afhendingu veðskjala til þinglýsingar.

Í máli þessu er um það deilt hvaða réttaráhrif það hafi ef menn láta undir höfuð leggjast að afhenda veðskjöl innan þessara fresta. Hvað varðar veðbréf sem veita sjálfsvörsluveð í lausafé, þá er það ljóst skv. 1.-3. mgr. 48. gr. að afhenda ber veðskjöl innan fjögurra vikna hið lengsta til þinglýsingar, eigi þau að hafa gildi gagnvart grandlausum viðsemjendum og gagnvart skuldheimtumönnum.

Í 7. gr. veðlaganna nr. 18 frá 1887 var það skilyrði fyrir gildi sjálfsvörsluveðs í lausafé að veðinu hafi verið þinglýst. Þetta ákvæði veðlaganna var fellt úr gildi við gildistöku þinglýsingarlaganna frá 1979. Ákvæðið er að hluta til tekið inn í VII. kafla þinglýsingarlaganna sem fjallar um þinglýsingu á lausafé, sem ekki er skrásett eða skráningarskylt. Þar segir í 2. mgr. 48. gr. að þinglýsa verði veðbréfum til þess að þau haldi gildi m.a. gagnvart skuldheimtumönnum eiganda veðsins en í 3. mgr. sömu greinar segir hins vegar að fari þinglýsing ekki fram innan þess frests „er grein þessi tekur til, hefur veðbréfið ekki gildi gagnvart aðiljum þeim, sem getur í 2. málsgrein".

Af þessu verður ráðið að löggjafinn hafi þrengt ákvæði gömlu veðlaganna og bundið réttindamissinn einungis við óskráð og óskrásett lausafé ef veðskjöl eru ekki afhent til þinglýsingar innan þeirra fresta sem 1. mgr. 48. gr. getur um. Engu að síður er gert ráð fyrir að veðskjölum með veði í skrásettu lausafé sé þinglýst innan fjögurra vikna hið lengsta. Á tímabilinu frá 4. október 1984 til 30. október 1984, þegar verkfall BSRB stóð yfir, var ekki almenn móttaka á skjölum til þinglýsingar hjá sýslumanns- og bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði og verður því að telja þennan tíma utan þess frests, sem ákvæði 48. gr. geta um.

Að þessu athuguðu verða kröfur sóknaraðila ekki teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Guðmundur Sophusson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Dómkröfur sóknaraðila, Hákonar H. Kristjónssonar, um að honum verði úthlutað af uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081 framar rétti Glóbusar hf., eru eigi teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. maí 1988.

Nr. 187/1986. **Þorvaldur Þorsteinsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Trésmiðjunni Jaðri sf.
(Guðmundur Markússon hrl.)

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. maí s.á. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig að frá 14. apríl 1987 verði vextir í samræmi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi styður mál sitt m.a. þeim rökum, að með síðara samkomulagi hans og stefnda hafi upphaflegum reikningum stefnda verið ýtt til hliðar. Beri því að dæma málið á grundvelli uppmælingar þeirrar, sem gerð var í framhaldi þessa síðara samkomulags, og með þeim leiðréttingum, er hann taldi þörf á og raktar eru í forsendum hins áfrýjaða dóms. Svo sem þar er einnig rakið taldi áfrýjandi ýmsa annmarka á uppmælingu þessari og framkvæmd hennar. Þessi gagnrýni áfrýjanda leiddi til þess að héraðsdómur taldi uppmælinguna eigi verða lagða til grundvallar við úrlausn málsins. Með vísan til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta þessa niðurstöðu.

Héraðsdómur taldi reikningsgerð stefnda fyrir akstur ranga, bæði um fjárhæð og vegalengd, en féllst hins vegar ekki á andmæli áfrýjanda við fjölda ferðatíma, er stefndi reiknaði sér og starfsmönnum sínum. Ekki þykir sennilegt að tvær klukkustundir hafi þurft til að fara 60 km leið, sem stefndi reyndar taldi hafa verið 80 km. Því er ekki unnt að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti og verður tími til ferða látinn sæta hlutfallslegum niðurskurði við vegalengdina. Samkvæmt því lækkar 2. liður varakröfu stefnda í héraði um 6.240,00 krónur. Að öðru leyti hefur áfrýjandi eigi hnekkt

niðurstöðu héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 43.789,00 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 45.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Þorvaldur Þorsteinsson, greiði stefnda, Trésmiðjunni Jaðri sf., 43.789,00 krónur með 45% ársvöxtum af 86.789,00 krónum frá 1. ágúst 1983 til 20. september s.á., síðan 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð til 10. október s.á., en af 43.789,00 krónum frá þeim degi til 21. s.m., síðan 36% ársvöxtum til 21. nóvember s.á., síðan 32% ársvöxtum til 21. desember s.á., síðan 25% ársvöxtum til 21. janúar 1984, síðan 19% ársvöxtum til 8. febrúar s.á. en með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 45.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 15. nóvember 1985.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. október sl. eftir árangurslausar sáttatilraunir og munnlegan flutning málsins (sic). Málið var höfðað með stefnu útgefinni 27. janúar 1984, birtri 8. febrúar 1984, af Guðmundi Samúelssyni, Bjarkargrund 45, Akranesi, framkvæmdastjóra Trésmiðjunnar Jaðars sf., Suðurgötu 126, Akranesi, vegna félagsins gegn Þorvaldi Þorsteinssyni, löggiltum endurskoðanda, Drápuhlíð 45, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær *aðallega* að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 76.152,82 auk 37% ársvaxta frá 10.10. til 21.10.1983, en með 36% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21.11.1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12.1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.01.1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags

stefnu 08.02.1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 68.902,20 auk 37% ársvaxta frá 10.10. til 21.10.1983, en með 36% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21.11.1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12.1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.01.1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu 08.02.1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Þá er gerð sú krafa af hálfu stefnanda, bæði hvað varðar aðalkröfu og varakröfu að málskostnaður verði til dæmdur af heildarskuld eins og hún var fyrir innborgun 10.10.1983 að viðbættum útlögðum kostnaði og vöxtum á skuld til dómsuppkvaðningar.

Dómkröfur stefnda eru þær *aðallega* að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar, en málskostnaðarkrafa sú sama og í aðalkröfu.

II.

Málavextir eru þeir að um mánaðamótin apríl-maí 1983 var stefnandi máls þessa, Guðmundur Samúelsson, inntur eftir því hvort fyrirtæki hans, Trésmiðjan Jaðar sf., Akranesi, vildi taka að sér að innrétta sumarbústað að Ártröð 6, í Svarfhólsskógi í Svínadal í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu, fyrir Þorvald Þorsteinsson, stefnda í málinu, eiganda bústaðarins. Milligöngu um þetta hafði Aðalsteinn Aðalsteinsson málarameistari, Akranesi. Vinnan var m.a. fólgin í uppsetningu milliveggja, klæða veggi innanhúss með panel, leggja gólfborð á krossviðargólf, smíða gluggaáfellur og lokunarlista á körmum, setja upp skorstein o.fl.

Til að líta á aðstæður í sumarbústaðnum fóru framangreindir menn þangað 28. apríl 1983. Voru og athugaðar teikningar og lýsingar á því hvernig verkið skyldi unnið. Óumdeilt er með aðilum málsins að í ferð þessari varð að samkomulagi að stefnandi tæki að sér að vinna verkið og að það skyldi unnið í tímavinnu. Auk þess skyldi stefndi greiða fyrir akstur frá Akranesi og til baka svo og fæði, og varð samkomulag um að farið yrði að Ferstiklu í mat, þar sem stefndi hafði samning um fæðisúttekt.

Í ferð þessari urðu umræður um það hvað verkið myndi kosta, og er upplýst að Guðmundur Samúelsson nefndi töluna 35-40 þús. en aðilar eru sammála um það eins og síðar verður rakið að ekki var um bindandi tilboð að ræða.

Enginn skriflegur verksamningur var gerður. Síðar varð sú breyting á

samkomulagi aðila að starfsmenn stefnanda hættu að fara í fæði að Ferstiklu, en hefðu með sér mat, en fengju greiddar kr. 150,00 á dag í fæði.

Hið umsamda verk var síðan unnið á tímabilinu 10.05. til 23.06.1983, en mun þó að mestu hafa verið lokið fyrir 17.06.

Í júlímánuði sendi stefnandi stefnda reikninga yfir verkið en þeir námu alls kr. 156.996,00. Stefndi hafði greitt upp í verkið 09.06. kr. 30.000,00 og 14.07. kr. 30.000,00 og voru eftirstöðvar því kr. 96.966,00 í júlímánuði. Stefndi endursendi stefnanda reikningana og taldi þá of háa.

Eftir nokkrar umræður milli aðila varð að munnlegu samkomulagi að verkið skyldi greitt samkvæmt uppmælingu, enda greiddi stefndi fæðis- og ferðakostnað eins og áður svo og sérkostnaðarreikninga fyrir vinnu á verkstæði stefnanda. En eigi eru aðilar sammála um að samið hafi verið um kostnað við uppmælinguna, eins og síðar verður rakið.

Var síðan fenginn mælingamaður Trésmiðafélags Akraness, Ólafur J. Backmann, til að mæla verkið og er uppmælingin dagsett 16.09.1983. Var hún síðan endurskoðuð af mælingamanni Meistarasambands byggingamanna.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann hafi eigi verið látinn vita hvenær uppmælingin fór fram eða hver framkvæmdi hana.

Reikningar stefnanda samkvæmt uppmælingunni námu kr. 163.568,17 og að frádreginni framangreindri innborgun kr. 60.000,00 eftirstöðvar því kr. 103.568,17. Við bættist síðan kostnaður við uppmælingu kr. 4.809,25. Stefndi greiddi síðan inn á skuld við stefnanda þann 10.10.1983 kr. 43.000,00 og hefur stefnandi haldið því fram að sú greiðsla hafi komið eftir ritun innheimtubréfs hans dags. 06.10.1983.

Síðar barst eigi greiðsla frá stefnda þrátt fyrir greiðsluáskoranir stefnanda og höfðaði hann þá mál þetta sem fyrr greinir.

III.

Verða nú raktir framburðir aðila og vitna fyrir dóminum, svo og lýst gögnum þeim er fram hafa komið í málinu.

Framkvæmdastjóri stefnanda Trésmiðjunnar Jaðars sf., Guðmundur Sigurður Samúelsson, Bjarkargrund 45, Akranesi, fæddur 04.04.1941, sagðist hafa þurft að hafa samband við stefnda um framkvæmd verksins áður en það hófst þar sem skriflega verklýsingu vantaði. Tókst það ekki þar sem hann var norður á Akureyri. Hafði hann þá samband við innanhúsarkitektinn sem annast hafði hönnun verksins. Kom þá í ljós að geirskera skyldi allan panel í innhornum svo og að leggja ætti gólfborð fljótandi ofan á spónaplötur laust við veggi. Af þessu varð mikill vinnuauki og verkið reyndist umfangsmeira og seinunnara en hann hafði búist við.

Stefnandi kvaðst hafa lagt til húsnæði til geymslu og lökkunar gólfborða

og panels endurgjaldslaust í kjallara Grundaskóla á Akranesi sem þá var í smíðum á hans vegum. Þá flutti hann allt byggingarefni á vinnustað frá Akranesi án aukagjalds vegna sendibifreiðar.

Stefndi sendi til Akraness rafstöð, svo að unnt yrði að koma við rafmagnsverkfærum á vinnustað í sumarbústaðnum. Hún reyndist allt of lítil þannig að minnstu borvélar slógu út öryggjum hennar. Varð því eigi komið við rafmagnsverkfærum á staðnum.

Stefnandi sagði að vegurinn frá þjóðveginum í Hvalfirði og að sumarbústaðnum hafi verið illfær vegna aurbleytu og afar seinfarinn. Hafi því verið tímafrekt að fara í Ferstikluskálann í mat. Stefnandi kvaðst því hafa stungið upp á því við stefnda að starfsmenn kæmu með fæði með sér á vinnustað, en stefndi greiddi þeim kr. 150,00 í fæðiskostnað og samþykkti hann það.

Stefnandi kvaðst hafa farið með reikningana fyrir verkið til stefnda í sumarbústaðinn þar sem hann hefði komið sér fyrir. Lýsti stefndi ánægju sinni með vel unnið verk og vandaða vinnu, en eigi hafa handbært fé til að greiða reikningana að fullu. En þá hafi verið samið um að stefndi greiddi eftirstöðvarnar í þrennu lagi mánaðarlega.

Stefndi gat þess að hann hefði kosið að baðherbergið hefði verið klætt með panel að frádregnum sturtuklefa. En stefnandi kvað panelinn, sem var litaður, eigi hafa dugað á herbergið og ákvað hann því að setja vatnsheldan krossvið á baðherbergið, þar sem eigi náðist í stefnda. Stefnandi kvaðst hafa boðið stefnda að breyta þessu en hann kvað þess ekki þörf, hann myndi setja veggflísar á krossviðinn og væri það síst lakara.

Þegar leið að fyrsta gjalddaga á eftirstöðvum reikningsins hafði stefnandi samband við stefnda. Kvað stefndi þá reikningana allt of háa og óborganlega.

Stefnandi sagðist þá hafa boðið stefnda upp á það að láta mæla verkið upp að því tilskyldu að stefndi greiddi allan kostnað við mælinguna og að hann greiddi fjárhæð þá er út úr kæmi strax og fyrir lægi og hvort sem uppmælingin reyndist dýrari en tímavinnan eða ekki. Þá skyldi stefndi greiða sér fæði og ferðakostnað svo og sérkostnaðarreikninga svo sem vinnureikninga á verkstæði á Akranesi.

Stefnandi kvað stefnda eigi hafa verið viðstaddan er uppmælingin fór fram.

Stefndi í máli þessu, Þorvaldur Kári Þorsteinsson endurskoðandi, Drápuhlíð 45, Reykjavík, f. 05.11.1951, hefur fyrir dómi staðfest að gert hafi verið munnlegt samkomulag við stefnanda að hann tæki að sér að vinna verkið í tímavinnu, auk fæðiskostnaðar, einnar máltíðar á dag, svo og ferðakostnaðar miðað við þágildandi greiðslu á ekinn kílómetra. Hann kveðst eigi hafa talið að upplýsingar stefnanda um að verkið kynni að kosta

35-40 þúsund væri bindandi tilboð eða samningur. Stefndi sagðist eingöngu hafa verið að leita að hugmyndum um kostnaðarverð.

Stefndi sagði að upphaflega hafi eigi verið rætt um það hvernig greiðslu fyrir verkið skyldi háttað. Stefndi greiddi upp í verkið í maí og júní og hann hafi almennt litið svo á að verkið yrði greitt upp að verklokum. Stefnandi tilkynnti stefnda fjárhæð reikninga 13. júlí. Daginn eftir greiddi stefndi upp í reikningana kr. 30.000,00. Stefndi sagði að þegar reikningarnir byggðir á tímavinnu komu frá stefnanda hafi fjárhæð þeirra orðið sér áfall. Hafi hann sagt stefnanda að hann væri eigi reiðubúinn að inna greiðslu af hendi og minnist þess ekki að hafa samið um ákveðnar greiðslur.

Þann 23. júlí afhenti stefnandi stefnda reikningana. Við nánari athugun gat stefndi eigi fallið (sic) á reikninga stefnanda. Þá hafi stefnandi boðið það að uppmæling yrði framkvæmd á verkinu í sumarbústaðnum. Kvaðst stefndi hafa samþykkt það og greiddi hann auk þess fæðis- og ferðakostnað og sérkostnaðarreikninga yfir verk sem unnið var á verkstæði stefnanda. Stefndi sagðist hafa litið svo á að þegar fyrir lægi kostnaður samkvæmt uppmælingunni þá yrði verkið gert upp samkvæmt henni en ekki eftir tímavinnu. Stefndi hefur eigi við það kannast að samningar hafi orðið milli þeirra um að stefndi greiddi kostnaðinn við uppmælinguna. Stefndi tók fram að um þessi atriði hafi verið munnlegir og símleiðis samningar.

Þá sagði stefndi að hann hafi eigi verið látinn vita hvenær uppmælingin fór fram eða hver framkvæmdi hana, en hann sendi stefnanda lykla að sumarbústaðnum eftir að samið hafði verið um uppmælinguna. Þann 26. september tilkynnti stefnandi að uppmælingu væri lokið og falaðist eftir greiðslu. Eftir að stefndi hafði farið yfir reikninga frá stefnanda ásamt uppmælingunni, deponeraði hann greiðslu til hans kr. 43.000,00 10.10.1983, en reikningarnir bárust 29.09.1983. Stefnda barst innheimtubréf frá lögmanni stefnanda þann 14.10.1983 og var það dagsett 06.10.1983. Stefndi kvaðst telja að bréfið hafi verið póstlagt 12.10.1983 og afhenti hann dóminum umslagið með póststimplinum.

Vitnið Aðalsteinn Aðalsteinsson málarameistari, Hjallaseli 14, Reykjavík, fór með aðilum í sumarbústað stefnda í Svarfhólsskógi og varð vitni að því að samkomulag varð um að Trésmiðjan Jaðar sf. tæki að sér verkið. Vitnið vann að litun og lökkun á panel fyrir stefnda og kom því í geymslu í húsnæði er stefnandi hafði ráð á, en hann annaðist flutning á þessu efni upp í sumarbústaðinn.

Vitnið Ólafur Jóhannesson Backmann húsasmíðameistari, Vesturgötu 62A, Akranesi, f. 08.06.1939, kvaðst hafa í september 1983 annast uppmælingu að beiðni Guðmundar Samúelssonar á vinnu við innréttingar á sumarbústað Þorvaldar Þorsteinssonar í Svarfhólsskógi.

Vitnið fór á staðinn með stefnanda, en þar var grunnteikning af sumar-

bústaðnum. Vitnið sagði það vera venju þegar slík mæling er gerð og komið er á staðinn að fá í hendur tímaskýrslu, þ.e. dagsettan vinnutíma á hverjum degi, undirritaða af báðum aðilum, sveinum og verkstjóra eða meistara. Vitnið fékk þá eigi slíkar vinnuskýrslur, enda hafði verkið verið unnið í tímavinnu og því lokið fyrir u.þ.b. þrem mánuðum. Vitnið kvaðst hins vegar hafa fengið áætlaðan vinnutímafjölda frá stefnanda og hafi það verið munnlega og símleiðis. Vitnið tók upp í sumarbústaðnum það sem unnið hafði verið að ábendingu og fyrirsögn stefnanda.

Vitnið kvaðst hafa miðað við taxta í júnímánuði enda hafi því ekki verið annað mögulegt, þar sem því var eigi kunnugt um hvað var unnið í maí og hvað í júní. En vitnið sagðist vita að mismunur á taxta milli maí og júní hafi verið 6%. Að verki loknu sendi vitnið uppmælinguna til Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík og var hún þar yfirfarin. En að því loknu afhenti vitnið uppmælinguna Guðmundi Samúelssyni gegn venjulegu gjaldi.

Vitnið kvað það vera venju að mælingagjaldið sé greitt af sveinum, en endurskoðunargjaldið sé innifalið í álagningarreglu eða launatengdum gjöldum.

Stefnandi hefur lagt fram í dóminum reikninga yfir verkið unnið í tímavinnu og er sundurliðað hvaða starfsmenn unnu verkið og hvað þeir unnu og hvenær og hvort um daginn eða eftirvinnu var að ræða. Þá eru í dóminum reikningar ásamt frumnótum yfir ferðakostnað svo og fæðiskostnað.

Af hálfu stefnanda var einnig lagt fram í dóminum fréttabréf Meistarasambands byggingamanna dags. 1. mars og 1. júní 1983 þar sem fram koma kauptaxtar iðnaðarmanna í maí og júní 1983. Í dóminum er afrit af innheimtubréfi lögmanns stefnanda dags. 06.10.1983.

IV.

Stefnandi sundurliðar aðalkröfu sína þannig:

1. Samkvæmt reikningi nr. 340, dskj. nr. 2.			
Uppmæling skv. mæliblaði	kr. 43.972,81		
Handlang 25%	kr. 10.993,20		
	kr. 54.966,01		
Launatengd gjöld 53%	kr. 29.131,98		
	kr. 84.097,99		
Meistaraálagning 9,12%	kr. 7.669,73	kr.	91.767,72
2. Samkvæmt reikningi nr. 342, dskj. nr. 3. Vinnureikningar yfir vinnu á verkstæði stefnanda og sölu á efni sundurliðað á frumnótum		kr.	27.784,65

3. Samkvæmt reikningi nr. 344, dskj. nr. 5. Ferðatímar starfsmanna svo og kílómetragjald sundurliðað á frumnótum			kr. 39.515,80
4. Samkvæmt reikningi, dskj. nr. 8. Fæðiskostnaður, kr. 150,00 á dag í 30 daga			kr. 4.500,00
			kr. 163.586,17
Frá dregst:			
Innborgað 09.06.1983			kr. 30.000,00
Innborgað 14.07.1983			kr. 30.000,00
Staða skuldar 14.07.1983			kr. 103.568,17
5. Vextir:			
45% ársv. af kr. 103.568,17 frá 14.07. til 20.09.1983	kr. 8.673,80		
37% ársv. af sömu fjárhæð frá 21.09. til 23.09.1983	kr. 319,35	kr.	8.993,15
6. Samkvæmt reikningi nr. 343, dskj. nr. 4. Kostnaður við uppmælingu:			
Mælagjald	kr. 1.703,20		
Endurskoðun mælingar	kr. 1.094,90		
Álagning 18%	kr. 503,65		
Akstur 80 km á 6,30	kr. 504,00		
Vinna Guðm. Samúelssonar 4,5 klst. á kr. 223,00	kr. 1.003,50	kr.	4.809,25
7. Vextir:			
37% ársv. af kr. 108.377,42 frá 24.09. til 09.10.1983		kr.	1.782,25
		kr.	119.152,82
Frá dregst:			
Innborgað 10.10.1983		kr.	43.000,00
Eftirstöðvar skuldar 10.10.1983, sem er aðalkrafa stefnanda í málinu.		kr.	76.152,82

Stefnandi sundurliðar varakröfu sína þannig:

1. Samkvæmt reikningi nr. 314, dskj. nr. 6. Vinna og vélavinna starfsm. stefnanda ásamt sölu á efni, sundurliðað samkv. frumnótum			kr. 17.600,00
2. Samkvæmt reikningi nr. 315, dskj. nr. 7. Vinna starfsmanna stefnanda og akstur svo og kílómetragjald sundurliðað samkv. frumnótum			kr. 134.896,00
3. Samkvæmt reikningi, dskj. nr. 8. Fæðiskostnaður, kr. 150,00 á dag í 30 daga			kr. 4.500,00
			kr. 156.996,00
Frá dregst:			
Innborgað 09.06.1983			kr. 30.000,00
Innborgað 14.07.1983			kr. 30.000,00
			kr. 96.996,00
4. Vextir:			
45% ársv. af kr. 96.996,00 frá 14.07. til 23.09.1983	kr. 8.123,75		
37% ársv. af sömu fjárhæð frá 21.09. til 23.09.1983	kr. 299,10	kr.	8.422,85
5. Samkvæmt reikningi nr. 343, dskj. nr. 4. Sundurliðaður kostnaður við uppmælingu, sjá lið 6 í aðalkröfu			kr. 4.809,25
			kr. 110.228,10
6. Vextir:			
37% ársv. af kr. 101.805,25 frá 24.09. til 09.10.1983			kr. 1.674,10
			kr. 111.902,20
Frá dregst:			
Innborgað 10.10.1983			kr. 43.000,00
Eftirstöðvar skuldar 10.10.1983, sem er varakrafa stefnanda í málinu.			kr. 68.902,20

Stefnandi byggir kröfugerð sína á því, að verksamningur hafi stofnast milli hans og stefnda.

Verkið skyldi vinna í tímavinnu en auk þess greiddi stefndi ferða- og fæðiskostnað. Stefnandi hafi lokið þessu verki á tilskildum tíma. Stefndi hafi eigi borið fyrir sig sem varnarástæðu galla á verkinu sem heild og eigi óskað eftir að verkið væri metið af dómkvöddum matsmönnum. Beri stefnda því að greiða fyrir verkið samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja, sem eru reikningar stefnanda yfir verkið svo og uppmælingin sem fram fór eftir síðara sérstöku samkomulagi aðila.

Stefnandi rökstyður aðalkröfu sína sérstaklega með því samkomulagi við stefnda að greiða verkið eftir uppmælingu auk viðbótarkostnaðar samkvæmt reikningum vegna vélavinnu, ferða, aksturs, fæðis og kostnaðar við uppmælingu.

Stefnandi gaf þá almennu skýringu á reikningum sínum að eftir að uppmælingin var ákveðin varð að nokkru að gera nýja. Og eldri reikningarnir og þeir nýju gátu ekki verið samhljóða vegna þess að inni í tímavinnureikningunum var mælingavinnan sem taka varð út úr þeim og taka þurfti nákvæmar fram hvað unnið var á verkstæði eða á vinnustaðnum í sumarbústaðnum. Þá hefur stefnandi gefið þá skýringu að við gerð fyrri reikninga hafi orðið þau mistök að einungis var reiknað til söluskatts vinna við niðursögun panels. En þar hefði að sjálfsögðu átt að reikna til söluskatts vinnu og vélavinnu við smíði áfellna, gerekta, gólflista o.fl. þess háttar. Þegar verkið var svo mælt upp var niðursögun á panel að sjálfsögðu innifalin í mælingu, en ekki smíði á áfellum, gerektum, gólflistum o.fl., er smíðað var á verkstæði.

Um einstaka liði í sundurliðun aðalkröfu hér að framan hefur stefnandi gefið eftirtaldar skýringar:

Um lið 1.

Það hafi verið tíðkanleg venja á þessum tíma og samkvæmt taxta Meistarafélags byggingamanna að taka handlang 25% ofan á uppmælingu. Handlang við þetta verk hafi m.a. verið í því fólgið í fyrsta lagi að flytja efni frá enda vegar upp að sumarbústaðnum, líklega um 50-60 metra. Síðan burður á því og hreyfing inni í bústaðnum eftir því sem nauðsynlegt var í sambandi við framkvæmd vinnunnar. Einnig þurfti að færa til í sumarbústaðnum nokkra húsmuni og efni sem var eign stefnda, t.d. borð, sólstóla, teppisstranga, svo og stranga af filtefnum og ofn til upphitunar.

Launatengdu gjöldin og meistaraálagið sé einnig samkvæmt taxta Meistarasambands byggingamanna.

Varðandi lið 2 og 3 í framangreindri sundurliðun benti stefnandi á að eftir að uppmæling var ákveðin hafi þurft að gera sérreikninga yfir vinnu á verkstæði stefnanda svo og yfir ferðatíma og akstur, þar sem þessir þættir falli ekki undir uppmælingu.

Liður 6 í sundurliðun aðalkröfu eru reikningar yfir kostnað við upp-

mælinguna. Stefnandi staðhæfir að stefndi hafi lofað að greiða allan kostnað við uppmælinguna. Það sé hins vegar rétt að venjulega greiði sveinar uppmælingagjaldið. En að þessu sinni hafði stefnandi löngu gert upp við sveinana.

Eftirlitsgjaldið eða endurskoðun uppmælinga sé venjulega greitt af meistaranum, en stefndi hafi í þetta sinn lofað greiðslu.

Varðandi lið 3 í sundurliðun aðalkröfu hér að framan hefur af hálfu stefnanda verið bent á að ferðatímar séu taldir með vinnutíma samkvæmt lið 2 í sundurliðun varakröfu, en hins vegar hér sér, samhliða og vegna uppmælingar. Byggt sé á því að leiðin frá Akranesi að sumarbústaðnum og að viðbættri ferð þaðan að Ferstiklu og síðan að sumarbústaðnum aftur, eins og ekið var meðan starfsmenn fóru í fæði að Ferstiklu. Stefnandi kvaðst ekki hafa mælt sérstaklega fjarlægðina upp í sumarbústað frá Akranesi og kunni hún að vera um 59 km. En stefnandi kvaðst ekki hafa dregið úr fjarlægðinni þó að starfsmenn hættu að aka að Ferstiklu. En hann tók fram að hann hafi engan sérstakan reikning gert fyrir flutning á efni á staðinn, svo sem milliveggjaefni, gólfborðum og pappír undir þau, grindarefni á veggi, panel o.fl. Samkvæmt reikningum stefnanda hafi verið farnar 26,5 ferðir í sumarbústaðinn og eknir kílómetrar því 2.120. Akstursgjald hafi verið reiknað kr. 6,30 í maí en kr. 6,80 í júní 1983. Stefnandi segir að það sé rétt að þetta sé hærra gjald en segir í taxta Meistarafélags byggingamanna. En hér hafi verið um að ræða ríkistaxtann fyrir fólksbifreiðar. Kvaðst stefnandi hafa notað þennan taxta vegna þess að ástand vegarins var mjög slæmt og um flutning á efni var einnig að ræða auk starfsmanna.

Stefnandi viðurkenndi að við uppmælinguna hafi verið miðað við taxta í júnímánuði þó að verkið hafi einnig verið unnið í maí. Þá hafi stefnda eigi verið gert viðvart um hvenær uppmælingin færi fram og hann því eigi verið viðstaddur.

Af hálfu stefnanda hefur því verið lýst yfir að hann væri reiðubúinn að hlutast til um að uppmælingin verði leiðrétt að því leyti að hún verði reiknuð á kauptaxta í maí og júní. Hafa af hans hálfu verið lagðir fram í dóminn útreikningar þar sem tillit er tekið til skiptingar uppmælingar. Það er þó ekki unnið af fyrrnefndum mælingamanni. Þar er og um lækkun akstursgjalds að ræða að því leyti að miðað er við styttri vegalengd en 80 km en miðað við sama gjald á ekinn kílómetra og að ofan greinir.

Af framansögðu sé ljóst að dæma beri stefnda til greiðslu aðalkröfu, eins og samið hafi verið um.

Varakröfu sína byggir stefnandi á þeim tímafjölda sem í verkið fór, dagvinnu og eftirvinnutíma, auk kostnaðar við akstur, fæði, ferðir, efni og greiðslu söluskatts, svo og kostnaði við uppmælingu. Byggir stefnandi jafn-

framt á þeirri almennu reglu að verkkaupi greiði unnið verk samkvæmt tímavinnu þegar ekki er um annað samið.

Kauptaxti í tímavinnu er byggður á taxta Meistarafélags byggingamanna. Um er að ræða útselda vinnu af trésmíðaverkstæði eins og venja er þegar unnið er utan lögsagnarumdæmis. Sérstakur greinarmunur á verkstæðisvinnu og vinnu unninni á staðnum er því ekki gerður á aðalreikningi nr. 315, sbr. lið 2 í sundurliðun á varakröfu hér að framan. Notkun véla og tækja á verkstæði er því ekki reiknuð, svo sem heimilt er að gera. Væri þóknun fyrir vélar og tæki reiknuð til fulls, næmi sú fjárhæð ásamt launatöxtum þeirra sem verkið ynnu miðað við taxta almennrar vinnu töluvert hærri fjárhæð en þeirri sem fram kemur á framangreindum reikningi. Stefnandi telur því að stefndi njóti hagræðis af því, þegar á heildina er litið, hvernig reikningar eru upp settir, enda var að því stefnt að gera stefnda verkið sem hagkvæmast og ódýrast. Þegar uppmæling var lögð til grundvallar var hins vegar ekki hjá því komist að taka smíðavinnu og vélavinnu sér, sbr. lið 2 í sundurliðun aðalkröfu.

Varðandi ferða- og fæðispeninga er þess að geta að það telst almenn regla að verkkaupi greiði þann kostnað, þegar út fyrir lögsagnarumdæmi er komið, enda um það samið með aðilum.

Þá staðhæfir stefnandi að stefndi hafi samþykkt að greiða kostnað við uppmælingu, þó að aðalkrafan sem á henni er byggð yrði ekki tekin til greina, sbr. 5. lið í sundurliðun varakröfu hér að ofan.

Bæði varðandi aðalkröfu og varakröfu er þess að geta að vextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands og dómvenjum í sambærilegum málum eru lagðir á eftirstöðvar skuldar 14.07.1983, sbr. sundurliðun kröfugerðar. Þann 23.09.1983 er bætt við kostnaði við uppmælingu. Eftir þann tíma eru á ný reiknaðir vextir frá 24.09. til 09.10.1983, er innborgun á skuldina barst. Gengur sú innborgun kr. 43.000,00 því fyrst til greiðslu vaxta til þess tíma, áður en höfuðstóll skuldar er skertur.

Eftir 10.10.1983 er bæði í aðalkröfu og varakröfu reiknað með vöxtum Seðlabanka Íslands samkvæmt dómvenju í sambærilegum málum til birtingardags stefnu, en dómvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Loks gerir stefnandi þá kröfu, bæði hvað varðar aðalkröfu og varakröfu, að málskostnaður verði tildæmdur af heildarskuld eins og hún var fyrir innborgun 10.10.1983 að viðbættum útlögðum kostnaði og vöxtum á skuld til dómsuppkvaðningar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi nú þegar greitt stefnanda verkið að fullu. Með greiðslum sínum sem nema kr. 103.000,00 hafi hann gert upp umrædd viðskipti við stefnanda.

Stefndi hefur gagnrýnt ýmsa reikninga stefnanda yfir verkið. Þann 15. ágúst kvaðst stefndi hafa rætt við stefnanda, Guðmund Samúelsson, um

þær athugasemdir er stefndi gerði um reikningana. Stefnandi kvað það ekki hafa verið ætlunina að hlunnfara stefnda og væri rétt að mæla verkið upp og sagðist stefndi hafa samþykkt það.

Stefndi gerði í aðilaskýrslu svofellt yfirlit um verkið samkvæmt reikningum stefnanda:

Vinna	kr.	127.156,00
Akstur	kr.	13.372,00
Vélavinna	kr.	3.096,00
Söluskattur	kr.	2.051,00
Efni af lager	kr.	6.821,00
Fæði	kr.	4.500,00
	Kr.	156.996,00

Er þetta í samræmi við varakröfu stefnanda.

Stefndi gerði athugasemd við reikninga yfir akstur. Taldi hann 59 km frá símstöðinni á Akranesi upp í sumarbústað og til Akraness aftur. En stefnandi reiknaði með 80 km. Þá tæki hann kílómetragjald í maí kr. 6,30 en í júní 6,80 en ætti að vera samkvæmt taxta Meistarafélags byggingamanna kr. 5,35 í maí og kr. 6,42 í júní.

Þá gerði stefndi athugasemdir um tímafjölda við uppsetningu á reykháf. Stefndi hafi verið í sumarbústaðnum 23. júní. Komu þá tveir menn frá stefnanda að setja upp reykháfinn kl. 2,30 og yfirgáfu staðinn 6,30-7. Samtals vinnutímar hafi verið 9, en á verkið eru skrifaðir 17 tímar eða 8 tímar í ferðir.

Stefndi kvaðst hafa farið upp í sumarbústaðinn 10. júní 1983. Hann sagðist þá hafa hringt til stefnanda og kvartað yfir því, að lítið sem ekkert hafi verið unnið þar alla vikuna. En það stakk í augun að vikuna 6.-10. júní hafi verið unnir samkvæmt reikningum 162 tímar.

Þar sem þessir tveir liðir, sem stefndi gat staðfest að voru verulega frá sanni (sic), var reikningum neitað í ágúst eftir vandlega athugun. Síðan fór fram uppmæling á verkinu og nýir reikningar afhentir stefnda sem og að framan er rakið.

Eftir skoðun reikninganna samkvæmt uppmælingunni kvaðst stefndi hafa haft samband við stefnanda þann 4. október 1983 og tilkynnt honum að þeir yrðu ekki samþykktir. Bað stefnandi þá stefnda að senda reikningana og myndi hann afhenda þá lögfræðingi til innheimtu. Stefndi hefur í aðilaskýrslu sinni gagnrýnt reikninga stefnanda sem aðalkrafa hans er byggð á, sbr. sundurliðun aðalkröfu hér að framan.

Verða þessar athugasemdir stefnda raktar nokkuð.

1. liður aðalkröfu — reikn. nr. 340.

Reikningur þessi felur í sér uppmælinguna. Stefndi telur að panel á vegg sé oftalin um 14,3 ferm. þar sem gleymst hafi að draga frá þau op sem eru yfir 2 ferm. Novapan var ekki lagt af smiðum stefnanda heldur af stefnda, en smiðir söguðu niður 2 plötur á 1 ferm. hvora. Krossviðarklæðning á baðherbergi var ekki unnin í þökk stefnda þar sem leggja átti panel nema innan í sturtuklefa. Mat stefnda á þessum atriðum nema samtals 1157 mínútum. Þá gerir stefndi þær athugasemdir að allt verð á klst. er reiknað á verðlagi júnímánaðar en hluti verksins er unninn í maímánuði. Þá fellst stefndi ekki á handlang 25%. Taldi stefndi, samkvæmt upplýsingum Meistarasambands húsasmiða, að ekki sé venja að reikna handlang á innréttingasmíði. Launatengd gjöld og meistaraálag er reiknað á taxta júnímánaðar þó að hluti verksins sé unninn í maí. Vinnuskýrslur fylgdu ekki til Meistarafélags húsasmiða, en aðeins var gefið upp að heildarvinnutímafjöldi væri 432 tímar (360 tímar í dagvinnu og 72 tímar í eftirvinnu). Samkvæmt upprunalegum reikningi stefnanda skiptust tímar þannig að áliti stefnda að 34,17% var unnið í maí, en 65,83% í júní.

Eftirfarandi útreikningar stefnda á uppmælingunni án þess að tekið væri tillit til athugasemda hvað varðar mínútufjölda.

Uppmæling v/vinnu í maí:		
491,6 klst x 34,17% = 167,97 klst x 79,54		kr. 13.361,13
Eftirv. 62,5 klst x 34,17% = 21,36 klst x 25,84		kr. 551,94
Orlof		kr. 1.391,30
	Samtals	kr. 15.304,37
Launatengd gjöld 47,82%		kr. 7.318,55
		kr. 22.622,92
Meistaraálag 9,45%		kr. 2.137,87
	Samtals	kr. 24.760,79
Uppmæling v/vinnu í júní:		
491,6 klst x 65,83% = 323,62 klst x 85,91		kr. 27.802,19
Eftirv. 62,5 klst x 65,83% = 41,14 klst x 27,91		kr. 1.148,22
Orlof		kr. 2.892,04
	Samtals	kr. 31.845,45
Launatengd gjöld 53%		kr. 16.878,09
		kr. 48.723,54
Meistaraálag 9,12%		kr. 4.443,59
	Samtals	kr. 53.167,13

Uppmæling samtals kr. 77.927,92.

2. liður aðalkröfu — reikn. nr. 342.

Þessi reikningur kom stefnda einkennilega fyrir sjónir. Á fyrra reikningi nr. 315, lið 2 í sundurliðun varakröfu, er engin af þessari verkstæðisvinnu tilgreind, nema ef vera skyldi gólflistasmíði 31.05., en hér þá að saga panel. Í öðrum tilfellum voru mennirnir í uppsetningarvinnu áður, en eru nú í óða önn að sníða efni og nota vélar ósparlega. Smíðaðir eru 57 m af áfellum, 41 m gólflistar, 57 m af karmlistum og 32 m af loftlistum. Samkvæmt upplýsingum frá Meistarafélagi húsasmiða áætla þeir kostnað við slíka smíð geta numið allt að kr. 20 á metra. Reikningur nr. 342 ætti þá að líta þannig út:

187 metrar smíðaðir x 20	kr.	3.740,00
+ söluskattur 23,5%	kr.	878,90
	kr.	4.618,90
Efni	kr.	6.821,00
Samtals	kr.	11.439,90

3. liður aðalkröfu — reikn. nr. 343.

Stefndi telur reikning þennan mjög sérstakan. Það sem stefnda sé hér gert að greiða sé algerlega út í hött, og e.t.v. refsivert, eins og stefndi kemst að orði, að gera tilraun til að nýta sér þekkingarleysi fólks. Mælingagjald, endurskoðun og álagning eigi aldrei að greiðast af verkkaupa. Mælingagjald greiðist af sveinum og annað sé innifalið í launatengdum gjöldum.

Vinnu- og ferðakostnað neitar stefndi að greiða þar sem mælingin sé tilkomin vegna ágreinings sem full ástæða virðist hafa verið til. Stefndi hefur staðhæft fyrir dómi að hann hafi aldrei samþykkt að inna þessa greiðslu af hendi.

3. liður aðalkröfu — reikn. nr. 344.

Hér sé um reikning að ræða vegna ferðatíma, aksturs og fleira. Ferðatímar eru samkv. reikningum 149 og efnisútvegun og annað 6 tímar. Áætlaðir ferðatímar á dag eru 2 tímar og kílómetragjald 80 km. En kílómetrafjöldi sé 59 km og verði að styðjast við það. Ferðatími til að aka 59 km á malbiki að miklu leyti geti ekki verið meiri en 1 tími. Og ef tekið er mið af uppgefnum vinnustundum til mælingar námu þeir samtals 360 dagvinnutímum og 72 eftirvinnutímum samkvæmt upplýsingum skrifstofu Meistarafélags húsasmiða. Sé deilt í dagvinnutíma með 8, fást út 45 dagsverk. Hverju dagsverki á að fylgja 1 ferðatími og ein ferð.

Stefndi notar sömu skiptingu milli maí og júní og í athugasemdum við reikning nr. 340 hér að framan. Fær stefndi þannig eftirfarandi kostnaðaryfirlit:

Ferðatímar í maí 45x34,17% = 15 tímar x 147,40 (meðallaun í maí í mæl.)	kr.	2.211,00

Ferðatímar í júní 45x65,83% = 30 tímar x 164,28 (meðallaun í júní í mæl.)	kr.	4.928,40
Akstur í maí, 2 menn í vinnu að meðaltali 8 ferðir x 59 km x 5,35 á tíma	kr.	2.525,20
Akstur í júní, 3 menn í vinnu að meðaltali 10 ferðir x 59 km x 6,42 á tíma	kr.	3.787,80
Samtals	kr.	13.452,40

Vaxtakostnaður, sjá sundurliðun aðalkröfu.

Stefndi féllst ekki á þennan lið kröfu stefnanda. Eins og fram hefur komið í málinu bárust stefnda reikningar stefnanda 23. júlí og var þeim mótmælt og neitað 15. ágúst. Þessir reikningar hafi síðan verið felldir niður og sé því eigi unnt að ræða um skuld fyrr en við afhendingu seinni reikninga 29. september 1983. Stefndi viðurkennir því ekki að honum beri að greiða vexti, ef til kæmi, fyrr en eftir þann tíma.

Fæðisreikningur samkv. 4. lið aðalkröfu.

Reikningurinn feli í sér 30 máltíðir. Stefndi kvaðst hafa greitt 30 hádegisverði á Ferstiklu. Miðað við 45 dagsverk hafi verið ofreiknaðir 15 málsverðir.

Samkvæmt ofanrituðu telur stefndi eðlilegt að greiða sem hér segir:

1. Uppmæling	kr.	77.927,92
2. Verkstæðisvinna og efni	kr.	11.439,90
3. Ferðatímar og efni	kr.	13.452,40
4. Ferðareikningur	kr.	2.250,00
	Kr.	105.070,00

Frá þessu má draga samkv. athugasemdum á lið 1 hér að framan við reikning nr. 340 efni í krossvið um kr. 2.000,00 og væntanlega vinnu kr. 3.056,00.

Stefndi hefur þegar greitt stefnanda kr. 103.000,00 og telur því að hann hafi greitt verkið að fullu.

Varakröfu sína um verulega lækkun á dómkröfum stefnanda, er lögmaður stefnda hafði uppi við munnlegan flutning málsins, byggir stefndi á sömu rökum og sýknukröfu og rakið er hér að framan.

V.

Aðalkrafan.

Það er óumdeilt í málinu að munnlegt samkomulag varð með aðilum málsins að stefnandi tæki að sér umrætt verk í tímavinnu og á þágildandi kauptaxta. Þegar verkið hafði verið unnið og stefndi gert athugasemdir við reikninga stefnanda yfir verkið og raunar neitað að greiða þá að fullu, varð

enn að samkomulagi með aðilum að verkið skyldi mælt upp og síðan gert upp á grundvelli uppmælingar. Þegar reikningar stefnanda samkvæmt uppmælingu lágu fyrir andmælti stefndi þeim og byggði neitun sína á greiðslu m.a. á því að réttra aðferða við framkvæmd uppmælingar á verkinu hefði eigi verið gætt.

Upplýst er að stefnda var eigi gefinn kostur á að vera viðstaddur, er uppmæling fór fram. Mælingamaðurinn fór ásamt stefnanda í sumarbústaðinn og fór eftir fyrirsögn hans eins og ábendingum um verkið sem unnið hafði verið. Þá fékk mælingamaður eigi í hendur venjulega tímaskýrslu staðfesta af sveinum og verkstjóra, en aðeins áætlaðan heildarvinnutíma frá stefnanda, en verkinu hafði verið lokið fyrir um þrem mánuðum. Þá er og óumdeilt að mælingamaður byggði eingöngu á launataxta í júnímánuði við útreikninga sína á uppmælingu, en verkið var einnig unnið í maí, en þá voru launataxtar um 6% lægri. Kvaðst hann eigi hafa fengið upplýst, hvað mikill hluti verksins var unninn í maí.

Af hálfu stefnda var í aðilaskýrslu, sem að framan er lýst, að nokkru gerð skipting á vinnu í maí og júní og var af hálfu stefnanda í munnlegum flutningi í málinu lýst yfir að hann gæti sætt sig við þær hugmyndir. En eigi liggja fyrir í málinu útreikningar mælingamanns um framangreinda skiptingu.

Þegar á allt þetta er litið þykir að áliti dómsins þeir annmarkar vera á framkvæmd uppmælingar á verkinu að hún verði eigi lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Ber því að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda í málinu.

Varakrafan.

Verður nú fjallað um og lagt mat á hvern einstakan kröfulið í sundurliðaðri varakröfu stefnanda hér að framan.

Um lið 1.

Hér er um að ræða reikning nr. 314 yfir vinnu tveggja manna við að saga panel og auk þess nokkur vélavinna. Þá er um að ræða sölu á efni svo sem furu og novepan, saum og límí, ásamt söluskatti. Að áliti dómsins er reikningur þessi, kr. 17.600,00, á engan hátt tortryggilegur og verður því tekinn til greina.

Um lið 2.

Hér er um aðalreikning stefnanda að ræða nr. 315, að fjárhæð kr. 134.896,00. Er hann yfir vinnu starfsmanna stefnanda á verkstæði hans og í sumarbústaðnum, svo og ferðir í sumarbústaðinn, sem taldar eru með vinnutíma. Er vinnu samkvæmt frumnótum skipt á maí- og júnímánuð og gildandi kauptaxta í samræmi við það. Þegar uppmælingin var gerð á verkinu voru ferðatímar teknir út úr þessum reikningi og taldir sér á reikningi

nr. 344, þar sem þeir féllu eigi undir uppmælingu. Stefndi hefur gert athugasemdir við fjölda ferðatíma og áleit þá oftalda. Eigi verður á rök hans fallist og að áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna er því kröfuliður þessi eigi óeðlilegur eða tortryggilegur að því er varðar vinnustundir og kauptaxta og ber því að taka hann til greina að því leyti.

Undir þessum lið og á reikningi nr. 315 er og kílómetragjald vegna ferða í sumarbústaðinn en óumdeilt er að samið var um að stefndi greiddi það gjald. Stefnandi taldi vegalengdina 80 km og gaf þá skýringu að það væri leiðin frá Akranesi í sumarbústaðinn og til Akraness aftur og einnig frá sumarbústaðnum að Ferstiklu og til baka, en þessa vegalengd var ekið af starfsmönnum hans meðan þeir fóru í fæði að Ferstiklu. Eigi er upplýst í málinu hvenær starfsmenn stefnanda hættu að aka í hádeginu að Ferstiklu, en stefnandi notar vegalengdina 80 km allan tímann meðan á verkinu stendur, bæði í maí og júní. Þá tekur stefnandi kr. 6,30 á ekinn km í maí og kr. 6,80 í júní. Hefur að framan verið lýst nánar rökum stefnanda og forsendum fyrir þessum töxtum.

Af hálfu stefnda hefur verið mótmælt bæði vegalengdinni, sem talin var ekin, svo og töxtunum.

Þegar dómendur og lögmenn aðila fóru í vettvangsskoðun í sumarbústaðinn við munnlegan flutning málsins var vegalengdin mæld nákvæmlega af meðdómendum. Reyndist hún vera 59,8 km frá Akranesi að sumarbústað og til baka og 10,2 km frá sumarbústaðnum að Ferstiklu aftur eða alls 70,2 km.

Eigi þykir unnt að fallast á rök stefnanda fyrir ákvörðun kílómetragjaldsins, hvorki að því er varðar vegalengd né taxta. Þykir mega byggja á því að vegalengdin sé miðuð við 60 km allan tímann, þegar haft er í huga að um tíma var ekið alla leiðina að Ferstiklu. En gjaldið verður á ekinn kílómetra ákveðið kr. 5,35 í maí og kr. 6,42 í júní eins og segir í samþykktum Meistarasambands byggingamanna.

Kílómetragjaldið er ákveðið undir þessum lið þannig:

Ekið 1000 km í maí á kr. 6,30	kr.	6.300,00
Ekið 1120 km í júní á kr. 6,80	kr.	7.616,00
	kr.	13.916,00
Þau mistök hafa orðið hjá stefnanda að vanreiknað er gjaldið á einni nótu (nr. 1776) honum í óhag um og er því heildargjaldið þeirri fjárhæð	kr.	544,00
lægra í reikningum eða	kr.	13.372,00

Samkvæmt ákvörðun dómsins ber að ákveða kílómetragjaldið þannig:

Ekið 750 km í maí á kr. 5,35	kr. 4.012,50
Ekið 840 km í júní á kr. 6,42	kr. 5.392,80
	Kr. 8.405,30

Mismunur er því kr. 3.967,00 og ber að lækka þennan lið varakröfu stefnanda um þá fjárhæð eða í *kr. 130.929,00.*

Um lið 3.

Stefndi hefur andmælt reikningi þessum kr. 4.500,00 og telur hann of háan sem fyrr greinir. Dómurinn telur kröfu stefnda eigi studda nægum gögnum og verður þessi liður varakröfu stefnanda því tekinn til greina.

Um lið 5.

Stefndi hefur staðfastlega haldið því fram að eigi hafi verið gert samkomulag við stefnanda um greiðslu á kostnaði vegna uppmælingar. Þegar litið er til þess að venja er að slíkur kostnaður er eigi greiddur af verkkaupa þykir sönnun um hið gagnstæða eigi nægilega fram komin. Ber því að sýkna stefnda af þessum kröfulið stefnanda.

Um lið 4 og 6.

Þessir kröfuliðir eru útreiknaðir vextir af skuld stefnda frá 14.07. til 09.10.1983. Stefnandi leggur útreiknaða vexti við eftirstöðvar skuldarinnar og krefst síðan vaxta af fjárhæðinni eftir að innborgun hefur borist frá stefnda 09.10.1983. Stefnandi lýsir yfir að sú innborgun, kr. 43.000,00, gengi til greiðslu áfallinna vaxta, áður en höfuðstóll skuldar er skertur og er það væntanlega til að forðast að um vaxtavexti verði að ræða. Dómurinn lítur svo á að eigi beri að hafa þennan hátt á heldur greiði stefndi vexti af eftirstöðvum skuldar eins og hún er á hverjum tíma og frá þeim tíma er telja verður að skuldin beri vexti. Stefnandi krefst vaxta frá 14.07.1983 af eftirstöðvum skuldar eftir að greitt hefur verið upp í skuldina kr. 60.000,00. Stefndi telur sig ekki eiga að greiða vexti, ef til kæmi, fyrr en eftir 29.09. er stefnandi afhenti reikninga yfir uppmælinguna og er rökstuðningur hans nánar rakinn áður.

Dómurinn telur að verkkaupa beri að inna af hendi greiðslu fyrir verkið er verksali hefur lokið verki sínu. Þó þykir rétt að túlka þessa venjureglu þannig að reikningar yfir verkið hafi borist verkkaupa ef verkið er greitt samkvæmt reikningi. Það er upplýst í málinu að reikningar stefnanda bárust stefnda 23.07.1983, þó að verki lyki um 17.06. Og eigi þykir eiga að líta svo á að stefnandi hafi afsalað sér vöxtum af eftirstöðvum skuldarinnar eins og hún kynni að verða, þó að samkomulag yrði með aðilum um uppmælingu á verkinu. Þykir því eigi unnt að taka kröfu stefnda til greina. En samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða vexti af eftirstöðvum skuldarinnar frá næstu mánaðamótum eftir að reikningar stefnanda bárust eða frá 01.08.1983.

Niðurstaða málsins verður því sú að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 153.029,00 (kr. 17.600,00 + 130.929,00 + 4.500,00). Þar af hefur stefnandi þegar greitt kr. 103.000,00. Eftirstöðvarnar kr. 50.029,00 ber stefnda að greiða með 45% ársvöxtum af kr. 93.029,00 frá 01.08. til 20.09.1983, 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10.10.1983, 37% ársvöxtum af kr. 50.029,00 frá þeim degi til 21.10.1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11.1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.01.1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu 08.02.1984 en með dómvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Dómsorð:

Stefndi, Þorvaldur Þorsteinsson, greiði stefnanda, Trésmiðjunni Jaðar sf., kr. 50.029,00 með 45% ársvöxtum af kr. 93.029,00 frá 01.08. til 20.09.1983, 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10.10.1983, 37% ársvöxtum af kr. 50.029,00 frá þeim degi til 21.10.1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11.1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12.1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.01.1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu 08.02.1984 en með dómvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og í málskostnað kr. 25.000,00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 283/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson hrl.)
gegn
Ásbirni Andrasyni
(Þórólfur Beck hrl.)

Þjófnaður. Fjárdráttur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1987 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærði í héraði vildi hlíta héraðsdómi. Af hálfu ákæruvalds er dóminum áfrýjað til þyngingar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarmat, færslu til refsiákvæða og fébætur. Með hliðsjón af þeim ákvæðum sem tilgreind eru í hinum áfrýjaða dómi verður refsing ákærða ákveðin fangelsi 15 mánuði. Í héraðsdómi er ákærði talinn hafa sætt gæsluvarðhaldi frá 21. mars 1986 kl. 16:54 til 28. maí s.á. kl. 17:00 eða í 69 daga samtals. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn er sýna að ákærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi 16. maí 1986 kl. 13:55. Að þessu athuguðu þykir rétt að draga gæsluvarðhaldsvist í 56 daga frá refsingu ákærða.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að því er ákærða varðar og dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Ásbjörn Andrason, sæti fangelsi 15 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, alls 56 dagar.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað skulu vera óröskuð að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Þórólfs Kristjáns Beck hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 21. maí, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara.

Fyrir er tekið: Sakadómsmálið: Ákæruvaldið gegn Ásbirni Andrasyni o.fl.

Mál þetta var dómtekið þ. 19. þ.m.

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Ár 1987, fimmtudaginn 21. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 336-337/1987: Ákæruvaldið gegn Ásbirni Andrasyni og X, sem tekið var til dóms þann 19. maí 1987.

Upphaflega er málið höfðað með ákæru dagsettri 26. ágúst 1986 gegn ákærðu, Ásbirni Andrasyni nema, þá til heimilis að Laugavegi 27, Reykjavík, en nú til heimilis að Tåstrupgårdsvej 113, 2630, Tåstrup, Danmörku, fæddum 4. desember 1962 í Reykjavík, X, A og B, ,,fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19, 1940 í febrúar og mars 1986:

I. Ákærðu Ásbirni, X og A er gefið að sök:

1.

Að hafa, aðfaranótt þriðjudagsins 11. febrúar 1986, brotist inn í myndbandaleiguna Tröllavideó, Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi, og stolið sjónvarpstæki, 29 myndböndum, allt að 15 vindlingalengjum og 3.000,00 krónum.

2.

Aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar (sic) 1986 brotist inn í vélaverkstæði Véltaks h.f., Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði, og stolið þar slípirokk, slaghamri, borvél, kúbeini, 3 topplyklasettum og ljósmyndavél.

3.

Sömu nótt brotist inn í afgreiðsluhúsnæði Skeljungs h.f. við Bæjarbraut, Garðakaupstað, brotið þar upp peningaskáp með verkfærunum sem þeir komust yfir í innbrotinu á vélaverkstæðið, og stolið úr skápnum 315.069.30 krónum í reiðufé og tékkum.

4.

Ákærðu Ásbirni og A er gefinn að sök þjófnaður og ákærða X hlutdeild í broti þeirra, — ákærðu Ásbirni og A fyrir að brjótast inn í verslunina

Ömmu Dalton og myndbandaleiguna Myndsel, Víkurbraut 31, Grindavík, aðfaranótt mánudagsins 17. mars, og stela þar 3 myndbandstækjum, 50 vindlingalengjum, útvarps- og segulbandstæki og 2 hátölurum, — X fyrir að taka við myndbandstækjunum til geymslu hjá meðákærðu sama dag, þrátt fyrir vitneskju um hvernig meðákærðu voru að þeim komnir.

Telst þessi háttsemi ákærðu varða við 244. gr. hegningarlaganna nema atferli ákærða X samkvæmt ákærulið 4 sem telst varða við 254. gr. sömu laga.

II. Ákærðu Ásbirni og A er gefið að sök að hafa:

1.

Aðfaranótt föstudagsins 21. febrúar brotist inn í verslun og vélaverkstæði Véltaks h.f., við Hvaleyrarbraut og stolið þar slípirokk og 2 kúbeinum.

2.

Sömu nótt brotist inn í bensínafgreiðslu Olíufélagsins h.f. á Ártúnshöfða í Reykjavík og stolið þar tónjafnara og um 120.000 krónum úr peningaskáp, sem þeir brutu upp með verkfærum sem þeir komust yfir í innbrotinu í vélaverkstæðið fyrr um nóttina.

3.

Aðfaranótt mánudagsins 10. mars brotist inn í bifreiðaverkstæði Tómasar Jónssonar, Laugarnestanga 15, Reykjavík, og stolið þar logsuðutækjum með brennara, 3 járnklippum, skrúfjárni, kuldaskóm og 2 vinnugöllum. (RLR mál nr. 722 og 1082/86).

4.

Sömu nótt brotist inn í bensínafgreiðslu Olíufélagsins h.f., Stórahjalla 2, Kópavogi, og stolið þar 18 vindlingalengjum og 3.000 krónum og jafnframt reynt án árangurs að logskera upp peningaskáp í afgreiðslunni með tækjunum sem þeir komust yfir í síðastgreindu innbroti.

5.

Aðfaranótt þriðjudagsins 11. mars brotist í þjófnaðarskyni inn í myndbandaleiguna Borgarvideó, Kárastíg 1, Reykjavík, en horfið af vettvangi er þjófavarnarkerfi leigunnar fór í gang.

Telst þetta atferli varða við 244. gr. hegningarlaganna nema háttsemin í lið 5 sem varðar við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

III. Ákærða Ásbirni Andrasyni er einum gefin að sök eftirgreind brot framin í Reykjavík:

1.

Að hafa aðfaranótt föstudagsins 7. febrúar brotist inn í húsnæði heildverslunar Kristins Bergþórssonar, Grettisgötu 5, og stolið þar 7 áfengisflöskum, reiknivél, síma, myndavél, taltæki (diktafóni) og útvarps- og segulbandstæki.

2.

Aðfaranótt fimmtudagsins 18. febrúar brotist inn í Nesapótek, Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi og stolið þar um 3.700 krónum.

3.

Í marsbyrjun slegið eign sinni á myndbandstæki, sem hann tók á leigu þann 27. febrúar hjá myndbandaleigunni Borgarvideó, Kárastíg 1, Reykjavík.

Telst atferli ákærða Ásbjörns samkvæmt liðum 1 og 2 varða við 244. gr. hegningarlaganna en í lið 3 við 247. gr. sömu laga.

— — —

Telst þetta varða við 254. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Þann 19. nóvember sl. var þáttur ákærða B í málinu dæmdur, en hann hafði verið aðgreindur svo ljúka mætti dómi í málinu á hendur honum þar sem fyrirsjáanlegt var að málið myndi dragast gegn ákærðu A og Ásbirni, sem þá voru báðir búsettir erlendis, og hvorki hafði til þeirra náðst né ákærða X sem var langdvölum á sjó.

Með bréfi dómsins til ríkissaksóknara dagsettu 13. þ.m. var þess óskað að þáttur ákærða A yrði aðgreindur í málinu, þar sem hann væri búsettur í Ástralíu og ekki væri von á honum til landsins. Með bréfi ríkissaksóknara til dómarans dagsettu þann 14. þ.m. var málaleitan þessi samþykkt. Verður því í dómi þessum eingöngu dæmdur þáttur ákærðu Ásbjarnar og X, en sá fyrrnefndi, sem enn er búsettur erlendis, kom fyrir dóminn í janúarmánuði sl. og kom hann til landsins að ósk dómarans einvörðungu í þessu skyni, en að því búnu hélt hann á ný til Danmerkur.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu Ásbjarnar og X og öðru því, sem fram er komið í málinu:

I.

1. Aðfaranótt þriðjudagsins 11. febrúar 1986 brutust ákærðu Ásbjörn og X í félagi við A inn í myndbandaleiguna Tröllavideó, Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi. Komust þeir inn með því að Ásbjörn skreið inn um opinn glugga og opnaði fyrir X, en A beið þeirra í bifreið fyrir utan. Þarna stálu þeir sjónvarpstæki af gerðinni Hitatchi, 29 myndböndum, um 3.000,00 í

peningum, sem þeir tóku úr reikningskassa, svo og um 15 vindlingalengjum.

Í kæru er þess ennfremur getið að stolið hafi verið samtals 115 myndböndum, íþróttatösku, 2 pelum af koníaki, tveim útvarps- og segulbandstækjum, öðru af gerðinni Crown en hinu af gerðinni Sharp, skrautsíma svo og tveim myndbandstækjum. Ákærðu Ásbjörn og X svo og A hafa allir játað að hafa stolið þessum munum að undanskildum myndbandstækjunum og myndböndunum 86 sem þeir hafa harðneitað að hafa stolið þarna, enda eru þeir ekki ákærðir fyrir þann þjófnað.

Ákærðu seldu myndböndin, sjónvarpið, skrautsímann og annað útvarps- og segulbandstækið. Þeir eyddu peningunum og drukku áfengið. Andvirðinu af sölu þýfisins skiptu þeir þrír með sér. Rannsóknarlögreglan kom sjónvarpinu, skrautsímanum og öðru segulbandstækinu til skila til Ábyrgðar hf.

Ofangreindur þjófnaður ákærðu Ásbjörns og X er sannaður með játningu þeirra, sem er í samræmi við framburð A fyrir rannsóknarlögreglu. Telst brot þeirra varða við 244. gr. alm. hegningarlaga. Hins vegar verða þeir ekki sakfelldir fyrir þjófnaðinn á útvarps- og segulbandstækjunum, skrautsímanum, koníakspelunum og íþróttatöskunni, þar sem þeir eru ekki ákærðir fyrir þann þjófnað, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Myndbandaleigan Tröllavideó var með tryggingu hjá tryggingafélaginu Ábyrgð hf. Voru eigandanum greiddar krónur 250.000,00 í bætur vegna innbrotsins. Hefur tryggingafélagið lagt fram þá kröfu að þeir sem valdir eru að þjófnaðinum greiði félaginu þessa fjárhæð. Ofangreind krafa er með öllu órökstudd og ósundurliðuð. Kemur m.a. fram í kröfunni að stolið hafi verið myndbandsspólum, spólum, sjónvarpi o.fl. en þýfið ekki nánar tilgreint. Ákærðu eru ekki ákærðir nema fyrir þjófnað á broti af þeim verðmætum, sem félagið hefur greitt eiganda Tröllavideós, og sumu af þýfinu skilaði RLR félaginu. Samkvæmt framansögðu er ofangreindri kröfu vísað frá dómi.

2. Um kl. 03:00 aðfaranótt mánudagsins 17. febrúar 1986 brutust ákærðu Ásbjörn og X ásamt A ennfremur inn í vélaverkstæði Véltaks hf. við Hvaleyrarbraut 3 í Hafnarfirði. Komust ákærðu inn um opinn glugga á vesturgafli hússins. Þarna stálu þeir ýmsum verkfærum sem þeir síðar hugðust nota við annað innbrot í þjófnaðarskyni, svo sem slípirokk, slaghamri, borvél, kúbeini, 3 topplyklasettum og rafmagnskapli. Þá stálu þeir þarna ljósmyndavél af gerðinni Canon AE I með linsu og rafmagnskapli.

Sömu nótt héldu þeir þrír að bensínafgreiðslu Shell við Bæjarbraut, Garðakaupstað, í þeim tilgangi að sprengja þar upp peningaskáp. Brutu þeir upp hurð á norðurhlið hússins með því að binda spýtu við höggdeyfara bifreiðar þeirrar sem þeir komu á. Ætluðu þeir að taka peningaskápinn

með sér, en tókst ekki þar sem hann var fastur við gólfið. Við svo búið héldu þeir í Véltak þar sem þá vantaði verkfæri til að opna skápinn og brutust þar inn, svo sem að framan greinir. Er þeir komu til baka á ný notuðu þeir slípirokkinn til að slípa lamirnar af skápnum og spenntu síðan upp hurðina með kúbeininu. Hluta af verkfærunum skildu þeir svo eftir á innbrotsstað, en fóru með önnur með sér. Úr skápnum stálu þeir umslagi með peningum og ávísunum auk þriggja lítilla peningakassa, sem í honum voru. Tóku þeir þýfið með sér og var þá komið undir morgun. Geymdu þeir þýfið í geymslu á heimili X.

Í kæru er talið að stolið hafi verið úr skápnum í peningum kr. 130.000,00 en í ávísunum kr. 182.843,00 ásamt tveim litlum peningakössum, en þriðji peningakassinn var opnaður en skilinn óskemmdur eftir. Í litlu peningakössunum hafi verið skiptimynt kr. 30.000,00 samtals en aðrir peningar í skápnum kr. 100.226,00, eða samtals í reiðufé kr. 130.226,00. Í kærunni er þess getið að allir tékkarnir hafi verið stimplaðir.

Ákærðu Ásbjörn og X hafa báðir borið að þeir þrír hafi skipt peningunum jafnt á milli sín og í hlut hvers hafi komið um 40.000 - 42.000 krónur, en þeir hafi ekki vefengt peningaupphæðina í kærunni. Þá hafa báðir borið að þar sem þeir sáu síðar að allir tékkarnir voru stimplaðir með nafni Skeljungs hafi þeir séð að þeir myndu ekki geta fénýtt þá og því ekki talið þá. Tékkarnir hafi verið geymdir í geymslu á heimili X, en A hafi sótt þá þangað án þeirra vitneskju og vilja og hent þeim einhvers staðar. Þeir hafi hins vegar báðir viljað geyma tékkana til að koma þeim til skila úr því sem komið var. Hvorugur vefengdi að upphæð tékkanna væri sú, sem í kæru greinir.

A bar á sama veg og ákærðu Ásbjörn og X fyrir rannsóknarlögreglu, en taldi þó að hver um sig hafi fengið um 30.000 krónur í peningum í sinn hlut. Hann mundi ekki hvort þeir höfðu á brott með sér 2 eða 3 litla peningakassa en sagði að þeir hefðu opnað kassana í ofangreindri geymslu. Þessum kössum hafi hann hent í sjóinn við Hafnarfjörð ásamt tösku, sem í voru ávísanirnar úr innbrotinu. Þeir þrír hafi verið ósammála hvað gera ætti við tékkana og á meðan þeir hinir voru í haldi lögreglunnar hafi hann notað tækifærið og hent töskunni. X hafi viljað skipta tékkunum, en það hafi hann ekki viljað. Taskan hafi verið þung og sokkið strax.

Ákærðu og A eyddu peningunum og því fé sem fékkst fyrir þýfið ásamt A.

Af verkfærum þeim og öðru þýfi sem ákærðu stálu í Véltaki hf. komst eftirfarandi til skila: myndavél, borvél, kúbein, tveir slaghamrar, sleggja, slípirokkur og rafmagnskapall. Þýfi þetta fannst á innbrotsstað við bensínafgreiðslu Shell og á heimili ákærða X.

Með játningu ákærðu Ásbjörns og X, sem studd er framburði A fyrir

rannsóknarlögreglu, er sannað að þeir brutust inn á ofangreinda tvo staði í þjófnaðarskyni og stálu þeim verðmætum, sem í 2. og 3. tl. I. kafla ákæru greinir. Varðar þessi verknaður þeirra við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Í ákæru er brot ákærðu skv. 2. tl. talið framið þann 7. febrúar 1986 í stað 17. sama mánaðar. Þessi misritun kemur þó ekki að sök, skv. 3. mgr. 118. gr. l. nr. 74/1974.

Engin bótakrafa var lögð fram af hálfu Véltaks hf. í máli þessu.

Olíufélagið Skeljungur hf. hefur lagt fram eftirfarandi skaðabótakröfu vegna þjófnaðarins í bensínafgreiðslu Skeljungs við Bæjarbraut, sem sundurliðast þannig:

A.	Stolið söluandvirði í peningum og ávísunum,	kr. 283.069,30
B.	Stolið skiptimynt,	kr. 30.000,00
C.	Stolið símapeningum, ca.	kr. 2.000,00
D.	Eyðilagður peningaskápur,	kr. 63.280,00
E.	Peningakassar, 3 stk. á 1.474 kr. stk.,	kr. 4.422,00
F.	Viðgerðarkostnaður aðkeyptur,	kr. 8.200,00
G.	Viðgerðarkostnaður, eigin vinna,	kr. 3.120,00
	Samtals	kr. 394.091,30

Ákærðu hafa báðir samþykkt kröfuna að öðru leyti en því að þeir mótmæla greiðslu vegna tékkanna, þar sem A hafi komið þeim fyrir kattarnef án þeirra vitundar.

Ofangreind bótakrafa er sundurliðuð, í hóf stillt og í samræmi við játningar ákærðu á þeim verðmætum sem stolið var og voru skemmd. Verður krafan tekin til greina að fullu og ákærðu Ásbjörn og X dæmdir óskipt til greiðslu hennar, en þar sem dómur verður ekki lagður nú á þátt A verður hann ekki í máli þessu dæmdur til greiðslu kröfunnar í félagi við ákærðu.

3. Aðfaranótt mánudagsins 17. mars sama ár brutust ákærðu Ásbjörn og A í félagi inn í verslunina Amma Dalton og myndbandaleiguna Myndsel, Víkurbraut 31, Grindavík. Komust þeir inn með því að fjarlægja spónaplötu, sem negld hafði verið fyrir glugga á austurhlið hússins. Þarna stálu þeir 3 myndbandstækjum, um 50 vindlingalengjum af ýmsum gerðum tóbaks, útvarps- og segulbandstæki af gerðinni Samsung með tveim hátölurum, sem voru festir á vegg. Þá taldi kærandi að stolið hefði verið um 4.000 - 5.000 krónum í peningum, en í ákæru er þeim ekki gert að sök að hafa stolið peningum þarna.

Ákærði X tók myndbandstækin öll í geymslu fyrir Ásbjörn og A, þrátt fyrir að honum væri kunnugt um að þeir hefðu stolið þeim. Ákærði X vísaði rannsóknarlögreglunni á myndbandstækin sem hann hafði ekki ráð-

stafað og komust þau til skila til eigandans ásamt útvarps- og segulbandstækinu og hátölurunum. Þá hafðist einnig upp á 16 vindlingalengjum af þeim ca. 50 sem stolið var.

Framangreind háttsemi ákærða Ásbjörns varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga, en brot ákærða X við 254. gr. sömu laga.

Eigandi ófangreindrar verslunar og myndbandaleigu hefur lagt fram skaðabótakröfu samtals að fjárhæð kr. 64.950,00. Gerir hann þá kröfu að fá greitt andvirði 21 vindlingalengju, kr. 16.890,00, skiptimynt að fjárhæð kr. 7.500,00 og andvirði útleigugjalds á myndbandstækjum í þá daga, sem þau vantaði á leiguna að fjárhæð kr. 40.560,00.

Ákærði Ásbjörn hefur samþykkt að greiða andvirði 16 vindlingalengna, en ekki 21 þar sem 34 komust til skila, og í ákæru er honum gert að sök að hafa ásamt A stolið samtals 50 lengjum en ekki 55. Þá kveður hann peningafjárhæðina í kröfunni vegna þjófnaðar á skiptimynt vera of háa og loks mótmælir hann að greiða ofangreinda útleigu.

Í ákæru er ákærða gert að sök að hafa ásamt A stolið samtals 50 vindlingalengjum, en svo sem að framan greinir komust 34 lengjur til skila. Verður ákærði Ásbjörn því dæmdur til að greiða andvirði 16 lengna, þ.e. 12.868,00 krónur. Þá er kröfunni um greiðslu kr. 7.500,00 hafnað, enda er ákærði ekki ákærður fyrir þjófnað á peningum í þessu innbroti þrátt fyrir að hann og A hafi viðurkennt að hafa stolið þarna einhverri skiptimynt. Þá er krafan um útleigu tækjanna með öllu órökstudd og verður að vísa henni frá dómi.

II.

1. Aðfaranótt föstudagsins 21. febrúar sama ár braust ákærði Ásbjörn ásamt A á ný inn í vélaverkstæðið Véltak hf. við Hvaleyrarholt og stal þar slípirokk og 2 kúbeinum. Komust þeir inn með því að spenna upp glugga á austurhlið hússins. Ofangreind verkfæri voru meðal þeirra, sem þeir stálu fjórum nóttum áður. Þessum verkfærum stálu þeir í þeim tilgangi að nota þau við innbrot það, sem í næsta lið er getið. Kúbeinunum hentu þeir í Elliðaárnar að notkun lokinni, en slípirokkinn skildu þeir eftir á innbrotsstað.

Framangreindur verknaður ákærða Ásbjörns varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa kom fram vegna þessa þjófnaðar.

2. Í framhaldi af þjófnaðinum í 1. lið fóru ákærði Ásbjörn og A að afgreiðslu bensínstöðvar Olíufélagsins hf. við Ártúnshöfða í Reykjavík. Spenntu þeir upp glugga á sunnanverðu húsinu sem krækt hafði verið aftur.

Í kjallara hússins fundu þeir peningaskáp sem þeir opnuðu á þann hátt að þeir flettu af með slípirokknum mestum hluta af loki hans með þeim

afleiðingum að skápurinn er gjörónýtur. Úr skápnum stálu þeir um 120.000,00 þúsund í peningum og litlum peningakössum sem í honum voru sem þeir brutu upp, þ.e. ákærði Ásbjörn hefur játað að sú upphæð sé rétt og er það í samræmi við kröfu þá sem lögð er fram í málinu og síðar er greint frá, en í upphaflegri kæru Olíufélagsins hf. er talið að upphæðin hafi numið 150.000,00 krónum. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu hefur A hins vegar borið að þeir hafi stolið þarna um 60.000,00 krónum og nokkrum þúsundum króna í skiptimynt. Þá stálu þeir þarna tónjafnara, sem einn starfsmanna átti og komst hann síðar til skila.

Ákærði og A höfðu eytt öllu fénu þegar þeir voru handteknir.

Með játningu ákærða þykir sannað að hann hafi ásamt A stolið í innbroti þessu þeim verðmætum sem í ákæru greinir. Varðar brot hans við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Olíufélagið hf. hefur lagt fram eftirfarandi skaðabótakröfu í málinu, sem sundurliðast þannig:

1. Peningar	kr.	120.000,00
2. Vörur	kr.	10.000,00
3. Peningaskápur, viðgerð	kr.	15.000,00
4. Aðrar skemmdir	kr.	5.000,00
5. Þrif	kr.	5.000,00
Samtals:	kr.	155.000,00

Ekki var gerð krafa um greiðslu vaxta af ofangreindri fjárhæð.

Ákærði Ásbjörn hefur samþykkt framangreinda kröfu og verður hann dæmdur til að greiða hana að undanskildum 2. lið, sem er órökstuddur, enda kröfunni í hóf stillt. Verður ákærði því dæmdur til að greiða Olíufélaginu hf. samtals kr. 145.000,00 en sem fyrr verður A ekki dæmdur til greiðslu kröfunnar í máli þessu þar sem þætti hans verður ekki lokið nú.

3. Aðfaranótt mánudagsins 10. mars sama ár brutust þeir sömu inn í bifreiðaverkstæði Tómasar Jónssonar, Laugarnestanga 15, Reykjavík. Þarna komust þeir inn með því að spenna upp opnanlegan glugga af stærðinni 35x40 á austurhlið hússins. Þarna stálu þeir logsuðutækjum með brennara, 3 járnklippum, skrúfjárni, kuldaskóm og 2 vinnugöllum. Tækin hugðust þeir nota síðar um nóttina í innbroti í bensínafgreiðslu Olíufélagsins hf. við Stórahjalla í Kópavogi, sbr. lið 4 hér á eftir. Ofangreint þýfi fannst allt óskemmt í ofangreindri bensínafgreiðslu.

Framangreind háttsemi ákærða, sem hann hefur játað, varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa var lögð fram vegna þessa þjófnaðar, enda komst þýfið til skila og ekki annað tjón unnið en á glugga þeim sem ákærði og félagi hans spenntu upp.

4. Svo sem að framan segir fóru ákærði og A þessa sömu nótt af ofangreindum innbrotsstað að bensínafgreiðslunni sem getið er í 3. lið. Þar spenntu þeir upp útidyrahurð á austurhlið hússins með kúbeini. Notuðu þeir logsuðutækin til að freista þess að opna peningaskáp á lager stöðvarinnar. Ristu þeir lok skápsins upp með tækjunum og öðrum verkfærum, en komust ekki inn í aðalgeymslu skápsins, en þar voru geymdar krónur 335.926,00. Þarna stálu þeir í skiptimynt um kr. 3.000,00 úr litlum peningakassa sem var í efsta hluta skápsins ásamt 18 vindlingalengjum. Þá spenntu þeir upp skúffu undir afgreiðsluborði en fundu þar ekkert fémætt. Þá reyndu þeir að spenna upp bakhurð að lager en án árangurs.

Þegar starfsmenn komu til vinnu um morguninn um kl. 7.20 var enn þykkt ryk á staðnum sem myndast hafði við logsuðuna á skápnum.

Með játningu ákærða Ásbjörns sem er í samræmi við framburð A hjá rannsóknarlögreglu og önnur málsgögn telst framangreindur þjófnaður hans sannaður. Varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Olíufélagið hf. hefur lagt fram eftirfarandi skaðabótakröfu sem sundurliðast þannig:

1.	Peningar	kr. 3.000,00
2.	Vörur	kr. 15.750,00
3.	Peningaskápur, viðgerð	kr. 15.000,00
4.	Aðrar skemmdir	kr. 15.000,00
5.	Þrif	kr. 15.000,00
6.	Skúffur í peningakassa	kr. 5.000,00
7.	Peningakassi	kr. 2.500,00
8.	Hreinsun á reiknivél	kr. 2.000,00
9.	Grill	kr. 1.690,00
	Samtals	kr. 75.940,00

Ekki var gerð krafa um greiðslu vaxta af ofangreindri fjárhæð.

Ákærði Ásbjörn hefur samþykkt kröfuna að öðru leyti en því að hann mótmælir 9. lið hennar, þar sem hann kannast hvorki við að þarna hafi þeir stolið eða skemmt grilltæki.

Krafan er sanngjörn og eðlileg og verður ákærði dæmdur til greiðslu hennar að undanskildum 9. lið hennar, þar sem ákærði er hvorki ákærður fyrir þjófnað á ofangreindu grilli né er á það minnst í gögnum málsins að á því hafi verið unnið tjón. Verður hann því dæmdur til að greiða Olíufélaginu samtals kr. 74.250,00 í skaðabætur. Svo sem málinu er háttað verður A ekki dæmdur ásamt ákærða til greiðslu kröfunnar nú.

5. Loks fóru ákærði og A inn í myndbandaleiguna Borgarvideó, Kárastíg 1 hér í borg, aðfaranótt þriðjudagsins 11. mars sama ár með því að

ákærði fór inn um opnanlegan glugga og opnaði fyrir A. Í skýrslu lögreglunnar, sem þarna kom að, segir að farið hafi verið þarna inn með því að spyrna upp hurð á sameiginlegu þvottahúsi, en því hafa ákærði og A neitað. Þeir kváðust hafa brotist þarna inn í þjófnaðartilgangi, en er þeir voru nýkomnir inn fór þjófavarnarkerfið í gang og tóku þeir til fótanna og óku á brott á bifreið þeirri sem þeir komu á.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa hefur verið lögð fram vegna þessa máls.

III.

1. Aðfaranótt föstudagsins 7. febrúar sama ár braust ákærði Ásbjörn einn síns liðs inn í heildverslun Kristins Bergþórssonar, Grettisgötu 5 hér í borg, með því að stinga þar upp glugga með skrúfjárni sem hann hafði meðferðis í þessu skyni. Þarna stal hann reiknivél, útvarps- og segulbandstæki, takkasíma, taltæki, myndavél af gerðinni Canon F-1 og 7 áfengisflöskum. Ákærði drakk áfengið og kveðst hafa selt annað af þýfinu, nema reiknivélina og símann, sem komust til skila, Inga Rafni Bæringssyni, sem lofaði að selja það fyrir ákærða.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa var höfð uppi vegna þessa þjófnaðar.

2. Aðfaranótt fimmtudagsins 18. sama mánaðar braust ákærði inn í Nesapótek, Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi með því að brjóta rúðu við hlið inngangsins í apótekið. Þarna stal hann um kr. 3.700,00 í skiptimynt úr peningakassa.

Íbúar í nágrenninu höfðu orðið varir mannaferða við apótekið og gerðu lögreglu viðvart. Ákærði og X voru skömmu síðar handteknir á Kaplaskjólsvegi, þar sem þeir voru ölvaðir og ferðir þeirra þóttu grunsamlegar. Fundust kr. 1.730,00 á ákærða en á X kr. 300,00. Auk þess fundust kr. 2.015,00 undir bifreið sem þeir voru handteknir í, en þar höfðu þeir falið sig.

Ákærði Ásbjörn kveðst hafa verið að koma úr samkvæmi skammt frá apótekinu ásamt kunningjum sínum. Hann hafi ætlað að fá að hringja á leigubíl á lögreglustöðinni, en hún hafi verið lokuð. Þessu reiddist hann og ákvað að brjótast inn í apótekið. Kunningjar hans, þar á meðal X, hafi ekki viljað taka þátt í þessu og reynt að koma fyrir hann vitinu, en allt að einu braust hann inn og stal ofangreindum peningum. Hann hafi síðan hlaupið á eftir hinum í framhaldi af þessu. Hann hafi síðan verið handtekinn í bíl sem hann faldi sig í, en áður faldi hann hluta af þýfinu undir bílnum.

Framburður X var í samræmi við framburð ákærða, enda er sá fyrrnefndi ekki ákærður fyrir þennan þjófnað.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Nesapóteki voru afhentir peningar þeir sem fundust á ákærða umrætt sinn, kr. 3.745,00. Var ekki lögð fram frekari krafa á hendur honum í málinu.

3. Fimmtudaginn 27. sama mánaðar fór ákærði inn á myndbandaleiguna Borgarvideó, Kárastíg 1 hér í borg, og tók þar á leigu myndbandstæki og 3 myndbönd til kl. 17:00 næsta dag. Undirritaði hann leigusamning þess efnis með eigin nafni. Tækið fór hann með heim til sín, en nokkrum dögum síðar fór hann með tækið til B og bað hann að selja tækið fyrir sig. Fékk ákærði í sinn hlut 5-7 þús. krónur en hann kveðst ekki vita hverjum tækið var selt.

Framburður B var í samræmi við framburð ákærða. Svo sem að framan greinir hefur hann verið dæmdur fyrir þátt sinn.

Framangreint brot ákærða varðar við 247. gr. alm. hegningarlaga. Ákærði er ekki ákærður fyrir að hafa slegið eign sinni á ofangreindar 3 myndbandsspólur og verður hann því ekki dæmdur fyrir þann verknað.

Borgarvideó hefur lagt fram skaðabótakröfu vegna framangreinds tækis að fjárhæð kr. 43.000,00 og hefur ákærði samþykkt að greiða kröfuna og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu og öðru því sem fram er komið í málinu hafa þeir sætt eftirtöldum refsingum:

Ákærði Ásbjörn:

Árið 1979 var ákæru frestað skb. í 2 ár á hendur honum vegna þjófnaðar og þjófnaðartilraunar. Þá hefur hann frá árinu 1980 gengist 14 sinnum undir dómsátt, þar af 11 sinnum vegna ölvunar á almannafæri, einu sinni vegna tollalagabrots og tvisvar vegna ölvunar við akstur, en í öðru þeirra tilvika, árið 1982, jafnframt fyrir nytjastuld. Þá hefur hann sætt þessum refsidómum:

1983 10/8 3 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir þjófnað.
1983 2/9 4 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir skjalafals, þjófnað og ólögmæta meðferð fundins fjár. Dómur frá 10/8 1983 dæmdur með.
1983 14/12 4 mánaða fangelsi skb. í 3 ár fyrir þjófnað. Dómur frá 2.9. 1983 dæmdur með.
1984 17/1 6 mánaða fangelsi, þar af 5 mán. skb. 3 ár fyrir þjófnað.
1984 15/3 Sakfelldur fyrir þjófnaðartilraun. Refsing ekki dæmd.
1985 22/4 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, skjalafals og þjófnaðartilraun. Skilorðshluti dóms frá 17/1 1984 dæmdur með.

1985 30/10 1 mánaðar fangelsi fyrir nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

1986 25/3 20 daga fangelsi fyrir nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur og fl. umf.l.brot.

1986 3/7 2 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur o.fl. umf.l.brot. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

1987 14/1 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

— — —

Viðurlög.

Brot ákærða Ásbjarnar eru öll framin áður en þrír síðustu refsidómarnir yfir honum voru upp kveðnir, samtals 6 mánaða og 20 daga fangelsi. Ber því nú að ákveða honum hegningarauka sem með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga og því að hann hefur ekki bætt fyrir brot sín, hæfilega ákveðinn 18 mánaða fangelsi. Hann sat í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á brotum þeim sem fjallað er um í dómi þessum frá 21. mars 1986 kl. 16:54 til 28. maí sama ár kl. 17:00, samtals 69 daga. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að draga gæsluvarðhaldstímann frá refsingu hans.

— — —

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan.

Þá eru ákærðu Ásbjörn og X dæmdir til að greiða allan sakarkostnað óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Ásbjörn Andrason sæti 18 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 69 dagar.

Ákærði X sæti 6 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 53 dagar.

Ákærði Ásbjörn greiði eftirtöldum skaðabætur, sem hér segir:

1. Versluninni Ömmu Dalton, Víkurbraut 31, Grindavík, kr. 12.868,00.

2. Olíufélaginu hf. kr. 219.250,00.

3. Borgarvideó, Kárastíg 1, Reykjavík, kr. 43.000,00.

Ákærðu Ásbjörn og X greiði Olíufélaginu Skeljungi hf. óskipt kr. 394.091,30.

Ákærði Ásbjörn greiði í sakarkostnað kr. 17.870,00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu Ásbjörn og X óskipt.

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 136/1987. **Andri hf.**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sambandi íslenskra samvinnufélaga
Iðnaðardeild
(Stefán Pálsson hrl.)

Áskorunarmál. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1986, en síðan fellt niður með útivistardómi 1. apríl 1987.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar að nýju með stefnu 22. apríl 1987 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður og stefnda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er höfðað af stefnda á bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál gegn Haraldi Haraldssyni framkvæmdastjóra, Þykkvabæ 16, f.h. Andra hf., Ármúla 28, báðum hér í borg, með stefnu útgefinni 27. maí 1986 til heimtu 500.000,00 danskra króna ásamt 14% ársvöxtum frá 19. júní 1985 til greiðsludags og 220,00 danskra króna í afsagnarkostnað svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi. Í stefnu er gerð nánari grein fyrir kröfunni þannig: „Skuld sú sem er grundvöllur málsóknar þessarar er skv. víxli að fjárhæð danskar krónur 500.000.-, útgefnum af stefnanda 5. september 1984 á hendur Ólafi Haraldssyni, Fyrhöjvej 24, 2800 Lyngby, Danmark, og er víxillinn samþykktur af honum. Víxillinn er framseldur eyðuframsali af útgefanda. Hvorki getur um útgáfustað né greiðslustað í víxlinum og ber því samkvæmt 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 að líta á útgáfustað sem tilgreint heimili útgefanda, Ármúla 28, Reykjavík, en greiðslustað tilgreint heimili sam-

þykkjanda, Fyrhöjvej 24, Lyngby í Danmörku. Gjalddagi er ekki tilgreindur á víxlinum en hann var sýndur og afsagður af notario publicii í Lyngby í Danmörku hinn 19. júní 1985. Stefnda var tilkynnt um afsögnina og hann krafinn greiðslu með símskeyti hinn 21. s.m., en þeim tilmælum hefur hann ekki sinnt. Mál var höfðað út af sömu skuld með stefnu útgefinni 3. apríl 1986 og þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 22. s.m. Mál þetta var hafið vegna útivistar stefnanda hinn 21. maí s.l." Er þess í stefnu jafnframt getið að byggt sé á ákvæðum víxillaga nr. 93/1933 og að málið sé rekið sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 97/1978. Héraðsdómsstefna var birt 30. maí 1986 fyrir Haraldi Haraldssyni sjálfum á vinnustað hans að Ármúla 28 hér í borg.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 3. júní 1986 og var þá ekki sótt þing af hálfu stefnda. Var málið þá tekið til áritunar og hinn 20. júní 1986 ritaði Hervör Þorvaldsdóttir fulltrúi yfirborgardómara svofellda áritun á stefnuna: „Stefnukröfur máls þessa að öðru leyti en því að frá 11. júní 1985 reiknast 13,9% ársvextir til 21. ágúst 1985, en frá þeim degi 13,8% ársvextir til 21. febrúar 1986, en frá þeim degi 13,7% ársvextir til 1. mars 1986, en frá þeim degi með 13,0% ársvöxtum til 11. mars, en með 12,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 12,3% ársvöxtum frá þeim degi til 11. apríl 1986, en með 12,1% ársvöxtum frá þeim degi til 21. maí 1986, en með 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 172.700,- í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar."

Í áskorunarstefnu segir ranglega að víxillinn sé útgefinn af stefnanda. Þar sem eigi var sótt þing í héraði af hálfu áfrýjanda, bar héraðsdómara, vegna ranglýsingar þessarar, að vísa málinu frá dómi ex officio með hliðsjón af því að hér var um áskorunarmál að ræða, sbr. 2. gr. og 12. gr. laga nr. 97/1978. Ber því að fella hina áfrýjuðu dómsathöfn úr gildi og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt er að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða dómsathöfn er úr gildi felld og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Það er ekki vefengt að áfrýjanda hafi verið löglega stefnt í héraði. Við teljum að hann megi ekki nú koma að vörnum þeim sem hann byggir á, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973, en þeim átti hann kost á að koma að í héraði, og beri að dæma mál þetta að efni til. Þar sem meirihluti dómara hefur komist að annarri niðurstöðu er ekki ástæða til að við fjöllum frekar um málið.

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 339/1987. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
X
(Jón Oddsson hrl.)

Skírlífisbrot. Sönnun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson prófessor.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1987 að ósk ákærða og einnig af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar refsingu.

Ákæruliður I:

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara að virða allt athæfi ákærða samkvæmt þessum lið sem brotaheild. Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands frá 24. ágúst 1987 flutti fjölskyldan að ... 1978. Í ljós þykir leitt að ákærði lét ekki af athæfi sínu samkvæmt þessum

ákærulið fyrr en á því ári. Rannsókn brotsins hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hófst 16. október 1986. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 81. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981 og 4. mgr. 82. gr. sömu laga, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981 er brot hans ekki fyrnt. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er þennan ákærulið varðar.

Ákæruliðir II, III og IV:

Staðfesta ber héraðsdóm að því er þessa ákæruliði varðar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 17. október til 31. október 1986.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Dómarinn er sammála meirihluta dómsins að því er varðar ákæruliði I og III og niðurstöðu.

Ákæruliðir II og IV:

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur, sem ræddi við börnin hvort um sig um athæfi föðurins við þau, hefur staðfest framlagt vottorð sitt fyrir dómi og í eiðsvörnum framburði talið frásögn barnanna afar trúverðuga og útilokað að þau hafi spunnið upp frásagnir sínar. Helga Jóhannesdóttir félagsráðgjafi, sem sérstaklega hafði með börnin að gera, er þau voru vistuð á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar á vistheimilinu að Dalbraut, og viðstödd var er lögreglukonan Dóra Hlín

Ingólfsdóttir tók skýrslur af börnunum, hefur fyrir dómi skýrt svo frá og unnið eið að þeim framburði, að hún líti svo á að börnin hafi skýrt frá eigin reynslu og að frásögn þeirra hafi verið trúverðug. Þá sagði hún að börnin hefðu áður verið búin að skýra sér frá því sama.

Framburðir barnanna, eins og þeir koma fram í tilvitnuðu vottorði og tilvitnaðri skýrslu, eru skilmerkilegir. Þegar virt er mat hins sérhæfða starfsfólks á framburðum barnanna og að ákæröi hefur orðið sannur að sams konar athæfi gagnvart dóttur sinni A verður að telja, þrátt fyrir eindregna neitun ákærða, að nægar sönnur séu fram komnar fyrir sekt hans samkvæmt þessum ákæruliðum. Rétt þykir að heimfæra brot hans samkvæmt þessum ákæruliðum til sömu refsiákvæða og brot samkvæmt I. ákærulið.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. október 1987.

Ár 1987, föstudaginn 30. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 605/1987: Ákæruvaldið gegn X, sem dómtekið var 28. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. ágúst 1987 á hendur X verkamanni, ... í Reykjavík, fæddum ... 1943, „fyrir eftirtalin sifskapar- og skírlífisbrot:

I.

Allt frá árinu 1971 og fram til ársins 1981 á heimili sínu, fyrst að ... og síðan að ... í Reykjavík, margsinnis haft kynferðismök við dóttur sína A, fædda ... 1965, með því að setja getnaðarlim sinn við kynfæri hennar eða rass og viðhafa samfarahreyfingar svo að honum varð sáðfall.

Telst þetta varða við 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Á árunum 1984/1985 í tvö skipti á heimili sínu að ..., Reykjavík, haft kynferðismök við dóttur sína B, fædda ... 1978, þegar hún var 6 ára, með því að setja getnaðarlim sinn við læri hennar og viðhafa samfarahreyfingar.

Telst þetta varða við 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr. hegningarlaganna.

III.

Í byrjun október 1986 á heimili sínu að ... haft samræði við nefnda dóttur sína B svo að meyjarhaft hennar rofnaði og honum varð sáðfall.

Telst þetta varða við 190. gr. og 1. mgr. 200. gr. hegningarlaganna.

IV.

Allt frá árinu 1985 og fram á haust 1986 á heimili sínu að ... margsinnis haft kynferðismök við son sinn C, fæddan ... 1980, með því að fara höndum um kynfæri drengsins, setja getnaðarlim sinn milli læra hans og viðhafa samfarahreyfingar þar til ákærða varð sáðfall.

Telst þetta varða við 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr., og 203. gr. hegningarlaganna.

Öll framanlýst brot ákærða teljast ennfremur varða við 45. gr. og 47. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

V.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

I. Ákærði hefur viðurkennt að hafa frá því á árinu 1971 viðhaft kynferðismök við dóttur sína A, sem fædd er ... 1965. Hafi mökin farið fram á heimili fjölskyldunnar, ..., fram á árið 1978, en 1. febrúar það ár flutti fjölskyldan á ... Segir ákærði að hann hafi haft mök við barnið einu sinni til tvisvar í viku að jafnaði, en þó hafi komið fyrir að lengra liði á milli. Eftir að þau fluttu á ... hafi dregið mjög úr mökunum og kveðst ákærði aðeins muna eftir tveimur tilvikum á fyrstu tveimur mánuðum eftir að þau fluttu þangað. Mökin hafi farið þannig fram í öll skiptin utan eitt, að barnið lá á grúfu og ákærði lagði liminn í rassskoruna og nuddaði honum við endaþarmsopið, þar til hann fékk fullnægingu. Í þetta eina skipti lá barnið á bakinu og lá þá limur ákærða á milli læra barnsins og upp á kviðinn.

Vitnið A hefur greint frá því að faðir hennar hafi byrjað á því að þukla á henni þegar hún var 6 ára gömul. Hafi hann svo haft mök við hana með því að leggjast nakinn ofan á hana og fá sáðfall. Hafi hún fyrst í stað legið á bakinu en síðar á grúfu. Þegar hún lá á bakinu hafi faðir hennar nuddað lim sínum við lífbeinið en þegar hún lá á grúfu hafi limurinn nuddast í rassskorunni. Vitnið kveðst halda að í eitt skipti hafi blætt úr kynfærum hennar en kveðst ekki muna með vissu hvort limurinn fór nokkurn tíma inn í þau. Mökin hafi ýmist átt sér stað í herbergi vitnisins eða á baðherberginu. Vitninu „finnst, að það geti verið tvö og hálft ár síðan" ákærði hafði síðast mök við hana (skýrsla 17. október 1986), en þorir „ekki að fullyrða hvort" hún „hafi verið orðin eldri en þrettán ára þegar hann hætti þessu".

Telja verður sannað með játningu ákærða og framburði dóttur hans,

vitnisins A, að ákærði hafi reglulega haft við hana kynferðismök, önnur en samræði, að jafnaði einu sinni til tvisvar í viku, á heimili þeirra, fyrst á ... frá því á árinu 1971 en síðar tvisvar á ... í febrúar og/eða mars 1978.

Hefur ákærði með þessu athæfi sínu orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr. almennra hegningarlaga en 45. og 47. gr. laga um vernd barna og ungmenna þykja ekki eiga við um brotin.

Þegar haft er í huga að ákærði hafði reglulega mök við barnið einu sinni til tvisvar í viku og að hún bjó á heimili hans og var þar algerlega á valdi hans þykir verða að virða öll tilvikin sem brotaheild.

II. Ákærði hefur frá upphafi harðneitað að hafa haft nokkur kynferðismök við börn sín B, sem fædd er ... 1978, og C, sem fæddur er ... 1980. Telur hann frásögn barnanna um þetta (sbr. hér á eftir) vera runna undan rifjum Aðalsteins Sigfússonar, sálfræðings hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, sem spurt hafi börnin leiðandi spurninga.

Samkvæmt vottorði og eiðfestum framburði sálfræðingsins ræddi hann við börnin einu sinni hvort um sig um sakarefni málsins. Var það 16. október í fyrra en áður hafði sálfræðingurinn hitt börnin þrisvar sinnum til þess að kynnast þeim og vinna traust þeirra.

Vottorð sálfræðingsins hljóðar svo m.a.:

„Undirritaður hitti börnin á skrifstofu í 4 skipti. Bæði börnin lýstu ofbeldiskenndu andrúmslofti inn á heimili, sérstaklega kom fram líkamlegt ofbeldi gagnvart A og á nokkuð óljósari hátt gagnvart ... Í 4. viðtalinu kom skýrt fram hjá báðum börnunum að um gróft kynferðislegt ofbeldi væri að ræða gagnvart þeim af völdum X föður þeirra. Í athugun var báðum börnunum umhugað að undirritaður segði ekki móður þeirra frá þessu. Lýsti drengurinn aðferðum föður, sem virðast felast í því að hann nuddi lim sínum milli læra drengsins, og stað, en samkvæmt drengnum mun þetta hafa farið fram bæði á baðherbergi og í hjónarúmi. Drengurinn er fyrst og fremst upptekinn af þeirri leynd sem hvílir yfir þessu gagnvart móður en nokkurs óöryggis gætir hjá drengnum gagnvart móður vegna vanmáttar hennar að stöðva föður. Drengurinn biður undirritaðan að banna föður þessa hegðun, en eftir hik ákveður hann að gera það sjálfur.

Þegar drengurinn skýrir frá þessu á hann nokkuð erfitt með það í byrjun en síðan kemur þetta fram hjá honum á tiltölulega auðveldan hátt enda hefur hann farið fram á það í tvígang að undirritaður segi mömmu ekki frá þessu. Drengurinn upplifir jákvæðar tilfinningar til móður og föður, en svo virðist sem hann treysti móður sinni ekki alveg, enda hefur hún ekki getað stöðvað þá hegðun sem faðir hefur í frammi gagnvart honum.

B átti nokkuð erfitt með að ræða kynferðishegðun föður gagnvart henni. Í fyrstu tjáir hún undirrituðum að það sem pabbi geri við hana sé óþægilegt og sé „leyndó" milli hennar, pabba og C. Hún segir hann koma við læri

hennar og sé góður við hana á eftir, gefi henni m.a. pening. Hún talar um herbergi sitt sem leynistað hennar og pabba. B segir að mamma komi ekki inn í herbergið þó hún sé heima og þó ekki sé læst heldur. Hún lýsir því að hún og pabbi liggi á hlið, hann upp við hana að aftan og nuddi tippinu við hana. Hún segir að hann hlusti ekki á hana að þetta sé leiðinlegt og hún vilji að hann hætti en segir svo að hann hætti einhvern tímann en hún viti ekki hvenær. Aðspurð hvað móðir myndi segja ef hún vissi af þessu segir hún að hún myndi ekki segja neitt, en samt sé það leyndó. Segir hún að þetta gerist bæði á morgnana, daginn og kvöldin.

Þá segir hún að pabbi sé góður við sig, hún sé aldrei hrædd við hann. Einnig kemur fram að hún og C tala aldrei um þetta sín á milli en viti hvort af öðru. Þá kemur einnig fram að það sem kemur frá pabba sé klístrugt, heitt og gult en að hann þurrki það upp með pappír á eftir. Aðspurð um það hvort pabbi hafi einhvern tímann ýtt tippinu inn í píuna segir hún að svo sé. Lýsir hún því hvernig hún hafi legið á bakinu þegar pabbi gerði það, en þá hafi þetta gula samt farið á lærið. Hún segir að þetta hafi verið sárt, en hún hafi ekki farið að gráta. Óspurð segir hún að pabba þyki betra að nota lærið en píuna.

Vitsmuna- og félagsþroski er eðlilegur svo og hreyfiþroski og málþroski. Undirrituðum gafst ekki tækifæri til að halda áfram þessari athugun með tilliti til andlegrar líðanar þeirra, en þó er undirrituðum ljóst að bæði börnin hafa alist upp við óeðlilegar kringumstæður á heimili og slíkt hefur án efa haft skaðvænleg áhrif á börnin. Þetta er þó erfitt að meta, þar sem börnin fóru strax þann 17.10. inn á Vistheimili barna við Dalbraut og áttu í miklum erfiðleikum vegna þess."

Sálfræðingurinn kveður B hafa verið niðurdregna þegar hún skýrði frá atvikum og í upphafi hafi hún verið treg til þess að nefna einstaka líkamshluta en þegar hún hafi unnið bug á tregðu sinni hafi frásögn hennar af kynmökunum verið greið. Orðalagið „leyndó" og „leynistaður" sé komið frá stúlkunni sjálfri en orðin „typpi" og „pía" séu orð, sem þau hafi komið sér saman um að nota.

Þá skýrir sálfræðingurinn frá því, að drengurinn hafi í fjórða sinnið, sem þeir hittust, sjálfur farið að segja frá athæfi föðurins gagnvart honum og hafi frásögn drengsins verið greið. Hafi drengurinn sagt áður en hann hóf frásögnina að móðir hans yrði „brjáluð" ef hún vissi hvað faðirinn gerði.

Vitnið kveður frásögu barnanna hafa verið afar trúverðuga og telur útilokað að þau geti spunnið upp sögu um þær kynferðisathafnir sem þau lýstu. Vitnið kveðst hafa reynslu af því að ræða við börn undir þessum kringumstæðum og hafa gætt þess að hafa aldrei áhrif á frásögu þeirra.

Lögregluskýrsla var tekin af B 18. október í fyrra í skrifstofu Félags-

málastofnunar Reykjavíkurborgar. Gerði það Dóra Hlín Ingólfsdóttir rannsóknarlögreglumaður að viðstaddri Helgu Jóhannesdóttur, fulltrúa Félagsmálastofnunar. Skýrslan hljóðar svo:

„B er spurð um hvort pabbi hennar hafi meitt hana og hún þá beðin um að lýsa því hvað hann hafi gert við hana. Hún verður niðurlút, skömmustuleg og döpur en gefur greinargóða frásögn.

Hún heldur að hún hafi verið 6 ára þegar hann gerði þetta fyrst. Hann hafi komið upp í herbergið hennar, læst því, tekið niður um hana buxurnar og nuddað beru typpinu á læri hennar. Hann hafi þá látið hana leggjast í rúmið, á hliðina og snúa að honum en hann hafi verið á gólfinu og kropið.

Hann hafi gert eins aftur en þá hafi honum fundist betra að vera í rúminu líka. Hún mundi ekki hvenær þetta var en hún hafi líka verið sex ára. Hann hafi gert alveg eins. Pabbi hennar hafi sagt að herbergið hennar væri leyndóstaðurinn þeirra og að enginn mætti vita þetta.

B sagði að mamma hennar og systkini hafi verið heima í þessi bæði skipti en þá hafi líklega verið helgi. Þau hafi þá öll verið niðri. Herbergi hennar sé uppi.

B segir svo að á laugardegi, fyrir tveimur vikum, hafi pabbi hennar komið upp í herbergi hennar og læst því. Hún hafi þá verið að leika sér með barbídúkkur. Hann hafi sagt henni að hún ætti að leggja sig og tekið niðurum hana og lagt hana í rúmið, á hliðina. Hann hafi síðan farið að nudda typpinu í hana og látið það inn í pissið hennar. Hún hafi fundið mikið til og sagt honum það en hann hafi sagt að það gerði ekkert til, það myndi lagast.

Hún sagði að það hafi komið svolítið blóð úr henni en eitthvað gult á læri hennar og hafi pabbi hennar þurrkað það í burtu. Seinna hafi svo komið blóð í nærbuxurnar hennar. Hún hafi látið þær í óhreina tauið en mamma hennar hafi spurt hana af hverju blóð væri í nærbuxunum hennar. B sagðist ekki hafa þorað að segja af hverju og sagt mömmu sinni að hún vissi það ekki. Mamma hennar hafi þá sagt að hún þvægi þetta bara.

B segir að eftir þetta hafi pabbi hennar nokkrum sinnum komið heim er hún var ein heima en það sé stundum þegar hún sé komin heim úr skólanum og sex ára bróðir hennar farinn út að leika sér. Þá hafi pabbi hennar reynt að gera þetta þegar þau voru ein en hún hafi hlaupið út og til vinkonu sinnar. Pabbi hennar hafi þá orðið reiður og kallað til hennar að koma en hún hafi samt hlaupið."

Sama dag var tekin skýrsla af C. Dóra Hlín rannsóknarlögreglumaður ritaði skýrsluna en Helga Jóhannesdóttir var viðstödd. Hljóðar skýrslan svo:

„C er skrafhreyfinn en er hann er spurður um hvort pabbi hans hafi

gert eitthvað við hann verður hann dapur og stynur en með aðstoð Helgu fæst hann til að skýra hvað þetta sé sem pabbi hans hafi gert.

Hann segist eiga sér herbergi en ekki sofa þar heldur upp í rúmi hjá mömmu og pabba. Herbergi hans sé uppi við hliðina á herbergi systur hans B.

C segir að pabbi hafi oft gert þetta við hann og fyrst er hann var fimm ára gamall. Hann hafi alltaf gert þetta í rúminu, þegar þeir væru að fara að sofa en einu sinni inni á klósetti. C segist ekki hafa mátt segja neinum frá þessu því pabbi hans hafi bannað honum það.

C segir að pabbi hans láti typpið á milli læra hans og þá sé það stórt og það komi klístur úr því. Hann segist ekki hafa séð klístrið en fundið fyrir því og það sé heitt. Pabbi hans geri þetta á kvöldin og sofni á eftir en C segist ekki sofna strax á eftir. Hann segist alls ekki þora að segja mömmu frá þessu og engum nema Aðalsteini sálfræðingi og Helgu. Aðspurður segir hann að pabbi hans liggi ekki ofan á honum, þegar hann nuddi typpinu milli læra hans, heldur liggi á móti honum, á hlið.

C segir að pabbi hans hafi einu sinni gert þetta inni á klósetti og þá hafi þeir verið einir heima. Pabbi hans hafi læst baðinu og farið með hendurnar niður í buxur hans og fiktað lengi í typpinu hans (C). Þetta hafi verið ægilega vont en hann hafi ekki þorað að biðja pabba um að hætta því hann hafi verið svo hræddur. Pabbi hans hafi ekki verið búinn að klæða sig, þegar þetta var en það hafi verið morgunn. C segist hafa verið búinn að klæða sig en pabbi hans hafi sett hendina niður í buxur hans og tekið í typpið hans.

Eftir þetta segist C hafa falið lykilinn að klósettinu svo pabbi hans gæti ekki gert þetta aftur en einhver hafi fundið hann einhverntímann þegar hann var úti að leika sér.

C segist ekki vita hvað pabbi hans hafi oft gert svona við hann en það sé oft í rúminu. Þá bæði fikti hann í typpi C og nuddi typpinu milli læra hans og þá sé það stórt. C segir að pabbi hans sofi ber en ekki í nærbuxum. C segist sofa í nærbuxum og bol.

Aðspurður segist C ekki vita hvort pabbi hans hafi gert þetta við einhverja fleiri en hann."

Rannsóknarlögreglumaðurinn hefur komið fyrir dóminn og kannast við skýrslurnar. B hafði, þegar skýrslutakan átti sér stað, verið hjá Félagsmálastofnun nokkurt skeið og virtist vera orðin vön því umhverfi og virtist vera í góðu jafnvægi. Vitnið hafi byrjað að ræða við barnið um daginn og veginn og hafi það gengið ágætlega. Þegar vitnið spurði barnið út í samband þess og föður þess, virtist það valda barninu sársauka. Frásögn barnsins var ekki hnökralaus, þar sem barnið virtist veigra sér við að nefna ákveðna líkamshluta og sárustu atvikin, að því er vitninu fannst, en sagt þó frá þessu

þegar vitnið gekk betur á hana. Orðalagið í skýrslunni sé að nokkru leyti frá barninu komið, svo sem orðin „typpi", „leyndóstaður" og „pissið".

Skýrslutakan af C hafi farið fram með svipuðum hætti og hjá systur hans, fyrst með almennu spjalli, en svo kveðst vitnið hafa sveigt talið að föður barnsins og spurt hvort faðirinn hefði gert eitthvað á hluta hans. Drengurinn hafi játað því, en í frásögn sinni hafi hann stundum kveinkað sér við að lýsa einstökum líkamshlutum og atvikum, sem virtust fá mikið á hann og kveðst vitnið þá hafa þurft að spyrja drenginn meira út úr. Vitnið kveður orðalagið í skýrslunni að nokkru leyti frá drengnum komið, svo sem eins og „typpi", „klístur" og „nudda typpinu milli læra" og „að fikta í typpi" barnsins. Vitnið kveðst hafa spurt drenginn að því hvernig „typpi" föður hans hafi verið og hafi þá drengurinn svarað: „Stórt".

Vann rannsóknarlögreglumaðurinn heit að framburði sínum.

Helga Jóhannesdóttir hefur komið fyrir dóminn. Í heitfestum framburði sínum hefur hún skýrt frá því að í október í fyrra, þegar mál þetta kom upp, hafi þau B og C verið vistuð á vegum Félagsmálastofnunar á Vistheimili barna á Dalbraut. Kveðst vitnið hafa haft sérstaklega með þau að gera. Skýrslurnar af börnunum hafi verið teknar á skrifstofu vitnisins í Síðumúla. Vitnið kveðst þá hafa verið búið að umgangast börnin daglega í u.þ.b. hálfan mánuð og verið búið að kynnast þeim allvel. Börnin séu að upplagi opinská, en þegar þau skýrðu vitninu smám saman frá atvikum á þessum tíma bar nokkuð á blygðun hjá börnunum og að þau teldu þetta leyndarmál þeirra og föður þeirra. Þessa hafi einnig gætt við skýrslutökuna 18. október 1986 og jafnvel enn frekar þá því börnin þekktu ekki lögreglukonuna Dóru Hlín Ingólfsdóttur.

Kveður vitnið skýrslurnar barnanna vera rétt skráðar eftir þeim. Telur vitnið aðspurt að orðið „leyndóstaður" sé frá B komið en „pissið" telur vitnið að sé orðalag rannsóknarlögreglukonunnar. Þá segir vitnið að orðið „klístur" hafi C komið með sjálfur. Vitnið kveðst líta svo á að börnin hafi skýrt frá eigin reynslu og að frásögn þeirra sé trúverðug.

Vitnið kveðst hafa haft það á tilfinningunni að C litli hafi nýlega orðið fyrir kynferðislegum athöfnum, en erfitt sé að fá börn til að tímasetja atburði nákvæmlega og hafi það átt við þau bæði systkinin.

Vitnið kveður ákærða hafa skýrt sér frá því að börnin hafi komist í klámrit á heimilinu og kveðst vitnið hafa í framhaldi af því spurt börnin út í það en börnin hafi ekki kannast við þetta. Hafi vitnið farið á heimili barnanna í ... og ekki séð nein merki um klámrit og yfir höfuð ekkert sem sérstaka athygli vakti.

Þóra Fischer kvensjúkdómalæknir skoðaði B 3. október í fyrra. Í vottorði hennar segir orðrétt:

„Vulvasvæðið er fyrst inspecierað. Eru þar engin merki um áverka.

Kynþroski er svarandi til aldurs, clitoris nokkuð áberandi, sem þarf ekki að hafa neina þýðingu. Hymen er greinilega rofið, mælist 1x1 cm, er gapandi og sjást greinilegar rupturur að mati undirritaðrar, um „kl. 11 og 1." Vagina og portio eðlil. Tekin eru strok fyrir GK, chlamydia og candida ræktanir. Að lokum er palp. rectalt. Finnst eðlil. lítill uterus og frítt til hliða.

Niðurstaða. Hymen ruptata. A.ö.l. eðlil. gynaecologisk skoðun."

Læknirinn kom hér fyrir dóminn og lýsti því að hún teldi útilokað að meyjarhaft barnsins B hafi rifnað í leikfimisæfingum eða venjulegum athöfnum barns, heldur hafi þurft til utanaðkomandi hlut sem færi í gegnum meyjarhaftið og sagði vitnið að það gæti hugsanlega hafa verið getnaðarlimur fullvaxins karlmanns, án þess að útiloka aðra hluti jafnframt. Allmikil fyrirstaða sé þegar limur karlmanns er færður inn í kynfæri svo lítils barns og hljóti það að valda barninu miklum sársauka og líklega talsverðum blæðingum sem líklegast hefðu þá sést í nærbuxum barnsins. Vitnið tók fram að áverkarnir hafi ekki verið ferskir og a.m.k. nokkurra vikna gamlir.

Í tilefni af frásögn C litla af salernislyklinum var gerð athugun á salernislæsingunni í ... Leiddi hún í ljós að dyrunum er læst með smellu- eða takkalás en ekki lykli. Aftur á móti fylgir slíkum læsingum einfaldur neyðarlykill til þess að opna með.

Þegar virtur er einkar trúverðugur framburður B um sakarefnið í II. kafla ákærunnar og það að ákærði hefur orðið sannur að sams konar athæfi gagnvart A, verður að telja að sterkar líkur séu til þess að stúlkan segi satt. Gegn eindreginni neitun ákærða og þar sem ekki nýtur við annarra sönnunargagna þykir þó ekki komin fram nægileg sönnun til þess að unnt sé að sakfella ákærða og ber samkvæmt því að sýkna hann af II. kafla ákærunnar.

Framburður B um sakarefnið í III. kafla ákærunnar er afar trúverðugur og hefur stoð af vottorði og framburði Þóru Fischer kvensjúkdómalæknis og því að ákærði hefur orðið uppvís að kynferðisbrotum gagnvart systur hennar. Ákærði hefur frá upphafi staðfastlega neitað því að hafa átt nokkur mök við barnið. Telja verður að svo sterkar líkur séu til þess að barnið segi satt að stappi nærri fullri sönnun. Gegn eindreginni neitun ákærða þykir þó ekki óhætt að telja brot þetta sannað á hann. Er á það að líta að hér er um að ræða framburð ungs barns, að hún segir atvikið hafa átt sér stað 4. október 1986, sem ekki getur staðist, að á þessum tíma var mikið fjallað opinberlega um mál af þessu tagi, sem gæti hafa orkað á framburð barnsins, og að ekki er heldur hægt að útiloka að barnið hafi frétt af reynslu A og orðið fyrir áhrifum af henni. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af III. kafla ákærunnar.

Enda þótt skýrsla drengsins C sé um sumt trúverðug þykir ekki gegn

neitun ákærða unnt að byggja á henni og ber að sýkna ákærða af IV. kafla ákærunnar.

Ákærði og fyrrverandi eiginkona hans, vitnið Y, hafa bæði borið að barnaverndaryfirvöld hafi þvingað þau hjónin til þess að skilja þar sem börnin yrðu annars tekin af þeim. Með hliðsjón af þessu þótti rétt að Y nyti undanþágu frá vitnaskyldu samkvæmt 89. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Viðurlög o.fl.

Ákærði er sakhæfur að áliti Hannesar Péturssonar yfirlæknis. Hann hefur einu sinni, 1965, hlotið sekt fyrir ökuhraða.

Brot ákærða er óvenjulega stórfellt og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 4 ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 17. október til 31. október 1986.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 50.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur. Eru launin tildæmd án söluskatts.

Dómsorð:

Ákærði X sæti fangelsi í 4 ár. Frá refsingunni dragist 15 daga gæsluvarðhaldsvist í október 1986.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 183/1987. **Gestur Jónsson og**
Albert Sigurðsson
(Jón Kr. Sólnes hrl.)
gegn
Aðalgeiri Sigurðssyni
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Líkamstjón. Fyrning vaxta. Kvittun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari á Akureyri kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. maí s.á. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar bóta og þess, að málskostnaður falli niður.

Stefndi fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 12. febrúar sl. Hann krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags verði vextir dæmdir eftir 10. gr. sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Krafist er málskostnaðar fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Sýknukrafa áfrýjenda er aðallega studd þeim rökum, að lögmaður stefnda hafi gefið Almennum Tryggingum hf. fullnaðarkvittun 6. nóvember 1985. Á þetta verður ekki fallist, enda varðaði kvittun þessi greiðslu bóta vegna ábyrgðartryggingar og greiddi vátryggingarfélagið hámarksfjárhæð þeirrar tryggingar. Verður kvittunin ekki skýrð á þann veg, að með henni hafi stefndi afsalað sér frekari bótarétti gagnvart áfrýjendum.

Mál þetta er þannig lagt fyrir Hæstarétt, að á því ber að byggja, að ekki komi til sakarskiptingar vegna slyssins, sem stefndi varð fyrir 19. september 1976. Hann telur fjártjón sitt vegna slyssins, reiknað til slysdags, vera 253.982,00 krónur. Frá þeirri upphæð

kveður hann að draga eigi 120.000,00 krónur, sem Almennar Tryggingar hf. greiddu honum 6. nóvember 1985, svo og 30.494,00 krónur. Er ekki ágreiningur um það með aðilum, að þetta sé verðmæti á slysdegi þeirra bóta, sem stefndi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins.

Áfrýjendur mótmæla ekki upphæð þeirri reikningslega, sem stefndi telur vera fjártjón sitt, þ.e. 253.982,00 - 120.000,00 - 30.494,00 = 103.488,00 krónum. Þeir telja þó, að stefndi hafi fengið fullar bætur en til vara að upphæðina beri að lækka eftir mati Hæstaréttar og í samræmi við fordæmi. Beri þá að líta til þess, að stefndi hafi, þegar slysið varð og alla tíð síðan, verið við nám og því ekki haft verulegar atvinnutekjur. Þá beri einnig að lækka bætur vegna eingreiðslu og skattfrelsis.

Eftir atvikum verður fjártjón stefnda talið nema 75.000,00 krónum.

Stefndi þurfti að dveljast á sjúkrahúsi frá slysdegi til 16. október 1976 og aftur frá 2. janúar árið eftir til 6. s.m. svo og 18. s.m. Þar sem hann fékk ekki fullan bata, fór hann aftur á sjúkrahús 18. janúar 1984. Var þá gerð aðgerð til að rétta sköflung vinstri fótar. Var sjúkrahúsvistin í það sinn til 31. janúar. Enn þurfti að gera aðgerð á spítala 19. júní 1984. Stefndi þurfti að hafa gips eða spelkur á fæti nokkurn tíma, meðan hann var utan sjúkrahúss, og hann kveðst hafa orðið fyrir óþægindum vegna slyssins með öðrum hætti.

Eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti eru ekki efni til að tilgreina miskabætur til stefnda með öðrum hætti en þeim að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjendum beri að greiða stefnda samtals vegna fjártjóns og miska 150.000,00 krónur með vöxtum.

Áfrýjendur hafa mótmælt því, að vextir verði dæmdir nema frá 16. nóvember 1981 en héraðsdómsstefna var birt 16. nóvember 1985. Þeir hafa í þessu sambandi vísað til 3. gr. 2. tl. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að upphaf fyrningarfrests eigi að miðast við, hvenær örorkutjón hans varð sannreynt. Hafi það ekki verið fyrr en fyrir lá örorkumat læknis og útreikningur tryggingafræðings á árinu 1985, enda hafi ekki verið um það að ræða fyrr, að vextir væru gjaldkræfir. Skýra verður 3. gr. 2. tl. laga nr. 14/1905

þannig, að vextir þeir, sem áfrýjendum ber að greiða stefnda skuli reiknaðir frá 16. nóvember 1981, en vextir fram til þess dags séu fyrndir. Vextir verða þess vegna dæmdir eins og segir í dómsorði.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 80.000,00, sem renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun skipaðs talsmanns hans, 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, þó þannig að áfrýjendur, Gestur Jónsson og Albert Sigurðsson, greiði stefnda, Aðalgeiri Sigurðssyni, ársvexti af 150.000,00 krónum sem hér segir: 34% frá 16. nóvember 1981 til 31. október 1982, síðan 42% til 20. september 1983, síðan 35% til 20. október s.á, síðan 32% til 20. nóvember s.á., síðan 27% til 20. desember s.á., síðan 21,5% til 20. janúar 1984, síðan 15% til 11. ágúst s.á., síðan 17% til 3. maí 1985, síðan 22% til 21. nóvember s.á., síðan dómvexti til 14. apríl 1987 og síðan dráttarvexti eftir 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 sbr. 15. gr. sömu laga til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði í ríkissjóð 80.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Ásmundar Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. nóvember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ.m., hefur Aðalgeir Sigurðsson, nnr. 0029-7407, Aðalstræti 40, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 14. nóvember 1985, á hendur Gesti Jónssyni, nnr. 2608-5500, Fífilbrekku, Akureyri, og Albert Sigurðssyni, nnr. 0190-1753, Skarðshlíð 12f, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 533.982,00 ásamt 13% ársvöxtum frá 19.09. '76 til 20.11. '77, 16% ársvöxtum frá 21.11. '77 til 20.02. '78, 19% ársvöxtum frá 21.02. '78 til 31.05. '79, 22% ársvöxtum frá 01.06. '79 til 31.08. '79, 27% ársvöxtum frá 01.09. '79 til 30.11. '79, 31% ársvöxtum frá 01.12. '79 til 30.05. '80, 35% ársvöxtum frá 01.06.'80 til 30.05. '81, 34% ársvöxtum frá 01.06. '81 til 31.10. '82, 42% ársvöxtum frá 01.11. '82 til 20.09. '83, 35% ársvöxtum frá 21.09. '83 til 20.10. '83, 32% ársvöxtum frá 21.10. '83 til 20.11. '83, 27% ársvöxtum frá 21.11. '83 til 20.12. '83, 21,5% ársvöxtum frá 21.12. '83 til 20.01. '84, 15% ársvöxtum frá 21.01. '84 til 11.08. '84, 17% ársvöxtum frá 12.08. '84 til 20.12. '84, 24% ársvöxtum frá 21.12. '84 til 03.05. '85, 22% ársvöxtum frá 04.05. '85 til 21.11. '85, en dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og reikningi.

Aðalkrafa stefndu er að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða þeim málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefjast stefndu þess að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi kveður málsatvik þau að kl. 18:14, 19. nóvember 1976, hafi hann ekið á bifhjóli sínu A-213 niður Kaupvangsstræti á Akureyri og í sama mund hafi bifreiðinni A-2169 verið ekið suður Hafnarstræti. Hafi orðið árekstur á mótum þessara gatna á hægri helmingi Kaupvangsstrætis, en umferð um Hafnarstræti til suðurs hafi haft biðskyldu gagnvart Kaupvangsstræti. Við árekstur hafi stefnandi kastast af bifhjólinu, sem lent hafi framanvert hægra megin á A-2169. Stefnandi hafi slasast mikið, hann hafi hlotið þverbrot á miðjum sköflungi á vinstra fæti og brot á sperrilegg litlu neðar sömu megin. Auk þess hafi hann hlotið sár á miðjan vinstri fótlegg framanvert og innanvert og hruflur víða um líkamann. Hjól hans hafi skemmst nokkuð.

Hinn 10. janúar 1978 hafi ábyrgðarfélag A-2169 viðurkennt fébótaábyrgð eiganda, ökumanns og félagsins á slysinu og greitt hinn 17. janúar 1978 gkr. 250.000,00 upp í tjónið. Vátryggingarupphæð hafi þá verið gkr. 12.000.000,00 eða kr. 120.000,00. Þessa fjárhæð hafi félagið greitt til fulls hinn 6. nóvember 1985. Ökumaður A-2169 hafi verið stefndi Gestur, en eigandi stefndi Albert.

Telur stefnandi að stefndu beri fébótaábyrgð á tjóninu samkvæmt umferðarlögum.

Stefndu viðurkenna bótaábyrgð í máli þessu, en við munnlegan málflutning kom fram af þeirra hálfu að þeir teldu stefnanda einnig eiga sök á slysinu. Af hálfu stefndu eru þó engar kröfur byggðar á eigin sök stefnanda. Verður því í máli þessu við það að miða að stefndu beri alla sök

á slysinu og beri að bæta stefnanda allt það tjón sem hann varð fyrir.

Í stefnu gerir stefnandi þannig grein fyrir kröfu sinni:

Vegna tímabundins orkutaps fyrstu 6 mánuði eftir slys kr. 2.126,00, vegna tímabundins orkutaps á árinu 1984 kr. 23.505,00, vegna 20% varanlegs orkutaps til frambúðar kr. 219.611,00, vegna tapaðra lífeyrissjóðsréttinda kr. 8.740,00, samtals kr. 253.982,00 ÷ vátryggingarupphæð kr. 120.000,00, alls kr. 133.982,00. Til viðbótar innihaldi stefnukrafan miskabætur kr. 400.000,00 og sé því samtals kr. 533.982,00.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi þegar fengið allt tjón sitt bætt. Heildartjón stefnanda sé samkvæmt útreikningi tryggingafræðings kr. 253.982,00, þ.e. tjón á slysdegi. Greitt hafi verið af Almennum Tryggingum hf. kr. 120.000,00 auk vaxta 6. nóvember 1985. Þá hafi stefnandi fengið greitt frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 230.599,00. Ljóst sé því að stefnandi hafi fengið verulegar greiðslur inn á kröfu sína sem ekki sé gerð nein grein fyrir í stefnu. Greiðslan frá Tryggingastofnun ríkisins sé ekki dregin frá kröfum stefnanda. Eins og kröfur séu settar fram í stefnu sé ljóst að stefnandi sé búinn að fá nánast allt tjón sitt bætt eins og það sé reiknað út af tryggingafræðingi. Varðandi útreikning tryggingafræðings sé á það bent að ekki sé tekið tillit til þess að um námsmann sé að ræða. Því virðist eðlilegt að lækka verulega þá fjárhæð sem tryggingafræðingur telur vera vinnutekjutap á slysdegi. Ennfremur sýnist eðlilegt að bætur verði lækkaðar verulega vegna þess að um eingreiðslu sé að ræða og einnig vegna þess að bæturnar séu undanþegnar útsvars- og tekjuskattsálagningum. Stefnandi virðist því hafa fengið fjárhagslegt tjón sitt bætt að fullu og jafnvel umfram það, sem ætla megi að sé raunverulegt fjárhagslegt tjón hans vegna slyssins. Miskabótakrafa stefnanda eigi ekki rétt á sér þar sem eðlilegt sé að líta á hluta þeirra greiðslna, sem inntar hafi verið af hendi til stefnanda, sem miskabætur.

Jónas Hallgrímsson læknir hefur metið örorku stefnanda frá slysinu í 6 mánuði 100%, síðan í 82 mánuði 20%, síðan í 6 mánuði 100%, loks varanlega örorku 20%.

Hinn 16. júlí 1985 reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út örorkutjón stefnanda samkvæmt framangreindu örorkumati. Hefur stefnandi miðað stefnukröfur sínar við niðurstöður þess útreiknings. Við útreikning sinn miðaði tryggingafræðingurinn við almenna sparisjóðsvexti. Reiknaði hann með vöxtum og vaxtavöxtum, þ.e. að vöxtum var bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Hinn 5. febrúar 1986 reiknaði stefnandi út tjón stefnda miðað við sömu forsendur og áður að því breyttu, að miðað var við einfalda vexti í stað vaxta og vaxtavaxta sama tímabil. Er niðurstaða tryggingafræðingsins þá þessi:

„Vegna tímabundins orkutaps fyrstu 6 mánuði eftir slys kr. 2.126,00 vegna tímabundins orkutaps í 6 mánuði á árinu 1984, 46.567,00 vegna 20% orkutaps til frambúðar að tveimur ofangreindum tímabilum undanskildum kr. 460.982,00 samtals kr. 509.675,00. Töpuð lífeyrissjóðsréttindi nema kr. 18.259,00.“ Stefnandi hefur viðurkennt að frá kröfu hans beri að draga greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, en miða beri við verðgildi hennar á slysdegi. Hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út verðgildi greiðslu þessarar á slysdegi á tvennan hátt, annars vegar miðað við notkun vaxtavaxta og nemur upphæðin þá kr. 30.494,00 á slysdegi, hins vegar með notkun einfaldra vaxta og nemur upphæðin þá kr. 69.902,00 á slysdegi. Stefndu hafa mótmælt því að útreikningar Guðjóns Hansen tryggingafræðings sem miðaðir eru við beina vexti, verði hafðir til viðmiðunar við ákvörðun bóta í máli þessu, þar sem kröfugerð stefnanda sé miðuð við þá útreikninga tryggingafræðingsins þar sem notaðir eru vaxtavextir.

Dómarinn telur að útreikningar tryggingafræðingsins þar sem miðað er við einfalda vexti í stað vaxta og vaxtavaxta gefi réttari mynd af tjóni stefnanda að svo miklu leyti sem við útreikninga þessa er stuðst við ákvörðun tjóns stefnanda, enda er sá útreikningur í samræmi við vaxtakröfu stefanda og dómvenju við ákvörðun vaxta í málum sem þessum. Verður því til útreiknings þessa að líta við mat á tjóni stefnanda, svo og annarra gagna málsins.

Með framagreind gögn í huga og með tilliti til annarra þeirra gagna sem fyrir liggja í málinu, svo og með hliðsjón af öðrum atriðum sem samkvæmt dómvenju er tekið tillit til við ákvörðun bótanna, þykir tjón stefnanda vegna örorku og miska hæfilega metið kr. 150.000,00 og hefur þá verið tekið tillit til þeirra greiðslna, sem stefnandi fékk frá Almennum Tryggingum hf. og Tryggingastofnun ríkisins og áður er getið. Ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda framangreinda fjárhæð, þ.e. kr. 150.000,00 ásamt vöxtum eins og krafist er. Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00, þar með talinn útlagður kostnaður.

Dómsorð:

Stefndu, Gestur Jónsson og Albert Sigurðsson, greiði stefnanda, Aðalgeir Sigurðssyni, in solidum kr. 150.000,00 ásamt 13% ársvöxtum frá 19. sept. 1976 til 20. nóv. 1977, 16% ársvöxtum frá þ.d. til 20. febr. 1978, 19% ársvöxtum frá þ.d. til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þ.d. til 31. ágúst s.á. 27% ársvöxtum frá þ.d. til 30. nóv. s.á., 31% ársvöxtum frá þ.d. til 30. maí 1980, 35% ársvöxtum frá þ.d. til 30. maí 1981, 34% ársvöxtum frá þ.d. til 31. okt. 1982, 42% ársvöxtum frá þ.d. til 20. sept. 1983, 35% ársvöxtum frá þ.d. til 20. okt.

s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 20. nóv. s.á., 27% ársvöxtum frá þ.d. til 20. des. s.á., 21,5% ársvöxtum frá þ.d. til 20.jan. 1984, 15% ársvöxtum frá þ.d. til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þ.d. til 3. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þ.d. til 21. nóv. s.á., en dómvöxtum samkv. lögum nr. 56/1979 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 19/1987. **Jóhanna Sigurðardóttir**
Sverrir Sigurðsson
Vilborg Sigurðardóttir,
Gunnhildur Sigurðardóttir
Jakobína Sigurðardóttir
Skafti Jónsson
Hildur Jónsdóttir og
Árni Jónsson
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Árna Árnasyni
(Hákon Árnason hrl.)

Landskipti. Jarðamöt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1987. Dómkröfur þeirra eru þessar:

„Að dómi undirréttar verði hrundið og breytt þannig:

1. Að úrskurður yfirlandskiptanefndar um skiptingu á landi

jarðanna Ásmundarstaða og Höskuldarness í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu frá 15.5. 1985 verði ógiltur.

2. Að stefnda, Árna Árnasyni, verði skylt að þola ógildingu á úrskurði yfirlandskiptanefndar frá 15.5. 1985, sbr. 1. kröfulið hér að framan.

3. Að staðfest verði, að við landskipti jarðanna Ásmundarstaða I og II annars vegar og Höskuldarness hins vegar beri að leggja til grundvallar jarðatal Johnsens frá 1847 með vísan til jarðamatsins frá 1805, sbr. ákvæði 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941, þannig að hlutfall skiptingar milli jarðanna verði: Ásmundarstaðir teljist til 15 hundraða og Höskuldarnes til 3ja hundraða. Viðurkenndur verði eignarréttur Ásmundarstaða I og II að 15/18 hlutum (83,34%) í hinu óskipta landi jarðanna, en Höskuldarness að 3/18 hlutum (16,66%).

4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum málskostnað að skaðlausu fyrir undirrétti og Hæstarétti, þar með talinn kostnað við matsgerð frá 15.5. 1985 kr. 115.970,00."

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Kröfur áfrýjenda eru reistar á því að samkvæmt 1. og 2. mgr. 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 skuli landskipti fara eftir jarðamati frá árinu 1861 þar sem því verði við komið. Séu í því mati tvær eða fleiri jarðir (hjáleigur) metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra að finna í jarðatali Johnsens frá 1847, skuli það mat notað. Í jarðamatinu frá 1861 séu hjáleigur nefndar sérstaklega ef þær eru metnar með jörðunum. Í mati þessu hafi Ásmundarstaðir verið metnir til 15 hundraða að dýrleika en ekki getið um Höskuldarnes. Megi af því draga þá ályktun að Höskuldarnes sé þar ekki metið með Ásmundarstöðum.

Þá benda áfrýjendur á að í jarðatali Johnsens frá 1847 séu Ásmundarstaðir einir sér metnir til 15 hundraða, en tekið fram neðanmáls að í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (Á.M.) sé eyðihjáleigan Höskuldarnes talin með Ásmundarstöðum. Hafi jörðin í jarðamötum 1805 og 1639 verið talin 18 hundruð að dýrleika. Sé með þessu staðfest að þegar Ásmundarstaðir hafi verið metnir með hjáleigunni Höskuldarnesi 1805 og 1639 hafi dýrleiki Ásmundarstaða einna verið 15 hundruð. Með þessum samanburði

komi fram mat á dýrleika hjáleigunnar Höskuldarness sem hafi verið metin til 3ja hundraða. Beri eftir því að fara við landskiptin, sbr. 2. mgr. 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941. Það hafi ekki verið gert í mati yfirmatsnefndar frá 15. maí 1985. Beri því að taka kröfur áfrýjenda til greina.

Stefndi heldur því fram að við landskiptin hafi yfirmatsnefnd gætt réttra sjónarmiða og því verði gjörð þeirra ekki hnekkt. Meðal annars eigi það við um hin fornu jarðamöt, sem áfrýjendur vísa til, að þar sé ekki að finna aðgreint mat á Höskuldarnesi.

Í héraðsdómi er það haft eftir stefnda, að jarðamatið frá 1805 stafi frá Árna Magnússyni, en jarðabók hans og Páls Vídalín er frá 1702-1714. Hefði héraðsdómara borið að leiðrétta þennan misgáning, sem kemur þó ekki að sök. Þess er heldur ekki getið, að tilvitnuð hundraðatala Ásmundarstaða (18 hundruð) er ekki niðurstaða af jarðamatinu 1801-1805, heldur er hún þar tilgreind sem dýrleiki jarðarinnar samkvæmt hinni fornu jarðabók (den gamle Jordebog). Felst í því tilvísun til mats frá 17. öld, sem fram kemur í jarðabókinni frá 1639, er Johnsen vitnar til. Er talan þar raunar 18 hundruð og 40 álnir, eins og upplýst er fyrir Hæstarétti.

Eins og frá er skýrt í formála að jarðatali Johnsens frá 1847 fór ekki fram sjálfstætt jarðamat, þegar það var tekið saman, heldur taldi hann dýrleika jarðanna eftir því sem greint var í jaraðabók Skúla Magnússonar landfógeta frá 1760, svo og hæð landskuldar og tölu kúgilda. Þar sem jarðabók Skúla greindi ekki frá dýrleikanum fór Johnsen eftir jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í báðum þessum jarðabókum var dýrleiki Ásmundarstaða talinn 15 hundruð. Í jarðamatinu frá 1861 er þessi sami dýrleiki einnig tilgreindur sem hin forna hundraðatala jarðarinnar, en nýtt mat eftir þeirri bók er 28,8 hundruð.

Í inngangi að jarðabókinni frá 1639 er þess getið, að dýrleiki sé þar reiknaður eftir hæð landskuldar af jörðum, og sýnist það eiga við um Ásmundarstaði. Hið forna hundraðamat sýnist hinsvegar hafa verið miðað við markaðsverð jarðanna. Virðist þannig mega rekja muninn á mati Ásmundarstaða (milli 15 hundraða og 18 hundraða og 40 álna) til mismunandi matsaðferða.

Framangreindar heimildir sýna, að jörðin Ásmundarstaðir hefur þar verið metin til dýrleika án þess að hjáleigan Höskuldarnes, sem

ekki var samfellt í byggð á liðnum öldum, væri sérstaklega aðgreind frá henni, og var ekki af því brugðið við jarðamatið 1861. Er ekki til að dreifa aðgreindu mati Höskuldarness og Ásmundarstaða í þessu tilliti fyrr en með fasteignamatinu 1922, eins og á er byggt í hinum áfrýjaða dómi. Með vísan til þess og til forsendna dómsins að öðru leyti ber því að staðfesta þá niðurstöðu, að stefndi verði sýknaður af kröfum áfrýjenda.

Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jóhanna Sigurðardóttir, Sverrir Sigurðsson, Vilborg Sigurðardóttir, Gunnhildur Sigurðardóttir, Jakobína Sigurðardóttir, Skafti Jónsson, Hildur Jónsdóttir og Árni Jónsson, greiði stefnda, Árna Árnasyni, óskipt 80.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 22. október 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 22. október, var í aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins af Halldóri Kristinssyni sýslumanni kveðinn upp dómur í málinu nr. 47/1985, Jóhanna Sigurðardóttir ofl. gegn Árna Árnasyni.

Mál þetta sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi þann 16.09. 1986 höfðuðu Jóhanna Sigurðardóttir, Ásmundarstöðum II, Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, (2049-7461), Sverrir Sigurðsson, Ásmundarstöðum II, Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, (8794-0861), Vilborg Sigurðardóttir, Háaleitisbraut 54, Reykjavík, (9278-6838), Gunnhildur Sigurðardóttir, Brunngötu 10, Ísafirði, (3418-5506), Jakobína Sigurðardóttir, Prestbakka 19, Reykjavík, (4876-8611), Skafti Jónsson, Ásmundarstöðum I, Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, (8149-7664), Hildur Jónsdóttir, Álfheimum 48, Reykjavík, (4103-0666) og Árni Jónsson, Ásmundarstöðum II, Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, (0524-0018), fyrir akadómþingi Þingeyjarsýslu með stefnu útgefinni 6. september 1985 á hendur Árna Árnasyni, Höskuldarnesi, Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, (0502-3610).

Í stefnu eru dómkröfur stefnenda þær:

1) Að úrskurður yfirlandskiptanefndar um yfirlandskipti á landi jarðanna Ásmundarstaða og Höskuldarness, Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, frá 15. maí 1985 verði með dómi ógiltur.

2) Að stefnda, Árna Árnasyni, verði með dómi skylt að þola ógildingu á úrskurði yfirlandskiptanefndar frá 15. maí 1985 sbr. 1. tl. hér að ofan.

3) Að staðfest verði með dómi að við landskipti jarðanna Ásmundarstaða I og II annars vegar og Höskuldarness hins vegar beri að leggja til grundvallar jarðatal Johnsens frá 1847, sbr. ákvæði 2. gr. landskiptalaga nr. 46/1941, þannig að hlutfall skiptingar milli jarðanna verði í samræmi við jarðatal Johnsens frá 1847 þar sem Ásmundarstaðir og Höskuldarnes eru talin til 18 hundraða saman og þar af Ásmundarstaðir einir til 15 hundraða og því Höskuldarnes eitt sér til 3ja hundraða. Viðurkenndur verði með dómi eignarréttur Ásmundarstaða I og II að 15/18 hlutum (83.34%) í hinu óskipta landi jarðanna, en Höskuldarness að 3/18 hlutum (16.66%).

4) Að stefndi, Árni Árnason, verði með vísan í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1941 dæmdur til greiðslu kostnaðar við matsgerðina frá 15. maí 1985 kr. 115.970,00 og ennfremur til greiðslu málskostnaðar stefnendum að skaðlausu.

Stefndi í máli þessu, Árni Árnason, krefst í greinargerð sinni sýknu af kröfum stefnenda og hæfilegs málskostnaðar eftir mati dómsins.

Undir flutningi málsins breytti stefndi kröfugerð sinni á þá lund að hann krafðist staðfestingar á yfirlandskiptagerðinni og sýknu af kröfum stefnenda. Þá vakti hann athygli á því að hann teldi dóminn ekki geta tekið afstöðu til 3. liðar í kröfugerð stefnenda þar sem hann áliti að hlutverk dómsins sé annaðhvort að staðfesta yfirlandskiptagerðina eða fella hana úr gildi.

Lögmaður stefnenda mótmælti því að krafa stefnda um staðfestingu á yfirlandskiptagerðinni kæmist að í máli þessu, þar sem hún væri of seint fram komin og hefði formlega átt að koma fram á annan hátt.

Málavextir eru þessir:

Jarðirnar Ásmundarstaðir og Höskuldarnes liggja fyrir norðan Raufarhöfn á Melrakkasléttu. Upphaflega var Höskuldarnes hjáleiga Ásmundarstaða. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 segir að Höskuldarnes kallist „almennilega Nes eyðihjáleiga". Í jarðatali Johnsens frá 1847 bls. 342 eru Ásmundarstaðir metnir til 15 hundraða í dýrleika og í neðanmálsgrein 4) segir að með Ásmundarstöðum hafi Árni Magnússon á sínum tíma talið eyðihjáleiguna Höskuldarnes. Ennfremur er tekið fram að 1805 hafi Ásmundarstaðir sem og 1639 verið taldir 18 hundruð að dýrleika. Í jarðamati 1849-1850 er ekki getið um Höskuldarnes, hvorki sérstak-

lega né þar sem segir frá Ásmundarstöðum. Ásmundarstaðir voru metnir á 15 hundruð.

Í undirmati Norður-Þingeyjarsýslu frá 1916 er greint frá jörðunum Ásmundarstöðum og Höskuldarnesi, sérstaklega hvorri jörð. Þar eru Ásmundarstaðir án húsa metnir á kr. 9.000,00 en Höskuldarnes án húsa á kr. 4.300,00. Þá segir og um Höskuldarnes að það sé byggt úr Ásmundarstaðalandi og landið óskipt.

Í landamerkjaskrám Norður-Þingeyjarsýslu er ekkert skráð um landamerki milli Ásmundarstaða og Höskuldarness. Þar er einungis getið merkja Ásmundarstaða gagnvart Harðbak og Raufarhöfn og er land Höskuldarness innan þeirra merkja, sbr. landamerkjalýsingu dagsetta 20. desember 1883 að Skinnalóni. Landamerki þessi voru þinglesin að Presthólum 26. júní 1884 og var eigi mótmælt.

Í fasteignamati frá 1. apríl 1922 er land Ásmundarstaða metið til 113 hundraða kr., en land Höskuldarness til 54 hundraða. Þá voru sömu eigendur jarðanna Ásmundarstaða og Höskuldarness, þ.e. Jón Árnason og Hildur Jónsdóttir. Árið 1923 seldi Jón Árnason Ásmundarstaði syni sínum og tengdasyni, þeim Sigurði Guðmundssyni og Jóni Þ. Jónssyni, sinn helminginn hvorum, en skildi undan kaupunum Höskuldarnes „með gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja". Með þessari sölu skiptust Ásmundarstaðir í tvær jarðir, þ.e. Ásmundarstaði I og II. Eftir sölu Ásmundarstaða fluttust þau Jón og Hildur í Höskuldarnes til dóttur sinnar, Önnu, sem þar bjó ásamt manni sínum. Anna andaðist 1835 (sic) og tók þá bróðir hennar, Árni St. Jónsson, faðir Árna Árnasonar, við búi í Höskuldarnesi. Árið 1943 kaupir Árni Árnason Höskuldarnes af Hildi ömmu sinni sem þá var orðin ekkja.

Í júní 1983 fór stefndi, Árni Árnason, Höskuldarnesi, þess á leit við sýslumann Þingeyjarsýslu, að landskipti færu fram á landi jarðanna Ásmundarstaða og Höskuldarness, en Árni er, eins og áður er vikið að, eigandi Höskuldarness sem er í óskiptri sameign með Ásmundarstöðum I og II sem stefnendur eru í sameiningu eigendur að.

Með bréfi dagsettu 21. júní 1983, kvaddi sýslumaður menn til að sitja í landskiptanefnd. Undirlandskiptanefnd framkvæmdi landskipti með úrskurði 4. nóvember 1983 eftir að hafa gefið aðilum kost á að tala máli sínu. Lagt var til grundvallar að Höskuldarnes ætti þriðjung sameiginlegs lands jarðanna.

Úrskurði þessum vildu eigendur Ásmundarstaða ekki una og með bréfi dagsettu 4. apríl 1984 óskaði lögmaður stefnenda eftir yfirlandskiptum samkvæmt lögum nr. 46/1941 um landskipti. Hinn 19. júní 1984 dómkvaddi sýslumaður Þingeyjarsýslu til menn til að vera yfirlandskiptamenn. Var fullt samkomulag um dómkvaðningu þessa. Sjálfur tók sýslumaður sæti oddamanns, sbr. 6. gr. laga nr. 46/1941.

Hinn 5. september 1984 komu yfirlandskiptamenn til skiptafundar á lögreglustöðinni á Raufarhöfn. Einnig voru þar mættir fyrirsvarsmenn stefnenda og stefndi í máli þessu. Aðilar gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum og síðan var gengið á vettvang og aðstæður kannaðar.

Aðalkröfur eigenda Ásmundarstaða við yfirlandskiptagerðina voru þær að í skiptunum yrði farið eftir 2. gr. laga nr. 46/1941 um landskipti og þar sem ekkert kæmi fram í jarðamati frá 1861 um hinar umdeildu jarðir og ekki væri getið um Höskuldarnes í jarðamati frá 1849 - 1850 skyldi samkvæmt lögunum beita jarðatali Johnsens frá 1847 og samkvæmt því væri Höskuldarnes 3 hundruð en Ásmundarstaðir 15 hundruð af sameiginlegu landi jarðanna.

Niðurstaða yfirlandskiptanefndar var að meginstefnu sú að ekki var fallist á að jarðatal Johnsens frá árinu 1847 ætti hér við, heldur skyldi farið eftir því sem segði í fasteignamati frá árinu 1922 en skv. því skyldi Árni Árnason, eigandi Höskuldarness, eigandi hlutdeildar er næmi 32.34% í sameiginlegu landi og landsnytjum jarðanna Ásmundarstaða og Höskuldarness. Þá var og kveðið á um það í yfirlandskiptagerðinni hvar landamerki jarðanna skyldu vera.

Málsástæður.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því að úrskurður yfirlandskiptanefndar varðandi eignirnar sé rangur. Í lögum nr. 46/1941 séu hrein ákvæði á hvern hátt beri að ganga frá skiptum og eignahlutföllum í þessu máli. Framhjá þessum reglum hafi verið gengið við skipti yfirlandskiptanefndar og niðurstaða því röng. Nauðsynlegt sé að fá úrskurðinn ógiltan með dómi og jafnframt að stefndi Árni Árnason, sem er eigandi Höskuldarness, verði dæmdur til að þola ógildingu á skiptagerðinni.

Samkvæmt lögum 46/1941 2. gr. beri að skipta eftir jarðamati frá 1861, þar sem því verði við komið. Jafnframt segir að nú séu í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir (hjáleigur) metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra er að finna í jarðatali Johnsens frá 1847, og skuli það þá notað. Í skiptum þessum verði jarðamati frá 1861 ekki við komið, þar sem ofangreindra jarða er þar ekki getið. Jafnframt var við yfirlandskipti lagt fram jarðamat frá 1849 - 1850. Í því jarðamati er ekki getið um Höskuldarnes, þannig að það jarðamat verður ekki notað til leiðbeiningar. Hinsvegar eru á bls. 342 í jarðatali Johnsens frá 1847, sem lagt var fram við skiptin, sundurgreining á jörðunum. Lögum samkvæmt beri að nota þá sundurgreiningu. Samkvæmt því verði sundurgreiningin þá sú að:

Ásmundarstaðir með Höskuldarnesi séu 18 hundruð.
Ásmundarstaðir án Höskuldarness séu 15 hundruð.

Af þessu leiði að Höskuldarnes sé 3 hundruð, þ.e. 3/18 hlutar af heildareigninni eða 16.66%.

Þá er því hafnað að 4. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941 eigi hér við, þar sem eigendur Ásmundarstaða hafi ekki samþykkt eignarhlutföllin sem ráð er gert fyrir í fasteignamati frá 1922 og er í því sambandi vísað til 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Stefndi byggir kröfur sínar á því að ákvæði 2. gr. laga nr. 46/1941 sé skýringarregla fyrir landskiptamenn um það, hvaða fasteignamat skuli velja, þegar þess sé freistað að finna hlutdeild tveggja eða fleiri jarða, sem orðið hafa til úr einni jörð, í heildarlandverði jarðanna. Jarðir sem orðið hafa til úr einni „torfu" hafi því í fasteignamötum síðari ára hækkað mjög misjafnlega fyrir framkvæmdir og ræktun. Augljóst sé þó, að slíkar verðbreytingar eigi ekki að hafa áhrif á hlutdeild jarðanna í óskiptu landi þeirra. Hún breytist ekki, þótt misjafnlega mikið sé ræktað og byggt á jörðunum. Þess vegna vísi landskiptalögin matsmönnum á að nota eldri möt, ef því verði við komið. Ákvæði 2. gr. sé þannig leiðsöguregla um, hvernig matsmenn skuli finna hlutdeild jarða í óskiptu sameignarlandi þeirra. En hafi eigendur jarðanna samið sérstaklega um að hlutdeildir skyldu vera aðrar en t.d. jarðamatið frá 1861 kvað á um, hafi þeir í krafti eignarréttar síns haft vald til þess. Reglur 2. gr. laga nr. 46/1941 séu með öðrum orðum frávíkjanlegar með samningi þar til bærra aðila. Sama máli gegni vitaskuld ef sami maður eigi báðar eða allar jarðirnar. Hann gat að vild breytt hlutdeild þeirra í sameiginlegu óskiptu landi jarðanna og svo sameiginlegum óskiptum nytjum þeirra. Heimild til skipta án mats sé í 16. gr. laga nr. 46/1941.

Hlutdeildir þær sem yfirmatsmenn landskipta hafi lagt til grundvallar 15. maí 1985 við skipti á óskiptu landi jarðanna Ásmundarstaða og Höskuldarness hafi verið ákveðnar af Jóni Árnasyni og Hildi Jónsdóttur, sem áttu báðar jarðirnar. Þau hjónin hafi átt báðar jarðirnar 1916, þegar undirmat fór fram á jörðunum, og þau hafi einnig átt jarðirnar, þegar fasteignamat fór fram 1. apríl 1922 svo og þegar þau seldu Ásmundarstaði 1923, en gerðu Höskuldarnes að annarri sjálfstæðri jörð. Það hafi því verið í þeirra valdi að ákveða hvernig hlutföll jarðanna í fasteignamatinu skyldu vera. Fasteignamötin frá 1916 og 1922 beri því vitni að þau ákváðu hlutföllin milli Höskuldarness og Ásmundarstaða sem tveggja jarða 1:2.

Stefndi bendir á að jafnvel þótt ekki verði litið svo á að þau Hildur og Jón hafi ákveðið eignahlutföll jarðanna og 2. gr. laga nr. 46/1941 lögð til grundvallar leiði það til sömu niðurstöðu.

Stefndi hafnar því að reglum um notkun Johsens jarðatals í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941 verði beitt þar sem þar sé ekkert sérstakt mat á Höskuldarnesi. Sama eigi við um jarðamat frá 1849 - 1850 því þar sé

Höskuldarness ekki heldur getið. Þá bendir stefndi á að augljóst sé að Höskuldarnesið sé talið með Ásmundarstöðum bæði í jarðatali Johnsens, jarðamatinu frá 1849 - 1850 og jarðamatinu frá 1861. Í öllum þremur mötunum séu aðeins Ásmundarstaðir metnir sérstaklega og eingöngu í jarðatali Johnsens sé þess getið að Árni Magnússon hafi talið Höskuldarnesið með. Ef Höskuldarnesið hefði ekki verið talið með í mötunum 1849 - 1850 og 1861, hefði það verið metið sérstaklega. En það hafi ekki verið gert, enda hafi Höskuldarnesið þá verið í eyði. Það sé því úr lausu lofti gripið þegar því sé haldið fram að unnt sé að finna matsverð Höskuldarness samkvæmt jarðatali Johnsens með því að draga nefnd 15 hundruð, sem sé dýrleiki Ásmundarstaða samkvæmt jarðatali Johnsens, frá því sem nefndur Árni Magnússon er sagður hafa talið Ásmundarstaði vera að dýrleika 1805 og 1639 í neðanmálsgrein bls. 342 í jarðatalinu. Frá 1805 hafi liðið 42 ár, uns jarðatal Johnsens varð til 1847. Engin ástæða sé til að ætla að sá verðmunur á nefndum tveimur mötum sé dýrleiki Höskuldarness. Jarðir gátu breyst stórlega í verði á skemmri tíma. Efni neðanmálsgreinarinnar sé heldur ekki þáttur í mati jarðarinnar samkvæmt jarðatali Johnsens, heldur frásögn af mati Árna Magnússonar árið 1805. Í jarðatali Johnsens sé ekki aðgreint mat á jörðunum.

Af þessu megi ljóst vera að jarðamat Johnsens verði ekki notað sem skiptigrundvöllur en samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941 skuli þá fara eftir fasteignabók frá 1922 eða síðari fasteignabókum, þó þannig að ávallt verði hið elsta jarðamat notað, sem við verði komið. Þetta hafi einmitt yfirmatsmenn landskipta gert í úrskurði sínum hinn 15. maí 1985.

Niðurstaða.

Eins og fram kemur er ekki deilt um málavexti í máli þessu, heldur um það við hvaða jarðamat eigi að styðjast við skiptingu jarðanna Ásmundarstaða I og II annars vegar og Höskuldarness hins vegar. Stefnendur í máli þessu halda því fram með vísan í 2. gr. laga nr. 46/1941, að styðjast eigi við jarðamat Johnsens frá árinu 1847 því þar sé að finna elsta aðgreinda mat jarðanna og samkvæmt því sé Höskuldarnes 3/18 hlutar en Ásmundarstaðir 15/18 hlutar úr óskiptu landi jarðanna. Þessum skilningi hafnar stefndi alfarið og bendir á að aðgreint mat jarðanna sé ekki að finna fyrr en með fasteignamati frá árinu 1922 en samkvæmt því sé Höskuldarnes ⅓ á móti Ásmundarstöðum I og II og beri að fara eftir því.

Ekki verður fallist á þann skilning stefnenda í máli þessu að í jarðamati Johnsens sé að finna aðgreint mat jarðanna Höskuldarness og Ásmundarstaða. Í því mati eru aðeins Ásmundarstaðir metnir og verður ekki fallist á að með vísan í neðanmálsgrein 4) bls. 342 megi finna út aðgreint mat jarðanna en þar segir:

„Á.M. telur hér með eyðihjáleigu Höskuldarnes (40 al. Lsk. 1 kúg.). 1805 fengust hér 20$ æðardúns, og var jörðin þá og 1639 talin 18 h. að dýrleika."

Ekkert kemur fram hér sem styður þann skilning stefnenda að hér sé um að ræða sjálfstætt mat fyrir Höskuldarnes. Höskuldarnes var í eyði þegar umrætt jarðamat fór fram og verður að gera kröfu til að það hefði verið metið sérstaklega og það mat komið fram í megintexta jarðamatsins, til þess að sá skilningur yrði lagður til grundvallar. Verður því að fallast á það með stefnda að neðanmálsgreinin sé aðeins frásögn af mati Á.M. árið 1805 en feli ekki í sér aðgreint mat fyrir Höskuldarnes. Samkvæmt þessu verður að hafna kröfum stefnenda um það að styðjast eigi við jarðamat Johnsens við skiptingu á óskiptu landi jarðanna. Og þar sem ekki er að finna aðgreint mat jarðanna fyrr en í fasteignamati frá árinu 1922 verður að styðjast við það mat samanber 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1941 um landskipti. Samkvæmt því verður hlutdeild Höskuldarness í óskiptu landi jarðanna ⅓ á móti ⅔ hlutum Ásmundarstaða I og II.

Hvað varðar viðbótarkröfugerð stefnda, sem mótmælt var af stefnendum, verður hún ekki tekin til umfjöllunar, þar sem hún er of seint fram komin.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau að stefndi í máli þessu skal vera sýkn af kröfum stefnenda. Yfirlandskiptagerðin frá 15. maí 1985 verður ekki dæmd ógild með þeim rökum sem stefnendur halda fram.

Stefnedur í máli þessu greiði eftir málsúrslitum stefnda kr. 50.000,00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Árni Árnason, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Jóhönnu Sigurðardóttur, Sverris Sigurðssonar, Vilborgar Sigurðardóttur, Gunnhildar Sigurðardóttur, Jakobínu Sigurðardóttur, Skafta Jónssonar, Hildar Jónsdóttur og Árna Jónssonar í máli þessu. Stefnendur greiði stefnda in solidum kr. 50.000,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. maí 1988.

Nr. 150/1987. **Kristján Benediktsson og Ólöf Ísfeld**
(Sigmundur Hannesson hdl.)
gegn
Höskuldi Sæmundssyni og Pálínu Kristínu Sæmundsdóttur og gagnsök
(Guðni Haraldsson hdl.)

Fasteignir. Makaskipti. Galli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari, og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1987. Þau krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og að gagnáfrýjendur verði dæmdir til þess að efna ákvæði makaskiptasamnings milli aðila frá 14. maí 1985, þannig að þeim verði gert að greiða aðaláfrýjendum vangreiddar eftirstöðvar samkvæmt makaskiptasamningnum, 250.000,00 krónur, með ársvöxtum svo sem hér segir: 33% af 100.000,00 krónum frá 25. mars 1986 til 1. apríl s.á., 27% frá þeim degi til 25. maí s.á., en af 150.000,00 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., af 220.000,00 krónum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% af 280.000,00 krónum frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 27. apríl s.á. og með hæstu lögleyfðu vanskilavöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefjast aðaláfrýjendur þess, að fjárkröfur gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar og að fjárkröfur aðaláfrýjenda á hendur gagnáfrýjendum í aðalkröfu komi til skuldajafnaðar og að auki 85.236,00 krónur með ársvöxtum svo sem hér segir: 36% frá

21. nóvember 1985 til 1. mars 1986, 20% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 16% frá þeim degi til 14. maí s.á., 15,5% frá þeim degi til 1. október s.á., 15,75% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 16% frá þeim degi til 11. s.m., 16,25% frá þeim degi til 11. desember s.á., 17,75% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 18,25% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 19,75% frá þeim degi til 11. s.m., 20% frá þeim degi til 21. s.m., 20,5% frá þeim degi til 11. mars s.á., 22% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 23% frá þeim degi til 11. s.m., 24,5% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 27% frá þeim degi til 21. október s.á., 31% frá þeim degi til 1. desember s.á., 34% frá þeim degi til 21. s.m., 35% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 36,2% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 36,4% frá þeim degi til 1. mars s.á., 35,6% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 34,6% frá þeim degi til 27. s.m., og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talinn matskostnaður vegna Safamýrar 44, 38.000,00 krónur, auk 12% söluskatts.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí 1987. Þeir krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér skaðabætur og/eða afslátt af kaupverði íbúðarinnar að Safamýri 45, Reykjavík, 602.762,00 krónur, með ársvöxtum svo sem hér segir: 36% frá 21. nóvember 1985 til 1. mars 1986, 20% frá þeim degi til 25. s.m., en 20% af 502.762,00 krónum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 15% frá þeim degi til 14. maí s.á., með dómvöxtum frá þeim degi til 25. maí s.á., en með dómvöxtum af 452.762,00 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með dómvöxtum af 382.762,00 krónum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi með 24,5% ársvöxtum af sömu fjárhæð til 1. ágúst 1987, en frá þeim degi af 322.762,00 krónum með ársvöxtum jafnháum hæstu innlánsvöxtum hjá innlánsstofnunum, eins og þeir eru á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fyrir Hæstarétti byggja aðaláfrýjendur m.a. á því, að ómöguleiki komi í veg fyrir það, að aðalkrafa gagnáfrýjenda um riftun nái fram

að ganga, þar sem m.a. veðflutningar og nýjar veðsetningar hafi átt sér stað og bifreið, sem var að hluta til milligjöf við makaskipin, hafi verið seld. Bifreiðin var metin til ákveðinnar fjárhæðar í makaskiptasamningi aðila, og ósannað er að aðrar ástæður feli í sér ómöguleika á því að láta greiðslurnar ganga til baka. Ber því að hafna þessari mótbáru aðaláfrýjenda.

Eins og um ræðir í hinum áfrýjaða dómi hafði farið fram viðgerð og endurmálun að utanverðu á öllu húsinu Safamýri 45 tæpu ári áður en kaup gerðust milli aðila, og var henni lýst fyrir kaupendum. Telja verður, að kaupendur hafi mátt ætla, að við þessa viðgerð hafi verið tekið eðlilegt mið af ástandi hússins, þannig að það lægi ekki undir meiriháttar skemmdum að svo stöddu og ekki orðið annars vör við eigin skoðun. Hafi þau ekki haft ástæðu til að hlutast til um sérstaka rannsókn á alkalívirkni í steypu í húsinu. Að áliti hinna dómkvöddu matsmanna er húsið hinsvegar haldið alkalískemmdum á svo háu stigi, að ekki verði komist fyrir þær með fullnægjandi hætti nema með því að klæða húsið utan, og sé brýnt að gera þá ráðstöfun. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt, og eru niðurstöður af athugun Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins ekki svo óljósar eða ófullkomnar, að hún ásamt sjónskoðun matsmanna sé ófullnægjandi grundvöllur að áliti þeirra.

Með tilliti til þessa og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, ber að staðfesta niðurstöðu hans um riftun, svo og greiðslu kostnaðar vegna endurbóta og viðgerða gagnáfrýjenda á íbúðinni að Safamýri 45 og vegna greiddra sölulauna á íbúðinni að Safamýri 44. Taka ber til greina skuldajafnaðarkröfu aðaláfrýjenda að fjárhæð 5.838,00 krónur, sem var kostnaður þeirra við að skipta um blöndunartæki í íbúðinni nr. 44 við Safamýri, en ekki var upplýst fyrir Hæstarétti um kostnað við aðrar endurbætur á húsnæðinu, er koma mætti til frekari skuldajafnaðar.

Vaxtaákvörðun héraðsdóms er staðfest að öðru leyti en því, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðast ársvextir jafnháir hæstu innlánsvöxtum hjá innlánsstofnunum eins og þeir eru á hverjum tíma samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Rétt þykir, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem telst hæfilegur

150.000,00 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til sérstaks söluskatts af þjónustu lögmanna.

Dómsorð:

Staðfest er riftun gagnáfrýjenda, Höskuldar Sæmundssonar og Pálínu Kristínar Guðlaugsdóttur, á makaskiptasamningi þeirra og aðaláfrýjenda, Kristjáns Benediktssonar og Ólafar Ísfeld, sem dagsettur er 14. maí 1985.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum 944.162,00 krónur með 36% ársvöxtum frá 21. nóvember 1985 til 1. mars 1986, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 14. maí s.á., með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, og með vöxtum jafnháum hæstu innlánsvöxtum hjá innlánsstofnunum eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum 150.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. febrúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar sl., höfðuðu Höskuldur Sæmundsson, nnr. 4494-8443 og Pálína Kristín Guðlaugsdóttir, nnr. 6978-5093, bæði til heimilis að Safamýri 45 Reykjavík gegn Kristjáni Benediktssyni, nnr. 5842-0220 og Ólöfu Ísfeld, nnr. 8673-5063, báðum til heimilis að Safamýri 44 Reykjavík, með stefnu birtri 14. maí 1986.

Dómkröfur stefnenda eins og þær eru settar fram í stefnu málsins eru svohljóðandi:

Aðallega að viðurkennd verði með dómi riftun á makaskiptasamningi aðilja, dags. 14/5 1985, um íbúðir að Safamýri 45 og Safamýri 44 Reykjavík, og að stefndu verði dæmd til þess að greiða stefnendum kr. 965.308,00 með 36% ársvöxtum frá 21/11 1985 til 1/3 1986, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1/4 1986, 16% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu í máli þessu, en hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara að stefndu verði dæmd til þess að greiða stefnendum skaðabætur og/eða afslátt af kaupverði íbúðar Safamýri 45, Reykjavík, kr. 604.781,00 með 36% ársvöxtum frá 21/11 1985 til 1/3 1986, 20% ársvöxtum frá þeim

degi til 1/4 1986, 16% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu í máli þessu, en hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður: Krafist er málskostnaðar úr hendi stefndu í aðalkröfu og varakröfu, þ.m.t. kostnaðar vegna skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, kr. 6.689,00, vegna reiknings matsmanna kr. 45.000,00 og dómkvaðningar kr. 840,00. Er krafist dómvaxta af fjárhæðum þessum, samtals kr. 52.529,00 frá birtingardegi stefnu til greiðsludags.

Skuldajöfnuður: Verði aðalkrafan ekki tekin til greina er krafist skuldajafnaðar á eftirstöðvum fjárhæðar þeirrar sem stefnendur skyldu greiða stefndu í milligjöf samkvæmt makaskiptasamningi, kr. 100.000,00 hinn 25/3 1986, kr. 50.000,00 hinn 25/5 1986 og veðskuldabréfi sem gefa átti út við afsal, en bréf þetta skyldi vera kr. 100.000,00 og greiðast með 2 árlegum afborgunum í gjalddaga 1. ágúst 1986 og 1. ágúst 1987. Vextir 20% ársvextir. Er krafist skuldajafnaðar á fjárhæðum þessum auk vaxta og kröfum stefnenda skv. varakröfunni, að því er snertir veðskuldabréfið að svo miklu leyti sem það verður fallið í gjalddaga við dómsuppsögu.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til að efna ákvæði makaskiptasamnings aðila frá 14. maí 1985 um að greiða stefndu kr. 150.000,00 með 20% ársvöxtum af kr. 100.000,00 frá 25. mars 1986 til 25. maí s.á., en með 15,5% ársvöxtum af kr. 150.000,00 frá þeim degi til greiðsludags. Ennfremur að stefnendur verði dæmdir til að gefa út veðskuldabréf sem getið er um í makaskiptasamningi aðila frá 14. maí 1985.

Til vara krefjast stefndu þess að kröfur stefnenda verði lækkaðar verulega og að viðurkenndur verði réttur stefndu til þess að skuldajafna við þær skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 85.236,00 með 36% ársvöxtum frá 21. nóvember 1985 til 1. mars 1986, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á. og 16% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu í málinu, 14. maí 1986, og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnenda, hvort sem aðalkrafa eða varakrafa stefndu verður tekin til greina, þ.m.t. kostnaðar við mat dómkvaddra matsmanna kr. 38.000,00 og dómkvaðningar þeirra kr. 840,00. Af þessum kostnaði kr. 38.840,00 krefjast stefndu dómvaxta frá 12. nóvember 1986 til greiðsludags.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Með samningi undirrituðum í Reykjavík 14. maí 1985 höfðu aðilar makaskipti á íbúðum. Stefndu seldu stefnendum íbúð (sérhæð) á efri hæð hússins að Safamýri 45 í Reykjavík ásamt sérherbergi og sérgeymslu í kjallara, bílskúr og hlutdeild í sameign og lóðarréttindum. Íbúðin telst vera 39,2%

af heildareigninni nr. 45 við Safamýri eins og í makaskiptasamningnum segir, en í þessu húsi eru 3 íbúðir.

Stefnendur seldu stefndu íbúð á 2. hæð til vinstri í suðurenda hússins nr. 44 við Safamýri ásamt sérgeymslu í kjallara, bílskúr, hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum. Hið selda telst vera 9,5% af heildareigninni nr. 44 við Safamýri, sem er fjölbýlishús.

Umsamið kaupverð íbúðarinnar að Safamýri 44 var kr. 2.800.000,00.
Umsamið kaupverð íbúðarinnar að Safamýri 45 var kr. 3.900.000,00.
Mismuninn kr. 1.100.000,00 áttu stefnendur að greiða þannig:

1.	Hinn 14. maí 1985	kr.	200.000,00
2.	Hinn 30. júlí 1985	"	300.000,00
3.	Hinn 25. sept. 1985	"	50.000,00
4.	Hinn 25. okt. 1985	"	50.000,00
5.	Hinn 25. mars 1986	"	100.000,00
6.	Hinn 25. maí 1986	"	50.000,00
7.	Með bifreiðinni R-6538, Ford Taunus, árgerð 1982, afhent stefndu við undirskrift kaupsamnings 14. maí 1986	"	250.000,00
8.	Með veðskuldabréfi, sem skyldi greiðast á næstu 2 árum frá afhendingardegi, 1. ágúst 1985. Vextir 20% ársvextir	"	100.000,00
		kr.	1.100.000,00

Í makaskiptasamningnum segir að eignirnar séu seldar í núverandi ástandi sem kaupendur hafi kynnt sér og sætt sig við og afhendingartími þeirra sé 1. ágúst 1985 eða fyrr ef unnt sé.

Stefnendur segjast hafa orðið varir við raka í íbúð sinni að Safamýri 45 í haustrigningum 1985 og hafi hans gætt meðfram útveggjum í stofu að sunnan, austan og vestan. Þá hafi einnig komið í ljós að bílskúrar séu að springa frá húsinu og hallist til austurs frá því.

Stefnendur fengu þá Rannsóknastofnun byggingariðanaðarins til þess að skoða húsið. Skýrsla um skoðunina sem dags. er 20. nóvember 1985 er svohljóðandi:

„INNGANGUR

Mánudaginn 28. okt. sl. fóru starfsmenn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins að beiðni Agnars Gústafssonar og skoðuðu steypu- og lekaskemmdir í húseigninni að Safamýri 45 Reykjavík.

SKOÐUN

Húsið er tvær hæðir og kjallari. Tvöfaldur bílskúr er fast við tröppur að austan (mynd 1).

Að sögn eigenda var húsið háþrýstiþvegið að utan, sprungur lagfærðar og húsið silanborið og málað 1984. Fljótt á litið virðist húsið líta vel út að utan. Þegar betur er að gáð má sjá í gegnum málningu mjög dreift sprungumunstur um alla veggi nema á kjallara. Gert hefur verið við einstaka sprungur með borun og málningu, og einnig hafa sprungur verið sagaðar upp og fylltar. Á einstaka stöðum í útveggjum hafa myndast vatnspokar í málningu. Til athugunar á ástandi steypu voru boraðir tveir litlir kjarnar úr norðurvegg 1. hæðar (nr. 1 og 2, mynd 2, kjarni nr. 2 er nær horni), og molnuðu þeir báðir við borunina.

Við borunina kom þó í ljós talsverður raki í kjörnunum, en kjarni nr. 1 virðist þó nokkuð þurr í allt að 5 cm dýpt in í vegginn. Við borunina kom einnig í ljós að sprunga sem sást í pússningu sást líka í yfirborði steypu þegar pússningu var flett af, og bendir það til alkalívirkni.

Steypa í kjörnum virtist meyr, sem bendir til að frostþíðuáhrifa sé einnig farið að gæta í steypunni. Við skoðun kjarnanna í smásjá eftir borun komu fram merki í þeim sem bentu á sterkar líkur fyrir alkalískemmdum í steypunni.

Eftir 7 daga geymslu í hita (+ 38°C) og 100% raka sáust greinilega miklar útfellingar og einnig merki um alkalívirkni í kjörnunum.

Loftun í svölum yfir eldhúsi í kjallara hefur verið lokað með tröppum, og leki hefur komið fram í eldhúsglugga í kjallara. Mynd 3.

Tvöföldum bílskúr að austan virðist halla greinilega og eins og undirstöður hafi sigið, einkum við austurenda. Mynd 4. Einnig er greinileg þvingun á hurð og gliðnun í karmi í þvottahúsi í kjallara. Mynd 5.

Að sögn íbúa hafði verið steypt í rifur á milli bílskúrs og tröppu, en bílskúrsvegg hallar frá tröppum. Einnig virðist ílögn hafa verið lagfærð.

Í íbúð á efstu hæð koma fram ummerki raka við gólf undir teppum. Þessi ummerki sjást við austur-, suður- og vesturhlið.

Við stofuglugga á suðurhlið fannst greinilegur raki við gólf. Einnig sáust greinileg merki um raka í teppalistum og svampi undir teppum. Að sögn íbúa er leki með gluggum.

UMSÖGN

Eins og fram kemur hér að framan sést mjög útbreitt sprungumunstur í útveggjum hússins í gegnum málningu. Niðurstöður úr athugunum kjarna sýna að steypuefni virðist alkalívirkt. Einnig virðist áhrifa frost-þíðu gæta í steypunni. Til að stöðva alkalískemmdir og frostskemmdir er nauðsynlegt að þurrka raka úr steypunni. Skv. skoðun kjarna nr. 1 virðist þó einhver útþornun hafa átt sér stað í yfirborði steypu. Í fylgiskjölum 1 og 2 eru þeir valkostir sem vænlegir þykja við lagfæringar steypuskemmda í dag.

Varðandi leka í húsum er nauðsynlegt að yfirfara þéttleika með gluggum.

Einnig er hugsanlegt að einhverjar sprungur í veggjum hússins gæti lekið. Hvað varðar lekastaði getur verið erfitt að staðsetja leka nákvæmlega, þar sem vatn getur runnið langar leiðir áður en það kemur fram sem leki inni. Loftun á svölum verður að lagfæra og tryggja nægjanlega loftun. Til að sjá hvort einhverjar hreyfingar séu enn í bílskúr er hægt að setja upp mælipunkta og mæla síðan með vissu millibili, t.d. í eitt ár, til að sjá hverjar breytingar hafa orðið."

Hinn 21. nóvember 1985 ritaði lögmaður stefnenda stefnda Kristjáni bréf, lýsir göllum á íbúðinni að Safamýri 45 og kveður umbjóðanda sinn vilja leysa málið á friðsamlegan hátt þannig að kaupin gangi til baka.

Samningsumleitanir hófust á milli aðila um meinta galla á íbúðinni að Safamýri 45 og í þeim kom fram að stefndi Kristján taldi ýmsa galla vera á íbúðinni að Safamýri 44 án þess þó að kvarta yfir þeim við stefnendur. Samningsumleitanir þessar leiddu ekki til neinnar niðurstöðu.

Lögmaður stefnenda bað um í bréfi til yfirborgardómarans í Reykjavík dags. 30. janúar 1986 að dómkvaddir yrðu matsmenn vegna íbúðarinnar að Safamýri 45. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem rétt þykir að taka hér upp alla, er svohljóðandi:

„Hinn 31. janúar 1986 vorum við undirritaðir, dr. Óttar P. Halldórsson verkfræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari, dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur til þess að skoða íbúð í Safamýri 45, efri hæð, og láta í ljós álit á þeim atriðum sem í beiðni eru greind, allt eins og nánar greinir þar.

Í matsbeiðni Agnars Gústafssonar hrl. segir m.a.: „Með makaskiptasamningi, dags. 14/5 1985, keyptu umbj. mínir íbúð á efri hæð hússins nr. 45 við Safamýri, Reykjavík, ásamt bílskúr fjær húsi og tilheyrandi sameign.

Á eignarhluta umbj. minna hafa komið í ljós gallar sem lýsa sér í því að mikill raki hefur komið í ljós í stofu við austur-, suður- og vesturhlið, meðfram útveggjum. Þá hefur komið í ljós að bílskúr, sem áfastur er við húsið, virðist vera að springa frá því. Myndast hefur rifa milli bílskúrs og tröppu. Við athugun hefur komið í ljós að skúrinn, sem er tvöfaldur bílskúr, hallast greinilega, eins og undirstöður hafi missigið til austurs. Þegar ofangreind rifa milli bílskúrs og tröppu myndaðist, kom í ljós að rifa hafi verið þar áður, sem gert hafði verið við.

Þegar umbj. mínir keyptu umrædda eign var húsið nýmálað og leit vel út."

Einnig segir:

„Er það beiðni umbj. minna að þér, herra yfirborgardómari, dómkveðjið tvo hæfa og óvilhalla menn til þess sem matsmenn og skoðunarmenn.

1) Að skoða umrædda íbúð og láta í ljós álit sitt á því af hverju raki í íbúðinni stafi, þ. á m. hvort um alkalískemmdir sé að ræða, hvernig hægt

sé að gera við húsið til þess að koma í veg fyrir rakann og frekari skemmdir á íbúðinni og hversu mikið nauðsynlegar umbætur muni kosta.

2) Skoða umræddan bílskúr og láta í ljós álit sitt á því af hverju skúrinn hefur missigið, hvort mögulegt sé að bæta úr þessu og hvað það muni kosta. Ennfremur að meta til fjár verðrýrnun á bílskúrnum vegna þessa galla, ef talið yrði að viðgerð væri of kostnaðarsöm miðað við verðgildi bílskúrsins.

3) Meta til fjár verðrýrnun á eignarhlutanum, vegna þess að veruleg alkalivirkni er í steypunni, sem hefur áhrif til lækkunar á verði húseigna miðað við verð á húsum sem ekki eru haldin þeim galla."

Matsfundur var haldinn í Safamýri 45 föstudaginn 21. febrúar 1986. Mættir á fundinum voru auk matsmanna: Höskuldur Sæmundsson, Pálína K. Guðlaugsdóttir, Agnar Gústafsson hrl., Rafn Kristjánsson og Hans Wium Ólafsson hdl.

Dómkvaðning og matsbeiðni voru lesnar upp. Engar athugasemdir komu fram vegna útnefningar matsmanna né boðunar fundarins.

Eftirfarandi gögn fylgdu matsbeiðninni og hafa matsmenn kynnt sér þau:

1. Skoðunarskýrsla Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, dags. 20. nóv. 1985.
2. Makaskiptasamningur, dags. 14. maí 1985.
3. Greinargerð Rafns Kristjánssonar, dags. 13. jan. 1986.
4. Teikningar, er sýna útlit hússins Safamýri 45. Arkitekt Þorvaldur Kristmundsson.

Næst fór skoðun fram. Hús það er hér um ræðir er tvær hæðir og kjallari ásamt tvöföldum bílskúr. Fyrst var íbúð matsbeiðanda á 2. hæð skoðuð, en síðan húsið og bílskúrarnir að utan. Fleira var ekki gert í þetta skipti og matsfundi slitið.

Miðvikudaginn 12. mars sl. var aftur farið á vettvang, en þann dag var talsvert hvassviðri og rigning af suð-austri. Íbúðin á 2. hæð var aftur skoðuð með tilliti til leka. Síðan var húsið kannað betur að utan og sig á bílskúrum mælt.

Við framangreindar athuganir hefur komið í ljós að verulegur vatnsleki kemur fram niðri við gólf á austur-, suður- og vesturhliðum í stofu á 2. hæð, þannig að gólfílögnin er greinilega rakamettuð meðfram útveggjum. Þessi ummerki sjást líka á teppalistum og svampi undir teppum. Raki þessi er mest áberandi við suð-austurhorn í stofu og nær sums staðar allt að 50 cm inn á gólfið.

Lekamerkin meðfram útveggjum á stofugólfinu benda til þess að lekinn stafi annars vegar frá sprungum á suð-austurhorni og sprungu út frá glugga á austurhlið og hins vegar virðast gluggasamskeyti að neðanverðu, á suðurhlið og við svalir, vera óþétt. Rifur meðfram gluggum og fínar

sprungur í útveggjum geta líka verið samverkandi orsök fyrir þessum vatnsleka.

Skoðun á húsinu úti leiddi í ljós að við fyrstu sýn lítur það ágætlega út, hvítmálað og snyrtilegt, en þegar grannt er skoðað kemur í ljós að allir útveggir eru meira og minna viðgerðir með sögun, kíttisfyllingu og grisjuborðum sem lagðir hafa verið í olíumálningu. Þessar viðgerðir sjást ekki vel nema úr lítilli fjarlægð, og fer nokkuð eftir birtu og réttu sjónarhorni hve vel þær greinast.

Að sögn Rafns Kristjánssonar var gert mikið við húsið að utan árið 1984. Var það þá allt háþrýstiþvegið, silanborið og málað með Hörpusilki.

Málningin lítur enn þá vel út og er lítið farin að flagna, en víða má sjá að vatnspokar hafa myndast undir grisjuborðunum. Við vandlega skoðun má líka greina fingerðar sprungur í málingarhúðinni.

Athugun á bílskúrum leiddi í ljós að þar er um sams konar galla í steypunni að ræða og í aðalhúsinu. Auk þess hafa bílskúrarnir sigið til austurs frá aðalhúsinu, og nemur sigið allt að ca. 20 cm. Steyptur kantur (biti) ofan við bílskúrsdyr hallast greinilega og eru dyraop að bílskúrum orðin rammskökk. Múrílögn hefur verið sett í suð-austurhorn á þaki bílskúra til þess að veita vatni að niðurföllum á norðurhlið. Matsmönnum var sagt að undirstöður að bílskúrunum hefðu verið gerðar með þeim hætti, að holur hefðu verið boraðar í jarðveginn niður á fast og steypu síðan hellt þar í. Á þessum súlum hefðu síðan undirstöðurnar verið reistar.

Niðurstöður matsmanna:

Í skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins (Rannsókn nr. R.B. H85/1333), dags. 20. nóv. 1985, segir um borkjarna sem teknir voru úr norðurhlið hússins:

„Við borunina kom einnig í ljós að sprunga sem sást í pússningu sást líka í yfirborði steypu þegar pússningu var flett af, og bendir það til alkalívirkni.

Steypa í kjörnum virðist meyr, sem bendir til að frost-þíðu áhrifa sé einnig farið að gæta í steypunni.

Við skoðun kjarnanna í smásjá eftir borun komu fram merki í þeim sem bentu á sterkar líkur fyrir alkalískemmdum í steypunni.

Eftir 7 daga geymslu í hita (+38°C) og 100% raka sáust greinilega miklar útfellingar og einnig merki um alkalívirkni í kjörnunum."

Með hliðsjón af framanskráðu telja matsmenn að ekki verði komist hjá því að klæða húsið að utan með loftræstri klæðningu af þeirri gerð sem samræmist best útliti hússins. Heildarkostnað við þá framkvæmd meta þeir á *kr. 1.005.000,00, eina milljón og fimm þúsund krónur.* Eignarhluti matsbeiðanda er 39.2% heildareignarinnar og kostnaðarhluti hans því *kr.*

393.960,00, þrjú hundruð níutíu og þrjú þúsund níu hundruð og sextíu krónur. Kostnað við þéttingu á gluggum á suður- og vesturhlið á 2. hæð meta þeir á *kr. 7.000,00, sjö þúsund krónur.*

Það er nokkuð erfitt fyrir matsmenn að sannreyna á skömmum tíma af hvaða orsökum bílskúrarnir hafi sigið eins mikið og raun ber vitni. Þeir telja líklegast að illa hafi verið staðið að borun og steypu í súlur undir undirstöðurnar. Líklegt má telja að hér sé um langtíma sig að ræða sem nú sé stöðvað að mestu.

Þetta verður samt ekki að fullu kannað nema með mælingum á löngu tímabili, t.d. einu eða tveimur árum eða lengur. Sé sú tilgáta matsmanna rétt að sig á bílskúrunum hafi stöðvast að mestu, telja þeir að vænlegasti kosturinn við viðgerð sé að „rétta þá af" með sams konar klæðningu og setja verður á aðalhúsið. Skúrana verður hvort eð er að klæða vegna steypuskemmda. Heildarkostnað vegna klæðningar bílskúranna meta matsmenn á *kr. 165.000,00, eitt hundrað sextíu og fimm þúsund krónur,* og aukakostnað vegna afréttingar á *kr. 76.000,00, sjötíu og sex þúsund krónur.* Kostnaðarhlutdeild eigenda vegna þessara fjárhæða er jöfn hvað bílskúrana varðar.

Matsmenn telja að með því að klæða húsið og skúrana verði unnt að stöðva frekari alkalíþenslu í steypunni. Alkalískemmdir hússins eru komnar á hátt stig, en þó er ekki ástæða til að óttast um burðarþol þess enn sem komið er. Matsmenn telja varhugavert að draga verulega þær viðgerðir sem hér er lagt til. Endursöluverð hússins mun að áliti matsmanna ekki rýrna við að það verði klætt.

Þar sem ekki er unnt að lagfæra til fullnustu þá ágalla sem eru á bílskúrunum, telja matsmenn verðrýrnun á skúrunum hæfilega metna á *kr. 160.000,00, eitt hundrað og sextíu þúsund krónur, eða kr. 80.000,00, áttatíu þúsund krónur,* í hlut hvors eiganda.

Kostnaðarhluti matsbeiðanda verður þá sem hér segir:

Klæðning á aðalhúsið	kr.	393.960,00
Viðgerð á gluggum á 2. hæð	"	7.000,00
Klæðning á bílskúrum	"	82.500,00
Afrétting á bílskúrum	"	38.000,00
Verðrýrnun bílskúrs	"	80.000,00
	Samtals kr.	601.460,00

Heildarmatsfjárhæð er *kr. 601.460,00, sex hundruð og eitt þúsund fjögur hundruð og sextíu krónur.*

Reykjavík, 24. mars 1986
Óttar P. Halldórsson, sign
Magnús Guðjónsson", sign

Á fylgiskjali með matsgerðinni er gerð grein fyrir mælingum matsmanna á bílskúrnum. Miðað er við að núllpunktur sé á handriði uppi við húsið sjálft og frá honum eru horn bílskúrsins mæld. Norðvesturhorn er 0,3 cm hærra og norðausturhorn 17,7 cm lægra, suðvesturhorn er 4,1 cm hærra og suðausturhorn 17,1 cm lægra.

Hinn 25. mars 1986 ritaði lögmaður stefnenda lögmanni stefndu bréf og sendi ásamt ljósriti af framangreindri matsgerð. Í bréfinu segir lögmaðurinn að krafa umbjóðenda sinna sé sem fyrr að makaskiptunum verði riftað, en verði ekki á þá kröfu fallist verði stefnendur að leita til dómstóla þar sem gerð verði aðalkrafa um riftun en varakrafa um greiðslu skaðabóta.

Í bréfi þessu lýsir lögmaðurinn og því að nýlega hafi komið fram leki í heitavatnsröri að íbúð stefnenda þar sem það liggi uppi undir lofti í anddyri kjallara íbúðarinnar og áskilur þeim allan rétt vegna þessa.

Hinn 8. apríl ritar lögmaður stefndu stefnendum bréf og krefur þau um greiðslu á kr. 100.000,00 sem þeim hafi borið að greiða stefndu 25. mars 1985. Í bréfi þessu er ekki minnst á riftun stefnenda.

Hinn 10. apríl 1986 ritar lögmaður stefnenda lögmanni stefndu bréf og vitnar til bréfs lögmannsins frá 8. apríl og segir að það beri væntanlega að skýra svo að stefndu hafni riftunarkröfu stefnenda.

Lögmaður stefnenda tekur fram í þessu bréfi að stefnendur muni ekki greiða meira samkvæmt makaskiptasamningnum, en höfða mál gegn stefndu.

Mál þetta var síðan höfðað með stefnu birtri 14. maí 1986 eins og fyrr greinir.

Undir rekstri málsins eða 5. september 1986 ritaði lögmaður stefndu yfirborgardómaranum í Reykjavík bréf og bað um að dómkvaddir yrðu matsmenn vegna íbúðarinnar að Safamýri 44.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna sem rétt þykir að taka hér upp alla, er svohljóðandi:

„Með dómkvaðningu hr. Hrafns Bragasonar borgardómara, dags. 10. september 1986, var okkur undirrituðum, Ragnari Ingimarssyni prófessor, Mávanesi 22, Garðabæ og Sæbirni Kristjánssyni byggingatæknifræðingi, Bollagötu 7, Reykjavík, falið „að skoða fasteignina Safamýri 44, Reykjavík og segja fyrir um orsakir leka í íbúðinni á 2. hæð og geymslu í kjallara, segja fyrir um úrbætur og hvað þær muni kosta. Allt eins og nánar greinir í beiðninni."

Í matsbeiðni segir m.a.:

„Þess er óskað að matsmenn geri grein fyrir eftirfarandi:

1. Hvort frágangur á útbyggingu fasteignarinnar að Safamýri 44 sé í samræmi við skráðar reglur og/eða góða venju á sviði hönnunar og byggingar fasteigna og ef svo er ekki þá geri matsmenn grein fyrir hverju sé

ábótavant. Þess er og óskað að matsmenn geri grein fyrir kostnaði af úrbótum miðað við verðlag á matsdegi.

2. Þess er óskað að matsmenn segi álit sitt á hver sé eðlilegasta og hagkvæmasta leiðin við viðgerð á sprungum á útveggjum fasteignarinnar að Safamýri 44 og geri ennfremur grein fyrir kostnaði af úrbótum miðað við verðlag á matsdegi.

3. Þess er óskað að matsmenn segi álit sitt á því í hverju frágangi glugga sé ábótavant og geri grein fyrir eðlilegustu og hagkvæmustu leiðinni til úrbóta. Matsmenn geri ennfremur grein fyrir kostnaði af úrbótunum miðað við verðlag á matsdegi.

4. Þess er óskað að matsmenn skoði sprungumyndanir með loftplötu í kjallara og sig á hluta kjallaragólfs. Ennfremur að þeir skoði lekastaði í geymslu í kjallara, kyndiklefa og þurrkherbergi. Matsmenn geri grein fyrir eðlilegustu og hagkvæmustu leiðinni til viðgerðar á skemmdum og geri grein fyrir kostnaði af þeirri viðgerð miðað við verðlag á matsdegi.

5. Þess er óskað að matsmenn skoði bílskúra og geri grein fyrir kostnaði af viðgerð á þeim miðað við verðlag á matsdegi."

Boðað var til skoðunar og matsfundar að Safamýri 44, Reykjavík, mánudaginn 6. október 1986, kl. 17:00. Viðstödd á fundinum voru auk matsmanna Hans W. Ólafsson hdl., Kristján Benediktsson, Ólöf Ísfeld, Agnar Gústafsson hrl., Höskuldur Sæmundsson og Pálína K. Guðlaugsdóttir.

Endurrit úr bæjarþingsbók Reykjavíkur ásamt matsbeiðni var upp lesið. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins né útnefningu matsmanna.

Hans Ólafsson lagði fram óundirritaða greinargerð dags. 17. apríl 1986 og upplýsti jafnframt að greinargerðin væri unnin af Rafni Kristjánssyni byggingatæknifræðingi. Tvær skýrslur Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins fylgdu matsbeiðni. Skýrslurnar, sem eru dagsettar 24. júní 1986 og 2. júlí 1986 (Rannsókn H86/377) fjalla um skoðun á umræddri fasteign.

Rafn Kristjánsson mætti nú á fundinum.

Skoðun fór nú fram.

Vinnupallur hafði verið reistur upp með útbyggingu á suðurhlið hússins vegna fyrirhugaðra lagfæringa. Matsmenn skoðuðu frágang ofan á þessari útbyggingu. Í ljós kom að los var komið á þau efni sem notuð höfðu verið við fráganginn. Ljóst var að langt var síðan þessum frágangi hafði verið gert til góða og sjáanlegt að vatn gæti komist inn undir hann og fyndi það sér þá eflaust leið inn í húsið. Þá var frágangur á glerísetningu skoðaður. Bent var á, að ekki væri kíttað með glerinu að innanverðu (toppfyllt). Ekki voru greinileg merki um að lekið hefði inn með gleri.

Við skoðun utanhúss mátti sjá töluvert af sprungum og víða var los á múr í kringum glugga. Sums staðar höfðu járn meðfram gluggum sprengt

af sér múrhúðun. Skoðun á samskeytum milli húsanna nr. 42 og 44 leiddi í ljós að kítti sem notað hafði verið til að þétta samskeytin hafði verið rýrt og var nú laust að verulegu leyti.

Inni í kjallara mátti sjá töluverð rakamerki í kyndiklefa í norðausturhorni, á þeim vegg sem liggur að húsinu nr. 42. Í þurrkherbergi í suðausturhorni kjallarans var bent á sprungumyndun í gólfi og það að gólfi hallar vel að niðurfalli í miðju þess. Í þvottahúsi í suðvesturhorni kjallarans var einnig bent á gólfsprungur. Bent var á sprungumyndun í gólfkverk í reiðhjólageymslu, við skilvegg milli geymslunnar og sorpgeymslu. Veggurinn er svolítið sprunginn og ber með sér að hafa sigið á nokkrum kafla. Töluverðar málningarskemmdir eru á gaflvegg í kyndiklefa. Málningarskemmdablettir eru einnig í þurrk- og þvottaherbergjum og í geymslu matsbeiðanda.

Að lokum voru bílskúrar skoðaðir. Bílskúrarnir eru fjórir, steinsteyptir, með lítið hallandi steyptu þaki, sem útveggirnir ganga aðeins upp fyrir. Útveggjakantarnir eru töluvert sprungnir, og einnig er múrhúð veggjanna víða mikið sprungin.

Að þessari skoðun lokinni lýstu matsmenn því yfir að þeir myndu sjálfir skoða eignina betur síðar. Engar óskir komu frá aðiljum um að þeir óskuðu eftir að vera viðstaddir frekari skoðun. Fundi var því næst slitið.

Matsmenn hafa skoðað umrædda eign frekar, einkum ástand múrhúðunar utanhúss, sprungur í kjallara og meintan leka í bílskúrum og í gluggum í íbúð matsbeiðanda.

Niðurstöður matsmanna:

Í eftirfarandi koma fram niðurstöður matsmanna og er sundurliðun í samræmi við skiptingu í matsbeiðni:

1. Engin sérstök ákvæði eru um frágang á útbyggingum eins og hér er um að ræða, en ljóst er að venjur um hann hafa breyst í tímans rás.

Fram er komið að núverandi frágangur hefur bilað og nauðsynlegt er að endurnýja hann. Matsmenn ganga út frá því að endurbætur verði gerðar með þeim hætti að lárétt yfirborð útbyggingar verði klætt með loftandi, hallandi, vatnsvarnarlagi.

Kostnað við þessa framkvæmd metum við á kr. 27.000,00 —TUTTUGUOGSJÖÞÚSUNDKRÓNUR—.

2. Matsmenn telja ástand múrhúðunar útveggja með þeim hætti að stefna beri að viðgerð á henni. Til þess að framkvæma hana þarf að fjarlægja lausan múr og saga upp sprungur í múrnum. Til viðgerðar þarf að nota viðurkennd sementsbundin efni auk teygjanlegra þéttiefna. Kostnað við þessar framkvæmdir metum við á kr. 370.000,00 —ÞRJÚHUNDRUÐ-

OGSJÖTÍUÞÚSUNDKRÓNUR—. Áréttað er að enginn kostnaður er tekinn með vegna silanhúðunar né málningar.

3. Matsmenn telja frágang glerísetningar almennt vera viðunandi. Hvað varðar framkomnar athugasemdir um toppfyllingu innan við gler, benda matsmenn á að í því efni séu skiptar skoðanir og vísa til Rb blaðs um ísetningu einangrunarglers og leiðbeininga um glerísetningu frá Íspan hf., einum stærsta einangrunarglerframleiðanda landsins. Í Rb blaðinu er mælt með toppfyllingu beggja vegna glers eða að innanverðu, en í leiðbeiningu Íspan hf. er toppfyllingunni að innan sleppt.

Við skoðun var bent á að samsetningarkantur glers í svalahurð sjáist innanfrá. Vegna þessa getur auðveldlega orðið rakaþétting við brúnir glersins að innan. Matsmenn meta kostnað við að ráða bót á þessu á kr. 4.500,00 —FJÖGURÞÚSUNDOGFIMMHUNDRUÐKRÓNUR—. Eins og að framan hefur verið lýst er nokkuð um sprungur í gólfum þurrk- og þvottaherbergja svo og reiðhjólageymslu. Matsmenn telja að augljós merki um sig sé aðeins að finna í reiðhjólageymslu. Sprungur í öðrum gólfum gætu að hluta til verið vegna sigs, en einnig vegna innþornunar steypu. Við sérstaka skoðun á sigmerkjum í reiðhjólageymslu komust matsmenn að þeirri niðurstöðu að alllangt væri síðan það sig stöðvaðist. Sama er um aðrar sprungur í kjallaranum, þær virðast ekki vera á hreyfingu. Með hliðsjón af þessu telja matsmenn að gera eigi við sjálfar sprungurnar og lakka því næst gólfin. Kostnað við viðgerðir á sprungum í kjallara, lökkun þeirra gólfa sem gert yrði við svo og viðgerð á útfellingum á kjallaraveggjum, metum við á kr. 45.000,00 —FJÖRUTÍUOGFIMMÞÚSUNDKRÓNUR—.

5. Kantar á bílskúrum eru verulega sprungnir og þarfnast sérstakrar viðgerðar. Nokkrar sprungur eru einnig í veggjum skúranna sem eru fjórir talsins. Kostnað við viðgerð á múrhúðun skúranna meta matsmenn á kr. 55.000,00 —FIMMTÍUOGFIMMÞÚSUNDKRÓNUR—.

Samkvæmt ofangreindu er heildarviðgerðarkostnaður á sameign fjölbýlishússins Safamýri 44 kr. 442.000,00 —FJÖGURHUNDRUÐFJÖRUTÍUOGTVÖÞÚSUNDKRÓNUR—.

Samkvæmt upplýsingum sem matsmenn hafa fengið telst eignarhluti íbúðar matsbeiðanda 9,5% og því er hlutur hans í kostnaði kr. 41.990,00 FJÖRUTÍUOGEITTÞÚSUNDNÍUHUNDRUÐOGNÍUTÍUKRÓNUR—.

Kostnaður við skipti á gleri í svalahurð er metinn á kr. 4.500,00 —FJÖGURÞÚSUNDOG FIMMHUNDRUÐKRÓNUR—.

Kostnaður við viðgerð fjögurra bílskúra er metinn á kr. 55.000,00 og reiknast hlutur matsbeiðanda 25% eða kr. 13.750,00 —ÞRETTÁNÞÚSUNDSJÖHUNDRUÐOGFIMMTÍUKRÓNUR—.

Niðurstöðutala mats sem snýr beint að matsbeiðanda er samkvæmt ofan-

greindu kr. 60.240,00 —SEXTÍUÞÚSUNDTVÖHUNDRUÐOGFJÖRUTÍUKRÓNUR—.

Reykjavík 26. október 1986

Sæbjörn Kristjánsson sign

Ragnar Ingimarsson sign

Eins og að framan greinir gera stefndu þá kröfu að viðurkenndur verði réttur þeirra til þess að skuldajafna við skaðabótakröfu stefnenda kr. 85.236,00 ásamt vöxtum. Þessi fjárhæð er þannig fundin að stefndu hafa skipt um blöndunartæki í íbúðinni að Safamýri 44 fyrir kr. 5.838,00. Stefndu telja nauðsynlegt að sílanbera og mála fjölbýlishúsið, en hlutur stefndu í þeirri framkvæmd muni kosta kr. 19.158,00 samkvæmt áætlun málarameistara og samkvæmt matsgerð kosti kr. 60.240,00 að bæta úr göllum á íbúðinni. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 85.236,00.

Að framan er gerð grein fyrir því að stefnendur krefjast þess verði krafa þeirra um riftun tekin til greina að stefndu verði dæmd til þess að greiða þeim kr. 965.308,00. Þar er um að ræða kr. 850.000,00 sem stefnendur hafa greitt í reiðufé af kaupverði íbúðarinnar að Safamýri 45 og kr. 115.308,00 sem stefnendur telja að sé kostnaður vegna endurbóta á íbúðinni í eignartíð þeirra, sem þau eigi að fá greiddan úr hendi stefndu. Þá kröfu sundurliða stefnendur á eftirfarandi hátt:

1.	Reikningur Ispans h/f	kr.	779,00
2.	" Litavers kr. 15.000,- ÷ 2	"	7.500,00
3.	" "	"	25.500,00
4.	" sótthreinsun	"	2.100,00
5.	" Byggingavara h/f	"	708,00
6.	" dælumótor	"	2.000,00
7.	kvittun v/spennubreytis	"	800,00
8.	SS Lagnir h/f, 39.2% af kr. 3.321	"	1.302,00
9.	teppalögn	"	5.000,00
10.	gardínustengur	"	4.000,00
11.	dyrasími	"	1.800,00
12.	blöndunartæki	"	1.800,00
13.	málning, efni og vinna	"	17.019,00
14.	sölulaun	"	45.000,00
		kr.	115.308,00

Varakröfur sínar um greiðslu skaðabóta og/eða afslátt kr. 604.781,00 sundurliða stefnendur í kr. 601.460,00 samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra matsmanna dags. 24. mars 1986 og kr. 3.321,00 sem er kostnaður við viðgerð á tærðu heitavatnsröri í íbúðinni að Safamýri 45. Þess

ber þó að gæta að hlutur stefnenda í kostnaði af viðgerð heitavatnsrörs er ofreiknaður. Hann nemur 39,2% af kr. 3.321,00 eða kr. 1.302,00.

Stefnandi Höskuldur lýsti í stórum dráttum hvernig til væri kominn kostnaður vegna viðgerða og endurbóta á íbúðinni að Safamýri 45, sem stefnendur gera kröfu til að fá greiddan verði fallist á riftun makaskiptasamningsins.

Fyrsti liður er vegna rúðu sem keypt var hjá Ispan hf., annar og þriðji liður vegna dúka og teppa frá versluninni Litaveri og níundi liður vegna ásetningar hvors tveggja.

Fjórði liður er vegna sótthreinsunar, en stefnandi Höskuldur kvað hafa farið að bera á maurum í íbúðinni haustið 1985. Hann kvaðst ekki þora að fullyrða að maur þessi hefði verið í íbúðinni þegar þau stefnendur fengu hana afhenta, en taldi líklegt að svo hefði verið, en talið hefði verið að um rakamaur væri að ræða.

Fimmta lið kvað stefnandi Höskuldur vera vegna niðurfalls úr eldhúsvaski sem skipt hefði verið um. Rennsli um það hefði verið tregt.

Tólfti liður væri vegna blöndunartækja við eldhúsvask. Um þau hefði verið skipt í sama skipti og niðurfallið.

Sjötti og sjöundi liður væri vegna dælumótors og spennubreytis við hann, en hvor tveggja hefði verið bilaður. Þessi útbúnaður væri hluti af miðstöðvarlögn íbúðarinnar.

Áttundi liður væri vegna viðgerðar á heitavatnsröri.

Þá hefðu þau skipt um gardínustengur, sbr. tíunda lið, en þeim hefði þótt þær gömlu ekki passa og hent þeim.

Illa hefði heyrst í dyrasíma og hefði verið skipt um hann sbr. ellefta lið.

Þrettándi liður er fyrir málningu íbúðarinnar sem stefnendur framkvæmdu, efni og vinna.

Fjórtándi liður eru sölulaun sem stefnendur greiddu vegna sölu íbúðarinnar Safamýri 44.

Stefnendur kváðust tvisvar hafa skoðað íbúðina að Safamýri 45 og hefði stefndi Kristján sýnt þeim hana.

Stefndi Kristján hefði í engu getið um sig á bílskúr og hefðu þau ekki komið auga á það. Stefndi Kristján hefði opnað fyrir þeim bílskúrinn og þau farið inn í hann. Þau hefðu ekki veitt athygli að dyraumbúnaður væri neitt úr lagi genginn. Stefnandi Höskuldur kvaðst fyrst hafa heyrt um sig í bílskúrunum frá öðrum íbúðareigendum í húsinu 2-3 vikum eftir að þau hafi flutt inn.

Stefnendur sögðu húsið hafa litið mjög vel út að utan og stefnandi Höskuldur kvað það hafa verið ástæðuna fyrir því að þau hefðu keypt íbúðina að þau hefðu álitið að ekki þyrfti að gera við húsið að utanverðu næstu 4-5 árin.

Stefnandi Höskuldur kvað starfsmenn fasteignasölunnar Grundar, sem hafði íbúðina til sölu, hafa tjáð sér að húsið hefði verið lagfært að utanverðu en íbúðin þarfnaðist lagfæringar. Stefnendur kváðust hafa spurt stefnda Kristján að því hvort alkalí væri í húsinu og hefði hann neitað því. Stefndi Kristján hefði lýst viðgerðinni á húsinu þannig að það hefði verið háþrýstiþvegið, sílanborið og málað. Stefnandi Höskuldur kvaðst ekki minnast þess að stefndi Kristján hefði minnst á sprungufyllingar eða viðgerðir á múrhúðun.

Stefnandi Pálína sagði að sig minnti að stefndi Kristján hefði minnst á sprunguviðgerðir.

Stefnandi Höskuldur sagði að fasteignasalarnir hefðu ekki minnst á lýsingu stefnda Kristjáns á viðgerðum á húsinu. Stefnandi Pálína kvað skoðun þeirra Höskuldar hafa farið fram í lok apríl eða byrjun maí. Stefnandi Höskuldur kvað skoðunina hafa farið fram að kvöldlagi í bæði skiptin. Seinna hefði hann gengið í kringum húsið, ekkert séð athugavert við það og ekki komið auga á að gert hefði verið við sprungur.

Stefnandi Pálína kvað stefnda Kristján hafa lýst því að lekið hefði meðfram reykháf hússins, í forstofuherbergi og um vegg í kjallaraherbergi, þar sem mátklossi hefði orðið eftir í steypu. Við þetta væri búið að gera.

Hins vegar hefðu þau hjón orðið vör við það þegar skipt var um teppi í stofu í lok ágúst eða byrjun september að rakamerki sáust á gólfi undir teppum meðfram veggjum, en ekki hefðu þau náð upp á veggina. Þau hefðu farið að fylgjast með þessu og orðið vör við leka í rigningu sem hefði gert 18. október. Ekki hefðu sést merki um þennan leka við skoðun. Stefnandi Höskuldur bar svipað um þetta atriði. Höskuldur kvað nú hafa verið þétt með gluggum, skipt um eina rúðu og glerlista og hefði ekki leka orðið vart síðan.

Stefnendur sögðust ekki hafa orðið vör við leka á heitavatnsleiðslu við skoðun.

Stefnandi Kristján kvað stefnendur hafa komið tvisvar til að skoða íbúðina að Safamýri 45 og hefðu þau einnig skoðað húsið utanvert. Hann kvaðst hafa lýst viðgerðum á húsinu þannig að húsið hefði verið blásið, höggvin upp múrhúðun og sprungur og pússað í, húsið sílanborið og málað. Að öðru leyti hefði hann ekki lýst húsinu. Nauðsynlegt hefði reynst að höggva upp steypu á þremur stöðum á suðurvegg hússins. Kristján kvaðst aldrei hafa haft grun um að húsið væri skemmt af alkalíi. Kristján kvaðst ekki muna hvort hann hefði orðað sigið á bílskúrnum við stefnendur, en það sæju allir sem á bílskúrinn horfðu. Sigið geri ekkert til, vel sé hægt að opna hurðir bílskúrsins.

Viðgerðin á húsinu var framkvæmd sumarið 1984. Fyrir viðgerðina hefði orðið vart við leka um sprungu uppi við loft á austurvegg við glugga sem

þar sé og milli glugga á suðurvegg niður við gólf. Eftir viðgerðina hefði þessa leka ekki gætt og hefði hann talið viðgerðina heppnast. Ekkert hefði séð á teppi í stofu af völdum leka, en sama teppið hefði verið á stofunni í nærri 23 ár. Lekið hefði í kjallaraherbergi um passklossa í steypu, en við þann leka hefði verið gert.

Stefndi Kristján sagði að þau hjónin hefðu farið tvisvar til þess að skoða íbúðina að Safamýri 44. Hann hefði farið hringinn í kringum húsið og séð að það var allt meira og minna sprungið, ekkert hafi verið farið að gera við það, húsið hafi beðið viðgerðar. Stefnendur hefðu engan leka nefnt í húsinu. Stefndi Kristján sagðist hafa skoðað bílskúrana og það hefði ekki leynt sér að þeir voru allir krosssprungnir.

Stefndi Kristján sagði að húsið hefði lekið, bæði í sameigninni og eins í íbúðunum sem væru fyrir ofan íbúðina sem hann keypti af stefnendum. Kristján kvaðst hafa skoðað ísetningu glers í glugga í íbúðinni. Hann hefði þó ekki komið auga á hvernig rúðan í svalahurðinni var sett í. Stefndi Kristján kvaðst ekki minnast þess að hann færi inn í kyndiklefann í sameigninni, en verið gæti að hurðin hefði verið opnuð fyrir honum. Hins vegar hefði hann séð að sprunga var á milli stigahúsanna og hafi vitað af gamalli reynslu að þar myndi húsið ekki halda vatni. Upplýst var á vettvangsgöngu að tekið hefur fyrir leka í kyndiklefa stigahússins eftir að gert var við þessa sprungu. Stefndi Kristján kvaðst hafa séð leka í geymslu þeirri í kjallara sem fylgir íbúðinni. Hann hafi og séð að þurrkherbergi var allt sprungið og vatn neðan í sprungunni. Á þetta hafi hann bent stefnanda Höskuldi. Þetta hafi ekkert mál verið, engin íbúð í þessum blokkum haldi vatni. Hann hafi alveg vitað hvernig húsið var og búist við því að ástandið væri svona. Þetta sé góður staður og það sé ekkert annað en að gera við húsið. Stefndi Kristján kvaðst ekki hafa komið auga á sig á gólfi í reiðhjólageymslu. Hann hafi ekki fengið vitneskju um það fyrr en seinna að gólfið hefði verið höggvið upp en það hefði sigið niður þar sem gert var við. Niðurfall í gólfinu væri í lagi.

Stefndi Kristján kvaðst aldrei hafa kvartað við stefnendur, hann hafi séð þetta allt saman. En þegar stefnandi Höskuldur hafi farið að lögsækja sig fyrir engan hlut hafi hann orðið að svara.

Stefndi Kristján kvað hafa komið í ljós að járnplötur á þaki hússins hafi verið lausar og brýn nauðsyn talin á að negla þær á nýjan leik. Því verki sé nú lokið.

Stefnandi Höskuldur sagði að þau hjón hefðu keypt íbúðina að Safamýri 44 árið 1977. Stefndu Kristján og Ólöf hefðu komið tvisvar til að skoða íbúðina áður en þau festu kaup á henni. Hann hefði í fyrra skiptið sýnt þeim þurrkherbergi, hjólageymslu, kyndiklefa og geymslu íbúðarinnar í sameign hússins. Stefnandi Höskuldur taldi þó að hann hefði ekki sýnt þeim

inn í kyndiklefann. Stefnandi Höskuldur kvaðst hafa vitað um leka á einum stað, þ.e. í þurrkherbergi og ekki minnst á það við stefndu. Hann kvaðst ekki vita hvort stefndu hefðu komið auga á leka. Útbyggingin á húsinu hefði ekki komið til tals. Hann taldi stefndu ekki hafa skoðað glerið í íbúðinni sérstaklega. Höskuldur kvaðst hafa sýnt þeim bílskúr og ekki hefði sérstaklega komið til tals að gera þyrfti við steypu þar.

Stefnandi Pálína kvaðst hafa sýnt stefndu íbúðina að Safamýri 44 í seinna skiptið sem þau hefðu komið til að skoða hana. Höskuldur hefði sýnt sameignina.

Lagt hefur verið fram eftirfarandi vottorð dags. 7. maí 1986:

„*Efni:*

Sala íbúðar á efri hæð hússins nr. 45 við Safamýri m.m., Reykjavík. Samkvæmt beiðni Kristjáns Benediktssonar, nnr. 5843-0220, Safamýri 44, Reykjavík, viljum við staðfesta eftirfarandi atriði:

1. Þegar Kristján Benediktsson fól fasteignasölunni Grund, Hafnarstræti 11, sölu íbúðar sinnar á efri hæð hússins nr. 45 við Safamýri, Reykjavík, tók hann fram að gert hefði verið við húsið Safamýri 45, Reykjavík, fyrir um það bil einu ári.

2. Viðgerð hefði verið framkvæmd á þann hátt að öll málning hefði verið tekin af útveggjum hússins með háþrýstidælum, þ.e. öll sú málning sem hefði verið mögulegt að ná af húsinu. Síðan hefði verið gert við allar sprungur sem fyrir fundust og loks borið „silan"-efni á útveggi hússins. Einnig hefði verið gert við þak hússins þar sem loft íbúðarinnar hefði lekið. Eftir þessa viðgerð hefði ekkert lekið.

3. Viðgerðin í húsinu hefði verið framkvæmd af fagmönnum.

4. Íbúðin sjálf hefði síðast verið máluð fyrir nærri 12 árum.

Virðingarfyllst,
f.h. fasteignasalan Grund
Þorsteinn Broddason,
Ólafur Geirsson."

Vitnið Ólafur Geirsson kom fyrir dóminn og staðfesti vottorð sitt. Fasteignaviðskipti þau sem um er deilt í máli þessu fóru fram á vegum Fasteignasölunnar Grundar, en þar var Ólafur Geirsson fasteignasali.

Ólafur kvaðst ekki geta fullyrt að lýsing sú sem stefndi Kristján gaf á viðgerðum á húsinu að Safamýri 45 sem fram kemur á vottorðinu hafi komist til vitundar stefnenda fyrir tilstilli starfsmanna fasteignasölunnar. Ólafur kvaðst ekki hafa veitt því athygli að bílskúrinn að Safamýri 45 hafi verið siginn. Í sínum huga hafi hann litið mjög vel út og ekkert nema gott um hann að segja. Ólafur kvaðst ekki hafa sérstaklega tekið eftir viðgerðum

á húsinu. Ólafur kvaðst ekki hafa verið viðstaddur þegar stefnendur skoðuðu íbúðina og húsið að Safamýri 45. Stefndi Kristján hefði minnst á leka í stofu í íbúðinni en Ólafur kvaðst ekki hafa séð nein merki um hann.

Vitnið Rafn Kristjánsson byggingatæknifræðingur, sonur stefndu, skoðaði húsið að Safamýri 45 að utan að beiðni aðila þessa máls eftir að vart varð leka og lagði á ráðin um viðgerð. Mun það hafa verið í ársbyrjun 1986, en fram hefur verið lögð skýrsla hans dags. 13. janúar 1986. Ekki þykir ástæða til að rekja efni þeirrar skýrslu.

Fyrir dómi sagði vitnið m.a. að hann hefði búið hjá foreldrum sínum að Safamýri 45 í allmörg ár og vitað um sig á bílskúrnum. Hann hefði haldið að það sig væri nú hætt. Hann kvaðst ekki hafa vitað um neinar alkalískemmdir á húsinu. Hann hefði ekki vitað um sölu hússins á sínum tíma. Rafn taldi að ekki hefði verið nægilega fylgst með þegar viðgerð hússins fór fram, en við skoðun sína hefði vottur um poka í málningu komið í ljós, sprunga niður úr glugga á austurhlið og að þéttingu milli gluggakarma og steypu hefði sums staðar vantað. Hann taldi að veggkantar á húsinu hefðu verið bættir og pússaðir upp og mikið hefði verið brotið í tröppum hússins.

Matsmennirnir Magnús Guðjónsson og dr. Óttar P. Halldórsson komu báðir fyrir dóminn og staðfestu matsgerð sína, en henni er fyrr lýst í dóminum.

Magnús taldi að sigið á bílskúrnum gæti almennt farið framhjá mönnum, en það sæist strax væri af því vitað. Hurðina á bílskúr þeim sem tilheyrði íbúð stefnenda lægi utan í karminum fjær en opnaðist nokkuð eðlilega. Hallinn á hurðarkarmi að ofan væri 6,2 cm.

Til viðgerðar hússins hefði verið vandað og væri það snyrtilegt. Magnús kvaðst að beiðni lögmanns stefnenda hafa mælt sig á bílskúrnum á nýjan leik 15. janúar sl. og sagði að miðað við mælingar þær sem matsmennirnir hefðu framkvæmt á sínum tíma hefðu NA og SA horn bílskúrsins sigið um 4 mm og væru það marktækar tölur. NV horn hefði sigið um 1 mm sem vafasamt væri að væri marktæk tala. SV horn hefði staðið í stað. Af þessum mælingum virtist sem sigið haldi áfram.

Magnús kvað fullyrðingar þeirra matsmannanna um að alkalívirkni í húsinu væri á háu stigi byggjast á skoðun Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og sjónskoðun þeirra matsmannanna.

Dr. Óttar taldi að leikmaður sem skoðaði húsið að Safamýri 45 myndi ekki taka eftir sigi á bílskúr eða viðgerðum á húsinu utanverðu. Hins vegar ætti leikmaður að sjá skekkju á bílskúrshurðum. Fagmaður sem leitaði galla myndi væntanlega sjá sigið.

Óttar kvaðst ekki myndu hafa fullyrt eftir sjónskoðun eina að alkalívirkni væri í húsinu, en það bæri þess ekki greinileg merki. Húsið yrði

að skoða mjög gaumgæfilega og leita að vissum atriðum til þess að hægt væri að koma auga á merki um alkalívirkni.

Matsmennirnir Sæbjörn Kristjánsson og dr. Ragnar Ingimarsson komu báðir fyrir dóminn og staðfestu matsgerð sína. Ekki þykir ástæða til að rekja framburð þeirra fyrir dóminum.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram að stefndu hafi við sölu íbúðarinnar að Safamýri 45 vitað að húsið og bílskúrinn voru haldin göllum. Þau hafi vitað að bílskúrinn var siginn en leynt stefnendur þeim galla. Stefnendur hafi ekki komið auga á þennan galla og ekki vitað um hann fyrr en þeim hafi verið bent á hann af öðrum íbúðareigendum í húsinu.

Stefndu hafi vitað að þurft hafi að brjóta upp ekki aðeins múrhúðun hússins heldur líka steypu og hljóti þeim því að hafa verið ljóst að ástæða þessa voru alkalískemmdir. Stefndu hafi því borið að skýra stefnendum frá þessu og að hugsanlega væri um alkalískemmdir að ræða. Þetta hafi þau látið undir höfuð leggjast.

Stefnendur hafi ekki vitað um það hversu mikil viðgerðin á húsinu hafi verið fyrr en við skýrslu Rafns Benediktssonar. Húsið hafi litið mjög vel út að utan og hafi stefnendur talið að ekkert þyrfti fyrir það að gera utanvert næstu 4-5 árin. Þetta hafi verið ein af ástæðunum fyrir því að stefnendur hafi fest kaup á íbúðinni sem þau hefðu ekki gert ef þau hefðu fengið vitnsekju um umfang viðgerðanna.

Þá hafi komið í ljós að leki og raki hafi verið í íbúðinni en á það hafi ekki verið minnst við kaupin.

Þessar staðreyndir leiði til þess að staðfesta beri riftun stefnanda á kaupunum sem fram hafi farið 21. nóvember 1985, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1922 og 30. og 33. gr. laga nr. 7/1936.

Samfara riftun beri að taka til greina kröfur stefnenda um að stefndu greiði þeim kostnað viðgerða og endurbóta þeirra á íbúðinni að Safamýri 45, kr. 115.308,00.

Verði ekki fallist á riftun eigi stefnendur rétt á því að fá greiddar skaðabætur og/eða afslátt á sömu forsendum og riftunarkrafan byggist á.

Stefndu geti engar kröfur gert út af íbúðinni að Safamýri 44. Stefndi Kristján hafi viðurkennt að hafa séð að hús og bílskúr þörfnuðust viðgerðar og undir venjulegt viðhald falli að gera við þak á útbyggingu hússins. Stefndu hefðu átt að sjá hvernig svalahurð var glerjuð. Stefndi Kristján hafi viðurkennt að hafa séð við skoðun allt það sem hann nú telji galla í kjallara hússins. Skuldajafnarðarkröfu stefndu beri því að hafna.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að öllum sem skoði húsið að Safamýri 45 megi vera ljóst að bílskúrinn sé siginn. Stefnendur hafi átt að koma auga á þetta og geti því ekki byggt neinar kröfur á því að bílskúrinn sé haldinn göllum.

Stefndi Kristján hafi skýrt stefnendum rækilega frá því hvað hafi verið gert við húsið að Safamýri 45 og hvernig. Stefnendur hafi skoðað húsið gaumgæfilega og hefðu átt að spyrja seljanda nánar um það. Stefnendur hafi vitað að hús byggð í Reykjavík á sama tíma og húsið að Safamýri 45 séu mörg skemmd af alkalíi. Þau hafi því mátt hafa grun um að alkalívirkni væri í húsinu og átt að láta fara fram sérfræðirannsókn á því hvort svo væri.

Rannsókn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins leiði ekki afdráttarlaust í ljós að um alkalívirkni sé að ræða í húsinu. Sú niðurstaða sé andstæð niðurstöðu matsmanna þar um.

Stefndu hafi verið í góðri trú um að viðgerð á húsinu hafi heppnast að öllu leyti og engu leynt stefnendur. Þau hafi ekki leynt stefnendur neinu og verði stefnendur að sanna hið gagnstæða. Stefnendum hafi ekki tekist sönnun þess að um svik af hálfu stefndu hafi verið að ræða og eigi 30. grein samningalaganna því ekki við. Sama máli gegni um 33. gr. sömu laga.

Stefndu hafi selt íbúðina í umsömdu ástandi sem stefnendur hafi sætt sig við.

Þótt fallist yrði á riftun verði stefndu ekki skyldaðir til að greiða endurbætur stefnenda á húsinu. Reikningum þar um sé mótmælt sem óstaðfestum.

Varakrafa stefnenda sé of há. Ekki sé hægt að krefjast skaðabóta og afsláttar vegna sama galla. Kostnaður við klæðningu hússins sé metinn of mikill. Ekkert liggi fyrir að aðrir íbúðareigendur í húsinu samþykki að húsið verði klætt.

Stefnendur eigi ekki rétt á að fá greiddan kostnað við það að gera við tært heitavatnsrör og hluti stefnenda í þeim reikningi sé ofáætlaður miðað við eignarhlutdeild þeirra í húsinu.

Stefndu eigi rétt á bótum vegna galla á íbúðinni að Safamýri 44 samkvæmt niðurstöðum matsmanna og áætlun um kostnað við að sílanbera og mála húsið. Skuldajafna eigi þeirri bótakröfu við bótakröfu stefnenda.

Þá mótmæla stefndu að stefnendur eigi rétt á því að dæmdir verði vaxtavextir á kröfu þeirra.

Niðurstaða dómsins.

Upplýst verður að telja af rannsókn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, skoðun matsmanna og hinna sérfróðu meðdómsmanna að bílskúrinn og húsið að Safamýri 45 er skemmt af alkalíi.

Þá er og upplýst að bílskúrinn að Safamýri 45 er verulega siginn. Samkvæmt þeirri mælingu sem matsmaðurinn Magnús Guðjónsson framkvæmdi 15. janúar sl. heldur sigið áfram. Verður að byggja á því að svo sé, en stefndu hafa ekki dregið í efa þá niðurstöðu.

Alkalískemmdir þær sem að framan er lýst og sigið á bílskúrnum telja stefnendur vera galla þess eðlis að þeim hafi verið heimilt að rifta maka-skiptasamningi sínum við stefndu.

Stefnendur og stefndi Kristján báru fyrir dóminum að við kaupin á íbúðinni að Safamýri 45 hafi stefndi Kristján, sem sýndi stefnendum húsið og íbúðina, lýst viðgerð hússins. Stefnendur segja að stefndi Kristján hafi lýst því að gömul málning hafi verið þvegin af húsinu, það sílanborið og málað. Stefndi Kristján segist einnig hafa lýst múrviðgerðum á húsinu. Að öðru leyti hafi hann ekki lýst húsinu, en sagt viðgerðina hafa staðið sig vel. Stefnandi Höskuldur fullyrti að stefndi Kristján hefði ekki minnst á múrviðgerðir en stefnandi Pálína sagði að sig minnti að stefndi Kristján hefði minnst á sprunguviðgerðir.

Stefnendur segjast hafa spurt stefnda Kristján að því hvort húsið væri skemmt af alkalíi en því hafi hann neitað. Stefndi Kristján kveðst aldrei hafa haft grun um að svo væri.

Stefnendur halda því fram að það hafi verið ákvörðunarástæða fyrir kaupum þeirra á íbúðinni að þau hafi talið að ekkert þyrfti að gera við húsið að utan næstu 4-5 árin.

Álit dómsins er að ekki hafi verið hægt að búast við því að stefnendur kæmu auga á við skoðun sína eða mættu fá grun um að húsið væri haldið alkalískemmdum.

Stefnendur fullyrða að við kaupin hafi stefndi Kristján ekki minnst á að bílskúrinn væri siginn.

Stefndi Kristján kveðst ekki muna hvort hann hafi orðað að bílskúrinn væri siginn, en heldur því fram að sigið sé öllum augljóst og því hefðu stefnendur átt að koma auga á það við skoðunina. Ekkert er komið fram um það að stefndi Kristján hafi mátt ætla að stefnendur hafi komið auga á sig bílskúrsins áður en frá kaupunum var gengið.

Yfir bílskúrsdyrunum tveimur er steyptur kantur, óslitinn, 7 metrar á lengd og u.þ.b. 30 cm á hæð. Hann er nokkuð siginn í miðju. Við sérstaka athugun leynir það sér ekki að kantinum hallar frá húsinu og samkvæmt mælingum matsmanna var þessi halli 21,2 cm. Þegar staðið er við útidyr hússins sést vel yfir bílskúrsþakið. Við athugun sést að því hallar frá húsinu og í það hefur verið lögð steypa til þess að fá réttan halla að niðurföllum sem eru tvö við norðurhlið, en upphaflega hefur því verið gert ráð fyrir að þakinu hallaði frá bílskúrsdyrunum sem eru á suðurhlið að norðurhliðinni.

Ekki er upplýst að stefndi Kristján hafi skýrt stefnendum frá því að bílskúrinn var siginn.

Óvíst þykir að ófaglærðir menn eins og stefnendur eru myndu koma auga á sigið á bílskúrnum vissu þeir ekki um það áður og gæti jafnvel slíkt hið

sama átt við byggingafróða menn, nema þeir leituðu þessa sérstaklega. Niðurstaða dómsins er því sú að stefnendur hafi ekki mátt koma auga á sigið á bílskúrnum við skoðun sína sem ekki er upplýst að hafi verið ónákvæmari en almennt má gera ráð fyrir í tilvikum sem þessu.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið að stefnendur hafi komið auga á eða mátt koma auga á þá galla sem þeir telja vera á eigninni.

Ósannað er að stefndi Kristján hafi beitt stefnendur svikum í skilningi 30. gr. laga nr. 7/1936 og 42. gr. laga nr. 39/1922. Ekki verður heldur talið að 33. gr. laga nr. 7/1936 eigi hér við, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1986.

Varðandi aðalkröfu stefnenda verður því að taka afstöðu til þess hvort gallar þeir sem stefnendur telja vera á húsinu og bílskúrnum að Safamýri 45 eru verulegir þannig að með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 beri að fallast á kröfu þeirra um staðfestingu riftunar makaskiptasamningsins frá 14. maí 1985.

Fallast ber á þá niðurstöðu matsmanna að nauðsynlegt verði að klæða húsið að Safamýri 45 með þeim hætti sem þeir leggja til í því skyni að koma í veg fyrir að alkalískemmdir þær sem eru í húsinu eyðileggi það. Alkalískemmdir þær sem hér um ræðir verður einar sér að telja alvarlegan galla á fasteign.

Sigið á bílskúrnum verður einnig að telja alvarlegan galla. Ekki er fyrirséð hvort sigið stöðvast á næstunni eða heldur áfram hugsanlega með alvarlegri afleiðingum en nú eru komnar fram.

Matsmenn meta kostnað við úrbætur þær sem þeir leggja til og verðrýrnun bílskúrs á kr. 601.460,00. Sú fjárhæð er rúmlega 15% af verði íbúðarinnar og bílskúrsins að Safamýri 45 eins og það var skráð í makaskiptasamninginn. Matsmenn miða mat sitt á viðgerðarkostnaði á bílskúr við það að sigið sé að mestu hætt sem ekki er reyndin.

Þegar virt er það sem að framan er rakið þykir verða að telja gallana á íbúðinni og bílskúrnum að Safamýri 45 verulega og samkvæmt því ber að fallast á þá kröfu stefnenda að staðfesta riftun þeirra á makaskiptasamningi þeirra við stefndu frá 14. maí 1985.

Samhliða kröfu um staðfestingu riftunar gera stefnendur kröfu um að stefndu endurgreiði þeim það af kaupverði íbúðarinnar að Safamýri 45 sem þeir hafa greitt eða kr. 850.000,00. Stefndu mótmæla ekki að um rétta fjárhæð sé að ræða.

Samkvæmt niðurstöðu dómsins um staðfestingu riftunar stefnenda ber stefndu að endurgreiða stefnendum þessa fjárhæð auk þess að afhenda stefnendum íbúðina að Safamýri 44, sem þau fengu sem greiðslu hluta kaupverðs, gegn afhendingu stefnenda á íbúðinni að Safamýri 45.

Þá krefjast stefnendur þess að stefndu greiði þeim kr. 115.308,00 vegna viðgerða og endurbóta þeirra á íbúðinni að Safamýri 45 og sölulauna er

þau greiddu fasteignasölunni Grund vegna íbúðarinnar að Safamýri 44. Að framan er gerð grein fyrir sundurliðun á þeirri kröfu. Fyrir utan liðinn sölulaun, kr. 45.000,00, og sótthreinsun, kr. 2.100,00, er um að ræða kostnað við viðgerðir og endurbætur sem stefnendur hafa lagt í og hafa aukið verðmæti íbúðarinnar. Stefnendur hafa lagt fram reikninga fyrir kostnaði við viðhald og endurbætur nema teppalögn, dyrasíma, blöndunartækjum og málningu, efni og vinnu. Dómarar hafa á vettvangsgöngu séð að íbúðin er nýlega teppalögð og máluð, með nýjum dyrasíma og blöndunartækjum í eldhúsi. Stefnendur þykja eiga rétt á því að fá þennan kostnað greiddan úr hendi stefndu, þó ekki kostnað vegna gardínustanga, en að sögn stefnanda Höskuldar skiptu þau stefnendur um gardínustengur vegna þess að þeim féll ekki í geð útlit þeirra gardínustanga sem fyrir voru. Þessari niðurstöðu breytir ekki það að stefnendur hafa ekki lagt fram reikninga vegna þeirra fjögurra kostnaðarliða sem að framan eru taldir, en engan veginn verður séð að kostnaður vegna þeirra sé ósanngjarn.

Gera verður ráð fyrir nokkurri fyrningu sem leiðir til lækkunar fjárhæðarinnar.

Stefnendur þykja eiga rétt á því að fá greidda úr hendi stefndu fjárhæð er svarar þeim sölulaunum er þau greiddu fyrir söluna á íbúðinni að Safamýri 44, kr. 45.000,00. Stefnendur hafa lagt fram kvittun fyrir greiðslu sölulaunanna.

Stefnendur þykja ekki eiga rétt á að fá greiddan kostnað við sótthreinsun þar sem ekki er upplýst að nauðsyn hafi verið á henni þegar stefnendur tóku við íbúðinni.

Með framanskráð í huga þykir rétt að stefndu greiði stefnendum kr. 100.000,00 vegna viðgerða og endurbóta á íbúðinni að Safamýri 45 og vegna greiddra sölulauna fyrir íbúðina að Safamýri 44.

Stefnendur gera kröfu um að stefndu greiði vexti af allri fjárhæðinni kr. 965.308,00 frá 21. nóvember 1985. Því hefur ekki verið andmælt af hálfu stefndu að bréf stefnenda dags. 21. nóvember 1985 hafi haft að geyma yfirlýsingu um riftun makaskiptasamningsins, enda þótt þar sé ekki tekið skýrlega til orða. Ekki er upplýst hvenær stefndu tóku á móti þessu bréfi. Þar sem annað er ekki upplýst þykir verða að miða við það að endurbótum og viðgerðum stefnenda á íbúðinni að Safamýri 45 hafi verið lokið áður en þeir riftu kaupunum. Stefndu hafa ekki sérstaklega mótmælt þeim upphafstíma vaxta er stefnendur miða við, enda þótt þeir hafi sérstaklega mótmælt kröfu stefnenda um greiðslu á kostnaði af viðgerðum, endurbótum og sölu. Samkvæmt framanskráðu þykir rétt að stefndu greiði þá vexti sem stefnendur krefjast, frá 21. nóvember 1985, þó þannig að frá 1. apríl 1986 dæmast 15,5% ársvextir.

Samkvæmt framburði stefnda Kristjáns fyrir dóminum vissi hann um þá

galla sem hann telur vera á íbúðinni af Safamýri 44 og því fjölbýlishúsi sem hún er í, áður en makaskiptin fóru fram, þegar frá er talin ísetning rúðu í svalahurð íbúðarinnar og leki á þaki útbyggingar og sig á gólfi í kjallara. Varakrafa stefndu er byggð á mati og áætlun á því hvað kosta muni að bæta úr þessum göllum. Af framangreindum niðurstöðum dómsins leiðir að ekki er ástæða til að tekin verði bein afstaða til varakröfu stefndu.

Stefndu gera kröfu til þess að fá greiddan málskostnað, þ.m.t. kostnað sem leiddi af dómkvaðningu matsmanna og mati þeirra. Við ákvörðun málskostnaðar í máli þessu þykir rétt að taka sérstaka afstöðu til málskostnaðarkröfu stefndu er varðar matskostnaðinn. Stefndu þykja ekki eiga rétt á því að fá greiddan úr hendi stefnenda kostnað þann sem var samfara framangreindu mati, en ber að greiða stefnendum kr. 170.000,- í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, formaður dómsins, Flosi Ólafsson múrarameistari og Vífill Oddsson verkfræðingur. Dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna sérstakra anna dómsformanns.

Dómsorð:

Staðfest er riftun stefnenda, Höskuldar Sæmundssonar og Pálínu Kristínar Guðlaugsdóttur, á makaskiptasamningi þeirra og stefndu, Kristjáns Benediktssonar og Ólafar Ísfeld, sem dagsettur er 14. maí 1985.

Stefndu greiði stefnendum kr. 950.000,00 með 36% ársvöxtum frá 21. nóvember 1985 til 1. mars 1986, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 14. maí s.á., og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 170.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. maí 1988.

Nr. 342/1987. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ómari Erni Sæmundssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Bifhjól. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 14. október 1987 og af hálfu ákæruvaldsins til staðfestingar á refsingu og sviptingu ökuréttinda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Samkvæmt ákvörðun Karls F. Jóhannssonar fulltrúa sýslumannsins í Árnessýslu var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða frá 21. ágúst 1984, en þann dag var honum í sakadómi Árnessýslu boðið að ljúka máli sínu með dómssátt, er hann hafnaði. Svipting ökuleyfis stóð til 20. mars 1985, er hún var felld niður og honum afhent ökuskírteini sitt.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um það, að sannað sé að ákærði hafi gerst sekur um að aka á 114 km hraða miðað við klukkustund norður Þrengslaveg aðfararnótt fimmtudagsins 7. júní 1984. Þar er vegur með bundnu slitlagi og hámarkshraði þá 70 km á klst., sbr. 50. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 40/1968. Við gildistöku umferðarlaga nr. 50/1987 var hámarkshraði við þessar aðstæður ákveðinn 90 km á klst., sbr. 37. gr. 2. mgr. þeirra laga.

Í 2. lið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekið „með allt að 144 kílómetra hraða suður Óseyrarbraut í Þorlákshöfn“ að kvöldi laugardagsins 14. júlí 1984. Fyrir dómi kvaðst hann „telja að hann hafi ekið á 70 til 75 km hraða ... og ... hafa litið á hraðamæli hjólsins um leið og hann ók fram hjá lögreglubifreiðinni“. Þetta er í þéttbýli og hámarkshraði skv. 50. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 40/1968 sbr. 1. gr. laga nr. 16/1977 50 km á klst. Í 37. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hámarkshraði þessi óbreyttur. Er þetta gerðist voru tveir lögreglumenn staddir með lög-

reglubifreið á bensínstöð. Annar þeirra sat undir stýri en hinn stóð við bifreiðina. Á þessari stundu voru þeir ekki að eftirlitsstörfum en hraðamælitæki í gangi. Er ákærði nálgaðist á bifhjóli sínu heyrðist í mælitækinu. Báðir kváðust lögreglumennirnir hafa litið á tækið og það sýnt hæst hraðatöluna 144 km á klst. Tækið var ekki þannig stillt að það stöðvaðist við hæstu mælitölu. Eins og hér stóð á þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi ekið á 144 km hraða miðað við klukkustund. Samkvæmt framburði lögreglumannanna að öðru leyti og frásögn hans sjálfs er hins vegar sannað, að hann ók mun hraðar en lög leyfa. Ber því einnig að staðfesta niðurstöðu um sekt hans hvað varðar þennan ákærulið.

Samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber nú að dæma mál ákærða eftir ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987. Brot ákærða varða við 37. gr. 1. og 2. mgr. þeirra laga, svo sem að framan er rakið. Samkvæmt þeim og 100. gr. sömu laga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15.000,00 króna sekt í ríkissjóð.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sviptingu ökuleyfis, sbr. nú 101. gr. laga nr. 50/1987.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, svo sem greinir í dómsorði.

Mikill dráttur hefir orðið á rekstri máls þessa. Er eigi gerð grein fyrir því í héraðsdómi, hverjar ástæður séu til þessa dráttar.

Dómsorð:

Ákærði, Ómar Örn Sæmundsson, greiði 15.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 1. september 1987.

Mál þetta sem dómtekið var 25/8 sl. er höfðað með ákæru útgefinni 2. nóvember 1984 „á hendur Ómari Erni Sæmundssyni nema, Skálholtsbraut 15, Þorlákshöfn, fæddum í Stykkishólmi 13. júlí 1960, fyrir að aka bifhjólinu R-31084 yfir löglegum hámarkshraða á árinu 1984 eins og rakið er:

1.

Ekið með allt að 114 km hraða norður Þrengslaveg í Árnessýslu skammt sunnan Sandfells aðfararnótt fimmtudagsins 7. júní.

Telst þetta varða við 2. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðariaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 51, 1976.

2.

Ekið með allt að 144 km hraða suður Óseyrarbraut í Þorlákshöfn laugardagskvöldið 14. júlí.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Um ákærulið 1.

Fimmtudaginn 7. júní 1984 kl. 01:15 voru lögreglumenn við umferðareftirlit á bifreiðinni X-2. Í bifreiðinni var ratsjá af gerðinni Kustom KR 10.

Í skýrslu Guðmundar Hartmannssonar aðstoðarvarðstjóra segir að ökumaður R-31084 hafi komið akandi norður Þrengslaveg á bifhjóli af Honda gerð. Var þetta sunnan við Sandfell. Ratsjá var innan við framrúðu í lögreglubifreiðinni og var mæling gerð skömmu áður en farartækin mættust.

Samkvæmt ratsjármælingu var hraði bifhjólsins 114 km miðað við klst.

Í skýrslunni segir einnig að ökumaður, sem var ákærði, hafi kveðið mælingu ranga og talið sig hafa ekið á nálægt 95-100 km hraða.

Guðmundur Hartmannsson aðstoðarvarðstjóri gaf skýrslu um atvik þetta hjá lögreglufulltrúa 13. september 1984. Þar segir m.a. að þeir Eiríkur Hallgrímsson varðstjóri hafi ekið suður Þrengslaveg og hafi verið rökkur er þeir sáu tvö ljós koma á móti þeim. Þeir hafi séð að þetta voru tvö bifhjól. Þegar hjólin nálguðust sáu þeir að annað var aðeins á undan og við hægri brún olíumalarinnar en hitt hjólið nokkru innar á veginum. Hafi verið sjáanlegt að hjólunum var ekið með sama hraða. Ratsjáin hafi sýnt hraðann 114 km. Ákærði hafi verið ökumaður annars bifhjólsins og hafi hann rengt mælinguna.

Vitnið Guðmundur Hartmannsson kom fyrir dóm þ. 13. maí 1985. Í skýrslu hans segir að ratsjá sem var í lögreglubifreiðinni hafi verið í gangi

eins og venja sé þegar lögreglumenn séu í eftirliti. Tvö bifhjól hafi komið inn á ratsjána, en hún hafi mælt hraða beggja bifhjólanna. Hún sé þannig gerð, að ef tvö farartæki komi inn í mælisvið hennar á mismunandi hraða, þá skipti hún á milli farartækjanna og komi þá hljóðbreytingar fram í ratsjánni þegar hún skipti á milli farartækjanna, svo fremi annað ökutækið sé ekki í beinni línu fyrir aftan hitt. Hins vegar hafi ratsjáin ekki skipt á milli farartækjanna vegna þess að farartækin voru á sama hraða, en í þessu tilfelli hafi bifhjólin verið þannig staðsett að fremra bifhjólið var nær vegkantinum en það aftara nær miðju en bæði hjólin hafi verið á réttum vegarhelmingi.

Vitnið sagði einnig að þeir hafi sett töluna 114 fasta í ratsjána áður en ákærði var stöðvaður og var honum sýnd talan á skjánum.

Vitnið kvaðst hafa sótt námskeið í meðferð ratsjár.

Vitnið Eiríkur Hallgrímsson varðstjóri kom fyrir dóm 13. maí 1985.

Hann sagði að þeir Guðmundur Hartmannsson aðstoðarvarðstjóri hafi haft afskipti af akstri ákærða í Þrengslum og hafi ákærði ekið öðru hjóli af tveim sem þarna voru á ferð og ekið á undan hinu. Hafi ákærði ekið framhjá lögreglubifreiðinni sem vitnið ók. Hann hafi sett rauð blikkljós á bifreiðina til að gefa ökumönnum merki um að stansa, en líklega hafi hann stöðvað bifreiðina eftir að hann hafði kveikt á rauðu blikkljósunum og ekið að miðlínu vegar. Hafi ákærði stöðvað bifhjól sitt og komið til lögreglumannanna þegar hann sá að samferðamaður hans stansaði hjá þeim.

Vitnið kvaðst ekki muna hvað ákærði mældist á mikilli ferð í ratsjánni, en hjólin hefðu komið eftir veginum og hafi annar verið á undan en ökumenn hafi verið að koma út úr aflíðandi beygju á veginum og verið á leið upp brekku og blikkaði ratsjáin ekki meðan hún mældi hraða hjólanna, en það þýðir að hjólin hafi verið á sömu ferð.

Vitnið gerði engar athugasemdir við skýrslur vitnisins Guðmundar Hartmannssonar frá 7. júní 1984 og 13. september s.á.

Vitnið kvaðst ekki hafa sótt námskeið í meðferð ratsjár.

Ákærði kom fyrir dóm 21. ágúst 1984. Þar kvað hann lögregluskýrslu frá 7. júní 1984 rétta en hafnaði boði dómara um dómsátt vegna brots er fjallað er um í þessum kafla og vegna brots þess er greinir í 2. tl. ákæru.

Hann kom síðan fyrir dóm þ. 13. maí 1985 og kvaðst hafa ekið bifhjólinu R-31084 norður Þrengslaveg þann 7. júní uns hann var stöðvaður af lögreglu sunnan við Sandfell. Ögmundur Birgisson hafi verið með honum á ferð og hafi Ögmundur ekið á meiri ferð en ákærði og á undan honum. Taldi ákærði að Ögmundur hafi verið u.þ.b. 100 metrum á undan sér þegar kveikt hefðu verið viðvörunarljós á lögreglubifreiðinni sem hafi verið kyrrstæð úti í vegarkanti um 1000 metrum framan við ákærða en þá kveðst

ákærði hafa litið á hraðamæli bifhjóls síns sem hafi sýnt 95 km hraða miðað við klst. og kveðst ákærði ekki hafa ekið hraðar.

Vitnið Ögmundur Birgisson kom fyrir dóm 18. september 1985. Hann kvaðst hafa verið á bifhjóli ásamt ákærða fimmtudaginn 7. júní 1984, og hafi þeir ekið frá Stokkseyri áleiðis til Reykjavíkur uns þeir voru stöðvaðir af lögreglu á Þrengslavegi. Vitnið kvað ákærða hafa verið á undan sér en það hafi nálgast hjól ákærða er aðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar voru kveikt, og þá strax numið staðar og ákærði einnig.

Vitninu var kynntur framburður ákærða og lögreglumannanna og hélt vitnið fast við framburð sinn og kvað ákærða hafa verið aðeins á undan og að ákærði hafi ekið aðeins framhjá lögreglubifreiðinni áður en hann stansaði og snéri við.

Í þessum lið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa „ekið með allt að 114 km hraða norður Þrengslaveg ...“ Enda þótt ekki komi fram í ákærunni að miðað sé við fjölda kílómetra á klukkustund þykja mistök þessi ekki koma að sök enda miðaðist vörn ákærða við að hraði ákærða væri ætlaður með þessum hætti sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Þá athugast að í ákærulið þessum er atferli ákærða talið varða við 2. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 51, 1976 í stað laga nr. 54, 1976.

Málið var reifað í vörn með hliðsjón af því að pennaglöp hefðu orðið við útgáfu ákæru og þykja því mistök þessi við gerð ákæru ekki koma að sök sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir nægjanlega sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og telst brot hans varða við 2. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Um ákærulið 2.

Laugardaginn 14. júlí 1984 kl. 22:40 voru lögreglumenn staddir við bensínsöluna við Óseyrarbraut í Þorlákshöfn. Í skýrslu Jóns Sigfússonar, lögregluþjóns nr. 14, dagsettri 14. júlí 1984 segir að ökumaður bifhjólsins R-31084 hafi ekið suður Óseyrarbraut í Þorlákshöfn. Ratsjá af gerðinni Kustom KR 10 var í lögreglubifreiðinni X-9 sem var kyrrstæð við bensínstöðina við Óseyrarbraut og var hraði bifhjólsins skv. henni 144 km miðað við klukkustund, en heimill ökuhraði þarna var 50 km miðað við klukkustund.

Í skýrslu vitnisins Þorgríms Óla Sigurðssonar, lögregluþjóns nr. 10, hjá lögreglufulltrúa dags. 13. september 1984 segir að hann hafi verið við umferðareftirlit ásamt lögregluþjóni nr. 14, Jóni Sigfússyni, á lögreglubifreiðinni X-9. Þeir hafi verið staddir í Þorlákshöfn, ekið norður Óseyrarbraut og inn að söluskálanum þar. Stöðvaði lögregluþjónn nr. 14 bifreiðina

við dyr söluskálans þannig að hún sneri til norðurs þar sem útsýni er yfir veginn inn í þorpið. Vitnið brá sér inn í söluskálann og var þar nokkra stund, fór síðan út aftur og talaði þá við lögregluþjón nr. 14 í gegnum hliðarglugga bifreiðarinnar en rúðan var niðurskrúfuð. Þá benti lögregluþjónn nr. 14 vitninu á bifhjól sem ekið var inn í þorpið á miklum hraða. Í sama mund heyrðist viðvörunarhljóð í ratsjánni í bifreiðinni og sáu þeir báðir tölurnar á skerminum, þ.e. 144 km. Vitnið sá ekki aðrar tölur, því hann flýtti sér inn í bifreiðina og fóru þeir síðan á eftir ákærða.

Vitnið sagði að þegar ratsjáin greip hraða bifhjólsins hafi það verið á móts við fiskhús Glettings hf. Vitnið kvað þá hafa komið að þar sem ökumaður og farþegi bifhjólsins voru að ganga heim að húsi nr. 15 við Skálholtsbraut. Vitnið talaði við ákærða sem hafi neitað hraðakstri og sagst hafa verið á löglegum hraða. Einnig að lögreglumennirnir hefðu ekki getað mælt hraða bifhjólsins vegna staðsetningar lögreglubifreiðarinnar.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina á Selfossi.

Vitnið kveðst hafa sótt námskeið í meðferð ratsjár og ekki vera í vafa um að mælingin var rétt, hins vegar hafi ratsjáin verið þannig stillt að tölurnar héldust ekki inni í skjánum og gátu lögreglumenn því ekki sýnt ákærða tölurnar.

Vitnið Jón Sigfússon, lögregluþjónn nr. 14, gaf skýrslu hjá lögreglufulltrúa þ. 13. september 1984. Þar segir m.a. að vitnið hafi verið statt í lögreglubifreiðinni við söluskálann við Óseyrarbraut og hafi bifreiðin snúið til norðurs þannig að vel sást til ökutækja sem komu inn í þorpið úr norðri. Eftir stutta stund hafi lögregluþjónn nr. 10 komið að bifreiðinni og talað við vitnið gegnum gluggann, sem var opinn. Í því að hann kom að bifreiðinni heyrðist hljóð í ratsjánni og sáu þeir báðir töluna á skermi ratsjárinnar og var hraðatalan þá 144 km. Þá hafi eitt ökutæki verið að koma úr norðri, bifhjólið R-31084. Þar sem ratsjáin var þannig stillt að hún hélt tölunni ekki í sér þá hvarf talan af skjánum um leið og hjólið fór framhjá. Þegar ratsjáin sleppti hjólinu var hraði þess kominn niður í 132 km, sagði í skýrslu vitnisins. Lögregluþjónn nr. 10 kom strax inn í bifreiðina og ók vitnið á eftir hjólinu sem var horfið en þeir sáu það er vestar var komið og þeir sáu inn í enda Skálholtsbrautar. Voru ákærði og farþegi að ganga frá hjólinu heim að húsinu. Lögregluþjónn nr. 10 talaði við fólkið og kom með ökumanninn út í bifreiðina en hann var fluttur á lögreglustöðina á Selfossi. Þar var hald lagt á ökuskírteini ákærða. Ákærði kvaðst hafa komið á löglegum hraða inn í þorpið.

Vitnið Ína Björg Guðmundsdóttir gaf skýrslu hjá lögreglufulltrúa 14. september 1984 en hún var farþegi á hjóli ákærða 14. júlí 1984.

Hún kvaðst ekki hafa séð á hraðamæli bifhjólsins og ekki telja að það hafi verið á miklum hraða þegar það kom inn í Þorlákshöfn.

Vitnið Jón Sigfússon, lögregluþjónn nr. 14, kom fyrir dóm 13. maí 1985 og skýrði frá atvikum á sömu lund og í skýrslu hjá lögreglufulltrúa 13. september 1984. Vitnið Þorgrímur Óli Sigurðsson hafi staðið við hurð ökumanns þegar ratsjáin gaf hljóðmerki og tók vitnið þá eftir hjólinu, sem var á leið inn í þorpið.

Vitnið kvaðst hafa vakið athygli Þorgríms Óla á þessu og hafi hann þarna séð þá tölu sem fyrst kom inn á ratsjárskjáinn, en vitnið sagði að hún hafi verið 144 km miðað við klukkustund. Vitnið kvaðst ekki hafa fest töluna í radarnum vegna mistaka.

Vitnið kvað ökumann mjög hafa dregið úr hraða eftir að hann kom inn í ratsjána en vitnið veitti ákærða eftirför að heimili hans. Fengu þeir fyrirmæli um að leggja hald á skírteini ákærða en hann mótmælti því og var fluttur á lögreglustöðina á Selfossi.

Vitnið tók m.a. fram að bifreiðin X-9 sé Volvo fólksbifreið sem ekki er auðkennd sem lögreglubifreið og því vafasamt að ákærði hafi getað áttað sig á að um lögreglubifreið væri að ræða þegar hann ók framhjá söluskálanum við Óseyrarbraut.

Vitnið Þorgrímur Óli Sigurðsson, lögregluþjónn nr. 10, kom fyrir dóm 13. maí 1985. Hann kvaðst hafa verið að tala við ökumann í X-9 þegar hann vakti athygli vitnisins á því að bifhjól kom inn í þorpið og var í u.þ.b. 1000 - 2000 metra fjarlægð eða rétt við það að koma að þeim húsum sem eru yst í þorpinu. Þegar bifhjólið var komið á móts við fiskverkunarhús Glettings kom bifhjólið inn á ratsjána. Þá stóð vitnið enn við hurð bifreiðarstjóra og þar statt kvaðst vitnið hafa séð á ratsjárskerminn og minnti að þar hafi staðið 141 km miðað við klukkustund. Fór vitnið í farþegasætið og var þá talan dottin út af ratsjárskerminum og sagði Jón vitninu að hraðinn hefði farið niður í 113 km m.v. klukkustund á þeim tíma.

Vitnið kvað Jón ekki hafa fest neina tölu inn á ratsjárskerminn.

Vitnið kvaðst visst um að ratsjáin hafi verið stillt þannig að hún mældi miðað við að bifreiðin væri kyrrstæð.

Þeir hófu eftirför og hittu ákærða fyrir við Skálholtsbraut 15 og viðurkenndi hann að hafa ekið bifhjólinu en kvaðst hafa verið á löglegum hraða.

Vitnið Ína Björg Guðmundsdóttir kom fyrir dóm 18. september 1985. Hún kvaðst hafa verið farþegi á bifhjólinu R-31084 þar sem því var ekið laugardaginn 24. júlí 1984 (sic) frá Reykjavík til Þorlákshafnar. Ákærði hafi verið ökumaður, þau hafi stansað á Skálholtsbraut 15 og þangað hefðu lögreglumenn komið og ákærði síðan farið með þeim á Selfoss. Hún kvað lögreglumann hafa spurt sig á hvaða hraða ákærði hefði ekið, sem vitnið kvaðst ekki hafa vitað um.

Ákærði kom fyrir dóm þ. 13. maí 1985. Hann kannaðist við að hafa verið á ferð 14. júlí 1984 og þá orðið fyrir afskiptum lögreglu sem hefði

borið það upp á hann að hann hafi ekið bifhjólinu R-31084 á 144 km hraða. Hann kvaðst hafa ekið inn í þorpið eftir Óseyrarbraut frá Reykjavík og ekið framhjá Söluskála Skeljungs, en þar stóð lögreglubifreið fyrir utan og lögreglumaður hafi verið að koma út úr skálanum og hafi hann gengið fram fyrir lögreglubifreiðina og farið síðan inn í bifreiðina farþegamegin og hafi hann verið kominn á móts við lögreglubifreiðina þegar lögregluþjónninn var kominn að bifreiðinni farþegamegin. Þá kvaðst ákærði hafa séð í gegnum hliðarrúðuna á lögreglubifreiðinni að sá lögregluþjónninn, sem sat undir stýri bifreiðarinnar, hafi verið með stórt blað í höndunum og verið að leggja það frá sér í aftursæti bifreiðarinnar þegar ákærði ók hjá. Ákærði kvaðst síðan hafa ekið heim til sín og skömmu síðar hafi lögregluþjónarnir á lögreglubifreiðinni komið og haft tal af ákærða og sagt honum að hann hefði ekið á yfir 100 km hraða m.v. klukkustund og óskaði þá ákærði eftir að fá að sjá töluna á radarnum, en enga tölu hafi verið að sjá á radarskjánum þegar þeir sýndu ákærða á skjáinn. Lögregluþjónarnir hefðu þó sagt að þeir hefðu séð ákærða aka hratt, og sagði ákærði að lögregluþjónarnir hefðu verið með kjaft og læti við sig og lagt að honum að viðurkenna að hann hefði ekið langt yfir löglegum hámarkshraða. Var ákærði fluttur á lögreglustöðina á Selfossi og þar var hald lagt á ökuskírteini hans. Hann kvaðst hafa fengið samrit ökuskírteinis í Reykjavík hjá lögreglustjóraembættinu.

Hann kvaðst telja að hann hafi ekið á 70 - 75 km hraða þegar hann ók um í Þorlákshöfn í framangreint sinn 14. júlí 1984 og hafa litið á hraðamæli hjólsins um leið og hann ók framhjá lögreglubifreiðinni.

Í þessum lið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekið „með allt að 144 kílómetra hraða suður Óseyrarbraut í Þorlákshöfn".

Enda þótt ekki komi fram í ákærunni að miðað sé við fjölda ekinna km á klst. þykja mistök þessi ekki koma að sök enda miðaðist vörn ákærða við að hraða ákærða væri ætlaður með þessum hætti sbr. lög 74/1974 3. mgr. 118. gr.

Þá athugast að í ákærulið þessum er atferli ákærða talið varða við 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaganna, en ætti að vera 1. mgr. 50. gr. sbr. l. nr. 16/1977 sbr. 80. gr. umfl. nr. 40/1968 sbr. lög nr. 54/1976. Þetta þykir þó ekki koma að sök sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur haldið því fram að hraði hans í umrætt sinn hafi verið mun minni en getur í ákæruskjali enda þótt hann hafi ekið yfir löglegum ökuhraða.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir, þegar gögn málsins, einkum framburður lögreglumannanna Jóns Sigfússonar og Þorgríms Óla Sigurðssonar, eru virt, vera nægjanlega sannað að ákærði hafi gerst sekur um að aka á 144 km hraða miðað við klukkustund eftir Óseyrarbraut í Þorlákshöfn laugardagskvöldið 14. júlí 1984.

Þykir brot ákærða varða við 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. l. nr. 16, 1977 sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976.

III.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1978 í Árnessýslu. Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hgl. Ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár frá 26.04. 1978.

1979 6/2 í Árnessýslu. Sátt 45.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 08.02. 1979.

1981 31/3 í Árnessýslu. Dómur: 1500 kr. sekt f. brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 26.09. 1983.

1983 4/11 í Reykjavík. Sátt: 4.000,00 kr. sekt f. brot gegn 49. gr. 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 mán. frá 26.09. 1983.

Refsing ákærða ákveðst með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin kr. 20.000,00 sekt í ríkissjóð.

Þá ber með vísan til 81. gr. 1. mgr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuleyfi en með því að ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða frá 21. ágúst 1984 og hún felld niður 20. mars 1985 þykir ekki ástæða til að gera honum að sæta frekari sviptingu nú.

Eftir þessum úrslitum þykir bera að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal þóknun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., kr. 20.000,00.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Ómar Örn Sæmundsson, greiði kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi 14 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuréttindum í 7 mánuði frá 21. ágúst 1984.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., kr. 20.000,00.

Mánudaginn 30. maí 1988.

Nr. 134/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Baldvin Björnssyni
og
Sigrúnu Elísabetu Gunnarsdóttur

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. maí sl. samkvæmt heimild í 171. gr. 1. tl. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 174. gr. 2. mgr. sömu laga. Krefst hann þess, „að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómaranum, Guðmundi L. Jóhannessyni, lýst rétt og skylt að fara með og dæma mál þetta".

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur verið gerðar og ekki borist frá þeim greinargerð.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdómara, að ummæli hans í sjónvarpi, sem rakin eru í hinum kærða úrskurði, valdi ekki vanhæfi hans og því séu ekki efni til að hann víki sæti í máli þessu af þeim ástæðum, er verjandi ákærða Baldvins Björnssonar krafðist.

Svo sem fram kemur í forsendum hins kærða úrskurðar telur héraðsdómari móður eins þeirra barna, er hér koma við sögu, hafa í sjónvarpsviðtali 17. ágúst sl. viðhaft þau ummæli um bæjarfógetann í Hafnarfirði, er telja verði bæði ærumeiðandi og móðgandi og gætu bakað henni bótaskyldu og varðað hana refsingu skv. 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en héraðsdómari var þá settur bæjarfógeti í Hafnarfirði. Ummæli þessi eru ekki rakin í úrskurðinum og verður ekki tekin afstaða til þeirra. Héraðsdómari kann að vísu að eiga skaðabótakröfu á hendur konu þessari, en það gerir hann ekki vanhæfan til að fara með og dæma mál er varðar barn hennar. Skammaryrði um dómara gera hann almennt ekki vanhæfan til að fara með mál og gæti ella hver sem er gert dómara

vanhæfan með því að níða hann. Ákvæði 36. gr. 7. tl. laga nr. 85/1936 á ekki við, er svo stendur á.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 19. apríl 1988.

Árið 1988, þriðjudaginn 19. apríl er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í sakadómsmálinu nr. 2735/1987: Ákæruvaldið gegn Baldvini Björnssyni og Sigrúnu Elísabetu Gunnarsdóttur.

Í málinu hefur af hálfu ákærða Baldvins verið gerð krafa um að dómarinn víki sæti og lagði verjandi hans fram skriflega kröfu þar um 5. apríl sl., en þá höfðu ákærðu verið kvödd fyrir dóminn til skýrslutöku. Krafan er byggð á því, að í sjónvarpsviðtali í Ríkissjónvarpinu í ágúst 1987 hafi dómari málsins rætt um suma þætti máls þessa með þeim hætti, að ekki verði talið að hann geti litið óhlutlægt á þátt ákærða Baldvins í því, og beri því að víkja sæti samkv. grundvallarreglu 36. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974. Málinu var svo frestað til 13. apríl sl. svo að verjandinn gæti aflað sér endurrits um viðtalið frá fréttastofu Ríkissjónvarpsins, og var það þá lagt fram í réttinum og jafnframt fór fram munnlegur málflutningur um kröfuna. Flutti fulltrúi ríkissaksóknara, Gunnar Stefánsson, málið fyrir ákæruvaldið.

Krafan er svo sem fyrr er greint byggð á sjónvarpsviðtali, sem Arnþrúður Karlsdóttir hjá Ríkissjónvarpinu átti við dómarann og þykir því rétt að skýra nokkuð tildrög þessa viðtals.

Fljótlega eftir að rannsókn máls þessa hófst hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærur höfðu borist um meint kynferðisbrot ákærðu við stúlkubörn, sem þau höfðu í umsjá sinni eða voru stödd hjá þeim, varð töluvert fjallað um það í fjölmiðlum. Vegna rannsóknarnauðsynja var ákærður Baldvin úrskurðaður til að hlíta gæsluvarðhaldi frá 6. til 22. júlí sl. Nokkru eftir að ákærður Baldvin var laus úr gæsluvarðhaldi þessu, birtist við hann í Dagblaðinu 15.8. 1987 heillar opnu viðtal, þar sem hann fjallaði á opinskáan hátt um málið, þ. á m. um börnin og aðstandendur þeirra. Aðstandendunum þótti í grein þessari veist svo óviðurkvæmilega og á niðrandi hátt að þeim, að ekki væri unnt að una því. Í framhaldi af því snéru þeir sér til Rannsóknarlögreglu ríkisins og vildu fá rannsóknargögn

málsins til að birta úr þeim, það sem þeir töldu hrekja fullyrðingar ákærða Baldvins í greininni um þá. Var þessari kröfu þeirra hafnað eða ekki tekið við henni. Nokkru síðar gerist það, að þeir birtast hér á skrifstofu bæjarfógetans í Hafnarfirði og skilja hér eftir skriflega kröfu um, að ákærðu verði gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna árása og ofsókna, sem þeir töldu sig verða fyrir af hálfu ákærða Baldvins, án þess að það væri skýrt nánar. Komu þeir í fylgd með framangreindum fréttamanni Ríkissjónvarpsins og tæknimönnum frá því. Dómarinn í málinu, sem þá var settur bæjarfógeti í Hafnarfirði, hafði reyndar áður tjáð einum þeirra, sem hringdi hingað, að tilgangslaust væri að bera þessa kröfu upp hér, og jafnframt að hann myndi meina allar sjónvarpsmyndatökur hér vegna þessa erindis. Engu að síður komu þeir hingað rétt fyrir kl. 15:00 mánudaginn 17. ágúst 1987, en dómarinn var þá á leið út úr húsi embættisins vegna jarðarfarar, sem skyldi hefjast kl. 15:00 og hafði því ekki tök á að hafa nein afskipti af þeim. Eftir að hafa skilið hér eftir framangreinda kröfu hafði fréttamaðurinn án leyfis hér viðtal við fjórar konur, sem voru mæður og aðstandendur barna þeirra, sem ákærðu voru grunuð um að hafa misboðið kynferðislega og eru nöfn þeirra undir framangreindri kröfu, en þau voru ekki nafngreind í viðtalinu. Í viðtali þessu létu konurnar ýmis stór orð falla, bæði í garð ákærðu svo og í garð bæjarfógetans í Hafnarfirði, rannsóknaraðila í máli þessu og annarra yfirvalda.

Ummælin í viðtalinu, sem sjónvarpað var sama kvöld, voru bæði móðgandi og ærumeiðandi og hafa m.a. leitt til þess að ákærðu hafa farið í skaðabótamál við Ríkisútvarpið vegna þeirra.

Sjónvarpsviðtalið við dómarann fór fram daginn eftir að frumkvæði sama fréttamanns, sem þá þótti ástæða til að gefa dómaranum kost á að tjá sig um viðtal kvennanna. Í viðtalinu er vikið að kröfu þeirra og hvernig með hana verði farið. Eru einkum tvenn ummæli í viðtali þessu, sem verjandi telur að dómarinn hafi gert sig vanhæfan með því að viðhafa þau.

1. Fréttamaðurinn spyr, hvort dómarinn telji, að í þessu tiltekna máli, Svefneyjarmálinu svokallaða, sé raunhæft að óska eftir frekara gæsluvarðhaldi.

Svar dómarans:

„Sko í þessu máli þá kvað ég upp gæsluvarðhaldsúrskurð og hefði komið fram í framhaldi af því, af þeim tíma sem var ákveðinn, beiðni um framlengingu, þá hefði ég náttúrlega tekið það til umfjöllunar og hugsanlega framlengt, en nú skilst mér að þessari rannsókn sé lokið, án þess að nein beiðni hafi komið þar um, og þá er spurning hvað hafi komið fram nýtt í málinu sem réttlæti að fara að taka málið upp aftur.

Í orðunum „hugsanlega framlengt" telur verjandinn felast, að dómarinn

hafi tekið afstöðu í málinu, sem geri hann vanhæfan til að fjalla um það nú.

2. Fréttamaðurinn segir, að margoft hafi komið fram sú skoðun að í málum af þessu tagi sé eðlilegast, að brotamaður sitji í gæsluvarðhaldi þar til dómur gangi í málinu og hún spyr hver sé skoðun dómarans á því.

Svar dómarans:

„Nú ég er þessu sammála að mestu leyti, ef að svona um grófari brot í sambandi við nauðgunarmál og önnur ofbeldisbrot er að ræða. Sama er að segja um það, sem að fyrir liggur í sambandi við fíkniefnamál, þar sem menn eru uppvísir að töluverðri sölu á fíkniefnum, en ég tel að í þessum tilvikum, þá eigi að beita gæsluvarðhaldi þannig, að menn sitji tímann meðan á rannsókn stendur og einnig verði í framhaldi af þessu reynt að ljúka málinu, á að kveða upp dóm og helst að láta manninn taka út í beinu framhaldi."

Þess skal getið að viðtal þetta var nokkuð stytt og minnir dómarann að í lok þess hafi hann getið þess, að til þess að framangreind framkvæmd yrði, þyrfti lagabreytingu.

Verjandinn telur að með því að láta frá sér þetta álit í þessu samhengi, lýsi dómari vissri afstöðu, sem varði mál þetta, og tjái sig á almennan hátt þannig, að hann geti ekki fjallað á óhlutdrægan hátt um mál þetta.

Um 1. ummælin.

Ekki verður séð að hin tilvitnuðu ummæli lýsi neinni ákveðinni afstöðu til sakarinnar í þessu máli af hálfu dómarans, heldur er þarna bent á að mögulega hefði gæsluvarðhald ákærða Baldvins verið framlengt, ef krafa hefði komið fram um það og dómaranum hefði þótt ástæða til eftir þá að hafa fjallað um málið og ef rannsóknarnauðsynjar voru þá til þess.

Um 2. ummælin:

Augljóst er, að dómarinn er hér ekki að fjalla um þetta mál eða sérstaklega sakarefnið, sem þar er greint, heldur almennt um önnur mál, einkum grófari nauðgunar- og ofbeldisbrot, sem naumast eiga við í þessu máli.

Er hér að vissu marki vísað til framkvæmdar, sem er í reynd í samskonar málum, einkum þegar ofbeldisverk leiða til dauða eða örkumlunar, en dómarinn setur fram sem skoðun sína, að heimildin til beitingar gæsluvarðhalds til lengri tíma ætti að vera víðtækari í lögum og framkvæmd.

Það er því mat dómarans, að greind ummæli hans í sjónvarðsviðtalinu séu ekki þannig, að þau geri hann vanhæfan til að dæma um mál þetta sbr. 36. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974 og er krafa ákærða Baldvins ekki tekin til greina á þeirri forsendu.

Í sjónvarpsviðtali því, sem tekið var hér á skrifstofunni af mæðrum barnanna, sem ákærðu eru talin hafa framið kynferðisbrot gegn viðhafði hinsvegar ein þeirra ummæli um bæjarfógetann í Hafnarfirði, sem telja verður bæði móðgandi og ærumeiðandi og gætu leitt til refsingar samkv. 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 fyrir hlutaðeigandi konu og jafnframt gætu bakað henni bótaskyldu. Konurnar lögðu fram skriflega kröfu með nöfnum sínum, svo að ekki er vandkvæðum bundið, þó að þær séu ekki nafngreindar í viðtalinu, að sjá hver á hlut að máli. Konurnar eru lögráðamenn þeirra barna, sem talin eru hafa orðið fyrir kynferðislegum brotum af hálfu ákærðu. Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærðu verði dæmd til að greiða skaðabætur verði þeirra krafist. Aðilar að þessum bótakröfum hlytu að vera lögráðamenn barnanna. Dómarinn í máli þessu var settur bæjarfógeti í Hafnarfirði 17. ágúst sl. er sjónvarpsviðtalið átti sér stað og getur því verið aðili að kæru og bótakröfu á hendur einhverjum af þessum lögráðamönnum sem einnig eru vitni í málinu. Það samrýmist því ekki reglum 7. tl. 36. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 2. tl. 15. gr. laga nr. 74, 1974, að dómarinn dæmi um hugsanlegar bótakröfur frá þessum aðilum og ber honum samkvæmt framangreindum lagagreinum að víkja sæti í málinu.

Úrskurðarorð:

Guðmundur L. Jóhannesson dómari í máli þessu víkur sæti í því.

Mánudaginn 30. maí 1988.

Nr. 106/1987. **Verksmiðjan Vífilfell hf.**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
þrotabúi Hafskips hf.
(Gestur Jónsson hrl.)

Farmgjald. Gjaldþrotaskipti. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1987. Dómkröfur hans eru þær að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og viðurkennd verði almenn krafa í hið stefnda þrotabú að fjárhæð 855.481,00 króna. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir kröfur um að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 90.000,00 kronur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Verksmiðjan Vífilfell hf., greiði stefnda, þrotabúi Hafskips hf., 90.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 5. mars 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 13. febrúar 1987.

Sóknaraðili, Verksmiðjan Vífilfell hf., Haga við Hofsvallagötu, Reykja-

vík, krefst þess að viðurkennd verði almenn krafa hans á hendur varnaraðila að fjárhæð kr. 855.481,00. Krefst hann jafnframt málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðila verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sakarefni í máli þessu hefur verið skipt að ósk aðilja og með samþykki dómara samkvæmt 4. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. laga nr. 6/1978, og eru framangreindar kröfur málsaðilja einar til úrlausnar í þessum þætti málsins, en verði kröfur sóknaraðila teknar hér til greina, mun í síðari þætti málsins koma til úrlausnar hvort og að hverju marki viðurkennt verði að fjárkröfur sóknaraðila geti komið til skuldajafnaðar við viðskiptakröfu varnaraðila á hendur honum.

II.

Aðdragandi að máli þessu er sá að með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum þann 6. desember 1985, var bú Hafskips hf., nafnnúmer 3504-0528, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag voru ráðnir þrír bústjórar til bráðabirgða að búinu, lögmennirnir Gestur Jónsson, Jóhann H. Níelsson og Viðar Már Matthíasson. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út þann 27. desember 1985, og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 15. janúar 1986. Með heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985, var kröfulýsingarfrestur ákveðinn fjórir mánuðir, og lauk honum því þann 15. maí 1986.

Með bréfi, er barst skiptaráðandanum í Reykjavík þann 15. maí 1986, lýsti sóknaraðili máls þessa kröfu í þrotabúið vegna vangreidds afsláttar af farmgjöldum á árinu 1985 að fjárhæð kr. 855.481,00. Í kröfulýsingu þessari gerði sóknaraðili þá grein fyrir kröfunni að hún hafi byggst á samningi hans við Hafskip hf. um að hann fengi afslátt í árslok 1985, er næmi 10% farmgjalda vegna flutninga hans á árinu. Varnaraðili hafi fært honum til tekna á viðskiptareikningi í byrjun árs 1986 afslátt sem hafi aðeins numið 5% nefndra farmgjalda, og taldi sóknaraðili þannig vanta umkrafða fjárhæð til efnda samninga hans um afslætti við hið gjaldþrota félag.

Með bréfi dagsettu 26. maí 1986 tilkynntu bústjórar til bráðabirgða umboðsmanni sóknaraðila um þá afstöðu þeirra til kröfu hans að þeir teldu að hafna bæri viðurkenningu hennar, þar sem bækur þrotabúsins hafi ekki borið með sér að samningur hafi komist á um umkrafinn afslátt. Í skrá um lýstar kröfur, sem bústjórar gerðu í samræmi við 1. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 og dagsett er þann 11. júní 1986, var afstöðu þeirra til viðurkenningar kröfu sóknaraðila lýst með sama hætti og í nefndu bréfi.

Á skiptafundi sem haldinn var 20. júní 1986 til umfjöllunar um lýstar kröfur í þrotabúið var fyrrgreindri afstöðu bústjóra mótmælt af hálfu sóknaraðila, og var málefni þetta tekið á ný til umfjöllunar á skiptafundi 25. september 1986 samkvæmt fyrirmælum 2. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978. Kom þar fram af hálfu skiptastjóra í þrotabúinu, sem þá höfðu verið kjörnir hinir sömu og áður gegndu störfum bústjóra til bráðabirgða, að þeir héldu fast við fyrri afstöðu til kröfu sóknaraðila sem hann felldi sig ekki við, og var þá ákveðinn rekstur þessa máls til úrlausnar um ágreiningsinn. Var það þingfest þann 29. október 1986.

III.

Í greinargerð og munnlegum málflutningi hefur komið fram af hálfu sóknaraðila að hann hafi um árabil skipt við Hafskip hf. um farmflutninga. Á árinu 1984 hafi viðræður hafist milli sóknaraðila og félagsins um endurskoðun viðskiptakjara hans, og hafi á því ári tekist samningar um sérstaka taxta til útreiknings farmgjalda vegna flutninga fyrir hann. Á árinu 1985 hafi viðræðum þessum verið fram haldið og tekist munnlegur samningur milli forráðamanna sóknaraðila annars vegar og hins vegar starfsmanna Hafskips hf., þeirra Jóns Hákonar Magnússonar, framkvæmdastjóra markaðssviðs félagsins, og Vals Pálssonar sölufulltrúa, um að sóknaraðili fengi í árslok 1985 sérstakan 10% afslátt af farmgjöldum ársins. Að því búnu hafi aðeins staðið eftir að endurskoða greiðslukjör sóknaraðila í viðskiptum þessum til þess að unnt væri að gera heildarsamning um viðskiptakjör hans, en sóknaraðili kveður ekki hafi orðið af því vegna gjaldþrots Hafskips hf.

Sóknaraðili vísar til þess að áðurnefndir fyrrverandi starfsmenn Hafskips hf. hafi borið í vitnaskýrslum í máli þessu að þeir hafi staðið að gerð samninga um umræddan afslátt seint á árinu 1984 eða snemma árs 1985, og hafi þeir verið bærir til að skuldbinda félagið í þeim efnum. Samningur þessi hafi að vísu ekki verið skjalfestur, en Valur Pálsson hafi borið í vitnaskýrslu sinni að honum hafi láðst að skrásetja efni hans með viðeigandi hætti í bókum félagsins. Telur sóknaraðili samning þennan jafngildan allt að einu og að fullnaðarsönnun hafi fengist með framburði nefndra vitna fyrir því að hann hafi komist á. Hefur sóknaraðili þessu til frekari stuðnings bent á að hann hafi verið verulega stór viðskiptavinur Hafskips hf. og hafi viðskiptakjör hans síður en svo verið óeðlileg í því ljósi, svo sem ráða megi af fyrirliggjandi gögnum í málinu um kjör annarra sambærilegra og minni viðskiptamanna hins gjaldþrota félags.

Um þá málsástæðu varnaraðila að heimild sé til að rifta samningi um sérstakan afslátt sóknaraðila á grundvelli 51. gr. laga nr. 6/1978, ef sannað teldist að hann hafi komist á, hefur sóknaraðili bent á að umræddur samningur verði á engan hátt talinn gjafagerningur honum til handa. Í honum

hafi ekki falist afhending verðmæta án endurgjalds, sem telja verði forsendu fyrir því að um gjöf geti verið að ræða í skilningi ívitnaðs lagaákvæðis. Að baki gerð samningsins hafi búið sú hvöt af hendi Hafskips hf. að tryggja sér áframahaldandi viðskipti sóknaraðila og örva þau, en aukin samkeppni skipafélaga á umræddu tímabili hafi kallað á að félagið veitti sóknaraðila bætt kjör til þess að viðskiptum hans yrði ekki beint til annarra. Af hendi Hafskips hf. hafi engra örlætissjónarmiða gætt við gerð þessa samnings heldur eingöngu viðskiptaleg viðhorf, og hafi sóknaraðili metið þessi viðskipti með sama hætti. Afsláttur sem þessi hafi aðeins verið einn margra þátta sem ráðið hafi því endanlega verði sem sóknaraðili hafi orðið að greiða fyrir farmflutninga, og lokaniðurstaðan í þeim efnum hafi ekki verið sóknaraðila hagstæð öðrum viðskiptamönnum fremur.

Varnaraðili byggir kröfur sínar í máli þessu einkum á þeirri málsástæðu að samningur hafi ekki komist á sem veiti sóknaraðila tilkall til hins umkrafða afsláttar. Þessu til stuðnings hefur varnaraðili vísað til þess að fjölbreytileg atriði hafi ráðið því hverja fjárhæð viðskiptamenn hins gjaldþrota félags hafi endanlega orðið að greiða fyrir farmflutninga. Hvað sóknaraðila varðar liggi fyrir að hann hafi notið sértaxta við ákvörðun farmgjalda sem hafi falið í sér umtalsverða ívilnun frá almennum farmgjöldum. Frá þessum sértöxtum hafi sóknaraðili ennfremur fengið sérstaka samningsbundna afslætti sem voru allt að 30%, eftir því um hverjar vörutegundir var að ræða. Þar að auki hafi sóknaraðili fengið 5% afslátt af heildarviðskiptum sínum í lok hvers árs sem færður hafi verið til tekna á viðskiptareikningi hans, en slíkur afsláttur hafi verið veittur öllum föstum viðskiptamönnum. Gerð samninga um sérkjör viðskiptamanna hafi verið í höndum markaðsdeildar félagsins, en óhjákvæmilegt hafi verið að tilvist þeirra væri skrásett hjá félaginu. Hafi það meðal annars komið til af því að farmskrárdeild félagsins, sem hafi annast gerð farmgjaldareikninga, hafi þurft að hafa vitneskju um sérstaklega umsamda taxta vegna flutninga og í annan stað hafi innheimtudeild félagsins einnig þurft að hafa vitneskju um sérafslætti til þess að haga innheimtu samkvæmt þeim. Af þessum ástæðum hafi markaðsdeild félagsins orðið að gera skrifleg yfirlit yfir sérsamninga til afnota fyrir aðrar deildir þess. Varnaraðili vísar til þess að fyrrum sölufulltrúi hjá félaginu, Gunnar Ó. Kvaran, hafi gert yfirlit yfir sérsamninga um eftirágreidda afslætti viðskiptamanna skömmu eftir töku búsins til gjaldþrotaskipta, en í þessu yfirliti, sem lagt hefur verið fram í málinu, sé sóknaraðila ekki getið. Umræddur starfsmaður hafi staðfest í vitnaskýrslu í máli þessu að yfirlit þetta hafi verið tæmandi eftir fyrirliggjandi gögnum og hafi hann ekki minnst þess að hafa heyrt getið um sérstaka samninga við sóknaraðila um 10% eftirágreiddan afslátt af heildarviðskiptum, sem sóknaraðili haldi þó fram í málinu að komist hafi á.

Auk umræddsvitnaframburðar Gunnars Ó. Kvaran hefur varnaraðili vísað til þess að Valur Pálsson hafi í áðurnefndri vitnaskýrslu sinni borið að gerð heildarsamninga um viðskiptakjör sóknaraðila hafi ekki endanlega verið lokið við töku búsHafskips hf. til gjaldþrotaskipta. Vitnið Jón Hákon Magnússon hafi að vísu borið að samist hafi um 10% eftirágreiddan afslátt til sóknaraðila, en vitnið hafi ekki minnst hvenær samningur þessi hafi átt að hafa komist á. Telur varnaraðili að þegar framburðir þessara þriggja vitna eru virtir í heild virðist sem viðræður um afsláttarmál sóknaraðila hafi staðið yfir samhliða umræðu um önnur viðskiptakjör. Þessum málefnum hafi hins vegar ekki verið ráðið til lykta og samningur því ekki komist á um umkrafinn afslátt sóknaraðila.

Hefur varnaraðili sérstaklega bent á að það styrki þessa staðhæfingu hans að þegar sóknaraðili innti af hendi greiðslur inn á viðskiptareikning sinn hjá varnaraðila síðla árs 1985 hafi sóknaraðili látið fjárhæð standa eftir ógreidda sem hafi svarað til 5% afsláttar af heildarviðskiptum hans á árinu, og hafi sú skuld jafnast út við tekjufærslu á þeim afslætti í ársbyrjun 1986. Telur varnaraðili ljóst að sóknaraðili hefði ekki haldið eftir greiðslu sem svaraði til 5% afsláttar, heldur hins umkrafða 10% afsláttar, ef hann hefði sjálfur talið þann afslátt endanlega umsaminn. Varnaraðili hefur og bent á það í þessu sambandi að staðhæfingar sóknaraðila um samningsbundinn 10% eftirágreiddan afslátt hafi fyrst komið fram eftir að varnaraðili krafði hann um greiðslu leigugjalds fyrir afnot vörugáma á tímabilinu frá upphafi gjaldþrotaskipta til aprílmánaðar 1986.

Varðandi sönnunarmat um framangreint atriði hefur varnaraðili vísað til þeirra röksemda að fyrrum starfsmenn Hafskips hf. hafi engra hagsmuna að gæta af því að gera nú skýran skilsmun milli samningatilrauna og fullgerðs samnings um afslætti sóknaraðila. Þær aðstæður ógni hagsmunum annarra lánardrottna þrotabúsins, sem bregðast verði við með strangri sönnunarmati.

Ef talið verður sannað að samningur hafi komist á um umkrafinn afslátt sóknaraðila, hefur varnaraðili reist kröfur sínar á því að skilyrði séu til riftunar hans eftir reglum 1. eða 2. tl. 51. gr. laga nr. 6/1978. Telur varnaraðili í því sambandi að eftirgjöf skuldar hafi átt sér stað, hafi umræddur samningur komist á, og verði ráðstöfun þessi því metin gjöf í skilningi ívitnaðra ákvæða. Ekkert endurgjald hafi komið til af hálfu sóknaraðila vegna þessarar ívilnunar, og hefur varnaraðili dregið í efa að neinu hefði breytt um viðskipti sóknaraðila við Hafskip hf. þótt hann hefði ekki fengið umræddan afslátt, enda hafi sóknaraðili verið stór hluthafi í Hafskipi hf. og einn aðalhluthafa og stjórnarmanna sóknaraðila hafi átt sæti í stjórn Hafskips hf. í skjóli þeirrar hlutafjáreignar. Þá hefur varnaraðili einnig vísað til þess að framkomnar vitnaskýrslur í málinu séu óljósar um það

hvenær samningar um margnefndan afslátt kunni að hafa tekist, og megi ætla að það hafi fyrst getað gerst skömmu fyrir töku bús Hafskips hf. til gjaldþortaskipta. Veiting afsláttar á því tímamarki feli í raun í sér eftirgjöf á hluta eldri farmgjalda og telur varnaraðili því sýnilega um gjafagerning að ræða.

IV.

Eins og fram er komið hér á undan liggja ekki fyrir skjalfest gögn um það hvort og þá hvenær samningar kunna að hafa tekist milli Hafskips hf. og sóknaraðila um að sóknaraðila bæri 10% eftirágreiddur afsláttur af heildarviðskiptum hans við hið gjaldþrota félag á árinu 1985. Verða nú rakin þau atriði sem einkum þykja skipta máli við mat á því hvort sannað verður talið að slíkur samningur hafi komist á.

Um almenna tilhögun á skrásetningu upplýsinga um sérkjör einstakra viðskiptamanna hins gjaldþrota félags hefur komið fram hjá áðurnefndum þremur vitnum, sem gefið hafa skýrslur í máli þessu, að slíkar upplýsingar, þar á meðal um sérstaka eftirágreidda afslætti, hafi átt að vera skráðar á þar til gerð eyðublöð af starfsmönnum markaðsdeildar félagsins. Vitnið Jón Hákon Magnússon bar að oft hafi upplýsingum um slík efni verið komið á framfæri munnlega milli einstakra deilda félagsins, en skjalfesting hafi þá átt að eiga sér stað síðar. Vitnið Valur Pálsson skýrði frá því að eftir að samningar komust á um sérstök viðskiptakjör hafi efni þeirra verið kynnt á fundum markaðsdeildar félagsins, en upplýsingar þessar hafi síðan verið færðar á áðurnefnd eyðublöð sem gengið hafi áfram til annarra deilda félagsins. Gunnar Ó. Kvaran skýrði frá því í skýrslu sinni að hann hafi haft með höndum það hlutverk að halda saman upplýsingum um þessi efni innan markaðsdeildarinnar. Ef samningar voru gerðir um sérstaka eftirágreidda afslætti hafi hann annast frágang upplýsinga um þá fyrir aðrar deildir félagsins.

Samkvæmt þessu þykir verða að leggja til grundvallar að þeirri almennu reglu hafi verið fylgt í starfsemi Hafskips hf. að upplýsingar um samninga þess efnis sem ágreiningsefni máls þessa varðar hafi jafnan verið kynntar sérstaklega á fundum markaðsdeildar félagsins og jafnframt skrásettar til afnota annarra deilda þess í því skyni að samskipti félagsins við viðskiptamenn yrðu í samræmi við umsamin kjör þeirra. Þótt gildi slíkra samninga verði eðlilega ekki háð því hvort skrifleg gögn um þá hafi legið fyrir hjá félaginu við upphaf gjaldþrotaskipta, þykir við sönnunarmat um tilvist óskrásetts samnings verða að álykta að vöntun slíkra gagna feli í sér líkindi gegn því að slíkur samningur verði talinn hafa komist á.

Í vitnaskýrslu sinni kvaðst Valur Pálsson hafa samið ásamt Jóni Hákoni Magnússyni við starfsmenn sóknaraðila um 10% eftirágreiddan afslátt af

viðskiptum ársins 1985. Hann minntist þess hins vegar ekki hvort sá samningur hefði verið kynntur á fundi markaðsdeildar félagsins og kvað það vera sér að kenna að upplýsingar um samninginn hefðu ekki verið skjalfestar með tíðkanlegum hætti, en það hefði öðrum þræði stafað af því að endanlegum samningum um viðskiptakjör sóknaraðila hefði ekki verið lokið. Vitnið Jón Hákon Magnússon kvað samning hafa komist á við sóknaraðila umræddds efnis, en gat ekki skýrt sérstaklega ástæður þess að upplýsingar um tilvist hans og efni hafi ekki verið skrásettar. Hvorugt þessara vitna minntist þess nánar hvort umræddur samningur hafi verið gerður á árinu 1984 eða 1985, en þótti þó líklegra að það hafi verið á árinu 1985, því ella hefði hann haft afturvirk áhrif á veitingu afsláttar vegna viðskipta ársins 1984. Vitnið Gunnar Ó. Kvaran sagðist hins vegar í skýrslu sinni ekki hafa heyrt þess getið að samningur sem þessi hefði verið gerður við sóknaraðila, en taldi allt að einu hugsanlegt að Valur Pálsson hefði gert slíkan samning án vitundar hans.

Þegar sönnunargildi framangreindra vitnaskýrslna er metið þykir verða að hafa hliðsjón af því að af hálfu varnaraðila hefur verið lagt fram skjal sem mun vera úr gögnum markaðsdeildar Hafskips hf., þar sem skráðar eru upplýsingar um ákvörðun sérstakra taxta fyrir flutninga í þágu sóknaraðila. Á því skjali er ekki getið tilkalls sóknaraðila til sérstaks eftirágreidds afsláttar. Fær tilvist þessarar skrásetningar ekki með öllu samrýmst áðurgreindum skýringum Vals Pálssonar á ástæðum þess að skráning hafi ekki farið fram á sérstökum afslætti sóknaraðila. Þá þykir einnig verða að taka tillit til þess að varnaraðili hefur ómótmælt haldið því fram að sóknaraðili hafi innt af hendi greiðslur inn á viðskiptareikning sinn hjá Hafskipi hf. skömmu eftir töku bús félagsins til gjaldþrotaskipta sem nægðu til að hann yrði skuldlaus við varnaraðila þegar við bættist tekjufærsla á reikning hans vegna veitingar 5% afsláttar af viðskiptum ársins 1985 sem fastir viðskiptamenn félagsins munu allir hafa notið. Sýnist sú ráðstöfun sóknaraðila í ósamræmi við þær staðhæfingar hans í máli þessu að honum hafi borið 10% afsláttur af þeim viðskiptum.

Svo sem áður greinir verður að ætla að það dragi úr líkindum fyrir að sönnun teljist hafa tekist um tilvist samninga um umræddan afslátt að upplýsingar um efni hans hafa ekki verið skrásettar á venjubundinn hátt í bókum Hafskips hf. Ýmis ytri ummerki, svo sem að ákveðin viðskiptakjör sóknaraðila voru skrásett hjá félaginu en ekki umrædd afsláttarkjör, svo og framferði sóknaraðila í uppgjöri viðskiptareikningsskuldar við varnaraðila, styðja það ekki að umræddur samningur hafi komist á. Ennfremur verður að telja vitnaframburð Gunnars Ó. Kvaran ganga í sömu átt. Til stuðnings staðhæfingum sóknaraðila standa þá einkum eftir framburðir vitnanna Jóns Hákonar Magnússonar og Vals Pálssonar. Hvorugur þeirra

hefur getað borið um hvenær samningar umræddsefnis voru gerðir eða um nánari atvik í því sambandi. Fram kom við skýrslutöku af Vali Pálssyni að hann gegnir nú starfi sölufulltrúa hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands og hefur þar með höndum hliðstæð samskipti við sóknaraðila og hann fór með í starfi hjá Hafskipi hf. Að þessu öllu gættu þykir varhugavert að telja sóknaraðila hafa fært nægar sönnur gegn eindregnum mótmælum varnaraðila fyrir því að samningur hafi komist á um að sóknaraðila bæri sérstakur 10% afsláttur af heildarviðskiptum við Hafskip hf. á árinu 1985.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða máls þessa sú að hafna viðurkenningu á lýstri almennri kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila að fjárhæð kr. 855.481,00. Eftir atvikum þykir þó rétt að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er viðurkenningu lýstrar almennrar kröfu sóknaraðila, Verksmiðjunnar Vífilfells hf., á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., að fjárhæð kr. 855.481,00.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 30. maí 1988.

Nr. 321/1986. **Svava Þórðardóttir**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Kristjáni Snorrasyni
(Gylfi Thorlacius hrl.)

Lögskýring. Fjölbýlishús. Ábyrgð húseiganda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1986. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda en til vara að dómkröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann að fellt verði niður löghald sem stefndi lét hinn 11. nóvember 1985 leggja á fasteignina nr. 126 við Hverafold hér í borg til tryggingar dómkröfunum. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig að frá 14. apríl 1987 verði dæmdir dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987. Stefndi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi höfðaði mál þetta á hendur Svövu Þórðardóttur og Rúnari Gústafssyni. Er héraðsdómi eingöngu áfrýjað af hendi Svövu.

Í dómi bæjarþings Reykjavíkur er greint frá atvikum að bruna þeim sem varð að Hverfisgötu 34 aðfaranótt 2. apríl 1984 og sagt frá dómi sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1985. Með síðargreinda dóminum var Rúnar Gústafsson, leigutaki áfrýjanda og annar stefndu í héraði, fundinn sekur um að hafa valdið brunanum af gáleysi með því að fleygja vindlingi í sorppoka í íbúð áfrýjanda. Byggir stefndi kröfur sínar á hendur áfrýjanda á því að bruninn hafi orðið vegna óhapps í skilningi 2. mgr. 12. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976. Þar sé lögð hlutlæg fébótaábyrgð á íbúðareiganda á tjóni í öðrum íbúðum sem stafar frá óhappi í íbúð hans. Beri því áfrýjandi sem eigandi íbúðarinnar þar sem eldurinn kom upp

hlutlæga fébótaábyrgð á tjóni því sem stefndi varð fyrir, svo sem rakið er í héraðsdómi.

Áfrýjandi mótmælir því að umrætt lagaákvæði, sem hafi að geyma sérreglu íslenskra laga um hlutlæga fébótaábyrgð íbúðareiganda í fjölbýlishúsi, verði skýrt svo rúmri lögskýringu sem stefndi heldur fram. Verði fébótaábyrgð í máli þessu ekki byggð á þessu lagaákvæði.

Ákvæði 12. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús eru svohljóðandi: „Hver íbúðareigandi skal sjá um og kosta viðhald á íbúð sinni.

Íbúðareigandi er ábyrgur gagnvart sameigendum sínum fyrir því tjóni, sem þeir verða fyrir vegna óhapps í íbúð hans, svo sem vegna bilunar á tækjum eða leiðslum, sem íbúð hans tilheyra."

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. þessara laga er sérregla um hlutlæga fébótaábyrgð þar sem íbúðareigandi í fjölbýlishúsi er gerður ábyrgur gagnvart eigendum annarra íbúða fyrir tjóni sem verður vegna óhapps í íbúð hans. Í greininni eru tekin þau dæmi að bilun verði á tækjum eða leiðslum sem tilheyra íbúðinni. Þegar litið er til eldsupptakanna í íbúð áfrýjanda, sbr. það sem um þau getur hér að framan, verður ákvæði þetta ekki skýrt svo rúmri lögskýringu að þetta tilvik verði talið óhapp í skilningi ákvæðisins. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefnda. Ber þá einnig að fella úr gildi löghald það sem stefndi lét leggja á fasteign áfrýjanda að Hverafold 126 hér í borg hinn 11. nóvember 1985.

Eftir atvikum verður málskostnaður í héraði látinn falla niður en stefndi greiði áfrýjanda 60.000,00 krónur upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Svava Þórðardóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Kristjáns Snorrasonar, í máli þessu.

Löghald það sem stefndi lét leggja á fasteign áfrýjanda að Hverafold 126 hér í borg hinn 11. nóvember 1985 er fellt úr gildi.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi greiði áfrýjanda 60.000,00 krónur upp í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1986.

1.o.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 20. október sl., hefur Kristján Snorrason, 5884-2435, Hverfisgötu 34, Reykjavík, höfðað með stefnu birtri 2. desember 1985 á hendur Svövu Þórðardóttur, 8666-6154, áður til heimilis að Skúlagötu 78, Reykjavík, en nú til heimilis að Framnesvegi 40 í Reykjavík, og Rúnari Gústafssyni, 7416-1014, Bakkaseli 8, Reykjavík, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 593.100,00 með 2,5% dráttarvöxtum frá 1. maí 1984 til 1. september s.á., en frá þeim degi af sömu fjárhæð með 2,75% dráttarvöxtum til 1. febrúar 1985, en frá þeim degi af sömu fjárhæð með 3,75% dráttarvöxtum til 1. mars s.á., en frá þeim degi af sömu fjárhæð með 4% dráttarvöxtum á mánuði til 1. júní s.á., en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum til 1. september s.á., en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ. Þá er þess og krafist að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Einnig er þess krafist af hálfu stefnanda að staðfest verði löghald það sem lagt var á fasteign stefndu Svövu að Hverafold 126, Reykjavík, með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, dags. 11. nóvember 1985, til tryggingar stefnukröfum máls þessa.

Af hálfu stefnda Rúnars Gústafssonar var í upphafi sótt þing í máli þessu. Þingsókn hans féll síðan niður án þess að lögvarnir kæmu fram.

Stefnda Svava Þórðardóttir gerir þær dómkröfur *aðallega* að hún verði alfarið sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ. *Til vara* gerir hún þær dómkröfur að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti.

Þá hefur stefnda Svava mótmælt vaxtakröfu stefnanda sem of hárri og jafnframt mótmælt því, að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Ennfremur gerir hún þá dómkröfu að synjað verði staðfestingar á löghaldskröfu stefnanda.

2.o.

Atvik máls þessa eru þau að síðla kvölds sunnudaginn 1. apríl eða aðfararnótt mánudagsins 2. apríl 1984 varð eldur laus í íbúð stefndu Svövu á 2. hæð hússins að Hverfisgötu 34 í Reykjavík sem er fjölbýlishús. Slökkvilið Reykjavíkur var kvatt á vettvang og réð niðurlögum eldsins, en miklar skemmdir urðu á nærliggjandi íbúðum og innanstokksmunum í þeim af völdum vatns, sóts og reyks.

Stefnandi er eigandi íbúðar á 3. hæð hússins að Hverfisgötu 34. Skemmdist fasteign hans töluvert, en það tjón fékk stefnandi bætt hjá Húsatrygg-

ingum Reykjavíkur. Miklar skemmdir urðu hins vegar á innbúi stefnanda og fatnaði en það tjón fékk stefnandi ekki bætt, enda óvátryggt. Samkvæmt mati tjónaskoðunarmanns Almennra trygginga nemur tjón stefnanda af þessum sökum kr. 321.000,00. Stefnandi kveðst hafa lagt í mikla vinnu við að hreinsa og fjarlægja úr íbúð sinni brunnið og ónýtt innbú og ætlar hann sér kr. 12.000,00 í vinnulaun fyrir það og fyrir útlagðan kostnað. Þá kveðst stefnandi hafa orðið að flytja úr íbúð sinni eftir brunann og ekki getað flutt inn í hana fyrr en um mánaðamótin september/ október 1985. Fyrir það tímabil er hér um ræðir, þ.e. frá því í apríl 1984 og til þess tíma er hann flutti inn í íbúðina aftur, reiknar stefnandi sér kr. 160.000,00 vegna afnotamissis og leiguútgjalda. Vegna óþæginda, miska og röskunar á stöðu og högum krefst stefnandi kr. 100.000,00. Samtals eru kröfur stefnanda kr. 593.100,00 sem er jafnt stefnufjárhæð máls þessa.

Í skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins um brunann, sem dagsett er 2. apríl 1984, segir svo um ástand íbúðar stefnanda eftir brunann:

„Efsta hæð til v. (þakhæð).

Þar eru 5 herbergi, eldhús, bað og gangur. Íbúðin er mikið skemmd af sóti, reyk og vatni.

Eldur hefur verið á milli þilja og er suð-vesturherbergið nokkuð skemmt af eldi og rofi. Einnig eru brunaskemmdir á parti í eldhúsi niður við gólf í vesturvegg og lítilsháttar brunaskemmdir á eldhússkáp við suðurvegg.

Í íbúðinni eru húsgögn af ýmsu tagi í öllum herbergjum og er það allt meira og minna skemmt af vatni, sóti og reyk."

Mat tjónaskoðunarmanns Almennra trygginga hf. á verðmæti innbús stefnanda er eftirfarandi, sbr. dskj. nr. 4:

„Raðhornsófasett	50.000,00
Gólfteppi 50 ferm.	20.000,00
Gardínur 6 gluggar	6.000,00
6 púðar	2.400,00
4 dúkar	1.200,00
4 lampaskermar	2.000,00
6 sett rúmföt	12.000,00
1 rúmdýna	3.000,00
1 svefnbekkur	4.000,00
Hjónarúm	20.000,00
Snyrtiborð	6.000,00
2 sængur	4.000,00
3 rúmteppi	6.000,00
2 mottur	2.000,00

Eldhúsvog	1.500,00
Kryddvörur	3.000,00
Matvara	5.000,00
5 plastskálar	1.000,00
2 mottur á eldhúsgólf	1.000,00
Baðhengi	1.500,00
Mikið magn af handavinnu	5.000,00
Kápa	4.000,00
2 jakkar	6.000,00
1 úlpa	3.000,00
2 jakkaföt	14.000,00
10 skyrtur karlmanns	8.000,00
8 peysur	8.000,00
2 leðurjakkar	16.000,00
1 leðurkápa	8.000,00
1 mokkajakki	10.000,00
2 pör skór nýir	4.000,00
Eldhúsborð	5.000,00
50 cassettur þar 25 nýjar	18.000,00
Litasjónvarp	30.000,00
Stereogræjur	20.000,00
Braun mixer	4.000,00
Braun kaffivél	2.500,00
Loðkuldastígvél ný	4.000,00“

Með ákæru ríkissaksóknara dags. 7. júni 1985 var höfðað opinbert mál fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur stefnda Rúnari fyrir að hafa sunnudagskvöldið 1. apríl 1984 eða síðar um nóttina orðið valdur að umræddum eldsvoða að Hverfisgötu 34 með því að henda logandi vindlingi í ruslapoka í eldhússkáp íbúðar stefndu Svövu, en Rúnar var þá leigutaki umræddrar íbúðar. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1985 var Rúnar talinn sannur að sök um þann verknað sem hann var ákærður fyrir og var verknaður hans talinn varða við 167. gr. og 1. og 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var stefnda dæmd 4 mánaða fangelsisrefsing fyrir verknaðinn. Dómi þessum var ekki áfrýjað.

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu bóta vegna þess óbætta tjóns er hann varð fyrir í eldsvoða þeim sem áður er lýst. Beinir hann bótakröfu sinni að stefnda Rúnari, sem sannanlega hafi verið aldur að brunanum, og að stefndu Svövu sem eiganda íbúðar þeirrar sem eldurinn kom upp í.

Svo sem áður segir sótti stefndi Rúnar þing í máli þessu en þingsókn hans féll niður án þess að lögvarnir kæmu fram. Lögvarnir hafa hins vegar

komið fram af hálfu stefndu Svövu og varðar ágreiningur hennar og stefnanda það hvort hún beri á grundvelli 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1976 hlutlæga ábyrgð á því tjóni er stefnandi varð fyrir í eldsvoðanum.

3.o.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á hendur stefnda Rúnari á því að stefndi hafi með saknæmum hætti valdið eldsvoða í íbúð stefndu Svövu, en af eldsvoða þessum hafi aftur leitt tjón það á íbúð stefnanda og á innbúi hans sem áður er lýst. Ljóst sé að stefndi Rúnar beri á grundvelli almennu skaðabótareglunnar ábyrgð gagnvart stefnanda á því tjóni sem stefndi hafi valdið með eldsvoðanum. Stefnda hafi verið dæmd refsing vegna atferlis síns og sé sök hans því ótvírætt sönnuð.

Á hendur stefndu Svövu reisir stefnandi kröfur sínar á ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús. Í þeirri grein komi fram að íbúðareigandi sé ábyrgur gagnvart sameigendum sínum á því tjóni sem sameigendur verði fyrir vegna óhapps í íbúð hans, svo sem vegna bilunar í tækjum eða leiðslum sem íbúð hans tilheyra. Í 2. mgr. 12. gr. sé lögfest hlutlæg regla um ábyrgð íbúðareiganda.

Að mati stefnanda snýst mál þetta gagnvart stefndu Svövu um það hvernig skýra beri orðið „óhapp" í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1976. Í greininni sjálfri sé minnst á bilun í tækjum eða leiðslum sem dæmi um tilvik er fallið geti undir hina hlutlægu reglu. Þar sé þó engan veginn um tæmandi talningu að ræða og bilun í tækjum eða leiðslum einungis nefnd í dæmaskyni. Orðið óhapp sé ekki alltaf sömu merkingar, hvorki í lagamáli né almennu máli. Að mati stefnanda fælist í því óeðlileg þrenging á gildissviði hlutlægu ábyrgðarreglunnar ef orðið óhapp væri skýrt svo að það taki einungis til atvika sem enginn á sök á. Slík þrengjandi skýring eigi sér hvorki stoð í lagatextunum sjálfum, greinargerð með frumvarpi til fjölbýlishúsalaganna né öðrum lögskýringargögnum. Eðlilegra sé að skýra orðið óhapp í 2. mgr. 12. gr. svo að það taki einnig til atvika er eingöngu verða rakin til sakar annars manns en eigandans. Fyrst greinin taki til tjóns sem engum verði um kennt, þá hljóti hún einnig að taka til þeirra tilvika þegar tjón hlýst af saknæmri hegðun manna sem vinna í íbúð eigandans eða eru þar af öðrum ástæðum.

Að því er varðar sundurliðun stefnukröfunnar segir stefnandi að kr. 321.000,00 séu vegna tjóns á innbúi hans. Sú fjárhæð sé byggð á mati tjónaskoðunarmanns Almennra tryggínga sem fenginn hafi verið til að meta tjónið. Fjárhæðir séu miðaðar við söluverð nýrra muna í verslunum að frá dreginni ákveðinni upphæð vegna þess að hér hafi í flestum tilvikum verið um notaða muni að ræða. Tjónaskoðunarmaðurinn hafi komið á vettvang einum til tveimur dögum eftir brunann og þá hafi skýrsla hans verið samin.

Ótvírætt sé að skemmdir á innbúi falli undir það sem bótaskylt sé samkvæmt 2. mgr. 12. gr.

Í öðru lagi segist stefnandi hafa lagt mikla vinnu í að hreinsa íbúð sína og fjarlægja úr henni brunnið og ónýtt innbú. Ætlar hann sér kr. 12.000,00 í laun fyrir þá vinnu og vegna útlagðs kostnaðar í því sambandi. Í þriðja lagi segist stefnandi hafa þurft að flytja burtu úr íbúð sinni strax eftir brunann og kveðst hann ekki hafa getað flutt inn í íbúðina fyrr en um mánaðamótin september/október 1985. Krefur hann stefndu um kr. 160.000,00 vegna afnotamissis og leiguútgjalda. Vegna óþæginda, miska og röskunar á stöðu og högum krefst stefnandi kr. 100.000,00, en samanlagt myndi þessar fjárhæðir stefnukröfur málsins, kr. 593.100,00.

Af hálfu stefndu Svövu er því alfarið mótmælt að hún beri á grundvelli 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús ábyrgð á tjóni því er varð í íbúð stefnanda. Í greininni sé að vísu lögfest hlutlæg bótaregla um ábyrgð íbúðareiganda gagnvart sameigendum sínum á því tjóni er hinir síðarnefndu verði fyrir vegna óhapps í íbúð hins fyrrnefnda. Gildissvið hlutlægu reglunnar sé hins vegar verulega takmarkað. Í greininni sé það nefnt sem dæmi að bilun verði í tækjum eða leiðslum sem tilheyri íbúð. Þó svo að upptalningin sé ekki tæmandi felist eigi að síður í þessum dæmum ákveðin þrenging á gildissviði reglunnar, þar sem dæmin gefi um það vísbendingu að reglan taki einvörðungu til atvika er rakin verði til eiginleika íbúðarinnar eða útbúnaðar hennar, en ekki atvika sem rakin verði til saknæmrar háttsemi annarra manna.

Í tilviki því sem hér um ræðir sé ekki um að ræða tjón vegna bilunar eða galla í tækjum eða leiðslum heldur tjón vegna refsiverðrar háttsemi annars manns. Sú refsiverða háttsemi tengist á engan hátt notkun íbúðarinnar eða tækja hennar. Reglan geti því ekki átt við um tilvik það, sem hér um ræðir.

Loks bendir stefnda Svava á í þessu sambandi að þar sem regla 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1976 sé hlutlæg sé hún í eðli sínu undantekningarregla. Af því leiði að gildissvið reglunnar beri að skýra þröngt eins og gildissvið annarra undantekningarreglna.

Samkvæmt því sem hér var rakið telur stefnda Svava ljóst að ábyrgð hennar á tjóni stefnanda verði ekki reist á ákvæðum 2. mgr. 12. gr. títtnefndra laga.

Stefnda telur á hinn bóginn að ef svo ólíklega færi að hún yrði talin ábyrg fyrir tjóni stefnanda á grundvelli áðurgreinds lagaákvæðis, þá sé umfang tjóns stefnanda með öllu ósannað. Í fyrsta lagi heldur hún því fram að það sé með öllu ósannað að umræddir munir hafi verið í íbúðinni þegar bruninn varð. Stefnandi hafi þá nýlega verið búinn að slíta samvistum við sambýliskonu sína og hafi hún við samvistaslitin tekið með sér margt af

þeim munum sem tilgreindir séu á lista tjónaskoðunarmannsins. Þá bendir stefnda á að vinnubrögðum skoðunarmannsins hafi verið mjög áfátt. Fram komi í bréfi hans á dskj. nr. 4 að hver einstakur hlutur á listanum hafi ekki verið skoðaður, heldur sé við það miðað að listinn geti verið réttur þar sem þarna inni virðist vera það sem tilheyri venjulegu heimili, svo notað sé orðalagið í bréfi skoðunarmannsins. Einnig telur stefnda að mat á verðmæti einstakra muna sé ekki byggt á áliti óvilhallra manna, heldur sé þar um að ræða tilbúnar tölur. Auk þess séu ýmsir munir, sem tilgreindir séu á listanum, í eigu fyrrum sambýliskonu stefnanda og geti hann því ekki krafið stefndu um bætur fyrir verðmæti sem hann eigi ekki.

Loks mótmælir stefnda því að stefnandi geti krafist mánaðarlegra dráttarvaxta af stefnufjárhæðinni. Ef bætur verði dæmdar beri að dæma almenna sparisjóðsvexti af dæmdri fjárhæð. Þá mótmælir stefnda því einnig að heimilt sé að bæta vöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Fyrir því sé ekki lagaheimild.

Stefnda mótmælir því að krafa stefnanda um staðfestingu löghalds nái fram að ganga. Synja beri staðfestingarkröfunni bæði vegna form- og efnisgalla á löghaldsgerðinni. Bendir stefnda á að hún hafi ekki átt þess kost að vera viðstödd gerðina og ekki hafi sér verið tilkynnt um hana. Löghaldsgerðin hafi farið fram á þáverandi heimili stefndu að Bergstaðastræti í Reykjavík, en löghaldi lýst yfir í húseign hennar að Hverafold í Reykjavík. Þangað hafi því borið að flytja gerðina, en það hafi ekki verið gert. Þá hafi einhliða verið fallið frá virðingu. Allt þetta leiði til þess að gerðina beri að fella úr gildi.

4.o.

Forsendur og niðurstaða.

Af hálfu stefnda Rúnars var í upphafi sótt þing í máli þessu. Þingsókn féll síðan niður af hans hálfu án þess að lögvarnir kæmu fram. Ber því að dæma málið á hendur honum á grundvelli 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1985 var Rúnar talinn sannur að sök um að hafa með gáleysislegri framkomu sinni valdið eldsvoða þeim að Hverfisgötu 34 í Reykjavík, sem um ræðir í máli þessu. Verknaður hans var í dóminum talinn varða við ákvæði 167. sbr. 1. og 2. mgr. 164. gr. laga nr. 19/1940. Gögn sakadómsmálsins hafa verið lögð fram í máli þessu.

Háttsemi stefnda Rúnars í umrætt sinn er áður lýst. Með hliðsjón af gögnum máls þessa þykir verða að leggja það til grundvallar dómi að stefndi hafi með gáleysislegri framkomu sinni að Hverfisgötu 34 í Reykjavík valdið eldsvoða þeim er þar varð að kvöldi sunnudagsins 1. apríl eða aðfaranótt mánu-

dagsins 2. apríl 1984. Ber hann því samkvæmt almennu skaðabótareglunni ábyrgð á því tjóni er stefnandi varð fyrir af völdum eldsvoðans.

Úrlausn máls þessa að því er stefndu Svövu varðar veltur á því, hvernig skýra ber hugtakið „óhapp" í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús og þá einkanlega hvort framangreindur refsiverður verknaður stefnda Rúnars teljist óhapp í skilningi lagaákvæðisins.

Eins og áður er rakið er orsök tjónsins á innbúi stefnanda að rekja til þess að eldur kom upp í íbúð Svövu, en stefnandi er eigandi annarrar íbúðar í sama fjölbýlishúsi. Stefndi Rúnar var leigutaki íbúðar Svövu og varð hann valdur að eldsvoðanum með því að kasta logandi vindlingi í ruslapoka í eldhússkáp íbúðarinnar.

Hugtakið óhapp er ekki skýrt í 2. mgr. 12. gr. fjölbýlishúsalaganna og takmarkaða stoð er að hafa af lögskýringargögnum um það efni. Í niðurlagsákvæði 2. mgr. 12. gr. er það þó nefnt í dæmaskyni um tilvik sem fallið geta undir gildissvið hlutlægu reglunnar í lagaákvæðinu, að bilun verði í leiðslum eða tækjum sem íbúð tilheyra. Af hálfu stefndu Svövu er á því byggt að dæmi þessi feli í sér þá þrengingu á gildissviði reglunnar að undir hana falli einvörðungu óhöpp sem rekja megi til eiginleika íbúðarinnar eða búnaðar og þegar af þeirri ástæðu falli hinn refsiverði verknaður meðstefnda Rúnars utan gildissviðs reglunnar.

Skv. orðalagi 2. mgr. 12. gr. fjölbýlishúsalaganna hefur greinin ekki að geyma tæmandi talningu þeirra tilvika er undir gildissvið reglunnar falla. Tilvik þau sem þar eru nefnd eru einvörðungu í dæmaskyni. Það er álit réttarins að þó svo að regla 2. mgr. 12. gr. feli í sér frávik frá þeirri meginreglu íslensks bótaréttar að sök tjónvalds sé skilyrði bótaábyrgðar og þrátt fyrir dæmi þau sem nefnd eru í lagaákvæðinu til skýringar á gildissviði þess, verði eigi að síður með hliðsjón af efnisinntaki ákvæðisins og orðalagi þess í heild að hafna þeirri lögskýringu stefndu að regla 2. mgr. 12. gr. takmarkist við tjón vegna eða af völdum íbúðar. Þá verður og að telja, svo sem sakarefni máls þessa er varið, að lögrök leiði ekki til þeirrar niðurstöðu að undanskilja beri frá gildissviði reglunnar það atferli stefnda Rúnars sem olli tjóni stefnanda. Því verður, svo sem hér hagar til, að telja hinn refsiverða verknað stefnda Rúnars óhapp í skilningi 2. mgr. 12. gr. og ber stefnda Svava því sem eigandi þeirrar íbúðar, þar sem óhappið varð, ábyrgð á grundvelli títtnefnds ákvæðis gagnvart stefnanda á tjóni hans af völdum óhappsins.

Áður hefur verið gerð grein fyrir sundurliðun stefnukrafna. Lagður hefur verið fram listi Ríkharðs Björnssonar tjónaskoðunarmanns yfir innanstokksmuni þá, er stefnandi heldur fram að verið hafi í íbúð hans, þegar bruninn varð, og verðmæti innanstokksmunanna. Með hliðsjón af framburði stefnanda og fyrrverandi sambýliskonu hans fyrir dómi, sem sam-

rýmst fær framburði Ríkharðs Björnssonar, verður að telja sannað að munir þessir hafi verið í íbúðinni umrætt sinn. Mati tjónaskoðunarmannsins á heildarverðmæti innanstokksmunanna, kr. 321.000,00, hefur ekki verið hnekkt með rökstuddum hætti. Þykir því mega leggja mat þetta til grundvallar við ákvörðun bóta til handa stefnanda. Samanlagðar bætur fyrir hreinsun íbúðarinnar og afnotamissi þykja hæfilega ákveðnar kr. 100.000,00. Heildartjón stefnanda nemur því kr. 421.000,00, enda leiða lög ekki til þess að dæma stefnanda frekari bætur.

Samkvæmt því sem hér var rakið ber að dæma stefnda Rúnar og stefndu Svövu in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 421.000,00 í skaðabætur ásamt almennum sparisjóðsvöxtum eins og tilteknir eru í dómsorði frá 1. maí 1984 til greiðsludags, enda á dráttarvaxtakrafa stefnanda ekki við rök að styðjast. Þá þykir mega fallast á þá kröfu stefnanda að vextir leggist við höfuðstól við hver áramót og myndi nýjan höfuðstól, í fyrsta sinn áramótin 1984/1985. Samkvæmt þessu ber og að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 80.000,00. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um staðfestingu á löghaldi í eign stefndu Svövu að Hverafold 126 í Reykjavík til tryggingar dómkröfum máls þessa, enda löghaldsgerðin ekki haldin þeim annmörkum að hana beri ekki að staðfesta.

Þorgeir Örlygsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Rúnar Gústafsson og Svava Þórðardóttir, greiði in solidum stefnanda, Kristjáni Snorrasyni, kr. 421.000,00 ásamt 15% ársvöxtum frá 1. maí 1984 til 11. ágúst 1984, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 80.000,00 í málskostnað. Vextir leggist við höfuðstól við hver áramót, í fyrsta sinn áramótin 1984/1985. Staðfest er framangreint löghald í eign stefndu Svövu að Hverafold 126 í Reykjavík til tryggingar dómkröfu máls þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júní 1988.

Nr. 354/1988. **Bjarni Óskarsson**
gegn
Rolf Johansen og
Jóni Ragnarssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni Óskarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu Rolf Johansen og Jóni Ragnarssyni, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 7.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júní 1988.

Nr. 77/1988. **Hilda Hafsteinsdóttir**
gegn
Mjólkursamsölunni í Reykjavík

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hilda Hafsteinsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.